Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála.

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um fullgilding samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála [35. mál] (A. 35).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Sá samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem hér er lagður fyrir til fullgildingar, er árangur af samþykkt, sem gerð var á 18. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í febrúar 1970. Þar var gerð ályktun um ráðstafanir til að efla skipulag norræns samstarfs í menningarmálum með því að undirbúa menningarsáttmála, sem kæmi til framkvæmda frá 1. jan. 1972 og tæki til samvinnu um fræðslumál, vísindi og almenn menningarmál. Síðan var að þessu máli unnið í samræmi við ályktun Norðurlandaráðs á menntamálaráðherrafundi Norðurlanda í apríl 1970, þar sem sett var á laggirnar norræn embættismannanefnd til undirbúnings sáttmála, og á fundi menntmrh. í Kaupmannahöfn í ársbyrjun 1971. Síðan kom til afgreiðslu á 19. þingi Norðurlandaráðs í febrúar 1971 í Kaupmannahöfn frv. embættismannanefndarinnar að þeim sáttmála, sem síðan var afgreiddur á menntamálaráðherrafundi með þeim breytingum, sem bent hafði verið á á almennum fundi Norðurlandaráðs. Loks var samningurinn undirritaður í Helsingfors 15. marz 1971.

Í stórum dráttum er það höfuðmarkmiðið með þessum sáttmála að koma hinu norræna menningarmálastarfi, sem, eins og hv. þm. vita, er mjög víðtækt, í fastari farveg en það hefur haft til þessa. Og í öðru lagi að gera áhrifaríkar ráðstafanir til þess, að það fjármagn, sem til menningarmálasamstarfsins fer, komi að sem beztum og hagkvæmustum notum. Þetta er ætlunin að gera með því að setja á stofn norræna menningarmálaskrifstofu með föstu starfsliði. Ákveðið hefur verið, að þessi skrifstofa hafi aðsetur í Kaupmannahöfn, og þar er ætlunin, að starfi embættismenn frá Norðurlöndum öllum, svo að þar sé jafnan tiltæk málakunnátta og staðþekking, sem nauðsynleg kann að vera til þeirra starfa, sem skrifstofan þarf að leysa af höndum. Þessi skrifstofa á síðan að búa í hendur embættismannanefnd, ráðherrafundum og Norðurlandaráði till. um framkvæmd norrænnar menningarmálasamvinnu í fræðslumálum, í vísindum, í listum og á öllum öðrum sviðum, sem til menningarmála teljast. Auk þessa starfs, þessa skipulags á framkvæmdum og undirbúningi, er gert ráð fyrir í þessum sáttmála, að felld verði í skipulegar skorður viðleitni Norðurlanda til þess að móta stefnu sína í menntamálum og menningarmálum, þannig að hún komi að sem beztu haldi á þeim margvíslegu sviðum, þar sem reynzt hefur hagkvæmt og æskilegt að halda uppi menningarsamstarfi. Það á bæði við um próf, fullnaðarpróf í greinum og áfangapróf, og einnig er um það fjallað, að þar sem ástæða er til, verði komið á sameiginlegri sérmenntun á Norðurlandagrundvelli. Það er rætt um Norðurlandastofnanir í rannsóknamálum, þar sem hagkvæmt þykir, að ein stofnun, sem öll Norðurlönd standi að, njóti fjárfestingarfjármagns frá þeim öllum, vegna þess að það yrði hagkvæmara en að hvert land um sig færi að starfa á eigin spýtur.

Það hefur komið í ljós við undirbúning þessara mála, að fjárframlög til norræns menningarmálasamstarfs á fjárlagaárinu 1970—1971 námu 29 millj. danskra króna. Næsta fjárlagaár, 1971—1972, var gert ráð fyrir aukningu upp í 32 millj. d. kr. Með þessum samningi er stefnt að verulegri samstarfsaukningu, og með hliðsjón af því hafa menntmrh. Norðurlanda áætlað, að fjárveitingaþörfin á fjárhagsárinu 1972—1973 nemi 42 millj. d. kr. Þar af er gert ráð fyrir, að 6.5 millj. d. kr. verði ráðstöfunarfjárveiting, ekki tengd þeim verkefnum, sem þegar eru á döfinni, heldur ætluð til nýrra verkefna, sem komi til framkvæmda á vegum hinnar nýju samstarfsskrifstofu. Eftir 1972 á svo að meta fjárveitingaþörfina ár frá ári á grundvelli starfsáætlana samstarfsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir því og samþykkt af hálfu menntmrh. Norðurlanda, að á fyrsta samstarfsárinu verði útgjöldum skipt í sömu hlutföllum og gilda um framlög Norðurlanda til menningarsjóðs Norðurlanda, sem sé, að Danmörk greiði 23% útgjalda, Finnland 22%, Ísland 1%, Noregur 17% og Svíþjóð 37%.

Herra forseti. Ég mun ekki að þessu sinni hafa fleiri orð um þá þáltill. um fullgilding menningarmálasáttmálans, sem hér liggur fyrir, en geri að till. minni, að henni verði vísað til utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 34 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 35, n. 51).

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við þetta mál gæti verið ástæða til þess að segja ýmislegt um norrænt samstarf. En vegna þess að margt liggur fyrir þessum fundi, þá mun ég ekki fara langt út í þau efni, en aðeins segja, að það mun vera sameiginleg stefna allra flokka á Íslandi að efla norrænt samstarf af öllum kröftum. Á þessu mun byggjast einróma álit utanrmn. um að mæla með því, að þessi þáltill. verði samþykkt.

Norrænt samstarf er orðið æði víðtækt, en í ýmsum greinum þó nokkru losaralegra en vera ætti og mismunandi öflugt eftir því, um hvaða málefnasvið er að ræða. Þessi nýi menningarsáttmáli á að bæta úr í þessu efni á sviði menningarmála og á að efla mjög menningarsamstarf þessara landa frá því, sem það hefur verið. En menningarsáttmálinn er m. a. um það að samræma stefnu landanna í kennslumálum og rannsóknarmálum og um að koma upp, eftir því sem um semst, sameiginlegum stofnunum í þessum greinum. Eru þá einkum hafðar í huga stofnanir til þess að leysa sérstök verkefni, sem er erfitt fyrir þjóðirnar að leysa hverja út af fyrir sig. Tækju slíkar stofnanir ekki sízt til erfiðra og kostnaðarsamra rannsókna og sérnáms af svipuðu tagi. Þá er einnig gert ráð fyrir eflingu samstarfs í almennum menningarefnum.

Nú má segja, að þetta sé allt í samræmi við það, sem menn hafa undanfarið verið að reyna að gera og orðið mjög verulega ágengt í að mínum dómi. Ætlazt er þó til, að á þessu verði öllu fastari tök framvegis.

Í mínum augum er það merkast nýmæli við þennan sáttmála, að nú er ætlunin að efla stórlega sameiginlegt framkvæmdaafl í menningarsamstarfi Norðurlanda. Sameiginleg föst ráðherranefnd Norðurlandanna er komin á fót. Samkv. þessum samningi á ráðherranefndin, þessi sameiginlega ráðherranefnd Norðurlandanna, að sjá um framkvæmdahlið menningarsamstarfsins með stuðningi embættismannanefndarinnar, sem ákveðin er í þessum sáttmála, og með stuðningi hinnar nýju sameiginlegu skrifstofu menningarmála, sem á að koma á laggirnar samkv. þessum sáttmála. Þetta allt til samans mætti kannske nefna eins konar menningar- eða menntaráðuneyti fyrir Norðurlönd.

Þá á að koma upp menningarfjárlögum sameiginlegum fyrir Norðurlönd, og í þau á að ráða sameiginlegum verkefnum og ákveða fjárframlög til þeirra. Þessi fjárlög verða gerð af ráðherranefndinni með aðstoð skrifstofunnar eða „ráðuneytisins", eða hvað við viljum kalla það, og í samráði við Norðurlandaráð og þá einkum menningarmálanefnd Norðurlandaráðs fyrir þess hönd. En fjárveitingar frá einstökum ríkjum til hinna sameiginlegu menningarfjárlaga ákvarðast með samkomulagi í ráðherranefndinni eða samningum í ráðherranefndinni. Fjárhagsskuldbindingar eru því ákvarðaðar jafnóðum með samningum og koma að sjálfsögðu til kasta þjóðþinganna hvers um sig, þegar ráðherrar þeir, sem sjá um Norðurlandasamstarfið, eru tilbúnir að gera till. af sinni hálfu og hafa ráðgazt við Norðurlandaráð, einkum menningarmálanefnd þess. Með þessum vinnuaðferðum á að koma miklu meiri festu og krafti í þetta samstarf en áður hefur verið. Sameiginlegu fjárlögin verða kjölfestan í þessu framvegis, eins og fjárlög eru að jafnaði við þjóðmálastarf af þessu tagi. Það þekkjum við. Í sambandi við þau verða menn að raða verkefnunum og venjast af því að fylla loftið um of af frómum óskum, sem geta verið góðar, en vefst fyrir mönnum að koma niður á jörðina.

Ég geri mér miklar vonir um, að þessir nýju starfshættir allir eigi eftir að verða að góðu liði og efla mjög skynsamlegt samstarf Norðurlanda í menningarmálum í víðtækustu merkingu þess orðs. Ég tel það þýðingarmikið fyrir Íslendinga, að þetta samstarf eflist. T. d. álít ég, að það geti verið til mikilla hagsbóta fyrir okkur, að ýmsar sameiginlegar rannsóknar- og kennslustofnanir komist á fót. Það er svo afar þýðingarmikið, að við gerum okkur glögga grein fyrir því, að hverju við viljum stefna í þessu efni, Íslendingar. Hvaða verkefni viljum við, að verði leyst sameiginlega á vegum Norðurlandanna? Ég vil beina því til hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstj. að hafa forgöngu í því, að það mál allt verði rækilega skoðað, — hvaða starfræksla það er í þessum greinum, sem við viljum, að verði komið upp á vegum Norðurlandanna, því að það er áreiðanlegt, að ef við höfum fastan vilja í því, getum við haft áhrif á, hvað tekið verður fyrir. Þetta þarf að gera einmitt nú við þessi tímamót, sem óneitanlega verða í menningarsamstarfi Norðurlanda með þessum sáttmála.

Ég endurtek svo, að n. leggur einróma til, að þáltill. verði samþykkt.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Vegna síðustu orða hv. frsm. utanrmn. langar mig aðeins til að bæta við fáum orðum, áður en þessari umr. lýkur. Ég vil taka eindregið undir þau ályktunarorð hans, að við tilkomu hinnar sameiginlegu menningarmálastofnunar Norðurlanda ríður mjög á, að við Íslendingar, menningarstofnanir okkar og stjórnvöld, sem um þau mál fjalla, geri sér grein fyrir, hvaða verkefnum við viljum koma fram með tilstuðlan þessarar nýju stjórnarstofnunar, sem þarna er sett á laggirnar, og þar þurfa ekki aðeins að koma til stjórnvöld. Þar þurfa engu síður að láta til sín heyra samtök og stofnanir og einstaklingar, því að tvímælalaust getur þessi stofnun orðið lyftistöng fyrir menningarstarf á Norðurlöndum öllum, en engir eru í slíkri aðstöðu sem við Íslendingar, svo fámennir, en með svo mörg aðkallandi og merkileg verkefni, og þess vegna eru tvímælalaust tök á því, ef rétt er á haldið, að fá þarna tækifæri til að koma fram málum, sem okkur varða miklu.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 61).

2. Frestun á fundum Alþingis.

Á deildafundum 16. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar [141. mál] (A. 206).

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 27. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í þessari þáltill. er farið fram á, að Alþingi veiti samþykki sitt til frestunar á fundum Alþingis frá 21. þ. m. eða síðar, ef henta þykir, enda verði Alþingi kvatt saman eigi síðar en 20. jan. 1972.

Svipaður háttur mun hafa verið á hafður að undanförnu um frestun Alþingis. Ég vænti þess, að um þessa till. verði ekki ágreiningur, og legg til, að hún verði samþ., án þess að henni verði vísað til nefndar, enda mun það ekki hafa verið venja að undanförnu að vísa slíkri till. til nefndar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 279).

---

3. Endurskoðun laga um byggingarsamvinnufélög.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun á lögum um byggingarsamvinnufélög [49. mál] (A. 50).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 13. og 14. fundi í Sþ., 9., 11. og 16. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður E. Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem við hv. 5. þm. Reykn. höfum lagt fram, þess efnis, að ríkisstj. láti semja ný lög um starfsemi byggingarsamvinnufélaga, er ekki lögð fram að ástæðulausu. Er hvort tveggja, að margir og miklir vankantar eru á lögunum, enda er skemmst frá því að segja, að starfsemi félaganna er fjarri því að vera slík sem hún væri, ef allt væri með felldu, og engan veginn með sambærilegum hætti við það, sem tíðkast í þeim nágrannalöndum okkar, þar sem þessi félög starfa bezt og vinna mest gagn.

Núgildandi lög um byggingarsamvinnufélög voru sett í febr. 1952 og eru því nú tæpra 20 ára gömul. Á þeim langa tíma hefur ekkert verið við þeim hreyft, svo að ég viti, og hefur þó löngum verið þörf mikilla endurbóta. Tilraunir í þá átt hafa þó verið gerðar, bæði af nefndum, er starfað hafa á vegum félmrn., og af einstökum alþm., er lagt hafa fram lagafrv. og þáltill. Allt hefur þó komið fyrir ekki, og enn situr við það sama og forðum. Er því meiri þörf á því nú en nokkru sinni fyrr, að félögunum verði fengin ný lög til að starfa eftir. Munu allir sammála um það, er það mál hafa kannað, að núgildandi lög séu félögunum allt að því óviðunandi starfsgrundvöllur, enda er þeim ekki framfylgt í öllum meginatriðum, og eins eru þau á margan hátt orðin úrelt. Er líka skemmst frá því að segja, að aðeins sárafá byggingarsamvinnufélög eru starfandi í landinu í dag. Utan Reykjavíkur er mér vitanlega ekkert slíkt félag við lýði nú, ekki einu sinni á Akureyri, þar sem samvinnufélögin blómstra þó á flestum öðrum sviðum. Á Reykjavíkursvæðinu eru hins vegar starfandi nokkur slík félög, en tæpast fer fjöldi þeirra yfir hálfan tuginn, þótt mun fleiri séu við lýði að nafninu til. En af þessum fimm félögum eða svo, sem starfandi eru í landinu nú, er aðeins eitt með íbúðir í smíðum um þessar mundir. Minna gat það varla verið.

Þegar þessi mál hefur borið á góma við þá byggingarfélagsmenn og vandræði þeirra komið til umr., hafa þeir um of að mínum dómi einblínt á þörf félaganna fyrir að selja þau ríkistryggðu skuldabréf, er þeir gefa út vegna byggingarframkvæmda sinna. Þetta kom t. d. greinilega fram í grg. fyrir því lagafrv., er þeir núv. hæstv. ráðh., Ólafur Jóhannesson og Einar Ágústsson, fluttu um starfsemi byggingarsamvinnufélaga á þinginu 1967—1968. Í því frv. vildu þeir láta skylda Seðlabankann til að kaupa ríkistryggð skuldabréf af byggingarsamvinnufélögunum fyrir 75 millj. kr. árlega. Í grg. þess frv. er annað atriði nefnt, sem talið er valda miklu um slæma rekstursaðstöðu þessara félaga. Er það lóðaskortur, a. m. k. á stærri þéttbýlissvæðunum. Mun þar einkum hafa verið átt við það, að byggingarsamvinnufélög væru sett hjá eða a. m. k. látin mæta afgangi við ráðstöfun lóða fyrir fjölbýlishús hér á Reykjavíkursvæðinu. Kann að vera, að það eigi sér einhverja stoð. En hvað sem því líður, er það víst, að hér með eru vandkvæði byggingarsamvinnufélaganna engan veginn talin. Þau eru mun fleiri. Hér verða þau talin af handahófi, og er þó engan veginn sagt, að öll kurl komi til grafar í þeirri upptalningu. Það er þó rétt, að auðvitað eru fjármagnsvandamál þeirra mikill vandi, ekki aðeins að því er varðar skuldabréfasölu þeirra, því að vonandi hefur talsvert rætzt úr í því efni með skuldabréfakaupum sífellt fleiri og sterkari lífeyrissjóða. Vandinn er einnig í því fólginn, að félögin geta ekki eignazt sitt eigið fjármagn, fé, sem kalla mætti eigið framkvæmdafé. Í lok hverrar byggingar standa þau uppi slypp og snauð, ef svo mætti segja, og hafa ekki handbært neitt fjármagn til að halda áfram starfsemi sinni, nema til komi nýr byggingarflokkur, er hefji greiðslur sínar. Höfuðvandinn er því sá, að félögin

verði fjármögnuð, ekki aðeins með skuldabréfasölu fyrir hvern byggingarflokk, heldur einnig og jafnframt með myndun eigin fjármagns. Í annan stað er áreiðanlega mikilvægt, að á sviði byggingarsamvinnufélaganna sem og einkaframtaksins í byggingariðnaðinum komi upp fáir en sterkir og hæfir aðilar í stað þess fjölda smáaðila, sem nú eru þar fyrir hendi. Í þriðja lagi hlýtur að koma vel til greina, að félögin bjóði út framkvæmdir sínar í stað þess að annast framkvæmdirnar sjálf, eins og þau gera nú oftast nær, sbr. einnitt þá þróun á sviði verkamannabústaðanna. Þá er mikilvægt, að miklu hæfari stjórnun komi til sögunnar í byggingarsamvinnufélögunum, þegar um íbúðabyggingaframkvæmdir á þeirra vegum er að ræða, rétt eins og í öðrum byggingarfyrirtækjum á sviði íbúðabygginga, þannig að tryggt verði, að fyrir hendi sé strax í upphafi fullkomin skipulagning verksins og því síðan stjórnað í samræmi við hana. Í þessu sambandi má líka minna á nauðsyn þess, að byggingarsamvinnufélögin bindi enda á það í eitt skipti fyrir öll, að svo kallaðir bakreikningar vegna íbúðabygginganna dynji lengi vel á íbúðakaupendum eftir að smíði þeirra er lokið og íbúðirnar hafa verið afhentar. Núverandi ástand í þeim efnum er með öllu óþolandi og hefur spillt stórlega fyrir starfsemi félaganna. Á því er áreiðanlega unnt að ráða bót að mestu eða öllu leyti, ef rétt er að málum staðið.

Margt fleira mætti benda á, sem þyrfti að koma til sögunnar á þessu mikilvæga sviði íbúðabygginganna, þótt ég láti hér staðar numið. En ég ítreka, hve nauðsynlegt er að hefjast nú þegar handa um samningu nýrra laga um starfsemi þessara byggingaraðila og þar með endurskipulagningu þeirra. Í dag er það svo í flestum tilfellum, að því er manni virðist, að byggingarsamvinnufélag er nánast eins og lausmyndaður samstarfshópur manna, er hyggst koma þaki yfir höfuð sér. Þeir njóta ríkistryggingar að verulegu leyti að því er varðar útgáfu skuldabréfa, annað ekki. Ákvæðin um endursölu íbúðanna munu í flestum eða öllum tilfellum fallin fyrir borð í ólgusjó verðbólgunnar auk fjölmargra annarra atriða, sem ekki eru lengur í neinu samræmi við gerbreytta tíma og nýjar aðstæður. Óhætt er að fullyrða, að núgildandi lög um byggingarsamvinnufélög eru bæði óviðunandi starfsgrundvöllur fyrir þau, óviðunandi fyrir félagsmenn þeirra og þröskuldur í vegi fyrir frekari og bættum framkvæmdum á þeirra vegum. Er því þess að vænta, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþykkja þessa till. og ríkisstj. bregði síðan knálega við um samningu nýrra laga um þessa mikilvægu starfsemi.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari þáltill. verði að umr. lokinni vísað til heilbr.- og félmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa samstöðu með efni þeirrar þáltill., sem hér er til umr. Eins og kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv., hef ég ásamt hæstv. núv. forsrh. allt frá 1966 flutt hér nærri árlega frv. um byggingarsamvinnufélög, en afgreiðsla þeirra hefur verið þannig, að 1967 var frv. vísað til ríkisstj. á þeim forsendum, að yfir stæði rannsókn, heildarathugun húsnæðismálalöggjafarinnar. Og þess vegna var talið, að ástæðulaust væri að samþykkja umrætt frv.

Nú hefur þessi endurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar farið fram, eins og hv. þm. vita, en þessi starfsemi alveg orðið út undan, þannig að það traust, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. hv. Ed. sýndi ríkisstj. með því að vísa þessu frv. til hennar, var ekki á rökum reist, því að þessi endurskoðun fór ekki fram. Hennar er engu að síður mjög mikil þörf, eins og hv. frsm. ræddi, og ég get upplýst, að í viðtali við félmrh. tjáði hann mér, að hann hefði þegar rætt við fulltrúa ýmissa byggingarsamvinnufélaga um nauðsyn þessarar endurskoðunar og hann hefði nú ákveðið hana. Ég segi þetta ekki til þess að hafa á móti þeirri till., sem hér er lögð fram. Það er alveg eðlilegt, að þessi hv. þm., sem er nú framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins og þekkir þessi mál vel, hreyfi þessu máli. En afgreiðsla þessa frv., sem ég var 1. flm. að á síðasta þingi, var þannig, að meiri hl. heilbr.- og félmn. flutti brtt. við mitt frv., brtt., sem meiri hl. Alþ. samþykkti, en sem að mínum dómi gerði frv. einskis virði, þar sem út úr því voru felld þau ákvæði, sem ég tel aðalatriðin, og ég ítreka það, að þau eru aðalatriðin. Það er fjármagnsútvegun þessara byggingarsamvinnufélaga, og það er réttur til lóðaúthlutunar fyrst og fremst, þessi tvö atriði, sem hafa staðið byggingarsamvinnufélögunum fyrir þrifum.

Það er vissulega alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að ýmis önnur atriði þarf að lagfæra, eins og það að taka upp styrkari stjórn þessara félaga og kannske fækka þeim, en ég efa, að það verði gert með lagasetningu. Ég efa það, en hins vegar er það atriði, sem stefna ber að. Það, sem þarf að tryggja með lögunum, er það, að byggingarsamvinnufélögin geti náð tilgangi sínum á þann hátt, að sala skuldabréfanna sé tryggð, því að fyrr en það er gert ná þau ekki tilgangi sínum. Það er alveg ljóst.

Ég vænti þess, að þessi endurskoðun nái fram að ganga og að hún leiði til niðurstöðu eitthvað svipaðrar þeirri, sem ég gerði ráð fyrir í því frv., sem ég flutti á síðasta þingi. Ég skal ekki segja, að það þurfi að vera frá orði til orðs eins og þar er gert ráð fyrir, en í þá stefnu held ég, að þessi endurskoðun verði að vera, ef hún á að koma að nokkru haldi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 50, n. 297).

Frsm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um endurskoðun á lögum um byggingarsamvinnufélög, og er till. svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar semja frv. til nýrra laga um byggingarsamvinnufélög. Skal hraða samningu þess sem mest og leggja það síðan fram á næsta þingi.“

Í grg. fyrir þessari till. er m. a. bent á, að margsinnis hafi verið stefnt að því að endurskoða þessi lög, bæði af hálfu nefnda, er settar hafa verið í það verkefni af hálfu félmrn., og einnig með tillöguflutningi á Alþ. Og enn fremur er á það bent, að frv. hafi verið flutt á Alþ. til

nýrra laga um byggingarsamvinnufélög, en þau mál ekki náð fram að ganga hér á hinu háa Alþingi til þessa. Enn fremur er á það bent í grg., að á síðasta ári hafi farið fram viðamikil endurskoðun á gildandi lögum um flesta aðra þætti húsnæðismálanna en þá, sem þessi þáltill. fjallar um. M. a. með hliðsjón af því sé orðið meira en tímabært að taka lögin um byggingarsamvinnufélög nú til endurskoðunar.

Allshn. leitaði umsagnar ýmissa aðila um þetta mál og fékk umsagnir frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur, Byggingarsamvinnufélagi atvinnubílstjóra, Byggingarsamvinnufélagi símamanna, Byggingarsamvinnufélagi Kópavogs og Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana. Voru allar þessar umsagnir á þann veg, að mælt var með samþykkt till., og m. a. með hliðsjón af því varð allshn. sammála um að mæla með samþykkt till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 320).

4. Ráðstafanir til að auðvelda umferð fatlaðra.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um ráðstafanir til að auðvelda umferð fatlaðra [24. mál] (A. 24).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Till. á þskj. 24 fjallar um mál, sem vekur vaxandi athygli víða um heim. Þegar Roosevelt var forseti Bandaríkjanna, var þeirri þjóð það ljóst, að þeir, sem voru í hjólastólum, gátu líka verið nýtir þegnar, en henni var líka ljóst um leið, að mikið vantaði á, að þjóðfélagið byggi að þeim eins og öðrum þegnum.

Ráðstafanir til þess að gera umferð fatlaðra auðveldari eru fyrst og fremst skipulagsatriði eða byggingarfræðilegs eðlis. Þeir umferðarþröskuldar, sem einkum torvelda fötluðum að komast leiðar sinnar, eru m. a. kantsteinar við gangstéttir, illa staðsett bílastæði, tröppur við inngangsdyr, skortur á lyftum í margra hæða húsum og ótalmargt fleira, þ. á m. sú staðreynd, að mjög víða eru dyr inn í snyrtiherbergi mjórri en 80 cm og því útilokað fyrir hjólastólafólk að hagnýta salernin.

Þetta virðast kannske í ykkar augum ekki stórmál, en þau geta gerbreytt lífsviðhorfi þessa fólks, og einmitt þetta atriði takmarkar umferðarmöguleika fatlaðra mjög mikið. Til þess að geta lifað sem eðlilegustu lífi er fötluðu fólki nauðsyn að geta ferðazt um innan húss og utan. Það þarf að geta notið þjónustu almenningsstofnana, komizt hjálparlaust í skóla, á vinnustað, í verzlanir, í leikhús o. s. frv. Háar tröppur framan við anddyri slíkra stofnana gera það að verkum, að þetta fólk verður hjálparþurfi. Það er því fullkomin nauðsyn, að þau ákvæði komist inn í lög um byggingar og inn í byggingarsamþykktir sveitarfélaga, að tekið sé tillit til þarfa fatlaðra við hönnun bygginga og gerð skipulags. Slíkum umbótum fylgir oft lítill kostnaðarauki. En enda þótt um kostnaðarauka kunni að vera að ræða, þá verður að hafa það í huga, að nýting mannvirkjanna eykst og verður fullkomnari.

Um síðari hluta till. er það að segja, að lagfæring á eldri byggingum kostar að vísu allmikla fjármuni. Aftur á móti eigum við fjölda einstaklinga, sem verða að fara um í hjólastól. Margir þeirra eru nýtir þegnar, er vinna merk störf í þjóðfélaginu. Daglega angra þessar hindranir hjólastólafólk, valda því kostnaðarauka og varna því, að hæfileikar þess nýtist til fullnustu í þjóðfélaginu. Umbætur á eldri byggingum mundu því hafa mikla þýðingu, og þótt ekki megi vænta þess, að bætt verði úr til fulls, þá mætti vafalaust ná allmiklum árangri á fáum árum.

Fatlaðir eru margir í okkar þjóðfélagi. Þeir eru fatlaðir af ýmsum ástæðum, og þeir eru á öllum aldri. Börn fötluð frá fæðingu eru mörg hjá okkur, og þrátt fyrir aukna þekkingu á orsökum slíkra örkumla, tekst ekki að fækka tilfellunum. Slysaöryrkjum fer stöðugt fjölgandi, og öll þekkjum við ástæðurnar fyrir því. Allmikill fjöldi af fólki er fatlaður vegna sjúkdóma í miðtaugakerfi, og sumir lungna- og hjartasjúklingar þurfa að ferðast um í hjólastólum árum saman. Blindir og heyrnardaufir þurfa líka sínar sérstöku aðstæður í umferðinni.

Meðalævi okkar er að lengjast, og þess vegna er vaxandi fjöldi aldraðra í þjóðfélaginu. Og nú leggst gamla fólkið ekki í kör lengur. Með því að nota stafi, hækjur, hjólastóla og öll hjálpartæki tekst því að verða sjálfbjarga miklu lengur en áður. Loks er það vaxandi fjöldi sjúklinga og slasaðra, sem þarf að dvelja í hjólastólum nokkrar vikur eða nokkra mánuði. Þetta fólk þarf oft að dvelja í dýrum sjúkrahúsum lengur en ella vegna umferðarhindrana í og kringum heimilin.

Stefna nútímasamfélags er að skapa sem flestum sem bezt lífskjör. Það er hins vegar lítill grundvöllur fyrir góðum lífskjörum fyrir þá, sem ekki geta komizt leiðar sinnar hjálparlaust. Leiði þessi till. til þess, að umferð fatlaðra verði gerð auðveldari, þá mun það auka nýtingu á orku einstaklinganna og auka jafnrétti þegnanna á sama tíma og það eykur lífshamingju fjölda fólks.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 24, n. 295).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um ráðstafanir til að auðvelda umferð fatlaðra. N. hefur sent till. til umsagnar Öryrkjabandalagi Íslands, Umferðarráði og Arkitektafélagi Íslands. N. hafa borizt svör frá stjórnum Öryrkjabandalagsins og Arkitektafélagsins og frá framkvæmdastjóra Umferðarráðs. Þessar umsagnir eru allar jákvæðar að því er varðar till., en Arkitektafélagið hefur sérstaklega óskað eftir því í svari sínu að fá tilnefndan fulltrúa í nefndina, sem skipuð kynni að verða samkv. till. Það kemur glöggt fram, sérstaklega í umsögninni frá Umferðarráði, að ýmislegt er hægt að gera raunverulega til þess að greiða fyrir umferð fatlaðra manna.

N. leggur til að athuguðu máli, að till. verði samþ. eins og hún liggur fyrir á þskj. 24. Fyrir hönd hinna fötluðu í landinu er ástæða til að þakka þá hugulsemi, sem lýsir sér í því, að till. þessi skuli vera fram komin.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Mér þykir vænt um, að þeir hafa sent þetta mál réttum aðilum til umsagnar og að þaðan skuli hafa komið jákvæðar umsagnir. Ég hef þá skoðun, að þetta geti orðið að nokkru gagni fyrir fatlað fólk í landinu með tímanum, geri mér hins vegar ljóst, að slíkt tekur tíma og kostar fjármagn.

Ég kom aðeins hingað upp í pontuna til þess að láta í ljós þakklæti mitt fyrir afgreiðslu þessarar till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 321).

5. Leikfélög áhugamanna.

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun laga um stuðning við leikfélög áhugamanna [43. mál] (A. 44).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10., 12. og 13. fundi í Sþ., 4., 9. og 11. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni að flytja till. til þál. svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka til endurskoðunar lög nr. 15 frá 15. marz 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna."

Það er rétt að taka fram í byrjun, að vissulega eru þessi lög ekki komin til ára sinna, en engu að síður tel ég nú þá reynslu komna varðandi lög þessi og framkvæmd þeirra, að í ljósi þeirrar reynslu sé tímabært að taka þau til endurskoðunar og gera á þeim breytingar, sem hljóta að teljast nauðsynlegar.

Þegar lög þessi voru sett, var leitað álits hjá samtökum þeirra félaga, sem njóta áttu góðs af framkvæmd þeirra. Vissulega fögnuðu leikfélögin þá þeim aukna skilningi á málefnum sínum, sem lögin ótvírætt bera með sér, enda lýstu þau sig í meginatriðum samþykk frv. Þó eru nokkur ákvæði þess, sem óskað var þá, að yrðu tekin til endurskoðunar, en ekki náðu þá fram að ganga.

Eitt þeirra atriða, sem hefði verið sjálfsagt að taka inn í lögin, var það, að sá aðili, sem kunnugastur er leikstarfsemi áhugafólks, Bandalag ísl. leikfélaga, fengi að hafa hönd í bagga með skiptingu styrkjanna, og þetta atriði ber að hafa í huga nú, ef endurskoðun fengist fram.

Um það orðalag, sem notað er í 1. gr. um skiptingu styrkja í ákveðna flokka, voru félögin sammála, að þar þyrfti að taka fleira til athugunar, svo sem aðstöðu leikfélaganna, fólksfjölda, samgöngur, húsakost og margt það, sem mótar mjög leikstarfsemi á hverjum stað. Ég var líka þeirrar skoðunar þá og er enn, að ástæðulaust sé að hafa nokkur sérákvæði hvað snertir leikrit fyrir börn, ef þau á annað borð eru fullgild verk. Ég er líka það vel kunnugur leikstarfsemi áhugafólks, að ég veit fullvel, að ágóðavonin er í öfugu hlutfalli við menningargildi verksins oft og tíðum, því miður. Ekki þar fyrir, að ég telji hlátursleikinn ekki eiga fullan rétt á sér, enda virðast atvinnuleikhúsin ekki telja þá virðingu sinni ósamboðna. Hins vegar verður ætíð að meta til fulls þá viðleitni, sem í því er fólgin að sýna verulega gott leikrit. Um það þyrftu ákvæði að vera mjög ótvíræð og beinlínis til hvatningar.

Í 1. gr., tölul. 2, er talað um fullgilda leikstjóra í lögunum án frekari skilgreiningar. Það er ekki rétt að útiloka þá leikstjóra, sem ekki hafa fullkomna menntun, frá því að teljast fullgildir leikstjórar, ef þeir búa yfir góðri reynslu sem leikarar og jafnvel leikstjórar. Raunin hefur líka orðið sú, að þeir hafa hlotið viðurkenningu sem slíkir varðandi styrkveitingar. Til að fyrirbyggja allan vafa væri þó hiklaust rétt að taka af í lögunum öll tvímæli þar að lútandi, svo að öruggt væri, að leikfélögin vissu fyrir fram rétt sinn í þessu efni. Það verður varla heldur talið sanngjarnt, að aðeins þau félög, sem fást við leikstarfsemi eingöngu, hljóti styrk, enda mun reyndin einnig hafa orðið sú, að þessu ákvæði hefur ekki verið framfylgt. Mörg ungmennafélög hafa leikstarfsemi á sinni starfsskrá og eru árlega með leiksýningar. Þau eiga þarna sama rétt og leikfélögin, þó að rétt væri, að þau verðu hugsanlegum ágóða af sýningunum einvörðungu til þessa þáttar starfseminnar. Þessi lagagr. verður a. m. k. að vera í fullu samræmi við framkvæmdina, og lögin mega ekki útiloka þessa starfsemi ungmennafélaganna frá styrkveitingum.

Í 4. gr. laganna er fjallað um skýrslugerð til rn., sem þarf samkv. lögunum að hafa borizt fyrir 1. júní ár hvert með tilheyrandi gögnum. Miðað við leiksýningar að vorinu þarf þetta atriði athugunar við hvað tímatak-

mörk snertir. Ég hygg líka, að þessi lagagrein hafi reynzt nokkuð örðug í framkvæmd. Það er hins vegar fyrst og fremst 5. gr., sem þarfnast eðlilegrar endurskoðunar, þó að ég vilji taka fram, að hámarksupphæð styrkja var á sínum tíma rausnarleg. Hámarksupphæðin var þá veruleg framför frá því, sem verið hafði. Nú hafa þessar tölur misst gildi sitt að mestu leyti vegna verðbólguþróunarinnar. Þegar lögin voru sett, var kostnaður við leikstjórn, svo að dæmi sé tekið, allur annar en nú. Nú mun hann vera allt að því þrisvar sinnum meiri en þá, svo að nefnt sé eitt dæmi, að vísu mjög veigamikið. Styrkveitingarnar þurfa því greinilega hækkunar við, en þær eru að sjálfsögðu einnig háðar því, hverju varið er til leiklistarstarfsemi áhugamanna á fjárlögum ár hvert.

Meðan sjónvarpsaldan var að ganga yfir landsbyggðina, var eðlileg deyfð yfir leikstarfsemi, allt of mikil og allt of víða að vísu. Nú þegar þessi alda er að mestu gengin yfir, fer ekki hjá því, að starfsemin eflist á nýjan leik, og sér þess þegar merki. Því fleiri félög sem taka leikrit til meðferðar, því hærri þarf fjárveitingin að vera í heild og þó alveg sérstaklega, ef styrkirnir yrðu hækkaðir, sem öll sanngirni mælir með. Það er að vísu alltaf ágóðavon í sambandi við sýningar, þar sem fólk gefur nær skilyrðislaust alla sína vinnu. En sú verður þó ekki alltaf raunin. Og dæmi veit ég þess ekki alls fyrir löngu, að ágætt leikrit bar sig ekki, þó að til kæmi hámarksstyrkur frá ríki og sveitarfélagi. Ég vil því vona, að sú fjárveiting, sem tiltekin verður í fjárlögum jafnt til leiklistarstarfsemi sem heildarsamtaka leikfélaganna, verði a. m. k. ákveðin með tilliti til verðlagsþróunar þeirrar, sem átt hefur sér stað frá setningu laganna.

Eitt er rétt að taka fram hér, og það er atriðið um framlagið heiman að, sem er skilyrði fyrir styrkveitingum. Út af fyrir sig álít ég þetta sjálfsagt, að viðkomandi sveitarfélag styrki slíka starfsemi. En þess eru dæmi, að sveitarfélög hafa ekki sýnt þessum málum skilning, og hví skyldu þá þau félög, þar sem slíkt henti, missa af ríkisaðstoð einnig? Slíkt tel ég fásinnu, meðan þetta er þá ekki ótvírætt skylda sveitarfélaganna, sem mér fyndist fyllilega réttmætt. Það er svo fyllilega þörf á því að kanna rækilega, hvort einhver leikfélög þarfnast ekki sérstakrar aðstoðar umfram önnur, ef þau ráðast í stórtækari verkefni og fleiri en almennt gerist. Mér koma í hug félög eins og Leikfélag Akureyrar sérstaklega og reyndar einnig Leikfélag Kópavogs. Þar sem félögin hafa slíka sérstöðu, þurfa þau vitaskuld sérstaka fjárhagsaðstoð eitthvað í átt við fjárveitingu þá, er Leikfélag Reykjavíkur hefur hlotið. Leikfélag Vestmannaeyja virðist einnig á hraðri uppleið og eykur greinilega mjög á starfsemi sína. Á þessi félög er einnig rétt að minna, þar sem núverandi styrkjakerfi gerir ekki ráð fyrir mikilli samfelldri starfsemi, eins og gleggst dæmi er um frá Akureyri. Að þessu atriði vildi ég einmitt, að sérstaklega yrði vikið í nýjum, endurskoðuðum lögum, ef til kæmi.

Að lokum vil ég svo víkja að atriði, sem þyrfti að koma til alvarlegrar athugunar, ef af endurskoðun laganna yrði, en það er sú hugmynd, sem alllengi hefur verið uppi, að fastráða bæri yfir vetrartímann leikstjóra hjá Bandalagi ísl. leikfélaga, bæði til að tryggja betur hæfa starfskrafta og sér í lagi til þess að leikstjórarnir gætu sinnt mjög brýnu verkefni, en það er kennsla meðal hinna ýmsu félaga — að vísu í stuttan tíma — í ýmsu því, er leiklist varðar, svo sem framsögn, förðun, framkomu á sviði, svo að það helzta sé nefnt. Þessi þáttur hefur verið vanræktur, en er engu að síður hin mesta nauðsyn, ef leikstarfsemi áhugafólks á að blómgast og ná einhverjum þroska. Þetta ætti jafnframt að vera frumskylda hvers leikfélags, sem vill iðka þessa starfsemi til annars og meira en að sýnast. Ég veit t. d. fátt hollara og verðugra ungu fólki en þreyta glímu við þessa göfugu list, en þá þarf oft nauðsynlega uppistöðu. Ég vildi einnig mega benda á, að í frv. til l. um Þjóðleikhús, sem lagt var fram hér á þingi í fyrra, voru nokkur ákvæði, sem komu inn á leiklistarstarfsemi áhugafólks. Milli þeirra laga og endurskoðunar þessarar væri æskilegt, að nokkurs samræmis yrði gætt, því að vissulega kæmi hér til greina mikilvæg aðstoð, sem hvergi væri betri að fá en einmitt frá stofnun eins og Þjóðleikhúsinu.

Ég hirði ekki um að tíunda fleiri atriði, sem endurskoðun laganna gæti náð til, en vil undirstrika, að sjálfsagt er að hafa fullt samráð um endurskoðunina við áhugafélögin, því að þau byggja á dýrmætri reynslu, sem auðvitað á að hagnýta sér.

Ég vil svo að lokum óska þess, herra forseti, að till. þessari verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 44, n. 302).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 44 um endurskoðun laga um stuðning við leikfélög áhugamanna. Það er efni þessarar till., að taka skuli til endurskoðunar lög nr. 15 frá 1965 um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna. En með þessum lögum frá 1965 er leikfélögum áhugamanna skipt í flokka, a- og b-flokk, og er þar nánar tilgreint, hvaða skilyrðum leikfélög í hvorum flokki þurfa að fullnægja til þess að njóta fjárhagsaðstoðar frá menntmrn. og hve háar upphæðir þar skuli vera um að ræða. Leikfélag Reykjavíkur og Bandalag ísl. leikfélaga eru í sérflokki samkv. þessum lögum.

N. hefur athugað till. og fengið um hana umsögn frá Bandalagi ísl. leikfélaga og Sambandi ísl. sveitarfélaga, og hafa henni borizt svör, sem eru jákvæð gagnvart till., frá þessum aðilum. Að athuguðu máli leggur n. til, að till. verði samþ. eins og hún liggur fyrir á þskj. 44.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. ágæta afgreiðslu þessa máls. Það er mér gleðiefni að geta nú átt þess von, að ýmsir þeir vankantar, sem

reynslan hefur sýnt, að voru á lagasmíðinni frá 1965, svo ágæt framför sem hún var, verði nú af sniðnir, því að ég vona, að samhljóða álit n. muni einnig hljóta stuðning hv. alþm. annarra, og þá treysti ég því, að menntmrn. bregði vel við og endurskoði lögin með ágætri samvinnu við áhugaleikfélögin og samtök þeirra. Það er því einlæg von mín, að rausnarleg hækkun til leiklistarstarfsemi á fjárlögum þessa árs ásamt nýjum reglum verði til þess að auka sem mest þá menningarstarfsemi, sem leikstarfsemi áhugafólks er, ég vil fullyrða, oftlega sú helzta í hverju byggðarlagi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 322).

6. Endurskoðun á loftferðalögum.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun á loftferðalögum [110. mál] (A. 133).

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Við hv. 4. þm. Norðurl. e. flytjum á þskj. 133 eftirfarandi till. til þál., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að endurskoða ákvæði loftferðalaga um ábyrgð flytjenda farþega og farms, einkum með tilliti til þess, að eigi er alltaf fullljóst, hver teljast skuli flytjandi; sömuleiðis reglur um ábyrgð eigenda flugvéla gagnvart flugmönnum, svo og vátryggingarsamninga varðandi flug."

Á seinni árum hefur notkun lítilla flugvéla aukizt mikið hérlendis. Unga fólkið er áhugasamt um að læra flug og nýta síðan kunnáttu sína sér til gagns og yndis og þá máske ekki síður vegna þeirrar ánægju, sem flugið veitir því. Þegar ég var ungur, stóð hugur okkar ungu mannanna til þess að læra að aka bifreið. Það er tímanna tákn, að nú þykir sjálfsagt, að svo til allt ungt fólk læri að aka bifreið, en eftirvænting og áhugi unga fólksins beinist í vaxandi mæli að því að læra flug. Ég vil reyna að skilja þessa tilhneigingu unga fólksins í dag, það fylgir því heillandi tilfinning að geta að nokkru fylgt eftir fuglum himinsins með því að þjóta um loftin blá. Ég hef sjálfur notið þeirrar ánægju sem farþegi að fljúga í þessum litlu vélum, vera óbundinn af því að fara svo gott sem skemmstu leið að fyrir fram ákveðnum ákvörðunarstað, eins og er í hinu svo nefnda áætlunarflugi, heldur í þess stað að geta virt fyrir sér í næði stórbrotna náttúrufegurð lands okkar, sem vissulega er tilkomumikil úr lofti að sjá. Ég endurtek það þess vegna, að ég tel mig skilja áhuga unga fólksins fyrir fluginu.

Þá er og rétt að benda á, að allir þeir, sem hyggjast stunda flug sem atvinnu, notast við litlu vélarnar, meðan þeir eru að öðlast tilskilinn flugstundafjölda, sem er áfangi að því að geta öðlazt réttindi til atvinnuflugs. Íslenzkar aðstæður, veðurfar og landslag, valda því, að þessar vanbúnu litlu vélar eru vissulega hættulegar hérlendis, máske hættulegri en víða annars staðar, þar sem aðstæður eru betri. Minnstu vélarnar eru svo vanbúnar að tækjum, að þær eru sambandslausar við flugumferðarstjórn og flugvelli nema aðeins í næsta nágrenni þeirra. Flugmenn þessara véla eiga þess því engan kost, þegar fjær dregur, að fá nauðsynlegar upplýsingar eða leiðbeiningar, þegar skyndilega breytist veður í lofti eða annan vanda ber að höndum. Það er því máske ástæða til þess, að hérlendis gildi þrengri og ákveðnari reglur en annars staðar um flug í þessum vélum.

Herra forseti. Það eru breytingar á sjálfum loftferðalögunum, sem við flm. förum hér fram á, en hér er um reglugerðarákvæði að ræða. Tilgangur þeirrar till., sem hér er til umr., er, eins og hún ber með sér, að lögin verði endurskoðuð til að taka af öll tvímæli um ábyrgðir og vátryggingar í sambandi við flug, og að gefnu tilefni er hér fyrst og fremst tekið fram um litlu vélarnar. Ég er sannfærður um, að allir hv. alþm., sem stóðu að samþykkt loftferðalaganna 1964, hafi verið þess fullvissir, að þar léki enginn vafi á varðandi þessi atriði. Á sama hátt hefur og verið varðandi flugmenn, flugnema þessara véla, þeir hafi talið það tvímælalaust, að þeir og þeirra farþegar væru örugglega tryggðir. Einnig munu eigendur og umráðendur vélanna hafa verið í þeirri trú, að svo væri.

Það hefur hins vegar skeð, að í ljós hefur komið, að þessi lagaákvæði eru ekki tvímælalaus. Höfum við flm. þessarar till. bitra reynslu af því. Sumarið 1968 fórst ein slík vél og með henni fjögur ungmenni. Sonur minn var flugmaður vélarinnar, og meðal farþega var sonur meðflm. míns. Sá ungi maður lét eftir sig konu og barn. Þessir ungu menn stefndu báðir að því að öðlast réttindi til atvinnuflugs. Þeir flugu mikið saman eða með öðrum félögum sínum, sem einnig voru í flugnámi. Það tók aðstandendur þessa unga manns næstum þrjú ár að fá dóm fyrir sínum tryggingabótum, og vafi var talinn leika á um bótaskyldu. Við flm. teljum því ríka nauðsyn á, að lögin verði endurskoðuð með það að markmiði, að allir, sem fljúga með þessum vélum, flugmenn og farþegar, verði örugglega tryggðir, þ. e. taka af öll tvímæli hér um, svo að eftirleiðis þurfi enginn að vera í vafa um, hvort hann er tryggður eða ekki.

Þó svo að við gerum allt, sem mögulegt er til að koma í veg fyrir slys, þá verður því miður ekki á mannlegu valdi að fyrirbyggja þau alveg. Notkun þessara litlu véla verður trúlega vaxandi eftirleiðis. Það er nauðsynlegt að tryggja með reglugerð sem mest öryggi, en höfuðnauðsynin er að ganga þannig frá, að allir, sem ferðast í þessum vélum, séu tryggðir.

Herra forseti. Ég vænti þess, að mér verði virt það til vorkunnar, er ég, eftir að hafa fylgzt með meðferð þessa máls, sem ég hef hér vitnað til, segi í hreinskilni: Það hefur hvílt þungt á mér, að ég þyrfti að gera mitt til þess

að eftirleiðis geti hér ekki leikið nokkur vafi á. Og ég fagna því að hafa fengið tækifæri til að bera þá till. fram, sem hér liggur fyrir.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 133, n. 311).

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 133 um endurskoðun á loftferðalögum. N. hefur athugað þessa till. og sent hana til umsagnar flugmálastjóra og Félagi ísl. atvinnuflugmanna. Í umsögn Félags ísl. atvinnuflugmanna kemur m. a. þetta fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Félags ísl. atvinnuflugmanna telur gild rök hníga að því, að framanskráð atriði loftferðalaga verði endurskoðuð, og væntir þess, að endurskoðun laganna verði ekki takmörkuð við þau, heldur nái hún til fleiri atriða, sem Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur áður bent á, svo sem hámarksvinnutíma, lágmarkshvíldartíma flugmanna og fleiri atriða."

Allshn. hefur sem sagt haft þessa till. til meðferðar og leggur til, að hún verði samþ. eins og hún kemur fram á þskj. 133.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 323).

7. Skaðabótamál vegna slysa.

Á deildafundum 6. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa [117. mál] (A. 145).

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Við hv. 4. þm. Norðurl. e. flytjum hér á þskj. 145 eftirfarandi till. til þál., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að hún geri, með undirbúningi lagasetningar, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að skaðabótamál vegna slysa fái hraðari afgreiðslu en verið hefur almennt.

Sé þá hafður í huga sá möguleiki, að þegar dæmt er um bótaskyldu sérstaklega, án þess að dæmt sé jafnframt um bótafjárhæðir, verði settar reglur um greiðsluskyldu hinna bótaskyldu og vátryggjenda þeirra á ákveðnum fjárhæðum upp í endanlegar skaðabótagreiðslur, sem síðar yrðu ákveðnar með dómi."

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta lengri framsögu, en vísa til grg. með till. og legg til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 145, n. 312).

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 145 og hefur sent till. Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar, sem hefur sent jákvæða umsögn til n., og n. mælir einróma með því, að till. verði samþ., eins og hún kemur fram á þskj. 145.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 324).

8. Öflun skeljasands til áburðar.

Á 3. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um öflun skeljasands til áburðar [16. mál] (A. 16).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Við hv. 4. þm. Norðurl. e. fluttum á síðasta Alþ. till. til þál. um öflun skeljasands til áburðar. Við flytjum þessa till. nú á ný, óbreytta, þar sem hún náði ekki afgreiðslu á síðasta þingi.

Það er öllum kunnugt, að um árabil hafa Íslendingar einkum notað kalksnauðan áburð. Og sá tilbúni áburður, sem hér hefur verið framleiddur, er kalksnauður. Það er að mínum dómi mjög alvarlegt, hversu lítið var fylgzt með því, þegar byrjað var að nota tilbúinn áburð hér á landi, hverjar verkanir hans væru á jarðveginn og á uppskeruna. Það er ekki fyrr en á seinni

árum, sem rannsóknir og tilraunir voru teknar upp á þessum sviðum. Nú er það vitað, að ræktunarlönd þurfa kalks við, og það liggur sterkur grunur á því, að kalkskortur sé meðverkandi orsök í því gífurlega túnakali, sem orðið hefur hér á landi á síðari árum. Nú eru menn að rannsaka þessa hluti, en svo mikið er þó vitað, að kalkþörf er fyrir hendi á ýmsum stöðum, þó að menn viti ekki gjörla, hversu mikil hún er á hverjum stað. Og þá virðist það gefa auga leið, að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því, hvernig hagkvæmast sé að fullnægja kalkþörfinni.

Nú er unnið að stækkun og endurbyggingu áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi, og e. t. v. kann einhver að halda, að áburðurinn frá þeirri nýju verksmiðju, sem þar er að rísa, leysi þennan vanda, að hann geti fullnægt kalkþörfinni. En svo er ekki. Þegar ég hafði seinast fréttir af, þá var það ekki alveg fullráðið, en kom til greina að framleiða í Gufunesi kalkblandaðan köfnunarefnisáburð. Þó er talið, að sá áburður yrði mjög dýr, vegna þess að framleiðsla á honum yrði aldrei í það stórum stíl, að hægt yrði að koma við fullkominni hagræðingu við framleiðslu hans, og m. a. þess vegna hefur fram undir þetta verið talinn nokkur vafi á því, hvort ráðizt verði í að framleiða kalkblandaðan köfnunarefnisáburð í hinni nýju verksmiðju. Þessi nýja verksmiðja á m. a. að framleiða svo kallaðan þrígildan áburð. Nú er það svo, að hann verður kalklaus, og það er ekki hægt af tæknilegum ástæðum að framleiða slíkan áburð kalkblandaðan. Nú eru allar líkur til þess, sbr. þá reynslu, sem fengizt hefur af því, hvernig bændur hafa notað þrígildan áburð, þegar hann er fáanlegur, að slíkur áburður verði mjög mikið notaður, þegar hann er til. Og það er af þeirri einföldu ástæðu, að hann er ákaflega handhægur. Það er hægt að bera hann á óblandaðan, og hann er tiltölulega ódýr miðað við aðrar áburðartegundir. Og m. a. af þeim sökum, að það er alveg fyrirsjáanlegt, að þessi þrígildi, kalklausi áburður verður alltaf notaður mjög mikið, þá má fullyrða, að það er alveg útilokað, þó að framleiddur yrði kalkblandaður köfnunarefnisáburður í Gufunesi, að hann fullnægði einn kalkþörfinni. Það má segja, að það er raunverulega alveg útilokað, og þá þarf að íhuga aðrar leiðir til þess, að kölkun ræktunarlanda geti farið fram.

Nú er það vitað, og reynsla er fyrir því, að skeljasandur sá, sem dælt er upp úr Faxaflóa og notaður er til sementsgerðar, er kalkríkur, og hann er vel nothæfur til kölkunar ræktunarlanda eins og hann kemur upp úr sjónum. En það er víðar til skeljasandur með ströndum Íslands en við Faxaflóa. Og þó að það hafi ekki verið kannað, þá er mjög líklegt, að hann sé til að því marki t. d. við Suðausturlandið, Norðurland og á Vestfjörðum, að unnt sé að dæla honum þar upp á sama hátt og gert er hér við Faxaflóa. Þetta hefur ekki verið rannsakað. En það eru miklar líkur til þess. En þó að þessi okkar íslenzki skeljasandur sé kalkríkur og þess vegna nothæfur til áburðar, þá þarf mikið magn af honum, og það er þess vegna mikilsvert, að hægt sé að hafa aðgang að honum sem víðast um landið. Flutningar á skeljasandi á milli landshluta verða ákaflega dýrir, vegna þess hve mikið magn þarf af honum. Þess vegna skiptir það mjög miklu máli, ef unnt reyndist að hafa þetta áburðarefni tiltækt víðar á landinu en bara við Faxaflóa, t. d. austan- og norðanlands og á Vestfjörðum. Það mætti sjálfsagt vel hugsa sér það, að sama skipið og nú aflar skeljasands fyrir Sementsverksmiðjuna á Akranesi gæti annazt það verkefni að dæla einnig upp sandi annars staðar og dæla honum á land, þar sem hentast þætti. Síðar væri hægt að flytja hann þaðan með miklu, miklu minni tilkostnaði en ef þarf að sjóflytja hann héðan sunnan frá Faxaflóa.

Flm. þessarar till. telja það nauðsynlegt og skynsamlegt að kanna sem fyrst möguleika á því að leysa þetta mál og athuga, hvar og með hverjum hætti væri hagkvæmast að afla skeljasands til kölkunar ræktunarlanda. Það er ótvírætt, að skemmdirnar í túnunum hafa valdið bændum gífurlegu tjóni, þar sem þær hafa varað árum saman og menn hafa misst töðufenginn ekki aðeins niður í helming, heldur jafnvel enn þá neðar miðað við meðaluppskeru áður. Eins og ég sagði áðan, leikur a. m. k. sterkur grunur á því, að kalkvöntun sé meðverkandi orsök þessara túnaskemmda, og þess vegna er enginn vafi á því, að það er mikið fyrir það gefandi, ef unnt reyndist að auðvelda og ýta undir það, að menn kalki lönd sín eins og tilraunir og athuganir sýna, að nauðsynlegt reynist.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Till. þessi fjallar um öflun skeljasands til áburðar. Hún verður væntanlega athuguð í n. og rannsökuð rækilega. Í grg. er minnzt á kostnaðarsaman flutning á skeljasandi og svo auðvitað rætt um, hvernig eigi að afla hans, dæla honum upp úr sjó og landsetja hann. Ég vil minnast á það, að við skelfiskveiðar berst á land mikið magn af skel. Aðeins vöðvinn innan úr skelinni er nú nýttur við vinnslu eða um 10% eða svo miðað við þyngd upp úr sjó. Að öðru leyti er lítil nýting á skelinni nema þá helzt að nota hana sem ofaníburð í vegi. Mér dettur í hug, að með því að mylja skelina mætti fá þarna efni, sem hentað gæti í þessu skyni. Þess vegna kemur mér í hug að beina því til þeirrar n., sem fær þessa till. til athugunar, hvort hugsanlegt væri að nýta skel þá, sem hér um ræðir og komin er á land hvort sem er í miklum mæli, í þágu þess málefnis, sem þáltill. þessi fjallar um.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 16, n. 308).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Allshn. tók þetta mál til athugunar og var sammála um afgreiðslu þess. Till. hefur verið send Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar. Á fundinum, sem málið var afgreitt á, var lögð fram umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem mælti með því, að till. yrði samþ., en ekki lá þá fyrir umsögn frá Búnaðarfélagi Íslands, en hún hefur eigi að síður komið fram, og þar er einnig mælt með samþykkt till.

Það er eðlilegt, að það sé gert, sem þessi till. ætlast til, að rannsakað verði, hvort hagkvæmt sé að vinna skeljasand til kölkunar túna. Það má kannske segja, að

þetta sé síður nauðsynlegt, eftir að Áburðarverksmiðjan fer að framleiða blandaðan áburð og þá einnig með kalki, en talið er, að jafnvel þótt það komist í framkvæmd, sem verður, þá geti verið nauðsynlegt að afla skeljasands og kalka túnin meira en hægt er að gera með þessum áburði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta meira. Allshn. leggur til, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 325).

9. Landhelgismál.

Á 3. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um landhelgismál [21. mál] (A. 21).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Sú þáltill., sem ríkisstj. ber fram á þskj. 21, er samhljóða þeirri till., sem núv. stjórnarflokkar báru fram á Alþ. s. l. vor. Hún fékkst þá ekki samþykkt, þar sem nokkur ágreiningur var þá um leiðir og starfsaðferðir. Þeir þrír flokkar, sem standa að núv. ríkisstj., gengu til alþingiskosninganna s. l. vor með sameiginlega stefnuyfirlýsingu í landhelgismálinu, er var samhljóða þeirri till., er hér liggur fyrir. Þeir lögðu ríka áherzlu á það í kosningabaráttunni, að landhelgismálið væri mál málanna og kjósendur ættu framar öllu öðru að marka skýra afstöðu til þess við kjörborðið. Úrslit kosninganna urðu þau, eins og kunnugt er, að þessir flokkar hlutu sameiginlega starfhæfan meiri hl. á Alþ. og mynduðu síðan núv. ríkisstj.

Stefna núv. stjórnarflokka hlaut þannig eindreginn stuðning í kosningunum. Í málefnasamningi þeim, sem stjórnarflokkarnir komu sér saman um, er landhelgismálið efst á blaði. Segir þar svo um stefnu ríkisstj. í landhelgismálinu:

„Að landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja verði sagt upp og ákvörðun tekin um útfærslu fiskveiðilandhelgi í 50 sjómílur frá grunnlínum og komi sú útfærsla til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972. Jafnframt verði ákveðin 100 sjómílna mengunarlögsaga. Ríkisstj. mun hafa samráð við stjórnarandstöðuna og gefa henni kost á að fylgjast með allri framvindu málsins."

Rétt þótti og eðlilegt eftir atvikum að leita formlegrar staðfestingar Alþ. á þessari stefnuyfirlýsingu, og er þessi þáltill. af þeim sökum fram borin. En um leið er rétt að undirstrika, að ríkisstj. hefur af fullum krafti unnið að málinu, bæði að undirbúningi að útfærslu og að kynningu á málstað Íslendinga, þó að alþingissamþykkt væri enn ekki fyrir hendi. Rek ég þá sögu ekki hér, nema tilefni verði til síðar.

Það er aðalefni þessarar till., að fiskveiðilandhelgin skuli færð úr 12 sjómílum út í 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið og komi sú stækkun til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972. Ég hygg, að hér sé ekki þörf á að hafa mörg orð um nauðsyn, réttmæti og lögmæti þessarar útfærslu. Ég vona, að um það efni sé út af fyrir sig ekki ágreiningur. Efnahagsleg nauðsyn á útfærslu fiskveiðimarkanna liggur í augum uppi. Eins og segir í sjálfri tillgr., hefur margvíslegri veiðitækni fleygt fram á síðustu árum og ný, stórvirk veiðitæki hafa komið til sögunnar. Það hefur þegar leitt til ofveiði á ýmsum norðlægum fiskislóðum. Sú hætta er yfirvofandi, að fiskveiðiþjóðir beini flota sínum í vaxandi mæli á Íslandsmið á næstunni, bæði vegna þess, að nálægari mið eru uppurin, og eins vegna sívaxandi mengunar. Er því fyrirsjáanleg hætta á ofveiði við Ísland á næstu árum, ef ekki er gripið í taumana í tæka tíð. Má raunar segja, að þegar séu fyrir hendi augljós merki um ofveiði. Því til sönnunar má nefna minnkandi veiðimagn ýmissa fiskstofna, sem efalaust má rekja til ofveiði. Um þetta vitna ég til álitsgerða sérfræðinga og upplýsingarita, sem ríkisstj. hefur látið dreifa út, og hef ekki um það fleiri orð hér.

Efnahagsleg afkoma og framtíðargengi íslenzku þjóðarinnar byggist fyrst og fremst á fiskveiðum. Ef miðin verða eyðilögð og fiskveiðar dragast saman, er stoðum kippt undan efnahagslegri afkomu Íslendinga. Það þarf ekki að rökstyðja hér frekar, þar sem öllum er ljóst, hvert grundvallaratriði fiskveiðarnar eru í þjóðarbúskap og gjaldeyrisöflun landsmanna. Má óhikað fullyrða, að engin þjóð í veröldinni sé svo háð fiskveiðum sem Íslendingar. Fiskveiðar landsmanna mega því ekki dragast saman, heldur er þvert á móti lífsnauðsyn, að þær aukist, og að því er stefnt með auknингu skipastóls. Það er beinlínis skilyrði fyrir áframhaldandi framförum og bættum lífskjörum. En hitt er jafngreinilegt, að fiskstofnarnir við Ísland þola ekki meiri veiði en nú á sér stað. Aukning á fiskveiðum Íslendinga verður því að gerast með þeim hætti, að þeir taki stærra hlutfall af veiðinni á landgrunninu en nú. En útlendingar veiða nú um helming aflans við Ísland. Þörfin fyrir útfærslu er því brýn. Þar eru lífshagsmunir þjóðarinnar í veði.

Réttmæti þess, að Íslendingar einir eigi óskoraðan rétt til fiskveiða á landgrunninu, verður ekki heldur vefengt með nokkurri sanngirni. Landgrunnið er eðlilegt framhald af landinu sjálfu og á því að tilheyra yfirráðasvæði ríkisins. Hefur það sjónarmið að því leyti verið almennt viðurkennt, að í alþjóðasamþykktinni, sem gerð var í Genf 1958 um landgrunnið, er ákveðið, að auðlindir í og á hafsbotninum á landgrunninu tilheyri viðkomandi strandríki. Það sýnist fyllilega rökrétt, að sama regla gildi um náttúruauðlindir og verðmæti í hafinu yfir landgrunninu. Það verður ekki séð, að nein sanngirni sé í því að greina á milli náttúruauðlinda í hafinu yfir landgrunninu og auðæfa á sjálfum hafsbotninum. Annað er því óhugsandi en í framtíðinni verði almennt viðurkennt, að sama regla hljóti að gilda um hvort tveggja. Ég hygg, að sú skoðun eigi vaxandi fylgi að fagna meðal frjálslyndra og framsýnna þjóðréttarfræðinga. Ég held einnig, að engin þjóð eigi sterkari siðferðilegan rétt til fiskveiða á landgrunni sínu en Íslendingar.

Eins og áður er sagt, er engin þjóð um efnahag sinn og lífsafkomu jafnháð fiskveiðum og Íslendingar. Árum saman hafa fiskafurðir verið um 80—90% af útflutningi landsmanna. Ég hygg, að engin önnur þjóð komist í námunda við það. Jafnvel hjá þjóðum, sem annars eru taldar stórar fiskveiðiþjóðir, eru fiskafurðir ekki nema um það bil 10% af heildarútflutningi, svo sem dæmi mætti nefna um. Ísland hefur því í þessum efnum algera sérstöðu. Staða þess að þessu leyti til er algerlega einstök í veröldinni. Engin þjóð getur því átt betri rétt eða meiri rétt til víðáttumikillar fiskveiðilandhelgi en einmitt Íslendingar. Ísland er ekki aðeins strandríki, það er eyland. Ég held því, að þegar miðað er við allar aðstæður, sé fyrirhuguð útfærsla fiskveiðimarkanna réttmæt og í samræmi við fyllstu sanngirni.

Ég fæ ekki heldur séð, að fyrirhuguð útfærsla brjóti gegn nokkrum viðurkenndum alþjóðalögum. Það er staðreynd, að það eru ekki til neinar almennt viðurkenndar þjóðréttarreglur um víðáttu landhelgi. Það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að fá slíkar reglur samþykktar, fyrst á vegum gamla Þjóðabandalagsins á Haag-ráðstefnunni 1930 og síðar af hálfu Sameinuðu þjóðanna á Genfar-ráðstefnunum 1958 og 1960. En það var einmitt að frumkvæði Íslands, að þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna var falið að fjalla um landhelgi, sem leiddi síðar til þess, að áðurnefndar sjóréttarráðstefnur voru kallaðar saman. En allar þessar tilraunir hafa reynzt árangurslausar. Það hefur ekki náðst samkomulag um alþjóðasamþykkt um víðáttu landhelgi, og enn er fyrirhuguð hafréttarráðstefna 1973, sem m. a. á að glíma við þetta viðfangsefni. Ekkert sýnir betur, að viðurkennt er, að alþjóðareglur eru ekki fyrir hendi. Hin fyrirhugaða ráðstefna og viðfangsefni hennar eru skýr vitnisburður um það, að þjóðirnar telja, að alþjóðlegar reglur vanti um þetta efni.

Ekki verður því heldur haldið fram með neinum rökum, að alþjóðleg venja hafi fest tiltekin mörk fyrir landhelgi almennt eða fiskveiðimörkum. Ríki hafa jafnan helgað sér misjafnlega stóra landhelgi. Svo var jafnvel á þeim tíma, er ýmsar siglingaþjóðir, þ. á m. Bretar, héldu því fram, að þriggja sjómílna landhelgi væri alþjóðalög samkv. venju. Þeirri kenningu var algerlega varpað fyrir róða með dómi Alþjóðadómstólsins í landhelgismáli Norðmanna og Breta frá 1951 svo og í áliti þjóðréttarnefndarinnar frá 1956. Þróunin síðar hefur og verið sú, að fjölmörg ríki hafa fært landhelgi sína út, sum í 12 mílur, en önnur mun meira. Gildir þetta einnig um þau ríki, sem áður héldu fram þriggja mílna reglu. Ég hygg því, að engum detti í hug að halda því fram nú, að þriggja sjómílna regla sé helguð af alþjóðavenju. Og það er einnig fjarri lagi að staðhæfa, að 12 sjómílur séu alþjóðavenja. Slíkt er ekki hægt, þegar það er staðreynd, að 20 ríki a. m. k. eða yfir 20 ríki telja sér víðáttumeiri landhelgi en 12 sjómílur, sum jafnvel allt upp í 200 sjómílur. Það er ekki kunnugt, að gripið hafi verið til neinna sérstakra aðgerða gegn þeim ríkjum. Við þessar aðstæður er vitaskuld vonlaust að ætla að halda því fram, að alþjóðavenja sé til um víðáttu landhelgi. Alþjóðleg regla um víðáttu landhelgi verður ekki heldur leidd af grundvallarreglum þjóðaréttar, enda mun naumast nokkur halda því fram.

Þar sem í þjóðaréttinum er ekki að finna neina almennt viðurkennda reglu um víðáttu landhelgi, hlýtur það að vera á valdi hvers ríkis að ákveða landhelgi sína innan hæfilegra marka. Þannig hafa og þjóðir yfirleitt ákveðið landhelgi sína með einhliða ákvörðun, og á það jafnt við um lögsögulandhelgi og fiskveiðilandhelgi. Þannig lýstu einstök ríki einhliða rétti sínum til landgrunnsins að því er auðæfi á hafsbotninum varðar, áður en við nokkra alþjóðasamþykkt var að styðjast í því efni, sbr. hina frægu yfirlýsingu Trumans Bandaríkjaforseta á sínum tíma.

Þegar tillit er tekið til þeirra reglna, sem ýmis ríki hafa sett um víðáttu landhelgi í dag, ætti öllum að vera ljóst, að fyrirhuguð landhelgisákvörðun Íslendinga að því er fiskveiðar varðar er innan hæfilegra marka, og má í því sambandi skírskota til efnahagslegra, líffræðilegra og sögulegra raka. Með landgrunnslögunum svonefndu, nr. 44 1948, þ. e. lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, lýstu Íslendingar í rauninni yfir rétti sínum til landgrunnsins alls, þó að ákvarðanir um fiskveiðar á því væru þá eigi látnar koma til framkvæmda, en nefnd lagasetning hvílir ljóslega á þeirri forsendu, að allt landgrunnið tilheyri íslenzku yfirráðasvæði, enda hafa allar útfærslur fiskveiðimarka síðan, þ. e. 1950, 1952 og 1958, verið ákveðnar samkv. þeim lögum og með skírskotun til þeirra. Samþykkt Alþ. frá 5. maí 1959 ber og þeirri réttarskoðun ótvírætt vitni, að landgrunnið umhverfis Ísland tilheyri íslenzku yfirráðasvæði. Í þessari samþykkt er því lýst, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Áðurnefnd lög nr. 44 frá 1948 eru enn í fullu gildi. Á þeim verður útfærslan væntanlega enn byggð, og auðvitað verður engum rétti glatað, þó að fiskveiðilögsagan verði eigi nú fremur en áður teygð til endimarka landgrunnsins.

Fyrirhuguð útfærsla fiskveiðimarkanna verður því byggð á landgrunnsstefnunni, þeirri stefnu, að landgrunnið allt umhverfis Ísland tilheyri Íslandi. Það er hér ágreiningslaust. Á því er byggt í íslenzkum lögum. Sú skoðun er staðfest af Alþ., eins og áður er sagt. Ég álít, að þar um sé ný lagasetning óþörf, þó að auðvitað megi segja, að staðfesting með nýjum lögum geti ekki skaðað. En verndarmörk fiskimiðanna, fiskveiðimörkin, verða að þessu sinni bundin við 50 sjómílur, svo sem segir í þessari þáltill.

Það skal skýrt tekið fram, að fyrirhuguð útfærsla varðar aðeins fiskveiðimörkin. Hún haggar því ekki á neinn hátt við siglingafrelsi. Það er alger misskilningur, þegar verið er að láta liggja að því og þegar reynt er að gera hina fyrirhuguðu útfærslu tortryggilega af þeim sökum. Hin almenna landhelgi við Ísland verður eftir sem áður óbreytt, 4 sjómílur.

Annað atriði þessarar þáltill. er það, að landhelgissamningunum við Breta og V.-Þjóðverja frá 1961 skuli sagt upp. Sú ákvörðun er byggð á þeirri skoðun, að þessir samningar hafi þegar þjónað sínum aðaltilgangi, þar sem nefndar þjóðir hafa til fulls notið þess umþóttunartíma, sem þeim var áskilinn og aðalatriðið var í þeim samningum. Í annan stað teljum við sex mánaða tilkynningarskylduna og úrskurðarvald Alþjóðadómstólsins um alla ókomna tíð óeðlilegt haft, sem einsýnt sé, að Íslendingar þurfi að leysast undan. Við teljum ágreiningsmál af þessu tagi illa fallin til úrskurðar Alþjóðadómstólsins. Hér er fremur um pólitískt en lög-

fræðilegt mál að ræða. Dómstóllinn hefur ekki við ákveðnar reglur að styðjast og mundi því nánast fara með hlutverk eins konar gerðardóms í þessu falli. Dómstólnum væri og vissulega vandi á höndum, þegar verið er að vinna að undirbúningi alþjóðasamþykktar um hafréttarreglur. Mestu ræður þó, að hér er um þess konar lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar að tefla, tilverurétt hennar, má segja, að hún getur ekki sætt sig við að fela öðrum, hvorki öðrum ríkjum né alþjóðastofnunum, ákvörðunarvald um það. Þess vegna viljum við segja þessum samningum upp.

Í þessum landhelgissamningum við Breta og V.-Þjóðverja eru að vísu engin uppsagnarákvæði. Samt getum við ekki fallizt á, að þeir séu einhverjir eilífðarsamningar. Við teljum, að þeim hljóti að vera hægt að segja upp með hæfilegum fyrirvara. Við bendum í því sambandi á, að þessir samningar voru gerðir við ákaflega erfiðar og óvenjulegar kringumstæður. Enn fremur bendum við á, að aðstæður allar eru gerbreyttar frá því, að þeir voru gerðir, bæði að því er varðar fiskveiðar og fiskveiðitækni og réttarskoðun í landhelgismálum. Er vægast sagt ólíklegt, að þeir hefðu verið gerðir, ef mönnum hefði þá verið ljóst, hver framvindan mundi verða. Þessi rök þarf ekki að þylja hér Íslendinga vegna. Allir stjórnmálaflokkar hafa lýst þeirri skoðun sinni, að þessir samningar séu uppsegjanlegir þrátt fyrir vöntun sérstaks uppsagnarákvæðis. Gagnaðilar okkar munu hins vegar vera á annarri skoðun eða láta a. m. k. svo, sem út af fyrir sig er skiljanlegt. Verður þó í lengstu lög að vona, að þeir haldi þeim skilningi ekki til streitu, þegar málið hefur verið skoðað ofan í kjölinn.

Á hinn bóginn þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, að fyrirhuguð útfærsla okkar á fiskveiðimörkunum mætir andstöðu af hálfu ýmissa ríkja, jafnvel af hálfu þjóðar, sem ætti þó af ýmsum ástæðum að hafa ríkan skilning á okkar högum. Auðvitað þurfum við ekki að kippa okkur upp við það, þó að útfærslu sé mótmælt. Bretar hafa t. d. mótmælt og gripið til gagnaðgerða, þegar við höfum fært út fiskveiðitakmörk okkar, bæði 1952 og 1958. Í bæði skiptin hafa þeir talið, að við værum að brjóta alþjóðalög. Í bæði skiptin hafa þeir þó orðið að hverfa frá mótmælum sínum. Sú saga er alkunn og mönnum í fersku minni og verður hér eigi rakin frekar að sinni.

Þegar spurt er um það, hvað sé hæfilegur uppsagnarfrestur á þessum samningum, sýnist eðlilegt að miða við þann tímafrest, sem settur er tilkynningarskyldunni í samningunum, þ. e. sex mánaða frest. Því skal að sjálfsögðu ekki neitað, að Bretar hafa hér nokkurra hagsmuna að gæta. Þeir hafa lengi veitt á Íslandsmiðum, stundum í skjóli ofríkis. Þeir veiða hér meira en aðrar erlendar þjóðir. Þó eru þeirra hagsmunir í sambandi við þessar veiðar litlir, þegar á heildina er litið og í samanburði við hagsmuni Íslendinga. Afkoma einstakra brezkra útgerðarborga kann þó enn að einhverju verulegu leyti að vera tengd fiskveiðum á Íslandsmiðum. En hvað ætli það yrði lengi, ef ekkert væri að gert og ofveiði og rányrkja væri stunduð á fiskimiðum landgrunnsins og þau uppurin? Hvaða gagn hefðu þeir af gereyddum fiskimiðum? Eigi að síður er sjálfsagt að skoða stöðu og sjónarmið þessara útgerðarstaða og athuga, hver tök eru á að draga úr þeirri röskun og aðstöðumissi, sem þeir kunna að verða fyrir vegna útfærslu fiskveiðimarkanna. Er því sjálfsagt að ræða þessi mál við Breta og V.-Þjóðverja, sem hér eiga einnig nokkurn hlut að máli. Hafa slíkar viðræður þegar verið hafnar. Verður að vona, að þar takist að finna skynsamlega lausn á þeim hagsmunaágreiningi, sem hér er um að ræða. Við viljum vissulega mikið á okkur leggja til þess að halda áfram sem allra beztum samskiptum við Breta og V.-Þjóðverja, sem frá fornu fari eru meðal okkar beztu viðskiptaþjóða.

Hins vegar er rétt að taka það fram, að fyrirhuguð útfærsla af okkar hálfu getur með engu móti komið þessum þjóðum á óvart. Ákvæðið í landhelgissamningunum um sex mánaða tilkynningarskyldu, ef til útfærslu kemur, sýnir það einmitt, að gert er ráð fyrir því, að til útfærslu geti komið. Enn fremur er því þar berum orðum yfir lýst, að ríkisstjórn Íslands muni halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Þessar þjóðir hafa því vissulega mátt reikna með því, að til útfærslu kæmi af Íslendinga hálfu og það fyrr en seinna.

Það væri rangt að gera lítið úr þeim mótbyr, sem við megum vænta úr ýmsum áttum í landhelgismálinu, og þá ekki hvað sízt frá gömlum forréttindaþjóðum. Við skulum ekki gera okkur neinar gyllivonir um fyrirhafnarlausan sigur. Við skulum þvert á móti gera ráð fyrir langri og strangri baráttu. En um úrslitin verður ekki efazt, ef við sjálfir stöndum nægilega fast saman og villumst eigi af vegi. Og eitt er alveg víst, að því meiri einhugur sem hjá okkur sjálfum ríkir um málið, því auðunnari verður sigurinn.

Ég held, að þjóðin sé nær undantekningarlaust einhuga í þessu máli. Þann einhug þarf með öllu móti að efla. Ég vona, að stjórnarandstöðuflokkarnir fylki sér í þessu máli við hlið stjórnarflokkanna og ríkisstj. Ég held, að af þeirra hálfu hafi ekkert það verið sagt, sem gerir þeim það erfitt. Það væri mikill óvinafagnaður, ef menn færu að stofna til ágreinings út af aukaatriðum, sem vitaskuld geta verið álitamál og ég ætla alveg að svo stöddu að sneiða hjá að ræða. En það vil ég segja, að þeir, sem nú fara að hengja sig í aukaatriði í sambandi við þetta mál og stofna með þeim hætti til ágreinings, ganga erinda úrtölumanna.

Það er hér með öllu ástæðulaust að fara að eltast við eða rifja það upp, sem borið kann að hafa á góma í kappsfullri kosningabaráttu. Það er í því fólginn ómetanlegur styrkur, að við sýnum það út á við, að við stöndum allir saman. Á það er lögð áherzla í þessari þáltill. með skipun sérstakrar þingmannanefndar til að vinna að málinu ásamt stjórninni. Og vilja sinn til samstöðu hefur ríkisstj. sýnt með stofnun landhelgisnefndarinnar. Þar hafa stjórnarandstæðingar getað komið sjónarmiðum sínum á framfæri, og hafa þeir sjálfir sagt, að þar hafi verið tekið tillit til þeirra ábendinga. Ég fullyrði, að þar hefur ekki í neinu verið farið á bak við þá.

Þó að við kunnum að eiga erfiða baráttu fyrir höndum, þá er okkur það mikill styrkur að vita, að við stöndum ekki einir, við eigum bandamenn. Það eru margar aðrar þjóðir en Íslendingar, sem stefna að stækkun landhelgi eða hafa fært landhelgi sína út, jafnvel enn meira en við ráðgerum. Við þurfum að leita eftir samstöðu við þessar þjóðir. Það hefur verið gert, og að því mun verða unnið, m. a. í undirbúningsnefnd

hinnar fyrirhuguðu hafréttarráðstefnu, svo og á öðrum vettvangi. Fyrir því er sérstaklega gert ráð í þessari þáltill. Þar segir svo: „Þá felur Alþ. ríkisstj. að hafa á alþjóðlegum vettvangi sem nánast samstarf við þær þjóðir, sem lengst vilja ganga og miða vilja mörk fiskveiðilandhelgi við landfræðilegar, jarðfræðilegar, líffræðilegar og félags- og efnahagslegar aðstæður og þarfir íbúa viðkomandi strandríkis." Okkur ber að vinna með þessum þjóðum að þeirri þróun þjóðaréttar, sem styður okkar málstað. Og fram að þessu hefur þróunin í þjóðarétti verið okkur hagstæð, að því er til landhelgismála tekur. En að sjálfsögðu er það svo á því sviði eins og á svo mörgum öðrum, að þjóðarétturinn er fyrst og fremst skapaður af hinum eldri og voldugri þjóðum. Það er ósköp skiljanlegt út frá hreinu hagsmunasjónarmiði, að þær þjóðir kjósi tiltölulega þrönga landhelgi og sem mest svigrúm til fiskveiða fjarri heimaströndum. Þær hafa aðstöðuna til að notfæra sér slíkt svigrúm eða frelsi, ef menn vilja kalla það svo. Frá sjónarmiði fátækra þjóða og nýrri ríkja horfir málið öðruvísi við. Þær berjast yfirleitt fyrir stærri landhelgi. Með þeim þjóðum eigum við Íslendingar samleið í þessu efni.

Ein er sú spurning, sem oftlega er lögð fyrir okkur í sambandi við þetta mál: Hvers vegna bíðið þið ekki eftir hinni fyrirhuguðu hafréttarráðstefnu 1973 og sjáið til, hvað þar gerist? Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlileg spurning. Og vel má vera, að sumum ókunnugum gangi illa að skilja, að við skulum ekki geta beðið. En við verðum að svara því til, að málið er að okkar dómi svo aðkallandi, að það þolir ekki slíka bið. Við teljum suma fiskstofna í yfirvofandi hættu. Það eru alveg síðustu forvöð að gera vissar verndar- eða friðunarráðstafanir og setja reglur um skynsamlega hagnýtingu fiskimiða landgrunnsins. Það er á okkar valdi að setja slíkar reglur upp á eindæmi, er fiskveiðimörkin hafa verið færð út. En það er of seint að grípa í taumana, þegar fiskstofnarnir hafa verið eyðilagðir og miðin eru uppurin. Við getum ekki tekið slíka áhættu, enda er með öllu óvíst, að ráðstefnan verði haldin 1973. Margir telja líklegt, að henni verði frestað. Enn fremur minnum við á, að það hefur áður verið sagt við okkur að bíða. Það var gert fyrir ráðstefnuna 1958. Við biðum, en á ráðstefnunni 1958 náðist engin lausn. Þá urðum við að grípa til okkar ráða og færa út þrátt fyrir mótmæli ýmissa þjóða. Þá er og á það að líta, að það er yfirlýst stefna tiltekinna stórvelda að fá 12 sjómílna landhelgi samþykkta á ráðstefnunni sem alþjóðalög. Þótt ekki séu miklar líkur til, að slíkt takist, er ekki leyfilegt að loka augunum fyrir þeim möguleika. Ef svo færi, væri erfitt um vik á eftir. Hins vegar er hugsanlegt, að jafnvel í því falli yrðu ríki ekki skyldug til að stíga til baka þau skref, sem þau hefðu þegar stigið, og gætu því e. t. v. haldið þeirri landhelgi, sem þau hefðu þegar ákveðið, enda þótt viðáttumeiri væri.

Þetta eru meginástæðurnar fyrir því, að við getum ekki haldið að okkur höndum og beðið, enda er reynslan sú, að í þessu efni hefur aldrei neitt áunnizt nema með ákveðnum aðgerðum af Íslendinga hálfu. Það lætur út af fyrir sig ekki illa í eyrum, að útfærslu fiskveiðimarka eigi að byggja á alþjóðasamningi og ekki verði viðurkennd útfærsla, nema hún byggist á alþjóðlegum samningi. En ég spyr: Hvaða útfærsla og hvenær hefur átt sér stað þannig? Ég þekki ekki til þess. Hafa stórveldin stuðzt við slíkan alþjóðasamning, þegar þau hafa fært út hjá sér? Nei, ég held ekki. Nei, í þessum efnum hafa Íslendingar ætíð þurft að berjast fyrir rétti sínum. Þeir hafa engum áfanga náð öðruvísi. Þeir verða enn að tala það mál, að viðmælendur okkar skilji, að okkur er alvara. Þar dugir engin tæpitunga. Hún hefur aldrei dugað í sjálfstæðismálum Íslendinga, en hér er í rauninni um sjálfstæðismál að ræða. Við getum ekki sætt okkur við það, að okkur sé ætlað að fara eftir einhverjum ímynduðum réttarreglum, sem önnur ríki hafa ekki farið eftir, þegar þau hafa fært út hjá sér eða helgað sér landgrunnsbotn eða auðlindir þar.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um nauðsyn 100 sjómílna mengunarlögsögu, enda má segja, að hún hafi að nokkru leyti nú þegar verið lögtekin með lögum nr. 77 frá 1966, sbr. sérstaklega Viðauka A, 2. gr. í þeim samningi, sem lögfestur er með þeim lögum um bannsvæði að því er til olíumengunar tekur, en þar segir: „Íslenzka svæðið skal ná yfir 100 mílna vegalengd þaðan, sem stytzt er til lands meðfram strönd Íslands." Þá er og þess að geta, að á 12 ríkja ráðstefnu, sem haldin var í Osló í s. l. mánuði og Ísland tók þátt í, var gerð samþykkt um eftirlit með mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum. Þar er lagt bann við losun allra úrgangsefna innan 150 mílna frá landi. Þegar sú samþykkt hefur tekið gildi, má e. t. v. segja, að þessu stefnumarki stjórnarinnar, þ. e. að því er til mengunarlögsögunnar tekur, sé fullnægt. Um þetta atriði þáltill. ræði ég því ekki frekar hér.

Landhelgismálið er stærsta mál þjóðarinnar um þessar mundir. Þess vegna setur ríkisstj. það ofar öllum öðrum málum. Það verður vafalaust erfitt mál á marga lund. Sjálfsagt getum við búizt við ýmsum stundaróþægindum í sambandi við það. Ég vil þó ekki að óreyndu ætla neinni þjóð það, að hún fari að reyna að beygja okkur með beitingu efnahagslegra þvingunaraðgerða. Slíkar aðgerðir, ef til kæmu, mundu valda öllum vonbrigðum og gætu aldrei gert nema ógagn. Við Íslendingar munum standa fast á rétti okkar. Við munum sækja mál okkar með einbeitni og festu, en þó einnig með nægilegri gætni. Við vonum, að með þeim hætti fáist farsæl lausn á þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Við vonum, að aðrar þjóðir skilji, þegar málavextir hafa nægilega verið kynntir þeim, að hér er um sjálfan tilverugrundvöll og sjálfstæðisskilyrði lítillar þjóðar að ræða.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fylgja þessari þáltill. úr hlaði með fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að till. verði vísað til utanrmn. að umr. þessari lokinni.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég mun hafa látið orð um það falla fyrir kosningar í sumar, að ég gerði ekki ráð fyrir, að miklar deilur yrðu um landhelgismálið að kosningum loknum, hvernig sem þær færu. Ég hef áður hér í þinginu átalið stjórnarflokkana fyrir að hafa fallið fyrir þeirri freistingu að vilja hagnýta sér þetta stóra lífshagsmunamál þjóðarinnar sem pólitískt kosningamál í kosningunum í vor. Ég endurtek ekkert

af því, sem ég sagði um það, að ég hafi talið það þeim lítið til sóma, og ég geri það enn. Ég held, að í svona máli vaxi enginn af því að frýja hinum hugar og ganga til kosninga með þann áróður uppi í erminni, að aðrir séu eitthvað minni Íslendingar og deigari í baráttu fyrir lífshagsmunamálum þjóðarinnar en þeir sjálfir, eins og gert var, þegar fulltrúar stjórnarflokkanna nú leyfðu sér að halda því fram, oft og tíðum á mjög vafasaman hátt og ekki viturlega, að fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. væru ekki heilir í þessu máli og ekkert mundi verða gert í landhelgismálinu, ef þeir héldu áfram sinni ríkisstj. eða væru áfram við völd. Ég vil í framhaldi af þessu segja, að mjög mikið af því, sem hæstv. forsrh. hélt fram í sinni ræðu, er umdeilulaust af minni hálfu, en hins vegar eru þó viss atriði, sem ekki verður komizt hjá að festa sjónir við og benda á, en ég ætla að vona, að ekkert af því, sem ég segi um þetta mál, geti leitt til þess að veikja á nokkurn hátt okkar samstöðu og styrk sem þjóðar í landhelgismálinu. Ég hef bæði fyrir kosningar og eftir reynt að haga mínum orðum, sem ég hef talað á opinberum vettvangi, út frá því sjónarmiði.

Hæstv. forsrh. sagði, að margt hefði verið gert til að kynna landhelgismálið, og það er gott, og að undirbúa útvíkkun landhelginnar, þó að engin alþingissamþykkt væri fyrir hendi. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. forsrh., að engin alþingissamþykkt sé fyrir hendi. Það er alþingissamþykkt fyrir hendi frá s. l. Alþ. um réttindi Íslendinga í hafinu umhverfis landið, og samkvæmt þeirri samþykkt var kosin hér á síðasta þingi fimm manna nefnd til þess að undirbúa frv. og leggja fyrir Alþ., og í þessu frv. áttu að vera þessi þrjú meginatriði, með leyfi hæstv. forseta:

1. Skilgreining á landgrunni Íslands miðað við sem næst 400 m dýptarlínu, jafndýptarlínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki.

2. Ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu eins og rétturinn til hafsbotnsins hefur þegar verið tryggður með lögum frá 24. marz 1969 um yfirráðarétt Íslands yfir landgrunninu umhverfis landið.

3. Ákvæði um ráðstafanir, er séu nægjanlega víðtækar til þess að tryggja eftirlit af Íslands hálfu og varnir gegn því, að hafið umhverfis Ísland geti orðið fyrir skaðlegum mengunaráhrifum úrgangsefna frá skipum eða af öðrum ástæðum.

Þá voru einnig ákvæði í þessari þáltill. um verndarsvæði á uppeldisstöðvum fisks og hrygningarsvæði.

Þetta frv. lægi fyrir Alþ. nú, ef fyrrverandi stjórnarflokkar hefðu áfram farið með völd í þinginu. Nefndin átti að undirbúa þetta frv. með þessum grundvallaratriðum, að helga okkur allt landgrunnið, og leggja það fyrir þingið. Ég hef óskað eftir því, að þessi nefnd héldi fundi og semdi frv., eins og var fyrir hana lagt. Hæstv. sjútvrh. hefur nú verið fjarverandi upp á síðkastið, og annir hafa verið miklar, eftir að þingið hefur komið saman, en ég legg mikla áherzlu á það, að þessi nefnd skili þessu verki, sem henni var falið, og ég álít, að það sé ekki flókið verk eða margbrotið að semja frv. til laga um landhelgi Íslands. Við höfum að vísu ákveðið landhelgina með reglugerð fram að þessu, en við höfum grunnlínurnar og grunnlínupunktana, og reglugerðin miðar við það, að frá þessum og þessum grunnlínupunktum skuli vera 12 mílur. Ef menn sættast á 50 mílur, eru það 50 mílur eða 400 m jafndýptarlínur, ef menn sættast á það, frá þessum grunnlínupunktum. Og það, sem mestu máli skiptir í frv. til laga um landhelgi Íslands, er að lýsa því yfir afdráttarlaust, að á öllu landgrunni Íslands sé fiskveiðilandhelgi Íslendinga eftir þeim ákvæðum, sem tiltekin eru í þessum lögum, og öðrum lögum og reglugerðum, sem settar kunna að verða.

Ég geri ekki lítið úr landgrunnslögunum frá 1948. Það er alveg réttilegt hjá hæstv. forsrh., að með þeim hófst einmitt sóknin í landhelgismálinu, og það var árangur af því, að ákveðið var að hefja sókn í landhelgismálinu í tíð Ólafs Thors, í tíð nýsköpunarstjórnarinnar, og gerðar ráðstafanir til þess að undirbúa löggjöf og áróður af okkar hálfu á erlendum vettvangi. Landgrunnslögin frá 1948, sem Jóhann Þ. Jósefsson sem sjútvrh. hafði forgöngu um, að sett voru, voru árangur af þeirri sókn, sem þarna var hafin. Það var líka árangur af þessari sókn, að landhelgissamningnum við Breta, sem Danir gerðu við þá fyrir okkar hönd 1901 um þriggja mílna landhelgi, var sagt upp 1949. Við Íslendingar gátum sagt honum upp með tveggja ára fyrirvara frá 1. des. 1918, þegar við vorum fullvalda, en það hafði nú vafizt fyrir mönnum, og það var ekki fyrr en þessi sókn, sem sjálfstæðismenn höfðu forgöngu um öðrum fremur, var hafin, að til þessara aðgerða kom og landhelgissamningnum var sagt upp og landgrunnslögin sett. Það er m. a. af þessum ástæðum æði hart að þurfa að liggja undir ásökunum fyrir einhverjar úrtölur í tengslum við landhelgismál okkar.

Nú tókum við sjálfstæðismenn og einnig Alþfl. heilum huga tilboði núv. hæstv. ríkisstj. um samvinnu í svo kallaðri landhelgisnefnd um landhelgismálið, skömmu eftir að ríkisstj. tók við völdum. Og það er rétt, sem hæstv. forsrh. vék að, að við höfum talið, að tillit hafi verið tekið til okkar um viss atriði einmitt í þessari nefnd, en hitt segi ég um leið, að það eru vankantar á því, hvernig samráð og samstarf hefur verið haft við stjórnarandstöðuna að mínum dómi eða a. m. k. Sjálfstfl. og ég geri ráð fyrir, að svipuð viðbrögð séu hjá Alþfl.-mönnum að þessu leyti. Ég tel það t. d. hafa verið mjög misráðið að tilkynna okkur þremur dögum fyrir þing, að ætlun stjórnarinnar væri að flytja orði til orðs óbreytta ályktunina frá síðasta Alþ., en gera ekki tilraun til þess innan landhelgisnefndarinnar að ná samstöðu um eina og sömu till. í landhelgismálinu, því að það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er ekki vitað, að ágreiningur sé um meginatriði í þessu máli. Það eru viss formsatriði og minni háttar atriði, sem menn greindi á um og menn höfðu skiptar skoðanir á fyrir kosningar, og það eru nokkur atriði enn, en það er einmitt mikil ástæða til þess að reyna að ryðja þessum ágreiningi okkar sjálfra úr vegi, og það er mín einlæg ósk og von, að svo verði gert, áður en Alþ. endanlega afgreiðir þetta mál.

Þessi till. til þál., sem nú er borin fram og endurflutt á Alþ., er ekki raunverulega nema þrjú atriði. Það er að gera stjórnum Bretlands og V.-Þýzkalands grein fyrir því, að vegna lífshagsmuna þjóðarinnar og vegna breyttra aðstæðna geti samningarnir við þá frá 1961 ekki talizt bindandi fyrir Ísland og þeim verði sagt upp.

Stjórnarflokkarnir hafa tekið þessa ákvörðun og segja þessum samningum upp. Það er ekkert í þessum samningum lengur, sem hægt er að segja upp, annað en það, að Bretar og Þjóðverjar eru skuldbundnir, eins og við, ef við deilum, að leggja ágreining um útfærslu fyrir alþjóðadómstól. Auðvitað geta menn haft skiptar skoðanir um það, hvort ástæða sé til þess, og einnig hvort réttmætt sé að segja samningunum upp. Það er auðvitað rétt, að þó að ekkert uppsagnarákvæði sé í samningunum, eru þeir uppsegjanlegir samkvæmt almennum reglum um þjóðarétt, ef verulegar breytingar eða brostnar forsendur eru fyrir hendi, alveg á sama hátt og var sýnt fram á hér í þinginu á sínum tíma, að það eru engin ákvæði um það, hvernig við eigum að komast úr Sameinuðu þjóðunum, sem við höfum tekið þátt í. En við getum auðvitað farið úr þeim, ef við höfum sómasamlegar ástæður fram að flytja, brostnar forsendur eða verulega breyttar kringumstæður fyrir veru okkar þar. En þær verðum við að hafa, og vissulega eru mjög veigamiklar og mjög mikilvægar forsendur eða kringumstæður breyttar frá því, að þessir samningar voru gerðir, og ég er ekki í neinum efa um það, að frá því sjónarmiði séð höfum við almennan rétt til uppsagnar á þessum samningum. Það er svo annað mál, hvort rétt er að segja upp þessu ákvæði, sem leggur skuldbindingar á herðar Breta og V.-Þjóðverja og ekki okkur. Ég skal ekki tjá mig um það að svo komnu máli. En ég bara bendi á það, að við höfðum skýringu á sínum tíma, 1961, að ef við tilkynntum Bretum og Þjóðverjum um útfærslu, sem eins og hæstv. forsrh. benti á, var gert ráð fyrir í samningunum, yrðu þeir að hlíta þeirri útfærslu og mættu ekki beita okkur ofbeldi, eins og þeir höfðu gert, þangað til, ef til þess kæmi, að alþjóðadómstóllinn dæmdi í málinu á milli okkar þannig, að við hefðum haft rangt fyrir okkur, en á meðan yrðu þeir að sæta þessari útfærslu. Mér er ekki kunnugt um, að Bretar og Þjóðverjar hafi undir meðferð málsins 1961 nokkru sinni gert neina aths. við þetta, og ég veit ekki heldur til þess á síðara stigi málsins.

Þá er okkar túlkun á þessu atriði, sem er mjög veigamikið. Menn, sem hafa þá skoðun á rétti okkar eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., og þar dreg ég ekkert úr, þeir kynnu náttúrlega að vilja hugsa sig um tvisvar, áður en þeir slepptu öðru stórveldinu við skuldbindingar um að ganga undir dóm í deilum, sem kynnu að skapast á milli okkar. Sjálfur er ég alveg sannfærður um, að það er hvert orð satt af því, sem við sögðum fyrir kosningar, þeir, sem héldu því fram, að „tíminn vinnur sterklega fyrir okkur". Það er að þróast mjög ört alþjóðaréttur inn til hags fyrir okkur, sem bendir í æ ríkara mæli til þess, að staða okkar Íslendinga væri fullkomlega nægjanlega sterk fyrir alþjóðadómi, til þess að við þyrftum ekkert að óttast hann. Hins vegar standa málin hjá okkur þannig núna, að það standa yfir viðræður milli Íslendinga, Breta og Vestur-Þjóðverja, og þær viðræður hljóta að hafa þann tilgang, að þess sé freistað að finna leiðir til þess að losna við ágreining. Meðan niðurstöður þeirra viðræðna liggja ekki fyrir, er ástæðulaust að taka ákvarðanir um eða afstöðu til þessa atriðis, sem er þó einn af veigameiri þáttunum í þáltill., og munum við leggja áherzlu á það, sjálfstæðismenn, að okkur sé gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra viðræðna, áður en ákvörðun eða afstaða sé tekin í máli eins og þessu. Þessar viðræður eru nýhafnar. Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar sérstakar um þær, ekki í landhelgisnefnd og ekki í utanrmn. enn þá, og það getur verið full ástæða til þess hjá hæstv. ríkisstj. Ég get ekki dæmt um það. Þessar viðræður eru á byrjunarstigi, og þykir kannske ekki tímabært enn að gefa stjórnarandstöðunni upplýsingar um það, hvert líklegt sé, að þær stefni, og kannske ekki heldur ljóst, en við höfum heyrt það í almennum fréttum, að viðræður við Breta muni halda áfram í des. eða e. t. v. í jan.

Annað atriði tillagna hæstv. ríkisstj. er að miða landhelgina við 50 mílur. Það eru önnur fyrirmæli en þau, sem Alþ. hafði gefið nefndinni, sem ég talaði um áðan, á s. l. þingi. Þar var fyrst og fremst miðað við minnst 50 mílur, en e. t. v. meira, ef við miðuðum við 400 m jafndýpislínu.

Það voru ein ummæli, sem féllu í ræðu hæstv. forsrh., sem ég tel, að þurfi frekari útskýringar við hér í þinginu, þar sem hæstv. ráðh. komst að orði eitthvað á þá leið, að þeir, sem væru að hengja sig í aukaatriði, gengju erinda úrtölumanna. Mér er ekki kunnugt um, að neinir séu að hengja sig í aukaatriði hér í málinu, og þess vegna skal ég ekki nánar fara út í þetta, en það krefst auðvitað frekari skýringar, hvað hæstv. forsrh. á við með þessu.

Þriðja atriðið í þessari ályktun er svo um 100 mílna mengunarlögsögu. Það er veikt ákvæði. Það var hafin í tíð fyrrv. ríkisstj. samvinna við erlendar þjóðir um að forða frá mengun hafsins með sameiginlegum ráðstöfunum, og hæstv. forsrh. vísaði til 12 ríkja ráðstefnu, sem nýlega var haldin í Osló, sem bar mjög góðan árangur og mun bera þann árangur, að í raun og veru verður Atlantshafinu lokað frá suðurodda Grænlands og suður undir Gíbraltar algerlega og norður og austur fyrir Noreg og settar ákveðnar reglur af þessum þjóðum, sem allar taka sameiginlega ábyrgð á og hvert ríki fyrir sig, að þeim reglum verði framfylgt. Þar voru svo vissar samþykktir einnig um 150 mílna svæði út frá ströndum, sem ekki mætti henda í tilteknum efnum, ákveðnum og tilteknum efnum, sem talin eru hættuleg, og ákvörðun um 100 mílna mengunarlögsögu undir þessum kringumstæðum hjá okkur finnst mér of veik og býður aðeins upp á, að sagt sé sem svo: Ja, þeir eru bara að hugsa um þessar 100 mílur, og því ekki þá að henda einhverju frá sér rétt fyrir utan 100 mílurnar? En við vonum, að það komi ekki til þess og þær alþjóðasamþykktir, sem eru á ferðinni í sambandi við þessa 12 landa ráðstefnu og ráðagerðir, leiði til þess, að svo verði ekki. En þá er auðvitað miklu skynsamlegra að framfylgja því, sem er í alþingissamþykktinni í dag, að gera nægjanlegar ráðstafanir, eins og unnið hefur verið að og með góðum árangri, til þess að tryggja eftirlitið af Íslands hálfu og varnir gegn mengun sjávarins. Ég er alveg viss um það, að ef leitað hefði verið eftir, áður en þingið kom saman, samstöðu um breytingu á orðalagi á atriðum sem þessum, þá átti það að vera alveg vandalaust. Hæstv. forsrh. óskar eftir því, að við fylkjum okkur, stjórnarandstæðingar, við hlið stjórnarflokkanna og ríkisstj. Ég ætla að gera hæstv. forsrh. sams konar tilboð. Þeir eru velkomnir við hlið okkar, þar sem greinir á í þessum málum í landhelgismálinu. Og það er nú bitamunur en ekki bagga á stjórn og stjórnarandstöðu nú sem endranær.

Við skulum fylkja liði allir saman og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu í málinu, sem farsælast mun reynast fyrir alla aðila.

Auðvitað fer þessi till. hæstv. ríkisstj. til utanrmn., og þar munum við fyrir okkar leyti, eftir því sem við getum, reyna að ná samstöðu um viss atriði og breytingar, sem við teldum, að væru mjög æskilegar og ríkisstj. og stjórnarliðinu væri innan handar að fallast á. En það er einmitt af því, að svona var staðið að þessu máli, að við höfum, sjálfstæðismenn, talið okkur knúna til þess að flytja sérstaka till. núna á yfirstandandi þingi, sem er áréttun á fyrri till. okkar, en þó í öðru formi og nokkuð öðru efni, á þskj. 56. Ég skal nú ekki víkja neitt að efni hennar. Það verður sérstaklega rætt hér. En ég vil þó vekja athygli á því, að þar erum við að sýna lit í því að nálgast sjónarmið stjórnarflokkanna og breyta þar til frá fyrri ályktun, sem er í gildi enn og markaði afstöðu okkar fyrir kosningarnar, þar sem ákvæði er um það í þessari ályktun, að í næstu þrjú ár sé almenn yfirlýsing um það, að erlendum fiskiskipum sé heimilt að stunda veiðar upp að 50 mílna mörkunum frá grunnlínum, nema þar sem sérstök friðunarsvæði kynnu að verða ákveðin innan þeirra marka. En þetta er þó tilraun af okkar hálfu til þess að nálgast það, að ef mönnum þykir æskilegra að hverfa ekki úr þessu frá 50 mílunum, þá getum við þó allir verið á þeim tiltekið tímabil. Sumum er þetta, ég verð að segja það, sumum er þetta nokkurt vafamál, þessi tilslökun í okkar hópi, sem þarna er gerð, en engu að síður höfum við sameiginlega fallizt á hana, ef það gæti orðið til einhverrar liðkunar í málinu miðað við það, hvernig að því hefur verið staðið.

Það hefur ekki þótt ástæða til þess að leita mikils samráðs eða samstöðu með okkur í sendinefndum og kynningarstarfsemi úti um heim fyrir utan það, að sagt hefur verið rækilega frá því og gert mikið af því að dreifa kynningarbæklingi, sem fyrir lá í stjórnarráðinu, þegar fráfarandi ríkisstj. var þar og núv. ríkisstj. tók við, dreifa honum út um allan heim. Það var ekki hugsað um það í öndverðu, þegar ástæða þótti til að senda stjórnarliðið á Genfar-ráðstefnuna í vor, að það kynni a. m. k. ekki að spilla fyrir málum, að fulltrúar úr stjórnarandstöðunni væru þar með. Okkur var sagt í landhelgisnefndinni, að embættismannanefnd ætti að hafa með höndum viðræðurnar við Breta og Þjóðverja. Og þegar síðan er sagt frá því, eru tveir þm. stjórnarliðsins þar, Þórarinn Þórarinsson og Jónas Árnason. Það getur vel verið, að það sé til styrktar nefndinni, og ég efast ekkert um það. En vel gat verið, að það hefði sýnt okkar einhug og styrkleika meira, hefði verið talað um það við stjórnarandstöðuna að hafa sína menn eða fulltrúa frá henni til að vera þarna með í ráðum. Ég veit ekki, hvort SF hefur verið boðið að senda þangað fulltrúa, en það er enginn frá þeim heldur í þessari viðræðunefnd. Þetta er auðvitað ekki stórmál, og ef það er þetta, sem hæstv. forsrh. á við, þegar hann er að tala um aukaatriði, þá get ég vel sætt mig við það. Við skulum þá segja, að það sé aukaatriði og láta gott heita, það kemur betur í ljós, hvað nánar er átt við með þessu. En auðvitað er mikið atriði, hvernig unnið er að svona máli, ef menn virkilega vilja standa saman, og það er mér lítt skiljanlegt, mér finnst það eiginlega lýsa skorti á vilja til að ná samstöðu að leggja inn í þingið alveg frá orði til orðs óbreytta till. frá í vor án þess að ræða um það, hvort við getum fellt saman þau sjónarmið, sem viss ágreiningur var um. En það er rétt, sem vikið var að af hæstv. forsrh., að við höfum viðurkennt líka, þegar tekið hefur verið tillit til okkar, fulltrúa stjórnarandstöðunnar í landhelgisnefndinni, og það má segja, að það hafi verið gert á tvennan hátt sérstaklega. Við ályktuðum um það í þingflokki sjálfstæðismanna og sendum hæstv. forsrh. 13. ágúst bréf þess efnis, að þar sem landhelgissamningarnir við Breta og Vestur-Þjóðverja árið 1961 voru gerðir samkv. heimild Alþingis, teldi fundurinn rétt, að sá þingræðislegi háttur yrði viðhafður, að lagðar yrðu fyrir Alþ. till. til breytinga eða uppsagnar á samningum þessum. Á þetta var fallizt, og þess vegna er málið nú fyrir Alþ., en ekki hrapað að því að segja þessum samningum upp fyrir 1. sept., en eins og kunnugt er, var það ofarlega í hug hæstv. ríkisstj., og ég tel, að það hafi verið vel farið, og við metum það. Og það hefur þó leitt til þess, að viðræður fara fram milli Íslendinga, Breta og Þjóðverja, sem ég tel mikils virði, enda þótt við náum ekki árangri í þeim viðræðum. Við höfum þó sýnt okkar vilja til þess að ræða við þessar þjóðir og fulltrúa þeirra, enda hafði hæstv. utanrrh. stungið upp á því, að viðræður héldu áfram, þegar hann var í ágústmánuði í Bretlandi og Þýzkalandi. Það var þess vegna einnig af þessum ástæðum óviðurkvæmilegt að okkar dómi að efna ekki fyrst til þessara viðræðna og fá niðurstöður þeirra, áður en ákvarðanir væru teknar.

Eins var það, að Sjálfstfl. ræddi um það á þingfundi hjá sér, að ástæða væri til þess fyrir okkur að hafa frumkvæði að tillöguflutningi á næsta þingi hafréttarráðstefnunnar, undirbúningsfundi undir hafréttarráðstefnu 1973, en þann fund mun eiga að halda í marzmánuði. Þessi hugmynd kom fram vegna þess, að bæði Bandaríkjamenn og Bretar höfðu, sem kunnugt er, lagt fram till. á undirbúningsfundunum, sem voru ræddar í alheimsfréttum, og gert grein fyrir viðhorfum sínum, og ég vil segja það, að í till. Bandaríkjamanna kemur fram mikil stefnubreyting hjá þeim frá því, sem áður var, mjög mikil, þó að hún væri ekki nægjanleg til þess, að við gætum sætt okkur við hana. En ég skal ekki tefja tímann með að fara út í það nú. Og þá var spurningin: Hví leggjum við ekki fram okkar eigin till. á undirbúningsfundinum næsta — og söfnum liði með þeim þjóðum, sem vilja styðja okkur, — um sérstakan rétt strandríkisins og rétt okkar til landgrunnsins? Á þetta sjónarmið var fallizt í landhelgisnefndinni, og við metum það, og samkv. því geri ég ráð fyrir, að í undirbúningi sé hjá hæstv. ríkisstj. tillögugerð hér að lútandi. Ég veit að vísu ekki, hvernig henni miðar og hvort eitthvað er komið á pappírinn þar, en ég geri ráð fyrir, að við fáum að fylgjast með því, þegar það mál liggur fyrir.

Þegar við ræddum landhelgismálið á síðasta þingi og ríkisstjórnarflokkarnir lögðu fram sínar till., þá var gerð grein fyrir því í grg., að margs konar undirbúningur hefði átt sér stað af hálfu fyrrv. ríkisstj. miðað við það, að nú var nýr áfangi fram undan í landhelgismálunum á alþjóðavettvangi, hafréttarráðstefna ákveðin, undirbúningsfundir ákveðnir og Sameinuðu þjóðirnar búnar að taka sínar ákvarðanir. Um þetta höfum við rætt undanfarin ár og við Íslendingar lagt áherzlu á það, að fiskveiðilögsagan kæmi einmitt til kasta þessarar hafréttarráðstefnu, ef hún yrði kölluð saman. Landhelgisgæzlan hafði þess vegna fengið sérstök

fyrirmæli um það að gera talningar á tilteknum tímum um fiskiskip á miðunum. Rannsóknaráð ríkisins hafði skilað merkri álitsgerð um rannsóknir á landgrunninu og till. í þeim efnum, og embættismenn og sérfræðingar ríkisstj. höfðu látið frá sér fara álitsgerð um fiskstofnana og áganginn á fiskstofnana. Og allt var þetta miðað við þær aðgerðir, sem við þyrftum að gera og halda áfram að vinna að hjá okkur til þess að styrkja aðstöðu okkar í þeirri baráttu, sem fram undan væri. Nú væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það, — það þarf ekki endilega að vera í þessum umr., en a. m. k. undir meðferð málsins í utanrmn., — hvernig hafi orðið t. d. framvinda þeirra mála, sem byrjað var að vinna að, að rannsaka landgrunnið sérstaklega. En eins og kom fram í grg. þáltill. frá því í vor, þá hafði ríkisstj. sett á laggirnar nefnd fimm ráðuneytisstjóra undir umsjón forsrh. til þess að skipuleggja áætlun og samræmd vinnubrögð helztu stofnana og rn., sem fjalla um málið. Og það hafði greinilega komið í ljós, að mikil þörf var á því. Það voru líka till. um samræmda yfirstjórn rannsókna og mælinga á landgrunninu í álitsgerð Rannsóknaráðs ríkisins, og það var veitt á fjárlögum heimild til þess að kaupa ýmis tæki, sem m. a. var talið, að þyrfti til þessara rannsókna. Hvernig hefur framvinda þessara mála verið, og hefur verið komið á samræmdri yfirstjórn vegna mælinga og rannsókna á landgrunninu, sem okkur er mjög þýðingarmikil? Ég vonast til þess, að við fáum þetta upplýst undir meðferð þessa máls.

Svo langar mig til að varpa fram spurningu. Það getur vel verið, að hæstv. forsrh. eða aðrir ráðh. kjósi fremur að tjá sig um það í utanrmn. eða landhelgisnefnd en á opnum vettvangi, og þeir geta auðvitað valið á milli þess. En hvernig meta þeir stöðuna á alþjóðavettvangi í dag? Ég held, að hvert einasta orð, sem við sögðum fyrir kosningar, um það, hversu vænlega horfði með vaxandi skilning á réttarstöðu Íslendinga yfir landgrunninu öllu, hafi verið rétt, hvert einasta orð. Ég hef með höndum upplýsingar um það, að mjög miklar líkur séu á því, að meiri hluti þjóða verði með málstað okkar á hafréttarráðstefnunni. Ég hef ekki fengið þær frá hæstv. ríkisstj. En hún veit þetta kannske af þeim viðræðum, sem hún hefur átt og hennar fulltrúar í undirbúningsnefndunum að hafréttarráðstefnunni og t. d. í viðræðum við Afríkuríkin, sem sagt var frá í fréttum í gær, sem öll vildu styðja okkur eða öll vildu styðja þann málstað varðandi fiskveiðilandhelgi, sem er umfram það, sem við erum að óska eftir. Og þá virðist stefna að því, að við hefðum getað og getum þá að sjálfsögðu enn ekki síður nú en áður, náð þeim árangri, sem við viljum, í landhelgismálinu án nokkurra deilna við aðrar þjóðir, og það er auðvitað langsamlega æskilegast fyrir okkur Íslendinga. Það er ekki aðeins spurning um það fyrir okkur Íslendinga að veiða þorsk eða aðra fiskstofna á landgrunninu. Við þurfum líka að selja þennan fisk, og við þurfum að hafa samskipti við aðrar þjóðir. Við erum ekki einir í heiminum. Og það er okkur auðvitað keppikefli, að samskipti okkar við aðrar þjóðir séu bæði sem vinsamlegust og þannig vaxin, að báðir aðilar hafi gagn af þeim, en þau torveldist ekki vegna einhverra árekstra, sem hægt væri að koma í veg fyrir. Hæstv. forsrh. vék líka að því, eins og rétt er, að við hefðum um langan aldur haft mjög vinsamleg samskipti bæði við Breta og Þjóðverja, þó að stundum hafi sletzt upp á vinskapinn. En það er mjög fróðlegt og nauðsynlegt, að við gerum okkur einmitt grein fyrir því núna, hvernig líklegt er, að staðan verði, og ég hygg, að fyrir liggi töluvert ákveðnar vísbendingar um það, og þær mundu sennilega verða enn þá meiri eftir undirbúningsfundinn næsta undir hafréttarráðstefnuna, sem áætlað er, að verði haldinn í marzmánuði.

Nú er ég ekki að segja þetta til þess, að við eigum að bíða með ákvarðanir um útfærslu eftir þessu, en ég minni á það, að við vildum ekki tiltaka útfærsludag, Sjálfstfl. og Alþfl., á síðasta þingi, þegar núv. stjórnarflokkar vildu ákveða 1. sept. 1972. Við litum svo á, að 1. sept. væri í sjálfu sér ekki neinn helgur dómur og það væri margt, sem gæti komið til álita, áður en við ættum að slá því föstu, þeim degi. M. a. voru tvö tilvik, sem við nefndum. Ef ágengni verður mikil á fiskimið okkar frá því á vori 1971, þá getur vel verið, að okkur þyki ástæða til útfærslu fyrr en 1. sept. 1972. Enn fremur geta þær upplýsingar, sem við fáum um stöðu þjóðanna og væntanlega niðurstöðu þá á hugsanlegri hafréttarráðstefnu, leitt til þess, að við viljum fallast á 1. sept. 1972 og um það þurfi ekki að verða neinn ágreiningur. M. ö. o., við metum kringumstæðurnar þannig, að það sé ástæða til þess að færa út fyrir hafréttarráðstefnuna. Þetta sögðum við fyrir kosningarnar. Í þeirri till., sem sjálfstæðismenn flytja nú í landhelgismálinu, er ekki neinn ákveðinn dagur tiltekinn, en hins vegar er sagt, að Alþ. það, sem nú situr, skuli ákveða daginn. Og það situr náttúrlega ekki fram til 1. sept. 1972, ef að líkum lætur, svo að í því felst auðvitað, að ákvörðunin um útfærsludag verði tekin, hver sem hann verður, á því þingi, sem nú situr. Þarna er ekki mikill ágreiningur okkar á milli, þó að mismunandi skoðanir hafi verið uppi um það, hvernig rétt væri að tefla taflið hér að lútandi.

Það er eitt atriði, sem ég held, að gæti misskilnings í hjá hæstv. forsrh. Hann segir, að stórveldin sum, sennilega átti hann öðrum fremur við Bandaríkin og Sovétríkin, stefndu að því að fá 12 mílna fiskveiðilögsögu samþykkta sem lög, það væri þeirra stefna. Ég held, að þetta hafi verið þeirra hugsun fyrir meira en ári. En ég held, að það komi greinilega í ljós í uppkasti að till., sem Bandaríkin fluttu á undirbúningsfundinum í ár, að þeir eru fallnir frá þessu og þeir leggja megináherzluna á 12 mílna almenna lögsögu, að hún væri ekki stærri, svo að hún hindraði ekki siglingar um höfin o. s. frv. En þeir eru einmitt komnir þegar sjálfir með tillögugerð um vissan rétt strandríkisins, eylands eða strandríkis, til fiskveiðilögsögu langt út fyrir 12 mílurnar á hrygningarsvæðunum og á uppeldissvæðum fisksins. Að vísu kemur þessi viðbót hjá þeim, að einhver alþjóðastofnun eigi að hafa einhverja stjórn á þessu, og það er það, sem við getum ekki sætt okkur við. En þetta er auðvitað mikið frávik frá fyrri afstöðu þeirra í þessu máli. Ég held þess vegna, að þessi stórveldi, sennilega bæði, eftir því sem t. d. hæstv. sjútvrh. tjáði okkur um viðhorf Sovétríkjanna í fréttum, hafi fallið frá þessari hugmynd, sem þau höfðu fyrir 1—2 árum, og vilji nú reyna að taka höndum saman um að fá 12 mílurnar samþykktar sem fiskveiðilögsögu. Við stöndum þess vegna styrkum fótum, Íslendingar, í þessu máli.

Það er enginn efi á því, og ég vil ljúka máli mínu með

því að taka það fram, að það skyldi enginn maður, útlendur eða innlendur, vera í neinum efa um það, að við Íslendingar ætlum að færa út landhelgina og við teljum okkur eiga rétt á öllu landgrunninu. Þetta vildi ég sagt hafa, svo að enginn leggi í neitt af því, sem ég hef sagt, einhvern annan skilning að því leyti til. Og þarna stöndum við alveg saman, og þetta er þungamiðja málsins. En það er ekki rétt, að það sé ástæðulaust að lýsa þessu yfir nú einmitt í lögunum um landhelgi Íslands, vegna þess að sams konar yfirlýsing sé í landgrunnslögunum frá 1948. Við skulum leggja eins mikið og við í fyllsta máta megum upp úr landgrunnslögunum frá 1948, og ég dreg ekki úr því, hversu mikilvæg þau eru. En það er að mínum dómi mjög þýðingarmikið atriði, að því sé lýst yfir einmitt á þessu þingi, að við Íslendingar tileinkum okkur allt landgrunnið sem fiskveiðilögsögu, hvað svo sem við kunnum að gera í einhverri tilslökun, 50—70 mílur eða hver nú endanleg niðurstaða verður.

Hún hefst á þessu, þáltill. þingmanna Sjálfstfl.: „Fiskveiðilögsaga Íslands nær yfir allt landgrunnið umhverfis landið". Um það ætti ekki að verða ágreiningur. Það er mikilvægt, að það komi inn í ályktanir Alþ. annaðhvort þál. eða þá þau lög, sem við kunnum að koma okkur saman um að setja um landhelgina, áður en störfum þessa þings lýkur.

Ég skal nú ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri. Ég sagði í öndverðu, að ég hefði búizt við því, að við mundum deila minna eftir kosningar en fyrir um landhelgismálið, og ég má þá ekki heldur gera of mikið úr því og stofna til deilna um málið. Þær ábendingar, sem ég hef verið með, hygg ég vera þannig, að þær geti á engan hátt skaðað málið. Um það, sem við segjum hér á opinberum vettvangi í þinginu, verðum við á hverjum tíma að hafa í huga, að það berst auðvitað til eyrna heimsins, og á ekkert að vera með þeim hætti, sem geti leitt til þess að villa mönnum sýn. Þjóðverjum, Bretum eða hverjum sem er, um það, að í meginatriðum stöndum við Íslendingar saman í þessu máli, að landgrunnið allt eigi að vera fiskveiðilögsaga Íslendinga.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í landgrunnslögunum frá 1948 segir skýrum orðum, að íslenzk stjórnarvöld skuli með reglugerð ákvarða fiskverndarsvæði við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti. Með lögum þessum mörkuðu Íslendingar grundvallarstefnu sína í fiskveiðilandhelgismálum. Allt landgrunnshafið, sem þá var miðað við 200 m dýptarlínu, átti að falla undir íslenzka lögsögu varðandi fiskveiðar, eftir því sem nánar yrði ákveðið með reglum af hálfu sjútvrn. Samkv. þessum lögum hafa öll stærri spor verið stigin í fiskveiðiréttarmálum okkar síðan þau voru sett. Þannig var um útfærslu grunnlína fyrir Norðurlandi árið 1950 og um ákvörðun grunnlína allt í kringum landið og útfærslu úr 3 mílum í 4 árið 1952 og útfærsluna 1958 úr 4 mílum í 12 mílur allt í kringum landið.

Um þá stefnu, að Íslendingum bæri að keppa að því marki að ná sem fyrst óskoruðum fiskveiðilandhelgisrétti á landgrunnshafinu, hefur verið fullkomin samstaða með öllum stjórnmálaflokkum í landinu og með þjóðinni allri. Deilur hafa hins vegar oft verið um það, hversu stór skref ætti að stiga að þessu marki hverju sinni og hvenær tímabært væri að ráðast í stækkun. Á s. l. vetri var útfærsla fiskveiðimarkanna enn komin á dagskrá og þá með þeim hætti, að ljóst var, að til beinna aðgerða hlyti að draga innan skamms. Eins og kunnugt er, þróaðist málið á þann veg, að tvær till. komu fram á Alþ. um landhelgismálið, og var fjallað um þær hér á hv. Alþ. í aprílmánuði s. l. Önnur till. var flutt af þáv. ríkisstj., en hin var flutt af fulltrúum þeirra þriggja flokka, sem voru í stjórnarandstöðu. Rétt er við þetta tækifæri að víkja með nokkrum orðum að báðum þessum till. og gera sér um leið grein fyrir, um hvað sá ágreiningur var, sem olli því, að till. urðu tvær. Í till. þeirri, sem ríkisstj. Jóhanns Hafstein flutti, var lagt til, eins og hér hefur verið nokkuð rakið í þessum umr. áður, að Alþ. kysi fimm manna nefnd, sem semja skyldi frv. um landhelgismálið og leggja það fyrir næsta Alþ. Frv. átti að fela í sér í fyrsta lagi skilgreiningu á landgrunni Íslands við sem næst 400 m jafndýpislínu. Í öðru lagi ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu. Og í þriðja lagi ákvæði um ráðstafanir til að tryggja varnir gegn skaðlegum mengunaráhrifum á hafinu kringum landið. Þá var einnig í till. gert ráð fyrir að fela ríkisstj. að undirbúa friðunarráðstafanir gegn öllum veiðum á helztu uppeldisstöðvum ungfisks.

Eins og glögglega kemur fram í þeim útdrætti, sem hér er tilgreindur úr till. fyrrv. ríkisstj., fjallar hún fyrst og fremst um tiltekinn undirbúning að aðgerðum. En hún felur ekki í sér beinar ákvarðanir um tiltekna stækkun fiskveiðilandhelginnar og ekki heldur um, hvenær stækkunin skuli eiga sér stað. Till. gerir ráð fyrir, að nefndin semji frv., sem lagt verði fyrir Alþ. og að sú nefnd skilgreini nánar landgrunnið við Ísland. Ljóst er því, að till. fyrrv. ríkisstj. var við það miðuð, að ekki skyldi á síðasta þingi tekin bein og bindandi ákvörðun um tiltekna stækkun fiskveiðilandhelginnar, heldur beðið með slíka ákvörðun.

Till. þeirra þriggja flokka, sem á síðasta þingi voru í minni hluta á Alþ., fól hins vegar í sér eftirfarandi fjögur meginatriði:

1. Að landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja frá 1961 skyldi formlega sagt upp, þar sem þeir gætu ekki talizt bindandi fyrir þjóðina.

2. Að fiskveiðilandhelgin skyldi stækkuð í 50 sjómílur frá grunnlínum eigi síðar en frá 1. sept. 1972.

3. Að lýsa yfir 100 mílna mengunarlögsögu við Ísland.

4. Að skipuð skyldi nefnd með fulltrúum allra flokka, sem ásamt ríkisstj. skyldi hafa með framkvæmdir málsins að gera.

Till. stjórnarandstöðuflokkanna þriggja var því skýr og ótvíræð og greindi sig frá till. ríkisstj. í því, að hún gerði ráð fyrir bindandi ákvörðunum í málinu þegar á síðasta þingi. Í umr. á Alþ. um landhelgismálið á s. l. vori sagði þáv. forsrh., Jóhann Hafstein, að enginn ágreiningur væri um meginkjarna málsins, þ. e. stækkun fiskveiðilandhelginnar, en að deilt væri um leiðir. Eins og kunnugt er, varð landhelgismálið eitt stærsta mál alþingiskosninganna, sem fram fóru á s. l. sumri. Úrslit þeirra urðu þau, að stjórnarandstöðuflokkarnir frá síðasta þingi unnu mikinn sigur í kosningunum og hlutu meiri hluta á Alþ. Stuðningsflokkar fyrrv. ríkisstj.

töpuðu hins vegar í kosningunum, og varla fer á milli mála, að afstaða þeirra í landhelgismálinu átti þar sinn stóra hluta að.

Núv. ríkisstj., sem mynduð var 14. júlí s. l., ákvað þegar í upphafi, að stefna hennar í landhelgismálinu yrði sú hin sama og mótuð var í till. stjórnarandstöðuflokkanna á síðasta þingi. Með myndun núv. ríkisstj. var því stefnan í landhelgismálinu ákveðin, og enginn vafi gat því lengur leikið á því, hvað Íslendingar ætluðu sér að gera í fiskveiðilandhelgismálum sínum. Sú till., sem hér liggur nú fyrir til umr., er efnislega hin sama og till. minnihlutaflokkanna frá síðasta þingi, sem þá fékkst ekki afgreidd. Ekki er þörf á að ræða till. í einstökum atriðum, það hefur þegar verið gert, bæði í þessum umr. og í umr. áður hér á Alþ. En strax og núv. ríkisstj. tók við völdum, hóf hún sókn í landhelgismálinu fyrir málstað Íslands. Hún tilkynnti öðrum þjóðum fyrirætlanir sínar, sendi ráðherra og ýmsa fulltrúa sína til margra landa, þar sem rök Íslands voru flutt og engin dul dregin á, hvað Íslendingar ætluðu sér að gera í málinu. Þannig var málið flutt í Bretlandi, Vestur-Þýzkalandi, Sovétríkjunum, á Norðurlöndum, á þingi Sameinuðu þjóðanna, á undirbúningsfundi hafréttarráðstefnunnar í Genf og fyrir fulltrúum fjölmargra annarra þjóða. Enginn vafi er á því, að hin ákveðna og skýra stefna ríkisstj. í landhelgismálinu hefur vakið mikla athygli og hefur orðið til þess að koma af stað mikilli hreyfingu varðandi fiskveiðiréttarmál hjá mörgum þjóðum og mörgum alþjóðlegum stofnunum, sem um þessi mál fjalla. Tilkynning ríkisstj. um ákveðinn útfærsludag fiskveiðimarkanna hefur orðið til þess, að alls staðar, þar sem fiskveiðilandhelgismál eru nú rædd, er rætt um Ísland sem augljóst dæmi um nauðsyn skjótra úrræða í fiskveiðiréttarmálum. Öllum er að verða ljóst, að við getum ekki beðið lengur en við höfum gert með það að tryggja þjóðinni þau undirstöðuverðmæti, sem búseta hennar í landinu hvílir á.

Nú ætti öllum að vera ljóst, að tillögur um, að Íslendingar biði með ákvarðanir í landhelgismálinu fram yfir væntanlega hafréttarráðstefnu, voru rangar. Allar líkur benda til, að hafréttarráðstefnan verði ekki haldin árið 1973, en muni dragast enn um eitt til tvö ár. Litlar líkur benda til, að nægilegur meiri hluti fáist á ráðstefnunni fyrir föstum ákvörðunum um stærð fiskveiðilandhelginnar. Það hélt ég, að hefði komið mjög skýrt fram hjá öllum þeim fulltrúum, sem rætt hafa horfur á komandi ráðstefnu, að þeir væru sammála um það, að litlar líkur væru til þess, að nægilegur meiri hluti, ⅔ atkvæða, næðist fyrir föstum ákvörðunum um þetta mikilvæga málefni. Reynslan hefur því þegar sýnt, að ákvörðunin um útfærslu eigi síðar en 1. sept. 1972 var hyggileg. Hún hefur veitt öðrum þjóðum nægan og sanngjarnan tíma til að aðlaga sig nýjum aðstæðum, en tryggir okkur þá stækkun fiskveiðilögsögunnar, sem við þurfum að fá nægilega tímanlega.

Eitt meginatriðið í þeim ágreiningi, sem til staðar var á síðasta þingi á milli stjórnmálaflokka um aðgerðir í landhelgismálinu, var afstaðan til landhelgissamninganna, sem fyrrv. ríkisstj. gerði við Breta og Vestur-Þjóðverja árið 1961. Á síðasta þingi vildu þáv. ríkisstj.-flokkar ekki fallast á að segja þeim samningum upp, en töldu þó, að Íslendingar hefðu til þess fullan lagalegan rétt. Þá vildum við, sem í stjórnarandstöðu vorum, lýsa því yfir, að samningarnir væru ekki bindandi fyrir Íslendinga og skyldi þeim því formlega sagt upp. Enn er hér um eitt grundvallaratriði landhelgismálsins að ræða. Þegar hefur komið í ljós, að hörðustu andstæðingar okkar í landhelgismálinu, Bretar og Vestur-Þjóðverjar, vilja halda fast í þessa samninga, telja sig eiga rétt á að vísa öllum ágreiningi um stækkun fiskveiðilandhelginnar við Ísland til úrskurðar Alþjóðadómstólsins í Haag. Eins og kunnugt er, eru engin alþjóðalög til um stærð fiskveiðilandhelgi. Gæti því Alþjóðadómstóllinn ekki dæmt eftir neinum slíkum lagaákvæðum, ef til kæmi. Dómstóllinn yrði í slíku tilfelli að starfa sem gerðardómur, og sjá allir, hversu fráleitt það er, að Ísland geti fallizt á, að erlendur gerðardómur úrskurði um slíkt lífshagsmunamál þjóðarinnar sem fiskveiðilandhelgin er.

Samningarnir við Breta og Vestur-Þjóðverja frá 1961 voru um lausn á illvígri deilu, eins og Jóhann Hafstein fyrrv. forsrh. komst að orði í umr. á Alþ. s. l. vor, þegar þetta mál var rætt. Samningarnir gátu aldrei bundið íslenzku þjóðina um alla framtíð. Nú þegar tíu ár eru liðin frá gerð samninganna og algerlega ný og breytt viðhorf hafa skapazt og samningarnir þegar náð þeim tilgangi, sem þeim hafði verið ætlaður, á að segja þeim formlega upp, svo að enginn vafi leiki á, að þeir geti ekki lengur verið í gildi.

Það er von mín, að samstaða geti nú tekizt um það hér á Alþ. að segja samningunum upp. Og þó að enn virðist vera hik í þessum efnum á nokkrum forustumönnum stjórnarandstöðunnar nú, trúi ég því ekki, að við nánari athugun fallist þeir ekki á okkar sjónarmið í þessum efnum og styðji þar með tvímælalausan meirihlutavilja íslenzku þjóðarinnar og ryðji þessari hindrun úr vegi okkar í landhelgismálinu með því að standa að því hér á Alþ., að þessum samningum verði sagt upp.

Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir um stefnu ríkisstj. í landhelgismálinu, er við það miðað, að fiskveiðimörkin verði færð út í 50 mílur frá grunnlínu. Svo er að sjá sem ýmsir af forustumönnum núv. stjórnarandstöðuflokka eigi erfitt með að fallast vafningalaust á þessi mörk. Þannig er af þeirra hálfu jöfnum höndum talað um lögsögu yfir öllu landgrunnshafinu út að 400 metra jafndýpislínu eða út að 50 mílna mörkum eða út að mögulegum hagnýtingarmörkum. Jafnframt er því svo haldið fram, að samkv. till. ríkisstj. sé verið að falla frá, að landgrunnið allt falli undir fiskveiðilögsögu okkar. Hér er af núv. stjórnarandstöðu ruglað saman óskyldum málum og auk þess farið rangt með staðreyndir. Landgrunnið við Ísland er ekki nákvæmlega skilgreint eða afmarkað, fremur en við önnur lönd. Mjög breytilegar skoðanir eru um það, við hvaða dýptarmörk eðlilegast sé að miða landgrunn. Flestar þjóðir viðurkenna 200 m dýptarmörkin sem ytri mörk landgrunns. Aðrar halda fram 300 m, sumar 400 m og enn aðrar 600 m. Eitt aðalverkefni væntanlegrar hafréttarráðstefnu er einmitt að setja alþjóðareglur um þetta atriði. Það er því fráleitt að leggja til á þessu stigi málsins, að við ákveðum ytri mörk landgrunns okkar, enda þrýstir ekkert á okkur með skyndiráðstafanir í þessum efnum. Till. 10 þm. Sjálfstfl., sem nýlega hefur verið flutt hér á Alþ., um að fiskveiðilögsaga okkar skuli ná út í ytri mörk landgrunnsins, sem fyrst um sinn skuli miða við 400 m dýptarlínu, en jafnframt skuli heimila erlendum

skipum að veiða upp að 50 mílna mörkunum, er að mínum dómi ótímabær og óheppileg tillaga. Samkv. henni er gefið í skyn, að við teljum ytri mörk landgrunns okkar miðast við 400 m dýptarlínu, sem ég tel vera mjög hæpið að gera á þessu stigi málsins.

Þá er með þessari till. lagt til, að fiskveiðilandhelgin fylgi á ýmsum stöðum við landið hinni mjög svo breytilegu 400 m dýptarlínu, en gæzla á slíkri landhelgislínu er augljóslega óframkvæmanleg. Samkv. þessari till. er líka gert ráð fyrir, að fiskveiðilandhelgin við landið verði mjög breytileg að stærð, og brýtur það algjörlega þá meginreglu, sem Íslendingar og flestar aðrar þjóðir hafa bundið sig við í sambandi við ákvörðun landhelgismarka.

Till. ríkisstj. um 50 mílna fiskveiðilandhelgi miðast við það, að svo að segja allt það landgrunnssvæði, sem markast af 200 m dýptarlínunni, og einnig svo að segja allt landgrunnið, sem markast af 400 m línunni, verði innan lögsögusvæðisins. Að sjálfsögðu fer 50 mílna línan alllangt út fyrir þessi mörk á ýmsum stöðum við landið, því að landhelgin er með þessu ákveðin jafnbreið allt í kringum landið. Með útfærslu fiskveiðimarkanna í 50 mílur er stigið stórt skref í landhelgismálinu, en réttur okkar til frekari útfærslu er ekki í neinu skertur. Takist samkomulag um ákvörðun landgrunnsmarka, sem ná lengra út, höfum við opinn rétt til frekari útfærslu síðar. Till., sem fram hafa komið um sérstakar friðunarráðstafanir innan eða utan núverandi fiskveiðimarka, fjalla ekki um fiskveiðilandhelgismálið sjálft. Ég tel því ekki rétt að blanda slíkum till. saman við það stóra mál, sem snertir lögsögu okkar og einkaréttaraðstöðu til fiskveiða á okkar landhelgissvæði.

Auðvitað erum við Íslendingar að framkvæma stórfellda fiskfriðun með því að færa fiskveiðilandhelgina út í 50 mílur. Við ætlum okkur að vísa út af því veiðisvæði mörg hundruð erlendum fiskiskipum, fiskiskipum, sem undanfarin ár hafa veitt um helming þess fiskafla, sem veiddur hefur verið á miðunum við Ísland. Þegar við höfum fengið í okkar hendur formlega lögsögu yfir þessu mikla hafsvæði, getum við sett nýjar veiðireglur og ákveðið ný friðunarsvæði. Fyrr getum við það ekki, svo að nokkurt verulegt gagn sé að.

Miklar umr. hafa farið fram hér á Alþ. og einnig utan þess, í blöðum og útvarpi og á mannfundum, um nauðsyn okkar Íslendinga á stækkun landhelginnar við landið. Ég mun því ekki ræða hér ítarlega um rök okkar í þeim efnum, en eitt mikilvægt atriði vil ég þó minna á. Við nefnum oft þá staðreynd, að um 85—90% af andvirði alls útflutnings okkar fáist fyrir útfluttar sjávarafurðir. Fyrir fimm árum var um helmingur útfluttra sjávarafurða síldarafurðir í einni eða annarri mynd. Nú hefur þessi síldarafurðahelmingur horfið svo að segja með öllu. Síldarstofnarnir eru ekki lengur til staðar á fiskimiðunum, og enginn ágreiningur er um það meðal fiskifræðinga margra landa, að síldarstofnarnir hafi verið stórlega ofveiddir. Síldarleysið hefur valdið okkur miklum efnahagserfiðleikum. Við höfum orðið að snúa skipaflota okkar að öðrum veiðum og þá fyrst og fremst að þorskveiðum. Mjög hagstæð markaðsskilyrði erlendis hafa komið okkur til hjálpar í þessum efnum.

Í dag undirbúum við enn af brýnni nauðsyn verulega aukna sókn okkar í þorsk-, ýsu-, karfa- og ufsastofnana við landið. Þessir fiskstofnar eru þó sennilega fullnýttir eða að því hámarki, sem hagkvæmt getur talizt. Þegar við Íslendingar hugsum til þess, sem gerzt hefur með síldarstofnana, og höfum jafnframt í huga, að sókn erlendra stórra fiskiskipa fer vaxandi á miðunum, óttumst við skiljanlega hættulega ofveiði á þýðingarmestu fiskstofnum okkar.

Öllum má vera ljóst, að við slíkar aðstæður getum við Íslendingar ekki beðið í óvissu eftir hugsanlegum fundahöldum erlendis eða hugsanlegu samkomulagi einhvern tíma á komandi árum. Við verðum óhjákvæmilega að taka í okkar hendur umsjá með fiskstofnunum við landið og tryggja þannig skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra. Við verðum að tryggja lífshagsmuni þjóðarinnar, undan því verður ekki vikizt, þó að við mætum mótmælum og þó að við verðum að glíma við erfiðleika af hálfu annarrar þjóðar vegna þessara ráðstafana okkar. Einhliða útfærsla er okkar eina leið. Alþjóðareglur hafa ekki fengizt fram til þessa um stærð landhelgi. Við verðum því að nota okkur sama rétt og aðrar þjóðir hafa tekið sér og ákveða einhliða stærð fiskveiðilandhelginnar við landið. Við höfum í rauninni þegar tekið okkar ákvörðun í málinu. Þjóðin staðfesti í almennum kosningum til Alþ. þá stefnu, sem mörkuð hefur verið. Fjöldi samþykkta hefur verið gerður í félögum og landssamtökum til stuðnings stefnu ríkisstj. í þessu máli. Stjórnmálaflokkarnir standa líka allir saman um meginatriði málsins. Ágreiningur um minni háttar framkvæmdaratriði ætti að hverfa, svo að hinir erlendu aðilar, sem gegn okkur standa, þurfi ekki að efast um samstöðu okkar og ákveðinn vilja til þess að fylgja málinu eftir. Við höfum lýst yfir vilja okkar til þess að ræða um það við þær þjóðir, sem hagsmuna eiga að gæta í þessum efnum, með hvaða hætti útfærslan yrði gerð. Grundvöllur samninga af okkar hálfu við aðrar þjóðir um nokkurn umþóttunartíma fyrir þær er, að þær viðurkenni óskoraðan rétt okkar til fiskimiðanna og lögsögu okkar á því svæði, sem um er rætt. Ég tel, að staða okkar í þessu mikla baráttumáli sé sterk. Við eigum marga stuðningsmenn einnig í þeim löndum, sem harðast standa gegn stefnu okkar í málinu. Við þekkjum afstöðu skozku heimafiskimannanna, sjómannanna í Norður-Noregi, sjómanna og útgerðarmanna í Nýja-Englandi í Bandaríkjunum og víðs vegar annars staðar. Við vitum, að þjóðir Afríku og Suður-Ameríku og margar þjóðir í Asíu hafa svipaða afstöðu til fiskveiðiréttarmála og við höfum. Við teljum ástæðu til að ætla, að flestar þjóðir, sem veiðar stunda hér við land, muni virða í framkvæmd útfærslu okkar. Ég á erfitt með að trúa því, að Bretar reyni hliðstæðan leik og þeir léku hér á miðum okkar árið 1958. Það er skoðun mín, að þeir hafi gert sér ljóst, að slíkan leik geta þeir aldrei unnið gegn samstilltri andstöðu Íslendinga. Við skulum muna vel reynslu okkar frá 1958, þá reynslu, að útlend skip geta ekki stundað hér árangursríkar fiskveiðar í banni okkar. Þó að þær geti í valdi herskipa haldið veiðiskipum á afmörkuðum svæðum innan landhelgismarkanna, nægir það ekki til að veiða með árangri, og slík lögbrot koma í veg fyrir, að hin erlendu skip geti leitað íslenzkra hafna til þess að sækja þangað viðgerðir eða koma þangað með veika menn. Reynslan hefur sýnt, að við slíkar aðstæður getur enginn stundað fiskveiðar á miðunum við Ísland. Sá, sem reynir slík lögbrot, er

dæmdur til að tapa. Í þessum efnum skulum við líka muna, að okkar sterkasta vopn er samstaða okkar allra. Það vopn mun reynast sterkara en öll herskip.

Ég sagði, að ég teldi, að staða okkar í málinu nú væri sterk. Það kemur m. a. að mínum dómi fram í því, að ýmsar þjóðir, sem verið hafa okkur andstæðar í þessu máli, og þar á meðal stórveldin, virðast nú nokkuð vera að breyta um afstöðu. Fréttir, sem borizt hafa frá Bandaríkjunum, benda til þess, að þau hugleiði nú allverulegar breytingar á afstöðu sinni til fiskveiðiréttindamála. Og afstaða Sovétríkjanna gagnvart Íslandi er líka hagstæðari en við höfðum áður talið. Það er þó enginn vafi á því, að þessi tvö stórveldi munu halda áfram að berjast fyrir því að fá 12 mílna regluna setta sem alþjóðalög, ef þau eiga þess kost. En það er með þau eins og aðra, að þau verða stundum að láta undan, þegar þau sjá það, að þau fá ekki allt sitt fram. Það er einarður málflutningur okkar Íslendinga og samstaða með þeim þjóðum, sem keppa að sama marki og við gerum, sem hefur haft áhrif í þessum efnum.

Að lokum vil ég svo draga saman í nokkrum setningum þau atriði málsins, sem ég tel, að hér skipti mestu máli:

1) Stækkun fiskveiðilandhelginnar við landið er okkar innanríkismál. Ákvörðun um stækkunina tökum við Íslendingar óbundnir af öðrum.

2) Rök okkar fyrir útfærslunni eru augljós. Ofveiðihættan hangir yfir okkur, og við verðum að treysta okkar efnahagslegu undirstöður.

3) Samningarnir um landhelgismálið frá 1961 þurfa endanlega að verða úr sögunni. Þeim á að segja formlega upp.

4) Sjálfsagt er að ræða um eðlilegan umþóttunartíma við þá, sem veitt hafa á miðum okkar, enda viðurkenni þeir óskoraðan lögsögurétt okkar yfir 50 mílna fiskveiðisvæði.

5) Ástæður okkar fyrir útfærslunni eru bæði friðunarlegs eðlis og efnahagslegs eðlis.

6) Nú erum við að stækka fiskveiðilandhelgi okkar, þ. e. að auka einkaréttarveiðisvæði okkar, en við erum ekki fyrst og fremst að skilgreina landgrunnið sem slíkt.

7) Allt hik, allur útúrboruháttur og allt þref um aukaatriði á að hverfa. Samstaða þarf að verða um aðalatriði málsins.

8) Stefna okkar vinnur á, og við hljótum stuðning fleiri og fleiri.

9) Á fiskimiðunum við Ísland getur enginn fiskað með árangri í fjandskap við íslenzku þjóðina.

10) Samstaða okkar allra um þetta lífshagsmunamál þjóðarinnar mun reynast sterkari en öll herskip, komi til átaka um framkvæmdir málsins.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Landhelgismálið hefur í núverandi mynd sinni verið til meðferðar hjá íslenzkum yfirvöldum síðustu 2—4 ár. Segja má, að almennar umr. um málið hafi hafizt að marki snemma á þessu ári og staðið fyrst og fremst fram til kosninga, en þó verið haldið áfram síðan.

Allt hefur sinn tíma, og í stórum málum er hægt að tala um tíma til að ræða þau, tíma til að taka ákvarðanir og tíma til framkvæmda.

Mér virðist, að höfuðtíminn til að ræða landhelgismálið og mismunandi skoðanir um hin ýmsu atriði þess hafi verið s. l. vetur og s. l. vor fram til kosninga. Tíminn til að ákveða stefnuna í málinu var í raun og veru í kosningunum sjálfum. Síðan hin nýja ríkisstj. var mynduð og hún boðaði stefnu sína í þessu máli, hefur mikið verið að landhelgismálinu unnið, en nú hina síðustu daga má segja, að málið sé komið á framkvæmdarstig. Ríkisstjórn Íslands hefur hafið viðræður um málið við tvö önnur ríki, Bretland og Vestur-Þýzkaland. Mikið hefur verið talað um brýna nauðsyn þess, að algjör þjóðarsamstaða verði um þetta mál, ef okkur á að takast að koma því heilu í höfn, stórslysa- og vandræðalaust. Ég er sammála þessu, og mér virðist, að nú, þegar kominn er tími framkvæmdanna í landhelgismálinu, sé einnig kominn sá tími, er við verðum að leggja til hliðar deilur um öll minni háttar atriði og alveg sérstaklega um öll þau atriði, sem segja má, að snerti framkvæmd málsins. Ég tel, að öll slík mál eigi heima í landhelgisnefnd, þar eigi stjórnmálaflokkarnir að hafa tækifæri til að ræða þau og hafa áhrif á gerðir ríkisstj., ef efni standa til.

Landhelgisnefnd starfaði að mörgu leyti mjög vel s. l. sumar og fram eftir hausti, en síðan þing kom saman hafa störf hennar legið niðri. Ég mun ekki gera nefndina frekar að umtalsefni, en vil aðeins lýsa yfir, að ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. láti störf þessarar nefndar ekki niður falla, heldur haldi uppteknum hætti, a. m. k. þangað til ný nefnd verður kosin af hálfu flokkanna til ráðuneytis í málinu, ef það verður niðurstaða Alþ., eins og allar líkur benda til.

Deilur þær, sem urðu fyrr á þessu ári um landhelgismálið, skiptust að verulegu leyti í tvennt. Annars vegar var deilt um fjöldamörg atriði, sem kalla má framkvæmdarmál, enda þótt ýmis þeirra séu þýðingarmikil. Þetta eru þau mál, sem þingflokkur Alþfl. telur, að nú verði að leggja til hliðar og ráða til lykta eftir beztu getu í landhelgisnefnd eða á einhverjum slíkum vettvangi. Það var einnig deilt um atriði, sem verður að kalla efnisatriði, og eitt slíkt er þess eðlis, að Alþfl. vill enn sannreyna, hvort meiri hl. Alþ., stjórnarflokkarnir, fást ekki til þess að breyta þeirri ákvörðun sinni, sem fram kemur í till. þeirra. Við höfum valið þann kost að flytja aðeins eina stutta brtt. við þáltill. ríkisstj., um þetta eina efnisatriði, sem er hin nýja landhelgislína, en láta að öðru leyti niður falla frekari umr. og deilur um önnur atriði málsins, sem fyrst og fremst snerta framkvæmd þess. Á þann hátt viljum við stuðla að því, að svo miklu leyti sem á okkar valdi er, að tekizt geti sú eining, sem allir eru sammála um, að þurfi að vera um málið út á við.

Till. sú, sem Alþfl. hefur lagt fram til breytingar á þáltill. ríkisstj., er á þá lund, eins og fram kemur á þskj. 72, að í stað þess, að hin nýja landhelgi miðist við 50 sjómílur, þá miðist hún við landgrunnið allt, þ. e. við 400 metra jafndýptarlínu, en þó hvergi minna en 50 sjómílur. Hér er ekki um nýja hugmynd að ræða né heldur hugmynd, sem við einir höfum flutt eða mælt með. Þessi hugmynd er grundvallaratriði í þeirri ályktun, sem Alþ. gerði um málið á s. l. vori og er enn þá í gildi. Þess vegna þarf þessi stefna ekki að koma neinum á óvart innan lands eða utan.

Þá vil ég geta þess, að í starfi við að kynna málstað Íslands í landhelgismálinu undanfarna mánuði hafa

fulltrúar landsins og ríkisstj. undantekningarlítið talað af mikilli varkárni um þetta atriði. Í ræðum utanrrh. og aðalfulltrúa Íslands á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, svo að ég nefni tvo aðila, og mætti einnig nefna texta þess útbreiðslubæklings, sem dreift hefur verið um margar heimsálfur, hefur landgrunnið verið nefnt hvað eftir annað og talað um 50—70 mílur. Ég tel, að þetta hafi verið hyggilegt af viðkomandi aðilum og að í þessu hafi komið fram sá möguleiki, að Íslendingar kynnu að velja landgrunnslínuna, en ekki 50 mílna línuna eina. Þegar talað er um, hvernig ákveða skuli fiskveiðimörk, getur komið til greina annaðhvort að miða við tiltekna fjarlægð frá grunnlínum eða miða við tiltekna dýpt. Þess eru einnig dæmi, að miðað sé við hvort tveggja og báðar þessar leiðir notaðar til að ákveða landhelgislínu.

Hér á landi hafa fiskifræðingar, haffræðingar og aðrir sérfræðingar fjallað um þetta mál alllengi og reynt að gera sér grein fyrir, hvaða leiðir mundu verða farsælastar fyrir okkur. Í sambandi við þetta vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkrar línur úr grein um þessi mál eftir Svend Aage Malmberg, og segir þar svo:

„Dr. Hermann Einarsson fiskifræðingur lagði á sínum tíma fram þá till., að landgrunn Íslands skyldi miða við dýpstu jafndýptarlínu, sem draga má hringinn í kringum landið, án þess að hún víki verulega frá útlínu þess. Við lauslega athugun komst dr. Hermann að þeirri niðurstöðu, að 400 m jafndýptarlínan lægi nærri þessum mörkum. Þannig gat hann ekki aðeins miðað till. sína við botnlögun, en einnig við hagnýtingarmöguleika frá fiskifræðilegu sjónarmiði."

Ég tel, að margt mæli með því, að við fylgjum þessari línu, en höfum hina nýju landhelgi þó hvergi minni en 50 mílur. Það er tiltölulega auðvelt að rökstyðja kröfur okkar um rétt til landgrunnsins. Hver maður, sem þekkir aðstæður eða lítur á kort af Atlantshafinu, sér, að landgrunnið er pallur, sem er óaðskiljanlegur hluti af Íslandi, og það er grundvallaratriði í þeirri baráttu á sviði þjóðaréttar, sem hæstv. forsrh. vék m. a. að, að fá viðurkennda þá meginkenningu, að auðæfi landgrunnsins séu hluti af auðæfum viðkomandi lands. Þegar stórveldi höfðu þörf fyrir landgrunnsbotninn og þann auð, sem í honum felst, tók ekki ýkja langan tíma að koma þessari kenningu til leiðar hvað hann snerti. Er óhætt að fullyrða, að það mun aldrei standast, að ein regla gildi um auðæfi í botninum, en einhver allt önnur regla um fiskinn, sem syndir yfir þeim sama botni. Röksemdir í þessu sambandi eru ákaflega sterkar, og ég hygg, að þetta sé ein ástæðan fyrir því, að þeir, sem hafa talað máli Íslands erlendis um landhelgismálið undanfarna mánuði, hafa gert sér svo tíðrætt um landgrunnið öllu frekar en að tala um 50 mílur eða aðra ákveðna línu, sem er miðuð við einhverja fjarlægð frá grunnlínu og hlýtur þar af leiðandi að vera tilbúin.

Það eru margar ástæður fyrir því, að við teljum mun hyggilegra fyrir Íslendinga að marka sér nú línu miðað við 400 m jafndýptarlínu, þó ekki minna en 50 mílur, heldur en 50 mílurnar einar. Ef útfærslan verður eingöngu miðuð við 50 mílur, verða veruleg svæði á landgrunnspallinum eftir utan þeirra marka. Mest eru þessi svæði út af Vesturlandi. Mér virðist fljótt á litið, að þau séu allmiklu stærri en allur Faxaflói og Breiðafjörður til samans. En nokkur svæði eru annars staðar, t. d. út af Húnaflóa. Ég óttast, að verði þessi svæði skilin eftir við núverandi útfærslu, muni þau kalla á erlendan flota veiðiskipa, sem muni safnast á þessi mið og þar muni mjög fljótlega myndast nýtt vandamál, sem geri annað óhugsandi fyrir Íslendinga en að boða nýja útfærslu yfir þessi svæði eftir aðeins 2—3 ár. Mér finnst því mjög óhyggilegt að ætla að skipta áföngum svo, að skilja nú eftir þessi svæði, sem eru lítill hluti af öllu landgrunninu, en þó mjög mikilsverður hluti og nógu stór til þess að kalla á stórfelldar veiðar.

Um það er talað, að við höfum fylgt landgrunnsstefnunni í áföngum, og ég tel rétt, að við gerum það áfram, enda þótt næsti áfangi yrði miðaður við 400 m jafndýptarlínu, en þó ekki minni en 50 mílur. Flokkarnir, sem aðild áttu að síðustu ríkisstj. og stóðu að þeirri samþykkt, sem enn er í gildi, lögðu áherzlu á þörfina fyrir endurskoðun á landgrunnslögunum. Ég er enn þeirrar skoðunar, að það sé óhjákvæmilegt að endurskoða þessi lög, m. a. vegna þess, að hugtakið „landgrunn" er á reiki víða um heim og það er mikilsvert, að við gerum okkur grein fyrir, hvernig við ætlum að líta á það í framkvæmd á næstu árum. Sérfróðir menn benda á, að það megi telja takmörk landgrunnsins, þar sem brún þess er, þar sem hlíðar landgrunnsins niður á dýpra haf hefjast. Þessi brún er yfirleitt nálægt 400 m mörkunum. Þeir benda líka á, að það sé alveg eins hugsanlegt að miða mörkin við landgrunnsfótinn, þar sem brekkunni lýkur, en hann mun víðast í kringum Ísland vera á rúmlega 1000 m dýpi. Ég geri ráð fyrir, að með hinum öru breytingum á tækni, sem nú eiga sér stað, þ. á m. veiðitækni, geti skapazt möguleikar til þess á allra næstu árum að hagnýta þetta svæði, landgrunnshlíðarnar, mun meira en enn hefur verið hægt. Ég tel því, að við ættum að gera breytingu á landgrunnslögunum á þann hátt, að við áskildum okkur rétt í sambandi við landgrunnshlíðarnar, allt niður í hlíðarfót, sem er, eins og ég sagði, víðast á rúmlega 1000 m dýpi.

Hæstv. sjútvrh. lét þess getið í ræðu sinni, að það væri einmitt verkefni væntanlegrar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að skilgreina landgrunnið. Jafnþýðingarmikið og það er fyrir okkur að fá þessa skilgreiningu, virðist hæstv. ráðh. telja, að það sé vel við unandi fyrir okkur að bíða eftir hinni óvissu alþjóðaráðstefnu hvað það snertir. Þarna finnst honum allt í bezta lagi að bíða eftir ráðstefnunni. Ég held, að öll þau sterku rök, sem hníga að því að bíða ekki, — sérstaklega þar sem vaxandi óvissa er um, að ráðstefnan verði haldin á þeim tíma, sem talað hefur verið um, — þau lúta líka að því, að við ættum að ákveða sjálfir með endurskoðun á landgrunnslögunum hugmyndir okkar um áframhaldið, sem ég hef verið að lýsa.

Herra forseti. Ég vil ítreka, að þingflokkur Alþfl. telur brýna nauðsyn á þjóðareiningu um þetta mál. Af þeim sökum höfum við valið þá stefnu í sambandi við afgreiðslu málsins hér á þinginu að leggja til hliðar allt það, sem deilt hefur verið um s. l. vor og fram til þessa tíma. Við ætlumst til, að þau framkvæmdaratriði verði rædd í landhelgisnefnd, og við vonumst til þess, að þar verði, eftir því sem efni standa til, sem víðtækast samkomulag um hvert skref. En okkur finnst óhjákvæmilegt að leggja fram það sjónarmið um landgrunnslínuna, sem við lögðum hvað mesta áherzlu á í umr. um þetta mál fyrir kosningarnar í vor og ég veit, að á víð-

tækum stuðningi að fagna. Þetta eina atriði höfum við flutt í þáltill., sem við gerum okkur vonir um, að hæstv. utanrmn. taki til alvarlegrar og vinsamlegrar athugunar. Það er sannfæring okkar, að það yrði mun farsælla fyrir þjóðina og fyrir framvindu þessa máls, ef útfærslan yrði nú miðuð við landgrunnið og þá 400 m jafndýptarlínu, en hvergi minna en 50 mílur, og ef haldið yrði áfram því starfi, svo sem síðasta Alþ. ályktaði, að vinna skyldi við endurskoðun landgrunnslaganna. Á það að skapa okkur aðstöðu til þess að vinna að frekari útfærslu síðar, svo að við gætum í framtíðinni hagnýtt landgrunnshallann eins vel og tæknin á hverjum tíma leyfir.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég tel óþarft að halda langa ræðu um efni þessarar þáltill. um landhelgismálið, því að öll meginefni hennar hafa verið ítarlega rædd af hæstv. forsrh. og einnig af hæstv. sjútvrh. Ég vil þó fara örfáum orðum um nokkur atriði. Ég vil í fyrsta lagi lýsa yfir ánægju minni yfir því, að af hendi hv. stjórnarandstöðu er haldið svo á þessu máli, að það er einsætt, að þar er vilja að mæta til þess, að ágreiningur um meiri háttar atriði rísi ekki um málið, og veit ég, að það er byggt á þeim rökum, að rísi deilur innanlands á Íslandi um einhver meiri háttar atriði landhelgismálsins, þá gæti íslenzku þjóðinni orðið að því óbætanlegt tjón. Það væri það hrapallegasta, sem gerzt gæti í landhelgismálinu, ef andstæðingar okkar á erlendum vettvangi gætu sagt: Íslendingar eru ekki einhuga um þetta mál, þeir eru í hárinu hver á öðrum út af því, rífast um það, og hvaða mark er þá takandi á þeirra afstöðu? Það, sem öllu máli skiptir fyrir okkur í hinni tvísýnu glímu við mikið ofurefli í þessu máli, er það, að öllum sé ljóst, að þessar kröfur, sem uppi eru hafðar í landhelgismálinu af hendi íslenzku ríkisstj. nú, mundu vera kröfur Íslendinga á hverjum tíma, af hvaða ríkisstj. sem væri á Íslandi.

Hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, vék að því, að hann harmaði enn, eins og hann hafði gert fyrir kosningar, að stjórnarflokkarnir núv., fyrrv. stjórnarandstöðuflokkar, hefðu fallið í þá freistni að gera landhelgismálið að kosningamáli. Ég álít, að þetta hljóti að vera á misskilningi byggt hjá hv. þm. Það var ekki hægt og var ekki verjandi fyrir þjóðinni, að leiða þetta höfuðmál allra mála, sem kosningarnar hlutu að meira eða minna leyti að snúast um og dómur þjóðarinnar í raun og veru að fjalla um á kjördegi, það var ekki hægt að leiða það hjá sér í kosningum. Um hvaða hégóma áttu menn þá að tala, stjórnarandstæðingar og stjórnarsinnar þáv., ef ekki um höfuðmál þjóðarinnar? Auðvitað varð að gera það upp, og kjósendur urðu að kveða upp sinn dóm um afstöðu þáv. stjórnar og stjórnarandstöðu í málinu. Það var það, sem gerðist, og það var alveg ástæðulaust að harma það.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, einnig, að hann harmaði, að nú væri flutt alveg óbreytt efnislega sú till., sem stjórnarandstaðan stóð að og lagði fyrir þingið fyrir kosningar. Ég er ekki sammála honum um þetta. Ég tel, að það sé algerlega rökrétt og alveg sjálfsagt einmitt gagnvart íslenzkum kjósendum að leggja fram alveg óbreytta að meginefni þá till. um lausn landhelgismálsins, sem fékk hljómgrunn, fékk jákvæðan dóm hjá kjósendum í kosningunum. Það er einmitt skylda Alþ. að leggja málið fyrir í þeim sama búningi sem kjósendur á Íslandi dæmdu um málið. Hins vegar tel ég algjörlega sjálfsagt, sem hv. þm. vék einnig að, að þegar málið er nú í þessum búningi, þessum sjálfsagða búningi komið fyrir Alþ., þá sé ræðzt við um sérhver smærri atriði þess í þeim tveimur nefndum, sem um það geta eðlilega komið til með að fjalla, þ. e. landhelgisnefnd, sem skipuð er fulltrúum allra flokka, og e. t. v. einnig í utanrmn. Þar getum við deilt um allt, sem máli skiptir og okkur finnst ástæða til að deila um. Það gerist innan fjögurra veggja á Íslandi, á innlendum vettvangi, og þau ágreiningsatriði, sem þar verða rædd, þurfa ekki að koma á opinberan vettvang, ekki einu sinni í þingsali, því að annaðhvort hafa menn lagt til hliðar þau ágreiningsmál eða fundið á þeim sameiginlega lausn, þannig að merkið sé borið hátt og hiklaust fram eitt á erlendum vettvangi og einnig í heyranda hljóði á Alþingi.

Menn hafa hér rætt um það, hvort samningurinn við Breta og Þjóðverja sé uppsegjanlegur eða ekki, og allir eru nú á þeirri skoðun, að svo sé, hann sé uppsegjanlegur. En fyrir kosningar var a. m. k. í mörgum kjördæmum landsins ágreiningur milli stjórnarsinna þáv. og stjórnarandstæðinga um það, hvort hann væri uppsegjanlegur eða ekki, og svo mikið er víst, að kjósendur töldu það ekki öruggt, ekki víst, að þáv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., væru fáanlegir til uppsagnar á þessum samningi. Það lá ekki ljóst fyrir kjósendum. Þetta var í raun og veru annað meginatriðið, sem menn og flokka greindi á um fyrir kosningar. Hitt var það, að stjórnarflokkarnir þáv. gerðu það ekki ljóst í sínum málflutningi, að þeir vildu setja ákveðin tímamörk fyrir ákveðnum, hiklausum aðgerðum í landhelgismálinu. Þeir fóru nokkuð undan í flæmingi með það, og að þessu leyti er það staðreynd, að eins og stjórnarflokkarnir þáv. lögðu málið fyrir, var afstaða þeirra óljósari og óákveðnari um þessi tvö atriði, og það líkaði kjósendum greinilega miður. Það var þess vegna, sem menn tóku nokkuð almennt afstöðu í kosningunum, einmitt með tilliti til landhelgismálsins.

Þáv. stjórnarandstæðingar gerðu það alveg ljóst, að þeir vildu hafa komið málinu fram fyrir ákveðin tímamörk og settu alveg fram skýrar kröfur um það, hvaða mörk þeir vildu setja í málinu. Það hefur verið gert alveg ljóst, hvers vegna við eigum mikið á hættu með að draga aðgerðir okkar fram yfir alþjóðlegu hafréttarráðstefnuna. Það gæti svo farið, að 12 mílna fiskveiðilögsaga yrði ofan á, stórveldin bæru sigur úr býtum með þá stefnu, þó að það sé að vísu rétt, að það virðist eins og þau séu farin að slaka til á fyrri afstöðu sinni nú. En þó hygg ég, að stórveldin gefi hana ekki upp fyrr en í fulla hnefana. Ég held því, að enn sem áður sé ekki á það hættandi fyrir Ísland að hafa ekki komið landhelgismálinu algerlega í höfn fyrir hafréttarráðstefnuna 1973. Ég held, að það hafi verið, eins og málið blasti við á s. l. vori, algjört óráð að eiga það á hættu. Það hygg ég, að hafi komið með í dóm kjósenda um þetta mál og að það sé enn óráð að bíða. Ég vil a. m. k. spyrja hv. 1. þm. Reykv. að því. Telur hann slíka breytingu hafa orðið á viðhorfum stórveldanna hvað þetta atriði snertir, að hann telji á það hættandi fyrir Ísland að bíða fram yfir hafréttarráðstefnuna 1973? (Gripið fram í.) Ekki um

það, nei. Mér fannst rökstuðningurinn hníga að því, að hv. þm. teldi jafnvel á það hættandi. Má vera, að ég hafi ekki skilið hann rétt, og þá bið ég afsökunar á því.

Það er okkur lífsnauðsyn að tryggja það að svo miklu leyti sem við getum, að lokaafgreiðsla málsins dragist ekki. Fiskstofnarnir ganga til þurrðar, gjöreyðast hver á fætur öðrum, og það er rétt, sem einn af stærri útgerðarmönnum landsins spurði um í Morgunblaðinu fyrir nokkru: Eigum við að bíða eftir því, að þorskstofninn eyðist líka? Það er einmitt á þessum forsendum, sem við getum fótað okkur með uppsögn þessa samnings, er ekki hefur nein uppsagnarákvæði. Það eru gjörbreyttar forsendur frá því, sem var, þegar samningurinn var gerður, og að lífsnauðsyn þjóðar liggur við, að við séum ekki bundnir af ákvæðum þess samnings. Það er augljóst mál og mun vonandi fást viðurkennt af flestum þjóðum, að ef ákvæði alþjóðlegs samnings standa í vegi fyrir lífshagsmunum þjóðar, þá verði slíkar skuldbindingar samninga milli ríkja að víkja, einkanlega þegar allar meginforsendur hafa breytzt, frá því að samningur var gerður. Við hljótum því á þessum tvennum röksemdum að tilkynna, að við teljum okkur lausa af brezk-þýzka samningnum, og held ég; að varla sé hægt að finna traustari grundvöll undir þá afstöðu en þá sjálfsögðu röksemd.

Það er rétt, að það kom fram á síðustu dögum fyrir kosningar af hendi þáv. stjórnarflokka, að það væri máske rétt að gera meiri kröfur til stærðar landhelginnar en fælist í tillögu þáv. stjórnarandstöðuflokka, sem gerði ráð fyrir að binda stærð landhelginnar við 50 sjómílur frá grunnlínupunkti. En þetta kom fram aðeins dagana fyrir kosningarnar, og það var þá, sem ég einmitt bauð meðframbjóðendum mínum á Vestfjörðum upp á það, að ég skyldi þá þegar í stað skrifa undir skuldbindingu ásamt þeim um að beita mér fyrir allt að 70 mílna landhelgi, ef þeir væru reiðubúnir til þess, — og þær mundu aldrei fara svo þessar kosningar, að þeir tveir úr liði fyrrv. stjórnarmeirihluta og ég úr þáv. minni hl. á Alþ., ef við kæmumst inn á Alþ. eftir kosningar, að við gætum ekki ráðið úrslitum um það, — en þeir vildu ekki skrifa undir slíkt samkomulag í áheyrn þess fjölmenna fundar, sem við vorum þar staddir á. Ég held, að þetta hafi líka verið talið yfirboð á síðustu stundu af kjósendum og ekki verið tekið alvarlega, og ég er því miður hræddur um það nú, þegar málið hefur verið birt opinberlega og kröfur okkar túlkaðar á erlendum vettvangi við Breta og Þjóðverja og raunar um heim allan, að þá sé það nokkuð seint fram komið að breyta ákvæðunum um víðáttu landhelginnar. Þar held ég, að gildi hið sama og hjá þjóðkirkjunni forðum, þegar lýst var til hjónabands, að þá var skýrt fram tekið af klerkunum, að menn skyldu segja til í tíma, ef þeir vissu meinbugi á hinum fyrirhugaða ráðahag, en þegja síðan. Ég held, að það sé ákaflega erfitt fyrir okkur að koma með fyllri kröfur, eftir að við höfum lagt málið fyrir þær þjóðir, sem það snertir mest, og bæta þá kröfum við. A. m. k. hafa þær kröfur ekki blasað við í svo ákveðnu formi sem nú felst í till. Alþfl. sem breyting við till. stjórnarinnar. Það er líka staðreynd, að það er tvennt, sem mælir móti því að taka landgrunnskröfurnar inn í þetta mál. Í fyrsta lagi það, hversu óreglulega línu landgrunnið mótar. Það mundi vera ákaflega erfitt í framkvæmd að halda uppi landhelgisgæzlu, ef landgrunnslínan eftir ákveðinni dýptarlínu ætti að vera mörkin, en hitt vegur þó kannske þyngra og meira, að skilgreining landgrunns á alþjóðamælikvarða er nú nokkuð á reiki. Lengi töluðu þjóðir um, að 200 m dýptarlína væri mörk hafdýpis og landgrunns, og hálendi á landi hefur verið talið 200 m yfir sjó, en að því er snertir þessi mörk varðandi hafdýpi og landgrunn, virðast þjóðir nú vera með ýmiss konar skilgreiningar á því, og ég veit ekki, hversu sterkt það yrði hjá okkur að taka einir sér upp sérstaka skilgreiningu á landgrunnshugtakinu, áður en alþjóðlegri reglu væri þar slegið fastri um það atriði.

Ég skal ekki hafa miklu fleiri orð um þetta mál nú. Ég fagna þeim einhug, sem er um málið. Það er eins og sagt var einu sinni áður, „þagni dægurþras og rígur", það var einmitt stórmál á ferðinni þá, og mér virðist þjóðargæfa okkar vera sú, að þegar við ræðum um landhelgismálið, þó að okkur greini á um ýmis smærri atriði í því, þá er það afstaða íslenzkra stjórnmálaflokka nú, að mér virðist, að láta allt dægurþras og allan rígþagna í sambandi við landhelgismálið. Ég vona a. m. k., að við berum til þess gæfu að standa svo að málinu, að það sé öllum ljóst, að sú stefna, sem við endanlega mörkum í því, sé stefna, sem öll íslenzka þjóðin standi að, sem sérhver ríkisstjórn á Íslandi mundi fylgja fram til hins ýtrasta.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í till. hæstv. ríkisstj. eru tvö aðalefnisatriði; annað, að fiskveiðilandhelgin skuli ákveðin 50 mílur, hitt, að mengunarlögsaga skuli ákveðin 100 mílur. Á þskj. 56 flyt ég ásamt nokkrum öðrum hv. þm. till. til þál. um landhelgi og verndun fiskstofna, og vegna þess að sú till. snertir mjög þetta mál, sem hér er til umr., vildi ég leyfa mér að gera hana nokkuð að umtalsefni, með leyfi hæstv. forseta.

Varðandi fyrra meginatriðið, hver skuli vera mörk fiskveiðilandhelginnar, hefur hæstv. ríkisstj. tekið þá afstöðu, og stuðningsflokkar hennar höfðu raunar þá afstöðu fyrir kosningar, að hún skyldi ákveðin 50 mílur. Við, sem stöndum að till. á þskj. 56, leggjum til, að fiskveiðilandhelgin verði í stað 50 mílna miðuð við ytri mörk landgrunnsins. Ég skal leitast við að færa nokkur rök fyrir því, hvers vegna við teljum þetta heppilegri aðferð, hagkvæmari fyrir landið og sigurvænlegri í baráttunni út á við.

Í rauninni hefur landgrunnsstefnan verið okkar yfirlýsta stefna, Íslendinga, á þriðja áratug. Þegar lögin voru sett 1948 um verndun fiskimiða landgrunnsins, þá var ekki beinlínis gert ráð fyrir því, að lýst væri yfir lögsögu okkar, fiskveiðilögsögu, yfir öllu landgrunninu, heldur var okkur áskilinn réttur til þess að taka einstök svæði á landgrunninu og lýsa þau verndar- eða friðunarsvæði. En þegar þessi lög voru sett, lá það auðvitað fyrir, að það var framtíðarstefna okkar, að við tækjum yfirráð yfir öllu landgrunninu. Þessi stefna var ítrekuð og skýrt fram tekin í þál. frá 5. maí 1959, þar sem allur þingheimur stóð saman um það, að afla skyldi viðurkenningar á landgrunninu öllu. Í þeirri þál., sem samþ. var á síðasta þingi um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið, er þessi sama stefna mörkuð og ítrekuð. Þegar þau orð falla hjá hæstv. ráðherrum, að þessi till. um landgrunnið allt, sem hér liggur nú fyrir, sé í rauninni yfirboð, þá finnst mér í rauninni vera miklu

rökréttara að segja: Till. ríkisstj. er undirboð, hún er afturhvarf frá margyfirlýstri stefnu Alþingis og Íslendinga.

Ein af ástæðunum til þess, að við teljum rétt að slá nú föstum landgrunnsmörkunum, er sú, að við teljum æskilegt, að Alþ. ákveði nú þetta skref, þetta lokaskref getum við sagt, en þurfi ekki að taka þessa baráttu í tveim áföngum, nú 50 mílur, og síðan þurfi einhvern tíma síðar að koma aftur til Alþingis og gera nýja ályktun um, að nú ætlum við að lýsa yfir öllu landgrunninu.

Varðandi ytri mörk landgrunnsins, þá var gert ráð fyrir því í þeirri þál., sem samþ. var á s. l. vori, í aprílmánuði, að sú nefnd, sem þá var kosin, skyldi undirbúa löggjöf um skilgreiningu á landgrunni Íslands, og segir þar svo, að miðað skuli við sem næst 400 m jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki.

Það er lagt til í till. okkar, að þessi nefnd hraði störfum, svo að hún geti lagt fram till. sínar fyrir það Alþ., sem nú situr, til meðferðar og afgreiðslu, þannig að til frambúðar geti hin ytri mörk orðið lögfest á þessu þingi. Hins vegar er gert ráð fyrir í till. okkar, að nú sé ákveðið, þangað til slík lög koma, að ytri mörk landgrunnsins skuli miðast við 400 m jafndýpislínu.

Þau orð hafa fallið hér hjá tveim hæstv. ráðh., að þetta sé óframkvæmanlegt eða lítt framkvæmanlegt. Þetta er byggt á algjörum misskilningi. Ég hef aflað mér upplýsinga um það hjá mjög kunnugum mönnum, og enginn þeirra hefur talið erfiðleika á því að miða fremur við þessa dýptarlínu heldur en 50 mílurnar, og sumir þeirra hafa beinlínis kveðið svo að orði, að það sé miklu auðveldara bæði fyrir varðskip og fiskiskip að átta sig á þessari reglu, 400 m dýpinu, en á 50 mílunum. Ég vil, a. m. k. þangað til hæstv. ráðh. leggja fram einhver gögn eða sannanir fyrir þessum fullyrðingum, halda fram gjörsamlega því gagnstæða. Það er sagt, að þessi dýptarlína sé svo hlykkjótt, að það sé ekkert hægt við hana að eiga. Það er öllum mönnum vitanlegt, að frá því að í öndverðu var farið að tala um landgrunn miðað við eitthvert ákveðið dýpi, þá hefur alltaf verið gert ráð fyrir því að draga beinar línur yfir djúpála, og vitanlega verður þetta í framkvæmd þannig, alveg eins og núverandi landhelgismörk, 12 mílur, og þau, sem ríkisstj. leggur til, 50 mílur, eru miðuð við beinar grunnlínur út frá vissum grunnlínupunktum, sem ákveðnir eru í reglugerð. Eins verður það að sjálfsögðu í framkvæmd með 400 m dýptarlínuna, að þar verður að taka nokkra grunnlínupunkta, ákveðna breidd og lengd og draga svo beinar línur þar á milli. Þetta hélt ég, að hefði frá öndverðu verið ljóst.

En spurningin er þá þessi: Hver eru helztu rökin fyrir því, að við leggjum til, að nú sé fiskveiðilögsagan ákveðin landgrunnið allt, en ekki aðeins 50 mílur?

Í fyrsta lagi er þetta miklu rökréttara og eðlilegra, því að landgrunnið er hluti af landinu, það er sökkullinn, stöpullinn, sem landið stendur á. Hvort sem maður lítur á þetta frá jarðfræðilegu sjónarmiði, atvinnulegu, efnahagslegu, í rauninni hvaða sjónarmiði sem er, þá eru það miklu eðlilegri mörk okkar landhelgi að miða við landgrunnið en 50 mílur, sem ég veit raunar ekki, hvernig eru til komnar, hvort það er fyrir tilviljun eða ágizkun. Það má þá alveg eins segja 200 mílur, 100 mílur, 75 mílur. Hæstv. félmrh. nefndi hér 70 mílur. Þetta eru eðlilegri mörk, rökréttari.

Í annan stað eru á þessu svæði, landgrunnssvæðinu utan við 50 mílurnar, mikilvæg fiskimið. Það er kunnugt, og þarf ekki að rekja það frekar, að fyrir öllu Vesturlandi og Vestfjörðum nær landgrunnið miðað við 400 m dýpi töluvert lengra, 10, 20 jafnvel 30 mílum lengra en 50 mílur. Og á þessu svæði eru m. a. mjög mikilvæg fiskimið, sem innlendir og erlendir togarar hafa notað og orðið mjög mikið gagn að á undanförnum árum og í dag. Fyrir hagsmuni landsins er þetta því miklu hagstæðara.

Ef við lítum á málflutning okkar út á við, þá tel ég einnig, að miklu auðveldara sé að vinna fylgi okkar málstað, ef við miðum við landgrunnið en 50 mílurnar. Til þess liggja ákaflega margar ástæður. En ég skal fyrst og fremst nefna eina. Og hún er þessi: Varðandi hafsbotninn, sjávarbotninn og auðlindir á honum og í honum er því þegar slegið föstu, að miða skuli við landgrunnið. Og það er orðið viðurkennt, ég vil segja, að það sé orðið viðurkennt í þjóðarétti og það er framkvæmt bæði af stórum ríkjum og smáum, að þau hagnýta sér og helga sér auðlindir á hafsbotninum á landgrunninu öllu, jafnvel þó að það nái langt út fyrir 50 mílur. Nú er svo ástatt með okkur Íslendinga, að við getum e. t. v. ekki vænzt mjög mikilla auðæfa í okkar sjávarbotni á landgrunnssvæðinu af þeirri einföldu ástæðu, að Ísland er jarðfræðilega svo ungt land miðað við flest lönd önnur, að af þeirri ástæðu er ekki búizt við, að við getum átt von á sams konar auðæfum, að því er snertir olíu eða annað, eins og margar aðrar þjóðir fyrir sínum ströndum. Þeim mun meiri nauðsyn er fyrir okkur að eignast yfirráð yfir sjónum á þessu landgrunni, og ef við byggjum á þessum grundvelli, ætla ég, að það verði, þegar til lengdar lætur, harla erfitt fyrir stórþjóðirnar að standa á móti því, að við eignumst auðlindirnar, auðæfin í landgrunninu og yfir því í sjónum, þegar þær sjálfar helga sér öll auðæfi í landgrunninu sjálfu. A. m. k. þó að reynt verði að berjast á móti þessu um stund, þá geta slíkar röksemdir ekki staðizt til lengdar.

Ég hefði vænzt þess og vænti þess enn, að hæstv. ríkisstj. taki það til alvarlegrar athugunar, hvort ekki sé rétt að fallast á það sjónarmið að miða við landgrunnið allt í stað 50 mílnanna. Ég er sannfærður um, að það væri Íslandi heilladrýgra.

Í sambandi við ytri mörk landgrunnsins vil ég þó taka það fram strax og undirstrika, að 400 m dýpið eru engin framtíðarmörk. Ég býst við, að með 400 m dýpinu náist væntanlega helztu fiskimið okkar á landgrunnshallanum, en miðað við hinar stórstígu framfarir í veiðitækni, þá geri ég ráð fyrir, að að því komi, þegar á að ákvarða ytri mörkin til frambúðar, að rétt þyki að miða við meira dýpi en þetta.

Varðandi gildistökudag er svo ákveðið í till. á þskj. 56, að ályktunin komi til framkvæmda þann dag, sem ákveðinn verður af yfirstandandi Alþ. Nú hefur verið reynt að túlka þetta svo, að þar með væri ætlun okkar flm. að slá gildistökunni á frest í óákveðinn tíma. Þetta er misskilningur. Eins og tekið er fram í grg., þótti rétt, vegna þess að ríkisstj. hefur tekið upp samningaviðræður við Breta og Þjóðverja, sem enn standa yfir og

eiga að halda áfram í næsta mánuði eða janúar, miðað við það þótti okkur ekki rétt að ákveða dagsetninguna í þessari till. Hvort dagsetningin verður 1. sept. næsta ár, hvort hún verður 1. júlí, 1. ágúst, 1. nóv., finnst mér ekki skipta neinu höfuðmáli. Í till. er gert ráð fyrir, að það Alþ., sem nú situr, geri það upp við sig, hvaða dag útfærslan skuli ganga í gildi. Og ef hæstv. ráðh. vilja gera það tortryggilegt, að ekki sé ákveðinn dagur í þessari þál., þá beinist sú tortryggni að þeim sjálfum. Hún er hreint vantraust á núv. þingmeirihluta, að honum sé ekki treystandi til þess að ákvarða á þessu þingi gildistökudaginn.

Hitt atriðið er mengunarlögsagan, 100 mílur. Í 5. lið till. á þskj. 56 er gert ráð fyrir, að ríkisstj. geri nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðlega mengun sjávar við strendur landsins og hafsins umhverfis það og eiga samstarf við aðrar þjóðir í því efni, eftir því sem þörf krefur. Hér er um að ræða mál, sem allir eru sammála um, að þarf gagngerar og róttækar ráðstafanir í. Og þetta er ákaflega margþætt mál. Þetta mál snýr fyrst og fremst kannske að okkur sjálfum, og við þurfum að líta í eiginn barm, vegna þess að við vitum það öll, að við strendur landsins og inni á höfnum brestur mjög víða á æskilegt hreinlæti. Óhreinkun sjávar er þar allt of mikil. Olíur og úrgangsefni menga sjóinn allt of víða. Í rauninni þurfum við fyrst að gera hreint fyrir okkar dyrum. Við þurfum að setja strangar reglur um það, hvaða úrgangsefnum skip, bæði íslenzk og erlend, sem hingað koma, megi sleppa í hafið eða við strendur landsins eða í höfnum. Annað atriði er svo það að koma í veg fyrir, að sjónum sé spillt á landgrunnssvæðinu og langt út fyrir það, og í rauninni þarf mengunarlögsaga að ná langt á haf út. Í rauninni finnst mér 100 mílurnar einnig nokkuð handahófskenndar.

Nú fyrir skemmstu var haldin ráðstefna 12 ríkja í Oslóborg, ríkja, sem eiga lönd að Norðaustur-Atlantshafi. Þar var rætt um sameiginlegar ráðstafanir eða sameiginlegar reglur til þess að koma í veg fyrir skaðlega mengun sjávar. Það svæði, sem þarna er um að ræða, er bein lína dregin frá suðurodda Grænlands suður á móts við Gíbraltarsund og nær svo yfir allt svæðið þar fyrir austan og nokkuð í Norður-Íshafið. Um þær reglur, sem þar var um rætt, varð samkomulag í stórum dráttum, þó að enn sé eftir að ganga frá þeim samþykktum, og er gert ráð fyrir, að næsti fundur um þær verði haldinn í desembermánuði, en að því stefnt, að þessar reglur öðlist gildi á næsta ári. Í þessum samþykktum eða í þessum till. að samþykktum er gert ráð fyrir því, að annars vegar sé saminn svartur listi, þar sem talin eru efni, sem alls ekki má sleppa í hafið, og hins vegar það, sem menn kalla gráan lista, þar sem eru efni, sem ekki eru eins hættuleg og skaðleg, en sem alls ekki má hleypa í hafið á minna en 2000 m dýpi né nær ströndum landanna en 150 mílur. Nú hef ég ekki fengið nægar upplýsingar um það frá þessum fundi enn, hvernig þeir, sem á þeim fundi voru, hafa hugsað sér framkvæmd á þessu, að hve miklu leyti hvert einstakt ríki á þar að sjá um framkvæmd þessara reglna. En að því leyti sem mengunarlögsaga er nefnd í þessum samþykktum, þá er ekki gert ráð fyrir 100 mílum, heldur 150.

Nú er það sannast sagna, að eiturefni, sem hleypt er í hafið mörg hundruð mílur frá ströndum, geta borizt með hafstraumum og eyðilagt fiskimið og saurgað strendur okkar. Varðandi mengunarmálin þarf því ákaflega margþætta starfsemi. Í fyrsta lagi, eins og ég gat um, að líta í okkar eiginn barm varðandi strendur okkar og hafnir. Í öðru lagi samstarf við aðrar þjóðir, og það verður vitanlega m. a. að vera fólgið í því, að hver þjóð taki á sig skyldu um að gæta sinna eigin skipa og leggja við því þung viðurlög, ef skip, sem skrásett eru hjá þeirri þjóð, brjóta gegn þessum reglum. Og í þriðja lagi þarf svo mengunarlögsögu fyrir hvert land einhverja vegalengd á haf út, og ég mundi ætla eftir því, sem gerzt hefur og rætt hefur verið í Osló, að 100 mílurnar séu ekki nægar. Í rauninni finnst mér, að hæstv. ríkisstj. ætti að taka þetta hvort tveggja til gaumgæfilegrar athugunar. Hvort nauðsynlegt sé að binda sig og halda dauðahaldi í töluna 50 varðandi fiskveiðilögsöguna og sömuleiðis í töluna 100 varðandi mengunarlögsöguna. Mér virðist hvorugt byggt á svo raunhæfum grundvelli, að ekki megi þar hnika til og endurskoða.

Varðandi þau ummæli hæstv. félmrh. nú í ræðu hans hér, að þjóðin hafi í kosningum ákveðið 50 mílurnar og m. a. þess vegna sé ekki hægt að taka landgrunnið allt, þá er þetta alger misskilningur og röng túlkun á vilja þjóðarinnar. Ef þjóðin væri spurð um það í dag, hvort hún vildi heldur, að fiskveiðilögsagan væri ákveðin 50 mílur eða landgrunnið allt, þá er ég ekki í neinum vafa um svarið. Yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar mundi kjósa landgrunnið allt. Það er að vísu rétt, að þeir flokkar, sem héldu fram 50 mílunum, sigruðu í kosningunum. Hæstv. félmrh. skýrði það svo, að það hefði nú kannske verið vegna þess, að ályktun síðasta Alþ. og stefna stjórnarinnar hefði ekki verið eins ljós og skýr í einstökum atriðum og till. núv. ríkisstj. En hitt held ég, að sé alveg heimildarlaus túlkun á úrslitum síðustu kosninga, að íslenzka þjóðin vilji heldur fara skemmra en lengra.

Í þáltill. á þskj. 56 er einnig í 2. og 3. lið gert ráð fyrir friðunarsvæðum. Og það er mál, sem er að sjálfsögðu náskylt og eiginlega hluti af öllu þessu máli, sem við ræðum hér. Í 2. lið er sagt, að ákveðin skuli friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks á landgrunninu út að ytri mörkum þess. Það er gert ráð fyrir því, að þetta þurfi ekki að vera algert bann, heldur megi það verða tímabundið og það megi miða við ákveðin veiðitæki og veiðiaðferðir og við stærð fiskiskipa. Og í þessu sambandi er vert að geta þess, að á sumum þeim svæðum, sem mest nauðsyn er að veita vernd, stunda íslenzkir fiskibátar veiðar, sem ekki væri rétt að meina þeim. Hins vegar væri hægt að ná tilgangi verndunar og friðunar með því að friða á ákveðnum árstímum miðað við ákveðin veiðarfæri, miðað við ákveðna stærð skipa, en vitanlega þarf að ganga þannig frá þessum verndarreglum, að ekki valdi tilfinnanlegu tjóni fyrir íslenzk veiðiskip. Það svæði, sem einkum hefur verið nefnt hér og minnzt er á í grg., er fyrir Norðausturlandi, og ástæðan til þess, að í grg. er á það minnzt, er sú, að á undanförnum árum hefur hvað eftir annað verið rætt á fundum Norðaustur-Atlantshafsráðsins, sem ræðir um fiskifriðun, um verndun þeirra, verndun fiskstofnanna. Það hefur alveg sérstaklega verið rætt um þessi svæði fyrir Norðausturlandi, sem væru svo mikilvæg fyrir ungfiskinn. Og af þessum uppeldisstöðvum njóta svo aðrir landsmenn góðs, ekki sízt hér sunnan- og vestan-

lands. En vitanlega koma ýmis önnur svæði hér til greina.

Í 3. lið till. er svo gert ráð fyrir friðunarsvæðum innan núv. 12 mílna landhelgi, og er það í framhaldi af margítrekuðum óskum m. a. frá útvegs- og sjómannafélögum í Vestmannaeyjum og í framhaldi af till., sem fluttar hafa verið hér á Alþ. á undanförnum árum, m. a. og sérstaklega af hv. 3. þm. Sunnl., um að friða hrygningarsvæðin, sérstaklega á Selvogsbanka og vissum svæðum umhverfis Vestmannaeyjar. Það er gert ráð fyrir því, að þessar friðunaraðgerðir bæði utan og innan 12 mílna komi til framkvæmda strax á þessum vetri og gangi í gildi 1. marz. Við flm. teljum, að þetta sé mjög aðkallandi mál. Og í þeirri ályktun, sem samþ. var um réttindi Íslendinga á hafinu í apríl s. l., er lögð á það áherzla, að nú þegar sé hafinn undirbúningur að slíkum friðunarsvæðum.

Við erum sannfærðir um það, flm., að þetta er nauðsynlegt vegna fiskstofnanna og þar með fyrir líf og framtíð íslenzku þjóðarinnar. Ef við lítum á baráttu okkar út á við, þá er ég einnig sannfærður um, að þetta mundi hafa mikla þýðingu. Eins og tekið er fram í grg., eru þegar í gildi ýmsar friðunarreglur hér við land. Ég er sannfærður um það, að svo mikil samúð, svo mikill skilningur, svo mikill áhugi er á náttúruvernd, á friðun, slík alda í heiminum fyrir að berjast gegn rányrkju og ofveiði, að slíkar friðunaraðgerðir okkar á landgrunninu mundu mæta samúð og skilningi hjá fjölda þjóða, sem ekki hafa undir neinum kringumstæðum viljað fallast á 50 mílurnar. Ég held enn fremur, að í okkar málflutningi og baráttu hljóti það að vera mikill styrkur, að við Íslendingar sýnum það bæði í orði og verki, að við viljum ekki aðeins taka yfirráð yfir 50 mílum eða landgrunninu öllu, heldur viljum við vernda fiskstofnana, eftir því sem nauðsyn krefur, og jafnvel leggja hart að okkur sjálfum í því efni. Slíkar ráðstafanir yrðu okkur gott veganesti á alþjóðlegum vettvangi.

Í 4. lið þessarar till. er svo lagt til, að ríkisstj. verði falið að halda áfram og auka þátttöku í samstarfi þjóða til að hindra ofveiði og tryggja Íslendingum eðlilega hlutdeild í fiskveiðum á úthöfum, þar sem íslenzkir fiskveiðihagsmunir ná til. Við vitum það ákaflega vel, að við höfum á undanförnum árum og enn í dag gert út á erlendar veiðistöðvar, erlend fiskimið, langt fyrir utan okkar landgrunn, jafnvel á fjarlæg mið. Einna nærtækast dæmi eru veiðar íslenzkra fiskiskipa í Norðursjó, sem hafa fært íslenzka þjóðarbúinu miklar tekjur að undanförnu. Stundum höfum við notið góðra fiskimiða við austurströnd Norður-Ameríku, við Grænland, að ég tali nú ekki um veiðarnar, einkum síldveiðarnar í hafinu milli Íslands og Noregs. Það er okkur Íslendingum ákaflega þýðingarmikið að líta ekki á okkar fiskiveiðihagsmuni og fiskveiðimál aðeins sem fiskveiðilandhelgina, 50 mílur eða landgrunnið, heldur líta á þetta á víðtækara sviði, líta lengra. Og það eru hagsmunir okkar sjálfra að reyna með öðrum þjóðum að koma í veg fyrir ofveiði og rányrkju á þessum fjarlægu miðum, sem geta orðið okkur að verulegu gagni eins og öðrum. Ef til þess kemur, eins og oft er rætt á alþjóðlegum ráðstefnum, að taka upp skömmtun eða svokallað kvótakerfi viðs vegar á úthafinu, er okkur nauðsynlegt að hafa þar hönd í bagga og tryggja okkur eðlilega hlutdeild í slíkri skömmtun. Um hvort tveggja þetta, eðlilega hlutdeild okkar í fiskveiðum úthafanna og ráðstafanir til að koma í veg fyrir ofveiði og eyðileggingu fiskstofnanna, um þetta þarf að sjálfsögðu samstarf, samráð við aðrar þjóðir. Að þessu miðar 4. liður í þessari þáltill. á þskj. 56. 2., 3. og 4. liður í þeirri till. eru um friðun út að ytri mörkum landgrunnsins, friðun hér við strendurnar, á fiskimiðunum eða hrygningarstöðvunum innan 12 mílna og samstarf við aðrar þjóðir varðandi fiskveiðarnar á úthöfunum. Ekkert þessara atriða er nefnt í till. hæstv. ríkisstj. Ég vænti þess, að þessi atriði öll fái góðar undirtektir.

Ég vil að lokum láta í ljós þá eindregnu ósk og von, að þegar þessar till. báðar, sem ég vænti, fara til hv. utanrmn., þá verði málið tekið þar fyrir fordómalaust, hleypidómalaust og reynt að ná samstöðu um sem hagstæðasta till. og ályktun fyrir íslenzku þjóðina.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla nú aðeins að fá að segja hér örfá orð og víkja að tveimur atriðum, sem snerta mín störf að undanförnu, en ekki að ræða málið að öðru leyti. Í fyrsta lagi ætla ég að ræða um skipun þeirrar samninganefndar, sem fyrir helgina ræddi við brezk stjórnvöld og núna í dag lauk viðræðum við vesturþýzk stjórnvöld um útfærslu landhelginnar. Þessi skipan hefur verið örlítið gerð hér að umtalsefni, og þar sem hún var gerð í nafni þess ráðuneytis, sem ég veiti nú forstöðu, ætla ég að leyfa mér að segja aðeins örfá orð.

Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að í landhelgisnefnd var frá því skýrt, að nefnd þessi skyldi skipuð embættismönnum. Það var upphaflega till. brezkra stjórnvalda, sem Þjóðverjar tóku síðan upp, að þessi mál skyldu á þessu stigi rædd af embættismönnum. Þess vegna var um það full samstaða innan ríkisstj., að samninganefnd okkar skyldi verða undir forsæti Hans G. Andersen sendiherra, þess manns, sem að öðrum ólöstuðum er færastur íslenzkra sérfræðinga á sviði alþjóðaréttar, manns, sem hefur áratuga reynslu á því sviði og nýtur viðurkenningar langt út fyrir landsteinana. Það var einnig full samstaða um það innan ríkisstj., að aðrir sérfræðingar í þessari nefnd skyldu verða Már Elísson fiskimálastjóri og Jón Arnalds ráðuneytisstjóri. Allir þessir menn voru skipaðir af fyrri ríkisstj. til að vera fulltrúar okkar á undirbúningsráðstefnunni í Genf fyrir hafréttarráðstefnuna, sem halda á þar 1973. Fyrrv. ríkisstj. hafði skipað þessa menn í nefndina, áður en hún fór úr stjórnarráðinu, enda þótt fyrsti fundurinn í Genf væri haldinn nokkrum vikum síðar. Þess vegna held ég, að það liggi alveg ljóst fyrir, að þessir þrír menn nutu og njóta, að ég held, enn fyllsta trausts núv. stjórnarandstöðuflokka. Fjórði fulltrúinn, sem skipaður var til fundanna í Genf, Jón Jónsson, dvelur nú erlendis við önnur störf. Ríkisstj. hefur því enga breytingu gert á því, hvaða sérfræðingar halda á þessu máli fyrir okkar hönd. Það eru sömu mennirnir, sem áður höfðu verið tilnefndir af fyrri ríkisstj. Ég skal fúslega kannast við það, að það er fyrst og fremst hæfni þessara manna, sem veldur því, að ríkisstj. felur þeim þessi vandasömu störf, hæfni þeirra og reynsla. En jafnframt ætti þessi tilhögun þó að sýna þá þjóðarsamstöðu, sem við leggjum svo ríka áherzlu á og sem okkur er svo ákaflega nauðsynleg. Ég vona, að á það verði

fallizt, að með þessari tilhögun ætti hagsmuna fyrrv. stjórnarflokka einnig að hafa verið gætt og þess samhengis, sem reynt hefur verið að halda í málinu, hafi líka verið gætt. Það var líka full samstaða um það innan ríkisstj., að eðlilegt væri, að þeir tveir ráðh., sem þessi mál heyra öðrum fremur undir í ríkisstj., ég og hæstv. sjútvrh., ættu kost á að tilnefna sérstaka trúnaðarmenn til þess að fylgjast með í þessum þýðingarmiklu málum. Ég vona og treysti því raunar, að þetta atriði verði ekki talið til óvirðingar hvorki við stjórnarandstöðuflokkana né þriðja stjórnarflokkinn, SF. Frá minni hendi var þetta alls ekki þannig hugsað, heldur aðeins til þess að gefa þeim tveim ráðh., sem sérstaklega fjalla um þessi mál innan ríkisstj., tækifæri til að eiga trúnaðarmenn á staðnum, sem væru þarna viðstaddir, þegar sérfræðingar þessara tveggja ríkja ræða málin á sérfræðilegum grundvelli. Þetta vildi ég láta koma hérna fram.

Annað atriði, sem mig langar til að víkja að með aðeins örfáum orðum, er í tilefni af ræðu hv. 8. landsk. þm., þar sem hann gerði að umtalsefni málflutning minn og annarra talsmanna ríkisstj., þar sem við höfum í ræðum erlendis lagt ríka áherzlu á það, að Íslendingum bæri réttur yfir landgrunninu öllu og að við höfum í þessu sambandi talað um 50—70 sjómílur. Hv. þm. vitnaði einnig í bók þá, sem út var gefin af núv. ríkisstj., en undirbúin af hinni fyrri, þar sem þessi málflutningur er einnig uppi hafður. Ég vil út af þessu taka fram, að það er alveg rétt, sem hv. þm. segir, að ég hef oft í ræðum mínum erlendis talað í þessa átt. Ég hef talið mér skylt að gera það vegna ákvæða landgrunnslaganna. Í landgrunnslögunum er það yfirlýst stefna Alþ., að Íslendingum beri að ná yfirráðum yfir landgrunninu öllu. Ég hef jafnframt talað um þann áfanga, sem ríkisstjórn Íslands hafi nú sett sér að ná, en það er fiskveiðilögsaga yfir 50 sjómílum frá grunnlínu. Ég held, að enginn geti verið í vafa um það, hvorki innanlands né utan, að enda þótt það sé yfirlýstur ásetningur Íslendinga að ná yfirráðarétti yfir landgrunninu öllu, séu það 50 sjómílur, sem þessi ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir nú í þessum áfanga. Og í fyrrnefnda bók var strax eftir að þessi ríkisstj. tók við völdum bætt inn ákvæði stjórnarsamningsins um þetta atriði, þannig að ég held, að alveg sé óhætt að fullyrða það, að aldrei hafi verið siglt undir fölsku flaggi að þessu leyti. Það hefur alltaf verið sagt, að landgrunnið væri markmiðið, en 50 mílur áfanginn að þessu sinni. Ég vil, að þetta komi einnig fram.

Nú er talað um, að það sé ekki nægilega stórmannlegt að tala um 50 mílur, það verði svo og svo mikið eftir af landgrunninu, og að sú málsmeðferð að taka nú 50 mílur muni leiða til þess, að það hefjist fljótlega önnur barátta, kannske jafnerfið, ég veit það ekki, til þess að ná yfirráðum yfir því, sem eftir er. Ég vona, að framvindan í heimsmálunum verði þannig, að till. stjórnarandstæðinganna núna reynist framkvæmanlegar, en hingað til hefur mörgum þótt það nægilega erfitt viðfangsefni, sem núv. ríkisstj. hefur tekið sér fyrir hendur, að afla viðurkenningar erlendis á 50 sjómílna fiskveiðilögsögu.

Ég tók ekki betur eftir en að hv. 5. þm. Reykv., sem síðast talaði hér og var að vísu miklu stórtækari í sínum kröfum en ríkisstj., hann talaði samt um áfanga. Ég heyrði hann tala um það, að 400 m dýptarlína væri svo sem ekkert endanlegt markmið. Hefst þá ekki ný barátta, þegar við þurfum að fara að auka þessa landhelgi? Ég er hræddur um það.

Ég tel sjálfsagt, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að áfram verði haft náið samráð við landhelgisnefnd. Landhelgisnefnd á að fá skýrslu um þær viðræður, sem nýlega eru afstaðnar, strax og sú skýrsla hefur borizt ríkisstj. Ríkisstj. hefur í dag mjög litlar fréttir umfram það, sem fjölmiðlarnir hafa skýrt frá um það, sem raunverulega fór fram á þessum viðræðufundum. Ég hef átt eitt símtal við formann nefndarinnar, Hans G. Andersen, og það varð að samkomulagi okkar á milli, að öll skýrslugerð um gang viðræðnanna biði, þangað til hann kæmi heim. Og ég segi það hiklaust sem mitt álit í þessu efni, og það hefur í mínum huga alltaf verið sjálfsagt, að þegar þessi skýrsla lægi fyrir, þá yrði hún kynnt landhelgisnefnd, eins og allar þær aðrar skýrslur, sem rn. hafa borizt af viðræðum erlendis hingað til.

Ég vona, að sá samstöðuvilji, sem einkennt hefur ræður manna hér, ráði gerðum manna og flokka í þessu mikilvæga máli. Þessar till. fara til utanrmn., og þar verður vafalaust reynt að samræma þessi sjónarmið. Ég ætla ekki að gera, eins og ég sagði í upphafi, landhelgismálið neitt sérstaklega hér að umtalsefni, en ég vildi aðeins láta þessi tvö atriði koma fram, af því að þau snerta þau störf, sem ég hef sérstaklega verið að vinna að að undanförnu.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. benti á það í ræðu sinni, að nauðsyn væri á þjóðareiningu um þetta mál, og sem betur fer tel ég, að hann þurfi ekki þar undan neinu að kvarta, stjórnarandstaðan hefur ekki í neinu sýnt það, að hún vilji rjúfa þá samstöðu, sem er um málið í grundvallaratriðum.

Ég tel það ómaklegt, þegar hæstv. ráðh. fór að tala hér um úrtölumenn í sambandi við þetta mál. Ef hann á við þm. stjórnarandstöðuflokkanna, þá tel ég það mjög ómaklegt. Hitt er annað mál, að þm. stjórnarandstöðuflokkanna, sem stóðu að þeirri samþykkt, sem gerð var hér á s. l. vori og borin fram af þáv. ríkisstj., þeir hljóta að reyna að þoka málinu eins og það liggur nú fyrir í þá átt, sem þeir telja eðlilegast. Ég verð að segja, að ég get ekki talið það í neinu ósamræmi í reyndinni við upphaf eða formála þeirrar till. sem hér liggur fyrir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkv. viðurkenndum alþjóðareglum ber strandríkjum einkaréttur til nýtingar á auðæfum hafsbotnsins til endimarka landgrunnsins. Rétturinn til nýtingar á auðæfum hafsbotnsins og sjávarins yfir honum verður ekki aðskilinn."

Þetta er nákvæmlega það, sem við viljum halda fram, að eigi að gerast, að við eigum í einum áfanga að fara eftir því, sem nú er viðurkennt, og slaka þar í engu til, að eins og auðæfi hafsbotnsins fyrir landinu öllu séu viðurkennd eign strandríkja, þá eigum við einnig að halda okkur að því, að auðæfin í hafinu yfir landgrunninu séu einnig okkar eign og að við eigum einir þar yfir að ráða. Ég tel ekki, að við séum á nokkurn hátt með þessu móti að stofna til ófriðar eða óeiningar um málið, heldur viljum við stíga feti lengra en kemur fram í till. stjórnarinnar, og tel ég það ósköp eðlilegt og í fullu samræmi við það, sem við höfum áður haldið fram.

Hæstv. sjútvrh. taldi í sinni ræðu till. okkar ótímabæra og óheppilega og gæzlu í sambandi við landgrunnið óframkvæmanlega. Ég er honum þarna mjög ósammála. Í því kynningarriti, sem dreift hefur verið út og þar sem málstaður okkar er túlkaður, eru mjög greinargóð kort, bæði yfir fót landgrunnsins og einnig yfir landgrunnið, þar sem 400 m dýptarlínan er merkt inn á. Ég vil undirstrika það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það virðist eftir því korti, sem fyrir liggur, vera mjög auðvelt einmitt með því að setja fasta grunnlínupunkta að verja landgrunnið, þannig að það ætti ekki í neinu að vera til fyrirstöðu útfærslu, að ekki væri hægt að verja það, eins og hæstv. sjútvrh. vildi halda fram í sinni ræðu.

Í sambandi við þetta mál vil ég halda því fram, að því miður sé málstaður okkar nú túlkaður á miklu veikari grundvelli erlendis en þurft hefði að vera. Ég vitna til þess, sem ég sagði hér áðan um rétt strandríkja til landgrunnsins og þá um leið rétt strandríkja til auðæfanna yfir landgrunninu. Ég tel, að það hefði verið miklu sterkara, hefði málið í upphafi verið undirbúið t. d. af utanrmn., þar sem reynt hefði verið að ná samstöðu um það á einhverjum slíkum grundvelli og þannig farið með það á erlendan vettvang í stað þess að fara með það í því formi, sem gert er, og byggt þar á till. ríkisstj., þar sem aðeins er talað um 50 sjómílur. Ég held, að við séum að veikja okkur mjög í allri túlkun í sambandi við þetta mál á erlendum vettvangi, þar sem það liggur alveg ljóst fyrir, eins og margoft hefur verið sagt og bent á í till. ríkisstj., að þjóðirnar viðurkenna orðið landgrunnsbotninn sem yfirráðasvæði strandríkja. Því miður var þetta ekki gert, og ég fyrir mitt leyti harma það, af því að ég er sannfærður um það, að það veikir okkar málstað erlendis, en styrkir hann ekki.

Þá tel ég, eins og hv. 5. þm. Reykv. rakti í sinni ræðu, þegar hann gerði grein fyrir till. okkar í sambandi við landhelgismál og verndun fiskimiða, að það hefði verið mjög sterkt fyrir þá íslenzku fulltrúa, sem þurfa að túlka þetta mál við erlenda aðila, ef inn í þetta mál hefði einnig verið tekið það, sem þar er bent á, og þá sérstaklega í sambandi við friðunarsvæðin. Og ég segi það, að þetta er stærra málefni en svo, að það hefði aðeins komið að notum í sambandi við túlkun á málinu erlendis. Þetta er mjög stórt mál fyrir okkur sjálfa hér innanlands í sambandi við fiskveiðarnar. Ég er ekki viss um, að allir hv. þm. geri sér grein fyrir, í hvaða aðstöðu við erum að komast eða erum komnir í í sambandi við þessi mál. Ég hygg, að flestum sé kunnugt um þær upplýsingar, sem fiskifræðingar okkar hafa látið okkur í té í sambandi við þann fisk, sem veiðist hér á vetrarvertíð við suður-, suðvestur- og vesturströndina, en þeir fiskstofnar, sem þangað sækja, koma til landsins úr tveimur áttum. Annars vegar er sá stofn, sem kemur frá Grænlandi, sækir vestur fyrir landið og gengur upp með landinu þar og suður fyrir það og austur með því, hins vegar er sá fiskstofn, sem elst upp fyrir Norður-, Norðaustur- og Austurlandi, sækir einnig suður fyrir landið og gengur allt vestur fyrir það. Að sjálfsögðu ráðum við ekki við uppeldisstöðvar þess fisks, sem elst upp við Grænland. Við höfum ekki aðstöðu til þess að hafa nein áhrif þar, nema þá að litlu leyti. Hins vegar er það okkar eigið mál og okkar eigið mat, hvernig við högum okkur í sambandi við uppeldisstöðvarnar við strendur landsins. Ég tel það orðið mjög tímabært, þar sem þarna er um það að ræða, hvort veiðar geti haldið áfram með eðlilegum hætti hér við land, þá tel ég orðið mjög tímabært, að þegar sé farið að huga að því og að það verði ekki látið dragast að gera viðunandi ráðstafanir til þess, að ekki geti verið um ofveiði eða rányrkju að ræða á þeim miðum fyrir Norður-, Norðaustur- og Austurlandi, þar sem ungfiskur elst upp. Ef okkur henti sú ógæfa að ganga of langt í veiðum á þessum stöðum, mundi það vissulega hefna sín um land allt, því að þetta er það, sem er undirstaða vetrarvertíðar hér annars staðar við landið.

Nákvæmlega það sama má segja um hrygningarstöðvarnar við suðurströndina. Mér er vel kunnugt um það, að margir sjómenn, sem veiðar stunda á þessu svæði, eru orðnir mjög uggandi yfir því, að verið sé að ganga of langt á stofninn í sambandi við netaveiðar á vetrarvertíð. Ég vil benda á það, að þegar á árinu 1957 gerði skipstjórafélagið í Vestmannaeyjum samþykkt um það, að tímabært væri orðið að friða tiltekin hrygningarsvæði, og var þá eingöngu um að ræða svæði, sem Vestmanneyingar veiddu einir á. Þessi samþykkt var send stjórnvöldum, en því miður áttu engar aðgerðir sér stað. Málið var síðan tekið upp hér á Alþ., að vísu samþ. í nokkuð breyttu formi, en engar aðgerðir hafa enn átt sér stað.

Ég rek þetta hér, vegna þess að ég tel, að þetta sé mjög samhangandi landhelgismálinu, bæði hvað okkur sjálfa snertir innanlands og einnig geti þetta orðið þýðingarmikið atriði í sambandi við túlkun málsins erlendis, að aðrar þjóðir, sem við viljum, að styðji okkar mál, sjái það, að við viljum í reynd forðast ofveiði bæði innan þess umráðasvæðis, sem við ráðum yfir, og einnig á því svæði, sem nú er verið að taka undir íslenzka fiskveiðilögsögu. Ég er sannfærður um, að það yrði mjög til styrktar málinu og túlkun þess erlendis, ef þetta væri einnig tekið með í sambandi við þá samþykkt, sem fyrir liggur að gera um útfærslu fiskveiðimarkanna.

Ég skal ekki tefja tímann meira en þetta, en ég vildi láta þessi sjónarmið koma hér fram. Ég vil ekki undir neinum kringumstæðum liggja undir því, að ég og aðrir, sem höfum sett fram okkar sjónarmið, sem ganga lengra en till. stjórnarinnar, að við séum úrtölumenn eða dragbítar á framgang málsins. Frá því að farið var að ræða það hér á Alþ., þá hefur alltaf verið samstaða um grundvallaratriði málsins, þó að okkur hafi nokkuð greint á um hin smærri atriði, og ég vona og er sannfærður um, að svo verður einnig nú.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, tók sér þann kost að flytja framsögu fyrir allt annarri þáltill. en var á dagskrá og flutti hér alllangt mál um þá till. um landhelgismál, sem hann er 1. flm. að og er á þskj. 56. Í tilefni af ýmsu því, sem fram kom í ræðu hv. þm., fannst mér ástæða til að biðja um orðið og segja hér nokkur orð. Það hefði að vísu ekki verið óeðlilegt, fannst mér, að hv. þm. hefði gert nokkuð að umtalsefni þessa till., að því leyti til sem hún fellur beint saman við það dagskrármál, sem hér er til umr., tillögu ríkisstjórnarinnar um stefnu í landhelgismálum, en hitt fannst mér nú nokkuð mikið, sem hann varði af sínum tíma til að tala hér um það efni

þessarar till. sem fjallar í raun um allt annað en það, sem hér er til umr.

Hv. þm. sagði, að það mætti í rauninni að hans dómi líta svo á till. ríkisstj., að hún væri nánast afturhvarf frá yfirlýstri stefnu Alþ. í landhelgismálinu. Sem sagt, þegar lagt er til að færa landhelgina úr 12 mílum út í 50 mílur, þá lítur þessi hv. þm. á það sem afturhvarf. Ætli hann hafi einnig litið á það sem afturhvarf frá yfirlýstri stefnu Íslendinga í landhelgismálum, þegar við færðum landhelgina úr 4 mílum út í 12? Líklega. En þegar hann ásamt öðrum úr hans flokki flytur nú till., sem hann túlkar á þann veg, að hún gangi enn þá lengra en till. ríkisstj., þá ber þó að hafa í huga, að það fannst ekki viðbragð, hvorki hjá þessum hv. þm., — þá var hann utan þings, en hefði nú getað gert vart við sig eigi að síður, — né hjá flokksbræðrum hans hér á Alþ., að þeir fengjust til þess á s. l. þingi að ganga til móts við aðra um það að miða landhelgisstækkunina við enn þá meira en 50 mílur, að nefna ákveðna tölu og vera ekki með neitt dulmál, sem í rauninni var ekki hægt að skilja.

Eins og hér hefur þegar komið fram í þessum umr., þá þurfti ekki að vera um það ágreiningur á milli flokkanna á Alþ., að landhelgin yrði færð meira út en í 50 mílur, ef það var aðeins gert á þeim grundvelli, sem eðlilegt var að rökstyðja og sem líkur voru til að fá þjóðina til að standa saman um. En þegar svo það hefur gerzt, að stefna hefur verið mótuð, till. fluttar, málið flutt fyrir öðrum þjóðum og ríkisstj. tekið sína afstöðu til málsins, þá er léttur vandi að koma á eftir fyrir þá, sem ekki þorðu á sínum tíma að taka ákveðna afstöðu, og koma með till., sem geta litið þannig út á pappír, að þær gangi lengra. Já, og svo koma þau rök hér, að það megi búast við því, að af því að till. ríkisstj. ganga ekki lengra en svo, að miðað sé við að færa mörkin út í 50 mílur, þá megi búast við því, að síðar þurfi að koma til Alþ. og breyta þessum mörkum aftur. Ég vil spyrja hv. 5. þm. Reykv. eða meðflutningsmenn hans að þeirri till., sem hann talaði hér fyrir, hvort það sé þeirra meining, að till. þeirra sé þess eðlis, að hún leysi okkar landhelgismál um alla framtíð og það þurfi ekki að taka þau mörk upp á ný, sem sú till. gerir ráð fyrir. Getur það verið, að það sé meining þeirra? Það væri gott að fá svar við þessari spurningu. Það var líka alveg augljóst á málflutningi hv. þm., að hann efaðist nú um þetta, þegar hann kom lengra út í ræðuna, því að þá var hann farinn að gera ráð fyrir því, að auðvitað væri landgrunnið algerlega óákveðið enn þá og landgrunnsmörkin, og það mætti því búast við því, að það þyrfti að huga að þessum málum aftur síðar.

Þá sagði þessi hv. þm., að hann teldi og hefði upplýsingar um það, að það væri eins auðvelt að miða landhelgismörk við dýptarlínu eins og beinar línur á milli tiltekinna punkta, eins og hingað til hefur verið miðað við hjá okkur og öðrum, að það væri jafnvel auðveldara og hann hefði um þetta góðar upplýsingar. Ég vildi mjög gjarnan fá að vita það, hver er svo klókur að hafa upplýst hv. þm. um þetta.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að það er mjög erfitt fyrir alla, sem eiga hlut að máli, að átta sig á landhelgismörkum, sem eingöngu væru miðuð við 400 m dýptarlínu, því að því fer vitanlega víðs fjarri, að þessi 400 m dýptarlína sé þannig hrein, að það, sem verður fyrir innan þessa línu, eins og hún verður dregin í aðalatriðum, sé eingöngu dýpi, sem er minna en 400 m. Ég er ósköp hræddur um, að það yrðu meira en litlar flækjur, sem út úr því kæmu, þegar ætti að fara að sækja menn til saka fyrir það að hafa lent út af þessum dýptarmörkum á öllu því svæði, sem hér er um að ræða. Auðvitað er það útilokað með öllu, að nokkur sá, sem þekkir sæmilega til þessara mála, haldi því fram, að auðveldara sé fyrir þá, sem eiga hlut að máli, að fara eftir slíkri landhelgislínu. Eða hvernig skyldi standa á því, að við og aðrar þjóðir höfum kosið þá leið að draga ákveðnar grunnlínur og miða okkar landhelgismörk síðan við þær? Skyldi það vera einhver hending, að þannig hefur verið haldið á málum? Nei, enda var það líka svo, og það var eins og annað í málflutningi þessa hv. þm., að hann átti ekki gott með að standa á sínum fullyrðingum nema lítinn tíma, því að svo kom fljótlega að því, að hann sagði, að auðvitað væri út frá því gengið, að dregnar væru ákveðnar grunnlínur, sem miðuðust við þessi dýptarmörk, og því gæti hér alveg eins verið um beina línu að ræða eins og í hinu fyrra tilfelli.

En sú till., sem hv. þm. ræddi hér um, gerir hreint ekki ráð fyrir þessu. Hún segir hér alveg afgerandi um það, hvernig þessu skuli fyrir komið, því að í 1. lið till. segir: „Ytri mörk landgrunnsins skulu vera 400 m jafndýpislína, þangað til mörk þess verða ákveðin með lögum, en þó hvergi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínu.“ Það er þá alveg augljóst mál, að ytri mörkin eiga að vera miðuð við 400 m dýptarlínuna.

Rétt er að gera sér grein fyrir því, að þeir, sem hafa hugsað sér það, að rétt væri nú að stíga það skref að miða ytri mörk fiskveiðilandhelgi okkar við 400 m dýptarlínuna, og ætla sér einnig að miða við línur á milli slíkra útkanta landgrunnsins, þeir eru auðvitað að gera ráð fyrir ekki neinni smávægilegri breytingu, heldur stórkostlegri breytingu. Eins og ég hef bent á áður, þyrfti að færa landhelgina út í um 97 mílur fyrir Suðausturlandi til þess að ná út á yztu mörk 400 m landgrunnsins.

Það er dálítið einkennilegt, að hv. 8. landsk. þm., sem ræðir mjög um þetta, sennilega sem einhverjar leifar af kosningamáli, hann talar í sífellu um það, að skilin séu eftir nokkur svæði hér út af Vesturlandi, Faxaflóa og Breiðafirði með því að miða aðeins við 50 mílna mörkin, en það er eins og hann hafi aldrei komið auga á það, að auðvitað er skilið eftir, ef svo má til orða taka, miklum mun meira og miklum mun þýðingarmeira veiðisvæði fyrir Íslendinga við suðausturhorn landsins. Sannleikurinn er auðvitað sá, að miðað við þau mörk, sem gert er ráð fyrir í till. ríkisstj., þá verður hið friðaða svæði við landið hvergi stærra en einmitt úti fyrir Vesturlandi, út af Faxaflóa og Breiðafirði, því að það er rétt, sem talsmenn Breta benda á, að í þeim tilfellum verður landhelgislína okkar á sumum stöðum um 90—100 mílur frá landi. Það stafar af því, að þar er um stóra flóa að ræða.

Hv. 5. þm. Reykv. sagðist ekki enn hafa áttað sig á því, hvernig stæði á því, að miðað hefði verið við 50 sjómílur. Ég hef þó gert tilraunir til þess, bæði í þessum umr. og fleiri, sem átt hafa sér stað um þetta mál, að gera grein fyrir þessu, og ég hélt satt að segja, að allir þeir, sem reynt hefðu að kynna sér þessi mál nokkuð að

ráði, hefðu getað gert sér grein fyrir þessu sjálfir. 50 mílna mörkin eru þannig ákveðin, að þau ná nokkurn veginn út yfir allt það landgrunn, sem ekki standa deilur um á milli okkar og annarra þjóða, þ. e. út á ytri mörk eða út að 200 m dýptarlínu, þó ekki alveg fullkomlega og allra sízt út af Vestfjörðum. Þar nær þetta grunn enn þá lengra út, og það hefði auðvitað verið hægt að fara út í nærri 60 mílur, ef mörkin hefðu verið dregin þannig, að maður hefði tekið allra yzta punktinn, sem fannst á 200 m dýptarlínunni, og miðað síðan heildarhringinn, sem dreginn var í kringum landið, við þann allra yzta punkt. En slíkt var vitanlega mjög hæpið að gera, ef halda átti því fram með eðlilegum rökum, eins og við höfum nú fyrir okkar máli, að þetta svæði væri miðað við það landgrunn í aðalatriðum, sem við höfum hingað til staðið á og ekki eru deilur um. Ef við hefðum hins vegar valið þá leiðina að ætla að taka 400 m dýptarlínuna, þá vorum við alveg tvímælalaust komnir út á það svæði varðandi landgrunnsskýringu, sem miklar deilur standa um og við höfum ekki notað hingað til. Þó að við hefðum gert það, hefðum ekki miðað við þær till., sem hér hafa komið fram, þá hefðum við ekki fengið umtalsvert eða þýðingarmikið svæði fyrir okkur. Með 50 mílna mörkunum náum við því, sem langsamlega þýðingarmest er, og með því stöndum við fast á þeim rökum, sem við höfum flutt til þessa. Það er því í rauninni ekkert nema yfirboð hjá þeim, sem koma nú með till. um það að miða þessa útfærslu við annað.

Því er stundum haldið fram, að með því að miða mörkin við 50 mílur komi til með að verða fyrir utan þau mörk enn þá allmikið af fiskimiðum við landið, en það verður bara áfram, þó að miðað sé við 400 m dýptarlínu. Það er engu líkara en ýmsir hv. þm. trúi því, að ekki sé veiddur fiskur fyrir utan 400 m dýptarlínuna eða á dýpra vatni en 200 föðmum. Það er mesti misskilningur. Við Íslendingar og aðrar þjóðir veiðum svo að segja allan þann karfa, sem veiddur er við Ísland, á dýpri sjó, og við veiðum líka mestalla þá grálúðu, sem veidd er við Ísland, á dýpri sjó. Það er því vitanlega ekkert endanlegt mark, þó að miðað hefði verið við 400 m dýptarlínuna. Slíkt tryggir það ekki, að við hefðum tekið undir okkar einkaréttarsvæði öll fiskimið við Ísland. Það eru, eins og hér hefur oft verið bent á áður, sífellt að verða miklar breytingar í þessum efnum, nýir möguleikar til veiða á enn þá dýpra vatni. Þetta eru því engin rök í þessu máli. Spurningin er aðeins þessi: Hvað áttum við að taka stórt skref að okkar setta marki í þessum áfanga, og hvernig gátum við rökstutt það, sem við vorum að gera, á fyllilega frambærilegan máta?

Ég hef bent á það oft í sambandi við þetta mál, að till. um það að miða landhelgismörkin við dýptarlínur mundu leiða það af sér, að landhelgin yrði mjög mismunandi breið á hinum ýmsu stöðum við landið, og ég tel, að slíkt hefði verið mjög óheppilegt, og satt að segja sé ég ekki annað en að við hefðum verið að setja okkur í yfirvofandi hættu með því að halda slíku fram varðandi nokkur þýðingarmikil fiskimið við landið. Oft var á það bent og það með réttu, að þegar landhelgin var færð úr 4 mílum út í 12 mílur 1958, þá stækkaði fiskveiðilandhelgin úti fyrir Vestfjörðum tiltölulega minna en víðast annars staðar við landið, og það var rétt. Víða annars staðar var um miklu meiri útfærslu að ræða, vegna þess hvernig grunnlínur voru dregnar. En nú eru hér á ferðinni till. um það að gera þennan mismun í framkvæmd enn þá meiri en hann hafði nokkurn tíma áður verið, að hafa á nokkrum stöðum við landið yfir 90 mílna landhelgi, á fáum stöðum 70 eða 75, en á öðrum stöðum hins vegar 50. Ég er sannfærður um það, að þessi leið er óeðlileg og hún er röng og hún þjónar ekki okkar hagsmunum og hún mundi spilla fyrir eðlilegri samstöðu landsmanna, sem þó skiptir meira en allt annað í sambandi við það að koma þessu máli fram.

Ég verð að segja, að mér fannst það sérstaklega koma fram í málflutningi hv. 5. þm. Reykv., sem hér talaði fyrir till. 10 sjálfstæðismanna, að þar væru menn á ferðinni, sem væru að leggja sig fram um það að tína fram atriði, næstum að segja hugsanleg og óhugsanleg, sem í rauninni kæmu þessu máli heldur lítið við, en ættu að sýna einhverja sérstöðu. Í þessum efnum vil ég nefna það, sem hv. þm. sagði, að í 4. lið í till. þeirra væri ríkisstj. t. d. falið að halda áfram og auka þátttöku í samstarfi þjóða til þess að hindra ofveiði og tryggja Íslendingum eðlilega hlutdeild í fiskveiðum á úthöfum, þar sem íslenzkir fiskveiðihagsmunir ná til. Og hann gat þess sérstaklega, að á þetta væri ekkert minnzt í till. ríkisstj. En hvernig stendur á því, að þessi tillöguliður kemur hér fram? Hver er ástæðan? Taka Íslendingar ekki þátt í öllum þeim mögulegu stofnunum, sem hér er um að ræða og fjalla um þessi atriði? Höfum við eitthvað dregið af okkur í þessu samstarfi? Það væri fróðlegt, ef einhver af flm. till. tilgreindi það, hvað þeir ættu við í þessum efnum. Ég veit ekki annað betur en Íslendingar hafi í tíð fyrrv. ríkisstj. og enn verið aðilar að öllum þeim stofnunum, sem um þessi mál fjalla og við eigum kost á að taka þátt í, og við höfum þar reynt að berjast fyrir hagsmunum okkar eins og við höfum getað. En það er sjálfsagt að taka það fram í leiðinni, að í till. ríkisstj. sé ekki á þetta minnzt. Það er hægt að telja upp miklu fleira, sem ekki er á minnzt í till. ríkisstj.

Í þessari till., sem hv. 5. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni, segir í 2. tölulið, að ákveðin skuli friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks á landgrunninu út að ytri mörkum þess. Og síðan er því slegið föstu, að þessi friðunarsvæði skuli taka gildi 1. marz n. k. Ja, ég vil bara spyrja, hvaðan koma þeir hv. þm., sem standa að því að flytja þessa till.? Er það virkilega svo, að 10 þm. Sjálfstfl. hér á Alþ. hafi ekki fylgzt með því, sem er að gerast í þessum efnum? Vita þeir ekki, að Íslendingar hafa lagt fram till., sem hafa legið til umr. í þessari nefnd, sem hér hefur verið sérstaklega minnzt á, um friðunarsvæði á ungfisksmiðum, t. d. út af Norðausturlandi? Það liggur fyrir, að ekki hefur orðið samkomulag með þeim þjóðum, sem hér eiga hlut að máli, um þessa till. Íslendinga. Fiskifræðingar hafa verið stórkostlega ósáttir um það, hvað væri rétt að gera í þessum efnum. Og þeir hafa æ ofan í æ tekið sér frest til þess að athuga málið nánar. Nokkrar þjóðir hafa lýst yfir samstöðu með okkur í þessu máli, en aðrar verið alveg þverar á móti. Það má vera, að hv. flm. þessarar till. ætlist til þess, að við Íslendingar lýsum yfir friðun á þessum svæðum, að við bönnum okkar skipum algerlega að veiða á þessum svæðum, þó að það liggi hins vegar fyrir, að þeir aðilar, sem þarna hafa veitt mest samkv. okkar skýrslum, haldi þar áfram óáreittir sínu fiskiríi, af því að lögsaga okkar nær ekki yfir þetta

svæði. Það er, eins og ég hef sagt hér áður, fyrst tímabært að taka upp þessi mál, þegar við höfum fært okkar lögsögu út yfir þetta svæði og getum tekið í okkar hendur yfirráðaréttinn á svæðinu. Hitt er vægast sagt varhugavert að leggja það til, að við einir víkjum frá þessum miðum, sem við að vísu höfum ekki notað ýkja mikið sjálfir.

Í 3. lið þessarar till. er lagt til, að tekin verði einnig í framkvæmd 1. marz n. k. sérstök friðun á hrygningarsvæðum og sérstaklega tilnefndur Selvogsbanki. Að því leyti til sem hér er um friðun innan núverandi fiskveiðimarka að ræða, sem aðallega mundi verða, þá höfum við vitanlega lög og reglur til þess að fara eftir í þessum efnum, en okkar lög og reglur eru þannig, að við eigum varðandi slíka fiskfriðun að fara eftir till. okkar fræðimanna. Þeir hafa fjallað um þessi mál ár eftir ár, og eins og hér hefur verið skýrt frá, þá hafa jafnvel í heilan áratug legið hjá þeim till. vissra aðila um ráðstafanir í þessum efnum, en þeir hafa hins vegar ekki viljað á þær fallast. Till. um þetta efni eiga að mínum dómi harla lítið að gera inn í till., sem hér liggja fyrir varðandi okkar landhelgismál, eins og það liggur fyrir nú. Vissulega getur komið til þess, að við ákveðum meira en við höfum gert nú í dag að banna tilteknar veiðar eða banna veiðar með öllu á tilteknum svæðum innan okkar fiskveiðilögsögu. Slíkt er vitanlega mál, sem alltaf liggur fyrir að meira eða minna leyti, og er eðlilegt, að þeir aðilar, sem mest um þessi mál fjalla, þingi um það. En það er næstum að segja einkennilegt að flytja till. um það á Alþ., að 1. marz n. k. skuli ákveðin svæði friðuð, áður en farið er að eðlilegum lögum og reglum um þetta, þ. e. umsagnir okkar fiskifræðinga liggi fyrir og þeirra till., sem eiga síðan að fá staðfestingu stjórnaryfirvalda. En við höfum fullkomnar lagaheimildir til að gera þetta, þegar allt slíkt liggur fyrir.

Það voru auðvitað mörg fleiri atriði, sem voru þess eðlis, að það var full ástæða til þess að ræða um þau hér, af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, þegar hann ræddi hér um þessa till. En ég skal nú ekki ræða um þau öll.

Það, sem mér finnst skipta mestu máli í sambandi við það stórmál, sem við erum hér raunverulega að fjalla um í dag, það baráttumál okkar að fá fram umtalsverða stækkun á okkar fiskveiðilandhelgi, sem við verðum að knýja fram við harða mótstöðu ýmissa erlendra aðila, spurningin mikla er þessi: Hvernig eigum við að standa að þessu máli? Og eitt það þýðingarmesta til þess að komast eitthvað áfram í málinu er að mínum dómi það, að við þurfum að taka formlega ákvörðun um það að segja upp landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja frá 1961. Undan þessu verður ekki vikizt, ef við ætlum okkur að ná fullum sigri í þessu máli. En hvað segir hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, um þetta meginatriði þess máls, sem hér er fjallað um? Hvað sagði hann hér í sinni ræðu? Hann minntist ekki á þetta atriði frekar en það væri ekki til. Og það var alveg augljóst á því, sem hv. 1. þm. Reykv., formaður Sjálfstfl., Jóhann Hafstein, sagði hér í sinni ræðu um þetta mál í kvöld, að hann var ekki enn búinn að gera upp sinn hug í því, hvort hann vildi styðja till. um það að segja þessum samningum upp eða ekki, þó að ótvíræðar upplýsingar liggi fyrir um það, að okkar hörðustu andstæðingar í þessu máli, Bretar og Vestur-Þjóðverjar, haldi dauðahaldi í þennan samning og hóti okkur í sífellu því, að þeir muni skjóta þessu ágreiningsmáli til úrskurðar Alþjóðadómstólsins. Það er vitanlega með öllu þýðingarlaust að setja þetta mál upp á þann veg, að við óttumst eðlilega dómsmeðferð í málinu. Ef fyrir hefðu legið að okkar dómi lög, sem hægt var að dæma eftir, þá hefðum við Íslendingar tvímælalaust fallizt á það, að við yrðum að sætta okkur við dóm, sem kveðinn væri upp samkv. lögum. En það er enginn vafi á því, að við erum ekki einir um að halda því fram, að það séu engin alþjóðalagaákvæði til um víðáttu landhelgi. Allar þjóðir eru ásáttar um það, að þannig sé þeim málum varið. Það liggur því í augum uppi, að það er alveg fráleitt að fallast á þá málsmeðferð, þegar rætt er um útfærslu á okkar fiskveiðimörkum, að láta Alþjóðadómstólinn kveða upp einhvern úrskurð um það, hvað við megum ganga langt í þeim efnum.

Það var ekki hægt að heyra annað á því, sem hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, sagði varðandi þetta atriði, en hann teldi, að það væri ekki rétt að taka afstöðu til þess, hvort segja ætti upp þessum samningum eða ekki, á meðan enn færu fram samningaviðræður við Breta og Vestur-Þjóðverja, þær sem nú ættu sér stað. Þetta er að mínum dómi alveg háskaleg afstaða, og ég vil vænta þess, að hv. formaður Sjálfstfl. taki þessa afstöðu sína til rækilegrar athugunar. Auðvitað eiga þessi mál ekkert skylt. Það, hvort við náum einhverju samkomulagi fyrr eða síðar við Breta og Vestur-Þjóðverja og aðra, sem veitt hafa hér á okkar miðum, um það, með hvaða hætti útfærsla okkar gengur yfir, það er vitanlega allt annað mál, og slíkt samkomulag verður vitanlega að byggjast á því, sem við teljum okkur fært að gera í þessum efnum, en við eigum ekki að verða knúnir til neinna samninga varðandi þau atriði, vegna þess að við séum bundnir af einhverjum samningsákvæðum, sem í rauninni eru óeðlileg, eins og sakir standa a. m. k. nú. Ég tel, að það sé ómögulegt að víkja sér undan því, að það þarf að taka afstöðu til þess, hvort segja á upp þessum samningum formlega eða ekki. Og ég saknaði þess líka í ræðu hv. 8. landsk. þm., varaformanns Alþfl., að hann minntist ekki heldur á afstöðu síns flokks í þessu mikilvæga atriði málsins. Þetta er þó það, sem mestu máli skiptir, eins og nú standa sakir. Ég tel líka, að það sé ekki við annað unandi, þegar við erum nú komnir á framkvæmdastig með að færa út okkar landhelgismörk, en að það liggi ótvírætt fyrir, hvenær við ætlum okkur að færa út. Og þeir, sem enn þann dag í dag eru á því stigi, að þeir flytja hér till. á Alþ., eins og 10 þm. Sjálfstfl. gera, um það, að enn skuli málið athugað og síðar, einhvern tíma síðar skuli það ákveðið, hvenær eigi að færa mörkin út, þeir virðast ekki að mínum dómi vera enn þá komnir á framkvæmdastig.

Það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að ég tel, að enn þá hafi ekkert það komið fram, hvorki í þessum umr. né þeim, sem hér hafa farið fram áður, sem ætti út af fyrir sig að torvelda það, að núv. stjórnarandstaða og núv. stjórnarsinnar hér á Alþ. geti orðið fullkomlega sammála um meginatriði þess vandamáls, sem við erum nú við að glíma. Stjórnarandstaðan hefur lýst því yfir alveg eins og stjórnarsinnar, að hún vilji standa að því að stækka okkar fiskveiðilandhelgi, og eftir því sem ég fæ bezt skilið a. m. k. út í 50 mílur. Og um það mikilvæga

atriði, sem ég hef hér minnzt á, uppsögnina á samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja, hafa þeir ekki heldur í mín eyru sagt neitt það, sem ætti að halda þeim frá því að geta orðið okkur samferða í þeim efnum. Ég vil því vænta þess, að samkomulag geti tekizt, en ég tel, að það dragi nokkuð úr því, að eðlileg samstaða geti myndazt um meginatriði málsins, á meðan stjórnarandstæðingar hér flytja æ ofan í æ ýmiss konar till. um ýmsa þætti fiskveiðimála, sem í rauninni hljóta að vera til hliðar við það meginverkefni, sem hér liggur fyrir okkur til úrlausnar.

Ég hef sagt það hér áður í þessum umr., að ég tel, að okkar staða í málinu sé sterk. Við höfum byggt upp okkar málflutning gagnvart útlendingum á sterkan hátt. Og við byggjum það alveg á viðurkenndum reglum. Við höfum líka haldið þannig á málinu, að það er ekki hægt að halda því fram með nokkurri sanngirni, að við höfum ekki gefið þeim, sem hér eiga hlut að máli af hálfu útlendinga, nægilegan fyrirvara um, hvað til standi að gera, og við höfum einnig haldið þannig á málinu gagnvart þeim, að við höfum lýst okkur fúsa til þess að ræða við þá um það, með hvaða hætti hægt væri að veita nokkurn umþóttunartíma fyrir þá, sem hér verða fyrir mestum breytingum, en við höfum sett fram mjög eðlileg skilyrði fyrir slíkum samningum, skilyrði um það, að þá viðurkenni þeir aðilar, sem við semjum við, lögsögurétt okkar yfir þessu svæði og rétt okkar til þess að taka þá til refsingar, sem brjóta þær reglur, sem við setjum um fiskveiðar á þessu svæði.

Ég efast auðvitað ekkert um, að við getum haldið hér uppi löngum umr. um marga þætti þessara mála, sem þarf að leysa og mætti kannske leysa á annan veg en gert hefur verið. En ég get ekki séð, að ástæða sé til þess að rugla það mál, sem hér liggur fyrir, með löngum umræðum um það, en vegna þess, sem hér kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv., þegar hann talaði fyrir þeirri till., sem ég hafði sagt um í minni ræðu, að ég teldi óheppilega, þá gat ég ekki stillt mig um að gera þessar aths., og ég vil vænta þess, að hv. þm. sjái, þegar þeir athuga það mál betur, að tillöguflutningur af þessu tagi gerir ekki neitt til að styrkja málstað okkar í landhelgismálinu.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem fram hefur komið hjá ýmsum ræðumönnum í dag, að þær efnislegu umr., sem hér hafa orðið um þetta stóra mál okkar Íslendinga, bera þess greinilega vott, að á Íslandi ríkir enginn verulegur ágreiningur um endanlegt takmark í sambandi við landhelgisbaráttu þjóðarinnar. Sá ágreiningur, sem lítillega hefur gætt í dag, lýtur að minni háttar atriðum, sem ég trúi, að verði á engan hátt til þess að spilla fyrir þeirri samstöðu þjóðarinnar, sem ég tel, að nauðsynleg sé, til þess að við getum leitt mál þetta fram til sigurs.

Í fullri hreinskilni sagt tek ég ekki mjög alvarlega þær yfirboðstillögur, sem þm. Sjálfstfl. flytja nú á síðustu stundu, þegar komið er að því að ráðast í sjálfa framkvæmdina, en þá skiptir að sjálfsögðu langmestu, að þjóðin standi sameinuð.

Því hefur oft verið lýst, að stefna okkar í landhelgismálum er sú, sem mörkuð er í lögunum frá 1948, að við Íslendingar teljum okkur hafa rétt til þess að ákvarða fiskveiðilandhelgina innan endimarka landgrunnsins með setningu reglugerðar. Nú eru bæði hér á landi og eins erlendis uppi mismunandi skoðanir á því, hvernig ákvarða eigi landgrunn hinna einstöku ríkja. Og þá sorgarsögu verður að viðurkenna, að því er tekur til okkar Íslendinga, að hafsvæðið og landgrunnið í kringum landið er því miður ekki rannsakað og ekki kortlagt eins vel og skyldi, og veldur það nokkrum óþægindum í sambandi við framkvæmd laganna. Þessar mismunandi skoðanir hér á landi um, hvernig beri að ákvarða eða ákveða sjálft landgrunnið, má m. a. greinilega sjá af þeirri till. til þál., sem samþ. var 7. apríl 1971 og flutt var af þáv. stjórnarflokkum, en samkv. henni var kosin nefnd, sem átti að semja frv., sem lagt skyldi fyrir næsta þing, er kvæði á um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu. Í till. þessari er getið um það, að ytri mörk landgrunnsins skuli ákveða annaðhvort miðað við 400 m jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira, eftir því hvað hagkvæmast þykir, eins og í tillgr. segir, enda þótt manni finnist einkennilegt, að það skuli ekki liggja þegar í augum uppi, að langhagkvæmast væri fyrir þjóðina, ef framkvæmanlegt væri að miða ytri mörk landgrunnsins við möguleg hagnýtingarmörk.

En það er ekki einasta hér á landi, sem ágreiningur er um það og mismunandi skoðanir, hvernig ákvarða beri ytri mörk landgrunnsins. Þess gætir einnig mjög víða erlendis. Að vísu mun til vera samþykkt frá Genf, er getur um, að ytri mörk landgrunnsins skuli miða við ákveðna dýptarlínu eða hagnýtingarmörk, eins og í þeirri samþykkt segir. En vegna þess, hve tæknin hefur verið á óðfluga ferð áfram, hafa hagnýtingarmörkin stöðugt færzt út á dýpra hafsvæði, þannig að nú er mögulegt að vinna olíu úr jörðu eða málma af hafsbotni á a. m. k. 1000 m dýpi eða meira.

Þessar mismunandi skoðanir á því, hvar eðlilegt sé að draga ytri mörk landgrunnsins, komu einnig nokkuð vel fram í þeim umr., sem hér hafa orðið í dag. Hv. þm. Benedikt Gröndal talaði m. a. um, að ytri mörk landgrunnsins bæri að miða við 400 m dýptarlínu og hvergi skemmra frá grunnlínum en 50 sjómílur, en hann talaði líka um það, að eins væri hugsanlegt að ákvarða ytri brún landgrunnsins við 1000 m dýptarlínu. Og hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, sagði í sinni ræðu, að hann teldi eðlilegast og hagkvæmast að miða ytri mörkin við 400 m dýptarlínu. Það er sú staðhæfing, sem gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs, og langar mig til þess að segja um hana nokkur orð.

Það er öllum kunnugt, sem fylgzt hafa með þróun þjóðaréttar á þessu sviði, að þar hafa orðið mjög verulegar breytingar hin síðustu ár in í þá stefnu, að eðlilegt væri talið, að strandríki hefðu rýmri rétt en viðurkenndur hefur verið til þessa til þess að ákvarða sín fiskveiðitakmörk fjær ströndinni en áður hefur verið. Þessi þróun hefur öll borið eitt einkenni, þ. e. að þjóðirnar hafa í æ ríkari mæli hneigzt að því, að eðlilegast og hagkvæmast væri að miða fiskveiðitakmörkin við ákveðna fjarlægð frá grunnlínum eða frá ströndum viðkomandi landa. Sú kenning, sem einu sinni var uppi og hafði töluvert fylgi, að eðlilegra væri að ákvarða þessa línu, takmörk fiskveiðilandhelginnar, við ákveðna dýptarlínu, á sér æ færri talsmenn á alþjóðlegum vettvangi. Til þessa liggja eðlilegar ástæður, að

þjóðirnar eru að hverfa frá því að miða fiskveiðitakmörkin við ákveðna dýptarlínu, en aðhyllast í síauknum mæli að ákveða fiskveiðitakmörkin miðað við ákveðinn mílufjölda frá landi. Þetta stafar fyrst og fremst af því, að margar þjóðir, ekki síst þjóðir Afríku og Suður-Ameríku, hafa fyrir ströndum sínum mjög lítinn landgrunnsstöpul, þannig að ef alþjóðleg regla yrði tekin í gildi, er ákvæði, að miða skyldi fiskveiðilandhelgina við ákveðna, tiltekna dýptarlínu, mundi það í framkvæmd þýða, að fiskveiðilandhelgi þessara þjóða yrði þegar af þessari ástæðu heldur lítil og takmörkuð.

Frá því er greint í blöðunum í dag, og var um það mál viðtal við Hannes Jónsson fulltrúa í stjórnarráðinu í sjónvarpinu í gær, að á ráðstefnu 41 Afríkuþjóðar, vísindaráðs Afríkuríkja, hafði sú ákvörðun orðið ofan á í sambandi við landhelgismál og hvernig þeir ættu að standa að því að ákvarða fiskveiðilandhelgi að miða við 200 mílur frá grunnlínum og síðan ákvarða þar fyrir utan 12 mílna belti, sem strandríki hefðu takmarkaðan yfirráðarétt yfir. Í viðtali við Hannes Jónsson í dag í Morgunblaðinu er þess getið, að upphaflega hefði ætlunin verið á þessari ráðstefnu að miða fiskveiðilandhelgina við regluna 12+ 12 og 600 m dýptarlínu. Sem sagt, 600 m dýptarlína úti fyrir ströndum Afríkuríkja hefði í flestum tilfellum aðeins gefið 24 mílna fiskveiðilandhelgi. Afríkuþjóðirnar hurfu því frá þeirri kenningu og aðhyllast, eins og lýst hefur verið, reglu um, að strandríki eigi rétt á að ákvarða einhliða fiskveiðilandhelgi, er liggi allt að 200 mílur frá ströndum þeirra. Svipaða sögu væri hægt að segja um það, sem Suður-Ameríkuríkin hafa verið að gera. Þau hafa mörg hver, eins og menn vita, ákveðið stóra fiskveiðilandhelgi hjá sér eða allt upp í 200 mílur. Ég veit ekki um Suður-Ameríkuríki — þó getur verið, að mér skjátlist, — sem miða við dýptarlínu eingöngu.

Þann 18. okt. s. l. var haldin ráðstefna í Washington, þar sem voru staddir bandarískir embættismenn, sem starfað hafa á vegum hinnar svo kölluðu hafsbotnsnefndar, sem undirbýr hina alþjóðlegu ráðstefnu, sem átti að halda 1973, en hún á m. a. að hafa það verkefni að ákveða stærð eða ytri takmörk landgrunnsríkjanna og einnig stærð fiskveiðilandhelginnar. Ég hef hér á borðinu hjá mér frásögn af þessum fundi, en hann sátu ýmsir færustu menn Bandaríkjanna í þessari fræðigrein. Á þessum fundi kom það mjög greinilega fram, að þjóðirnar að langstærstum hluta aðhyllast þá stefnu í framkvæmd að ákvarða ytri fiskveiðitakmörk sín með því að miða við tiltekinn mílufjölda frá grunnlínum. Og það kemur fram í fundargerð þessarar ráðstefnu, að Bandaríkjamenn telja, að fylgi þjóða við 200 mílna fiskveiðilandhelgi sé talsvert meira en þeir vissu fyrir síðasta fund hafsbotnsnefndarinnar. Ég nefni þessi dæmi til þess að sýna fram á það, að í sambandi við þjóðarétt og ákvörðun fiskveiðilandhelgi er yfirgnæfandi meiri hluti ríkjanna, sem aðhyllist þá skoðun, að fiskveiðitakmörkin skuli miða við ákveðinn mílufjölda frá grunnlínum.

Ég hef flutt á undanförnum þingum ásamt fleiri þm. úr Framsfl. till. um það, að við Íslendingar hefðum sem nánast samstarf við þær þjóðir á erlendum vettvangi, sem berðust fyrir sem rýmstri fiskveiðilandhelgi. Við eigum hagsmunalega samstöðu með þessum þjóðum, og því tel ég það mikið atriði, að við reynum að haga málflutningi okkar og baráttu fyrir okkar fiskveiðilandhelgi í sem mestu samræmi við hagsmuni þessara þjóða, að svo miklu leyti sem það fer ekki beint gegn okkar eigin hagsmunum. Þegar af þessari ástæðu tel ég einsýnt, að við hljótum að fylgja þeirri meginreglu, sem þjóðir heims aðhyllast að langsamlega stærstum hluta, að miða fiskveiðilandhelgi okkar við ákveðinn mílufjölda frá grunnlínum. Hér kemur svo annað til, sem gerir þetta eðlilegt. Eitt af verkefnum hafréttarráðstefnunnar 1973, sem nú er vitað, að verður ekki haldin fyrr en í fyrsta lagi 1974 og kannske ekki fyrr en 1975, er það að ákvarða, hvar skuli vera endimörk landgrunns ríkja og hvar skuli taka við hið alþjóðlega hafsbotnssvæði, sem á að setja undir alþjóðlega stjórn og nytja fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þróunarlöndin í heiminum. Þarf að ákvarða, hvað hið alþjóðlega hafsbotnssvæði er stórt, og gerir það nauðsynlegt, að einhver regla, almenn regla gildi um það, hvernig ákvarða skuli landgrunn einstakra ríkja. Það liggur í augum uppi, að það verður að keppa að því að setja um það eins almenna reglu og mögulegt er. Og þá er, af ástæðum, sem ég vék að áðan, ekki hægt að miða við dýptarlínur, því að hafsbotninn fyrir ströndum hinna einstöku ríkja er svo misjafnlega djúpur.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil bara taka undir þá skoðun, sem hér hefur komið fram, að ég er því sammála að fara ekki lengra í næsta áfanga útfærslu en í 50 mílur. Er það að mínu viti hagkvæmt og eðlilegt og líklegra til þess, að við komumst í gegn með það, heldur en það að ætla sér að vera með einhverjar yfirboðstillögur og ætla sér að ganga enn þá lengra. Við höfum unnið okkar landhelgissigra í áföngum, og ef við getum á næsta ári fært fiskveiðilandhelgi okkar úr 12 sjómílum í 50 sjómílur, þá er það árangur, sem ekki ber að gera lítið úr. Með því aukum við það hafsvæði í kringum landið, sem við höfum einkalögsögu á, meira en við höfum áður gert í einu skrefi.

Ég vil taka undir skoðun, sem ég sá í Fiskaren í dag, að vísu í gömlu blaði, en í viðtali, sem norskur blaðamaður á við Jóhann J. Kúld um fyrirhugaða útfærslu Íslendinga á fiskveiðilögsögunni, segir hann, að með því að stíga skrefið í þetta skiptið ekki lengra en í 50 sjómílur sýnum við þó öllum þeim þjóðum, sem kunna að berjast á móti okkur Íslendingum í þessu, að við fylgjum okkar stefnu fram með fyllstu aðgætni. Við förum hvergi lengra en við höfum ótvíræðan rétt til samkvæmt okkar eigin lögum með því að stíga skrefið ekki lengra.

Ég held, eins og aðstæður eru í heiminum í dag, að það sé hyggilegt að miða við þetta skref, og ég trúi vart öðru en því, að hv. alþm. geti við nánari yfirvegun og íhugun fallizt á það, að hagkvæmast sé fyrir okkur að standa saman um það á næsta ári. Ég trúi því, að á alþjóðavettvangi eigi eftir að verða mjög verulegar breytingar á þjóðarétti í þá stefnu að viðurkenna enn stærri fiskveiðilandhelgi ríkja eins og okkar, en sem nemur 50 sjómílum. Þetta verður kannske ekki næstu fimm árin, en mér er nær að trúa, að á 5—10 ára tímabili hér í frá muni verða komin alþjóðleg regla, sem heimili okkur á grundvelli alþjóðalaga að stíga skrefið út í 200 sjómílur með ákvörðun fiskveiðilandhelginnar umhverfis Ísland.

Jón Árnason: Herra forseti. Segja má, að af hálfu Alþ. sé nú að komast á lokastig endanleg ákvörðun um það, hver verði næsti áfangi Íslendinga í útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Það hefði þó mátt búast við, að málið hefði að þessu sinni borið að með öðrum hætti en raun ber vitni. Svo sem kunnugt er, var á s. l. Alþ. kosin nefnd, svokölluð landhelgisnefnd, sem í áttu sæti fulltrúar frá öllum þingflokkunum. Hlutverk landhelgisnefndar skyldi vera að semja frv. til laga um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar þess. Skyldi nefndin hraða störfum sínum sem unnt væri og leggja fram umrætt lagafrv. á yfirstandandi Alþ. Ekki var annað vitað en að fullt samkomulag væri um skipun nefndarinnar og hefur hún starfað nokkuð, þó að verkefni sínu hafi hún ekki skilað enn sem komið er.

Það var með tilliti til þessa, sem ég sagði í upphafi máls míns, að búast hefði mátt við, að landhelgismálið bæri að með öðrum hætti að þessu sinni en raun ber vitni. Á það hefur verið lögð áherzla, að nauðsynlegt sé, að Alþ. og reyndar öll íslenzka þjóðin standi saman sem órofa heild í þessu lífshagsmunamáli sínu. Með skipan landhelgisnefndar var þessi stefna undirstrikuð og mörkuð af fyrrv. ríkisstj. Það var því ekki óeðlilegt, þó að almennt væri við því búizt, að umrætt lagafrv. um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar þeirra auðlinda, sem í hafinu eru yfir sjálfu landgrunninu, væri lagt fram af hálfu landhelgisnefndarinnar þegar á fyrstu dögum yfirstandandi Alþ. Þessu er þó ekki að heilsa enn sem komið er, en þess í stað flytur ríkisstj. till. sína eða þeirra flokka, sem í stjórnarandstöðu voru á síðasta þingi, frá orði til orðs óbreytta og gerir enn sem komið er litla tilraun til þess að mynda samstöðu um málið. Ég verð þó að segja, að sá samstarfsandi, sem ég tel, að hafi falizt í orðum hæstv. félmrh. og hæstv. utanrrh. í ræðum þeirra hér fyrr í kvöld, gefi nokkra von um, að innan ríkisstj. séu öfl að verki, sem í alvöru vilja ná samstöðu um afgreiðslu landhelgismálsins.

Hæstv. sjútvrh. hélt því fram í ræðu sinni hér fyrr í kvöld varðandi það ákvæði, sem fram kemur í 2. tölulið í þáltill. á þskj. 56, um að ákveðin skuli friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks á landgrunninu allt út að ytri mörkum þess o. s. frv., eins og þar segir, að við gætum ekki sett slíkar friðunarreglur, svo að nokkru gagni kæmi, fyrr en við hefðum fært fiskveiðilandhelgina út í 50 sjómílur. Um þetta mál eru að sjálfsögðu eitthvað skiptar skoðanir, en ég fullyrði, að slíkar friðunarráðstafanir, sem felast í þáltill. á þskj. 56, eiga fullan stuðning mikils meiri hluta sjómanna og útgerðarmanna og reyndar allrar íslenzku þjóðarinnar. Um slíkar friðunarráðstafanir, bæði á vissum hrygningarstöðvum hér við Suðvesturlandið og þar sem vitað er um þýðingarmiklar uppeldisstöðvar ungfisks við strendur landsins á svæðum utan 12 mílnanna, hefur oft verið rætt, þó að þær hafi enn sem komið er ekki komið til framkvæmda nema að takmörkuðu leyti innan 12 mílnanna, og þá má minna sérstaklega í því sambandi á friðun Faxaflóa, sem Alþ. samþykkti einróma á síðasta þingi. Þeir eru margir, sem halda því fram, að ef við ákvæðum slíkar friðunarráðstafanir á víðtækara sviði, sem er einnig takmarkað við okkar eigin skip, þá mundi það mælast vel fyrir hjá öðrum fiskveiðiþjóðum og að það sýndi betur en flest annað, hvað hér væri mikil alvara á ferðum og nauðsyn þess að vernda ungfiskinn fyrir rányrkju, sem getur fyrr en varir haft alvarlegar afleiðingar fyrir fiskstofnana.

Á þessari þáltill. á þskj. 56, sem hv. 5. þm. Reykv. gerði að umtalsefni í sinni ræðu og vék allítarlega að, virtist hæstv. sjútvrh. hneykslast. Hæstv. ráðh. gat þess þó ekki, að þessi ummæli voru sögð í sambandi við þau orð, sem hæstv. forsrh. viðhafði um þáltill. á þskj. 56 í sinni framsöguræðu fyrir till. ríkisstj. Hann minntist hins vegar ekkert á og sá ekkert athugavert við það, að þessi hæstv. framsögumaður ríkisstj. í landhelgismálinu gerði þessa sömu till. að umræðuefni í sinni ræðu.

Þá spurði hæstv. sjútvrh. að því í ræðu sinni hér áðan, hvort þessi till. okkar sjálfstæðismanna væri að okkar dómi lokatakmark Íslendinga í landhelgismálinu. Það getur hæstv. sjútvrh. séð, að slíka túlkun er hvergi að finna í till., og ég vil taka það fram, að það er mín skoðun, að hér sé aðeins um áfanga að ræða, enda er nú um þá þróun að ræða í stækkun fiskveiðilögsögu hinna ýmsu fiskveiðiþjóða, að allt bendir til þess, að fiskveiðilandhelgi strandríkja verði í náinni framtíð miklum mun stærri en hér um ræðir af hendi Íslendinga að þessu sinni.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ef til þess kæmi, að till. sjálfstæðismanna yrði samþ., þá væri hér um stórkostlega stækkun að ræða eða allt að 95 mílum fyrir Suðausturlandinu. Það skyldi þó ekki vera svo, og því vil ég ekki trúa, að stjórnarliðar vilji ekki fallast á þá yfirlýsingu, sem fram kemur í till. sjálfstæðismanna, um að stækkun fiskveiðilögsögunnar nái til landgrunnsins alls, að það megi ekki samþykkja hana, vegna þess að þá sé um svo stórkostlega stækkun að ræða. Í sambandi við þessar friðunarráðstafanir, sem við leggjum til, að séu tengdar þessari samþykkt um stækkun landhelginnar og komi til framkvæmda 1. marz n. k., sagði ráðh. enn fremur, að um slíkar ráðstafanir væri ekkert samkomulag milli þjóða. Hér er þó verið að tala um ráðstafanir, sem gera þarf viðvíkjandi landgrunninu. Við höfum samkv. landgrunnslögunum litið svo á til þessa, að við gætum gert slíkar ráðstafanir, þegar við teldum, að brýn nauðsyn væri til þess að gera það.

Ég hygg, að flestir geti verið sammála um, að samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þá sé gengið svo nærri fiskstofnunum, ef ekki verða einhverjar takmarkanir gerðar á þessum sviðum og dregið úr þeirri sókn, sem nú á sér stað, að voði sé fyrir dyrum. Ég held, að við Íslendingar eigum að vera einarðir á þessu sviði ekki síður en við að færa út okkar fiskveiðilögsögu. Við skiljum það betur en flestir aðrir, hvað hér er um brýna nauðsyn að ræða til verndunar fiskstofnunum, og þess vegna eigum við að taka þá ákvörðun sjálfir að lýsa yfir verndun á þessum uppeldisstöðvum ungfisks. Með því að við sýndum það í verki, að við vildum einhverju fórna sjálfir og takmarka veiðar okkar eigin skipa, er ekki ótrúlegt, að aðrar þjóðir muni taka tillit til þessa og haga aðgerðum sínum með hliðsjón af því.

Herra forseti. Ég vil að lokum vænta þess, að um leið og hv. utanrmn., sem fær mál þetta til meðferðar, tekur til athugunar þá till., sem hér er til umr., þá athugi hún einnig gaumgæfilega efni þáltill. á þskj. 56 og tengi saman við heildarmálið þau efnisatriði, sem þar koma fram.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal

ekki lengja þessar umr. mikið, en áður en þeim er lokið, vil ég þakka talsmönnum stjórnarandstöðunnar undirtektir þeirra. Ég vil skilja þeirra ummæli á þann veg, að þeir hafi tekið undir og fallizt á þau meginmarkmið, sem sett eru fram í þessari þáltill., sem hér er til umr., þar sem stefna ríkisstj. er mörkuð. Ég gat a. m. k. ekki skilið hv. talsmann Alþfl. á annan veg en þann, að Alþfl. mundi verða algerlega með í þessu máli með því fráviki einu, sem hann tiltók, og ég vil skilja hv. 1. þm. Reykv. á sömu lund, þó að það sé rétt, að hann tæki ekki beina afstöðu til þess atriðis í þessari till., sem fjallar um uppsögn landhelgissamninganna. En hann tók heldur ekkert af í því efni. Þetta tel ég mjög mikils vert og tel rétt að telja það höfuðatriði þeirra umr., sem hér hafa farið fram, vegna þess að við skulum alveg gera okkur grein fyrir því, að það er rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það er fylgzt með þessum umr. og það er tekið eftir þeim, ekki aðeins hér á landi heldur og erlendis. Og eftir þetta geta önnur ríki ekki verið í vafa um það, að allir Íslendingar standa saman um meginlínuna í þessu mikla lífshagsmunamáli okkar. Og þetta er raunar þegar ljóst af því, sem fram hefur komið hjá hv. stjórnarandstæðingum, sem eðlilega hafa gert nokkrar aths. En þær aths. hafa þá einna helzt lotið að því, ef ég hef rétt skilið, að það væri eiginlega ekki gengið alveg nægilega langt í till. ríkisstj. Þeir vildu jafnvel ganga lengra, og þeir töldu sína till. um þetta efni ganga lengra, a. m. k. í sumum efnum. Nú fellst ég ekki á þessa túlkun, en hún sýnir þó ótvírætt viðhorf stjórnarandstæðinga til þessarar þáltill., sem hér er til umr. Eftir þetta geta engir utanlands gert sér neinar tálvonir um það, að koma muni til ágreinings á milli stjórnarliðs og stjórnarandstöðu í þessu máli. Og það mun ekki verða að vænta neinnar tilslökunar í því. Eins og ég sagði, þá tel ég þetta langsamlega mikilsverðasta atriðið, sem fram hefur komið í þessum umr., og þó að hér hafi komið fram nokkrar aths., sem gætu gefið mér tilefni til nokkurra andsvara, þá skal ég ekki fara langt út í það, því að ég tel, eins og ég tók rækilega fram í minni frumræðu, mjög mikilsvert, að það geti skapazt fullkomin samstaða um þetta mál. Og ég fyrir mitt leyti mun reyna að halda þannig á því, og ég þykist hafa gert það.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði að vísu, að það hefðu reynzt einhver vandkvæði á, hvernig samráð hefðu verið í landhelgisnefnd, og nefndi í því sambandi sérstaklega það, að þessi þáltill., sem hér er til umr., hefði fyrst verið sýnd þeim þrem dögum fyrir þingsetningu. Ég kannast nú ekki við, að það hafi verið nein vandkvæði á samstarfi og samráði í landhelgisnefnd, og ég vil a. m. k., að svo sé ekki, og þessi landhelgisnefnd mun starfa áfram, og hún mun fá þær skýrslur, sem gefnar verða t. d. af embættismönnum, sem taka þátt í viðræðunum, og hún mun verða kölluð saman öðru hvoru, þangað til ný landhelgisnefnd hefur þá tekið til starfa samkv. þeirri þáltill., sem hér hefur verið lögð fram og er nú til umr. og væntanlega verður síðar samþykkt. Og hverjum og einum í landhelgisnefnd jafnt stjórnarliðum sem stjórnarandstæðingum er hvenær sem er í lófa lagið að óska eftir fundi í landhelgisnefnd, og ég mun verða við slíkum tilmælum, ef eftir því er óskað og þeir telja ástæðu til. Hvað því viðvíkur, að þeir hafi fyrst séð þessa þáltill. þrem dögum fyrir þingbyrjun, þá er því til að svara, að það hefur aldrei farið dult af minni hálfu og aldrei farið dult í landhelgisnefnd, að leitað mundi verða staðfestingar Alþ. á því ákvæði í stjórnarsáttmálanum, sem lýtur að landhelgismálinu. Það var löngu vitað í landhelgisnefnd, að það mundi verða lögð fram þáltill. um þetta efni, og stjórnarandstæðingar í landhelgisnefnd óskuðu einmitt eftir því að fá að sjá þessa till., þegar frá henni hefði verið gengið, og við þeim tilmælum var orðið þremur dögum fyrir þingbyrjun, þá var þeim sýnd hún ásamt grg. Ég held þess vegna, að þeir hafi ekki neina ástæðu til að kvarta í þessu efni. Ég hef, eins og ég sagði áðan, alltaf lagt á það ríka áherzlu, að það væri höfð sem mest samstaða í landhelgismálinu og það væri mikil nauðsyn, að það væri höfð samstaða. Ég ritaði um það sérstaklega í minni síðustu áramótagrein, hvílík nauðsyn það væri, að samstaða myndaðist um þetta mál, en þá undirstrikaði ég það og sagði alveg sérstaklega, að menn yrðu að gera sér það ljóst, að það geti aldrei orðið samstaða um að gera ekki neitt, og það var það, sem strandaði á s. l. vor, að till. hæstv. ríkisstj. þá var með þeim hætti, að við töldum, að þar væri svo margt óákveðið og svo margir lausir endar, að það væri ekki hægt að fallast á hana og það gæti ekki orðið samstaða um hana af þeim ástæðum.

Þar var m. a. talað um það, að landhelgisnefndinni, sem kosin var af Alþ., ætti að fela skilgreiningu á landgrunni Íslands miðað við sem næst, eins og segir í till., með leyfi forseta: „400 m jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki.“ Þetta er nú nokkuð mikið ef og eða. En það skal ég ekki fara að rifja hér upp frekar. Samt sem áður vekur það náttúrlega nokkra undrun manns, að þeir, sem að þessari till. stóðu, skuli nú hafa áttað sig og geta sagt þetta allt með ákveðnari orðum í þeirri till., sem þeir hafa nú flutt á Alþ., þar sem þeir slá því föstu, að ytri mörk landgrunnsins skuli vera 400 m jafndýpislína.

Hv. 1. þm. Reykv. óskaði eftir skýringu á þeim orðum, sem ég lét falla á þá lund, að þeir, sem nú færu að hengja sig í aukaatriði í sambandi við þetta mál og stofna þannig til ágreinings, gengju erinda útlumanna. Ég held, að þessi ummæli þurfi út af fyrir sig ekki neinnar skýringar við. Ég lít svo á, að eftir að stefnan hefur verið mörkuð í þessu máli og menn eru sammála um þá meginlínu, sem þar er um að tefla, þá sé það óvinafagnaður, að menn fari að deila um aukaatriði, sem geta verið fullkomið álitamál, og ég held, að þeir, sem það færu að gera, þjóni alveg sama tilgangi og útlumenn í þessu máli. En til þess að koma í veg fyrir misskilning, þá skal ég taka það skýrt fram, að í þessum ummælum mínum átti ekki að felast og fólst ekki aðdróttun til eins eða neins utan þings eða innan. Þau voru mælt sem aðvörunarorð, sem ég vona, að menn hugleiði.

Það hefur aðeins komið fram hér, að menn hafa látið í ljós undrun yfir því, að till. okkar nú skuli vera samhljóða þeirri þáltill., sem við fluttum á síðasta Alþ. Þessu hefur nú raunar þegar verið svarað, svo að ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum, en ég held, að menn hljóti að átta sig á því, þegar þeir hugleiða þetta, að það hefðu beinlínis verið svik af okkar hálfu, ef við

hefðum ekki lagt málið fyrir Alþ. í þeirri sömu mynd sem við lögðum það fyrir kjósendur, þeirri sömu mynd sem við túlkuðum það fyrir kjósendum. Við teljum, að kjósendur hafi alveg sérstaklega falið okkur umboð til þess að vinna að málinu á þeim grundvelli. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um það.

Það voru nokkur atriði í ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem ástæða var til að gera aths. við, en þær hafa raunar þegar verið gerðar af hæstv. sjútvrh., þannig að ég skal ekki endurtaka það, en ég vil þó aðeins almennt segja það, sem ég sagði reyndar skýrt í minni frumræðu, að stefna ríkisstj. og þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, er byggð á landgrunnsstefnunni. Ég lít svo á, og ég túlka landgrunnslögin frá 1948 svo, að þá hafi Íslendingar í raun og veru lýst yfir yfirráðarétti sínum á öllu landgrunninu, enda þótt þeir svo smám saman taki í verki undir sína fiskveiðilögsögu ákveðna hluta af þessu landgrunni. Hv. þm. spurði í því sambandi: Hvers vegna eru 50 sjómílur nefndar nú? Ja, hvers vegna voru 4 sjómílur nefndar á sínum tíma? Hvers vegna voru 12 sjómílur teknar á sínum tíma? Þannig má alveg eins spyrja. Þetta hefur verið gert í áföngum, og þetta hefur verið gert samkvæmt og í samræmi við og með skírskotun til landgrunnslaganna. Og stefnan nú hefur í þessum áfanga verið mörkuð þannig, að við bindum okkur við 50 sjómílur, en áreiðanlegt er það, að ef í tæka tíð, t. d. s. l. vor, hefði verið leitað samstarfs og samráðs við okkur um það að fara lengra en í 50 sjómílur, þá efast ég ekki um, að samkomulag hefði getað orðið um það atriði. En það var þá ekki fyrir hendi, þá voru hv. stjórnarandstæðingar, sem nú eru, ekki reiðubúnir til þess að segja neitt ákveðið í þessu efni, eins og það upphafsákvæði í þáltill. þeirra, sem samþ. var og ég las upp áðan, gefur greinilega til kynna.

Við byggjum á landgrunnskenningunni, og þess vegna hefur einmitt verið í okkar málflutningi og er í okkar málflutningi lögð áherzla á, að það sé eðlilegt, að saman fari rétturinn til auðæfa á og í botni landgrunnsins og náttúruauðlinda, sem eru í hafinu fyrir ofan landgrunnið. Og ég held, að það sé ekki rétt, að okkar málstaður hafi verið túlkaður á veikari grundvelli en þurft hefði að vera, en það kom fram hjá hv. 3. þm. Sunnl., að hann teldi, að svo væri og átt hefði að leggja höfuðáherzlu á þetta atriði og það eitt, að mér skildist, hefði átt að duga í þessu sambandi. En ég verð nú að segja það, að ef það hefði verið ráðandi stefna hjá fyrri ríkisstj., þá hefði verið eðlilegt, að þetta sjónarmið hefði komið fyrr fram og þá t. d. í sambandi við setningu landgrunnslaganna 1969, þar sem Íslendingar helguðu sér botninn á landgrunninu. Og ef þá hefði verið ríkjandi þetta sjónarmið, sem mér virtist vera hjá þm. og hann taldi, að nú ætti að leggja höfuðáherzlu á, þá hefði vissulega átt að stíga skrefið þá og taka fiskimiðin með, en það var ekki gert. Hitt er rétt, að þetta á að vera mjög sterkur þáttur í málflutningi okkar, og hann er það, því að ég er alveg sammála þeim rökum, sem hafa komið fram um það, að auðvitað er eðlilegt, að þetta tvennt fari saman, og ég hef líka þá trú, að það hljóti að koma að því, að regla í þessa átt verði viðurkennd alþjóðaregla.

Það má auðvitað segja, að alltaf geti eitthvað orkað tvímælis. Eins og ég sagði áðan, geta sum atriði í sambandi við þetta mál verið álitamál. Ég segi það t. d., að út af fyrir sig er gildistökudagurinn 1. sept. 1972, eins og einhver sagði áðan, út af fyrir sig er hann ekki neinn heilagur dómur. Það hefði svo sem mátt nefna einhvern annan dag. En þessi dagur var nefndur, og hann hefur verið ákveðinn, og það er á engan hátt óeðlilegt að miða við hann, þó að aðalatriðið væri auðvitað það, að örugglega væri frá þessu öllu gengið, áður en hafréttarráðstefnan væri haldin. En þegar hann hefur verið ákveðinn, þá er rétt og heppilegast að halda sig við hann, og það getur aldrei gert þessu máli gagn að fara nú að fitja upp á öðru í því efni. Og þess vegna verð ég að segja það, að ég er hissa á því ákvæði, sem er í þáltill. þeirri, sem sjálfstæðismenn hafa hér lagt fram, sem er á þá lund, að gildistökudagurinn skuli ekki ákveðinn, heldur skuli þetta yfirstandandi Alþ. síðar ákveða hann. Þetta finnst mér nú vægast sagt vera dálítil krókaleið. Eru menn ekki búnir að átta sig á því nú, og eru menn virkilega ekki tilbúnir til þess að ákveða og nefna tiltekinn dag í þessu sambandi? Hvers vegna á að fresta þessu? Í þessari sömu þáltill. er þó önnur dagsetning, 1. marz, og þá er gert ráð fyrir, að þann dag megi ákveða vissar aðgerðir. Nei, ég held, að um svona atriði eigum við einmitt ekki að deila nú.

Hér hefur talsvert verið talað um friðunaraðgerðir, og ég tel sjálfsagt að gefa því gaum út af fyrir sig. Við þurfum sjálfsagt að huga mjög vel að friðunaraðgerðum. En eins og hér hefur verið sýnt fram á, er það ekki á valdi okkar Íslendinga að ákveða einhliða um friðunaraðgerðir verndaraðgerðir utan fiskveiðimarkanna, þó að á landgrunninu sé. Til þess þarf samkomulag og samning við aðrar þjóðir. Það hefur verið reynt að ná samstöðu um það efni. Það hefur ekki tekizt. En þegar við höfum ákveðið að færa fiskveiðimörkin út og þegar það hefur komið til framkvæmda, þá er það á okkar valdi að ákveða þær friðunaraðgerðir og þær verndaraðgerðir innan fiskveiðimarkanna, sem við teljum eðlilegar og nauðsynlegar. En útfærsla fiskveiðimarkanna er einmitt óhjákvæmileg forsenda fyrir því, að við getum gripið til friðunaraðgerða á þessu svæði. Þess vegna er það í raun og veru og getur ekki orðið annað en fróm ósk að samþykkja till. um friðunaraðgerðir utan fiskveiðimarka. Og þess vegna var það ekki heldur og er ekki heldur annað en fróm ósk, sem felst í þeirri þáltill., sem samþ. var á síðasta Alþ., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Alþingi felur ríkisstj. að undirbúa nú þegar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunnssvæðinu utan 12 mílna markanna, þar sem viðurkennt er, að um helztu uppeldisstöðvar ungfisks sé að ræða."

Þessi þáltill. var samþ. á Alþ. 7. apríl s. l., en fyrrv. stjórn sat að völdum til 14. júlí. Mér er ekki kunnugt um það, hverjar ráðstafanir hún hefur gert til þess að framkvæma þá fyrirskipun, sem felst í þessari þál. Það er ekki heldur ætlazt til þess, að hún hafi gert neinar ráðstafanir í þá átt, af því að það var ekki á hennar valdi nema með þeim hætti, sem reglur eru til um og hæstv. sjútvrh. vék að hér áðan.

Ég skal nú, herra forseti, ekki fara lengra út í þetta. Þó að sitthvað fleira hafi komið fram í þessum umr., þá skal ég ekkert vera að elta ólar við það. Ég met hitt svo miklu meira, að það er kominn fram í þessum umr. sá samstarfsvilji, sem er okkur mjög mikils virði.

Ég ætla ekki hér að fara að gefa neinar yfirlýsingar um það, hvernig ég met stöðuna á alþjóðavettvangi í dag, framar en kom fram í minni frumræðu. Að því vék hv. 1. þm. Reykv. En hitt vil ég segja, að þrátt fyrir alla bjartsýni veitir okkur áreiðanlega ekki af að standa saman í þessu máli.

Áður en ég lýk máli mínu, verð ég aðeins að minnast á ummæli hv. þm. Jóns Árnasonar, 2. þm. Vesturl., sem mér voru algerlega óskiljanleg. Hann lét að því liggja, að ég hefði í framsöguræðu minni minnzt á þá þáltill., sem fyrir liggur á þskj. 56. Ég minntist ekki einu einasta orði á þessa þáltill., hvorki sem yfirboð, undirboð eða neitt annað, og ég ætla ekki að tala um hana frekar. Hún er ekki á dagskrá hér. Ég vil þó segja það, að ég vil líta á þá till. þannig, að hún loki út af fyrir sig ekki leiðum til samstarfs í þessu máli. En hún verður sjálfsagt rædd á sínum tíma, og henni verður vísað til utanrmn., og þá mun utanrmn. að sjálfsögðu um hana fjalla. En þetta hlýtur að hafa byggzt á einhverri misheyrn hjá hv. þm., að hann hafði þessi ummæli eftir mér.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vil enn á ný endurtaka það, að ég er yfirleitt þakklátur talsmönnum stjórnarandstöðunnar fyrir þeirra undirtektir, og ég er sannfærður um, að eftir því verður tekið á erlendum vettvangi, að það liggur eftir þetta alveg *ljóst fyrir, að það er full samstaða og eining á meðal* Íslendinga um meginstefnuna í þessu máli og það verður ekki hvikað frá útfærslu. Það er það atriði, sem mestu skiptir, og það er þýðingarmikið fyrir okkur Íslendinga að standa algerlega saman um þetta mál. Og þá er ég sannfærður um það, að við vinnum sigur í þessu máli, en við skulum ekki gera okkur neinar gyllivonir um það, að sá sigur verði auðunninn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. *Allir hv. alþm.*, sem hér hafa rætt í dag um þetta mikla mál málanna, hafa lagt ríka áherzlu á nauðsyn algerrar samstöðu og þjóðareiningar um lausn þess. Benda þessar yfirlýsingar eindregið í þá átt, að allir séu sammála í meginatriðum. Þetta er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni og spáir góðu. Takmarkið í þessum efnum er landgrunnið allt. Þessi stefna var mörkuð með landgrunnslögunum frá 1948, eins og oft hefur verið tekið fram. Þennan rétt Íslendinga er auðvelt að rökstyðja, en hitt er erfiðara, að afla honum alþjóðaviðurkenningar. Bent hefur verið á rétt strandríkis til hafsbotns undan ströndum þess, en sá réttur hefur þróazt ört á undanförnum árum og notið vaxandi viðurkenningar. En í raun og veru hefur Ísland sérstöðu fram yfir flest eða öll strandríki, eins og hæstv. forsrh. benti á. Það er eyland, og sérstaða eyríkis í miðju úthafi á norðurhjara heims er einstök í veröldinni. Að mínum dómi er því síður en svo óeðlilegt, að við Íslendingar færum óvenjuleg og veigamikil rök fyrir okkar málstað. Ég á þar við hin ljósu rök, sem nefnd hafa verið, hin efnahagslegu, líffræðilegu og sögulegu, til að helga okkur og hagnýta landgrunnið allt í stað þess að heyja langa og stranga baráttu fyrir 50 mílna áfangamörkum, sem nánast eru sett af tilviljun, að því er bezt verður séð. Þegar þar við bætist, að rök þau, sem skírskota til landgrunnsins alls, — þ. e. fram á brún þess stöpuls, sem landið hvílir á, — virðast ná mun betur eyrum og áhuga þeirra þjóða, sem mestu máli skiptir að viðurkenni rétt okkar, þykir mér einsýnt, að þegar beri að stefna að markinu og stíga skrefið til fulls. Enn er þess að geta, að verði aðeins miðað við 50 sjómílur, lendir stór skák af landgrunninu utan þeirra marka fyrir svo að segja gjörvöllu Vesturlandi. Er það uggvekjandi staðreynd fyrir sjómenn vestanlands, sem þarna geta lent í erfiðri aðstöðu fram yfir aðra landsmenn, svo sem auðséð má verða að athuguðu máli.

Það má vel vera, að við glötum engum rétti, þó að við teygjum okkur ekki nú til endimarka landgrunnsins. En reynslan hefur sýnt, að barátta þessi er það erfið, að hún hefur einungis verið háð með löngum hvíldum. Átakanlegasta dæmið er það, að ákvæði gamla samningsins frá 1901 skyldu standa óhreyfð allar götur fram á fimmta tug aldarinnar eða þar til Ólafur Thors lét taka málið upp í tíð nýsköpunarstjórnarinnar, en í framhaldi af þeirri ákvörðun urðu til hin margumræddu lög frá 1948 um vísindalega verndun landgrunnsins.

Hæstv. sjútvrh. sagði um till. sjálfstæðismanna á þskj. 56, að hún væri „ótímabær og óheppileg". Þessu er mótmælt með vísun til þess, sem ég hef nú vikið að. Enn fremur sagði hann, að gæzla samkv. þeirri till. yrði óframkvæmanleg. Annað hafa sjómenn sagt í minni áheyrn. Hann sagði enn fremur: „Okkar sterkasta vopn er samstaða okkar allra, sterkari en öll erlend herskip." Og hæstv. félmrh. fagnaði einhug þeim, sem ríkti um málið, og tók sér í munn orð skáldsins: „Þagni dægurþras og rígur." Þessi ummæli verð ég að telja, að viti á gott. Ég vona, að þau megi skilja á þann veg, að hv. *stuðningsmenn ríkisstj. muni leggja fram alla krafta* sína ásamt stjórnarandstæðingum til að ná fullri samstöðu í nefndum þeim, sem þetta mál verður falið til umönnunar og afgreiðslu á komandi dögum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. vegna afstöðu hæstv. sjútvrh. varðandi 2. og 3. lið í till. sjálfstæðismanna á þskj. 56. Ég verð að segja, að mér kom afstaða hans í sambandi við þessa tvo liði mjög á óvart og verð að harma það, *ef hann er nú allt í* einu kominn á þá skoðun, að ekkert megi gera til friðunar nema fyrir liggi álit og samþykki fiskifræðinga, hvort heldur er innlendra eða erlendra. Ég er alveg sannfærður um, að hæstv. ráðh. er það mjög vel kunnugt, að álit sjómanna og útgerðarmanna, sem veiðar stunda á hrygningarsvæðunum hér sunnanlands, stangast mjög á við álit fiskifræðinga í þessu sambandi. Ég gat þess í fyrri ræðu minni í kvöld, að maður yrði þess greinilega var, að margir þessara manna, sem lengsta og mesta reynslu hefðu í þessum efnum, væru orðnir uggandi yfir því, að við værum komnir þar út í rányrkju, sem gæti leitt til þess, að fiskimiðin hreinlega eyddust miklu fyrr en við kannske gerðum okkur grein fyrir. Ég tel þetta mjög mikið alvörumál fyrir okkur og harma því, að hæstv. sjútvrh. skuli nú allt í einu mér að óvörum hafa tekið þá afstöðu, að þarna megi ekkert gera nema fiskifræðingar hafi áður lagt blessun sína yfir það.

Ég vil geta þess, að í sambandi við þá till., sem ég flutti hér 1961 um friðun tiltekinna hrygningarsvæða á Selvogsbanka, við Vestmannaeyjar, var leitað álits fiskifræðinganna. Því miður varð álit þeirra til þess, að

till. þessi náði ekki fram að ganga í þeirri mynd, sem ég ætlaðist til. En með leyfi forseta vil ég lesa upp og kynna þingheimi það álit, sem þá var gefið af hendi þessara aðila um þetta mál. Segir svo í bréfi frá þeim, sem dags. er 30. janúar 1962:

„Mjög yfirgripsmiklar rannsóknir okkar undanfarin ár hafa leitt í ljós, að heildardánartala í íslenzkum þorskstofnum, sem kynþroska eru orðnir, er um 60% á ári, og eru 4/5 hlutar þessarar tölu af völdum veiðanna, en 1/5 eðlilegar dánarorsakir. Af þessu getum við dregið þá ályktun, að ekki veiðist á hrygningarsvæðunum meira en helmingur þess fisks, sem þangað kemur til þess að hrygna. Það virðist því vera svo, að helmingur stofnsins fái að hrygna í friði, auk þeirra, sem veiðast, en hafa þá lokið hrygningu."

Ég er alveg sannfærður um það, að eins og þessi niðurstaða fiskifræðinganna stangaðist á við álit þeirra manna, sem þessar veiðar stunduðu á þeim tíma, þá stangast þetta álit þeirra í dag enn frekar við álit þessara sömu aðila. Og þegar sagt er í þessu áliti, að helmingur stofnsins fái að hrygna í friði á svæðinu milli Vestmannaeyja og Selvogsbanka, þá getur hver einasti aðili, sem nokkuð þekkir til þessara mála, sagt sér það sjálfur, að þetta fær ekki staðizt. Eins og nú er komið, eru þarna lagðar sennilega um a. m. k. 200 netatrossur á til þess að gera mjög afmörkuðu svæði beint ofan í hrygningu þorksins. Tæknin er orðin það mikil, að bátarnir fylgjast með því dag frá degi, hvernig fiskurinn hagar sér á veiðisvæðunum, og þegar hann byrjar að þjappa sér saman til hrygningar, þá er dembt yfir hann öllu netagumsinu, og þetta er það, sem fiskifræðingar kalla, að fiskurinn fái að hrygna í friði. Ég vonast til þess, að hæstv. sjútvrh. endurskoði þessa afstöðu sína og a. m. k. leiti álits þeirra manna, sem hann trúir og veit að hafa mjög mikla og langa reynslu í sambandi við þessar veiðar.

Þá verð ég að segja það í sambandi við afstöðu sjútvrh. til friðunarsvæða á uppeldisstöðvum ungfisks, að mér kom einnig mjög á óvart, að hann telur, að þarna getum við ekkert gert nema fyrir liggi samþykki erlendra fiskifræðinga. Ég stóð satt að segja í þeirri meiningu, að Íslendingar hefðu þarna fulla heimild, og ég byggi það á 1. gr. laga frá 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. 1. gr. þessara laga hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvmrn. skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skulu háðar íslenzkum lögum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Rn. skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands. Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til."

Þetta er 1. gr. landgrunnslaganna og ég hef alltaf skilið hana þannig, að Íslendingar gætu einhliða gert þær verndarráðstafanir, sem þessi grein laganna fjallar um. Og ég held, að ég fari þar með rétt mál, að fulltrúi okkar í Norðaustur-Atlantshafsnefndinni hafi lagt til, að þarna ættu sér stað friðunarráðstafanir, en ekki fengið um það samstöðu eða meiri hl. í nefndinni og þess vegna hafi ekki verið gerðar ráðstafanir í þessu sambandi, þó að ekki verði séð annað en landgrunnslögin heimili þetta. Ef það er rétt hjá mér, að þessi grein heimili þessar ráðstafanir, þá er ósköp eðlilegt, að í till. sé tiltekinn mánaðardagur, hvenær það skuli gert. Þó er þar einnig gert ráð fyrir, að leitað skuli álits Hafrannsóknastofnunar Íslands í þessu sambandi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það var í sambandi við ummæli hv. 3. þm. Sunnl., sem nú var að ljúka máli sínu. Hann virtist vera hryggur yfir þeirri afstöðu, sem fram hefði komið hjá mér í sambandi við tvo nefnda liði í þeirri till., sem sjálfstæðismenn flytja hér um landhelgismál, en báðir fjalla þessir liðir um fiskverndun. Ég benti á það hér, að það væri ekki hægt að lýsa yfir slíkri fiskvernd eins og þar væri gert ráð fyrir, nema fyrst væri leitað umsagnar ákveðinna stofnana, sem yrðu Hafrannsóknastofnunin og Fiskifélag Íslands. Það kom nú að því, þegar hv. þm. fór að lesa þessi lög, þá auðvitað las hann það upp líka, að þessu er svona farið, því að það er í sjálfu sér út í hött að setja það inn í þáltill., að einhver tiltekin friðunaraðgerð skuli gerð fyrir tiltekinn mánaðardag, því að það verður a. m. k. að ganga þá eðlilegu leið, sem lög mæla fyrir um. Ég hygg líka, að það séu allir ásáttir um, að það sé vægast sagt hæpið af okkur að ætla að grípa til viðtækra friðunarráðstafana, að ég tali nú ekki um fyrir utan okkar landhelgismörk, ef þær ráðstafanir byggjast ekki á till. okkar fiskifræðinga.

Í rauninni eru þessir tveir liðir í till. þeirra sjálfstæðismannanna um mjög mismunandi atriði. Annar þeirra fjallar um friðun á hrygningarstöðvum, þ. e. innan núverandi marka. Og það var helzt að heyra á hv. þm., að hann vildi framkvæma ákveðnar friðunaraðgerðir þrátt fyrir umsögn fiskifræðinga. Það er auðvitað mál út af fyrir sig, hvort á að taka það upp og hvort á að ganga gegn okkar fiskifræðingum í sambandi við ákveðnar friðunaraðgerðir. En heldur kann ég illa við það, að slík mál séu lögð fram svona í tillöguformi, eins og þarna er gert, og gengið út frá því, að slíkar framkvæmdir séu gerðar á tilteknum mánaðardegi og það með tiltölulega litlum fyrirvara. Og mér sýnist, að slíkur tillöguflutningur sé nú heldur flaumósa.

Hinn liðurinn fjallar hins vegar um friðunaraðgerðir utan núv. fiskveiðimarka okkar. Það er eflaust hægt fyrir okkur Íslendinga að lýsa yfir friðun utan núv. fiskveiðimarka með einhliða tilkynningu. En þá yrði þar alveg augljóslega, þegar þeir, sem hér eiga hlut að máli, geta ekki fallizt á okkar aðgerðir, um venjuleg landhelgisátök að ræða, og ég tel næsta furðulegt að ætla að fara út í landhelgisátök út af slíku máli á aðeins takmörkuðu svæði og það svona rétt í kapphlaupi við það, að við værum að ákveða almenna útfærslu á okkar fiskveiðimörkum.

Það, sem fyrir liggur í þessu máli, er það, sem ég greindi frá hér áður. Við Íslendingar höfum farið að lögum og reglum í þessum efnum. Við höfum flutt okkar till. um friðun á tilteknum veiðisvæðum fyrir utan okkar tilkynntu veiðimörk. Þessar till. hafa ekki náð fram að ganga. Við höfum barizt fyrir þeim ár eftir ár, og ráðstafanir nú í þá átt, að Íslendingar einir neituðu sér um að veiða á þessum svæðum, en fiskveiðar

annarra gætu farið þarna fram, tel ég vægast sagt hæpnar, og þær mundu harla lítið hjálpa okkur í landhelgismálinu. Eða hversu mikið hefur það hjálpað okkur í landhelgismálinu, að við höfum flutt till. um þetta efni og barizt fyrir því og aðrir hafa fellt þær till.?

Eins og ég sagði, þá er auðvitað hægt að lýsa yfir einhliða ráðstöfunum eftir mörgum leiðum. En það er hins vegar greinilega gert ráð fyrir því í alþjóðasamþykkt varðandi þessi mál, að friðunaraðgerðir, sem eiga sér stað utan yfirlýstra landhelgismarka, eigi að framkvæma eftir þar til settum reglum. Við höfum farið eftir þeim reglum.

Mér þótti rétt, að þetta kæmi fram, en sé svo ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. frekar en orðið er.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar alllangar, og það er fátt eitt, sem maður sér ástæðu til að víkja að, af því, sem þar hefur fram komið. Margt er nú þannig, að um það er lítill ágreiningur á milli manna, þó að menn líti nokkuð hver sínum augum á silfrið. En það meginatriði, sem mér finnst ástæða til í lokin að árétta aðeins af minni hálfu hér, er það, að gagnvart umheiminum liggur það fyrir eftir þessar umr., að stjórnarandstæðingar vilja hvergi ganga skemmra en stjórnarliðið í mörkun fiskveiðilögsögunnar.

Hæstv. utanrrh. vék dálítið að aths. mínum um skipun nefnda og sendimanna, sem ég var með aðfinnslur út af, vegna þess að mér fannst að vissu leyti vera sniðgengin sú hugsun að hafa samráð og samvinnu við stjórnarandstöðuna, lagði þó ekki ýkja mikið upp úr þessu, eins og menn muna, í minni fyrri ræðu. En varðandi það, að landhelgisnefndinni voru gefnar upplýsingar um, að embættismannanefnd yrði send í viðræðurnar við Breta og Þjóðverja og síðan eru það fulltrúar tveggja þingflokka þar fyrir utan, þá verður þetta nú ekki réttlætt með því, sem hæstv. ráðh. sagði, að skipun embættismanna væri með þeim hætti, að hún ætti að fullnægja stjórnarandstöðunni, af því að þeir voru embættismenn í tíð fyrrv. ríkisstj. Sjálfur sagði hæstv. utanrrh. réttilega, að embættismennirnir hefðu verið valdir af hans hálfu og hans ríkisstj. vegna sinnar eigin hæfni, og þá voru þeir náttúrlega fyrst og fremst þar sem fulltrúar þjóðarinnar, og þar af leiðandi gátu þeir verið jafngóðir fulltrúar stjórnarliðsins og stjórnarandstöðunnar. Við megum ekki blanda því saman. Þetta er bæði það, að stjórnarliðið hefur á hverjum tíma allt annan aðgang að embættismönnunum, og svo einkum hitt, að það gefur alveg sérstakan blæ, þegar valdir eru fulltrúar í slíkt mál eins og þetta, sem hefur nú verið gert að pólitísku ádeiluefni í kosningunum af sumum stjórnarflokkunum, stundum ekki öllum en stundum öllum, og stjórnarandstaðan hins vegar sniðgengin eftir að lögð er nú megináherzlan á að ná saman í málinu. Ég vil ekki víkja að þessu fleiri orðum en ég nú hef gert, en menn gera sér grein fyrir því, að það er mikill eðlismunur á störfum embættismanna í slíkum erindum sem þessum eða pólitískra fulltrúa, í tvennum skilningi, eins og ég hef reynt að víkja að.

Hæstv. forsrh. sagði nú í sinni síðari ræðu, að hann hefði sagt í áramótagrein og tekið það fram, að ekki mundi geta orðið samstaða um að gera ekki neitt. Mér þótti vænt um, að hæstv. forsrh. minnir á þetta, því að auðvitað hefur enginn verið að óska eftir samstöðu um að gera ekki neitt. En það er þetta, sem var látið í veðri vaka í kosningunum, að það yrði ekki gert neitt, ef Sjálfstfl. og Alþfl. hefðu aðstöðu í ríkisstj. eins og þeir hefðu áður haft. Þetta náði náttúrlega engu tali miðað við það samstarf, sem var í landhelgisnefnd fyrrv. ríkisstj., þar sem unnið var kappsamlega að því að ná samstöðu um tillögur. Enda þótt okkur lánaðist það ekki, eins og kunnugt er, þá náðum við þó það langt, að efniságreiningurinn var sáralítill. Og ef fyrrv. stjórnarflokkar hefðu farið áfram með völd, þá var þeirra till. þannig og þeirra áform þannig, að þá hefði verið lagt í þingbyrjun fyrir frv. til l. um landhelgi Íslands, þar sem ákvörðuð var markalína fiskveiðilögsögunnar og hvergi minni en 50 mílur, en tíminn hins vegar notaður til þess, eins og nefndin átti að gera, sem kosin var í vor, að fóta sig á því, hvar mörkin skyldu sett. Í till. stjórnarsinna á síðasta þingi er notuð sú skilgreining, sem var í landgrunnslögunum frá 1969, 400 m dýptarlína eða hagnýtingarmörk, en þó hvergi minni en 50 mílur. En þetta þurfti að athuga nánar, og þess vegna var búið að stofna til samvinnunefndar, eins og ég vék að, og ég spurðist fyrir um, hver hefði orðið framvinda mála um frekara skipulag á rannsóknum, mælingum og könnun landgrunnsins, sem fyrrv. stjórn hafði hafið á s. l. hausti undirbúning að og gerð var grein fyrir í fskj. með þáltill. á síðasta Alþ.

Ég held, að það sé misskilningur hjá hæstv. forsrh., að það hefðu verið álitin svik við þeirra kjósendur eða af þeirra hálfu, stjórnarsinna, nú, ef þeir hefðu ekki lagt málið fyrir eins og það er. Auðvitað hefði enginn þeirra kjósandi talið svik hjá þeim, ef þeir hefðu gengið lengra til móts við okkar meginhagsmuni en er gert í þeirra till. nú. Það nær engri átt, og það er líka alveg villandi, þegar menn eru að tala um það, að kjósendurnir hafi í kosningunum í vor staðfest einhverja stefnu, sem felst í þessari þáltill. öðru fremur. Auðvitað voru margir kjósendur í landinu, eins og raun ber vitni um, sem kusu ekki stjórnarflokkana, af því að þeim líkaði betur við landhelgistillögur fyrrv. stjórnarflokka. Framsfl. lagði höfuðkapp á þessa landhelgismálatillögu og l. flm. var hæstv. forsrh., og flokkurinn tapaði nærri 10% á Austfjörðum, þar sem hefur verið hans sterkasta kjördæmi. Var það vegna landhelgismálsins? Hæstv. forsrh. tapaði kjördæmakosnum manni í sínu kjördæmi. Ætli það hafi verið vegna landhelgismálsins? Tæplega 8% tapaði Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi. Þessir kjósendur hafa a. m. k. ekki örugglega verið að láta landhelgismálið ráða afstöðu sinni, ef ég skil það rétt. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það getur vel verið, að menn hafi eitthvað skriðið til á milli flokka, en hversu mikil áhrif mismunandi skoðanir í landhelgismálinu hafa haft, skal ég ekki segja um. En það var reynt að afflytja málið, og það er það, sem ég hef átalið, að það var reynt að afflytja okkar afstöðu í málinu, þáv. stjórnarflokka, og hefur kannske tekizt.

En sú till., sem flutt er af sjálfstæðismönnum hér, er þó þannig, eins og ég sagði í minni ræðu, að hér er um að ræða tilraun til að ganga til móts við stjórnarliðið þrátt fyrir vissan ágreining, án þess að það þurfi að slaka nokkuð til. Í fyrsta lagi er tekið af skarið um það, að fiskveiðilögsaga Íslands nær yfir allt landgrunnið umhverfis landið. Þetta segja stjórnarliðar, hæstv. sjút-

vrh. og ég held hæstv. forsrh. líka, að þeir telji, að felist í landgrunnslögunum frá 1948. Það getur þá ekki verið synd að endurtaka þetta í þáltill., ef það eru þegar að þeirra dómi lög í dag. Svo kemur ágreiningurinn um mörkin, þar sem í till. sjálfstæðismanna er talað um, að ytri mörkin skuli vera 400 m jafndýpislína, þangað til mörk þess verða ákveðin með lögum. Það var gert ráð fyrir því, að menn tækju sér tíma og reyndu með aðstoð sérfræðinga að fóta sig á ákveðinni línu, sem menn þyrftu ekkert að vera hræddir um, að ekki væri hægt að gæta, eins og 50 sjómílna línu. En síðan er sú tilslökun, sem í þessu er og ég skal viðurkenna, að er fyrst og fremst frá mér komin til þess að ganga til móts við stjórnarliðið og okkur sjálfstæðismönnum hefur ekki öllum verið sama um, og það er, að núna meðan ríkisstj. stendur í þessum átökum, þá fylgjum við allir 50 mílunum. Það felst í ákvæðunum, að erlendum fiskiskipum verði heimilað að stunda veiðar í næstu þrjú ár upp að 50 mílna mörkunum frá grunnlínum, nema þar sem sérstök friðunarsvæði kynnu að verða ákveðin utan þeirra marka, sem ekkert liggur nú fyrir um. Þetta þýðir það, að þarna erum við á sömu línunni, en þá höfum við hins vegar lengri frest. Þá höfum við lýst yfir landgrunnsstefnunni, endurtekið hana, ef menn vilja heldur hafa það, og fáum þriggja ára frest til þess að móta landgrunnsmörkin. Ég hygg, að það verði mjög mikið, sem á eftir að ske á þessum þrem árum, einmitt í ákvörðun og jafnvel alþjóðasamþykktum um landgrunnsmörkin.

Það er hins vegar aðalatriðið, sem mér þótti mjög vænt um, að kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að hann telur, að í ræðum okkar hafi í meginatriðum komið fram þau sjónarmið, að við ættum ekki að þurfa að stranda á því að koma okkur saman um niðurstöður í þessu máli eða koma okkur saman um endanlega afgreiðslu málsins.

Ég held, að þar sem Jón Skaftason, hv. 2. þm. Reykn., talaði um, að 200 mílna landhelgin væri að ryðja sér til rúms, þá sé það alveg réttilega athugað hjá honum, en hins vegar hef ég alltaf verið á þeirri skoðun, að við þyrftum að gæta okkar vel að leggja ekki allt of mikið upp úr því, hvort það fæst einhver alþjóðasamþykkt fyrir vissri mílufjarlægð, hvort sem það eru nú 50 mílur eða 200 mílur, vegna þess að við hefðum þessa umræddu sérstöðu, en það er talað um, að við séum einstæðir í heiminum og höfum sérstöðu fram yfir alla aðra sem strandríki, sem land, sem liggur á þessum stöpli, landgrunninu, þar sem uppeldisstöðvar og hrygningarstöðvar eru. Við höfum alltaf frá því í öndverðu lagt megináherzlu á sérstöðu okkar og að það yrði að meta kringumstæðurnar á hverjum stað að verulegu leyti, hver svo sem landhelgislínan væri á hverjum tíma. Þess vegna hefur það verið mín skoðun, að jafnvel þó að ekki verði samstaða um almenna landhelgislínu, víðari en 12 mílur, á ráðstefnu eins og hafréttarráðstefnu, þá gætum við samt sem áður náð sigri í okkar máli að því leyti að fá viðurkennda sérstöðu strandríkisins, fá viðurkennda okkar landgrunnsstefnu.

Varðandi Suður-Ameríkuríkin, sem sum hafa fylgt 200 mílna kröfunni, af því að þau hafa stutt landgrunn o. s. frv., þá er það af ýmsum ástæðum, sem miðað er við þá vegalengd, og það er sérstaða þeirra ríkja, sem þar kemur til. Landgrunnið er lítið, en veiðin er öll langt úti í hafi í straumum, sem koma sunnan úr höfum. Og það er miðað við það að ná til þessarar veiði. Þarna hafa þeir sérstöðu.

Ég veit ekki, hvað mörg af þessu 41 Afríkuríki, sem sagt hefur verið frá hér, eru í Sameinuðu þjóðunum, en ef þau eru það flest, þá finnst mér, að okkar staða sé nú að verða nokkuð sterk með fylgi við okkar málstað, þar sem þessi vísindaráðstefna hefur hallazt að 200 mílum, en þegar maður heyrir fréttir af svona ráðstefnu, dettur manni í hug, að vissara sé nú að fá betri skýringar á þessu öllu saman. Ráðstefnan kemur saman, og þar liggja fyrir till. og hugmyndir um að samþykkja 12 + 12 mílur. Ég veit ekki, hvernig þessi tala 12 + 12 er til komin, kannske í einhverjum tengslum við 600 m. Svo koma tveir Íslendingar, Hannes Jónsson og Steingrímur Hermannsson, og halda ræður fyrir þeim, og þá snúa þeir við blaðinu og samþykkja bara allt í einu, að þeir vilji hafa 200 mílna landhelgi. Ég veit ekki heldur, hvað það eru mörg ríki af þessum, sem liggja að sjó eða hafa kannað vel þessi mál. Við erum auðvitað þakklátir fyrir alla, sem vilja styðja okkur, þakklátir fyrir það, að svona ríki taka vel á móti okkar mönnum og meta málflutning þeirra, en það væri æskilegt, og ég vildi mjög mælast til þess, að við gætum fengið dálítið nánari skilgreiningu um svona ráðstefnu en maður getur fótað sig á í þeim fréttum, sem fram eru bornar. Ég efast ekkert um það, að við getum fengið hana hjá hæstv. forsrh., bæði í landhelgisnefnd, ef við innum eftir því, og í viðræðum við þessa menn sameiginlega, sem getur verið mikils virði fyrir okkur að tala betur við, til þess að finna, hvað raunverulega er þarna á ferðinni og hvers má vænta af þessum ríkjum, t. d. á hafréttarráðstefnunni hjá Sameinuðu þjóðunum.

Loksins er svo eitt atriði, sem ég ætla að minnast á, og það er það, að hæstv. sjútvrh. komst svo að orði, að hann teldi það háskalega afstöðu, sem fram hefði komið hjá mér, að vilja bíða eftir niðurstöðum samningaviðræðna nú við Breta og Vestur-Þjóðverja, og vonaðist eftir, að ég breytti þeirri afstöðu minni. Því miður get ég ekki orðið við þeim óskum hans að breyta þeirri afstöðu minni, því að ef við erum að ræða við Breta og Vestur-Þjóðverja, þá hljótum við að vera að gera tilraun til þess að ná einhverju samkomulagi við þá. En hér held ég, að komi fram töluverður skoðanamunur á milli hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. Hæstv. sjútvrh. hefur skilmerkilega gert grein fyrir þeirri stefnu sinni, að við eigum að færa út 1. sept. 1972 og þá gegn mótmælum, sem við vitum, að við munum fá frá Bretum og Þjóðverjum. Þá eigum við að bjóða þeim upp á sættir, að þeir megi veiða í vissan tíma með vissum skilyrðum á umþóttunartímabili innan 50 mílna markanna, ef þeir vilji viðurkenna 50 mílna fiskveiðilögsöguna. En ég hef skilið afstöðu hæstv. utanrrh. þannig, að hann sé að freista þess í sínum viðræðum, hvort nokkur möguleiki sé til þess með vissum umþóttunartíma eða á annan hátt að fá Breta og Þjóðverja til þess að viðurkenna 50 mílna mörkin fyrir fram, þegar við færðum út í þau 1. sept. 1972, ef þeir fengju svona eða hinsegin umþóttunartíma eða önnur skilyrði uppfyllt í sambandi við veiðar hér á einhverju takmörkuðu tímabili. Ég hallast alveg eindregið að þeirri stefnu, sem ég held, að hæstv. utanrrh. fylgi, og mér finnst hún auðvitað miklu

meira virði fyrir okkur og rétt að reyna til hins ýtrasta að fá viðurkenninguna fyrir fram í viðræðunum. Og það er af þeim sökum, sem ég tel vera ákaflega óhyggilegt og ekki réttmætt að ætlast til þess af okkur eða öðrum hv. þm., að þeir taki afstöðu til uppsagnar samninganna frá 1961, áður en við vitum um niðurstöður slíkrar samningagerðar. Það finnst mér liggja í eðli málsins, að væri sú rétta meðferð á málinu hér, en um það munum við að sjálfsögðu frekar ræða og kannske hafa betri aðstöðu til umr. um það hér í utanrmn., sem fær þetta mál til meðferðar.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að taka undir orð hæstv. forsrh. um það, að okkur skipti mestu máli að standa saman, og við eigum ekki aðeins að reyna það til hlítar, heldur eigum við að ná þeim árangri a. m. k., að samstaðan sé það sterk, að hún geti ekki vakið neinar efasemdir í hugum erlendra þjóða um hið raunverulega takmark okkar Íslendinga, að við teljum okkur eiga rétt til landgrunnsins alls.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir ummæli hans hér áðan. Hann tók það fram í sambandi við till. okkar á þskj. 56, að hann teldi, að hún lokaði engum samkomulagsmöguleikum, og taldi eðlilegt, að það, sem í henni felst, væri rætt nánar, og að sjálfsögðu tekur utanrmn. það til meðferðar. En slík ummæli hæstv. forsrh., sem ég sem sagt met mikils og þakka, sýna hans einlæga áhuga á að ná samstöðu í þessu máli.

Eftir þessa yfirlýsingu vekur það óneitanlega furðu, að annar ráðh., hæstv. sjútvrh., skuli tala hér á þá lund, sem hann gerir. Hann mælir á móti svo að segja hverju einasta atriði í till. okkar á þskj. 56, og þetta er þeim mun undarlegra, þar sem þessi hæstv. ráðh. hefur áður talið sig einstakan landhelgiskappa og þann mann, sem vildi ganga lengst í öllum kröfum í þeim málum, sem hefur haldið því fram, að útfærsla landhelginnar væri mál okkar Íslendinga einna og það væri stjórnmálaleg ákvörðun. Nú rís hann hér upp og talar oftar en einu sinni til þess að andmæla því harðlega, að farið sé lengra út en 50 mílur. Ja, öðruvísi mér áður brá, þegar hann hefur þótzt hafa og bera fyrir brjósti ýtrustu kröfur í landhelgismálinu. Nú vill hann hverfa frá landgrunnsstefnunni, það á að skilja eftir þýðingarmikil fiskimið utan við 50 mílurnar t. d. fyrir Vesturlandi og Vestfjörðum. Hæstv. ráðh. gerist helzti talsmaður þess hér nú að ganga skemmra. Í öðru lagi andmælir hann till. okkar um friðun eða verndun hrygningarstöðvanna, það sé ekkert hægt að gera í þessu, nema fiskifræðingarnir samþykki. Nú ber ég hina mestu virðingu fyrir vísindamönnum og fiskifræðingum og vil styðja þá á alla lund. En við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það er eðli rannsóknanna og vísindanna, að það tekur oft mjög langan tíma að komast að niðurstöðu og sannir vísindamenn vilja ógjarnan fullyrða t. d. um það, hvort tilteknir fiskstofnar séu í hættu. Þess vegna verða stjórnmálamennirnir oft að taka ákvarðanir til verndar, áður en fyrir liggja endanlegar till. og álitsgerðir vísindamannanna, og þess vegna verður oft að byggja slíkar ákvarðanir á áliti og till. sjómanna, fiskimanna, sem þekkja þetta manna bezt af eigin raun. Við vitum það líka, að nú á síðasta Alþ. voru samþ. hér lög um friðun Faxaflóa fyrir dragnót, botnvörpu innan vissrar línu, fyrst og fremst til að vernda ungfiskinn, ýsuna. Þetta var ekki gert eftir till. fiskifræðinganna, þeir voru ekki tilbúnir til þess að mæla með þessu. Ég ætla jafnvel, að þeir hafi verið því andvígir á þessu stigi. Nú kemur hæstv. sjútvrh. og mótmælir því, að nokkuð sé aðhafzt í þessu bráðaðkallandi máli, vegna þess að fiskifræðingarnir séu ekki búnir að fallast á það. En út yfir tekur þó, þegar hæstv. sjútvrh. andmælir því, að tekin séu friðunarsvæði á landgrunnssvæðinu utan 12 mílnanna á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisksins, vegna þess að útlendingar hafa ekki samþykkt það. Og hann talar um það hér í síðustu ræðu sinni, að við getum bara átt von á átökum við útlendinga. Ég verð að segja, að ég þekki ekki þann gamla Lúðvík. Ég veit ekki, hvað komið hefur fyrir. Hvar er nú skapið og hnefinn steyttur, og hvar er nú hin forna glóð? Það er erfitt að finna nokkra skýringu á þessari furðulegu afstöðu hans sjálfs og að hann skuli tala hér í rauninni á allt annan veg en hæstv. forsrh. gefur í skyn, sem vill ræða þessi mál í nefnd og telur þetta ekki loka neinum samningaleiðum. Í rauninni er erfitt að finna aðra skýringu á þessari gerbreytingu á hæstv. sjútvrh. en þá, að kannske hafi hann fengið heilaþvott í Rússlandsferðinni.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er nú heldur leiðinlegt að eiga orðastað við þá hv. þm., sem koma hér upp í ræðustólinn og flytja sínar ræður og gefa tilefni til umr., en stökkva svo af hólmi og eru hvergi nærstaddir, þegar þeim er svarað, koma svo eftir að búið er að taka mál þeirra fyrir á allrækilegan hátt lið fyrir lið, koma þá nánast eins og álfar út úr hól og tala þá um allt annað en það, sem þeir hefðu átt að tala um. En það er það, sem hv. 5. þm. Reykv. gerir nú. Það er alveg augljóst á því, sem hann sagði hér áðan, að hann hefur ekki fylgzt neitt með því, sem hefur gerzt í þessum umr. hér fyrr á fundinum, þegar málflutningur hans var ræddur af mér. Hann heldur því meira að segja fram, að ég hafi komið hér og mótmælt ákveðnum friðunarráðstöfunum. Slíkt er vitanlega alveg út í hött og rakalaust af hans hálfu að segja þetta. Ég benti hins vegar á það, að till. hans og annarra sjálfstæðismanna á sérstöku þskj. um tiltekin atriði varðandi þau mál, sem sneru að friðunarmálum, kæmi í raun og veru ekki því máli við, sem hér væri verið að fjalla um. En varðandi það mál væru hins vegar mjög mikilvæg atriði, sem þessi hv. þm. ætti að svara og ég óskaði eftir svari hans við. Og ég skal endurtaka það, þannig að hann fái nú að heyra það, fyrst hann hafði ekki tíma til að sinna þingmannsskyldu sinni hér fyrr í kvöld og hlusta á umr. um málið, þær, sem hann hafði gefið hér tilefni til.

Eitt af mikilvægustu atriðum landhelgismálsins, eins og það liggur fyrir núna, er skiljanlega afstaðan til þess, hvort á að segja upp samningunum frá 1961 við Breta og Vestur-Þjóðverja. Þeir eru okkar stífustu andstæðingar í þessu máli, og þeir dauðhalda í þennan samning og beita honum fyrir sig á alla lund. Till. ríkisstj. er fyrst og fremst um það, að þessum samningi verði sagt upp, svo að hann verði ekkert haft á okkur í því að koma fram okkar stefnu. Þessi hv. þm. hafði ekkert um þetta atriði að segja, ekkert. Hann er kannske afstöðulaus til þess enn þá, eins og hv. 1. þm. Reykv., formaður Sjálf-

stfl. Hann lýsti því hér yfir, að hann væri ekki búinn að gera upp afstöðu sína til þess enn, hvort rétt væri að segja upp samningunum. Það hefur hann sagt. Ef hann er kannske að gera upp sinn hug núna, þá væri anzi gaman, að hann kæmi hér upp og lýsti því yfir, hvort hann vildi styðja till. um það að segja upp þessum samningum. (Gripið fram í.) Já, hann var búinn að segja það, að hann vildi ekki taka afstöðu til málsins, fyrr en samningum okkar við Breta væri lokið um hugsanlegan umþóttunartíma þeim til handa. En það er auðvitað augljóst mál, að það er verið að stórbæta aðstöðu þeirra í hugsanlegum samningum okkar á milli með því að láta þá hafa samninginn frá 1961 í höndunum. Því gerir hv. 1. þm. Reykv. sér fyllilega grein fyrir ekki síður en Bretar og Þjóðverjar sjálfir. Þetta atriði er vitanlega einnig eitt meginatriði þessa máls.

Hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, talaði um og vakti sérstaka athygli á hér í sinni fyrstu ræðu, að í till. ríkisstj. væri t. d. ekkert minnzt á það að fela ríkisstj. að vinna áfram að því, að Ísland tæki þátt í samtökum annarra þjóða um friðunarráðstafanir á úthöfunum. Hvað á nú svona tillöguflutningur að gera hér inn í landhelgismálið? Til hvers kemur slík till. sem þessi? Ég spurði hér um það, og það er nú rétt að spyrja hv. 5. þm. Reykv. um það, hvaða tilefni hann hafi til þess að leggja það hér sérstaklega fram á Alþ. að skora á ríkisstj. að fylgjast með samningum á þessum vettvangi. Hafði ekki fyrrv. ríkisstj. gert það, sem í hennar valdi stóð í þessum efnum? Og hefur ekki núv. ríkisstj. gert hið sama? Erum við ekki þátttakendur hreinlega í öllum þeim nefndum og stofnunum, sem að þessu vinna og við eigum kost á að taka þátt í? Jú, auðvitað erum við það. Þetta veit hv. 5. þm. Reykv. eflaust, því að ég ætla honum ekki slíka fávizku, að hann viti þetta ekki. En til hvers þá að vera að flytja till. um þetta hér í sambandi við afgreiðslu landhelgismálsins? Og til hvers þá að vera að vekja sérstaklega athygli á því, að m. a. vanti þetta ákvæði í till. ríkisstj.? Um þetta geta menn talað og sagt svo, að ég og aðrir séum á móti því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að friða fisk. En þeir forðast að tala um meginatriði landhelgismálsins, sem er spurningin um það, hvort við eigum að létta af okkur því helsi, sem samningurinn frá 1961 er. Ég segi það líka, að þegar landhelgismálið er komið á það stig, sem hér hefur verið orðað af fleirum en einum hv. þm., að það er komið á framkvæmdastig, — við erum í rauninni komnir út í miðja baráttu um að framkvæma málið, — þá þykir mér það furðulegt, að hér skuli flutt till. af 10 þm. Sjálfstfl. um það að leggja enn einu sinni til, að ekki verði tekin bindandi ákvörðun um útfærsludag fiskveiðimarkanna, það skuli ákveðið síðar. Þeir menn, sem slíkt leggja fram, þeir hafa auðvitað efni á því að bera öðrum það á brýn, að þeir séu nú orðnir aðaltalsmenn þess að ganga styttra en aðrir, eins og þessi hv. þm. sagði um mig.

Hv. 5. þm. Reykv. vissi mætavel, að það stóð ekki á okkur í stjórnarandstöðunni á síðasta þingi að fallast á samkomulag um það, að landhelgisútfærslan yrði meiri en 50 mílur, ef bindandi samkomulag fengist um slíkt. Þó að hv. 5. þm. Reykv. væri þá ekki á Alþ., gat hann látið heyra til sín, ef hann hefði haft þá skoðun í málinu. Það gerði hann ekki. Þá studdi hann þá aðila, sem þá voru ekki viðbúnir til þess að taka hér neina bindandi afstöðu í málinu, hvorki um það, hversu útfærslan ætti að vera mikil, né hvenær af henni ætti að verða. En svo þegar búið er að taka ákvörðun um útfærsluna, hversu mikil hún á að vera og hvenær hún á að koma til framkvæmda, þegar við erum komnir út í miðja baráttuna við þá, sem við eigum við að stríða í þessum efnum, þá kemur þessi hv. þm., 5. þm. Reykv., og þykist bjóða betur en aðrir. Ég hef bent á það áður í þessum umr., að till. sú, sem hann hafði gerzt talsmaður fyrir, um sérstaka ákvörðun um útfærslu landhelginnar, er allsendis óraunhæf og í rauninni óframkvæmanleg með öllu. Ég hafði bent á, að það væri í fyrsta lagi mjög óheppilegt á þessu stigi málsins, að við værum að gefa það til kynna í tillöguflutningi hér á Alþ., að við vildum binda okkar landgrunnsmörk við 400 m dýptarlínu, þegar einmitt er verið að fjalla um það á alþjóðavettvangi að meta að nýju ákvæðin í þessum efnum. Og það er ekkert, sem rekur okkur til þess að fara að slá neinu föstu um þetta. Till. um það að slá því föstu, að svo skuli vera, þangað til við ákveðum annað síðar í lögum, er mjög óheppileg að mínum dómi.

Varðandi sérstakar reglur um friðun á fiskimiðunum þá hafði ég bent á það, að samkvæmt okkar landgrunnslögum, sem okkar friðunarráðstafanir verða að byggjast á, verður að liggja fyrir umsögn Fiskifélagsins og fiskifræðinga, öðruvísi geta stjórnvöld ekki hagnýtt sér landgrunnslögin frá 1948. Og þegar slík ákvæði eru í lögum, þá er næsta hlægilegt að flytja hér till. á Alþ. um það, að á tilteknum degi skuli ganga í gildi ákveðnar friðunarráðstafanir. Það á vitanlega að vinna að þessum málum á allt annan hátt.

Já, og svo vík ég aðeins að því atriði, sem hv. 5. þm. Reykv. talaði hér um í rauninni eins og sá maður, sem ekki hafði fylgzt hér með umr. áður, að ég kveinkaði mér sérstaklega undan því að mæta andstöðu útlendinga í sambandi við mótmæli þeirra gegn sérstökum friðunarráðstöfunum okkar, ef við gerðum þær einhliða utan núgildandi fiskveiðimarka. Ég kveinkaði mér ekkert í þessum efnum. Ég benti aðeins á, að það væri vitanlega alveg augljóst, m. a. af því, sem á undan er gengið í þessu máli, að útlendingarnir hafa mótmælt till. okkar varðandi slíkar friðunarráðstafanir, að þá hlyti auðvitað að koma til meiri eða minni átaka við þá um það, ef við ætluðum að hindra veiðar þeirra á þessum slóðum. Ég benti á það, að þetta væru raunverulega eins og hver önnur landhelgisátök aðeins um þetta einstaka atriði og ég teldi, að það væri í rauninni afskaplega furðulegt að leggja út í slík átök í kapphlaupi við till. um það, að við færðum okkar fiskveiðimörk út yfir þetta svæði allt saman og tækjum eðlilega upp átökin við útlendinga varðandi málið sem heild. Þetta virðist hv. þm. ekki skilja. En svona er þessu nú varið. Ég hef verið á móti því og er á móti því að taka upp friðunarráðstafanir á litlu svæði í staðinn fyrir stækkun fiskveiðilandhelginnar. En á sama tíma sem fyrir liggur till. um það að stækka fiskveiðilandhelgina út yfir þetta svæði, þá er vitanlega till. um hitt ákaflega furðuleg, því að hún breytir þar í rauninni engu.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að ég væri hér að hverfa frá landgrunnsstefnunni. Auðvitað eru slíkar fullyrðingar hans algerlega út í bláinn og styðjast ekki á neinn hátt við það, sem ég hef sagt hér um málið. Ég hef hins vegar bent á það, að ef ætti að binda sig við landgrunn, sem

væri miðað við 400 m dýptarlínu, þá þyddi það, að við þyrftum að færa okkar fiskveiðimörk út um meira en 90 mílur fyrir Suðausturlandi, og ef á að hverfa að því að taka yztu mörk slíks landgrunns og draga línu til yzta punkts annars staðar við landið, þá þýðir slík ráðstöfun auðvitað engar smáræðis breytingar frá 50 mílna mörkunum. Það þýðir alveg gífurlega breytingu. Á þetta hef ég bent.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar, þó að það hefði verið nokkur ástæða til þess. Ég vil aðeins segja það, að það, sem vitanlega skiptir máli nú, þegar við fjöllum um þetta þýðingarmikla baráttumál, stækkun landhelginnar, er, að við tökum á því máli sjálf á þann hátt, að við nálgumst það frekar að koma málinu fram. Til þess þurfum við að gera ákveðnar ráðstafanir. Við þurfum að segja upp samningunum frá 1961. Til þess þurfum við að taka tilteknar ákvarðanir, hvað við ætlum að færa mikið út og hvenær. Þeir, sem ekki enn virðast vera við því búnir að taka ákvörðun um það, sem er hið óhjákvæmilega, að segja upp landhelgissamningunum við Breta og Þjóðverja frá 1961, og þeir, sem eru ekki heldur við því búnir að taka ákvörðun um það, hvenær útfærslan eigi að eiga sér stað, og eru með mjög óákveðnar og furðulegar till. um það, hvernig landhelgismörkin skuli vera, þeir hafa ekki efni á því að brigzla hinum um það, að það standi eitthvað á þeim í landhelgismálinu, þeim sem hafa mótað og sett hér fram þær till., sem fyrir liggja af okkar hálfu nú og eru stefna Íslands í dag í þessum málum. Tillöguflutningur um nær óskyld málefni og sumpart um málefni, sem löngu hafa verið ákveðin og liggja skýrt fyrir, gefur engum manni rétt til þess að hreykja sér neitt hátt í þessum efnum.

Stefna okkar hefur verið mörkuð í landhelgismálinu, og ég tel, að það skipti miklu máli, að samstaða fáist um þá stefnu. Hjá því verður auðvitað ekki komizt, að einhverjir reyni að slá um sig og gera sig stóra með yfirboðum á síðustu stundu, slíkt er algengt fyrirbæri, en hinu komumst við ekki hjá, að fyrr eða seinna verða menn að standa frammi fyrir því að taka afstöðu til þess, sem er óhjákvæmilegt að gera í þessu máli. Menn geta ekki flotið á því að vera með einhverjar sýndartillögur um það, sem ekki skiptir máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 11. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 38 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 15. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 21, 72, n. 335, 336, 337).

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur haft til meðferðar þáltill. á þskj. 21 um landhelgismál, brtt. við hana á þskj. 72 og þáltill. á þskj. 56 um landhelgi og verndun fiskistofna.

Utanrmn. gefur út óskipt nál. um landhelgismálið á þskj. 335 og leggur til, að þáltill. á þskj. 21 um landhelgismál verði samþ. með þeim hætti, sem greinir í brtt. n. á þskj. 336. Þrír nm. flytja þó sérstaka brtt. á þskj. 337 við 1. tölulið brtt. frá n. Fjallar brtt. nm. þriggja um stærð fiskveiðilandhelginnar, og munu þeir að sjálfsögðu gera grein fyrir henni. Þá hafa sömu nm. einnig fyrirvara um 2. tölulið brtt. á þskj. 337.

Við fjórir nm., fulltrúar stjórnarflokkanna í utanrmn., teljum ekki rétt að samþykkja brtt. á þskj. 337 um að miða útfærsluna við 400 m dýptarlínu í stað 50 sjómílna frá grunnlínum. Allar þjóðir, sem út hafa fært fiskveiðitakmörk sín undanfarið, hafa miðað við fjarlægðir frá grunnlínum, en ekki dýptarlínu, og er að okkar dómi mikilsvert að skera sig ekki úr í þessu.

Mjög mikil vinna hefur verið í það lögð að kynna þá stefnu og vinna henni fylgi, að Íslendingar færi út fiskveiðilandhelgi sína í 50 sjómílur ekki síðar en 1. sept. í haust, og er það of áhættusamt að okkar áliti að breyta til og hverfa frá þeim málstað, sem afar víða er kunnur orðinn og hlotið hefur nú þegar stuðning margra þjóða. Fleira kemur til, sem hér verður ekki rakið. Erum við enn sömu skoðunar og fyrr, að það sé hæfilega í fang færzt í þessum áfanga að færa fiskveiðitakmörkin út í 50 mílur frá grunnlínum.

Þá er þess að geta, að við fjórmenningarnir tökum fram í nál., að við lítum svo á, að ríkisstj. hafi samkv. 2. tölulið brtt. á þskj. 336 frá n. heimild til þess að segja upp samningunum við Bretland og Sambandslýðveldið Þýzkaland og að fyrir liggi vitneskja um, að það verði gert.

Utanrmn. þykir ástæða til, að Alþ. árétti nú enn einu sinni þá grundvallarstefnu Íslendinga, að landgrunnið allt sé yfirráðasvæði Íslendinga og það sama gildi um hafið yfir landgrunninu. Að þessu lýtur upphaf till. utanrmn. á þskj. 336, og er þá um leið með þessu lögð áherzla á, að útfærsla fiskveiðilögsögunnar nú sé áfangi, en ekki lokamark.

Utanrmn. telur mikilsvert, að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum, að áfram verði haldið samkomulagstilraunum við ríkisstj. Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar. Með því að samþykkja þess háttar ákvæði telur n., að Alþ. *leggi áherzlu á mikilvægi þess*, að slíkt mætti takast.

Utanrmn. álítur einmitt nú í sambandi við ákvörðun um nýjan áfanga í útfærslu fiskveiðilögsögunnar, að mikilsvert sé að ítreka með nýrri samþykkt Alþ. þá stefnu að vernda fiskstofnana við landið og koma í veg fyrir ofveiði. N. virðist því rétt, að Alþ. leggi áherzlu á þennan veigamikla þátt í landhelgismálinu með svofelldu ákvæði í sjálfri ályktuninni um útfærslu landhelginnar: Unnið verði áfram í samráði við fiskifræðinga að ströngu eftirliti með fiskistofnum við landið og settar, eftir því sem nauðsynlegt reynist, reglur um friðun þeirra og einstakra fiskimiða til þess að koma í veg fyrir ofveiði.

Varðandi mengun sjávarins finnst n. bezt viðeigandi nú, að Alþ. ákveði, að haldið skuli áfram samstarfi, sem hafið er við aðrar þjóðir, til þess að fyrirbyggja mengun hafsins. Enn fremur leggur n. til, að Alþ. heimili ríkisstj. að ákveða mengunarlögsögu á hafinu umhverfis Ísland, án þess að Alþ. bindi þá heimild við tiltekin mörk að svo vöxnu máli.

Æðimikil vinna hefur verið í það lögð á Alþ. í sam-

ráði við ríkisstj. að samræma sjónarmiðin í landhelgismálinu, og hefur það verk borið mikinn árangur. Það liggur fyrir, að samstaða er á Alþ. um að færa fiskveiðilandhelgina út eigi síðar en 1. sept. í haust. Hvarvetna á Íslandi munu þetta þykja góð og mikilsverð tíðindi, því að menn vita allir, hvað við liggur.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það verður að teljast mikið ánægjuefni, að samstaða hefur náðst í utanrmn. um nýja till. í landhelgismálinu. Að vísu er það svo, að við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í n. áskildum okkur tvenns konar fyrirvara við 1. og 2. tölulið till., sem n. flytur á þskj. 336. Við áskildum okkur rétt til þess að flytja brtt. við 1. tölulið, en hún er á þskj. 337. Efni hennar er að miða fiskveiðilandhelgina nú við landgrunnið, þannig að ytri mörk hennar skuli vera sem næst 400 m jafndýpislínu, en þó hvergi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínu. Hvernig landhelgislínan yrði þá dregin, skilgreinist nákvæmlega í frv. því til laga um landgrunn Íslands og hafið yfir því, fiskveiðilandhelgi, vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og mengunarlögsögu, sem við 7. þm. Reykv. flytjum á þskj. 318. Með þessum hætti yrði stærð allrar landhelginnar 243 þús. ferkílómetrar í stað 216 þús., ef miðað er aðeins við 50 sjómílur frá grunnlínu. Munar það 27 þús. ferkílómetrum, og innan þeirra marka eru mjög fengsæl fiskimið. Ef þessi brtt. hlýtur ekki nægilegan stuðning hv. þm., en slíkt væri æskilegast, þá munu þm. Sjálfstfl. fylgja 50 mílna tillögunni. Með þessum hætti viljum við tryggja eina og sömu samþykkt Alþ. í landhelgismálinu nú.

Hinn fyrirvari okkar er við 2. tölulið. Fulltrúar stjórnarflokkanna í utanrmn. gera þá grein fyrir skilningi sínum á þessum lið till. í nál. á þskj. 335, að þeir líti svo á, að ríkisstj. hafi samkv. 2. tölulið þáltill. heimild til þess að segja upp samningunum frá 1961 við Breta og Þjóðverja, og telja, að það muni ríkisstj. gera. Eitt er að telja sig hafa heimild til einhvers og annað að nota slíka heimild. Samkv. þessum skilningi fulltrúa stjórnarflokkanna í utanrmn. felst ekki uppsögn á samkomulaginu við Breta og Vestur-Þjóðverja frá 1961 í 2. tölulið. Þennan skilning stjórnarflokkanna vefengi ég ekki, en þá er líka rangt það, sem segir í frásögnum stjórnarblaðanna um hina nýju till. utanrmn. í morgun, að með henni sé samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja sagt upp. Það er hins vegar upplýst í nál. af fulltrúum stjórnarflokkanna, að ríkisstj. muni segja þessum samningum formlega upp. Um það vil ég leyfa mér að láta í ljós þá skoðun, að það sé mjög óráðlegt og óviðeigandi að segja þeim upp nú, meðan enn er ekki lokið viðræðum við Breta og Þjóðverja, sem stofnað hefur verið til í þeim tilgangi að finna hagkvæma lausn vandamála, sem upp kunna að koma við útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Meðan slíkum viðræðum er ekki enn lokið, er fyrir hendi sá möguleiki, að nýtt samkomulag taki við af eldra samkomulagi, og væri samskiptum þjóðanna betur komið með þeim hætti.

Ég hef látið í ljós þá skoðun, að enda þótt ekki séu bein uppsagnarákvæði í samkomulagi framangreindra ríkja og Íslands frá 1961, þá mundi það ekki álítast af þjóðarétti, að slíkir samningar séu gerðir til eilífðarnóns og óuppsegjanlegir. Brostnar forsendur og verulega breyttar kringumstæður geta leitt til þess, að hvor aðilinn sem er teljist laus af þeim skuldbindingum, sem í slíkum samningum felast. Það er og rétt, sem fram hefur verið haldið, að samningarnir frá 1961 hafa náð tilgangi sínum og markmiði. Engu að síður kynnu fleiri tilvik en að framan getur að vera þess eðlis, að rétt væri, að þau kæmu til álita við ákvörðun um formlega uppsögn. Það er deginum ljósara og alviðurkennt, að mjög mikilvægt þróunarskeið í þjóðarétti hefur staðið og stendur yfir okkur í vil varðandi fiskveiðilögsögu þjóða almennt og sérstaðan rétt strandríkis eins og Íslands. Er skynsamlegt að hafa hafnað þeirri liðveizlu, sem tíminn einn mun óneitanlega veita stefnu og málstað Íslendinga í landhelgismálinu? Lífshagsmunir þjóða mælast ekki í mánuðum, heldur í framtíðinni.

Það er að sjálfsögðu á ábyrgð ríkisstj., hvort hún notar og hvenær hún notar heimild, sem hún telur sig hafa til þess að segja upp samningum við önnur ríki. Þótt við sjálfstæðismenn höfum ekki talið tímabært að ákveða í fyrra útfærsludag fiskveiðilögsögunnar, m. a. vegna þess, að slíkt gat ekki talizt skipta máli og hagkvæmara þá, að opið stæði, þá höfum við samstöðu nú um gildistöku og útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1. sept. 1972. Margir hafa verið í þeirri villu, að ekki væri hægt að færa út mörk fiskveiðilandhelginnar, nema búið væri að segja upp samningum við Breta og Þjóðverja. Það fær ekki staðizt, þó ekki væri nema vegna þess, að í sjálfum samningnum er fólgin yfirlýsing Íslendinga um það, að þeir muni halda áfram að vinna að framgangi þeirrar stefnu, sem mótast af því, að þeir telja sig eiga rétt til fiskveiðilögsögu á öllu hafsvæðinu yfir íslenzka landgrunninu. Þetta felst m. a. í landgrunnslögunum frá 1948.

Herra forseti. Ég lýk nú máli mínu. Samstaða allra þingflokka á nú að nást um till. utanrmn., sem komi í stað þáltill. ríkisstj. á þskj. 21. Þessu ber vissulega að fagna, en gefur þetta ekki vísbendingu um það, að rétt hafi verið gagnrýni okkar sjálfstæðismanna á vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. í þessu máli, þegar hún lagði fyrir þingið í haust alveg óbreytta till. frá því í fyrra, sem bæði var gölluð að efni og formi? Er þetta ekki hreinlega vísbending um það, að samkomulag hefði getað náðst strax í haust, ef þess hefði verið freistað innan landhelgisnefndar, en til þess var engin tilraun gerð af ríkisstj. hálfu? Það leiddi m. a. til þess, að þm. Sjálfstfl. töldu sig knúna til þess að flytja á þessu þingi í haust sérstaka till. til þál. um landhelgi og verndun fiskstofna. Hin veigamiklu ákvæði þeirrar till. og fyrri yfirlýsinga, sem m. a. felast í þál. frá síðasta þingi, frá 7. apríl 1971, um það, að landgrunn Íslands og hafsvæðið yfir því sé hluti af íslenzku yfirráðasvæði, eru nú ítrekuð samkv. hinni nýju till. utanrmn. Um þessa grundvallarstefnu Íslendinga er enginn ágreiningur. Eins eru tekin inn í till. utanrmn. nú ákvæði fyrrnefndrar till., sem einnig er í ályktuninni frá 7. apríl 1971, um verndun fiskstofna og friðun einstakra fiskimiða. Samstaða er og um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun sjávar og halda áfram samstarfi við aðrar þjóðir um nauðsynlegar ráðstafanir.

Við sjálfstæðismenn höfum lagt okkur alla fram um það, að samstaða næðist á Alþ. í landhelgismálinu. Sama verður sagt um Alþfl.-menn. Því miður tókst ekki á Alþ. í fyrra að ná samstöðu við þáv. stjórnarandstöðu.

Við treystum nú á farsæla framvindu málsins. Við sérhverja framkvæmd þess skyldi farið með gát, en einurð og festu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Allir Íslendingar eru um það sammála, að brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar í dag sé, að fiskveiðilögsaga hennar stækki. Svo sem kunnugt er, nemur hún nú 12 mílum frá grunnlínum, sem fylgja ekki vogskorinni ströndinni, heldur eru beinni og sniðnar eftir heildarlögun landsins. Fyrr á öldum var fiskveiðilögsagan stærri. Á 17., 18. og hluta af 19. öld var hún fyrst 32 mílur, síðan 24 mílur og var minnkuð í 16 mílur á 19. öld. Á síðari hluta 19. aldar virðist hafa verið miðað við fjórar mílur, en flóar allir höfðu jafnan verið lokaðir erlendum veiðiskipum. Árið 1901 gerði danska stjórnin, sem þá fór með utanríkismál Íslands, samning við Breta um þriggja mílna fiskveiðilögsögu við Ísland og 10 mílna lögsögu í flóum. Samningnum var sagt upp af Íslendingum, og féll hann úr gildi 1951.

Á þessari öld hefur sókn á Íslandsmið aukizt mjög verulega, bæði af hálfu Íslendinga og annarra. Þegar fyrir fyrri heimsstyrjöld var talið, að um ofveiði nokkurra fisktegunda hafi verið að ræða. Meðan á styrjöldinni stóð, sóttu hins vegar nær engin erlend botnvörpuskip á miðin, og styrktust fiskstofnarnir þá verulega. Að lokinni styrjöldinni reyndist afli á Íslandsmiðum mun meiri en hann hafði verið fyrir styrjöldina. Á tímabilinu milli heimsstyrjaldanna minnkaði veiði sumra fisktegunda hins vegar mjög tilfinnanlega. Talið er, að um ofveiði hafi verið að ræða á meiri hluta allra mikilvægra fisktegunda. Í síðari heimsstyrjöldinni hurfu erlend veiðiskip aftur svo að segja alveg af Íslandsmiðum. Afleiðingin varð sú, að fiskstofnarnir efldust á síðari stríðsárunum og fyrstu árunum eftir stríð. En á s. l. aldarfjórðungi hefur sótt í sama horfið og á tímabilinu milli heimsstyrjaldanna. Nú má fullyrða, að fiskstofnarnir við landið séu fullnýttir.

Fyrir 15—20 árum var algengt, að 15 ára gamall fiskur veiddist. Nú er sjaldgæft að veiða eldri fisk en 10 ára. Það er að sjálfsögðu hagsmunamál allra þeirra, sem neyta fisks af Íslandsmiðum og vilja halda áfram að neyta hans, að fiskstofnarnir á þessum mikilvægu miðum séu ekki skertir. En hver á að tryggja, að svo fari ekki?

Öldum saman hefur verið viðurkenndur einkaréttur strandríkis til veiða á tilteknu svæði út frá ströndinni eða frá línu, sem dregin er samkv. einhverjum reglum meðfram ströndinni. Þetta svæði, fiskveiðilögsagan, hefur verið misstórt á ýmsum tímum og hjá ýmsum ríkjum. Á þessari öld hafa þjóðir, sem veiða á miðum fjarri landi sínu, ráðið mestu um stærð fiskveiðilögsögu, og var hún lengi vel aðallega 3 mílur eins og landhelgin. Á síðari árum hefur það sjónarmið þó náð viðurkenningu, að fiskveiðilögsaga og landhelgi þurfi engan veginn að fara saman. Hálfrar aldar reynsla af þessari stefnu varðandi fiskveiðilögsögu á mikilvægustu fiskimiðum Atlantshafs, Íslandsmiðum, hefur reynzt mjög alvarleg. Enginn vafi er á því, að hefði miðunum ekki verið hlíft tvívegis í nokkur ár, meðan styrjaldir geisuðu, hefði verið hætta á því, að þau eyddust. Eftir að samningurinn við Breta um þriggja mílna fiskveiðilögsögu við Ísland féll úr gildi 1951, hefur það verið eitt helzta áhugamál Íslendinga að koma í veg fyrir ofveiði og stækka fiskveiðilögsöguna. Í því skyni voru lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins sett árið 1948. Á grundvelli þeirra hafa Íslendingar fjórum sinnum stækkað fiskveiðilögsögu sína, 1950, 1952, 1958 og 1961. Nú er enn svo komið, að óhjákvæmilegt er að stækka fiskveiðilögsöguna. Veldur því breytt og bætt tækni í fiskveiðum og sístækkandi veiðiskip, en hvort tveggja veldur því, að veiðin eykst og fiskstofnunum er stefnt í vaxandi hættu. Sókn erlendra fiskiskipa, sem fara sístækkandi og beita stöðugt árangursríkari veiðiaðferðum á miðum við Ísland, hefur farið mjög vaxandi. Á síðustu árum hafa jafnvel sótt á Íslandsmið stór skip frá þjóðum, sem fram til þessa hafa ekki veitt þar. Auk þess hefur sókn á miðin við Ísland aukizt, vegna þess að aflamagn á öðrum miðum hefur minnkað vegna ofveiði þar. Hættan á ofveiði á Íslandsmiðum hefur þess vegna aukizt ár frá ári, og er nú svo komið, að óhjákvæmilegt er að grípa til gagnráðstafana.

Auðvitað hafa allar þjóðir, sem stundað hafa veiðar á Íslandsmiðum, hag af því, að fiskstofnarnir á þessum miðum skerðist ekki. Engin þjóð á þó jafnmikið undir því og Íslendingar. Fiskveiðar hafa verið öldum saman og eru enn undirstaða atvinnulífs á Íslandi. Ef ekki væru fiskimiðin umhverfis landið, væri það naumast byggilegt. Þýðing fiskveiðanna fyrir Íslendinga sést bezt á því, að fimmtung þjóðartekna þeirra má rekja beinlínis til sjávarútvegs og miklu hærra hlutfall, ef tekið er tillit til óbeinna áhrifa. Hjá öllum öðrum þjóðum, sem veiðar stunda á Íslandsmiðum, er hlutur fiskveiða í þjóðartekjunum minni en 1%. Engin þjóð í víðri veröld á jafnmikið undir fiskveiðum sínum og Íslendingar. Fyrir þá væri skerðing fiskstofnanna við Ísland margfalt meira áfall en nokkra aðra þjóð, sem þar hefur stundað veiðar. Þeir eru eina þjóðin, sem bókstaflega mundi ekki þola alvarlegt áfall í þeim efnum.

Þeirri skoðun hefur undanfarið vaxið fylgi á alþjóðavettvangi, að strandríki hafi rétt til þess að gera ráðstafanir til verndunar fiskimiðum við strendur sínar og þeim mun víðtækari rétt sem fiskveiðar eru mikilvægari fyrir það. Þessi þróun mála mun eflaust halda áfram í sömu átt og með vaxandi hraða. Auðæfi í hafsbotni út frá ströndum eru nú talin eign strandríkisins, og er þá yfirleitt miðað við miklu meiri fjarlægð en fiskveiðilögsaga hefur að jafnaði verið miðuð við. Landgrunn Íslands er í aðalatriðum eins lagað og landið sjálft. Í landfræðilegum skilningi er eðlilegt að telja landgrunnið hluta af landinu. Fiskimiðin eru einmitt yfir landgrunninu. Það skapar sérstakar líffræðilegar aðstæður, sem ásamt hafstraumum gerir miðin að ákjósanlegum hrygningar- og uppeldisstöðvum. Aðstæðurnar yfir landgrunninu eru í raun og veru hluti af náttúruauðlindum landsins. Ef verðmæti eins og t. d. olía fyndust í landgrunninu við Ísland, yrði ekki ágreiningur um það á alþjóðavettvangi, að Íslendingar ættu þá olíu. En má ekki með sama rétti segja, að þeir eigi þau verðmæti, sem eru yfir landgrunninu og byggjast á því, þ. e. þann fæðuforða, sem fiskstofnarnir nærast á, og eigi þess vegna að hafa einkarétt til þess að veiða þá?

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þótt allir Íslendingar séu sammála um nauðsyn stækkunar fisk-

veiðilögsögunnar og telji sig færa fullgild rök fyrir afstöðu sinni, er ágreiningur um það, hvort miða skuli við 50 mílur eða landgrunnið skilgreint sem 400 m jafndýpislína, þó þannig, að landgrunnslínan liggi hvergi nær landinu en 50 mílur. Alþfl. tók að boða landgrunnskenninguna þegar á s. l. vori. Þegar eftir að ríkisstj. flutti till. sína, þar sem gert var ráð fyrir 50 mílna fiskveiðilögsögu, var af hálfu þingflokks Alþfl. flutt brtt. um að miða fiskveiðilögsöguna við landgrunnið. Sú stefna hefur hlotið mikinn stuðning. Meginrökin fyrir henni eru þau, að sé ekki miðað við landgrunnið, mundu mjög mikilvæg fiskimið haldast utan við fiskveiðilögsöguna, þótt hún yrði færð í 50 mílur. Af því gætu hlotizt nýjar alþjóðlegar deilur eftir fá ár. Af þessum sökum flytjum við þrír utanrmn.-menn brtt. um, að miða skuli fiskveiðilögsöguna við landgrunnið, þó þannig, að hún verði hvergi minni en 50 mílur. Þótt till. þessi verði felld, munum við samt styðja áform ríkisstj. um útfærslu í 50 mílur hinn 1. sept. n. k. Ég lít svo á, að þótt ágreiningur sé um framkvæmdaratriði í þessu lífshagsmunamáli Íslendinga, megi það ekki verða til þess, að Alþ. standi ekki saman um kjarna málsins, sjálfa útfærsluna.

Varðandi samninginn frá 1961 tel ég og, að skynsamlegra hefði verið til styrktar málstað Íslands að taka svo til orða, að sá samningur hafi náð tilgangi sínum og eigi því ekki lengur við. Vilji ríkisstj. segja samningnum upp, nægir að vísa til orðsendingar hennar til ríkisstj. Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands frá 31. ágúst 1971 og þess konar orðalags, sem ég nefndi. En ég tel ekki heldur rétt að láta skiptar skoðanir um slík atriði verða þess valdandi, að alþm. allir hafi ekki samstöðu um aðalatriði málsins, en það er nauðsyn þess, að fiskveiðilögsagan stækki sem fyrst.

Í ályktunartillögunni er gert ráð fyrir því, að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstj. Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar. Allir Íslendingar hljóta að vona, að skynsamlegt og réttlátt samkomulag geti tekizt milli Íslendinga og þessara tveggja miklu vinaþjóða þeirra. Þeir treysta því, að ríkisstj. þessara auðugu og voldugu stórþjóða sýni skilning á þörfum lítillar þjóðar, sem telur sig vera að berjast fyrir framtíðarlífshagsmunum sínum. Þótt þingflokkur Alþfl. hafi einróma ákveðið að fylgja till. við lokaatkvgr., þótt fellt hafi verið að taka upp þá stefnu varðandi mörk fiskveiðilögsögunnar, sem Alþfl. telur rétta, landgrunnsstefnuna, jafngildir það ekki því, að hann sé með því að taka ábyrgð á öllum orðum og gerðum ríkisstj. í landhelgismálinu. Ef Alþfl. hefði mátt ráða, hefði að ýmsu leyti verið farið öðruvísi að. En nú er hvorki staður né stund til þess að gera slíkt að umræðuefni. Nú á þingheimur allur að standa saman í stærsta máli þjóðarinnar í dag. Hann á að standa saman, þangað til réttlátur sigur er unninn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir þeirri samstöðu, sem náðst hefur í utanrmn. á milli stjórnarliðs og stjórnarandstöðu um afgreiðslu þessa máls. Mönnum hefur þar tekizt að sameinast um sameiginlega till., þó að viss fyrirvari sé gerður af hálfu stjórnarandstöðuþingmanna varðandi vissa liði till. og brtt. fluttar um vissa liði, svo sem gerð hefur verið grein fyrir. En þar sem fyrir liggur yfirlýsing af hálfu þessara stjórnarandstæðinga, að þeir og þeirra flokkar muni að felldum þeim brtt., sem þeir hafa borið fram, greiða þessari þáltill. frá utanrmn., sem hér liggur fyrir, atkv., tel ég hér vera um fullkomna samstöðu að tefla. Ég held, að sú afgreiðsla sé og verði Alþ. til sóma. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að virðing manna fyrir Alþ. mun vaxa vegna slíks atburðar sem þessa. Ég vil þakka utanrmn. fyrir ágætt starf að þessu máli, bæði n. í heild og einstökum nm. Og ég þakka stjórnarandstæðingum ekkert síður en stjórnarsinnum fyrir þann samstarfsvilja, sem þessi sameiginlega till. ber vitni um. Og þegar við nú greiðum atkv. um þá till., sem hér liggur fyrir, frá utanrmn. á eftir og á þann veg, að ég ætla, að allir alþm. 60 að tölu greiða atkv. með henni, þá er um að ræða atburð, sem verður minnzt um ókomin ár, atburð, sem mun verða skráður skýrum stöfum í sögu Alþ. Og það mun verða tekið eftir þessari afgreiðslu málsins, ekki aðeins hér heima heldur einnig erlendis. Ég er sannfærður um, að sá eindregni og sá ákveðni sameiginlegi vilji, sem birtist í þessari afgreiðslu og þeirri ályktunartillögu, sem hér liggur fyrir, verður okkur til styrktar í þeirri baráttu, sem fram undan er í þessu máli. Ég er því miður hræddur um, að sú barátta geti orðið ströng og e. t. v. nokkuð löng og við þurfum í þeirri baráttu sjálfsagt á öllu okkar að halda. Og við höfum ekki að mínum dómi efni á því að skipta liði í þeirri baráttu.

Það eru voldugar þjóðir, sem eru okkur andstæðar í þessu máli. Það væri blekking að gera ekki ráð fyrir harðsnúinni mótstöðu af þeirra hálfu, þótt sjálfsagt sé í lengstu lög að vona, að aðrar þjóðir viðurkenni lífsnauðsyn okkar og líti með skilningi á óhjákvæmilegar aðgerðir okkar. En hvort sem barátta okkar verður lengri eða skemmri, þá er það ómetanlegur styrkur að geta sýnt umheiminum það svart á hvítu, að öll þjóðin stendur einhuga að baki fyrirhuguðum aðgerðum í fiskveiðilögsögumálinu. Og hin eindregna samstaða á Alþ. um þá ályktunartillögu, sem hér liggur fyrir, spáir góðu um síðari framvindu málsins.

Eftir þessa samþykkt má öllum vera ljóst, að ekki verður hvikað frá fyrirhugaðri útfærslu fiskveiðimarkanna. Útfærslan verður látin taka gildi 1. sept. þetta ár, og Bretum og Vestur-Þjóðverjum verður enn á ný gerð skýr grein fyrir því, að við teljum, að ákvæðin um málskot til Alþjóðadómstólsins eigi ekki lengur við og okkur því óskylt að hlíta þeim að því er fyrirhugaða útfærslu varðar.

Ég vil taka það skýrt fram við þetta tækifæri, að það verður ekki af ríkisstj. hálfu um að ræða neinar tilslakanir frá þeirri stefnu, sem mörkuð er með þessari alþingissamþykkt. Ríkisstj. mun fylgja henni fast fram. Engin þjóð ætti að gæla við þá hugmynd, að við verðum með hótunum eða efnahagslegum þvingunaraðgerðum neyddir til að hverfa frá fyrirætlunum okkar um útfærslu. Það er alveg af og frá. Hins vegar viljum við halda áfram viðræðum við Breta og Vestur-Þjóðverja, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, og við viljum leggja okkur alla fram um að komast að samkomulagi um sanngjarna lausn á þeirra vanda. Við erum fúsir til samkomulags um hæfilegan umþóttunartíma. Það er nægur tími til samkomulagsumleitana, áður en útfærsla

kemur til framkvæmda. Við munum einnig að sjálfsögðu halda áfram vinsamlegum viðræðum við frændþjóð okkar í Færeyjum. Ég mun ekki hér fara að ræða landhelgismálið almennt, né heldur mun ég gera grein fyrir þeim rökum, sem til þess lágu, að ríkisstj. taldi rétt á sínum tíma að leggja fram óbreytta þá þáltill., sem núv. stjórnarflokkar höfðu flutt á síðasta Alþ. Það hefur áður verið gert, og ég vil ekki blanda því inn í þessar umr. hér.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að endurtaka þakkir mínar til utanrmn. Ég veit, að sú samstaða um þetta mál, sem hér hefur verið innsigluð, mun ekki rofna. Það er stundum sagt, að Íslendingar séu, þegar þeir eru komnir út fyrir landsteinana, ekki framsóknarmenn, ekki sjálfstæðismenn, ekki Alþb.-menn o. s. frv., heldur fyrst og fremst Íslendingar. Í þessu máli eigum við allir að vera Íslendingar, hvar svo sem í flokki við stöndum. Og ég veit, að það er krafa þjóðarinnar allrar til okkar, sem erum í fyrirsvari fyrir hana á löggjafarþingi og í ríkisstjórn.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með myndun núv. ríkisstj. var skýr og ótvíræð stefna ákveðin í landhelgismálinu. Í málefnasamningi stjórnarinnar var því lýst yfir, að fiskveiðilandhelgin yrði stækkuð í 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið og að stækkunin skyldi taka gildi eigi síðar en 1. sept. 1972. Jafnframt var því lýst yfir, að landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja frá árinu 1961 yrði sagt upp. Með þessu samkomulagi stjórnarflokkanna var þeirri óvissu, sem ríkt hafði um framkvæmdir í landhelgismálinu, eytt að fullu.

Óhætt er að segja, að þessi hiklausa og skýra stefna um aðgerðir í landhelgismálinu hafi vakið almennan fögnuð Íslendinga. Fjöldi aðila, þ. á m. ýmsir forustumenn í stærstu félagssamtökum í landinu, lýsti yfir eindregnum stuðningi við stefnu stjórnarinnar í þessu máli. En þessi ákveðna stefna vakti ekki aðeins athygli hér á landi. Hún varð strax umræðuefni fréttastofa og blaða í mörgum löndum. Ljóst var, að með þessari skýru og afdráttarlausu stefnu höfðum við gert öðrum þjóðum grein fyrir áformum okkar í þessu stórmáli á þann veg, að ekki var um að villast, hvað við ætluðum okkur að gera. Strax eftir valdatöku ríkisstj. hófst hún handa um að kynna öðrum þjóðum fyrirætlanir okkar í landhelgismálinu og skýra fyrir þeim þau rök, sem til þess liggja, að við teljum, að við getum ekki beðið með útfærslu. Ákveðin og skýr stefna og einarður málflutningur af okkar hálfu varð strax til þess, að ýmsir erlendir aðilar, sem lítinn áhuga höfðu haft á kröfum okkar um stærri landhelgi, tóku nú undir sjónarmið okkar, viðurkenndu sérstöðu Íslands og ótvíræða nauðsyn á því að gæta betur fiskstofnanna við strendur landsins en gert hafði verið.

Grundvallarstefna Íslendinga í fiskveiðiréttarmálum hefur lengi verið ákveðin. Stefnan hefur verið sú, að Íslendingar ættu að hafa lögsögu yfir öllum fiskveiðum á hafinu í kringum landið innan endimarka landgrunnsins. Samkv. þessari grundvallarstefnu hefur verið unnið og lögsagan færð út í áföngum, eftir því sem talið hefur verið fært hverju sinni. Nú var svo komið, að 12 mílna mörkin voru orðin ófullnægjandi vegna gerbreyttra aðstæðna við fiskveiðar bæði Íslendinga og annarra þjóða, sem fiskveiðar stunda á fiskimiðunum við landið. Sú ákvörðun að færa nú fiskveiðimörkin út í 50 mílur er í fullu samræmi við margyfirlýsta stefnu okkar og landgrunnslögin frá 1948, en samkv. þeim lögum höfum við gert allar breytingar á fiskveiðilandhelginni, síðan þau lög voru sett.

Útfærsla fiskveiðimarkanna í 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið er vissulega stórt skref og þýðingarmikið fyrir okkur Íslendinga. Að fenginni reynslu vissum við, að slíkt skref yrði ekki stigið án erfiðleika. Það hefur líka þegar komið í ljós, að ýmsir þeir erlendir aðilar, sem hér eiga hagsmuni undir, hugsa til mótaðgerða og munu gera það, sem þeir geta, til að koma í veg fyrir fyrirætlanir okkar. Okkur hefur verið hótað og er hótað, og reynt er með ýmsum ráðum að fá okkur til að fresta framkvæmdum í málinu. Ekkert af þessu tagi gat okkur komið á óvart. Við höfum að undanförnu átt samningaviðræður við fulltrúa Breta og Vestur-Þjóðverja um landhelgisstækkunina. Okkur er ljóst, að mikill fjöldi skipa frá þessum þjóðum stundar veiðar á fiskimiðunum hér við land. Stækkun fiskveiðilandhelginnar mun því vissulega hafa mikil áhrif á fiskveiðaaðstöðu þeirra hér við land. Af þeim ástæðum höfum við talið eðlilegt og sanngjarnt að bjóða þessum þjóðum nokkurn umþóttunartíma, þ. e. möguleika til þess að hverfa í áföngum út úr hinni nýju fiskveiðilandhelgi, enda hlíti þeir þá settum reglum okkar um veiðar og veiðisvæði á þessu tímabili. Til þessa hafa þessar viðræður ekki borið neinn árangur. Ljóst er, að þeir, sem málum ráða hjá þessum þjóðum, eru okkar hörðustu andstæðingar í fiskveiðilandhelgismálinu. Þeir bera miskunnarlaust fyrir sig landhelgissamningana frá árinu 1961 og telja sig samkv. þeim ekki þurfa að sæta neinum einhliða fyrirmælum okkar. Þeir telja samningana bindandi og óuppsegjanlega og segjast munu vísa ágreiningi um útfærsluna undir úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag. Ekki er um að villast, að landhelgissamningarnir frá árinu 1961 eru á þennan hátt þröskuldur í vegi eðlilegs samkomulags við þessar þjóðir. Eins og skýrt hefur komið fram af hálfu ríkisstj., telur hún samningana frá 1961 ekki bindandi fyrir Íslendinga og af því beri að segja þeim formlega upp. Það hefur opinberlega komið fram, að allir stjórnmálaflokkar í landinu eru sammála um, að samningunum frá árinu 1961 sé hægt að segja upp, þótt engin uppsagnarákvæði sé í þeim að finna. Slíkir samningar geta aldrei bundið þjóð um alla eilífð.

Reynslan hefur þegar sýnt, að það er eitt af grundvallaratriðum í landhelgismálinu, eins og nú er ástatt, að losna formlega að fullu og öllu við landhelgissamningana við Breta og Vestur-Þjóðverja frá árinu 1961. Kjarninn í afstöðu okkar Íslendinga í landhelgismálinu er sá, að við þurfum lífsnauðsynlega að stækka okkar fiskveiðilandhelgi, að við eigum til þess fullan rétt samkv. íslenzkum lögum og einnig samkv. fordæmi margra þjóða annarra í hliðstæðum tilvikum og að við viðurkennum aldrei rétt neins erlends dómstóls til þess að kveða upp úrskurð um stærð íslenzkrar fiskveiðilandhelgi. Af þessum ástæðum skiptir hér öllu máli fyrir okkur að standa hiklaust að málinu og losa okkur við þær hindranir, sem í vegi okkar standa.

Sú afgreiðsla utanrmn. á till. ríkisstj. um landhelgis-

málið, sem hér liggur fyrir, er skýr og ótvíræð. Í henni er tekin skýr afstaða til útfærslunnar í 50 mílur 1. sept. n. k. og því lýst yfir, að landhelgissamningarnir við Breta og Vestur-Þjóðverja frá árinu 1961 séu ekki bindandi fyrir Íslendinga. Hér er tekið á kjarna málsins, og það er það, sem skiptir öllu máli.

Vissulega er okkur Íslendingum vandi á höndum að koma stækkun fiskveiðilandhelginnar í framkvæmd. Andstaða erlendra aðila er hörð, okkur er hótað, við erum bornir þeim sökum, að við séum að brjóta lög og samninga. Reynt er að ógna okkur með því, að viðskipti okkar séu í hættu. Ef við færum út fiskveiðimörkin, getum við ekki fengið eðlilega og almenna viðskiptasamninga. Þeir erlendir aðilar, sem þannig snúast við stefnu okkar í landhelgismálinu, verða að skilja, að þess háttar vinnubrögð geta ekki breytt afstöðu okkar. Stækkun fiskveiðilandhelginnar varðar lífsafkomu þjóðarinnar, varðar möguleika hennar til að búa í landinu og aðstöðu til að halda hér uppi menningarlífi og lífskjörum til jafns við það, sem gerist með öðrum þjóðum. Hótanir um löndunarbann á íslenzkum fiski í Bretlandi geta því engu breytt um afstöðu okkar né heldur hótanir um viðskiptasamninga við Efnahagsbandalagið.

Þess verður að vænta, að ríkisstjórnir Bretlands og Vestur-Þýzkalands geri sér ljóst, að yfirlýstri stefnu Íslendinga í fiskveiðilandhelgismálum verður fylgt með stækkun landhelginnar í 50 sjómílur frá grunnlínum frá 1. sept. á þessu ári og að ekki kemur til mála af Íslands hálfu, að Alþjóðadómstóllinn í Haag fjalli um málið eða geti á nokkurn hátt haft áhrif á útfærsluna í 50 mílur. Stjórnir Bretlands og Vestur-Þýzkalands verða að átta sig á, að öll íslenzka þjóðin stendur einhuga í þessu máli. Tillögumunur, sem fram kemur um mismunandi skilgreiningu á æskilegum landhelgismörkum, breytir þar engu um. Í þeim efnum er ekki fjallað um grundvallaratriði málsins, ekki um nein meginatriði.

Samstaða landsmanna um kjarna málsins, stækkun landhelginnar 1. sept. í 50 mílur og neitun á því, að erlendur dómstóll geti átt lögsögu um þetta mál, er fullkomin. Um þau atriði standa allir landsmenn saman.

Ég lýsi fullum stuðningi mínum við afgreiðslu utanrmn. á þessu máli. Sú afgreiðsla leggur þann grundvöll, sem er nauðsynlegur, einnig til þess að skapa sem mesta samstöðu um afgreiðslu málsins hér á Alþingi.

Ég vænti þess fastlega, að samþykkt Alþingis á fyrirliggjandi till. frá utanrmn. verði hér samþykkt einróma.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er aðallega 4. liður í till. utanrmn., sem ég vildi gera hér að umræðuefni. Mér þykir þó rétt að fara örfáum orðum um málið í heild. Ég vil mjög taka undir það, sem hér hefur komið fram bæði frá fulltrúum stjórnarliðsins og fulltrúum stjórnarandstöðunnar, að það hlýtur að vera ánægjuefni, ekki einasta fyrir þm. heldur og fyrir þjóðina alla, að sú samstaða skuli hafa náðst um málið, sem nú liggur fyrir hér á Alþ. Ég tel í því sambandi mjög rétta ábendingu formanns Sjálfstfl., að vissulega hefði það farið betur, að reynt hefði verið að ná þessari samstöðu um málið, áður en farið var að ræða það við erlenda aðila. En um það þýðir ekki að sakast. Þetta er orðinn hlutur og því ekki rétt að vera að taka það mál upp að nýju.

Þá vildi ég undirstrika, áður en gengið verður til atkvgr. um þá brtt., sem hér er flutt á þskj. 337, að þar er kannske um stærra mál að ræða en menn almennt hafa gert sér grein fyrir. Stærðarmunur á 50 mílna svæðinu og því, sem fram kemur á þskj. 337, landgrunninu öllu, þetta er mjög stórt svæði, er um 27 þús. ferkílómetrar, og á því svæði eru á sumum stöðum mjög mikilvæg fiskimið, þannig að sannarlega og vissulega hefði verið æskilegra, að stjórnmálaflokkarnir hefðu þegar í upphafi getað náð samstöðu um að sameinast um landgrunnið allt, eins og hér hefur verið deilt um á þingi áður í sambandi við þær umr., sem verið hafa um málið.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ef till. sú, sem hér er til afgreiðslu, verður felld, þá komi til kasta Alþingis á næstu árum að ræða um nýja útfærslu, því að það er svo viðkvæmt mál í samskiptum okkar við erlenda aðila, að ég hygg, að það muni þurfa að líða nokkur tími, áður en ráðizt verður í að stíga það skref að leggja landgrunnið allt undir íslenzka lögsögu. Ég bendi á þetta hér, vegna þess að það kom fram hjá einum hv. þm. í umr. hér fyrr, að þetta mætti taka upp eftir eitt eða tvö ár. Ég tel, að það sé á mjög miklum misskilningi byggt, að það verði gert.

Varðandi 4. lið till. þá vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að það ákvæði, sem þar er að finna, skuli hafa verið tekið upp í ályktun utanrmn. Ég tel, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, og ég hef látið það koma fram hér áður, að ég tel, að stjórnvöld hafi á undanförnum árum kannske ekki sýnt þessu máli nægan skilning, eins og vera hefði átt og ég tel, að ástæða hafi verið til. Ég hygg kannske, að það kunni að blekkja einstaka menn, að það liggur ljóst fyrir, birtist iðulega í fréttum, að aflamagn einstakra báta sé ekki minna og jafnvel mun meira nú á undanförnum vetrarvertíðum en áður var. En menn verða að athuga það, að þetta byggist á stóraukinni tækni, þannig að einn bátur vel útbúinn nú í dag afkastar alveg hiklaust tvisvar til þrisvar sinnum meira en bátar gerðu fyrir nokkrum árum bæði vegna mjög aukinnar tækni og vegna meiri veiðarfæranotkunar. Þeir, sem málum þessum eru kunnugir og fylgjast daglega með því, sem gerist hér á vetrarvertíð, fyrir þeim horfir þetta allt öðruvísi við, því að þeim er það ljóst, að því miður er verið að tefla á eins tæpt vað í sambandi við fiskveiðarnar víða um landið, sérstaklega á vetrarvertíð hér við Suður- og Suðvesturlandið, og maður getur ímyndað sér, að frekast sé óhætt að gera.

Ég vildi láta þetta koma fram hér við þessa umr. og vænti þess mjög, að hæstv. sjútvrh., sem ég veit og allir þm. vita, að er mjög kunnugur þessum málum, hefur fylgzt með útgerðarmálum um áratugabil, að hann taki þetta mál föstum tökum og geri raunhæfar ráðstafanir til þess, að því, sem að er stefnt í 4. lið, verði hrundið í framkvæmd, en þar er um að ræða verndun fiskstofna og friðun einstakra fiskimiða.

Ég tel, að þótt við ráðumst í það, eins og þegar er ljóst, að við munum gera, að færa út fiskveiðilögsöguna, stækka okkar fiskveiðilögsögu, eins og ráð er fyrir gert, þá verðum við jafnhliða og ekki síður en áður að hafa vakandi auga fyrir því að ganga hvorki á fiskstofnana með ofveiði ungfisks eða að ganga á fisk-

stofninn með ofveiði og rányrkju á hrygningarsvæðunum. Ég tel, að það verði að vera okkur alveg ljóst, að útfærsla landhelginnar breytir þar engu. Þetta er mál, sem við verðum að vera mjög vakandi yfir og gera okkur ljóst, að ef við ætlum að halda útgerð hér áfram í sama mæli og verið hefur og byggja afkomu þjóðarbúsins á því, þá verðum við að hafa þarna við alla gát og gera okkur grein fyrir því í tíma, að ekki geti átt sér stað, að við séum að eyðileggja fyrir sjálfum okkur, ekki einasta núverandi kynslóð heldur kannske komandi kynslóðum, með því að ganga of langt í ofveiði eða rányrkju á þeim fiskimiðum, sem við nú byggjum afkomu okkar á.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fyrr á þessu þingi urðu ítarlegar umr. um landhelgismálið. Var það bæði í sambandi við umr. um till. hæstv. ríkisstj. og einnig um þá till., sem við 10 þm. Sjálfstfl. fluttum á þskj. 56 um landhelgi og verndun fiskistofna.

Sú till. fól í sér í fyrsta lagi, að fiskveiðilögsaga Íslands skyldi ná yfir allt landgrunnið og ytri mörk landgrunnsins skyldu talin 400 metra jafndýpislína, þangað til mörk þess yrðu ákveðin með lögum, en þó hvergi nær landinu en 50 mílur frá grunnlínu. Í 2. og 3. lið var rætt um ákveðnar friðunaraðgerðir, bæði innan 12 mílna landhelgi og á landgrunninu utan þeirra, enn fremur um þátttöku í samstarfi þjóða til að hindra ofveiði utan landgrunns og tryggja Íslendingum eðlilega hlutdeild í fiskveiðum á úthöfum og loks um mengunarlögsögu og samstarf við aðrar þjóðir.

Ég skal ekki rekja ítarlega þau rök, sem lágu til þeirra tillagna, sem þar voru fluttar. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að samstaða hefur í meginatriðum tekizt á milli þingflokkanna um þetta mál. Ég tel, að sú brtt., sem utanrmn. flytur, sé að ýmsu leyti til bóta frá till. hæstv. ríkisstj.

Meðal þess, sem ég tel vera til bóta, er í fyrsta lagi 3. liðurinn: að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar. — Þetta er mjög til bóta, vegna þess að þetta er töluvert á annan veg en sá málflutningur, sem heyrðist hér í fyrra lengi vel og jafnvel fram eftir vetri, að þetta væri algjört einkamál okkar Íslendinga, væri ekki utanríkismál, heldur innanríkismál, og þyrfti ekki við aðra að tala eða semja um það.

Í þessu efni hefur orðið nokkur breyting í framkvæmd, bæði með því, að hæstv. ríkisstj. tók upp viðræður við tvær þjóðir, og enn fremur að nú er því lýst yfir í þessari sameiginlegu till., að þessum samkomulagstilraunum skuli haldið áfram.

Í öðru lagi tel ég mjög til bóta, að í 4. lið er ákveðið, að unnið skuli áfram í samráði við fiskifræðinga að ströngu eftirliti með fiskistofnum við landið, og settar, eftir því sem nauðsynlegt reynist, reglur um friðun þeirra og einstakra fiskimiða til þess að koma í veg fyrir ofveiði.

Það er mjög gagnlegt, að þessi till. kemur hér fram, þar sem þetta efni var ekki í upphaflegri till. ríkisstjórnarinnar. Hér er að vísu nokkru skemmra gengið en í till. okkar sjálfstæðismanna og hefði verið æskilegt, ekki aðeins að þetta hefði verið ítarlegra heldur vil ég líka taka fram, að það hefði verið æskilegra og miklu sigurstranglegra fyrir okkur í þeirri baráttu, sem fram undan er, að þegar á s. l. ári hefðu verið ákvarðaðar ýmsar slíkar friðunaraðgerðir, bæði innan 12 mílna og utan 12 mílna, bæði af þeim eðlilegu rökum, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Sunnl., rakti, og einnig vegna málflutnings okkar alls og málafylgju á erlendum vettvangi. En þetta tel ég til bóta frá því sem var.

Í þriðja lagi tel ég till. um mengunarlögsöguna til bóta. Í till. ríkisstj. var miðað við 100 mílna mengunarlögsögu, en það er alveg ljóst, að hún þarf í mörgum efnum að ná miklu lengra og er þetta atriði einnig sem sagt til hins betra. Hinu er ekki að neita, eins og rakið var í ræðu hv. 1. þm. Reykv., að sérstaklega um eitt atriði teljum við, að hér sé of skammt gengið, og það er varðandi hin ytri mörk hinnar nýju væntanlegu landhelgi.

Við höfum lagt á það áherzlu, að miðað yrði við 400 m jafndýpislínu, þó hvergi nær landi en 50 mílur, og ég vil hér vegna ummæla, sem fallið hafa gegn þessari till., aðeins rekja í stórum dráttum, hver helztu rökin eru fyrir þessu. Í fyrsta lagi er þarna, utan 50 mílna en innan 400 m dýptarlínunnar, einkum fyrir Vesturlandi, um mjög mikilvæg fiskimið að ræða. Og ef þau verða ekki innan landhelginnar nú, þá má ætla, að þau séu í mjög mikilli hættu, vegna þess að ljóst er, að þau fiskiskip erlend, sem nú veiða víðs vegar milli 12 og 50 mílna, en verða að hverfa af þeim miðum, munu flykkjast m. a. á þessi mið fyrir Vesturlandi. Þetta er mjög alvarlegt mál, sem er ein helzta röksemdin fyrir till. okkar. En röksemdirnar eru fleiri. Það er ekki vafi á því, að á alþjóðavettvangi mundi þessi landgrunnsstefna vera okkur sigurstranglegri en miðunin við 50 mílur einar. Nefni ég þar m. a. þá viðurkenndu þjóðréttarreglu nú, að ríki eigi hafsbotninn úti fyrir sínu landi, hafsbotninn á landgrunninu og öll þau auðæfi, sem eru í því og á.

Nú er það þannig, að um sum verðmæti okkar, sem við jafnvel hagnýtum okkur nú, má vafalaust segja, að þau séu svo nátengd hafsbotninum, að við munum eiga þau, þótt út fyrir 50 mílurnar sé komið. En þessi röksemd, að ríkin eigi öll verðmæti í og á hafsbotninum, mun verða eða gæti orðið okkur einhver allra sterkasta röksemd á alþjóðavettvangi fyrir þeim málstað okkar, að við teldum þá, að með sama rétti ættum við auðæfin í hafinu á landgrunninu yfir hafsbotninum. Og sérstaklega mundi sú viðbótarröksemd verða þung á metunum hjá okkur, þar sem hægt er að benda á, að þegar aðrar þjóðir margar eiga mikilvægar auðlindir í hafsbotninum, þá er land okkar svo ungt landfræðilega séð, að yfirleitt eru ekki taldar miklar líkur til þess, að í hafsbotninum sé líklegt að finna mikil auðæfi. Okkar auðæfi eru einmitt í sjónum yfir landgrunni, yfir hafsbotninum.

Þau gagnrök, sem talin hafa verið gegn þessu, finnst mér heldur léttvæg. Fyrsta röksemdin var sú, að það væri óframkvæmanlegt að miða við 400 m jafndýpislínu. Það hefur verið gjörsamlega afsannað, og kemur það m. a. í ljós í því frv., sem hér var lagt nýlega fram um fiskveiðilandhelgi Íslands. Sjómælingastofnun Íslands hefur beinlínis sýnt það og sannað, að það er auðvelt að ákvarða þessa dýptarlínu. Vitanlega hefur alltaf verið gengið út frá því og margsinnis tekið fram og í rauninni allt frá 1948, að ef miðað væri við dýpt-

arlínur, verður auðvitað að draga beinar línur yfir djúpála, að sumu leyti eins og er gert með grunnlínupunktana, sem nú er við miðað, og það hefur verið sýnt á kortum sem fylgja því frv., sem flutt er af hv. 1. og hv. 7. þm. Reykv., sýnt svo greinilega sem verða má, að hér er enginn vandi á höndum. Röksemdin um að þetta sé óframkvæmanlegt eða erfitt fær ekki staðizt. Önnur röksemdin er sú, að það sé þegar búið að kynna svo ítarlega 50 mílurnar, að það mundi rugla allt fyrir okkur, ef við miðuðum nú að einhverju leyti við dýptarlínu. Þessi röksemd fær heldur ekki staðizt, vegna þess að eins og margsinnis hefur verið bent á hér áður þá hafa bæði hæstv. utanrrh. og formaður sendinefndar okkar í þessum málum, Hans G. Andersen sendiherra, hvað eftir annað í sínum ræðum hjá Sameinuðu þjóðunum og á Genfarráðstefnu einmitt byggt fyrst og fremst á landgrunninu og talað um 50 til 70 mílur. Þannig hefur málið sem betur fer og réttilega verið kynnt, svo að sú röksemd fær ekki staðizt, að það mundi skaða okkar málstað, þó að við miðuðum nú við landgrunnið allt að 400 m dýpi í staðinn fyrir 50 mílur. Þriðja röksemdin er sú, að allar aðrar þjóðir miðuðu við ákveðna mílnatölu, en ekki við dýptarlínu, og þess vegna megum við ekki út frá því bregða. Þetta er líka byggt á algjörum misskilningi. Við höfum alltaf haldið því fram og höldum því fram, að við höfum algjöra sérstöðu meðal þjóða varðandi okkar fiskimið, því að engin þjóð önnur sé jafnháð fiskveiðum eins og við og einmitt þess vegna, vegna okkar algjöru sérstöðu, væri líka æskilegt, að við miðuðum þá ytri mörk landhelgi okkar á annan hátt en aðrir og einmitt við landgrunnið, sem er frá öllum sjónarmiðum séð, landfræðilega, sögulega, efnahagslega, atvinnulega, varðandi uppeldi fisksins og fiskimiðin, er að öllu leyti hin eðlilegu mörk. Ég tel þvert á móti því, sem hér er haldið fram, að það væri sterkara fyrir okkur á alþjóðavettvangi, einmitt að miða ekki endilega við ákveðna mílutölu, heldur við landgrunnið í heild og það mundi marka enn betur en áður okkar algjöru sérstöðu meðal þjóða heimsins.

Vegna þess að hér liggur fyrir brtt. í þessa átt frá minni hl. hv. utanrmn. og vegna þess að þetta er í rauninni það eina ágreiningsefni, sem kemur til atkv. hér á þingi, þá hefði ég viljað rekja aftur rök og gagnrök í þessu máli. Annað atriði, sem hér hefur borið á góma og sem fyrirvari er gerður um af hv. minni hl. n., eru samningarnir við Breta og Þjóðverja 1961, og ég sé ástæðu til þess aðeins að víkja að því efni, að alveg sérstaklega gefnu tilefni frá hæstv. sjútvrh., því að hér er reynt að halda að þjóðinni að mínu viti algjörlega röngum skilningi á samningnum frá 1961. Það hefur verið reynt lengi að útbreiða meðal þjóðarinnar þann misskilning, vil ég segja, að samningarnir frá 1961 séu þröskuldur í vegi útfærslunnar og að ekki sé hægt að færa út landhelgina nema segja þeim samningi upp fyrst. Ég tel, að þetta sé byggt á algjörum misskilningi. Í fyrsta lagi er það ljóst, að við getum fært út okkar landhelgi, hvort sem það er í 50 mílur eða miðað við 400 m jafndýpislínu, þannig að það kemur til framkvæmda og verður í framkvæmd, þó að Bretar og Þjóðverjar vilji fara með málið fyrir Alþjóðadómstólinn. Meðan dómurinn fjallar um málið, sem stendur yfir í nokkur ár, þá yrði þessi útvíkkun í framkvæmd. Þetta er alveg ljóst. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það. Árið 1961 var þetta mál alveg sérstaklega rætt í umr. á Alþ. og það var spurt um þetta. Það komu ákveðnar yfirlýsingar frá þáv. utanrrh. og frá frsm. meiri hl. utanrmn., hv. 1. þm. Reykv., um þennan skilning. Það var að vísu af einum hv. þm. borin fram brtt. um að bæta þessu ákvæði inn í samninginn skýrt og skorinort. Þetta var talið óþarft og undirstrikað sem sagt af þáv. ríkisstj. og þingmeirihluta, að þessi skilningur hlyti að vera sá eini og rétti. Þannig hefur það aldrei verið dregið í efa í rauninni fyrr en nú af núv. stjórnarflokkum, að það væri einhver vafi á því, að útfærslan kæmi í framkvæmd og yrði framkvæmd, þó að málinu yrði skotið til dómsins. Ég lít einnig svo á, að jafnvel þó að slík útfærsla færi fyrir dóminn og þess yrði krafizt, að við yrðum stöðvaðir í útfærslunni þá þegar, þá lít ég alveg hiklaust svo á, að Alþjóðadómstóllinn hafi ekki heimild til þess að fyrirskipa okkur að bíða með útfærsluna.

Ég tel að hér sé sem sagt um algjörlega rangan og villandi skilning að ræða. Ég skal ekki fara frekar út í það hér, en í annan stað held ég að sé alveg rétt að það komi hér fram, að ég fyrir mitt leyti er ekki sérstaklega hræddur við efnisdóm Alþjóðadómstólsins í þessu máli, eins og margir og a. m. k. allir stjórnarliðar virðast vera. Ef þetta mál, útfærslan, færi fyrir alþjóðadóm, þá tæki það væntanlega 3—4 ár. Á þeim tíma mun margt gerast. Við vitum það öll og erum sammála um það, að tíminn vinnur fyrir okkur, og að þeim sjónarmiðum, að strandríki eigi að fá miklu stærra svæði undir sína lögsögu en áður og nauðsynlegt sé að vernda rétt strandríkjanna til sinna fiskimiða, að þessari skoðun vex sífellt fylgi, ekki aðeins ár frá ári, heldur mánuð frá mánuði. Þetta hefur skýrt komið fram m. a. í þeim fregnum, sem okkur hafa verið fluttar af alþjóðaráðstefnum, undirbúningsráðstefnum undanfarið.

Hafréttarráðstefnan verður væntanlega haldin annað hvort á árinu 1973 eða 1974, og það eru yfirgnæfandi líkur til þess, að meiri hluti þjóða á þeirri ráðstefnu muni telja, að okkar sjónarmið og fjölda annarra þjóða séu rétt, þannig að þau verði ofan á með meiri hluta á þeirri ráðstefnu. Nú er það að vísu þannig, að á slíkum alþjóðaráðstefnum er yfirleitt gert ráð fyrir því, að til þess að einhver samþykkt sé bindandi þjóðréttarregla fyrir allar þjóðir, þurfi ⅔ að samþykkja. Ég skal ekki fullyrða, hvort sá aukni meiri hluti næst, en ég held, að ef nokkuð er að marka þær fregnir, sem bæði hæstv. ríkisstj. og aðrir hafa flutt okkur um þróunina í þessum efnum og viðhorf einstakra ríkja og vaxandi fylgi við okkar málstað, þá megi telja yfirgnæfandi líkur fyrir því, að á þessari ráðstefnu yrði meiri hluti þjóða fylgjandi okkar málstað. Og hverjum dettur í hug, að eftir að slíkt lægi fyrir færi alþjóðadómstóll, þvert ofan í vilja meiri hluta á slíkri alþjóðaráðstefnu, að dæma útfærslu okkar ólöglega? Auk þess er það vitað, að alþjóðadómurinn breytist frá ári til árs. Það er endurnýjun í þeim dómi, og vitanlega hlýtur sú þróun, sem er að verða að þessu leyti í þjóðaréttinum, að hafa áhrif þar m. a. við val og skipun nýrra dómenda.

Ég hef nú talið, að rétt væri, að þessi tvö sjónarmið komi hér fram, annars vegar að samningurinn frá 1961 er ekki þröskuldur í vegi fyrir útfærslu, vegna þess að útfærslan kæmi til framkvæmda, þó að málið færi fyrir alþjóðadóminn, og í öðru lagi, að ég lít persónulega svo

á, að við þurfum ekki að óttast málalok, þó að efnisdómur yrði kveðinn upp í máli fyrir alþjóðadómi. Um þetta er auðvitað aldrei hægt að fullyrða. Þetta er mín persónulega skoðun. Í sambandi við þetta er vissulega líka rétt að hafa þetta í huga: Við höfum nú einu sinni gengizt undir það 1961 með gildum og bindandi milliríkjasamningi, að ágreiningur um þetta mál skyldi hlíta úrlausn Alþjóðadómstólsins, og í því sambandi er vissulega ekki ástæðulaust að minna á það, sem hæstv. núv. forsrh. sagði í mjög góðri ræðu 14. nóv. 1968 hér á háttv. Alþ., því að þau rök og þau sjónarmið standa vissulega í gildi. Hann talar um það, hvort rétt hafi verið, að Íslendingar hafi neitað að bera útfærslu landhelgi undir alþjóðadóm eða fallast á það, og hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin. Þess vegna hefði að mínu viti hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja þau undir úrlausn alþjóðadómstóls."

Þetta voru viturleg orð. Hitt er svo annað mál, að af, ég vil segja pólitískum ástæðum, þá hefur hæstv. forsrh. fallið frá þessari skoðun sinni og hefur nú um alllangt skeið boðað annað. Að gefnu alveg sérstöku tilefni frá hæstv. sjútvrh., þar sem hann gefur villandi mynd af þeim samningi, sem gerður var 1961 og staðhæfir ranglega, að hann sé algjör þröskuldur í vegi fyrir útfærslu, vildi ég láta þessi sjónarmið koma hér fram.

Ég skal, herra forseti, ekki fara um þetta mál fleiri orðum. Ég vil lýsa ánægju minni að nýju yfir þeirri samstöðu, sem hér hefur náðst. Ég tel, að það hefði verið betur farið, ef stjórnarflokkarnir hefðu fallizt á till. okkar um 400 m dýptarlínuna. Sýnt er, að það gera þeir ekki, svo að sú till. nær hér ekki samþykki. Þá er það auðvitað ætlun okkar og ákvörðun allra, að greiða atkv. með till. óbreyttri, eins og hún kemur frá hv. utanrmn. Hér er um stórmál að ræða, sem allur þingheimur á að standa saman um, en sá einhugur, sem hér á að vera í atkvgr. um þetta mál, hann má ekki verða til þess að þagga niður þá gagnrýni eða ábendingar, sem nauðsynlegar eru. Það er nauðsynlegt að hafa hér hreinskilni og bersögli um þetta mál, þannig að menn geti haft þau sjónarmið einnig í huga um leið og við undirstrikum samstöðu okkar að lokum með atkvgr. hér á eftir.

Ég vil líka taka það fram, að ég tel, að ýmislegt í málsmeðferðinni hafi hjá núv. hæstv. ríkisstj. ekki verið eins og það átti að vera. Ég tek fram, að margt hefur hún vel gert í þeim efnum, en ýmislegt hefur verið á annan veg en æskilegt væri, og nú er það von mín, að þetta mál verði borið fram til sigurs, en eins og hæstv. forsrh. sagði áðan, þá má búast við, að sú leið verði löng og ströng. Vissulega þarf þar á samstöðu allra að halda, en þá ætlumst við líka til þess, sem höfum að sumu leyti aðrar skoðanir í þessum efnum en hæstv. ríkisstj., að ríkisstj. fari fram í þessum efnum með einurð, en með gát og að hvert spor sé rækilega hugsað, viturlegt og af ábyrgð stigið. Þá mun vel farnast í þessu máli og þá mun þessi dagur, þegar við væntanlega með atkvæðum alls þingheims greiðum þessari till. í heild atkvæði, marka stórt spor, spor, sem ég vænti, ef vel og viturlega er á framkvæmd haldið, verði þjóðinni til mikillar gæfu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur nú lokið máli sínu. Hann vill greinilega stofna hér til deilna um meðferð landhelgismálsins. Ég ætla ekki að taka þátt í því, en vegna þess að minn málflutningur var sérstaklega gerður að umtalsefni í ræðu hans, þá vil ég leyfa mér að endurtaka það, sem ég sagði í umr. um þetta mál einhvern tíma seint á síðastliðnu ári.

Það er vissulega alveg rétt, að ég hef alltaf erlendis og reyndar hérlendis líka, þar sem ég hef rætt þetta mál, reynt að flytja það á grundvelli landgrunnslaganna frá 1948 til þess að undirstrika það, að það væri samræmi þrátt fyrir allt í stefnu Íslendinga í landhelgismálinu og að réttur okkar væri byggður á landgrunnslögunum frá því ári. Jafnframt hef ég ávallt látið það koma skýrt fram, — ég held, að mér sé alveg óhætt að segja það, — að það væri 50 mílna áfangi, sem við stefndum að að þessu sinni, og ég vil óska þess, að hv. alþm. hafi það, sem sannara reynist í þessu.

50 mílur er það, sem hefur verið túlkað sem krafa Íslendinga í þessum áfanga síðan þessi ríkisstjórn tók við. Nú segja menn hér og eru búnir að segja það í eitthvað á annan mánuð, að þetta sé allt of lítið, núna eigum við að taka landgrunnið allt, eins og það heitir, og að hluta til er það rökstutt með því, að þá þurfum við ekki alltaf að vera að þessu. Það sé bezt að taka þetta allt bara í einum áfanga, og málið er þar með búið. En er það þá þar með búið, þó að brtt. hv. stjórnarandstöðumanna yrði samþykkt? Er það þar með búið, þó að frv. hv. 1. og 7. þm. Reykv. væri samþykkt? Ég veit það ekki, en ég veit það, að í því frv. segir, að fiskveiðilögsagan skuli, þangað til Alþ. ákveði annað, ná yfir landgrunnið, þannig að ytri mörk hennar skuli vera sem næst 400 m jafndýpislínu o.s.frv. Þetta sýnist mér benda til þess, að málið sé þá þrátt fyrir allt ekki búið og þá sé a. m. k. ein lota enn eftir í þessu máli, þannig að mér sýnist, að þau rök, sem hér hafa verið flutt fyrir því, að réttast væri að taka bara nógu mikið núna og miða við 400 m jafndýpislínu, mundu þrátt fyrir allt ekki binda endi á kröfur Íslendinga í landhelgismálinu, þannig að það er þá bitamunur en ekki bagga, hvort farið er. Hitt er rétt, að það eru auðvitað nokkur svæði, sem verða fyrir utan, ef till. ríkisstj. verður samþ., sem allar líkur benda nú til. En ég skal ekki orðlengja frekar um þetta.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að það væri algjörlega ótvírætt, að útfærsla fiskveiðilögsögunnar mundi gilda, þangað til Haagdómur hefði fjallað um málið. Rökstuðningurinn fyrir því er sá, að Alþingi Íslendinga hefði samþykkt þetta og það hefðu einhverjir tilteknir alþm. sagt þetta 1961. En er þetta skilningur viðsemjenda okkar, og er þetta skilningur Haagdómstólsins? Það er það, sem máli skiptir, en ekki það út af fyrir sig, hvaða óskir við létum í ljósi um þetta atriði á sínum tíma. Það má vel vera, að þetta hafi verið eitt af samn-

ingsatriðunum, en ekki segir þetta nú í nótunum, sem gengu á milli ríkisstjórnanna 1961, og ég er anzi hræddur um, að það geti orðið a. m. k. álitamál, þó að ekki sé meira sagt.

Svo er sagt hér, að málsmeðferð okkar hafi ekki verið eins og vera ber. Það má auðvitað vel vera, að svo hafi ekki verið. Æskilegast væri þá að fá ábendingar um það, í hverju henni hefur verið svona áfátt, til þess að hugsanlega mætti þá bæta úr því, en ég held þó, að þessi ríkisstj. hafi haldið á þessu máli svona allvel, svo að ég segi nú ekki meira, og m. a. hefur það staðfest, sem trúlega verður niðurstaða Alþ., að það hafi verið rétt að leita samningaviðræðna við Breta og Vestur-Þjóðverja. Við höfum unnið að því. Við höfum reynt að kynna málið út frá því sjónarmiði, sem við settum okkur, þ. e. 50 mílum, og nokkur árangur hefur náðst, þó að vitanlega sé mjög mikið eftir ounnið í þessu mikla máli.

Ég vona, að svo fari, sem menn hafa lýst ánægju yfir hér allir, að Alþ. geti náð samstöðu um þetta mál, og ætla ég ekki að eyða lengri tíma Alþ. í umr. um það, en ég vildi aðeins, að menn vissu það, að þótt ég hafi ávallt talað um landgrunnið allt sem lokamarkmið, þá hef ég þó jafnframt tekið það fram, að 50 mílur væri sá áfangi, sem við að þessu sinni stefndum að.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil aðeins á þessari alvarlegu stund þessa sögulega dags, þegar Íslendingar lýsa afdráttarlaust yfir, að landgrunn Íslands allt að yztu nýtingarmörkum þess og hafsvæðið yfir því sé hluti af íslenzku yfirráðasvæði, og á þeim degi, þegar Alþingi Íslendinga tekur ákvörðun um að færa fiskveiðilögsögu sína út í 50 sjómílur, lýsa því yfir, að ég og minn flokkur veitum þessari lausn málsins fullan og einróma stuðning. Till. sú, sem hér liggur fyrir sameiginlega frá utanrmn., er vottur þess, að menn hafa orðið sammála um að leggja til hliðar allan minni háttar ágreining um málið, sem vissulega hefur verið til staðar á ýmsum tímum, þegar við höfum fjallað um það. Þetta er sú eina lausn landhelgismálsins, sem hinu íslenzka Alþingi og íslenzku þjóðinni er samboðin. Það er löngu ljóst, að þjóðin hefur verið um langa tíð einhuga í landhelgismálinu, en það var ekki eins víst, a. m. k. fyrir síðustu kosningar, að stjórnmálaflokkarnir á Íslandi gætu fundið sameiginlega lausn, sem þeim þó nú hefur auðnazt að ná. Þjóðin og stjórnmálaflokkar hennar hafa nú sameinazt um lausn málsins.

Ég fagna hinni algjöru samstöðu, sem fengizt hefur um málið, og þakka, eins og forsrh. hefur raunar gert hér áður, stjórnarandstöðunni og utanrmn. fyrir þessa farsælu lausn, sem Alþ. tekur nú ákvörðun um.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði hér. Ég skil það út af fyrir sig mætavel, að hann reyni hér enn á ný að halda fram sjónarmiðum sínum um þá sérstöðu, sem hann hefur haft í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og það út af fyrir sig hefði ekki átt að verða tilefni til þess, að ég bæði hér um orðið aftur, þó að hann haldi áfram að klifa á því, að hann vilji ganga lengra til stækkunar á íslenzkri fiskveiðilandhelgi en við, sem að till. ríkisstj. stöndum. Það hefur ekki mikil áhrif á mig og ég vænti ekki á neina landsmenn, sem fylgzt hafa með því, sem fram hefur farið í þessu máli að undanförnu. Það er svona ósköp svipað því og þegar ríkisstj. leggur til, að mengunarlögsaga skuli vera 100 mílur, að þá byrjar stjórnarandstaðan á því að finna því allt til foráttu að hafa einhver mörk á mengunarlögsögunni, vegna þess að við þurfum á allt öðru að halda, en eftir stuttan tíma kemur hún síðan með till. um það, að mengunarlögsagan skuli miðast við 150 mílur, að sjálfsögðu eitthvað aðeins meira en hinir voru búnir að leggja til, sem höfðu riðið á vaðið. Þetta er nú það, sem heitir almennt séð yfirboð og verður nú ekki tekið ýkja hátíðlega.

En það voru nokkrar fullyrðingar, sem komu fram hjá hv. þm., sem ég sé fulla ástæðu til að leiðrétta. Hv. þm. hefur mjög klifað á því hér, að það væri auðvelt verk og miklu eðlilegra að miða landhelgismörkin við dýptarlínu en við ákveðinn mílufjölda frá landi. En skyldi hann hafa kynnt sér þær athuganir, sem gerðar hafa verið af sérstökum nefndum á vegum Íslendinga varðandi þessi mál. Sérstök nefnd fjallaði einmitt á sínum tíma um landgrunnið og mælingar á því. Sú nefnd segir m. a. um dýptarmælingar á þessa leið í áliti sínu:

„Þá ber að geta þess, að á mörgum svæðum umhverfis landið eru dýptarmælingar af mjög skornum skammti. Á stórum svæðum fyrir norðan og vestan eru dýptartölur mjög strjálar eða ekki til."

Það er vegna þessa, sem þessi nefnd, sem hafði unnið að málinu sérstaklega, lagði til, að unnið yrði að því að framkvæma hér nýjar mælingar, svo að hægt væri að styðjast við þær af meira öryggi en nú er hægt. Í áliti þessarar nefndar segir enn fremur:

„Megnið af dýptartölum á íslenzka landgrunninu er frá því um síðustu aldamót, þegar staðsetning skipa var tæplega eins nákvæm og bezt gerist nú."

Og margt fleira mætti til nefna. Ástandið er í raun inni þannig, að það er aðeins á einum hluta við landið, þar sem nú er talið, að við höfum virkilega nýtízku mælingar fyrirliggjandi. Allt þetta hefur vitanlega leitt til þess, að það væri fráleitt í þeirri stöðu, sem við erum, Íslendingar, að við færum einir að taka okkur út úr og miða okkar landgrunnsmörk eða landhelgismörk við dýptarlínur, á sama tíma og allir aðrir miða við mílufjölda frá grunnlínum. Auðvitað er enginn vandi að ákveða sér ákveðna grunnlínupunkta og draga þar línur á milli og segja, að frá þeim mörkum skuli landhelgin teljast. En þar verður ekki miðað við neinar öruggar dýptarmælingar, ekki eins og sakir standa. Þær fullyrðingar, sem komu því fram hjá hv. þm. varðandi þetta efni, fá ekki staðizt, eins og hér hefur verið bent á áður.

Þá sagði hv. þm. það hér, að á því gæti ekki leikið vafi, að þrátt fyrir landhelgissamninginn, sem gerður var við Breta og Vestur-Þjóðverja árið 1961, þá gætu Íslendingar óhindrað fært út sín fiskveiðimörk og allar líkur væru til þess, að sú útfærsla yrði að standa um þriggja til fjögurra ára tímabil, á meðan dómurinn fjallaði um málið. Þær upplýsingar, sem við höfum fengið, m. a. beint frá Bretum sjálfum og frá þeim ráðunautum, sem ríkisstj. styðst við í þessum efnum, fara í allt aðra átt en þessi hv. þm. fullyrðir hér. Bretar segjast einmitt munu gera kröfu um það samkv. samningunum, að Alþjóðadómstóllinn stöðvi tafarlaust út-

færsluna, á meðan dómurinn fjallar efnislega um málið. Kröfur Breta munu einmitt verða um þetta. Ég held, að þetta sé byggt á álíka þekkingu eins og því hjá þessum hv. þm., þegar hann heldur því hér fram, að röksemdir okkar á erlendum vettvangi fyrir okkar útfærslu muni verða sterkari og veita okkur meiri stuðning, ef við miðum við landgrunnsmörk en ekki mílufjölda frá grunnlínum. Við höfum þvert á móti rekið okkur á það hvað eftir annað, að þeir aðilar á erlendum vettvangi, sem hafa svipaða afstöðu og við til fiskveiðilandhelgismála, hafa varað okkur við því að beita röksemdunum um landgrunn eins og við höfum oft gert, vegna þess að fjöldi annarra þjóða, sem annars styður það sjónarmið, að fiskveiðilandhelgi skuli vera stór, fellst ekki á landgrunnskenninguna. Það er því á algerum misskilningi byggt hjá þessum hv. þm. að halda því fram, að okkar málarekstur á erlendum vettvangi yrði sterkari á þann hátt að miða við dýptarlínur eða landgrunnskenningu fremur en að miða við mílufjölda frá grunnlínum, eins og allar aðrar þjóðir hafa miðað við.

Ég sagði hér fyrr í minni ræðu, að það hefði komið alveg greinilega í ljós í þeim samningaviðræðum, sem við höfum átt við Breta og Vestur-Þjóðverja um lausn á þeim vanda, sem nú er við að glíma varðandi útfærslu okkar, að samningarnir frá 1961 væru þröskuldur í vegi fyrir því að gera við þá viðhlítandi samninga. Þetta hefur komið svo greinilega fram, að um þetta er ekkert að villast, vegna þess að þeir gera kröfu um það, að málinu verði vísað til úrskurðar alþjóðadómstóls, en á það viljum við ekki fallast. Ég held, að enginn vafi sé á því, að mikill meiri hluti Íslendinga hafi gert sér grein fyrir því, að það er hvorki rétt né eðlilegt, að við Íslendingar séum einir allra þjóða bundnir við það, að erlendur dómstóll eigi að kveða upp úrskurð um það, hversu víðáttumikil okkar fiskveiðilandhelgi eigi að vera. Ég held, að svo að segja allir landsmenn séu á þeirri skoðun, sem ríkisstj. túlkaði í þessum efnum, að við þurfum að vera lausir við slíkar kvaðir, og satt að segja þykir mér miður að heyra það, að hv. 5. þm. Reykv. skuli vera einn af örfáum mönnum, sem virðist hallast að því að láta alþjóðlegan dómstól skera úr um þetta mikilvæga mál Íslendinga, víðáttuna á fiskveiðilandhelgi okkar.

ATKVGR.

Brtt. 337 felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, LárJ, MJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr, EggÞ, EBS, FÞ.

nei: GS, GeirG, GilsG, GíslG, HES, HjH, HFS, IG, JSk, JónasÁ, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, AS, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ.

Brtt. 336 (ný tillgr.) samþ. með 60 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 60 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GS, GeirG, GH, GilsG, GíslG, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, HES, HV, HFS, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JÁH, JSk, JónasÁ, KP, LárJ, LJós, MJ, MK, MÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PÞ, PJ, PP, PS, RA, RH, StefG, SV, StH, SteinG, SvJ, SvH, VH, ÞK, ÞÞ, AuA, ÁÞ, AS, BGr, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, BP, EðS, EggÞ, EÁ, EBS, EystJ.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrir hönd þm. Alþfl. tek ég eftirfarandi fram:

Þingflokkur Alþfl. telur, að Alþ. hafi átt að lýsa yfir, að landhelgi Íslands skuli miðast við landgrunnið, þar eð mjög mikilvæg fiskimið falla að öðrum kosti utan hennar. Þótt stuðningsflokkar ríkisstj. hafi nú fellt brtt. um stærð fiskveiðilögsögunnar, telur þingflokkur Alþfl. samhljóða ályktun Alþingis um þetta lífshagsmunamál þjóðarinnar svo mikilvæga til eflingar íslenzkum málstað, að hann greiðir till. atkv. án þess að taka með því ábyrgð á öllum orðum og aðgerðum ríkisstj. í þessu máli. Ég segi því já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 345).

10. Dóms- og lögreglumál á Suðurnesjum.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum [80. mál] (A. 89).

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17., 18., 21. og 29. fundi í Sþ., 25. og 30. nóv., 7. des., 20. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég ásamt Karli G. Sigurbergssyni, sem átti sæti á Alþ. um skeið í forföllum hv. þáv. 1. þm. Reykn., till. til þál. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum. Till. hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu og er nú flutt óbreytt á þskj. 89, og standa nú að flutningi hennar allir þeir þm., sem í síðustu alþingiskosningum voru í framboði í Reykjaneskjördæmi. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, frv. til l. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík."

Mér er ekki kunnugt um, að hve miklu leyti skipan lögsagnarumdæma í landinu kann áður fyrr að hafa verið í eðlilegu samræmi við þarfir íbúa héraðanna fyrir aðgengilega þjónustu og á hinn bóginn í samræmi

við þörf ríkisvaldsins á hagkvæmni í rekstri. Vera má, að einhvern tíma hafi skipting landsins í lögsagnarumdæmi verið tiltölulega eðlileg og í samræmi við aðstæður, en hvað sem því líður, er a. m. k. víst, að í dag er þörf á endurskoðun og breytingum í þessum efnum. Þetta mun vera raunin víða á landinu, en naumast mun þörfin á nýrri tilhögun á skiptingu byggðarlaga í lögsagnarumdæmi vera augljósari og brýnni en á því svæði, sem sú þáltill., sem hér er til umr., fjallar um, þ. e. á Suðurnesjum, svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar. Allt til ársins 1949 annaðist embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeta í Hafnarfirði héraðsdómsstörf, umboðsstörf, löggæzlustörf og önnur stjórnsýslustörf ríkisins á öllu því svæði, sem nú er Reykjaneskjördæmi. Keflavíkurkauptún fékk síðan kaupstaðarréttindi árið 1949, og árið 1954 var Keflavíkurflugvöllur gerður að sérstöku lögsagnarumdæmi undir stjórn lögreglustjóra, þannig að Suðurnesjasvæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar skiptist nú milli þriggja lögsagnarumdæma. Þar eru þau tvö sjálfstæðu lögsagnarumdæmi, sem ég áðan nefndi, en hins vegar eru Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur í lögsagnarumdæmi sýslumanns, sem situr í Hafnarfirði. Lögreglulið á þessu svæði, hreppunum, Keflavíkurkaupstað og Keflavíkurflugvelli, um 50 manns alls, lýtur stjórn þriggja aðila, og það fólk, sem býr í hreppsfélögunum umhverfis Keflavík, hefur ekki not af því, að sérstakt bæjarfógetaembætti með þjónustuliði er í Keflavík, heldur verður það að sækja til Hafnarfjarðar um afgreiðslu sinna mála. Íbúar Miðneshrepps og Gerðahrepps verða þannig að fara um Keflavík, þar sem embætti bæjarfógeta er, og halda allt til Hafnarfjarðar, ef þeir þurfa að láta þinglýsa skjali, skrá bifreið eða leita réttar síns fyrir dómstóli, og enda þótt byggðin í Ytri-Njarðvík sé samvaxin Keflavík, verða íbúar þar að fara til Hafnarfjarðar, ef þeir þurfa á afgreiðslu slíkra mála að halda.

Oft er orsök þess, að dregið er að framkvæma eðlilega endurskoðun og breytingar á tilhögun og skipan stjórnsýslu og þjónustu sú, að slíkum endurbótum fylgir aukinn rekstrarkostnaður í ríkiskerfinu, en í því tilviki, sem hér um ræðir, held ég, að annað yrði uppi á teningnum. Það er ekki aðeins svo, að augljóst er, að þægilegra væri fyrir íbúa hreppanna á Suðurnesjum að sækja þjónustu og fyrirgreiðslu og eiga skipti við embættið í Keflavík en að þurfa að sæta því, að embættið í Hafnarfirði annist þau mál, heldur ætti heldur að verða um sparnað að ræða, ef lagt væri niður sérstakt embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, og enn fremur fengist án efa betri nýting á því 50 manna lögregluliði, sem nú er á þessu svæði, en lýtur stjórn þriggja embætta, ef störf þess væru skipulögð sameiginlega á öllu svæðinu undir stjórn embættis, sem þegar er til í Keflavík. Um þetta atriði hefur undirnefnd fjvn. fjallað og lagði til fyrir rúmlega tveimur árum við fjmrn., að löggæzla á Suðurnesjum yrði sett undir eina stjórn, þannig að allt það lögreglulið, sem þar starfar, yrði unnt að skipuleggja sem eina heild. Í þessu sambandi skal þess getið, að embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli heyrir undir utanrrn., en með þeirri nýskipan að gera allt svæðið sunnan Hafnarfjarðar að einu lögsagnarumdæmi féllu dómsmál, umboðsstörf, löggæzla og önnur stjórnsýsla á Keflavíkurflugvelli undir dómsmrn. eins og öll önnur slík störf. Enda þótt ég sjái ekkert slíkri nýskipan til fyrirstöðu, heldur þvert á móti, þá legg ég jafnframt áherzlu á, að hvað sem um embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli yrði, er aðalatriðið í þessu máli það, að dóms-, lögreglu- og umboðsstörf í öllum sveitarfélögunum á Suðurnesjum heyrðu til einu embætti í Keflavík.

Í þeirri þáltill., sem hér er til umr., er lagt til, að hæstv. ríkisstj. láti leggja fyrir Alþ. það, er nú situr, frv. til l. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, sem ég hef hér rætt um, þ. e. að þau heyri til einu embætti í Keflavík. Hér er því með flutningi þáltill. gert ráð fyrir því í fyrstu atrennu að fá fram þingvilja fyrir því, að þessi breyting verði gerð, en hæstv. ríkisstj. jafnframt falið að sjá um samningu frv. og nánari till. um þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar verða taldar til þess að ná þessu markmiði. En þess má geta, að af sjálfu leiðir, að eðlilegt mætti telja, að tveir hreppar í Gullbringusýslu, Bessastaða- og Garðahreppur, yrðu látnir tilheyra Kjósarsýslu og embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu yrði jafnframt skipt og bæjarfógetinn í Keflavík yrði þá jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu, en bæjarfógetinn í Hafnarfirði sýslumaður í Kjósarsýslu. Sveitarfélögin sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar eru samstæð heild, en jafnframt allgreinilega aðskilin frá öðrum hluta þess svæðis, sem heyrir til embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Og það fólk, sem á Suðurnesjum býr, hefur á undanförnum árum verið að ná meira og betur saman en áður um sameiginleg hagsmunamál sín. En með slíkri samstöðu og samvinnu fæst aukin hagkvæmni, sem allir njóta góðs af og ríkisvaldið á að stuðla að með breytingum á löggjafaratriðum, ef með þarf. Þróunin er sú, að þessi sveitarfélög leysa meira og meira af sínum vandamálum og verkefnum sameiginlega. Sveitarfélögin hafa t. d. náð samstöðu um byggingu eins iðnskóla á Suðurnesjum, og þau hafa fyrir um það bil einu ári stofnað sérstaka samstarfsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Sú till., sem hér liggur fyrir, er nánast um það, að hv. Alþ. taki tillit til sameiginlegra hagsmunamála Suðurnesjabúa á þann veg, að Suðurnesin verði sérstakt lögsagnarumdæmi, en sú ákvörðun Alþ. væri eðlilegur liður í þeirri þróun, sem fram hefur farið og mun aukast, ef rétt er að staðið um nánara og árangursríkara samstarf Suðurnesjabúa til lausnar þeim verkefnum, sem við er fengizt á þessum slóðum á hverjum tíma. Óhætt er að fullyrða, að mjög ríkur áhugi er meðal almennings á Suðurnesjum um þetta mál og að það nái fram að ganga, og samstarfsnefnd sveitarfélaganna á Suðurnesjum leggur kapp á, að sem fyrst verði sú breyting gerð, sem hér er lagt til, og um þetta mál er enginn ágreiningur eftir stjórnmálaskoðunum. Með þeirri skipan, sem hér er lagt til, að upp verði tekin, að Suðurnesin verði sérstakt lögsagnarumdæmi, er að mínum dómi samtímis unnt að auka þjónustu við íbúana á þessu svæði, styrkja stöðu sveitarfélaganna þar og koma við aukinni hagkvæmni og sparnaði í ríkisrekstrinum. Þess vegna vænti ég þess, að þessi þáltill. fái jákvæða og skjóta afgreiðslu, og legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn., áður en umr. lýkur.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 89, n. 357, 358).

Frsm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Till. til þál. á þskj. 89 um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum hefur verið til athugunar í allshn. Í till. er lagt til, að skorað sé á ríkisstj. að láta leggja fyrir Alþ. það, er nú situr, frv. til l. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.

Lögsagnarumdæmi á Reykjanesi sunnan Hafnarfjarðar skiptast milli þriggja embætta, eins og kunnugt er, en þau taka til Keflavíkurkaupstaðar, Keflavíkurflugvallar, og að öðru leyti er um að ræða hluta af lögsagnarumdæmi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það er skoðun sveitarfélaganna sunnan Hafnarfjarðar, að þessu þurfi að breyta. Mikið óhagræði fyrir íbúa þessara byggðarlaga er þessu fyrirkomulagi samfara að áliti íbúa Suðurnesja. T. d. má benda á, að íbúar Miðnes- og Gerðahrepps þurfa að fara um Keflavík, þar sem bæjarfógeti þó situr, og alla leið til Hafnarfjarðar, þurfi þeir að láta þinglýsa skjali, skrá bifreið eða annast önnur erindi, sem embætti sýslumanns snertir. Svipað er óhagræði annarra hreppsfélaga á Suðurnesjum undir svipuðum kringumstæðum. Það liggur í augum uppi, hversu auðveldara það væri fyrir þessa aðila að fara til Keflavíkur í slíkum erindagerðum í stað þess að þurfa að fara alla leið til Hafnarfjarðar.

Allshn. hefur leitað umsagna um þessi mál og fengið þær frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og frá samvinnunefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum. Í umsögn sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sé það ótvíræður vilji íbúa hreppa þeirra, sem liggja sunnan Hafnarfjarðar, að þeir sameinist um stofnun sýslufélags, sem fylgdi Keflavíkurkaupstað, þá tel ég fyrir mitt leyti eðlilegt og sjálfsagt að verða við þeim óskum."

Í umsögn samvinnunefndar sveitarfélaga á Suðurnesjum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mál þetta (þ. e. álit á till. til þál. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum) var til umræðu á fyrsta fundi samvinnunefndarinnar 23. apríl 1971 og hefur síðan verið eitt aðaláhugamál nefndarinnar. Voru þá tveir menn kosnir til að kynna sér það sérstaklega. Á næsta fundi í maímánuði skiluðu þeir eftirfarandi áliti:

„Samvinnunefnd sveitarfélaganna á Suðurnesjum telur, að framtíðarlausn lögsögu dóms- og lögreglumála sé í því fólgin, að þessi mál verði sett undir sameiginlega stjórn með aðalaðsetur í Keflavík. Í Grindavík og Sandgerði verði útibú, sem verði rekin í nánum tengslum við aðalstöðvarnar í Keflavík og undir þeirra stjórn."

Till. þessi var samþ. shlj. með atkv. allra fulltrúanna. Síðan hefur þetta mál verið rætt í öllum sveitarstjórnunum hér á Suðurnesjum, og hafa undirtektirnar hvarvetna verið jákvæðar. Á fundi í samvinnunefndinni þann 9. febr. 1972 var mál þetta til umr. vegna heiðraðs bréfs yðar til formanns nefndarinnar. Í niðurlagi bókunar um þetta mál var ritað: Samstarfsnefndin samþykkir að mæla eindregið með samþykkt þáltill."

Þá skal þess getið, að í álitsgerð frá Dómarafélagi Reykjavíkur, samþykktri á fundi í félaginu 15. febr. s. l., um frv. til l. um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. segir á einum stað um þá þáltill., sem hér er til umr., að þau sjónarmið, sem liggi að baki henni, eigi fyllsta rétt á sér.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, hefur allshn. orðið sammála um að leggja til, að umrædd þáltill. verði samþ., en þó með þeirri breytingu, að orðin „er nú situr" í tillgr. verði felld niður. Hefur n. lagt fram brtt. á þskj. 358 um það efni. N. er að vísu því hlynnt, að gengið verði frá samningu frv. hið allra fyrsta og það lagt fram á yfirstandandi þingi, svo sem þáltill. gerir ráð fyrir, sé þess kostur. En með því að áliðið er þingtímans, telur n. hæpið, að af því geti orðið, og þess vegna hefur hún komið fram með þessa brtt.

ATKVGR.
Brtt. 358 samþ. með 31 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 367).

11. Skráning félaga og firma.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um félaga- og firmaskrá fyrir landið í heild [23. mál] (A. 23).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Með því að 1. flm. þessarar þáltill., sem liggur hérna fyrir til umr., hefur vikið af þingi, vil ég leyfa mér að fylgja henni úr hlaði með örfáum orðum. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að koma á fót félaga- og firmaskrá fyrir landið í heild."

Samkv. núgildandi lögum eru haldnar slíkar skrár í hverju einstöku lögsagnarumdæmi, en engin allsherjarskrá er til. Þetta hefur oft valdið óþægindum og margs konar fyrirhöfn og hefur jafnvel leitt til málaferla, sem að öðrum kosti hefði verið komizt hjá, ef heildarskrá hefði verið til staðar. Ákvæðin um firmaskrá er að finna í lögum nr. 42 1903, um verzlunarskrár,

firmu- og prókúruumboð. Þau lög, sem eru svo gömul, allt að 70 ára, áttu við þarfir þess tíma, þegar til þeirra var stofnað og þau samþ., en eru að sjálfsögðu á margan hátt úrelt í dag. Svo eru enn fremur í ýmsum sérlögum ákvæði um sérstakar félagaskrár, svo sem eins og í lögum um samvinnufélög og hlutafélög, en þar er ekki heldur gert ráð fyrir neinni heildarskrá.

Við flm. þessarar till. álítum, að stofnun allsherjar firma- og félagaskrár sé þannig mjög aðkallandi. Aðili, sem ætlar að skrásetja nýtt fyrirtæki, gæti þá á einum stað fengið allar þær upplýsingar, sem honum væri þörf á, t. d. hvort fyrirtæki með sama eða líku nafni væri einhvers staðar til í landinu. En æði oft hefur viljað við bera, þegar félag eða maður kemur fram með firmaheiti, að til sé líkt eða sams konar heiti annars staðar í landinu, og hefur það náttúrlega orðið til þess, að viðkomandi hefur orðið að breyta um nafn. En það hefur að sjálfsögðu haft mikinn kostnað og ég tala ekki um óþægindi í för með sér.

Í þessari ályktunartill. er ekki tekin afstaða til þess, hverjum aðila yrði falið það hlutverk að hafa með höndum þessa heildarskráningu. En benda mætti þó á tvær stofnanir, annars vegar Hagstofu Íslands og hins vegar viðskrn., sem mætti ætla, að gæti haft slíka skráningu á hendi. Í till. er ekki heldur gert ráð fyrir því, hvor skráin yrði rétthærri, heildarskráin eða skrá innan lögsagnarumdæmis. En það virðist vera eðlilegra, að þegar til kæmi, væri heildarskráin rétthærri og sá, sem hefði forstöðu heildarskrár, hefði þá ákvörðunarvald um það atriði, hvort t. d. mætti skrásetja fyrirtæki eða ekki.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa þáltill., en óska þess að lokum, að henni verði vísað til allshn., þegar þessari umr. verður frestað.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 23, n. 330).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað og rætt þá till., sem er á þskj. 23 og hér er til umr. En till. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að koma á stofn félaga- og firmaskrá fyrir landið í heild."

Lög þau, sem nú gilda um verzlunarskrár, eru frá árinu 1903. Samkv. þeim lögum eru félaga- og firmaskrár haldnar í hverju lögsagnarumdæmi, en þessi löggjöf hefur enn fremur að geyma ákvæði um ýmis önnur efni, firmu og svo réttindi og skyldur, sem fylgja skráningarmálum af þessu tagi, og svo ákvæði um prókúru svo kallaða. Á tímum hraðfara og vaxandi umsvifa í viðskiptamálum og fjárhagsmálefnum yfirleitt verður að telja nauðsynlegt, að löggjöf í því efni, sem hér um ræðir, úreldist ekki, en fylgi þörfinni til einföldunar og skjótvirkrar fyrirgreiðslu og síðast en ekki sízt til aukins öryggis. Þessi löggjöf er komin svo til ára sinna, að ekki þarf að undrast, þó að hún kunni að vera um ýmislegt á eftir hinni almennu viðskiptaþróun í landinu og þurfi því nokkurrar endurskoðunar við og jafnvel úrbóta. T. d. mætti ætla, að ekki væri aðeins unnt að auðvelda framkvæmd félagaskráningar fram yfir það, sem verið hefur og nú er, heldur og einnig að kveða skýrar á um ýmiss konar réttarverkanir, sem fylgja skráningu og öðrum þeim málefnum, sem þessi löggjöf fjallar um. Og þá eru það síðast, en ekki sízt, ýmis tæknileg atriði varðandi þessi mál, sem ber að minnast á. En í þeirri till., sem hér liggur fyrir til umr., er aðeins drepið á eitt atriði af mörgum í þessari löggjöf, þ. e. skráningaryfirvaldið og þó skráningarstaðinn öllu fremur.

Í grg. fyrir till. segir m. a. á þá leið, að það hafi oft leitt til margvíslegra vandræða og til málaferla, að eigi hefur verið til heildarskrá um félög og fyrirtæki í landinu og í þessu efni þurfi því að búa svo um hnútana, að festa og samræmi sé í reglum um þessar skráningar.

Allshn. leitaði umsagnar hjá Dómarafélagi Íslands og Hagstofu Íslands um till. og málið í heild, og þessir aðilar báðir hafa mælt með aðgerðum til ýmiss konar úrbóta á þeim reglum, sem gilda um þessi skráningarmál, og m. a. í þá átt, sem þáltill. gengur. Hagstofan leggur auk þess sérstaka áherzlu á, að málið verði allt tekið til gagngerðrar endurskoðunar, og það er talið, að skráningarmálin séu ekki í því ásigkomulagi, sem þörf er á, og tekur Hagstofan alveg sérstaklega fram um það, að þessi mál séu raunar í miklu ófremdarástandi, eins og þar er orðað.

Vafalaust er því m. a. um að kenna, að svo er komið máli, að sjálfur réttargrundvöllurinn, sem skráningin hvílir á, er ærið veikur og nokkuð óskýr og einnig að þeim reglum hefur ekki verið nægilega fylgt, sem hér um gilda, og félög hafa flækzt á milli embætta víðs vegar um landið, og hefur það skapað mikið öryggisleysi og margt, sem að því lýtur. Og alveg sérstaklega er talinn mikill misbrestur á því, að ýmiss konar breytingar, sem orðið hafa á högum fyrirtækja, verzlana og annarra fyrirtækja, sem skráningarskyld eru, eftir að ný skráning hefur átt sér stað, hafi verið gefnar til skráningaryfirvalda. Svo er líka að því látið liggja, að sjálf skráningaryfirvöldin hér og þar úti um landið hafi gert sér minna far en skyldi um það að fylgja nauðsynlegum reglum um framkvæmdir, þannig að auðsætt er, að hér er lagfæringa þörf án nokkurs vafa, og um það vita þeir að sjálfsögðu gerst, sem hafa umsvif á hendi um þessi efni. Hins vegar er það ekki talið sjálfgefið, hvernig eigi að breyta í þessu efni, svo að til verulegra bóta verði.

Hagstofan hefur í ítarlegri álitsgerð drepið á ýmis atriði, sem ég vil leyfa mér rétt að geta um. Hún telur t. d. ekki fara á milli mála, að starfræksla heildarskrár í þessum efnum stuðli að mun haldbetri framkvæmd en staðbundnar skrár, eins og nú eru haldnar. En þrátt fyrir það kunni svo að fara, að staðbundin skráning kunni að vera heppilegri, ef ekki reynist hagkvæmt að koma á nútíma skýrslutækni við heildarskráningu félaganna. Hvort þeirri tækni verður við komið, hljóti að koma í ljós við nánari athugun þessara mála. Enn fremur vekur Hagstofan athygli á því, að úr því þurfi að sjálfsögðu fyrst að fá skorið, hverjar séu þær þarfir raunverulega, sem fullnægja beri. Það liggur alls ekki ljóst fyrir, og það er mála sannast, að það er út af fyrir

sig alveg rétt, ýmiss konar viðskiptaaðilar í landi okkar hljóta að sjálfsögðu að geta gefið upplýsingar um það, þegar til þeirra verður leitað.

Bent er á það enn fremur, að kannað verði, hvort ekki sé rétt að fækka þeim atriðum, sem tekin eru til skráningar nú, þannig að framkvæmdir verði mun léttari í vöfum, og að íhuga þurfi mjög nákvæmlega skilgreiningu á því, hverjar réttarverkanir eða réttaráhrif eigi að fylgja skráningunni og tilvikum þeim, þegar út af er brugðið. En það er hald þeirra manna, sem mest og gerst þekkja til í þessu efni, að hér skorti allmjög á.

Eins og kunnugt er, hefur Hagstofa Íslands á hendi skráningu allra atvinnufyrirtækja, stofnana og félagssamtaka, og það hlutverk var henni fengið með lögum frá 1969. Þessi fyrirtækjaskráning Hagstofunnar er unnin á mun breiðari grunni eða starfssviði en félaga- og firmaskráningin, en hins vegar er efniviðurinn að sjálfsögðu hinn sami, það eru félögin og firmun. Og Hagstofan bendir á það, að skráningarstarf hennar hljóti að hafa veruleg áhrif á allt skipulag og verkbrögð í félaga- og firmaskráningu og vel þurfi að gæta þess, að eigi komi til tvíverknaðar við öflun gagna á hvoru sviði fyrir sig og samræma verði starfsemina eins og mögulegur kostur er á. Að sjálfsögðu er það höfuðatriði í þessu máli og skiptir mestu, að fundið verði hagkvæmt og sem kostnaðarminnst form á þessari skráningu eða skráningarmálum. Ef hallazt yrði að því að koma á fót einni félaga- og firmaskráningu fyrir landið allt í heild, þá er ekki talið úr vegi að ætla það, að Hagstofu Íslands yrði fengið það meginverkefni, og eins og ég gat um áður, hefur Hagstofan um skráningarmál að fjalla, sem eru þessu efni mjög skyld.

Hér hef ég leyft mér að rekja í örstuttu máli það efni, sem þáltill., sem ég gat um í upphafi og hér er til umr., hefur hreyft við. En hún fjallar aðeins um eitt atriði af mörgum í þessu efni. Og allshn. hefur einróma fallizt á það, að heildarendurskoðun verði látin fara fram á þessum málum og þá sé m. a. haft í huga, að komið verði á heildarskrá um félög og firmu í landinu og hún verði á einni hendi framvegis. En auk þess verði önnur atriði, sem ég hef lítillega drepið á og málið varðar mjög, tekin til yfirvegunar og færð til þess horfs, að samræmis gæti við breytta þjóðfélagshætti og nútíma skráningartækni.

Með hliðsjón af því, sem ég hef sagt hér, þá hefur n. leyft sér að leggja til, að till. á þskj. 23 verði samþ. í nokkuð breyttu horfi, eins og fram kemur í nál. á þskj. 330 og ég ætla að lokum að leyfa mér að lesa upp. En breytingarnar, sem n. leggur til, að gerðar verði, eru á þessa leið:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að taka til heildarendurskoðunar lagaákvæði um skráningarmál félaga og firma í því skyni, að skráning fari fram á einum stað fyrir landið allt og að öðru leyti gerðar þær breytingar, sem hæfa nútíma þjóðfélagsháttum.

Að endurskoðun lokinni skal ríkisstj. láta semja frv. til nýrrar löggjafar um þessi efni og leggja fyrir næsta þing.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Till. til þál. um skráningu félaga og firma."

ATKVGR.

Brtt. 330,1 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

— 330,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 32 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 394), með fyrirsögninni:

Þál. um skráningu félaga og firma.

12. Sérfræðileg aðstoð við þingnefndir.

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um sérfræðilega aðstoð við þingnefndir [180. mál] (A. 344).

Á 41. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 44., 50. og 54. fundi í Sþ., 2. og 17. marz, 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hér eru mörg mál á dagskrá, og ég skal því verða mjög fáorður og láta mér nægja að vísa til þeirrar grg., sem fylgir þáltill. á þskj. 344 um sérfræðilega aðstoð við þingnefndir, en till. er flutt í þeim tilgangi að greiða fyrir störfum þingnefnda og þar með Alþ. á þann hátt, sem þar er nánar tiltekið. Flm. till. eru sjö talsins, en það eru reyndar nm. í allshn. Sþ. Formlega er hún ekki flutt af n., en þar sem nm. allir standa að henni, vil ég leyfa mér að láta niður falla að leggja til, að henni verði vísað til n., en ef það væri gert, þá geri ég ráð fyrir, að það yrði þessi hin sama n., sem í raun og veru stendur að till. Það er ekki venja að vísa till. aftur til n., sem að henni stendur.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 553).

13. Eldisstöð fyrir lax og silung á Norðurlandi.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum [92. mál] (A. 105).

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. varaþm. Jónas Jónsson var 1. flm. þessa máls fyrir nokkru, þegar hann átti setu í hv. d., en þar sem hann er nú ekki hér, leyfi ég mér að mæla nokkur orð til skýringar þessu máli. En till. er þess efnis, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung og aðra nytjafiska, ef henta þykir, svo fljótt sem nauðsynlegt fé fæst til framkvæmda. Stöðin verði á þeim stað í Þingeyjarsýslum, þar sem skilyrði reynast hagstæðust.

Í 62. gr. laga nr. 76 frá 1970 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er ráðh. að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt í fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum."

Nú er það svo, eins og hv. þm. er kunnugt, að ríkið hefur þegar fyrir nokkuð löngu síðan, það mun hafa verið á árinu 1961, beitt sér fyrir því, að slíkri klak- og eldisstöð væri komið upp hér sunnanlands, í Kollafirði. Nú hefur hún verið rekin síðan og allmikið alið upp af laxaseiðum og reyndar einnig silungsseiðum, og af þessu hefur þegar orðið nokkur árangur, þannig að lax er nú síðustu árin genginn í stöðina úr sjó, vegna þess að sleppt hefur verið gönguseiðum úr stöðinni. Og þarna er í Kollafirði unnið merkilegt tilraunastarf í sambandi við fiskrækt í vötnum, og menn hafa átt þess kost að fá þaðan seiði, sem reyndar eru nú einnig til staðar í öðrum eldisstöðvum.

Það hefur alllengi verið áhugi fyrir því norðanlands, að þar yrði komið upp annarri stöð á vegum hins opinbera, og árið 1966, að ég ætla, var samþ. hér á hinu háa Alþingi till. þess efnis að skora á ríkisstj. að láta athuga möguleika á því að koma upp slíkri stöð norðanlands. Úr því hefur nú ekki orðið, en hins vegar hefur farið fram athugun norðanlands á skilyrðum til þess að koma upp slíkum stöðvum. Sú athugun hefur verið framkvæmd af veiðimálastjóra og með verkfræðilegri aðstoð, sem hann hefur tekið sér til þess. Okkur, sem að þessu máli stöndum, er kunnugt um það, að í stjórnarráðinu liggur fyrir skýrsla um þessa athugun, þar sem gerð er grein fyrir fiskeldisskilyrðum á ýmsum stöðum norðanlands. Við höfum haft aðstöðu til þess að athuga þessa skýrslu, og á grundvelli hennar höfum við leyft okkur að flytja þessa till. um það, að ríkisstj. verði falið að koma upp eldisstöðinni og hún verði á þeim stað í Þingeyjarsýslum, þar sem skilyrði reynast hagstæðust. Okkur sýnist, að slík stöð mundi verða bezt sett á austanverðu Norðurlandi og þá annaðhvort í Norður- eða Suður-Þingeyjarsýslu, en á þessu svæði, á Norðurlandi austanverðu, eru mjög margar ár, sem lax gengur nú þegar í, auk annarra vatna, sem án efa væri hægt að rækta í bæði lax og silung, þó að lax gangi þar ekki nú, ef áherzla væri á það lögð og ráðstafanir til þess gerðar. En ég hygg, að það séu ekki færri en 14 ár á þessu svæði, og á ég þar við svæðið milli Ólafsfjarðar og Langaness, sem nú þegar eru laxár, þ. e. það gengur í þær lax og hefur gengið. Rúmlega helmingurinn af þessum ám er í Norður-Þingeyjarsýslu, flestar í Þistilfirði, og það vill nú svo til, að einn af þeim stöðum, sem sérstaklega hefur verið bent á sem mjög heppilegan á þessu svæði, er í því héraði, við Litluá í Kelduhverfi. Í þessari till. er ekki bent á neinn ákveðinn einn stað, og vil ég vænta þess, að þetta verði nú nánar athugað og að sú n., sem málið fær til meðferðar, beri saman ráð sín við veiðimálastjóra og þá aðila, sem hér mundu einkum koma við sögu í sambandi við rekstur slíkrar stöðvar, hvort sem þar yrði um að ræða stöð, sem ríkið eitt ræki, eða stöð, sem það ræki í félagi við aðra, eins og reyndar er gert ráð fyrir, að til mála komi í lögum um þetta efni.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en leyfi mér að leggja til við hæstv. forseta, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs til þess að fagna þeirri till., sem hér er fram komin. Ég vildi aðeins láta þess getið í sambandi við þetta mál, að athugun hefur verið framkvæmd á því á vegum veiðimálastjóra, hvar væru beztir möguleikar til fiskræktar og fiskeldis á Norðurlandi. Þetta var gert í samræmi við till., sem gerð var, þegar upphaflega var byrjað að framkvæma atvinnumálaþátt Norðurlandsáætlunar. Ég verð að taka fram, að mér er ekki kunnugt um niðurstöður þessarar athugunar, en hún átti að vera eins konar kortlagning á því, hvar væru beztu skilyrði til þess á Norðurlandi að efla fiskrækt og fiskeldi. Það gefur auga leið, að slík stöð, eldisstöð fyrir lax og silung á Norðurlandi, hefur mikilvæga þýðingu í því efni að koma því nauðsynjamáli fram að efla fiskeldi á öllu Norðurlandi, og þess vegna lít ég svo á, að þessi till. sé mjög nauðsynleg og tímabær, og fagna því, að hún er komin hér fram.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., er endurflutt nú á þessu þingi. Samhljóða till. var flutt á síðasta Alþ., en varð þá eigi útrædd. Um till. vil ég segja það, að ég tel hana tímabæra og góðs maklega. En ég vil samt sem áður leggja til, að tillgr. verði breytt og einnig fyrirsögn till., svo sem ég gat um, þegar þessi sama till. var rædd hér á síðasta Alþ. Breytingin verði í þá átt, að í stað þess að einskorða staðsetningu þessarar eldisstöðvar við Þingeyjarsýslur, verði till. á þá lund, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung o. s. frv. á Norðurlandi, þar sem bezt þykir henta. Fyrirsögn till. breytist í samræmi við það. Ég mun flytja brtt. við þessa till. til þál. í samræmi við það, sem ég hef hér þegar sagt.

Frsm. till., hv. 1. þm. Norðurl. e., gat um það, að fram hefðu farið rannsóknir á vegum Veiðimálastofnunarinnar á hagkvæmni þess að setja upp fiskeldisstöð víðs vegar á Norðurlandi. Þetta er rétt. Þessar athuganir hafa verið gerðar, og mér er tjáð af veiðimálastjóra, að fyrr eða síðar verði skýrslu, er gerð hefur verið um niðurstöður þessarar athugunar, dreift meðal þm. Það var helzt að skilja, að ekki væri búið að vélrita þessa skýrslu, en að öðru leyti væri hún til. Veiðimálastjóri hefur tjáð mér, eins og mér var fullkunnugt um, að

ýmsir staðir annars staðar en í Þingeyjarsýslum væru álitlegir í þessu efni. Má þar nefna staði t. d. á Norðurl. v. í Húnavatnssýslum við Laxárvatn, þar sem bæði er nægilegt heitt og kalt vatn. Þar er líka ein allra bezta veiðiá landsins, Laxá á Ásum, þar sem nú á s. l. sumri veiddust að ég hygg yfir 1500 laxar á tvær stengur á dag. Ég efast um, að aðrar veiðiár hafi getað sýnt betri útkomu.

Einnig nefndi veiðimálastjóri ákjósanlega staði við Helgavatn í Vatnsdal og á Sauðárkróki. Þar er einnig nægilegt heitt vatn, og þar er fiskeldi þegar. Hann nefndi einnig Ólafsfjörð. Fleiri staðir gætu væntanlega komið til greina við framhaldsrannsóknir. Það er öllum kunnugt, að t. d. við Miðfjarðará, sem er ein af hinum betri veiðiám landsins, er mikill jarðhiti, en nægilegt heitt og kalt vatn er einmitt eitt af frumskilyrðum þess, að slík stöð verði reist og rekin með hagkvæmni. Þá eru einnig fyrirhugaðar rannsóknir á næsta sumri við Höfðavatn í Skagafirði, ef fé fæst til þeirra rannsókna á fjárlögum, en það er vatn, sem væntanlega gæti gefið stórkostlega möguleika á þessu sviði. Þess vegna hygg ég, að það sé réttmætt, að í till., sem stefnir að því, að upp verði sett á vegum ríkisins önnur klak- og eldisstöð fyrir lax og silung heldur en sú, sem þegar er rekin hér í Kollafirði, verði staðarval slíkrar stöðvar ekki á þessu stigi einskorðað við Þingeyjarsýslur, heldur komi fleiri staðir á Norðurlandi mjög til greina.

Hv. frsm. þessarar till. sagði, að í Þingeyjarsýslum, eða mig minnir, að hann nefndi frá Ólafsfirði til Langaness, væru a. m. k. 14 góðar laxveiðiár nú þegar. Ég ætla nú ekki að fara í neinn meting um þetta atriði á milli kjördæma eða innan landsfjórðungsins, en ég hygg, að ekki séu færri góðar laxveiðiár á vestra svæðinu. Það er kunnugt, að á Norðurlandi, bæði í Þingeyjarsýslum og Húnavatnssýslum, eru margar af hinum betri veiðiám landsins.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð á þessu stigi. Ég tek undir það, sem fram kom hér hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að e. t. v. er einnig ástæða til að tengja þetta mál þeim atriðum, sem tekin eru til meðferðar í sambandi við Norðurlandsáætlun, og með hliðsjón af því væri þá líka eðlilegt að leita umsagnar Fjórðungssambands Norðlendinga, þegar fyrir liggja tæknilegar og lífeðlislegar upplýsingar um hagkvæmni þess að setja upp slíka eldisstöð á hinum ýmsu stöðum norðanlands.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 44., 48., 50., 51. og 54. fundi í Sþ., 2., 14., 17. og 21. marz, 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 105, 138, n. 373).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till. á þskj. 105, sem hér liggur fyrir, um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum, hefur verið í athugun hjá allshn., og var leitað um hana umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Þess ber að geta, að fram kom á sínum tíma frá hv. 5. þm. Norðurl. v. brtt. við till. á þskj. 138. Það varð samkomulag í n. um það að leggja til, að þáltill. á þskj. 105 verði samþ. með þeirri breytingu, sem um getur á þskj. 373, þ. e. að ákveðið verði, að stöðin verði á Norðurlandi, en ekki farið nánar út í það mál að svo stöddu. Vænti ég þá, að hv. 5. þm. Norðurl. v. geti tekið aftur þá brtt., sem hann flutti á sínum tíma.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að færa hv. allshn. þakkir fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Ég flutti hér fyrr í vetur brtt. við þetta mál á þskj. 138, og hv. allshn. hefur tekið þá brtt. til greina og skilað áliti á þann veg að breyta tillgr. nákvæmlega í það form, sem brtt. mín fjallaði um. Fyrir þetta vil ég þakka hv. n. og þá að sjálfsögðu draga mína brtt. til baka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 373,1 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

— 373,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 32 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 555), með fyrirsögninni:

Þál. um eldisstöð fyrir lax og silung á Norðurlandi.

14. Atvinnu- og framkvæmdaáætlanir fyrir Austurlandskjördæmi.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um atvinnu- og framkvæmdaáætlanir fyrir Austurlandskjördæmi [82. mál] (A. 91).

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef ásamt fjórum öðrum austanþingmönnum flutt till. til þál. um atvinnu- og framkvæmdaáætlanir fyrir Austurland. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj.:

1. að láta gera atvinnumálaáætlun fyrir Austurlandskjördæmi.

2. að láta undirbúa áætlun til langs tíma um opinberar framkvæmdir í Austurlandskjördæmi.

Verk þessi verði unnin í náinni samvinnu við Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi."

Ég þarf ekki að hafa langa framsögu með þessari till. Ég vil þó vekja athygli á því, að það er alveg fyrirsjáanlegt, að á Austurlandi hljóta að fara fram á næstu árum miklar aðgerðir til uppbyggingar í atvinnulífi. Aðstaða Austurlands í þessu efni er með nokkrum hætti sérstæð. Þegar síldarævintýrið gerðist hér á árunum, varð mikið umrót í atvinnulífi Austurlands, ör vöxtur á þeim kanti, er að síldinni sneri, en nokkur stöðnun á ýmsum öðrum sviðum. Það var í sjálfu sér mjög merkilegt, hversu tókst með hörðu viðbragði að koma í veg fyrir hrun og atvinnuleysi, þegar síldin þvarr. En þrátt fyrir þau hörðu viðbrögð, fer því víðs fjarri, að viðfangsefnið sé tæmt eða að nokkur varanleg lausn hafi náðst á atvinnumálum Austurlands á því tímabili, sem liðið er, síðan síldin hvarf af miðunum. Það má rétt aðeins minna á það, að frystihúsin eystra eru, eins og víðar á landinu, mjög vanbúin á ýmsan hátt og það þarf mikið átak til þess að koma þeim í viðunandi horf. Einnig er, þrátt fyrir þau bátakaup, sem átt hafa sér stað til Austurlandsins síðan síldin hvarf, mikið óunnið á því sviði að tryggja hráefnisöflun fyrir vinnslustöðvarnar. Og uppbygging annars iðnaðar en frumvinnslu úr sjófangi er aðeins á byrjunarstigi, þó að vissulega hafi verið hafizt þar handa um merkilega hluti bæði í skipasmíðum og í fleiri greinum. Eins má auðvitað minna á það, að á sviði landbúnaðarins eru mörg viðfangsefni í miðjum klíðum eða óleyst. Sláturhúsamálið er þar þýðingarmikið mál, eins og annars staðar á landinu. Austfirðingar hafa sín áform varðandi eflingu fóðurframleiðslunnar, varðandi kynbætur búfjárins o. s. frv. Það má minna á það í þessu sambandi, að talið er, að Austurland sé eini landshlutinn, sem enn þá er ekki ofbeittur, eins og nú er háttað ræktun lands og meðferð afrétta. Og það hvetur til þess að efla landbúnaðarframleiðslu í þessum landshluta, að svo er ástatt. Það er þess vegna alveg sýnilegt, eins og ég sagði í byrjun, að það hlýtur að verða varið æði miklu fé til atvinnuuppbyggingar í þessum landshluta á allra næstu árum. Það verður ekki komizt hjá því, ef á að tryggja og efla byggðina, og ég held, að það blandist engum hugur um það, að það er þýðingarmikið frá þjóðhagslegu sjónarmiði að efla byggð og atvinnulíf á Austurlandi. Það er auðvelt og hefur raunar verið gert að sýna með tölum, að framleiðsla byggðanna á Austurlandi, t. d. sjóþorpanna, er mjög þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskapnum og ekki sízt, ef miðað er við mannfjölda á þessu svæði. Og engin ástæða er til annars en ætla, að hún geti orðið það áfram, ef myndarlega verður staðið að þeirri uppbyggingu atvinnulífs, sem þar þarf að fara fram. Það varðar þess vegna miklu með tilliti til meðferðar fjármagnsins, að þarna sé skipulega að unnið.

Á Austfjörðum eru einnig á annan hátt nokkuð sérstakar aðstæður. Á Austfjörðum eru 13 þéttbýlisstaðir. Margir þeirra eru tiltölulega líkrar stærðar. Þetta svæði, Austfirðir, er ákaflega sundurskorið frá náttúrunnar hendi. Nú er mjög myndarlega að því unnið að tengja þessa staði með vegi, sem ætti að geta verið fær að vetri. Þessar landfræðilegu aðstæður og svo jafnframt það, að verið er að tengja staðina, kallar á skipulegar aðgerðir í uppbyggingu atvinnulífs. Í því sambandi þarf að gera hvort tveggja, að taka tillit til hinnar dreifðu byggðar, eins og hún hefur verið og er raunar enn, og svo einnig að leitast við að nýta þá möguleika til samstarfs og samhæfingar á milli nálægra byggða, sem vetrarfær vegur skapar. Og þessir staðhættir varða auðvitað einnig þróun opinberra framkvæmda margs háttar alveg eins og þróun atvinnulífsins. T. d. má benda á það, að ýmsar opinberar stofnanir veita mjög verulega atvinnu, þar sem þær hafa sinn rekstur, mjög verulega atvinnu, sem getur haft mikla þýðingu fyrir vöxt og viðgang jafnvel stærri staða, stærri byggðarheilda en til er að dreifa á Austurlandi í dag. Einnig á því sviði er þess vegna þörf skipulegra vinnubragða. Við teljum það eðlilegt, flm. þessarar till., að um slíka áætlanagerð og slíkt skipulag verði náið samstarf með ríkisvaldinu og heimaaðilum. Og við teljum það sjálfboðið, að sá aðili, sem kemur fram fyrir heimamenn við slíka áætlunargerð, verði Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Það er eitt með elztu landshlutasamtökunum og hefur í nokkuð mörg ár haft fastan starfsmann og rekið sína skrifstofu eystra.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil aðeins árétta það, að það er skoðun okkar flm. þessarar till., að hér sé þörf skipulagslegra vinnubragða, bæði með tilliti til nýtingar fjármagnsins út af fyrir sig og með tilliti til aðstöðu byggðanna heima fyrir.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari till. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. aftur tekin til frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 91, n. 492).

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 556).

15. Alþjóðasamningur um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni.

Á deildafundum 6. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda

alþjóðasamning um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna og annarra gjöreyðingarvopna á hafsbotni og í honum [147. mál] (A. 284).

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda alþjóðasamning um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna og annarra gereyðingarvopna á hafsbotni og í honum er lögð fram af hálfu utanrrn. Ég vísa til aths. við þáltill. um frekari rökstuðning fyrir henni.

Árið 1967 kom fram till. frá Möltu um að gera samning til að tryggja friðsamlega notkun hafsbotnsins utan lögsögu einstakra ríkja í þágu mannkynsins alls. Í marz 1969 lögðu Sovétríkin fram í afvopnunarnefndinni í Genf drög að samningi um afvopnun hafsbotnsins. Skömmu síðar lögðu Bandaríkin fram í nefndinni annað uppkast. Sumarið 1969 fóru síðan fram viðræður milli þessara tveggja stórvelda. Árangur þeirra viðræðna varð sá, að í okt. 1969 lögðu þessi tvö ríki fyrir afvopnunarnefndina í Genf drög að samningi um afvopnun hafsbotnsins. Það var svo loks hinn 7. des. 1970, að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti endanlega með miklum meiri hluta atkvæða alþjóðasamning um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna og annarra gereyðingarvopna á hafsbotni og í honum. Ríkisstjórnum Sovétríkjanna, Bretlands og Bandaríkjanna var falið að hafa vörzlu samningsins. Síðan var hann lagður fram til undirskriftar í London, Moskvu og Washington 11. febr. 1971. Hér er því um nokkuð langan aðdraganda að ræða að þeim samningi, sem hér er til umr. og verður að telja mikilvægt skref í átt til almennrar afvopnunar, og er því farið fram á heimild Alþ. til þess að staðfesta hann. Þann 3. febr. s. l., en það eru síðustu upplýsingar, sem ég hef, höfðu 81 ríki þegar undirritað þennan samning og 25 fullgilt hann.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 284, n. 493).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 557).

---

16. Samgöngumál Vestmanneyinga.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um samgöngumál Vestmanneyinga [12. mál] (A. 12).

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Við höfum þrír þm. Sunnl. leyft okkur að flytja hér á þskj. 12 till. til þál. um samgöngumál Vestmannaeyja. Flm. auk mín eru þeir hv. 5. þm. Sunnl., Garðar Sigurðsson, og hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson. Till. er í fjórum liðum, en ég vil mjög undirstrika, að þar er ekki um neinn óskalista að ræða, heldur er í till. bent á ákveðnar leiðir, sem allar eru raunhæfar og færar og mundu verða til verulegra úrbóta í samgöngumálum Vestmanneyinga, ef hv. Alþ. vill á þær fallast.

Samgöngumál Vestmanneyinga hafa áður verið hér til umr. á hv. Alþ., og er það eðlilegt, þar sem hér er um að ræða einn af stærri kaupstöðum landsins, sem hefur alveg sérstöðu að því leyti, að hann er vegna legu sinnar skorinn úr öllum tengslum við þjóðvegakerfi landsins og samgöngum við hann verður því ekki haldið uppi á annan veg en yfir opið haf eða loftleiðis. Þetta er sérstaða, sem ekki getur talizt ósanngjarnt, að hv. Alþ. taki verulegt tillit til. Segja má, að hér áður fyrr hafi verið um algera einangrun þessa fólks að ræða, sem í Vestmannaeyjum bjó. Ferðir voru oft og tíðum ekki til og frá Eyjum svo mánuðum skipti, og varð það til þess, að Vestmanneyingar urðu oft að taka málin í sínar eigin hendur og ráða fram úr margs konar vanda, sem að höndum bar, án þess að hafa aðstöðu til að leita fyrir sér til stjórnvalda á sama hátt og flestir landsmenn aðrir. En þess skal getið, og það skal viðurkennt, að á undanförnum áratugum hafa fyrir tilstuðlan hv. Alþ. verið gerðar verulegar úrbætur í samgöngumálum Vestmanneyinga, og sú einangrun, sem áður ríkti, hefur verið rofin að vissu marki. Má í því sambandi nefna byggingu flugbrautarinnar, sem tekin var í notkun árið 1946, byggingu Vestmannaeyjaskipsins Herjólfs, sem annazt hefur vöruflutninga og að nokkru leyti farþegaflutninga undanfarin 12 ár milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og nú síðustu árin milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, og loks byggingu þverbrautarinnar við þá einu flugbraut, sem fyrir var, er tekin var í notkun

almennt á árinu 1967, auk þess sem aðstaðan til lendingar og flugtaks á vellinum hefur verið stórbætt hin síðari ár, þó að margt sé þar ógert enn, eins og ég mun víkja að síðar. Allt eru þetta að sjálfsögðu spor í rétta átt, en engin endanleg lausn. Vestmanneyingar ætlast til þess að sitja við sama borð og aðrir landsmenn, að geta óhindrað ferðazt til og frá heimabyggð sinni, og getur það á engan hátt talizt ósanngjörn krafa eða óeðlileg tilætlunarsemi. Og vegna síaukins bifreiðafjölda í Vestmannaeyjum, en þær munu nú í dag vera um 700 talsins, ætlast Vestmanneyingar til þess, að þeim verði skapaður greiðari aðgangur að þjóðvegakerfi landsins en nú er, þó að þeir geri sér fulla grein fyrir, að þeir eru ekki síður en aðrir landsmenn og kannske enn frekar háðir veðurfari með allar samgöngur, hvort heldur er á sjó eða í lofti. Daglegar ferðir bæði fyrir farþega, vörur og bifreiðar sem mestan hluta ársins er það, sem að er stefnt, að svo miklu leyti sem veður ekki hamlar.

Mér þykir rétt að víkja nokkru nánar að einstökum liðum till. umfram það, sem fram kemur í grg. Varðandi fyrsta liðinn vil ég segja þetta: Eins og fyrr segir, var m. s. Herjólfur byggður árið 1959 til Vestmannaeyjaferða. Þó var sú kvöð sett á skipið, að það skyldi fara eina ferð í hverjum hálfum mánuði til Hornafjarðar, meðan þess væri talin þörf, aðallega vegna vöruflutninga. Ferðum skipsins var í fyrstu hagað þannig, að það fór aðra vikuna þrjár ferðir milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur með vörur og farþega, en hina vikuna tvær ferðir. Síðar var tekin upp sumaráætlun fyrir skipið, þannig að ferðum þess til Reykjavíkur var fækkað, en skipið var um helgar látið annast ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, aðallega til farþega- og bifreiðaflutninga. Sýndi það sig strax, að þessi breytta áætlun varð til þess að auka tölu fluttra farþega og bifreiða mjög frá því, sem áður var.

Á s. l. vetri fóru Vestmanneyingar fram á það, að gerð yrði ný sumaráætlun fyrir skipið, þar sem á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept. yrðu teknar upp daglegar ferðir með skipinu milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar fimm daga vikunnar, en aðeins farin ein ferð í viku milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur til vöruflutninga og með farþega, ef svo bæri undir. Ráðamenn Skipaútgerðarinnar voru vantrúaðir á þessa hugmynd, töldu, að gert væri ráð fyrir of mörgum ferðum á viku og að ekki yrði um nægan flutning að ræða, og mundi þetta því valda Skipaútgerðinni fjárhagslegu tjóni. Um þetta varð ágreiningur í grundvallaratriðum milli Vestmanneyinga og forstjóra Skipaútgerðarinnar. En þáv. samgrh., Ingólfur Jónsson, féllst á sjónarmið Vestmanneyinga og gaf Ríkisskip bein fyrirmæli um að verða við till. þeirra og haga ferðum m. s. Herjólfs eins og þeir höfðu lagt til umrætt tímabil eða frá því í maí og til 30. sept. s. l.

Eðlilegt er, að spurt sé, hver hafi orðið reynslan af þessari breyttu áætlun m. s. Herjólfs, sem alveg óneitanlega varð til stóraukinna þæginda fyrir það fólk, sem ferðast vill til og frá Eyjum. Því er fljótsvarað. Hún varð jákvæð, og ekki verður annað séð en að hún hafi einnig orðið jákvæð fjárhagslega fyrir Skipaútgerð ríkisins. Ef gerður er samanburður á flutningum með m. s. Herjólfi árið 1969 og aftur árið 1971, kemur í ljós, að flutningar jukust verulega með skipinu yfir sumarmánuðina eða á tímabilinu frá 15. maí til 15. sept. nú í ár miðað við sama tíma á árinu 1969. En ég vil skjóta því inn, að samanburður milli áranna 1970 og 1971 er ekki raunhæfur, þar sem verkfall stóð yfir fyrri hluta sumars 1970, eins og allir muna, og hafði það að sjálfsögðu truflandi áhrif á alla flutninga meðan það stóð. En samanburður þessi lítur þannig út, að á árinu 1969 var á umræddu tímabili samtals flutt með skipinu 2681 smálest af vörum, 378 bifreiðar og 4408 farþegar. Á sama tímabili 1971 eða frá 15. maí til 15. sept. flutti skipið hins vegar samtals 2700 smálestir af vörum, 794 bifreiðar og 6199 farþega, og er því um verulega aukningu að ræða. Þess skal getið, að þungi bifreiða er í báðum tilfellum talinn með í vöruflutningum. Með því breytta fyrirkomulagi, sem upp var tekið á s. l. vori, að láta Herjólf sigla fimm daga vikunnar milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja og aðeins eina ferð í viku milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, er siglingarleið skipsins stytt nokkuð á viku hverri frá því, sem áður var. Í þessu tilfelli sigldi skipið 612 sjómílur á viku á móti 664 sjómílum í hinu síðara tilfelli, eins og áður var. Rekstrarafkoma skipsins hlýtur því að hafa batnað verulega við þá breyttu skipan, sem upp var tekin á síðasta vori, er hinum daglegu ferðum var komið á á milli Eyja og Þorlákshafnar, þar sem það hafði meiri flutninga, en sigldi styttri leið á viku hverri auk þess sem það veitti bæði Vestmanneyingum og öðrum mun betri þjónustu en áður var, og verður það að teljast mjög mikilsvert atriði.

Í fyrsta lið þeirrar till., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að m. s. Herjólfur verði í haust og í vetur látinn sigla tvær ferðir milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur í viku hverri og tvær ferðir á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar á tímabilinu til 1. maí n. k., en þá verði aftur teknar upp daglegar ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar fimm daga vikunnar og ein ferð milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur á tímabilinu til 30. sept., ef ekki verður um aðra hagstæðari lausn að ræða með flutninga á farþegum og bifreiðum yfir sumarmánuðina. Vænti ég þess fastlega, að núv. hæstv. samgrh. geti á þetta fallizt.

Þá kem ég að öðrum lið till., þar sem lagt er til, að Alþ. skori á ríkisstj. að láta athuga möguleika á kaupum á svifskipi til farþega- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja og meginlandsins, en þar er aðeins um tæplega 12 km leið að ræða.

Ég held, að óhætt sé að segja, að Vestmanneyingar hafi um aldaraðir horft yfir sundið milli lands og Eyja og dreymt um, að til væri farartæki, sem flutt gæti þá þessa stuttu leið upp í Landeyjasand á annan veg en þann að þurfa að róa á smábátum upp að sandinum og þaðan í land, sem ekki er hugsanlegt, nema alveg sé um sléttan sjó að ræða. Eftir því sem bifreiðaeign Vestmanneyinga hefur vaxið með hverju árinu, sem liðið hefur, hefur þeim orðið ljósari sérstaða þeirra í sambandi við samgöngumál, því að auðvitað ætlast þeir til þess, að þeir, eins og aðrir landsmenn, geti haft afnot af þjóðvegakerfinu, sem þeir að sínum hluta eru þátttakendur í að byggja upp, ekki síður en aðrir landsmenn. En til þess að þetta geti orðið, hefur fram að þessu skort hentugt farartæki. Á árinu 1967 kom fram á sjónarsviðið í Bretlandi ný gerð farartækja, hin svonefndu

svifskip, sem höfðu þann eiginleika að geta ferðazt jafnt á sjó og landi, ef um sléttlendi var að ræða, og komust í gegnum brim við sendna strönd án nokkurrar hindrunar. Vestmanneyingar sendu þá þegar mann til Bretlands til að skoða þetta farartæki og kynna sér eiginleika þess. Töldu þeir eftir þá athugun þetta farartæki án efa hentugt til farþegaflutninga milli lands og Eyja, en ekki nægjanlega stórt eða traust til bifreiðaflutninga. Fyrir milligöngu Alþ. var þó eitt slíkt farartæki fengið leigt hingað til lands í einn mánuð á árinu 1968, og hóf það þegar reynsluferðir milli lands og Vestmannaeyja. Í fyrstu ferð sinni fór það eins og leið liggur beint af augum upp í Landeyjasand yfir svo nefnda tanga, sem eru við ósa Markarfljóts, yfir mýrar og móa og upp Markarfljót og hægði ekki á ferð sinni, fyrr en það kom upp að Markarfljótsbrú. Næstu ferð sína fór það einnig eins og leið liggur upp í Landeyjasand og stöðvaðist ekki fyrr en komið var að hlaðinu á Bergþórshvoli. Ég held, að allir, sem voru með í þessum fyrstu ferðum þessa svifskips, hafi gert sér grein fyrir, að þarna var komið farartæki, sem frekar en öll önnur mundi leysa vandkvæði Vestmanneyinga til farþega- og bifreiðaflutninga yfir sundið milli lands og Eyja, ef á markaðinn kæmi skip af þeirri stærð, að það gæti samtímis flutt farþega og bifreiðar, en því miður hefur það dregizt. Bretar hafa byggt mikinn fjölda svifskipa af þeirri gerð, sem hingað kom til landsins, og selt þau um heim allan. Einnig hafa þeir byggt miklu stærri skip til flutninga á farþegum og bifreiðum samtímis yfir Ermarsund, og hefur ekki annað heyrzt en að það hafi gengið vel. Hins vegar hafa þeir ekki byggt skip af þeirri stærð, sem henta mundi okkur, svo að vitað sé. Aftur á móti er vitað, að fyrirtæki í Bandaríkjunum, Bell Aerospace Company, er með í byggingu svifskip, sem mjög vel mundi henta til bifreiða- og farþegaflutninga á milli lands og Eyja. Er það talsvert veigameira en skip það, sem hér var minnzt á og kom til landsins 1968, eins og fyrir var sagt. Stærð þess skips, sem hér um ræðir, er 62½ fet að lengd eða um 20 m og 33 fet eða um 11 m á breidd. Burðarþol þess er um 25 tonn. Það er knúið tveimur 1300 ha. mótorum, og getur hraði þess fullhlaðins orðið 50 sjómílur á klst. Á þessu farartæki er aðeins gert ráð fyrir tveggja manna áhöfn.

Til samanburðar við það skip, sem hingað var fengið til lands 1968, skal ég geta þess, að það var 14.8 m á lengd og 7 m á dýpt með einum 900 ha. mótor. Og sjóhæfni þessa skips, sem ég hef hér minnzt á, að er í byggingu hjá umræddu fyrirtæki í Bandaríkjunum, er mun meiri en þess skips, sem hingað kom og ég hef getið hér um áður, og getur það einnig, eins og það fyrra, farið jafnt yfir sjó og land, ef ekki er um mjög miklar ójöfnur að ræða. Skip þetta er með 25 tonna burðardekki, og er hægt að fá það óyfirbyggt og þannig hægt að ráða yfirbyggingu þess og innréttingu, eftir því sem bezt er talið henta til þeirra nota, sem því eru ætluð, og er áætlað verð á því þannig frágengnu 115—120 millj. kr. Fer það nokkuð eftir því, hve mikið er keypt af varahlutum í upphafi. Er sjáanlega hægt að haga innréttingu þessa skips þannig, að það geti flutt í senn 4—6 bifreiðar ásamt tilteknum fjölda farþega eða þá farþega eingöngu, ef ekki væri um bifreiðaflutninga að ræða. Eftir því sem ég og við flm. sjáum bezt, er hér um að ræða svifskip, sem að stærð og gerð hentar mjög vel til flutninga milli Vestmannaeyja og Landeyjasands. Fyrsta skip þessarar tegundar verður fullbyggt og tekið til reynslu hjá umræddu fyrirtæki í desembermánuði, en hið næsta verður tekið til reynslu 3—4 mán. síðar.

Hæstv. samgrh. minntist fyrir nokkru hér í þessum ræðustól á möguleika á því að taka þyrilvængju í notkun til farþegaflutninga milli Akraness og Reykjavíkur. Mér þykir vænt um þessa framsýni hans og skilning á að taka tæknina í þjónustu samgöngumála hér á landi. Ég vona, að þetta lofi góðu um stuðning hans við þá hugmynd, sem fram hefur komið í öðrum lið þessarar till., sem hér er til umr., þar sem skorað er á ríkisstj. að láta athuga möguleika á kaupum á svifskipi til ferða á milli Vestmannaeyja og Landeyjasands. Ég vil geta þess hér, að eftir þeim upplýsingum, sem flm. þessarar till. hafa um kostnað við þyngri flutninga með svifskipi, mun kostnaður við þyngri flutninga með svifskipi ekki vera nema um ¼ hluti kostnaðar af sambærilegum flutningi með þyrilvængju, og liggur því alveg í augum uppi, að svifskip mundi henta betur til þeirra flutninga, sem hér um ræðir, en þyrilvængja. Vestmanneyingar hafa vissulega einnig athugað alla möguleika í sambandi við þyrilvængju til flutninga á farþegum og bifreiðum yfir sundið milli lands og Eyja, en í ljós hefur komið, að þær þyrilvængjur, sem gætu annað þessum flutningum og væru til þess færar, eru bæði að stofni til og einnig í rekstri mun dýrari en svifskip.

Við, sem að þessari till. stöndum, höfum trú á því, að svifskip af þeirri gerð, sem ég hér hef lýst, mundi leysa vandann í sambandi við flutninga á farþegum og bifreiðum milli Vestmannaeyja og meginlandsins mikinn hluta ársins, og leyfi ég mér að vænta þess, að hv. Alþ. taki vel í hugmynd okkar um frekari athugun á kaupum á slíku farartæki, ef í ljós kemur, að það geti leyst þann vanda, sem fyrir hendi er í samgöngumálum þessa byggðarlags.

Þriðji liður till. er um, að hafinn verði undirbúningur að byggingu á nýju og hentugu skipi til farþega- og vöruflutninga og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og Vestmannaeyja og Reykjavíkur, ef ekki reynist unnt að koma samgöngumálum Vestmanneyinga hvað sjóleiðina snertir í viðunandi horf með m. s. Herjólfi og kaupum á svifskipi, eins og hér hefur verið rætt um.

Eins og ég hef áður bent á, var m. s. Herjólfur byggður og keyptur hingað til landsins árið 1959. Hann hefur í alla staði reynzt hið traustasta skip og vel fallið til vöruflutninga. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir, að allar aðstæður í sambandi við farþega- og bifreiðaflutninga hafa gerbreytzt á þeim 12 árum, sem liðin eru, síðan skipið kom til landsins. Á s. l. sumri mun skipið hafa flutt um 80 farþega í ferð að meðaltali í Þorlákshafnarferðum sínum. Í skipinu eru aðeins 10 klefar fyrir farþega með tveimur rúmum hver eða samtals 20 rúmum, og er því ljóst, að verulegur hluti farþeganna hefur þurft að hafast við í mjög þröngum salarkynnum skipsins eða úti á dekki. Hér er um fjögurra tíma siglingu að ræða fyrir opnu hafi og oft í rigningu og kannske nokkrum veltingi. Þó að þetta hafi þótt viðunandi fyrir nokkrum áratugum, þýðir ekkert að vera að blekkja sig á því, að fólk gerir allt aðrar og meiri kröfur í dag en þetta ágæta skip getur í té látið. Það er að okkar dómi þegar orðið úrelt í sambandi við farþega- og bif-

reiðaflutninga. Er því ekki um annað að ræða, ef málin verða ekki leyst á annan veg, en hefja nú þegar undirbúning að byggingu á nýju skipi til þeirra ferða, sem m. s. Herjólfur hefur fram að þessu annazt. Það skip yrði að hafa mun meiri ganghraða, veita farþegum betri aðstöðu og vera þannig byggt, að hægt væri að aka bifreiðum inn í það og út úr því aftur, auk þess sem það yrði að vera byggt einnig til vöruflutninga og með mikla sjóhæfni, þar sem það þyrfti undir vissum kringumstæðum einnig að sigla fyrir Reykjanes til Reykjavíkur. Ég held, að slíkt skip hlyti að verða alldýrt í byggingu miðað við stærð þess og þess vegna sé rétt að athuga áður aðra möguleika, sem til greina koma til úrbóta í samgöngumálum Vestmanneyinga, þó að ég telji, að ekkert hik megi verða á að hefja undirbúning að byggingu á nýju skipi, ef aðrir möguleikar reynast ekki fullnægjandi.

Fjórði og síðasti liður till. er um flugvöll í Eyjum og aðstöðuna þar. Eins og fram kemur í grg. með till., hafa á undanförnum áratugum verið gerðar verulegar umbætur í sambandi við flugsamgöngur til Vestmannaeyja, sérstaklega ef haft er í huga, að aðstaða til flugvallargerðar er óvenjulega erfið í Eyjum. Fyrri flugbrautin, sem byggð var þar, var tekin í notkun á árinu 1946. Við austurenda hennar er fjall, svonefnt Sæfell, og hefur hluta af austurenda þess verið rutt í burtu og þannig bætt verulega aðstaða til aðflugs, ef lent er frá austri. En frekari aðgerða í þessu sambandi er vissulega þörf öryggis vegna. Landslag er á flugvallarsvæðinu þannig, að uppfylling vesturenda þessarar brautar mun vera, að ég hygg, um 15 m á hæð. Það mun einnig hátta þannig til um suðurenda hinnar nýju flugþverbrautar, sem nýlega hefur verið byggð. Sú braut, þverbrautin, eins og hún er kölluð, var tekin í almenna notkun á árinu 1967. Á síðasta ári var gert verulegt átak í sambandi við lengingu þverbrautarinnar og nauðsynlegar lagfæringar meðfram báðum brautunum, og var varið til þessa verks um 10 millj. kr. á því ári. Vantar ekki nema herzlumuninn á, að einnig þessi flugbraut, þ. e. þverbrautin, sé fullgerð hvað lengd snertir fyrir þær vélar, sem nú eru almennt og mest notaðar í innanlandsflugi.

Það, sem eftir er að gera við flugvöllinn fyrir utan smærri lagfæringar, er aðallega þrennt:

1. Að byggð sé við flugvöllinn aðstaða fyrir farþega og áhafnir flugvéla ekki lakari en við aðra stærri flugvelli hér á landi.

2. Að haldið verði áfram malbikun brautanna, en aðeins endar austur- og vesturbrautarinnar hafa verið malbikaðir. Verður að telja báðar þessar framkvæmdir jafnaðkallandi.

3. Að fullkomin lýsing verði sett upp við báðar brautirnar, en nú er aðeins önnur þeirra, austur-vesturbrautin, með ljósaútbúnaði.

Í sambandi við nauðsyn á malbikun brautanna og hvað það verk er aðkallandi vil ég benda á, að allt efni í slitlag brautanna, bæði í sambandi við byggingu þeirra og viðhald, er tekið úr hinu sérkennilega fjalli í Vestmannaeyjum, Helgafelli. Náttúruverndarráð hefur fyrir löngu bannað alla malartöku þar, og eru Vestmanneyingar innilega sammála Náttúruverndarráði, að það sé bæði til skaða og skammar að rífa þetta fallega og sérkennilega fjall niður og nota það í ofaníburð. En því miður hefur í ekkert annað hús verið að venda í sambandi við ofaníburð flugbrautanna, og er langt frá því að vera sársaukalaust fyrir okkur, sem þarna búum, að þurfa að horfa á þessar aðfarir, og því eðlilegt, að krafa okkar sé, að þessum ljóta leik linni, en það getur vart gerzt með öðru móti en slitlag úr varanlegu efni verði sett á báðar flugbrautirnar.

Ég hef nú lýst efni þeirrar till., sem hér liggur fyrir varðandi samgöngumál Vestmannaeyja. Ég vil þó sem lokaorð í samanþjöppuðu formi gera grein fyrir hugmyndum og kröfum Vestmanneyinga í þessu sambandi. En þær eru:

1. Að m. s. Herjólfur verði nú í haust og í vetur látinn annast ferðir milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og einnig milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, eins og fyrsti liður till. gerir ráð fyrir.

2. Að keypt verði svifskip til farþega- og bifreiðaflutninga milli lands og Eyja af þeirri gerð, sem hér hefur verið lýst, og að ríkissjóður greiði að öllu eða mestu leyti stofnkostnað skipsins, en stofnað verði til félags í Vestmannaeyjum um rekstur þess og þá eignaraðild að einhverju leyti með tilteknu framlagi í sambandi við kaupin eða útbúnað skipsins. Vil ég í þessu sambandi benda á, að Vestmanneyingar hafa alla tíð, eins og aðrir landsmenn, tekið að sínum hluta þátt í uppbyggingu þjóðvegakerfisins, en vegna legu Eyjanna ekki getað notað það nema að mjög takmörkuðu leyti. Væri brúargerð út í Eyjar talin hugsanleg, er ég sannfærður um, að allir yrðu sammála um, að hún yrði tekin inn á vegalög eins og aðrar brýr, sem byggðar hafa verið og ætlað er að byggja og þá að sjálfsögðu greidd af vegafé að öllu leyti. Er því ekki nema eðlilegt, að við ætlumst til, að ríkissjóður standi undir stofnkostnaði af farartæki, sem við teljum, að að nokkru leyti komi í stað brúar. Við gerum okkur alveg grein fyrir, að þó að þannig yrði staðið að málum, þá yrði kostnaður við flutninga á bifreiðum milli lands og Eyja það mikill, að við mundum greiða hærri vegatoll en aðrir landsmenn um langa framtíð. Þó að svifskip yrði mikið notað til farþega- og bifreiðaflutninga á milli lands og Eyja, gerum við okkur ekki nokkra von um, að nokkur gróði yrði af rekstri þess, þó að um eðlileg flutningsgjöld yrði að ræða, eins og sjálfsagt væri.

3. Það er till. okkar, að ef í ljós kemur, að ekki verður fengin viðunandi lausn á samgöngumálum Vestmannaeyinga sjóleiðina með m. s. Herjólfi og kaupum á svifskipi, þá verði þegar hafinn undirbúningur að byggingu á nýju og hentugu skipi, sem þá leysti m. s. Herjólf af hólmi.

4. Er það till. okkar, að haldið verði áfram framkvæmdum við flugvöllinn og hann fullgerður, bæði hvað gerð og aðstæður snertir.

Nú mætti halda, að ef ráðizt yrði í þær aðgerðir, sem ég hef hér rætt, þá mundi það skerða aðstöðu þeirra aðila, sem flugsamgöngur annast til Eyja. Ég vil mjög undirstrika, að sú hefur orðið reynslan á undanförnum árum, að svo er ekki. Þegar Herjólfur var tekinn í notkun í þessa flutninga haustið 1959, þá sýndi það sig á árinu 1960, þar sem um heilt ár var að ræða, að hann flutti 8—9 þús. farþega, en farþegatalan hjá Flugfélagi Íslands jókst samtímis það ár. Þetta skeði aftur í sumar, þegar hinar daglegu ferðir voru teknar upp milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja og skipið flutti á tiltekn-

um tíma 6 þús. farþega, þá jókst samtímis farþegatala hjá Flugfélagi Íslands. Þetta kann kannske einhverjum að þykja undarleg niðurstaða, en þetta er bara sú reynsla, sem alls staðar og ávallt er, að ef fólk á einum stað fær öruggar ferðir, veit, að það getur farið á tilteknum tíma og komið heim til sín á tilteknum tíma aftur, þá kemur miklu meiri hreyfing á fólkið, það ferðast meira, þegar vissan um ferðirnar bæði fram og til baka er fyrir hendi. Það er því að mínum dómi engin hætta á því, að við skerðum að nokkru leyti aðstöðu Flugfélags Íslands nema síður sé, þó að ráðizt yrði í þær endurbætur á samgöngum Vestmanneyinga sjóleiðis, sem ég hef hér minnzt á.

Herra forseti. Þetta er í stórum dráttum það, sem till. okkar gengur út á, og leyfi ég mér að leggja til, að umr. um málið verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, hefur þegar talað fyrir þessari till. og gert grein fyrir mörgum atriðum. Og kannske finnst einhverjum þm. ekki ómaksins vert, að fleiri flm. taki til máls, en samt langar mig til þess að segja nokkur orð í sambandi við þetta mál. En till. þessi til þál., sem hér er til umr., um samgöngumál Vestmannaeyja, verður sennilega ekki til þess, að þm. almennt sperri eyrun venju fremur vegna þess frumleika, sem í henni er falinn. Sannleikurinn er sá, að Vestmanneyingar hafa langtímum saman verið að klifa á þessu sama, en því miður oft með heldur litlum árangri. Og það er einmitt vegna þess árangursleysis, sem samgöngumálin eru að verða að nokkurs konar eilífðarmáli í málgögnum okkar Eyjamanna og í málflutningi okkar Eyjamanna, þegar við höfum fastalandið undir fótum. Eilífðarmálin hafa löngum verið Íslendingum hugleikin, og það er kannske á þeirri forsendu einni, að við eygjum nú einhverja von til þess, að þeir almennt fari að gefa þessu mikilvæga máli okkar gaum. En það hafa þeir á fastalandinu ekki gert hingað til.

Ég hef átt tal við nokkra þm. og reyndar einnig ráðh. um þetta mál, og ég get ekki leynt því, að sumum finnst t. d. fyrsti liður ályktunarinnar ekki vera svo sem neitt þingmál, ekki sé annað en að tala við Skipaútgerðina, senda erindi til einhverrar nefndar, sem standa eigi við hennar hlið og vera til ráðuneytis, þótt nær væri, að nefnd þessi væri þeirri útgerðarstjórn til eftirlits og ekki síður eftirrekstrar. Hafi einhvern tíma verið lífsmark með þessari nefnd, höfum við í Vestmannaeyjum svo sannarlega ekki orðið varir við fjörkippina í henni. Það er aðeins ein nefnd, sem skipuð hefur verið í þessu máli, sem sýnt hefur af sér þann dugnað að skila áliti um ferðir Skipaútgerðarinnar til Eyja og það þremur dögum eftir að hún var skipuð, en það var nefnd þriggja Vestmanneyinga, sem fyrrv. samgrh., hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, skipaði í vor. Og viti menn, eftir till. nefndarinnar var farið, og árangurinn varð sá, að Herjólfur var látinn annast svo daglegar ferðir milli Eyja og Þorlákshafnar, þótt með eftirgangsmunum væri. Og Skipaútgerðin græddi, en það er ekki plagsiður á þeim bæ, eins og alþjóð veit. Þessum ferðum var síðan hætt í des., og nefndin, sem sýnt hafði af sér slíka röggsemi, var sett af formlega með bréfi af núv. hæstv. samgrh. Bæjarráð Vestmannaeyja sendi bréf sama efnis og lesa má í fyrsta hluta þessarar till. til Skipaútgerðar ríkisins og samgrn. nú snemma á haustdögum. Síðast þegar ég vissi, hafði ekkert svar borizt við þessu bréfi, hvorki frá útgerð né rn., og þegar ég átti tal við hæstv. samgrh. nú á dögunum, hafði hann hvorki heyrt bréfið né séð. Það er að sjálfsögðu ekki ástæða til að taka það fram, að nokkuð hafi verið gert í málinu. Hvers konar vinnubrögð eru þetta hjá slíkum stofnunum, þegar svo mikilvægu og áríðandi erindi stærstu verstöðvar landsins er stungið undir stól af einhverjum skrifstofublókum þessara stofnana, sem telja sig þess umkomnar að láta slíkum bréfum ósvarað, sem til þeirra berast? Um þess konar vinnubrögð mætti vissulega tala langt mál. En af þessum vinnubrögðum má þó sjá, að ekki er óeðlilegt, þótt Vestmanneyingar séu orðnir uppgefnir á bréfaskriftum til slíkra stofnana. Þeir sjá sér þess vegna nauðugan einn kost að leita beint til Alþ. í málinu, óska eftir samþykki þess til að skora á ríkisstj., að hún hlutist til um, að Þyrnirósarsvefni stjórnar Skipaútgerðarinnar ljúki og það sem fyrst. Þess vegna er þetta mál þingmál, þótt það þurfi kannske ekki að vera það við normal aðstæður og eðlileg vinnubrögð.

Mig langar til að nefna eitt dæmi. Í síðustu viku var ekki flogið til Vestmannaeyja frá sunnudagsmorgni þar til síðdegis á fimmtudegi. Á sama tíma var aðeins ein áætlunarferð Herjólfs. Hafi bílar farið með þessari ferð, geri ég ekki ráð fyrir, að þeir hafi verið betri eftir, standandi á dekki í hartnær 15 tíma í slæmu veðri. Þetta eru þær samgöngur, sem okkur Eyjabúum er boðið upp á, svo að ekki sé minnzt á, hvernig fer, þegar Herjólfur þarf að setjast í slipp, svo sem gengur og gerist með önnur skip.

Í síðustu viku voru til umr. samgöngumál á Vesturlandi vegna fsp. hv. þm. Benedikts Gröndals. Komu þar ýmis atriði fram. T. d. var talað um brú yfir Hvalfjörð. Síðan hefur verið minnzt á brú yfir Borgarfjörð, og að lokum kom hæstv. ráðh. með þá hugmynd, að flytja ætti fólk upp á Akranes með þyrlum, sem hv. þm. Guðlaugur Gíslason nefndi reyndar áðan, svo sem eins og á klukkutíma fresti, þrátt fyrir ágætan akveg þangað og sæmilega vegi um héraðið. Var þeim vestanmönnum allmikið niðri fyrir og þótti þeim greinilega, að ekki væri vel að þeim búið hvað samgöngur snerti. Hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, sagði, að ekki þætti honum mikið til þessarar lausnar koma. Það, sem þyrfti að koma, væri myndarleg bílaferja fyrir alla bíla, þ. á m. hlaðna vöruflutningabíla. Ekki skal ég gera lítið úr þörfum þessa fólks til bættra samgangna. En ég vil benda hv. þm. á aðstöðumuninn í skipaferðunum einum annars vegar milli Akraness og Reykjavíkur og hins vegar milli lands og Eyja. Eins og hefur raunar komið fram, eru aðeins tvær ferðir, sem Herjólfur fer milli Eyja og Reykjavíkur á viku, en Akraborg fer þrjár ferðir milli Akraness og Reykjavíkur, ekki á viku, heldur á dag, sem þýðir 21 skipaferð milli Akraness og Reykjavíkur á viku.

Yfirleitt er leiðinlegt að vera að gera slíkan samanburð milli staða. En þess vegna hef ég nú minnzt á þetta og gert samanburð á aðstöðu tveggja sambærilegra kaupstaða, þótt annar sé í vegasambandi, en hinn af eðlilegum ástæðum ekki, til þess að þm. sé ljóst, hvert ófremdarástand við búum við í þessum efnum og hversu nauðsynlegt er að bregðast skjótt við og finna

bráðabirgðalausn á samgöngumálum okkar Eyjamanna. Þá bráðabirgðalausn er að finna í fyrsta lið þessarar till.

Herra forseti. Ég hef nú dvalið nokkuð við fyrsta lið þessarar till., ekki sízt vegna þess, að ég hef hlerað, að til séu þeir, sem álíta, að þessi liður eigi ekkert erindi sem þingmál. En ég veit, að hv. þm. þekkja starfsmenn í kerfinu, sem ekki hreyfa sig nema undan þrýstingi að ofan, hversu mjög sem á þá er gengið af þeim, sem þjónustu eiga að njóta.

En hver er þá meginvandinn í samgöngumálum Eyjamanna? Hver er flutningaþörfin? Hafa skapazt nýjar þarfir, og eru þær þess eðlis, að sanngjarnt sé að eyða fé til að fullnægja þeim? Og hvernig er hægt að leysa aðalvandann með tryggustum og um leið raunhæfustum hætti? Þessar spurningar eiga fyllilega rétt á sér og hv. þm. eiga ekki síður kröfu til að fá svör við þeim. Ég mun leitast við að svara þessum spurningum í nokkru máli og eftir beztu getu.

Að mínu áliti er öryggisleysið stærsta meinið. Eins og segir í grg., er mikið um að vera í Vestmannaeyjum mestan hluta ársins við fiskveiðar og fiskvinnslu og þjónustugreinar kringum þessar undirstöðugreinar þjóðfélagsins. Ekki fer hjá því, að sækja þarf marga hluti til Reykjavíkur, og hirði ég ekki um að rökstyðja það nánar. Þótt erindi fólks til höfuðborgarinnar þurfi ekki að taka langan tíma og í mörgum tilfellum megi ekki eyða miklum tíma í þau, þá geta menn aldrei vitað fyrir víst, hvenær þeir koma til baka. Eins dags erindi getur tekið 4—5 daga, ef þannig stendur á veðri. Fólk, sem fengið hefur menntun sína í Reykjavík, fer ógjarnan út á land, nema það geti haft náið samband við höfuðstaðinn. Það fæst síður til starfa í Eyjum en víða annars staðar, þar sem það getur setzt í sinn bíl og rúllað í borgina á einum eða tveimur klukkutímum, eða þar sem það getur treyst betur á flug milli staða en Eyjaflugið býður upp á. Ég hygg, að það sé ekki sízt sökum þessa öryggisleysis, sem illa gengur að fá menntafólk til starfa í Eyjum, og t. d. get ég nefnt, að við fáum einfaldlega enga menn með kennsluréttindi, þau sem tilskilin eru, til starfa t. d. við gagnfræðaskólann, jafnvel þótt ýmis fríðindi séu í boði umfram þau laun, sem gert er ráð fyrir. Það er einnig vegna þessa öryggisleysis, sem ferðamenn, innlendir og erlendir, leggja ekki í að koma til Eyja, jafnvel þótt flogið sé, því að þeir geta ekki vitað með neinni vissu, hvenær þeir komast til baka, og margir þessara ferðamanna, einkum útlendra, eru ákaflega tímabundnir. Þeir þurfa að miða við þá ferðaáætlun, sem þeir hafa gert á sínu ferðalagi. Þess vegna er ekki líklegt, að tíðar skipaferðir verði til þess að draga úr flugi til Eyja, með því að ferðamenn sæktu þá þangað í vaxandi mæli.

Með vaxandi bílaeign landsmanna hefur bifreiðum fjölgað mjög í Vestmannaeyjum. Það er alls ekki óeðlilegt, þótt Vestmanneyingar, sem bíla eiga, vilji hafa einhver not af þjóðvegakerfinu eins og aðrir landsmenn, og ekki ber á öðru en þeir þurfi að borga það eins og allir aðrir. Hvernig eiga þeir að hafa not af þessu vegakerfi? Þá sýnist hverjum manni það liggja í augum uppi, að fyrst þarf að flytja bílana sjóleiðis í land. Ástandið í þeim efnum er nú vægast sagt lélegt. Herjólfur getur flutt 5—7 bíla í ferð, og fer það eftir stærð fólksbílanna. Eingöngu er um að ræða pláss á dekki, lítið og óhagkvæmt. Standa bílarnir þar í sjóbaði klukkutímum saman og hafa margsinnis orðið fyrir alvarlegum skemmdum í flutningum. Fyrir þessa flutninga þurfa menn síðan að greiða hátt flutningsgjald, þótt fyrrv. samgrh. hafi staðið fyrir lækkun á því, en þar fyrir finnst Eyjabúum, að lengra þurfi að ganga í lækkunarátt, allt að algerri niðurfellingu, ef farþegar fylgja með, eins og sums staðar tíðkast í öðrum löndum.

Til þess að auka öryggið í samgöngum milli Eyja og lands og til þess jafnframt að koma bifreiðum okkar Eyjamanna í samband við vegi uppi á landi, held ég, að til sé eitt og aðeins eitt sæmilega raunhæft ráð. Það er nýtt ganggott skip, sem tekið gæti farþega og margar bifreiðar í örugga geymslu neðan dekks, skip, sem færi minnst eina ferð daglega milli Eyja og Þorlákshafnar, að svo miklu leyti sem veður hamlaði ekki ferðum þess.

Hvað þann lið snertir, sem fjallar um svifskipið, get ég litlu bætt við það, sem hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, hefur haft að segja um það mál. Ég hef farið með slíku skipi, og persónulega álít ég, að tækni á þessu sviði sé ekki nægilega langt á veg komin, til þess að ekki verði um allmikil frátök að ræða á ferðum slíks skips á þessari leið fyrir opnu hafi og brimlending við sandinn, einkum að haust- og vetrarlagi. Svifskip það, sem helzt er talið koma til greina, þolir aðeins 4 feta öldu, svo að það sigli með eðlilegum hætti á fullum hraða. 4 fet eru um 120 cm, og svo lítil alda má heita sléttur sjór. Ef aldan má ekki fara yfir svo sem 2—3 m, hvað þá aðeins rúman metra, er sýnilegt, að það er varla nothæft nema um sumarmánuðina, en við það væri vissulega mikið unnið. Þess vegna einmitt tel ég mjög æskilegt, að það mál væri kannað gaumgæfilega.

Herra forseti. Í þeirri grg., sem fylgir frv., er sannarlega ekki um neinn frekjutón að ræða. Þar er auðsjáanlega ekki verið að fela ljósustu punktana í sambandi við samgöngumál okkar Vestmanneyinga, og það er vel. Það gæti frekar orðið til þess, að menn færu síður að rífast um, hver hefði gert þetta og hver hefði vanrækt hitt. Og ég kann ekki við að veitast að fyrrv. hæstv. samgrh. í fjarveru hans, þar sem hann getur þá ekki svarað fyrir sig. Hins vegar er það ljóst af ártalinu, sem segir, hvenær flugbrautin fyrri var gerð í Eyjum, að það eru 25 ár, það er aldarfjórðungur síðan, og sýnilegt hverjum manni, að framkvæmdahraðinn hefur ekki verið ákaflega mikill. Enn er þessi braut malarbraut, enn er þessi braut aðalflugbraut. Að hún skuli enn þá vera malarbraut, er mjög alvarlegt mál, því að ofaníburður er af skornum skammti til í Eyjum. Þrátt fyrir þverbrautina, sem upphaflega var teiknuð 1320 m, en hefur ekki enn nema rúmlega 900 m nothæfa lengd, eru u. þ. b. 90 áætlunarferðir, sem fella þarf niður vegna veðurs árlega.

Ég get getið þess í leiðinni, að fjórðungur þeirra farþega, sem Flugfélag Íslands flytur á hverju ári, eru farþegar til og frá Vestmannaeyjum. Á síðasta ári flutti Flugfélag Íslands eitthvað u. þ. b. 108 þús. farþega á innanlandsleiðum og að mig minnir 336 í viðbót, en Vestmannaeyjaflugið hefur á undanförnum árum verið u. þ. b. 25 þús. og upp í rúm 27 þús. Til Akureyrar fljúga eitthvað nálægt 50 þús., sem er met reyndar á fluginu, þannig að þessir tveir flugvellir flytja 75% eða nálægt því af öllum farþegum í innanlandsflugi í landinu. Ef litið er til Akureyrar með hliðsjón af þessu, sem ég sagði

áðan, þá hafa þeir fyrir löngu fengið malbikaðan völlinn, talsvert af öryggistækjum og siglingartækjum ásamt radar. Þeir hafa t. d. tvo radíóstefnuvita, bæði inni á Akureyri og úti á Hjalteyri, þeir hafa fjölstefnuvita, sem er ákaflega mikils virði í yfirlandsflugi, einkum í blindflugi, og þeir hafa fengið fyrir löngu reista mjög myndarlega flugstöð, sem að þeirra áliti er orðin allt of lítil.

Stórt flugstöðvarhús er á Egilsstaðavellinum og ágætt á Ísafirði. Um slíkt er ekki að ræða í Eyjum. Þar er reyndar farþegaskýli nokkurt, sem mér er sagt, að sé gamalt hermannaeldhús að stofni til. Gólfflatarmál farþegasalarins þar er álíka og gólfflötur snyrtiherbergja karla á Egilsstöðum. Ég er hins vegar sannfærður um það, að fólk lítur ekki á smíði flugstöðvar sem brýnasta verkefnið í flugmálunum, heldur þessi:

1. Lengingu norðurbrautar, sem gæti fjölgað flugdögum mikið, einkum í suð-suðaustanátt.
2. Malbikun aðalflugbrautar, sem er alger nauðsyn, vegna þess að okkur skortir ofaníburð, og veitir meira öryggi.
3. *Að betur verði gætt öryggisþáttarins en hingað til í* sambandi við völlinn. En ég vil ekki og kann ekki við að fara nánar út í þá sálma hér, nema tilefni sé gefið til.

Sem sagt, ofantalin atriði eru nauðsynlegust í sambandi við flugið og nýtt ganggott skip, sem færi til Þorlákshafnar á u. þ. b. tveimur klst., skip, sem tæki bíla undir dekk og farþega. Þetta skip gæti leyst tvö höfuðvandamál samgangna okkar, þ. e. öryggi í ferðum og auknar kröfur um bætt skilyrði til bifreiðaflutninga. Við Vestmanneyingar teljum, að við höfum verið allafskiptir í samgöngumálum miðað við marga aðra staði, sérstaklega með tilliti til þess, að við erum svo settir að hafa aldrei vegasamband.

Ég veit, að ríkið hefur og hefur haft takmarkað fé til samgöngubóta úr að spila, og má lengi deila um, hvert verkefni sé mest áríðandi hverju sinni. Hafi þær framkvæmdir, sem ég hef nú nefnt sem allt að því endanlega lausn á samgönguvandræðum okkar, ekki verið taldar nægilega áríðandi hingað til, vonast ég til, að yfirvöld samgöngumála fari að líta á þær sem næsta mál á sinni framkvæmdadagskrá.

Herra forseti. Að lokum vil ég segja þetta: Ónógar og óöruggar samgöngur við þetta stórkostlega mikilvæga byggðarlag standa eðlilegri þróun þess fyrir þrifum. Það er óviturlegt að svelta fuglinn, sem verpir gulleggjunum, hvað þá að ganga af honum dauðum. Að lokum vil ég mælast til þess, að umr. verði frestað og þáltill. verði vísað til fjvn.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Tveir hv. þm. Sunnl. hafa nú mælt fyrir till. til þál. á þskj. 12 og gert ítarlega grein fyrir samgönguþörfum Vestmanneyinga og þeirri algeru sérstöðu, sem sá kaupstaður vitanlega hefur, þar sem hann er á eyju. Það skal enginn vera fúsari til þess en ég að viðurkenna, að þessari sérstöðu ber að mæta með margvíslegum og öllum tiltækum úrræðum raunar, og það jafnframt játað, að Vestmanneyingar hafa auðvitað verið á margan hátt mjög afskiptir um samgöngumöguleika, og hefur þó úr ýmsu verið bætt frá því, sem áður var. Ég hygg t. d., að það hafi verið viðurkennt, að það hafi verið allnokkurt átak og til mikilla bóta í samgöngumálum Vestmanneyinga, þegar skipið Herjólfur var byggt og það hóf reglubundnar ferðir aðallega milli Reykjavíkur og Vestmannaeyjakaupstaðar og þó einnig austur til Hornafjarðar. Vel má vera, að það úrræði, sem þá var til mikilla bóta, sé nú ófullnægjandi með öllu, og ber því að leita annarra möguleika, eins og lagt er til í þessari till.

Það var tekið hér fram áðan, að sumir væru þeirrar skoðunar, að fyrsti liðurinn í þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, væri tæpast þingmál, og ég er einn í hópi þeirra, og það var einmitt ég, sem sagði við hv. 2. flm., að þetta teldi ég alls ekki vera þingmál, að grípa inn í um það hjá stjórn Skipaútgerðar ríkisins, hversu margar viðkomur skip ætti að hafa á einstakri höfn. Það er mín skoðun. Ég man aldrei til þess, að Alþ. hafi fyrirskipað um viðkomufjölda skipa á Seyðisfjörð eða Ísafjörð eða neinn kaupstað á landinu, og þetta helgast ekki heldur af sérstöðu Vestmannaeyja á nokkurn hátt. Vitanlega er það alveg sjálfsagt verkefni Skipaútgerðar ríkisins að haga áætlunum og viðkomustöðum skipa útgerðarinnar eins og þörfin heimtar og hagkvæmast er. Og sízt af öllu ætti að þurfa að grípa þarna inn í, þar sem nýlega hefur verið gerð sú bragarbót á stjórn þessa fyrirtækis að setja stjórnarnefnd, ef ekki nokkra forstjóra, við hliðina á þeim forstjóra, sem fyrir var. Og þá hefði því verki að semja áætlun og ákveða um viðkomustaði Skipaútgerðarinnar á einstakar hafnir átt að vera sómasamlega borgið að minni hyggju. Ég tel, að ef stjórnarnefnd eða forstjóri stofnunar þykir ekki leysa hlutverk sitt réttilega af hendi og þar þurfi um að bæta og reka á eftir, þá sé engin leið sjálfsagðari en sú, að ráðh. sá, sem stofnunin heyrir undir, skrifi viðkomandi stofnun bréf og gefi fyrirmæli um að sinna verkefninu. Það er það einasta, sem var sjálfsagt í þessu tilfelli, og fyrrv. ráðh. hefði áreiðanlega getað kippt því í lag með bréfi og gefið ákveðin fyrirmæli, eins og hann gerði fyrir kosningarnar, er hann setti aðra nefnd við hliðina á forstjóra og stjórnarnefnd þáv. stjórnarflokka til þess eins að semja áætlun um ferðir Herjólfs milli lands og Eyja. Þessi nefnd kom saman fyrir kosningar og gerði brtt. um ferðaáætlunina, og það voru teknar upp tíðari ferðir milli Eyja og Þorlákshafnar, sem virðist ekki hafa þurft sérstaka nefnd til ofan á hina nefndina. Mér fannst þetta vera að setja hverja silkihúfuna upp af annarri, og ég játa þá sök á mig, að þegar þessi nefnd hafði starfað og komið með þessar till. og þær höfðu fengið reynslu í framkvæmd, þá sá ég ekki annað en að hlutverki hærri silkihúfunnar væri lokið og tók hana af. Það er alveg rétt, ég játa það afbrot á mig. En neðri silkihúfan, hún er þar enn.

Nei, ég held, að þetta mál um áætlanirnar til Eyja ætti nú að vera nokkurn veginn leyst. Hafi reynslan sýnt, að það var ábatasamur rekstur, — eins og hér hefur komið fram í ræðum og ég rengi ekki, — það var ábatasamur rekstur að haga ferðunum svona og vinsæl og þörf samgöngubót að því, þá læt ég mér ekki detta í hug, að forstjóri og stjórnarnefnd breyti þessum háttum aftur í fyrra horf. Það væri alveg furðulegt, enda er ég viss um, að þá mundu Vestmanneyingar láta til sín heyra og ráðh. þá láta gefa fyrirmæli um að kippa því aftur í hið reynda, farsælla horf.

Fyrsti liður þessarar till. er þess efnis, að hann á

ekkert erindi inn á Alþ. Hann er að vísu skaðlaus, en það er alveg gefinn hlutur, að þetta er ekki þingmál.

En þá kemur að hinum liðunum þremur. Þeir eru allir þess eðlis, að það er alveg sjálfsagt, að Alþ. fjalli um þau atriði. Annar liðurinn er um það að athuga möguleika á kaupum á svifskipi til farþega- og bifreiðaflutnings milli Eyja og meginlands. Það hefur verið minnzt á hina fyrri tilraun, þá tilraun, sem gerð hefur verið með svifskip, ég hygg, á árinu 1968. Eins og ég hef heyrt álit fólks um þá tilraun og niðurstöður hennar, þá hygg ég, að það hafi orðið skoðun manna, að slíkt skip hentaði ekki í samgöngum milli lands og Eyja, hvorki til fólksflutninga, bílaflutninga eða annarra vöruflutninga, nema í algerlega ládauðum sjó, en það er ekki alltaf milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Ég hef ekki oft farið þá leið, en nokkrum sinnum hef ég þó farið hana. Ég held, að það þýði ekki neitt að leita þeirrar lausnar á málinu, nema því aðeins, að stórkostlegar umbætur og framfarir hafi orðið í þróun svifskipa síðan tilraunin var gerð. En ef svo er, og það skal svo sannarlega verða kannað af þar til hæfum mönnum, ef svo er, að stórkostleg þróun hafi orðið í þessari gerð samgöngutækja, þá er auðvitað sjálfsagt að verða við öðrum lið þessarar till. og kanna það til hlítar, hvort þær breytingar séu líklegar til þess að sníða af þá annmarka, sem þóttu eiginlega gera það augljóst, að svifskip hentaði ekki, þegar tilraunin var gerð.

Mér skilst á till., að það sé þá fyrst, ef athugun á möguleikum á því, að svifskip leysi vandann, verði neikvæð, ef niðurstaðan verði neikvæð af því, þá eigi að koma til framkvæmda á þriðja lið, að hefja undirbúning að byggingu nýs og hentugs skips til farþega-, vöru- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja, Þorlákshafnar og Reykjavíkur. Þó virtist mér vera verulegur skoðanamunur milli flm. um þetta. Ég heyrði ekki betur en að sá hv. þm., sem síðar talaði, afskrifaði eiginlega þennan möguleika með svifskipið svona nokkurn veginn örugglega, en mér heyrðist, að 1. flm. væri eiginlega á því, að þarna væri um mjög athyglisverða möguleika að ræða og það væri aðeins, þegar búið væri að rannsaka þann möguleika um svifskipið og komast að þeirri niðurstöðu, að það leysti ekki málið, að þá ætti að hefja undirbúning að byggingu nýs og hentugs skips til farþega- og vöruflutninga. Nú, en látum það vera. Sú yrði vafalaust röðin, að það yrði, hvort sem það tæki lengri eða skemmri tíma, að kanna annan liðinn. Þá kæmi að því að hefja undirbúning að byggingu nýs og hentugs skips til þessa hlutverks, og svo kæmi aftur til athugunar, hvort hlutverki Herjólfs væri þá ekki þar með lokið sem Vestmannaeyjaskips, og geri ég þá ráð fyrir, að það væri ætlunin.

Ég held, að það sé alveg rétt hjá hv. 5. þm. Sunnl., að til bifreiðaflutninga milli lands og Eyja hentar ekkert skip nema bílarnir séu lokaðir undir þiljum, því að margir flutningar á einu ári með sjóágjöfum mundu gereyðileggja bílakost Eyjamanna, langt umfram það, sem aðrir landsmenn yrðu að búa við, svo að bílaflutningar yrðu ekki leystir öðruvísi en með tveggja þilfara skipi, þar sem bílarnir væru innilokaðir. Það sér hver maður, að það yrði vissulega dýrt skip, sem til þess þyrfti.

Það er alveg sama með fjórða liðinn. Ég álít, að það allt, sem flm. hafa sagt um hann, um endurbætur í flugmálum Vestmanneyinga, séu orð í tíma töluð. Það er rétt, að þeir hafa lengi orðið að búa við eina flugbraut, og það reyndist ófullnægjandi. Síðan var annarri flugbraut bætt við, og það var viðurkennd mikil bót, en hún er of stutt og þarf lengingar við. Og rétt er það, sem þeir segja, að hér er ekki um malbikaðan flugvöll að ræða, hann er ekki lýstur að neinu ráði, og flugstöðvarbygging er þar engin. En þetta er, mínir kæru, lýsingin á öllum flugvöllum Íslands utan Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvallar og Akureyrarflugvallar, skulum við segja. Þetta eru malarflugvellir, lítt eða ekki lýstir, og flugstöðvarhús hafa verið afar sjaldséð. Það er aðeins örskammur tími síðan það varð að notast við smáskúr á Ísafjarðarflugvelli, sömuleiðis er örstutt síðan Egilsstaðaflugvöllur fékk sína flugstöð, og þessi flugskýli eru engum mönnum bjóðandi. Þar eru ekki salerni, þar er ekki hægt að fá vatnsdropa, hvað þá heldur, að hægt sé að fá þar kaffi eða gosdrykkjaveitingar, kaldar veitingar, þó að menn verði að bíða klukkutímum saman á þessum flugvöllum. Þetta er ósköp ófullkomið hjá okkur enn þá og er bein afleiðing af því, að hv. Alþ. hefur ekki látið nema allt of takmarkað fé til flugmála, þrátt fyrir það hversu gildur þáttur flugmálin eru orðin í samgöngumálum þjóðarinnar. Og það get ég sagt, að þó að Alþ. verði svo víðsýnt að tvöfalda fjárveitingu til flugmála núna á næsta árs fjárlögum, þá verður aðeins örlitlu hægt að koma í verk af þeim margföldu verkefnum, sem bráðrar úrlausnar bíða, að því er snertir öryggisbúnað íslenzkra flugvalla. Það er t. d. til áætlun um, hvað það kostar að ganga lögformlega og sómasamlega frá brautunum í Vestmannaeyjum, án þess að malbikun sé tekin með inn í dæmið. Bara að ganga löglega frá hliðarlínum vallarins, endum flugbrautanna, þannig að ekki sé þverhnípi þar fram af, ef flugvél fer út af braut, út af hlið eða enda brautar. Hvað haldið þið, að það kosti samkv. þessari áætlun? Hún er ekki ýkt, hún er sennilega sízt of há, 40 millj. kr., þ. e. meira en helmingur þeirrar upphæðar, sem líklegt er, að Alþ. fáist til að veita til allra flugmála á Íslandi á næsta árs fjárlögum. Svona æpa verkefnin á okkur í þessu efni, og þó að ég undirstriki það, að sérstök ástæða sé til þess á stað eins og í Vestmannaeyjum að ganga vel frá flugvellinum þar, þannig að hann nýtist sem allra flesta daga ársins, bæði með góðri lýsingu, að vel sé gengið frá jöðrum flugbrauta, endum og hliðarköntum, og að flugbrautin verði malbikuð sem fyrst og við fáum flugstöð að sjálfsögðu, þá eru ákaflega litlar líkur til þess, nema Alþ. taki algerum sinnaskiptum í afgreiðslu fjárveitinga til flugmála, að það verði draumur, sem rætist á næsta ári. En það er vissulega ætlunin að vinna að endurbótum á Vestmannaeyjaflugvelli með eins ríflegum hluta af því fé, sem veitt verður til flugmála, eins og möguleikar verða taldir til af flugráði og flugmálastjóra. Flugbrautirnar í Vestmannaeyjum hafa svo sannarlega komið þar einna fyrst til tals, þegar rætt hefur verið um verkefni næsta árs til umbóta á flugvöllum landsins.

Ég tel, að annar, þriðji og fjórði liðurinn séu verkefni, sem sannarlega er vert að gefa gaum og alveg sérstaklega með tilliti til sérstöðu Vestmannaeyja og Vestmanneyinga.

Könnun skal fara fram, því heiti ég, á eiginleikum flugskipa eins og þau eru nú fullkomnust og hér gætu

átt við. Síðan skal hafin athugun á gerð og stærð Vestmannaeyjaskips, ef Herjólfur telst vera orðinn ófullnægjandi. Endurbætur á flugvellinum eru kannske þýðingarmesta atriðið og það, sem ætti að vera hægt að ráða fyrst bót á, ef fé ekki skortir, en það er allt undir Alþ. komið.

Um hitt atriðið, fyrsta atriðið, þar sem ég aflífaði nú efri silkihúfuna, tel ég þá tvöföldu skyldu hvíla á mér, ef ekki fæst sómasamlegt form um viðkomur Vestmannaeyjaskips í Þorlákshöfn eða Reykjavík, að þá hafi ég tvöfalda skyldu til þess að gefa fyrirmæli um það, að þar skuli farið eftir fenginni reynslu og að vilja Vestmanneyinga.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég verð að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann mælist til þess, að samgrh. komi hér í salinn, því að hann situr nú niðri í Kringlu og er vonandi ekki það upptekinn, að hann geti ekki mætt hér. Ég þarf að beina máli mínu til hans. (**Forseti**: Við skulum koma boðum til hans.) — Ég sé, að hæstv. samgrh. er kominn í salinn, þannig að ég ætti að geta hafið mál mitt.

Hæstv. samgrh. taldi hér áðan, að fyrsti liður þeirrar till., sem ég ásamt tveimur öðrum þm. úr Suðurlandskjördæmi hef flutt hér, væri ekki þinglegur. Ég hygg nú, að það sé nokkuð erfitt kannske að dæma um það, hvað sé þinglegt og hvað ekki þinglegt í sambandi við flutning á till., en svo mikið er víst, að á síðasta þingi voru fluttar hér tvær þáltill. nákvæmlega sama efnis. Annað var till. hv. þm. Helga Bergs á þskj. 40, sem flutt var í Sþ., og hin þáltill. Karls Guðjónssonar, sem flutt var á þskj. 152, og báðar eru þess efnis, að ríkisstj. hlutist til um að láta Skipaútgerð ríkisins taka upp daglegar ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Ég heyrði ekki einn einasta þm. þá og ekki ráðh. eða neinn annan hreyfa því, að þarna væri ekki um alveg þinglegt mál að ræða, þannig að mér kemur það ákaflega einkennilega fyrir sjónir, ef núv. hæstv. samgrh. er á annarri skoðun en allur þingheimur var á s. l. ári, þannig að ég ætla mér síðar en svo að fara að biðjast afsökunar á því, að þessi liður sé í till. Og hann er þar alls ekki að tilefnislausu. Sannleikurinn er sá, sem hæstv. ráðh. vildi nú gera lítið úr, að fyrrv. samgrh. skipaði nefnd manna heima í héraði á s. l. vetri — það var ekki neitt fyrir kosningar, það var í byrjun árs, ef ég man rétt, — til þess að gera till. um úrbætur í samgöngumálum Vestmanneyinga. Þetta var ekki gert að tilefnislausu. Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum og einstaklingar höfðu árum saman reynt að fá forráðamenn Skipaútgerðar ríkisins til þess að breyta áætluninni og gera hana aðgengilegri fyrir Vestmanneyinga með þessu skipi, sem fyrir hendi var, og nýta það betur í þágu byggðarlagsins, eins og við sáum fram á, að mjög auðvelt var að gera. Öll þessi tilmæli okkar, bæði einstaklinga og bæjaryfirvalda, höfðu verið hunzuð. Það var þar alveg þvert nei við öllu. Þó mjakaðist þetta svo til á sínum tíma, að það voru teknar upp ferðir um helgar milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, en það var ekki vegna þess, að Ríkisskip hefði forgöngu um það, það var eftir beinum tilmælum frá okkur heima í héraði. Það var sem sagt verið að láta það eftir okkur að nýta skipið á þennan hátt. Og afleiðingin varð sú, að við snerum okkur beint til rn., sem hefur með þessi mál að gera, og fórum fram á það að fá að gera till. um ferðir skipsins og ferðaáætlun þeirra yfirstjórnarmanna. Við þessu var orðið með þeim árangri, að ég er sannfærður um það, að hver einasti maður í Eyjum og hver einasti maður, sem hefur þurft að nota skipið, hefur séð, að þarna var alveg rétt að farið. Það var full þörf fyrir skipið, og það var rétt, sem hv. 5. þm. Sunnl. sagði hér áðan; þetta er sennilega í einasta skiptið, sem Ríkisskip hefur nokkurn tíma grætt yfir visst tímabil, því að ég hygg, að það verði erfitt að sannfæra okkur um það, að með þeim flutningum, sem með skipinu voru þessa þrjá mánuði eða rúma þrjá mánuði, sem það gekk milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, hafi orðið tap á rekstrinum.

Ég tel nú, að till. okkar sé síður en svo óþingleg. Og ástæðan fyrir því, að hún er tekin upp nú, er einfaldlega sú, að þegar núv. hæstv. samgrh. tók við, þá er það rétt, sem hér kom fram, að það var eitt af hans fyrstu verkum að setja þessa nefnd eða það, sem hann vildi nú kalla „silkihúfuna“, formlega af með bréfi. Ég held, að það sé nú kannske heldur fátítt í okkar stjórnkerfi, að ólaunuð nefnd sé formlega sett af með ábyrgðarbréfi. Þetta gerðist þó. Hæstv. ráðh. ætti nú að tala allvarlega um „silkihúfur“ í sambandi við nefndaskipun. Ég hygg, að þær séu orðnar allmargar bæði hjá honum og öðrum, síðan núv. ríkisstj. tók við, þó að ekki sé langt um liðið. En þarna var um ólaunaða nefnd að ræða, ég vil taka það sérstaklega fram, sem hafði ákveðnu hlutverki að gegna og gerði það að mínum dómi, eftir því sem hægt var. Hún leysti sitt verkefni þannig af hendi, að það voru allir ánægðir og það var öllum til góðs, svo að ástæða var nú ekki mikil til þess að setja hana af, þó að það hafi nú verið gert. Og svo mikið er víst, að eftir að þessi nefnd var sett af, skeður það, að ferðum Herjólfs er fækkað á bezta tíma haustsins, í septembermánuði, úr sex niður í tvær á viku. Það getur vel verið, að hæstv. samgrh. telji það alveg nóg handa okkur, ég skal ekkert um það dæma. En þetta er gert undir hans verndarvæng, að forráðamenn Skipaútgerðarinnar eru látnir haga sér svona í sambandi við samgöngur til Vestmannaeyja. Skipið er kannske látið liggja fjóra daga vikunnar í höfn eða aðeins látið annast tvær ferðir í viku í staðinn fyrir, að það er með mjög góðu móti hægt að koma við tveimur Reykjavíkurferðum og tveimur Þorlákshafnarferðum í hverri viku, og það er full þörf fyrir þessar ferðir, bæði til flutninga á farþegum og vörum og bifreiðum. Það var því alveg ástæðulaust að fara að eins og gert var undir yfirstjórn hæstv. ráðh., þó að ég efist ekki um, að hann segi það rétt hér, að hann hafi ekki haft hugmynd um þetta. En þetta gerðist þó undir hans yfirstjórn.

Ég vil nú láta þetta nægja um það, hvort þessi till., þessi tiltekni liður, fyrsti liður, sé þinglegur eða ekki. En sams konar till. voru taldar þinglegar hér á síðasta þingi og voru ræddar og vísað til n. án aths. frá nokkrum einasta aðila.

Þá vildi ég aðeins koma að hugmynd okkar í sambandi við svifskipið. Ég held, að ég hafi látið það koma fram áðan, að hugmynd okkar í sambandi við svifskip er að nota það fyrst og fremst yfir vor-, sumar- og haustmánuði, þann tíma ársins, sem fólk vill geta ferðazt með sínar bifreiðar út úr bænum og komizt í beint samband við þjóðvegakerfið. Við gerum okkur sjálfir alveg ljóst og erum, að ég tel, mjög vel dómbærir um

það, að þetta farartæki mundi ekki vera nothæft að vetrarlagi, þegar veður eru verst. En mér þykir furðulegt, ef hæstv. samgrh. hefur um það upplýsingar, að Vestmanneyingar hafi ekki talið, að þetta farartæki mundi leysa þeirra vanda, ef það fengist af þeirri stærð og gerð, sem þeir töldu sjálfir, að þyrfti að vera. Ég fylgdist mjög vel með, þegar skipið var til reynslu úti í Eyjum, fór með því margar ferðir og heyrði álit margra, sem fóru með því. Ég heyrði ekki í einum einasta manni, sem ekki gerði sér fulla grein fyrir því, að þetta mundi leysa vandann, sem við vorum að reyna að ráða fram úr. Hitt er rétt, að skipið var ekki talið heppilegt í þeim fáu ferðum, sem það fór frá Reykjavík upp á Akranes, af hverju sem það nú var. Um það skal ég ekki dæma. En til þess að komast inn úr brimlendingu og upp á ströndina og út aftur, þá er þetta eina farartækið, sem nú er þekkt, sem er megnugt að gera þetta. Og það fékk á sig mjög góða reynslu í eitt skipti. Ja, ég vil segja, við vorum það óheppnir kannske, að þennan hálfa mánuð, sem skipið var í Eyjum, þá var þar mjög sléttur sjór og að okkar dómi kannske allt of sléttur sjór allan tímann. Einn dagur kom þó þannig, að það var talið almennt og var sjáanlega verulegt brim við sandinn. Maður sá það utan úr Eyjum, að hvítbraut alls staðar við Landeyjasand, og þegar það sést utan úr Vestmannaeyjum, þá er þar orðið um verulegt brim að ræða. Þetta var síðasta daginn, sem skipið dvaldi þar. Englendingar vildu reyna sjálfir. Þeir tóku enga farþega með og létu enga vita af því nema lóðsinn í Vestmannaeyjum. Hann fór með þeim. Þeir vildu sjá, hvað þeir gætu komizt með skipinu. Þegar að sandinum kom, fóru þeir gegnum allan brimgarðinn beina leið upp í sandinn, sneru svo við og fóru út úr brimgarðinum aftur, þannig að þetta sannfærði okkur, sem höfum fylgzt með þessum málum, alveg um það, að við værum þarna búnir að fá farartæki, ef það væri nægilega stórt, til þess að ráða fram úr þessum málum og það mundi leysa þessi mál fyrir okkur, ef það yrði keypt til landsins. En eins og ég sagði áðan, var þetta skip, sem var til reynslu, að okkar sjálfra dómi of lítið. Það hentaði vel til farþegaflutninga, en það hentaði ekki til bifreiðaflutninga.

Nú liggur það hins vegar fyrir, og ég skal vissulega láta hæstv. ráðh. og hans rn. fá allar þær upplýsingar, sem ég er með um byggingu þess skips, sem nú er að koma á markað vestur í Bandaríkjunum. Það er af mun stærri gerð og þolir meiri ölduhæð, og hægt er að innrétta það þannig, að það sé hægt að nota til farþega- og bifreiðaflutninga samtímis. Þegar talað er um ölduhæð, sem þessi skip þola, þá var miðað við 2.5 fet á hinu fyrra skipi, en 4 fet á þessu skipi eða 1.25 metra. Þá er ekki þar með sagt, að skipið þoli ekki miklu meiri ölduhæð. Hitt er rétt, að þeir í verksmiðjunni hafa í báðum tilvikum sagt, að ef ölduhæð fari fram úr vissu marki, þá fari að koma fram óþægindi fyrir farþega, fari að koma högg á skipið og óþægindi fyrir farþegana. En það liggur alveg í augum uppi og veit hver einasti maður, sem nokkuð þekkir inn á þessi mál, að það er hægt að komast fram úr því. Skipið þolir miklu meira, það þolir stórar öldur og háar öldur, ef ekki er um brotsjói að ræða. En það er hægt að komast fram úr þessu með því að keyra bara skipið aðeins hægar, hægja á ferðinni, eftir því sem talið er með þurfa. Og ég segi það alveg hiklaust, ef þetta skip leysti þennan vanda fyrir okkur með bifreiðaflutninga yfir á sandinn, þó að Vestmannaeyingar þyrftu að taka á sig óþægindi í 10—15 mínútur þessa leið, þá mundi ekki einn einasti telja það eftir sér. Við erum orðin það vön því að velkjast á milli, bæði í lofti og á sjó, að við munum ekki telja eftir okkur, þó að því fylgdu einhver óþægindi að fara yfir sundið í 10—15 mínútur. Hvað öryggi viðkemur, þá hef ég ekki heyrt annað en þessi skip væru talin mjög örugg, enda gefur það að skilja, að það er mjög mikið flot í þessum skipum, þó að vélar stöðvist. Þetta flýtur eins og björgunarbátur og kannske mjög vel útbúinn björgunarbátur ofan á sjónum. Það er björgunarskip í höfninni í Vestmannaeyjum og bátar alltaf nægilegir til að grípa inn í, ef eitthvað bæri út af, þannig að ég held, að það sé ekki ótti í einum einasta Vestmanneyingi um það, að ekki sé talið nægjanlegt öryggi í sambandi við þessar ferðir, ef farartæki af hentugri stærð er fáanlegt, en ég held því alveg hiklaust fram í dag, að það sé í byggingu. Það kemur í ljós. Þetta skip á að fara í reynsluferð vestur í Bandaríkjunum eða í Kanada nú í desembermánuði, og ef hæstv. samgrh. vildi hafa svo mikið við að kanna þetta mál á þann veg að senda þangað mann eða menn til þess að skoða skipið og kynna sér hæfni þess, þá mætti auðvitað fá úr því skorið að mínum dómi alveg nægjanlega, hvort þetta skip gæti hentað okkur við þær aðstæður, sem við eigum við að búa og sem við miðum notagildi þess við, þannig að það ætti ekkert að þurfa að tefja byggingu nýs skips, þó að þetta yrði kannað fyrst.

Það hefur alltaf verið í mínum huga að leggja fyrst og fremst áherzlu á að fá þetta farartæki, sem getur farið yfir þetta 12 km breiða sund milli Vestmannaeyja og lands. Ég vona, að margir þm. skilji, að það er allt önnur aðstaða fyrir okkur, ef við þurfum að skreppa til fastalandsins með okkar bíla, að fara 40 mílna leið til Þorlákshafnar eða 112 mílna leið til Reykjavíkur og eiga von á alls konar veðri á leiðinni, alls konar veltingi. Við höfum séð bíla fara þar forgörðum á leiðinni, bæði vera í kafi í sjó mestalla leiðina og ónýtast þannig eða bara hreinlega leggjast saman á dekkinu. Ég hef sjálfur verið með skipinu og horft á þetta, þannig að þetta mundi að því leyti gerbreyta aðstöðunni.

Mér þótti nú vænt um það, hvernig hæstv. ráðh. tók í hugmyndina um að byggja nýtt skip, ef þessi tilraun með svifskipið gæfi ekki góða raun. Mér skildist á honum, að hann teldi eiginlega eðlilegt, að það yrði þegar farið að gera ráðstafanir til þess að vinna að því máli. Og þá að sjálfsögðu, eins og okkar hugmynd hefur alltaf verið, að það yrði um bílaferju að ræða, þar sem bílunum væri ekið inn í skipin, þeir væru neðan dekks á leiðinni og þeim væri ekið út úr því aftur, því að það er ekki nóg með það, að við séum með bíla okkar í hættu á dekki á þeim skipum, sem flytja þá, heldur er það stórhættulegt, þegar verið er að hífa bílana um borð og frá borði aftur, og margir þeirra, kannske tugir þeirra, hafa laskazt meira og minna við það. Það þarf lítið út af að bera til þess, að bíll detti úr stroffu, eins og við höfum horft á, eða sláist utan í og skemmist af þeim orsökum. Þess vegna kemur að okkar dómi ekki annað til greina en að um þannig skip yrði að ræða, sem yrði bílaferja, farþegaferja og samtímis vöruflutningaskip. Við höfum kynnt okkur þetta mál nokkuð, og okkur er alveg ljóst, að það er hægt að sameina þetta allt. Það er

hægt að byggja skip, sem uppfyllir öll þessi skilyrði. En það þarf enginn að blekkja sig á því, að þetta skip verður nokkuð dýrt í byggingu miðað við stærð þess. Það fer ekki hjá því. Aðstöðu í Vestmannaeyjahöfn til þess að aka bílunum inn í skipið er lítill vandi að skapa. Aðstaða í Þorlákshöfn er hins vegar mun erfiðari. Það er okkur sjálfum ljóst, en við teljum þó, að hægt sé að komast fram úr því með til þess að gera ekki neitt óviðráðanlegum kostnaði eða ekki neitt óeðlilegum kostnaði. Og auðvitað verður það lausnin á þessum málum okkar, ef hitt reynist ekki fært, sem ég tel þó og vona, að reynist, þegar til kemur, en undirstrika, að við höfum alltaf gert okkur grein fyrir, að þarna er fyrst og fremst um að ræða ferðir upp í sandinn yfir vor-, sumar- og haustmánuðina þegar um betra veður er að ræða en vetrarmánuðina, enda einmitt mest not fyrir skip af þessari tegund þann tíma. Vestmanneyingar gera lítið af því að flytja bíla á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar eða Reykjavíkur yfir vetrarmánuðina. Það er hrein undantekning, ef það er, og þá er venjulega hægt að komast fram úr því með því að fá að setja bílana í lest á einhverjum stórum skipum, sem ganga á milli, þannig að við mundum telja málin mjög vel leyst, ef það væru öruggar ferðir yfir þessa 6—7 mánuði.

Ég verð að segja, að mér þótti það mjög miður, sem hæstv. samgrh. sagði hér í sambandi við byggingu flugbrautarinnar. Ég hafði vænzt þess að fá þar nokkuð aðrar undirtektir. En hæstv. ráðh. taldi, ef ég hef skilið hann rétt, að við gætum varla vænzt þess, að þar yrði um nein stórátök að ræða á næsta ári. Ég veit jú ekki, hvort hæstv. ráðh. er búinn að kynna sér þetta mál hjá þeim mönnum, sem með þetta hafa að gera undir hans yfirstjórn, en viðhorfið er þannig í dag, að austur-vesturbrautin er komin í þá lengd, sem Flugfélagið viðurkennir sem nægjanlega braut að lengd til fyrir þær vélar, sem hún notar hér, Fokker Friendship og Douglas. Suður- og norðurbrautin er aftur á móti þannig, að nothæfir af henni eru í dag 910 metrar. Þetta er ekki nægjanlegt að dómi þeirra aðila, sem þarna ráða, Flugfélagsins og þeirra trúnaðarmanna ríkisins, sem með flugmál hafa að gera. Þetta er ekki nægilegt til þess að veita flugvélum óhindrað lendingarleyfi. Lending þeirra á þessari braut er takmörkuð við viss veðurskilyrði, sem eru önnur en við austur-vesturbrautina, þannig að það hindrar lendingar á þessum hluta af þeim ástæðum. En nú er aftur aðalátakið það, sem gert var á s. l. sumri, að búa til uppfyllingu yfir geysilega erfitt landssvæði. Þarna var, ef ég man rétt, milli 10 og 20 m uppfylling, 40—60 m breið braut, 300—400 m að lengd. Það var geysilegt átak að gera þetta, en það var þó gert. En á þessa viðbót við brautina vantar aðeins slitlagið, ofaníburðinn í hana og slitlagið á brautina. Þetta er ekki neitt, sem kostar peninga, miðað við það, sem búið er að gera, þannig að ég vænti þess, að hæstv. samgrh. endurskoði það, sem hann sagði hér áðan, og sjái um, að brautin verði á næsta sumri komin í fulla lengd, þannig að Flugfélagið og þeir, sem ráða okkar flugöryggismálum, viðurkenni hana á sama hátt og austur-vesturbrautin er nú orðin viðurkennd, því að það er ekki nema sáralítið átak að gera hana þannig úr garði. Hitt er að mínum dómi ekki neitt verk, sem getur talizt, að slétta í kringum flugbrautina eins og byrjað var á í sumar. Það er búið að vinna þar grófasta verkið, aðeins eftir, eins og sagt er, að snurfusa það til og gera það kannske fallegra fyrir augað. En það var mjög þarft verk, og það var unnið vegna þess, að flugmönnunum óaði það að lenda á brautum, þar sem aðstaðan í kringum þær var þannig, að ef eitthvað bar út af, þá voru þeir lentir upp í grjóturð eða út í þær aðstæður, að ekki var nokkur von til, að vél hefði getað bjargazt út úr þeim. En þetta var að verulegu leyti bætt á s. l. sumri, og vænti ég þess, að áfram verði haldið með það.

Þá er það malbikun brautanna. Ég tel alveg hiklaust, að allar aðstæður séu þannig við brautirnar í Vestmannaeyjum, að þær verði að hafa þar forgang. Ég hygg, að það sé óvíða á landinu, sem aðstæður eru þannig, að það er ekki hægt með neinu góðu móti að skaffa ofaníburð í slitlag á brautunum, nema þá að flytja það annars staðar frá, kannske frá Reykjavík eða einhverjum svæðum annars staðar, því að þetta, sem við erum að gera í sambandi við ofaníburð í flugbrautirnar, tel ég, að megi alls ekki gera og við séum að gera það í beinu óleyfi. Það er hægt að stöðva þetta hvenær sem er. Ég hygg, að Náttúruverndarráð hafi til þess fulla heimild að stöðva þetta hvenær sem er, en það hefur ekki verið gert. Við höfum sjálfir gert þetta í banni, eins og ég sagði hér áðan, en ekki verið sett á okkur lögbann enn þá, en þessu hefur verið mótmælt af Náttúruverndarráði, og okkur er það alls ekki sársaukalaust að þurfa að vera að rífa niður þetta fjall, sem við erum að stórskemma, þannig að það er eiginlega til lýta að koma að því loftleiðis sunnan frá. Frá bænum sést þetta ekki enn þá, en verði haldið áfram á sömu braut, þá kemur að því, að fjallið verður það mikið skemmt, að það hlýtur að sjást frá öllum hliðum. Þess vegna legg ég á það mjög mikla áherzlu, að hæstv. samgrh. geri sér fulla grein fyrir því, hvað þarna er að gerast. Það verður að ráða fram úr þessu. Þetta flugmál verður að mínum dómi að hafa forgang.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það eru nú þegar orðnar allnokkrar umr. um þessa þáltill., og tveir fyrri flm. hennar hafa nú mælt fyrir henni skörulega hér. Ég þarf þess vegna litlu við það að bæta, sem þeir hafa sagt, en ég vil leggja áherzlu á það, að frá mínu sjónarmiði er fyrsti hluti till. eingöngu um bráðabirgðalausn á þessu samgöngumáli Vestmannaeyja. Og mér þykir vænt um að heyra það, að hæstv. ráðh. er tilbúinn, eins og mér skildist á ræðu hans áðan, að leysa það mál nú þegar með því að leggja fyrir Skipaútgerð ríkisins að halda uppi þessum ferðum, eins og hér er gert ráð fyrir. En ég álít, að samgöngumál Vestmanneyinga séu engan veginn leyst með því, þó að þetta yrði gert nú til að byrja með, heldur verði að finna einhverja varanlega lausn, sem fólkið á þessum stað getur sætt sig við og er samboðið þessu fólki og þessu byggðarlagi. Og ég álít, að þar komi fyrst og fremst tvennt til greina í sambandi við samgöngur á sjó. Það er í fyrsta lagi, að ævinlega sé fyrir hendi farkostur, sem sé fær um það að flytja bifreiðar milli lands og Eyja þannig umbúnar í skipinu, að þær verði ekki fyrir skemmdum. Ég veit það, að sjólag á þessari leið er oft mjög erfitt. Ég hef sjálfur verið með í því, fyrir mörgum herrans árum að vísu, að vera á ferð með strandferðaskipi frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur, — það var seint í maí, — þegar allt, sem á dekk-

inu var, fór útbyrðis og skipið varð fyrir áföllum. Það eru ein 30 ár síðan. Sjólag á þessari leið er þannig og allra veðra von oft og tíðum, að það verður að vera um að ræða vandaðan farkost, að mínu viti, til bifreiðaflutninganna.

Annar liðurinn í þessari þáltill. er um að athuga möguleika á kaupum á svifskipi til farþega- og bifreiðaflutninga á þessari leið milli Vestmannaeyja og meginlands, og 1. flm. er þegar búinn að lýsa því nákvæmlega, hvað sé að gerast á því sviði í byggingu slíkra skipa, og hann hefur fengið í hendur upplýsingar, sem ég hef séð og eru mjög athyglisverðar, um nýjungar á þessu sviði. Ég hygg, að það sé ómaksins vert fyrir okkur Íslendinga að vera vel á verði og kynna okkur vel það, sem gerist í þessum efnum. Þess vegna þótti mér vænt um að heyra það, að hæstv. samgrh. tók því mjög vel, að þetta atriði yrði rækilega kannað. Það getur vel farið svo, að tæknin komi okkur hér til hjálpar á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum og leysi þetta flutningamál á milli Vestmannaeyja og meginlandsins fljótlega með slíkum farkosti, eins og hv. 1. flm. ræddi hér mjög mikið um. Vestur í Kanada er, eins og hann sagði, verið að byggja skip, sem mér sýnist, að sé mjög líklegt til þess, a. m. k. um sumartímann, að geta leyst þetta flutningaspursmál, einnig með bifreiðarnar, og það er mjög mikið atriði, því að Vestmanneyingar eru nú komnir upp á það að eiga bifreiðar og ferðast á þeim um landið sér til ánægju og gagns, eins og við vitum, og þeir þurfa að geta átt þess kost.

Ég verð nú að segja það, að þó að hér hafi verið talað nokkuð mikið um kostnaðinn í sambandi við þessar samgöngur á milli lands og Eyja, þá hef ég alltaf litið á t. d. kostnaðinn við strandferðirnar hér á landi svipuðum augum og ég lít á kostnaðinn við að halda uppi vegakerfinu í landinu. Við verðum að hafa samgöngur fyrir þjóðina, og hvort sem þær samgöngur eru á sjó eða landi, þá verður þjóðfélagið allt að koma þar til sögu og styðja örar og góðar og greiðar samgöngur, hvort sem þær eru á sjó eða landi, eins og ég sagði. Þess vegna sýnist mér, að það, hvernig þetta eða hitt kunni að bera sig í þessu efni, eigi ekki að vera fyrst og fremst það, sem við erum að ræða um, heldur hitt, að við getum haft náið samband allra byggðarlaga landsins, þegar fært er um sjóinn eða landið.

Eins og ég sagði áðan, þá er það um þriðja liðinn að segja, að ef það sýnir sig, að þessi möguleiki með svifskipið dugar ekki og Herjólfur getur ekki sinnt þessu verkefni eins og hann hefur þó verið að reyna að gera, þá verði byggt skip, sem sé fært um það að flytja bifreiðar, án þess að þær liggi undir skemmdum, milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Ég ætla nú ekki að tefja þessar umr. öllu lengur. Um fjórða liðinn er það að segja, að vitanlega ber að halda áfram að keppa að því að koma flugvellinum í Vestmannaeyjum í það horf, að hann sé ævinlega fær og öruggur, eftir því sem orðið getur. Þegar verið er að tala um malbikun og þann efnisskort, sem er í Vestmannaeyjum á ofaníburði, þá dettur mér í hug þetta um olíumölina, sem nú er komin til sögu og við höfum orðið nokkra reynslu af, þó að sú reynsla sé ekki löng. Hana má flytja með skipum hingað og þangað tilbúna, og mér skilst, að Austfirðingar séu nú þegar búnir að ráðast í það að kaupa olíumöl hér fyrir sunnan og ætli að flytja hana á skipi austur. Mér þætti ekki ólíklegt, að það mætti flytja á sama hátt olíumöl til Vestmannaeyja bæði á vegi þar og jafnvel á flugvöllinn, ef það þætti hentara og væri eins öruggt og malbik. Ég er nú aðeins að benda á þetta. Þetta er ekki nein till. frá mér, að olíumöl sé þar hentari, heldur vil ég aðeins benda á, að sá möguleiki sé athugaður, ef hann gæti flýtt fyrir að gera flugvöllinn öruggari og þá jafnvel kannske framkvæmdina ódýrari.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Sennilega eru langar umr. um þessa þáltill., sem nú fer til athugunar í n., ástæðulitlar, þar sem ekki er um stórt deilt.

Hv. flm. telja að sjálfsögðu, að það hafi verið ástæða til að hafa fyrsta liðinn í till. með, en þó var nú sá kafli ræðu hv. 1. þm. Sunnl. áðan, sem átti að vera svar til mín út af því, svona nokkuð utan við það, sem ég hafði sagt. Ég hafði sagt, að ég teldi þetta efni fyrsta liðar ekki þingmál, en hann sagði, að ég hefði talað um, að fyrsti liður væri ekki þinglegur. Þetta er allt annað. Ég hef aldrei haldið því fram, að fyrsti liðurinn væri ekki í þinglegu formi. En það að ákveða viðkomustaði einstakra skipa á einstakar hafnir tel ég ekki vera þingmál, og mega flm. hafa sínar skoðanir á því, ef þeir vilja. Og á því, að það hafi verið ástæða til að setja þingnefnd við hlið forstjóra og sérstakrar stjórnarnefndar, sem hafði verið skipuð trúnaðarmönnum fráfarandi ríkisstj., til þess að fjalla um áætlunargerð milli þessara hafna, tel ég líka, að þeir verði að hafa sínar skoðanir, en ég tel, að þetta hafi frekar verið silkihúfa en nauðsynleg nefnd. Og þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Við erum ekki á sama máli um þetta. En ég spyr bara hv. þm. um það, hvaða ástæða var til þess að halda þessari nefnd áfram, eftir að hún hafði gert till. um breytta áætlun, sem hafði verið reynd yfir sumarmánuðina og reynslan orðið sú, að þetta kom fjárhagslega vel út og var viðurkennt sem hagkvæm þjónusta fyrir fólkið. Þar með taldi ég verkefni þessarar nefndar búið, og hefði þó bæði forstjórinn og fyrri nefndin átt að geta öðlazt þessa reynslu með þeirri aðstöðu, sem þeir höfðu. Nei, ég taldi ekki nokkra ástæðu til þess, að þessi nefnd héldi áfram störfum. Ég taldi verkefni hennar lokið. Ég setti hana ekkert af með neinum hranalegum hætti. Ég bara hagaði því þannig, að ég taldi verkefni hennar lokið og hún væri leyst frá störfum, en það er eins og þessi nefnd sé grátin enn af hv. þm., sem var settur formaður nefndarinnar fyrir kosningar og hafði haldið fundi með þessari nefnd fyrir kosningar. Síðan ekki söguna meir.

1. flm. talaði um, að hann þyrfti ekki að biðjast neinnar afsökunar á því, að hann hefði flutt þennan lið till. Það var síður en svo, að ég bæði um neina afsökun fyrir það. Ég bara lýsti minni skoðun á því, að ég teldi, að þetta ætti ekki að vera þingmál.

Ég tók mjög jákvætt undir efni hinna þriggja liðanna í till., og er þar því um ekkert að deila. Mér sýnist það ljóst af því, sem hér hefur sagt verið, að það sé ekki komin nein reynsla á þessi loftskip. Það er verið að byggja slíkt skip, segir hv. þm., og reynsluförin hefur ekki verið farin, hún fer fram einhvern tíma á næsta vetri. Þetta er þannig enn á tilraunastigi, og enginn veit um það, hvort þarna er fundin lausn á málinu. Við

verðum að bíða frekari vitneskju um það, og þá verður reynslan ólygnust. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það sé ákaflega ólíklegt, að loftpúðaskip henti á þessari leið fremur en á leiðinni Akranes—Reykjavík. En það var almannarómur eftir tilraunina, sem gerð var hér, að á þeirri leið hentaði það ekki vegna sjólags á leiðinni. En að það sé kyrrari sjór milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar en á milli Akraness og Reykjavíkur, á það er ég nú ekki trúaður. Svo mikið er víst, að fólk taldi, að í misjöfnu veðri færi mjög illa um farþega í þessu svifskipi. Ég hef sjálfur hitt fólk, sem var með þessu loftpúðaskipi, þegar það var í reynsluferðunum hér, og það taldi, að það væri mjög óþægilegt að vera í því, þegar sjór ókyrrðist að nokkru ráði, miðað við þann hraða, sem á því er. Að það henti til bílaflutninga, á það er ég líka vantrúaður, en ég vil sem sagt láta kanna þetta, þigg allar upplýsingar, sem hv. þm. getur gefið um málið, og að öðru leyti verður þessi möguleiki áreiðanlega án nokkurrar tregðu kannaður.

Mér virtist ljóst, þegar ég bar saman ræður hv. 3. þm. Sunnl. og hv. 5. þm. Sunnl., að sá fyrrnefndi teldi, að það ætti að snúa sér að framkvæmd þriðja liðar till., ef loftpúðaskipið gæfi ekki góða raun, en hv. 5. þm. Sunnl. taldi, að það ætti að snúa sér strax að því að leysa málið með tveggja þilfara skipi, sem gæti tryggt örugga flutninga á bifreiðum Eyjamanna auk vöruflutninga og farþegaflutninga. Hann vildi því í raun og veru gera ákaflega lítið úr möguleikum þeim, sem fælust í öðrum lið. En um það þarf ekki fleiri orð. Að þessu leyti voru þeir ekki sammála, að því er mér virtist.

Ég held, að ég hafi tekið það skýrt fram varðandi síðasta lið till., um flugsamgöngurnar, að þar hefðu þeir báðir lög að mæla og ekkert ofmælt. Ég held, að ég hafi sagt og tekið þannig fyllilega undir þeirra mál, að allt væri undir því komið, hvað mikið fjármagn hv. Alþ. léti af mörkum til flugmálanna í heild á næsta árs fjárlögum. Og á því vek ég sérstaklega athygli, vegna þess að þar er um svo risavaxin verkefni að ræða, en takmarkað fjármagn. Ég gaf þess vegna nokkra hugmynd um, hvað nauðsynlegar umbætur á flugvellinum í Vestmannaeyjum kostuðu, ef þeim ætti að sinna, þó að ekki væri sinnt nema þeim brýnustu. Þar er um að ræða tugi milljóna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég heyrði það, að hv. 2. þm. Sunnl. hafði skilið orð mín svo, að ég hefði tekið jákvætt undir efnisatriði till., þrjú hin síðast töldu, og tel ég, að hann hafi skilið mál mitt rétt, og að það sé áreiðanlega engri tregðu að mæta hjá samgrn. við að snúast jákvætt við öllum framkvæmanlegum umbótum í samgöngumálum Vestmanneyinga, því að rn. viðurkennir vissulega, að þessi kaupstaður á við sérstaklega erfiða aðstöðu að búa og til samgöngumála hans verður að taka sérstakt tillit vegna staðhátta.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla nú aðeins að segja nokkur orð til þess að tefja ekki þessar umr. of lengi. Hæstv. samgrh. talaði um það, að þetta væri ekki þingmál, vegna þess að þarna væri um að ræða að segja ríkisútgerðinni fyrir um skipaferðir á einstakar hafnir. Þetta fellur ekki undir það að mínum dómi, því að Herjólfur er aðeins rúta milli Eyja og lands, milli Eyja og Reykjavíkur, skipið er skráð heimilisfast í Vestmannaeyjum, en liggur í Reykjavík. Hann bar einnig saman ræðu mína og hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugs Gíslasonar. Um þetta mál vil ég segja það, að þar sagði ég, að skipið, loftpúðaskipið, dygði trúlega yfir alla sumarmánuðina og fram á haust, en endanlega, örugga lausn í samgöngum milli Eyja og lands álít ég vera nýtt skip, eins og ég lýsti hér áðan.

Þá kom hæstv. ráðh. enn að því, að þessi fyrsti liður væri ekki þingmál. Ég er á annarri skoðun. Þetta atriði þáltill., fyrsti liðurinn, er þingmál, vegna þess að raunverulega silkihúfan, menn Skipaútgerðarinnar, gerðu ekki neitt. Hins vegar vann hin nefndin og mátti því vinna áfram, vegna þess að hún skilaði árangri og hefði sjálfsagt komið með nýjar till., hagkvæmar og studdar gildum rökum um áframhaldandi samgöngur milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Hins vegar vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að segja það, að Vestmannaeyingar hefðu sérstöðu í þessu máli og vegna þessarar sérstöðu þyrfti að bæta úr þessum vandræðum okkar í samgöngumálum. Og þakka ég honum aftur fyrir góðar undirtektir við málið í heild, og ég treysti því, að málið fái skjótan og góðan framgang.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég var nú búinn að tala tvisvar og hef ekki aðstöðu til að gera nema stutta aths., enda þarf ég ekki annars með.

Ég vil leiðrétta það, sem hæstv. samgrh. sagði hér áðan, að ekki væri komin reynsla á svifskip. Á svifskip er komin mjög mikil reynsla. Þessi gerð, sem hingað kom til landsins, hefur siglt víða um heim, kannske ekki við aðstæður eins og eru milli Vestmannaeyja og Landeyjasands, en víða um heim. Aftur er komin nokkurra ára reynsla á farartæki af sömu gerð, sem siglt hefur yfir Ermarsund á undanförnum árum. Það er bara það stórskip, að við höfum aldrei látið okkur dreyma um, að til mála kæmi, að við keyptum slíkt skip til ferða á milli Eyja og Landeyjasands. En reynslan á farartækin er þegar komin, bæði við aðstæður eins og eru við Eyjar, þar á ég við skipið yfir Ermarsund, og eins á hin smærri skip, þar sem þau eru talin henta. En hitt er rétt, að á millistærð, sem nú á að fara að byggja, er ekki komin reynsla, vegna þess að það er fyrsta skipið, sem ég veit um, að er í byggingu. Það er einmitt þetta, sem ég legg áherzlu á, og hæstv. ráðh. hefur tekið mjög vel undir að láta athuga þetta, og ég þakka honum fyrir það að vilja láta athuga, hvort sú tegund, sem nú er í byggingu vestur í Kanada, hentar okkur ekki og leysir þann vanda, sem þarna er um að ræða.

Ég vil ekki fara að pexa hér um þá nefnd, sem hæstv. ráðh. upphóf með bréfi eða lagði niður með bréfi til okkar. Að hann hafi gert það vegna þess, að hún hafi verið búin að ljúka störfum, er mjög mikill misskilningur. Við höfðum á réttum tíma og með nægum fyrirvara gert sumaráætlun fyrir hin skipin. Við vorum setztir niður og farnir að tala um að gera haust- og vetraráætlun fyrir skipið, þegar okkur barst þetta bréf í hendur, og ég segi, að því miður vorum við ekki búnir að skila því verkefni, enda ekki áliðið og ástæða til að ætla, að það væri búið að því. En okkar till. hefði án efa verið eins og fram kemur í fyrsta lið till., sem hér er til umr., þannig að það þurfti ekki að leggja nefndina

niður vegna verkefnaskorts. Það lá beint fyrir að gera áætlun yfir haust- og vetrarmánuðina, eins og við vorum þegar farnir að ræða um.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi gera ljóst, áður en umr. lyki eða henni yrði frestað. Það var um þetta, að ég hef engin fyrirmæli gefið um það að breyta þeim áætlunum, sem hin síðari nefnd hafði samið, engin fyrirmæli um það, og það er ekki af mínum völdum, að þarna hefur orðið breyting á, ef svo hefur orðið. Ég sé, að í tillöguupphafinu er talað um, að ríkisstj. stuðli að því, að ferðum Herjólfs verði þannig hagað, að skipið fari á viku hverri aðeins tvær ferðir milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur á vetrarhelmingi ársins, en haldi alls ekki áfram þeim ferðafjölda, sem sumaráætlunin gerði ráð fyrir. Þeir hafa þannig gert sjálfir ráð fyrir því, að það yrði breyting á, þegar veturinn gengi í garð, og ætti það að vera framkvæmanlegt af forstjóra og nefndinni, stjórnarnefnd, sem enn starfar, að haga vetraráætlun með tilliti til óska Vestmanneyinga og náttúrlega út frá þeirra skoðunum um það, hvernig fjárhag skipsins gæti verið borgið. Ekki er það heldur rétt, að Herjólfur hafi fyrst verið rekinn með gróða núna í sumar. Fyrsta ár Herjólfs var hann eina skipið hjá Ríkisskip, sem var rekið með hagnaði. Ég var þá í fjvn. og veit vel um það, að rekstur þessa skips byrjaði með verulegum hagnaði, og var það eina skipið, sem Skipaútgerð ríkisins gerði þá út með þeirri útkomu. Annars er það rétt, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan. Það þarf enginn að undrast það, þó að það þurfi að gefa með þeim þætti samgöngumálanna að halda uppi samgöngum í kringum Ísland. Þennan þátt samgöngumálanna verðum við að rækja, en það er ekki möguleiki til þess að láta þá starfsemi bera sig. Það mundi ekki verða fært, þó að önnur stjórnarnefnd yrði sett með forstjóra Skipaútgerðarinnar.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 12, n. 501).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar þessa þáltill. á þskj. 12 um samgöngumál Vestmanneyinga og hefur orðið sammála um að flytja hér brtt. Nefndinni þótti málið svo viðamikið, eins og það er í till., að ástæða væri til þess, að sérstök nefnd fjallaði um samgöngumál Vestmanneyinga, og leggur það til í sinni brtt., að nefnd verði skipuð. Nál. er svo hljóðandi:

„Fjvn. hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 12 um samgöngumál Vestmanneyinga. Var till. send til umsagnar Skipaútgerðar ríkisins og flugmálastjórnar. Umsagnir hafa borizt frá báðum aðilum. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþ. með eftirfarandi breytingu:"

Ég sé nú enga ástæðu til þess að lesa þessar umsagnir. Þær eru viðamiklar og mundi vera langt mál að lesa þær. Í umsögnunum kemur ekki beinlínis fram afstaða til till. En fjvn. leggur til, að tillgr. orðist þannig:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa fimm manna nefnd, er gera skal till. um það, með hverjum hætti samgöngur við Vestmannaeyjar verði bezt tryggðar. Skulu tveir nm. tilnefndir af bæjarstjórn Vestmannaeyja, einn af Skipaútgerð ríkisins, einn af flugmálastjórn og einn af samgrn., og skal hann vera formaður nefndarinnar. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Allir viðstaddir nm., átta að tölu, skrifa undir þetta nál., en einn var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að flytja hér lengra mál í sambandi við þessa till. Ég tók þátt í umr. um þetta í vetur, þegar till. var til umr., og hef ekki neitt nýtt að segja um málið, en vænti þess, að sú brtt., sem fjvn. leggur til að gera, nái samþykki hér á hinu háa Alþingi.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég er hlynntur þessari afgreiðslu nefndarinnar um þessa nefndarskipan, fullkomlega samþykkur, en ég vildi aðeins í leiðinni koma inn á þá ósk Vestmanneyinga, að á meðan ekki hefur fengizt viðunandi frambúðarlausn á samgöngumálum Eyjabúa, þá verði Herjólfur látinn fara sem flestar ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, a. m. k. á þeim árstíma, sem það er talið fært vegna veðurs, sem sagt að vor- og sumarlagi. Vestmanneyingar hafa margsinnis ítrekað þetta erindi og hafa nýverið sent útskriftir af samþykktum varðandi þetta mál. Í því tilefni vildi ég beina því til hæstv. samgrh., að hann hlutaðist til um, að Þorlákshafnarferðir verði hafnar sem fyrst með vorinu og haldið til hausts.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þessi till., sem hér var til umr. fyrir alllöngu í vetur, hefur nú sætt gagngerðri meðferð í hv. fjvn. og er nú hér aftur í mjög breyttri mynd. Ég skal taka það strax fram, að ég get vel fellt mig við þessa afgreiðslu á till., að samgrn. fái það verkefni að skipa fimm manna nefnd, sem fjalli um, með hvaða hætti samgöngur við Vestmannaeyjar verði bezt tryggðar, og er þá ekki óeðlilegt, að nefnd, sem slíku verkefni á að sinna, sé skipuð með þeim hætti, sem hv. fjvn. leggur til, að þar séu fulltrúar frá bæjarstjórn Vestmannaeyja, frá Skipaútgerð ríkisins, sem annast gildan þátt þessara samgöngumála, og einnig fulltrúi frá flugmálastjórn og að formaður nefndarinnar sé frá samgrn., sem samvinnu hafi við þessa aðila. Ég get þannig vel fellt mig við afgreiðslu fjvn. á málinu. Hins vegar var till. upphaflega í allt öðru formi, og ég lét það strax í ljós í vetur, að fyrsti liður hennar ætti lítið erindi inn á Alþ., en hann var um það að fela Skipaútgerðinni að semja ferðaáætlun til einnar hafnar á landinu. Ef svo ætti að vera, að flutt væru þingmál um samningu ferðaáætlana á hinar ýmsu hafnir, þá væri þar um mál að ræða, sem hægt væri að leysa utan þings.

Eins og málið blasir við, hef ég sem sé ekkert við till. um afgreiðslu málsins að athuga. En um till. urðu upphaflega miklar umr., og margir hv. þm. tóku til máls, þ. á m. 2. flm. till., hv. 5. þm. Sunnl., sem hér lauk máli sínu rétt áðan. Í ræðu sinni, sem var jómfrúræða hans, fór hann mjög hörðum orðum og óviðurkvæmilegum um starfsfólk samgrn. í sambandi við þetta mál, og kemst ég ekki hjá því að mótmæla þeim ásökunum og aðdróttunum, sem þá voru bornar fram í garð þessa

fólks, sem hér hefur enga aðstöðu til þess að bera af sér sakir. Ég hlýt því að gera það fyrir þess hönd og skýra frá málsatvikum.

Í þessari ræðu nefndi þm. starfsmenn rn. skrifstofublækur, sem teldu sig þess umkomna að stinga áríðandi bréfum undir stól. Nokkur fleiri ærumeiðandi ummæli voru í ræðu þm. um þetta starfsfólk rn., þar sem talað var um menn í kerfinu, sem ekki hreyfðu sig nema undan þrýstingi að ofan, hversu mjög sem á þá væri gengið af þeim, sem þjónustunnar ættu að njóta. Hér var fólk sakað um það í rn. að hafa stungið áríðandi bréfi undir stól, og hvað er hæft í því? Bréfið, sem starfsmenn rn. áttu að hafa stungið undir stól, er myndrit af endurriti úr fundargerð bæjarráðs Vestmannaeyja, dags. 19. sept. 1971. Endurritið var dags. 21. sept. 1971, óundirritað, en frumrit þess, sem rn. barst ekki, — það var eingöngu ljósrit af þessari bókun hjá bæjarstjórn Vestmannaeyja, sem okkur barst, — var staðfest af bæjarritara. Engin grg. eða nokkur skýring fylgdi þessu ljósriti af samþykktinni og ekkert bréf til rn. Neðan á þessu plaggi stóð, að samrit af þessu hefði verið sent Skipaútgerð ríkisins. Nokkrum dögum eftir að við höfðum móttekið þetta myndrit skrifuðum við í rn. Skipaútgerð ríkisins og báðum um umsögn Skipaútgerðarinnar um málið. Svona liggur þetta fyrir. (**Gripið fram í:** Hvað sagði Skipaútgerðin?) Skipaútgerðin sendi umsögn um málið, og ég hygg, að hún hafi m. a. farið til fjvn.

Ég fæ ekki séð, að starfsfólk samgrn. sé í neinni sök í þessu máli, og mótmæli þess vegna þeim ærumeiðingum, sem þetta fjarstadda fólk varð fyrir. Ég tel það alveg óviðurkvæmilegt að draga hér inn í umr. á hv. Alþ. fjarstatt fólk, þar sem það hefur enga möguleika á að bera af sér sakir, og allra helzt mega sakirnar þá ekki vera ósannar og tilefnislausar með öllu.

Staðreyndir þessa máls eru þessar, og þær eru næsta einfaldar:

1. Það hefur ekkert bréf komið, sem kallazt getur því nafni, til samgrn. um þetta mál.

2. Myndritinu frá 21. sept. 1971 var alls ekki stungið undir stól.

3. Enda þótt sjálfsagt hafi þótt að hafa tíðar ferðir s. l. sumar milli Eyja og Þorlákshafnar vegna bifreiðaflutninga, gildir ekki það sama á vetrum, og ferðirnar milli lands og Eyja eru sannarlega í athugun hjá rn. En þessum sumarferðum var haldið áfram fram í des., og ég heyrði það nú á ræðu hv. þm., að hann telur ekki auðvelt að koma við vetrarferðum milli Eyja og Þorlákshafnar, enda er það næstum ógerningur. Málið var auk þess rætt af mér persónulega við hafnarstjórann í Þorlákshöfn, sem upplýsti ásamt öðrum, sem þá voru þar viðstaddir, m. a. ýmsir þm. Sunnl., að það væru slík ofurþrengsli í höfninni í Þorlákshöfn á vertíðinni, að það væri mjög mikið vandamál að koma þeim fiskibátum fyrir, sem eiga að njóta skjóls og starfsaðstöðu í höfninni. Taldi hann því mjög erfitt um vik að ætla Vestmannaeyjaskipinu pláss í höfninni, a. m. k. yfir vetrarmánuðina, og kemur þó fleira þar til, veðrátta og annað.

Ég tel, að málið sé sjálft fyllilega þess virði, að það sé athugað af fulltrúum Vestmanneyinga, Skipaútgerðar, flugmálastjórnar og samgrn., og í þeim farvegi er málið nú. En ég komst ekki hjá að bera blak af starfsfólki rn. að því er þetta mál snertir, sem ég tel algerlega ómaklega hafa orðið fyrir ærumeiðingum og árásum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu á þeirri þáltill., sem við þm. Sunnl. fluttum hér í upphafi þings í haust og er á þskj. 12. Að sjálfsögðu hefði ég, og ég geri ráð fyrir við allir, kosið það, að till. hefði verið samþ. eins og hún var borin fram, en ég tel þó, að samþykkt fjvn., ef hún verður hér staðfest, sé það næstbezta, sem ég a. m. k. hefði getað kosið í málinu, því að þetta verður til þess, að að þessu máli verður unnið af hálfu Alþ., og ég vona og þykist vita, að í þeirri nefnd, sem lagt er til, að kosin verði, verði kannaðar allar þær leiðir, sem til úrbóta mega verða í sambandi við samgöngumál Vestmanneyinga.

Ég ætla ekki að fara að rekja málið neitt efnislega. Þetta mál hefur verið rætt allítarlega, bæði þegar það var hér til 1. umr. og einnig áður. En í sambandi við það, sem hæstv. samgrh. sagði um fyrsta lið till., þó að það skipti ekki máli lengur, hvernig hann var orðaður, þá var að mínum dómi og okkar dómi mjög eðlilegt, að hann væri í till., eins og hann var. Það hafði skeð í ársbyrjun 1970, að þáv. samgrh. hafði gefið Skipaútgerð ríkisins fyrirmæli um það eftir beiðni Vestmanneyinga, hvernig sumarferðum Herjólfs skyldi hagað. Hann hafði skipað nefnd manna í héraði til þess að gera till. um þetta mál og staðfesti síðan við Skipaútgerðina með bréfi, að hann legði til, að þannig yrði áætlun skipsins hagað yfir sumarmánuðina 1971. Þessi nefnd var leyst upp síðari hluta árs 1971, og var því eðlilegt, að hér kæmi fram á hinu háa Alþingi ítrekuð ósk okkar um það, að ferðum skipsins yrði yfir sumarmánuðina hagað eins og áður hafði verið, sem að okkar dómi hafði gefizt mjög vel, hafði leyst þetta mál að dómi Vestmanneyinga sjálfra eins og hægt var að gera bezt með því skipi, sem fyrir hendi var, þ. e. að láta það sigla fimm daga vikunnar milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar með farþega og bifreiðar og annan þann flutning, sem til fellur, og eina ferð milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja með vöruflutninga fyrst og fremst. Það sýndi sig, að skipið annaði þessum vöruflutningum með því að Skipaútgerðin hafði tvö önnur skip, Esju og Heklu, til þess að lesta að nokkru leyti einnig til Eyja í hringferð þeirra í kringum landið, þannig að við töldum, að eins og skipakosti Skipaútgerðar ríkisins var háttað, þá hefði málið verið leyst á þann bezta veg, sem hægt var, miðað við aðstæður.

Um vetrarferðir Herjólfs vil ég segja það, að auðvitað gera Vestmanneyingar sér það ekki síður ljóst en aðrir og kannske enn frekar ljóst en flestir aðrir, að á þeim eru margir annmarkar. Það er hafnaraðstaðan í Þorlákshöfn, aðallega vegna veðra. Ég fellst ekki á það, sem hér kom fram, að bryggjuplássið í Þorlákshöfn þurfi að standa í vegi fyrir því, að skipið komi þar einnig við á vetrarvertíð, ef veður annars leyfir. Það má mjög gjarnan haga ferðum skipsins þannig, að það þurfi ekki að stöðvast þar nema í 1—2 klukkutíma. Það getur verið þar, ef áætlun þess yrði hagað þannig, að það yrði þar um miðjan daginn, þegar flestir bátar eru á sjó, kannske allir bátar eru á sjó, ef annars er hægt að afgreiða Herjólf í höfninni vegna veðurs, þannig að

þrengsli í höfninni þurfa ekki að hindra ferðir skipsins yfir vetrarmánuðina.

En það er óþarfi að vera að ræða þetta hér. Ef sú nefnd, sem fjvn. hefur gert till. um, verður skipuð, þá er þetta auðvitað eitt af þeim atriðum, sem hún hlýtur að taka til athugunar og þá að meta, hvort hægt er að koma ferðum Herjólfs þannig fyrir, einnig yfir vetrarmánuðina, að nokkru leyti til þess að mæta þeim óskum, sem heima eru um það, að skipið verði nýtt til fullnustu í sambandi við siglingar milli Vestmannaeyja og meginlandsins.

Ég skal að lokum geta þess, að það liggur að mínum dómi alveg ljóst fyrir, að fjárhagslega var sú breyting, sem gerð var á áætlun skipsins vorið 1971, mjög hagstæð fyrir Skipaútgerðina. Það sýnir sig, að það hafa verið fluttir mun fleiri farþegar en áður hafði verið. Það hafa verið fluttar mun fleiri bifreiðar með skipinu þessa mánuði, sem skipið gekk milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, og það hefur einnig verið flutt aðeins meira vörumagn með skipinu þennan tíma, þannig að það liggur alveg ljóst fyrir, að fjárhagsafkoma skipsins hlaut að verða betri en áður hafði verið, auk þess sem það liggur einnig ljóst fyrir, að sigling skipsins er aðeins styttri, það siglir styttri vegalengd með því að fara fimm ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og eina ferð milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur en ef það siglir þrjár ferðir, eins og áður var, milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Ég tel því, að það sé ekki nokkur vafi á því, að það hafi einnig orðið fjárhagslega hagstætt fyrir Skipaútgerðina að haga ferðum skipsins þannig, auk þess sem er aðalatriðið fyrir okkur a. m. k., að samgöngumál Vestmanneyinga urðu í mun betra lagi en þau hafa nokkurn tíma verið áður þann tíma, sem skipið annaðist þessar ferðir á þann hátt og eftir þeirri áætlun, sem tekin var upp vorið 1971.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. flutti hér býsna hvassyrta árásarræðu á mig persónulega í sambandi við mína jómfrúræðu. Ég vona, að ef hann fær af henni afrit og les hana yfir, þá skilji hann, hvað ég var að fara. Ég talaði um þessa herra í kerfinu, sem ég nefndi þessu óviðurkvæmilega nafni að hans dómi, og skal vel viðurkenna, að ég hef kannske tekið heldur hvasst til orða, og vildi þá reyna að draga úr því núna, fyrst hæstv. ráðh. Hannibal Valdimarsson er orðinn málsvari þeirra, sem vilja vera mjúkmálir, en manni hefur ekki alltaf heyrzt, að hann hafi reynt að forðast það að vera hvassyrtur sjálfur á sínum stjórnmálaferli. Ég talaði um, að þeir svöruðu ekki bréfum. Þó að hæstv. ráðh. virðist afar hörundsár varðandi orðalag minnar jómfrúræðu, finnst mér eðli málsins samkv. óhætt, að jómfrúræður séu eitthvað, sem eftir er tekið. Hvort sem þetta hefur verið ærumeiðandi eða eitthvað í þá átt, þá er staðreyndin hins vegar sú, að einhvers staðar stoppaði þetta erindi á leiðinni. Við Vestmanneyingar fengum a. m. k. ekkert svar við þessu erindi okkar.

Hann gerði býsna mikinn greinarmun á því, hvort um formlegt bréf var að ræða eða jafnvel endurrit af endurriti. Það finnst mér ekki skipta nokkru máli. Aðalatriðið er auðvitað það, hvort efni endurritsins, bréfsins eða hvað á að kalla það kemst til skila og hvort þessir herramenn hafa getað lesið það, skilið það. Aðalatriðið er ekki, hvernig formið var.

Það, að þessar ásakanir hafi verið ósannar eða tilefnislausar með öllu, eins og hann segir, er að mínum dómi ekki rétt, því að við fengum ekki svar, eins og ég var búinn að segja áðan.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að ég hefði með orðum mínum áðan viðurkennt, að vetrarferðir væru ekki heppilegar milli Vestmannaeyja og lands. Við Vestmanneyingar og ekki sízt þeir, sem hafa stundað sjó á þessu hafsvæði, eins og ég hef gert í fjöldamörg ár, vitum ósköp vel, að það er ekki hægt að fara þarna á hverjum degi. Því hamlar veður. En hins vegar er alls ekki loku fyrir það skotið, að það sé hægt að fara þarna fjölmarga daga yfir vetrarmánuðina.

Hæstv. ráðh. bar fyrir sig þrengsli í höfninni í Þorlákshöfn. Það er mikið rétt. Þar eru mikil þrengsli, allt of margir bátar og áríðandi, að höfnin í Þorlákshöfn verði bætt og það sem fyrst. Hv. 3. þm. Sunnl. var búinn að svara þessu atriði hjá ráðh., en ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða það, að það sé hægt að stilla inn tíma, hvenær Herjólfur þarf að koma til Þorlákshafnar á þessum árstíma. Menn vita það ósköp vel, að í verstöð eins og Þorlákshöfn er um netabáta að ræða í flestum tilfellum, og þeir koma ekki að fyrr en seinnipart dags og jafnvel ekki fyrr en á kvöldin. En ég er ekki eins viss um það, að Skipaútgerð ríkisins eða yfirstjórn hennar takist að stilla yfirleitt nokkurn tíma á heppilegar aðstæður.

Ég tók ekki eftir beinu svari hæstv. ráðh. við þeim tilmælum, sem ég beindi til hans áðan, enda geri ég ráð fyrir af velviljuðum tóni í ræðu hans, að hann taki málið til vinsamlegrar athugunar. Ég nenni hins vegar ekki að fara að munnhöggvast við ráðh. Ég er á móti því yfirleitt að hleypa mönnum upp í málum, sem þeir virðast vera eitthvað viðkvæmir fyrir. Aðalatriðið er hins vegar, að góð lausn fáist á samgöngumálum Vestmanneyinga, en ekki form bréfa eða rifrildi um málið.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér þótti það einsýnt, að hv. 5. þm. Sunnl. ætti erindi í ræðustól eftir það, sem ég hafði sagt, en mér fannst erindið alveg sjálfgefið, að það hlyti að verða eitt og aðeins eitt, nefnilega það að biðjast afsökunar á því, sem hann hafði ofmælt í garð fjarstadds fólks. En það gerði hann ekki. Það erindi hefði hann átt.

Bæði hv. 5. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Sunnl. hafa borið á móti því, að þrengsli í Þorlákshöfn stæðu nokkuð í vegi fyrir því að vetrinum, að Herjólfur gæti fengið þar góða afgreiðslu. Þeim ber ekki saman um þetta við hafnarstjórann í Þorlákshöfn, og hygg ég, að hann þekki þó allt eins vel til þessara mála og þessir hv. þm. Það má vera, að það sé hægt fyrir áætlunarskip að koma þar í höfnina, þegar bátar eru á sjó, eins og þessir hv. þm. segja. En ég efa það, að hægt sé að stemma þetta svo saman, að Herjólfur komi þá aðeins að landi í Þorlákshöfn, þegar bátar eru á sjó. En þetta er þeirra kenning, og þeir um hana. (Gripið fram í.) Auk þess hafa þessir hv. þm. viðurkennt, og ég er þeim sammála um það, að oftlega eru veður þannig að vetrinum þarna, að það yrði ákaflega stopult, sem hægt yrði að afgreiða Herjólf þar í höfninni. Ég held því fram, að

það sé þess vegna bæði vegna veðra og þrengsla í höfninni að vetri til mjög torvelt að verða við óskum um það, að Herjólfur sigli þangað. Hitt skal ég taka fram, að ég tel vel hafa tekizt til um tilraunina með Þorlákshafnarferðir Herjólfs að sumrinu, og skal nú taka það skýrt fram, að ég mun stuðla að því, að Þorlákshafnarferðir Herjólfs verði teknar upp með vori og yfir sumarið. En það er vissulega eitt af þeim atriðum, sem falla undir verksvið þeirrar nefndar, sem nú verður sett í málið, og efast ég ekkert um, að fulltrúar Vestmanneyinga í nefndinni muni halda þeirri skoðun fram.

Að því hefur verið vikið af hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugi Gíslasyni, að það hafi orðið hagstæð útkoma af Þorlákshafnarferðum Herjólfs. Þessi staðhæfing kemur ekki heim og saman við niðurstöður bókhaldsins hjá Skipaútgerð ríkisins. Skipaútgerð ríkisins segir, að það hafi verið tap á rekstri Herjólfs og það hafi einnig verið tap á þessum sumarferðum hans. Vildi ég þó helzt, að þeir hefðu haft rétt fyrir sér í þessu og að það hefði verið gróði á þessum ferðum. En samt sem áður, ef það er ekki meiri halli á þeim en þegar skipið siglir til Reykjavíkur og meira hagræði fyrir fólkið í Vestmannaeyjum með því að haga ferðunum þannig að sumrinu, þá ber auðvitað að halda þeim ferðum áfram.

Varðandi það, sem ég sagði um árás hv. 5. þm. Sunnl. á starfsmenn samgrn., sem ég taldi mér skylt að víta, þá var þetta nú svona. Nú sagði hv. þm.: Einhvers staðar hefur endurritið af fundargerðinni tafizt. En hann hafði ákveðið fólk fyrir sökum, sem ekki hafði valdið neinum töfum, auk þess sem það er augljóst mál, að samgrn. getur ekki talið það bréf til sín, þótt þangað sé kastað inn fyrir dyr endurriti, ljósriti af endurriti úr fundargerð Vestmannaeyjakaupstaðar. Og ekkert rn. mundi telja það vera bréf til sín. Samt sem áður var þessu sinnt og Skipaútgerð ríkisins beðin um umsögn um málið.

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið um þetta, en bíð þess, hvort hv. þm. hefur manndóm til þess að biðja afsökunar á því, sem hann hefur kastað að fjarstöddu fólki.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég vildi aðeins leiðrétta það hjá hæstv. samgrh., að ég hafi haldið því fram, að það hafi verið hagstæð afkoma hjá Herjólfi þennan tíma. Ég held, að ég hafi ekki tekið þannig til orða. (**Félmrh.:** Dálítið hagstæð, sagðir þú.) Það var þá hagstæðari, það var það, sem ég held, að ég hafi sagt, og það er það, sem ég meina. Þegar skipið á sama tíma flytur fleiri farþega, fleiri bifreiðar og heldur meira vörumagn og siglir styttri leið á einni viku, þá hlýtur afkoman að verða hagstæðari en hún var áður. Það var það, sem ég meinti. Og ég held, að ég hafi einnig sagt hagstæðari, en ekki hagstæð, því að reikninga Herjólfs hef ég skoðað, og eins og þeir liggja fyrir, þá er því miður einnig rekstrartap á því skipi, þó að það væri sjálfsagt mjög æskilegt, að það væri ekki.

Ég ætla ekki að fara að taka upp neinar kappræður um vetrarferðir Herjólfs í Þorlákshöfn. En sannleikurinn er sá, að það, sem hefur skort á í sambandi við þetta, er, að það hefur ekki fengizt nægjanleg samvinna milli Ríkisskips og ráðamanna í Vestmannaeyjum um að haga ferðum skipsins yfir vetrarmánuðina eftir aðstæðum, sem væru fyrir hendi hvert sinn. Það skapast oft þær aðstæður, að það er ekki flugveður svo og svo lengi. Það safnast fyrir hópur af fólki, sem þarf að komast til Reykjavíkur, og við höfum þá mjög oft óskað eftir því, að í staðinn fyrir að láta skipið sigla með allan hópinn kannske í misjöfnu veðri fyrir Reykjanes og til Reykjavíkur í 10 tíma, þá yrði það látið koma við í Þorlákshöfn og skila farþegunum þar og héldi síðan áfram til Reykjavíkur. Ég skal viðurkenna, að í sumum tilfellum, sérstaklega þegar um hóp skólabarna hefur verið að ræða, þá hefur þetta verið gert. En því miður hefur ekki verið nægjanleg samstaða um það að haga ferðunum eins og við teljum heppilegast fyrir það fólk, sem þarf að ferðast á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, ef annars er aðstaða til þess varðandi veður og fyrirgreiðslu í Þorlákshöfn. Og auðvitað eru það góð rök, að hafnarstjórinn í Þorlákshöfn hljóti að vera kunnugri aðstæðum þar en við úti í Eyjum, en við erum orðnir þeim sæmilega kunnugir. Við erum búnir að fara það marga tugi af ferðum og þekkjum ákaflega vel aðstæður þar, og ef það er bara samvinna á milli allra þessara aðila, þá er hægt að leysa málið mun betur að okkar dómi en hefur verið gert hingað til. Það, sem ég vona, að leiði af starfi þeirrar nefndar, sem nú stendur til að skipa í málið, er, að meiri samstaða og samvinna skapist á milli þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, því að það er öllum fyrir beztu, að svo verði.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð, því að það er víst betra að hafa þau ekki of mörg og sízt of hvöss. Ég tók það skýrt fram áðan, að ég ætlaði ekki og nennti ekki að fara að munnhöggvast við hæstv. ráðh. Ég ætla ekki heldur að gera það.

Hvað varðar manndóminn er sem betur fer ekki svo komið enn, að ráðh. geti sagt þm. fyrir um það, hvað þeir eigi að segja hér í stólnum, og ég læt hæstv. samgrh. ekkert segja mér fyrir verkum í því efni.

ATKVGR.
Brtt. 501 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 589).

17. Landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Á deildafundum 31. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu [152. mál] (A. 289).

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. og 39. fundi í Sþ., 8. og 17. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 289 till. til þál. um sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu. Það er nú svo, að þegar rætt hefur verið um landshlutaáætlanir undanfarið, þá hefur yfirleitt verið gert ráð fyrir, að landshlutaáætlun taki til heils landsfjórðungs eða kjördæmis, en í gildandi lögum, t. d. um Framkvæmdastofnun ríkisins, er þó orðið landshlutaáætlun ekki skýrt á þann hátt. Byggðaráætlun um sýslu er að sjálfsögðu landshlutaáætlun, þó að hún fjalli um minni landshluta en kjördæmisáætlun eða fjórðungsáætlun, en getur hins vegar fallið inn í stærri áætlanir, ef henta þykir. Ég vil taka það fram, að í þessari till. er átt við almenna framfaraáætlun fyrir hlutaðeigandi landshluta, en ekki takmarkaða áætlun um samgöngumál eða atvinnumál eingöngu, svo að dæmi séu nefnd. En till. er um það, að Framkvæmdastofnun ríkisins verði falið í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd, sveitarstjórnir og fjórðungssamband að gera sérstaka áætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu með það fyrir augum, að náttúrugæði þar í landi og í sjó nýtist sem bezt til eflingar atvinnulífi og byggð í héraðinu, enda verði áætlunin einnig látin taka til Norður-Múlasýslu norðan Smjörvatnsheiðar, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess. Ég vil taka það fram, að flutningur þessarar till. er í raun og veru eins konar framhald af héraðsmálafundi Norður-Þingeyinga, sem haldinn var á Kópaskeri 23. ágúst s. l. um ástand byggðarinnar í sýslunni og framtíð hennar. En á þessum fundi mættu m. a. tveir ráðh. úr núv. hæstv. ríkisstj. og nokkrir alþm. og varaþm.

Í Norður-Þingeyjarsýslu hefur í seinni tíð eða um 15 ára skeið byggð dregizt saman og fólki fækkað, ekki aðeins hlutfallslega miðað við fólksfjölgun í landinu í heild, heldur einnig beint í tölum talið. Árið 1957 mun íbúatala sýslunnar hafa komizt einna hæst og var þá tæplega 2000 eða 1996 samkv. manntali, en samkv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar 1. des. s. l. var hún þá komin niður í 1740. Er hér um nálægt 15% beina fólksfækkun að ræða í héraðinu á þessu tímabili. Á sama tíma varð í landinu í heild bein fólksfjölgun um nálega 24%. Athyglisvert er, að fólksfækkunin í héraðinu hefur ekki aðeins orðið í sveitum þess, heldur einnig sjávarþorpum. Ástæður til þessarar neikvæðu þróunar eru að sjálfsögðu að sumu leyti almenns eðlis, eins og t. d. aðdráttarafl höfuðborgarinnar, sem víða gætir í landinu, en sérástæður eru hér einnig til staðar, t. d. síldarleysið, sem kemur hart við Raufarhöfn og raunar einnig við Þórshöfn, túnkal í sveitum ár eftir ár, örðugar samgöngur á Norðausturlandi, neyðarástand í heilbrigðismálum og óvissa um framtíð skólamála í héraðinu. Í þessu héraði er þó á margan hátt lífvænlegt og drjúgir möguleikar til hagnýtingar náttúruauðæfa, ef vel er að gáð, og óhætt er að segja, að þar búi dugandi og þrautseigt fólk. Norður-Þingeyjarsýsla er ein hin víðlendasta, ef ekki víðlendust, af sýslum landsins, ef saman er talin byggðin sjálf og meira eða minna gróin heiðalönd svo víðáttumikil og gjöful miðað við búfjárfjöldann, sem þar gengur, að nærri liggur, að ofbeitarhugtakið verði broslegt þar um slóðir. En það má minna á fleira, eins og fjölsóttar fiskislóðir margra þjóða um aldir við Sléttu og Langanes, uppeldisstöðvar ungfisks í Þistilfirði, laxár margar og önnur veiðivötn, ræktunarskilyrði rúm á flestum jörðum, rek á fjörum og æðarvörp allmörg, jarðhitavott á nokkrum stöðum, sem betur mætti kanna, að ógleymdri orku fallvatna, stórra og smárra, í héraðinu og sjálfum Dettifossi, þar sem trúlega mætti framkvæma hagstæðustu stórvirkjun hér á landi, án þess að nokkru væri spillt eða neinum mein að. Og í sambandi við ferðamannaþjónustu, sem nú er mjög umrædd sem atvinnugrein, kemur þetta hérað vissulega til greina öðrum fremur. Þar eru nokkrir sérkennilegustu og fegurstu staðir á landinu.

Ég hef nefnt þetta tvennt, hina neikvæðu þróun, sem verið hefur í héraðinu undanfarin 15 ár, sem fram kemur í þeim tölum, sem ég nefndi, að fólkinu hefur beinlínis fækkað um 15% á þessum tíma eða um meira en 250 manns, og hins vegar hef ég leyft mér að minna á það, að þetta er ekki vegna þess, að af náttúrunnar hendi séu ekki skilyrði til þess að byggð eflist þar, það er önnur ástæða, sem þar er fyrir hendi. Ég tel, að það sé óhjákvæmilegt, og ég held, að margir hafi verið þeirrar skoðunar á þeim héraðsmálafundi, sem ég nefndi hér áðan, að það sé óhjákvæmilegt, að hér verði tekið til athugunar, hvað gera mætti til þess að efla þessa byggð. Því legg ég til, að Framkvæmdastofnun ríkisins verði falið að gera þessa áætlun um þetta hérað í samráði við þá aðila, sem hér eru nánar tilgreindir.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn., en þangað hefur slíku máli áður verið vísað á þessu þingi.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 289, n. 534).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar þáltill. á þskj. 289. N. hefur leitað umsagnar ýmissa aðila um till. og fengið umsagnir frá flestum þeim, sem spurðir hafa verið, og að athuguðu máli leggur hún til, að till. verði samþ. með lítils háttar breytingu, sem tilgreind er í nál. á þskj. 534.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Brtt. 534 samþ. með 36 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 633).

18. Námsbækur framhaldsskólanemenda.

Á deildafundum 3. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um námsbækur framhaldsskólanemenda [163. mál] (A. 310).

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39., 40., 41. og 43. fundi í Sþ., 17., 22., 24. og 29. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Á þskj. 310 er till. til þál. um námsbækur framhaldsskólanemenda, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að nauðsynlegar kennslubækur, innlendar og erlendar, sem notaðar eru á hverjum tíma vegna náms í framhaldsskólum, séu jafnan á boðstólum í verzlunum, en talsvert skortir á, að svo hafi verið, svo að fullnægjandi geti talizt. Enn fremur verði athugað, hvort unnt sé að auka útgáfu íslenzkra kennslubóka og á þann hátt draga úr notkun erlendra bóka, einkum í menntaskólum og Háskóla Íslands. Í þessu sambandi kemur til álita, hvort nauðsynlegt sé að fela Ríkisútgáfu námsbóka forgöngu í þessum efnum. Þá verði kannað, hvernig háttað er verðlagningu erlendra kennslubóka í verzlunum með það fyrir augum að tryggja, að þær séu á boðstólum á hóflegu verði."

Þannig hljóðar till. Þessi þáltill. fjallar þannig um þrennt:

1. Um aðgerðir til að tryggja nauðsynlegt framboð af kennslubókum fyrir framhaldsskólanemendur.

2. Um athugun á möguleikum til aukinnar útgáfu íslenzkra kennslubóka fyrir framhaldsskólanemendur til að draga þannig úr notkun erlendra námsbóka.

3. Um verðlagningu erlendra kennslubóka í verzlunum og um nauðsyn ráðstafana til að tryggja, að þær séu á boðstólum á hóflegu verði.

Varðandi fyrsta atriðið skal þetta tekið fram: Svo sem fram kemur í grg. með till., hafa nemendur átt í erfiðleikum með að afla nauðsynlegra, erlendra kennslubóka, sem notaðar eru við nám í framhaldsskólum. Af þeim sökum hafa fjölmargir þeirra orðið að stunda skólanám sitt um lengri tíma án kennslubóka. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hversu slíkt er óviðunandi fyrir þá, sem hlut eiga að máli, nemendur og kennara fyrst og fremst. Það er því nauðsynlegt að kanna, hvaða orsakir liggja hér að baki, og gera síðan ráðstafanir til úrbóta.

Í fljótu bragði mætti ætla, að orsakanna sé að leita í því, að bókainnflytjendur hafi ekki sýnt nægа fyrirhyggju við námsbókainnkaup erlendis frá nógu tímanlega á haustin, en ég vil taka það skýrt fram í þessu sambandi, að alls ekki er víst, að það sé aðalorsökin fyrir þessu ófremdarástandi, eftir þeim upplýsingum, sem mér hefur tekizt að afla. Það er nefnilega hugsanlegt, að þeir aðilar, sem ákveða notkun kennslubóka í framhaldsskólum, eigi hér hlut að máli að einhverju leyti. Hjá þeim þurfa bóksalar að fá upplýsingar á sumrin um þær bækur, sem framhaldsskólarnir hyggjast leggja til grundvallar við kennslu á næsta skólaári. Og þess vegna er ástæða til að spyrja: Hafa slíkar upplýsingar legið fyrir það tímanlega, að bóksalar hafi þess vegna getað haft erlendar námsbækur á boðstólum tímanlega á haustin? Það er þess vegna vissulega atriði, sem þarf að rannsaka, og gera síðan þær ráðstafanir í þessum efnum, sem gagn er að og duga til úrbóta.

Á það er bent í þáltill., að til álita komi að fela Ríkisútgáfu námsbóka afskipti af þessu máli. En þar er einungis um að ræða ábendingu til þeirra aðila, sem ríkisstj. fæli að athuga þetta mál, ef till. nær fram að ganga, því að aðalatriðið er að sjálfsögðu, að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir, sem tryggja framhaldsskólanemendum nauðsynlegan námsbókakost á hverjum tíma.

Um annað atriði till. vildi ég segja það fyrst, að þær skoðanir hafa verið uppi meðal framhaldsskólanemenda, einkum hjá stúdentum við nám í Háskóla Íslands, að erlendar námsbækur séu notaðar þar og í ýmsum öðrum framhaldsskólum miklum mun meira en eðlilegt geti talizt. Vel sé kleift að þeirra dómi að auka útgáfu íslenzkra námsbóka í mörgum greinum og draga úr notkun erlendra frá því, sem nú er, ef vilji og áhugi sé fyrir hendi hjá þeim, sem því eigi að sinna. Að sjálfsögðu er það augljóst mál, að ekki verður komizt hjá því að nota erlendar kennslubækur í þessum skólum að einhverju leyti. En vissir hérlendir aðilar hafa þær skyldur á herðum að sjá um og annast samningu íslenzkra kennslubóka fyrir framhaldsskóla, eins og t. d. kennarar í Háskóla Íslands. Hvort þeir hafa gert það að því marki, sem eðlilegt má teljast, skal ég ekki fullyrða um. Til þess skortir mig kunnugleika. Hitt er staðreynd, að margir stúdentar við nám í Háskóla Íslands eru þeirrar skoðunar, að töluvert skorti á í ýmsum greinum, að svo sé.

Í þessari þáltill. er einnig lagt til, að athugað verði, hvort unnt sé að auka útgáfu íslenzkra kennslubóka og á þann hátt draga úr notkun erlendra, einkum í menntaskólum og Háskóla Íslands, eins og ég hef hér nokkuð drepið á, og í því efni einnig bent á Ríkisútgáfu námsbóka sem hugsanlegan aðila, sem gæti haft einhvers konar forgöngu að þessu leyti. Það kann að vera, að mönnum finnist óeðlilegt, að sú stofnun hafi afskipti eða forustuhlutverk í námsbókaútgáfu vegna Háskóla Íslands, og það má vel vera, að svo sé. En það, sem mestu máli skiptir, eins og málum er nú háttað, er það til að byrja með, að látin verði fara fram könnun á því, hvort eðlilegt og sanngjarnt sé að ætlast til, að meira sé að gert en hingað til í því að semja og gefa út á íslenzku námsbækur til notkunar í framhaldsskólum. Leiði slík könnun í ljós, að svo sé, þarf að sjálfsögðu að gera tafarlausar ráðstafanir til nauðsynlegra framkvæmda í þeim efnum.

Varðandi það atriði í þáltill., sem hér er til umr. og snýr að verðlagi á erlendum kennslubókum í verzlunum, þá liggur það í hlutarins eðli, að kaupverð erlendra kennslubóka hlýtur að vera hátt miðað við verð annarra bóka, sem eru á boðstólum í verzlunum. Því veldur takmarkað upplag og sérfræðikunnátta, sem þarf til þess að semja þess háttar bækur. En það hefur vakið furðu margra, hversu þær hafa verið seldar hérlendis á misjafnlega háu verði eftir útsölustöðum. Þessi mál hafa verið til umr. og ofarlega á dagskrá á þingum menntaskólanema undanfarið. Þeir hafa haft á sínum vegum starfandi bóksölunefndir svo kallaðar í menntaskólunum hér í Reykjavík, sem reyna að sinna

því verkefni að útvega nemendum kennslubækur á sem lægstu verði. Þá hafa stúdentar við Háskóla Íslands rekið eigin bókasölu þar, og samkv. upplýsingum, sem fram komu á þingi Landssambands menntaskólanema s. l. haust, hefur sú bókasala boðið menntaskólanemum námsbækur til kaups á 30% lægra verði en aðrar bókaverzlanir. Bókasölustarfsemi menntaskólanema mun þó hafa átt við ýmsa erfiðleika að etja í þessum efnum, þar sem erlend bókaforlög, sem sækja þarf til, og Innkaupasamband bóksala hér virðast hafa þess konar sambönd sín á milli, að ekki er auðvelt fyrir samtök nemenda að komast milliliðalaust inn í slík viðskipti við hin erlendu bókaforlög.

Af því, sem ég hef hér drepið á, er fyllsta ástæða til, að það verði kannað, hvernig verðlagningu umræddra bóka er háttað. Raunverulegt verðlagseftirlit af hálfu hins opinbera á sér ekki stað varðandi þessar vörur, og er að mínum dómi fyllsta ástæða til þess, að það verði tekið upp með það fyrir augum að tryggja, að erlendar kennslubækur séu á boðstólum á hóflegu verði. Allir vita, að fjárráð framhaldsskólanemenda eru yfirleitt mjög af skornum skammti. Fjárútlát þeirra í sambandi við bókakaup eru tilfinnanleg, eins og menn vita, en sá kostnaður getur numið nærri 10 þús. kr. á vetri samkv. upplýsingum, sem fram komu um það efni á þingi menntaskólanemenda á s. l. hausti.

Herra forseti. Það er ótvíræð skylda ríkisvaldsins að mínum dómi að stuðla að því, eftir því sem frekast er unnt, að nemendur geti tileinkað sér sem allra bezt þá fræðslu, sem boðið er upp á í skólum landsins. Kennslubókaskortur í framhaldsskólum hefur vissulega torveldað, að þeir hafi getað haft fyllstu not af þeirri kennslu, sem kostuð er af almannafé. Þetta þarf að lagfæra. Það verður vart gert, nema forusta ríkisvaldsins komi til.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta að svo stöddu, en legg til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til allshn. til athugunar.

Inga Birna Jónsdóttir: Herra forseti. Mig langar til þess að fara nokkrum orðum um þessa þáltill., því að skipulagning á námsbókaútgáfu framhaldsskólanema er brýnt nauðsynjamál. Þar ríkir nú það ástand, að nemendur þurfa að vera vellríkir á haustin til þess að geta staðið straum af námsbókakostnaði vetrarins. Ýmist er, að ekki nema hluti af hverri námsbók nýtist, ef sífellt er verið að skipta um bækur, án þess að þær fullnýtist, eða það, sem er nú enn þá verra, að sama kennslubókin er kennd ár eftir ár, þar til hún er orðin eins og draugur í stofnuninni eða lík í lestinni og hemill á allt skólaverkið. Það eru dæmi til þess, að 20—30 ára gamlar kennslubækur séu í umferð, vegna þess að annað er ekki til.

Þegar þessu er mótmælt og bent á úrelt og villandi atriði í tiltekinni kennslubók, þá er svarið venjulega það, að það sé svo dýrt að gefa út nýja bók, að þessi verði að duga örlítið lengur. Enginn opinber aðili hefur mér vitanlega með það að gera að gefa út kennslubækur fyrir framhaldsskólastigið, og sýnist mér óhjákvæmilegt, að þar verði breyting á hið fyrsta. Ríkisútgáfa námsbóka hefur með það að gera að gefa út námsbækur fyrir skyldunámsstigið, og mér sýnist það vera ærið nóg verkefni fyrir þá stofnun. Almenn bókaútgáfufyrirtæki verða skiljanlega að hafa ágóða af því að gefa út bók, en ríkisforlag er allt öðruvísi sett hvað það snertir. Og ég tel eðlilegast, að ríkið sjái um útgáfu allra íslenzkra kennslubóka, því að nám er starf í þágu þjóðarinnar, en ekki neyzla auglýstrar vöru. Menningarsjóður hefur áður gefið út doktorsritgerðir og fræðirit fyrir Háskóla Íslands, og er hugsanlegt í framhaldi af því að fela Menntamálaráði að skipuleggja kennslubókaútgáfu. Hins vegar lízt mér ekki síður á þá hugmynd, að í fyrirhugaðri þjóðarbókhlöðu verði gert ráð fyrir forlagi. Ég efast ekki um fulla þörf á slíku forlagi og vona, að það hafi verið tekið með í reikninginn í undirbúningi að byggingu hennar. Vegna þess hve framhaldsskólastigið er sérhæft og greinist eftir vísindum og tækni og atvinnu þjóðarinnar, á kennslubókaútgáfa í sambandi við það fremur samstöðu með útgáfu fyrir Háskólann en útgáfu skyldunámsins, þ. e. Ríkisútgáfu námsbóka. Þetta er nokkuð, sem þarf að skipuleggja frá rótum, og ég bið nm., sem væntanlega fá þessa till. til athugunar, að skoða þessar hugmyndir jafnhliða öðrum.

Hinn þáttur þáltill. er ekki síður mikilvægur, því að þegar nemendur kvarta undan því, hvað erlendar bækur, sem þeir kaupa, séu dýrar, skólabækur eða kennslubækur, þá liggur beinast við, eins og flm. nefndi hér áðan, að benda þeim á bóksölu stúdenta sem dæmi um það, hvernig lítið nemendasamfélag getur sparað mikið fé með dálítilli hagsýni og viðskiptaviti. Þetta hefur verið reynt í framhaldsskólunum. Hann nefndi menntaskólana sem dæmi, en það hefur ekki gefizt of vel. Þar er tímaseta löng og heimanám mikið og félagslíf. Það er því ólíklegt, að framhaldsskólanemendur á menntaskólastiginu eða sambærilegum stigum hafi tíma til að sinna rekstri bóksölu. Ég tel nauðsynlegt, að sett sé á laggirnar einhvers konar bóksölumiðstöð framhaldsskólanna, sem annist innlend og erlend viðskipti, eins og bóksala stúdenta í Háskóla Íslands gerir með mjög góðum árangri. Í slíkri bóksölumiðstöð gætu nemendur einnig verzlað með notaðar bækur, og það má hugsa sér að fá t. d. skólabók leigða, rétt eins og á safni. Slík verzlun þarf að vera rekin á þeim grundvelli, að hagnaður verði sem minnstur og tap ekkert.

Ég vona, að þessar hugmyndir komist til skila, ef málið verður skoðað ofan í kjölinn út frá þessari þáltill., sem hér liggur frammi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af till. þessari. Ég vil eindregið taka undir hana og tel hana hina þörfustu. Það er ábyggilega vægt til orða tekið, að námsbókamál framhaldsskólanema sé í ólestri og þar reki sig hvað á annars horn. Einn þáttur þessa máls er, eins og áður hefur verið drepið á, hinar erlendu kennslubækur, sem áreiðanlega fá sinn verðuga skammt af tollum og álagningu, og þó er skortur innlendra kennslubóka, góðra kennslubóka, kannske tilfinnanlegastur.

Án þess að ég ætli að fara að ræða málið hér almennt vildi ég mega víkja að því atriði till., sem snertir mögulegan hlut Ríkisútgáfu námsbóka í að leysa þennan vanda. Það fer víst ekki á milli mála, að sú stofnun er

allumdeild. Margir telja hvað eina, sem þar er gert, frekar til ills en hitt, og margar óréttmætar ásakanir hafa komið fram í hennar garð. Ég vil ekki kveða upp neinn allsherjardóm yfir Ríkisútgáfu námsbóka, þó að ég sé vel kunnugur hennar starfsemi og útgáfu. En þrátt fyrir ýmis mistök frá hendi útgáfunnar hygg ég, að þar hafi margt verið vel gert. Það megi segja það, einkum hin síðustu ár. Það hefur líka komið glögglega í ljós, að mikill meiri hluti íslenzkra skólamanna, sem kenna við skyldunámsstig, vill efla og bæta útgáfustarfsemina hjá stofnuninni, en ekki leggja hana niður, eins og stundum hafa komið fram raddir um. Ég held, að fjármagnsþörf Ríkisútgáfunnar hafi verið allt of þröngur stakkur skorinn til þess, að hún geti rækt sitt hlutverk af fullri reisn. Til marks um þetta má nefna það, að ýmsar bækur útgáfunnar hafa hin síðustu ár, ég vil segja ýmsar þær beztu, ekki verið látnar skólunum í té endurgjaldslaust, skyldunámsskólunum, þó að kjörin hafi að vísu verið sanngjörn, og fjárvana skólar hafa þess vegna alls ekki notið þessara bóka. Ég held nú líka, að útgáfuna skorti um margt nauðsynlegt aðhald. Slíkt aðhald ætti t. d. að útiloka kennslubókaútgáfu, sem væri í einhverju misheppnuð. Þetta aðhald hlýtur menntmrn. sjálft að hafa í sínum höndum. Samning kennslubóka hefur oft verið hrein ígripavinna og þar held ég, að þyrftu að koma til skipulögð vinnubrögð, þar sem jafnframt væri tryggt, að höfundum væri tryggt sómasamlegt gjald fyrir vel unnið verk. Á þetta held ég, að hafi einnig skort og ástæðan verið sögð ónóg fjárhagsgeta, og ég hygg, að í því sé töluverður sannleikur. Samkeppni um gerð kennslubóka í ákveðinni grein kæmi mjög vel til álita, og ef vel væri þar að staðið, léti árangurinn ekki á sér standa, auk þess sem möguleikar á fjölbreytni í kennslubókavali yrðu þá meiri, en það hefur mjög skort á skyldunámsstiginu.

Sú gagnrýni, sem ég hef komið hér fram með, eða þær ábendingar í garð Ríkisútgáfu námsbóka, má ekki skoðast sem andstaða við aukið starf eða verksvið hennar. Þvert á móti. Með vissum lagfæringum í rekstri hennar og útgáfu og auknu fjármagni teldi ég það fyllilega eiga rétt á sér að fela henni kennslubókaútgáfu, a. m. k. til gagnfræðaprófs og landsprófs með núgildandi skipulagi, enda yrðu þær kennslubækur þá látnar nemendum í té án endurgjalds alveg til þess prófs.

Á hitt vildi ég leggja áherzlu, og það var raunar aðalerindið hér í ræðustól, að áður en Ríkisútgáfan tæki eitthvert aukið hlutverk að sér, þá yrði til þess séð, að námsbókaútgáfunni á skyldunámsstiginu yrði komið í eins gott horf og mögulegt væri. Ég sagði það áður, að ótvíræð framför hefði orðið í námsbókaútgáfu síðari ár, einkum hvað snertir lestrar- og móðurmálskennslu í barnaskólunum og margt hvað unglingastigið áhrærir varðandi tungumálin. Þar þarf að halda áfram og gera enn betur, að því tryggðu, að vel væri séð fyrir útgáfunni við skyldunámsstigið. Vildi ég láta fara fram gaumgæfilega athugun á því, sem á er minnzt í till., hvort ekki væri tiltækt að fela Ríkisútgáfunni aukin verkefni, a. m. k. til landsprófs og gagnfræðaprófs. En annar aðili tæki þá við, eins og hér hefur verið bent á, og sinnti þörfum þeirra nemenda, sem fást við langskólanám, þar sem tryggt væri, að hvorki handahóf eða óhóflegur kostnaður yrði nemendum til baga.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar, en ég er ekki frá því að endurskoða þyrfti í heild lögin um Ríkisútgáfu námsbóka, ef á þann hátt mætti gera hana að bæði öflugra og virkara tæki til aukinnar og bættrar kennslubókaútgáfu og eins til útgáfu eða útvegunar annarra þeirra kennslugagna, sem talin eru nauðsyn í skólum nútímans.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 310, n. 583).

Frsm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 310, um námsbækur framhaldsskólanemenda. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að nauðsynlegar kennslubækur, innlendar og erlendar, sem notaðar eru á hverjum tíma vegna náms í framhaldsskólum, séu jafnan á boðstólum í verzlunum, en talsvert skortir á, að svo hafi verið, svo að fullnægjandi geti talizt. Enn fremur verði athugað, hvort unnt sé að auka útgáfu íslenzkra kennslubóka og á þann hátt draga úr notkun erlendra bóka, einkum í menntaskólum og Háskóla Íslands. Í þessu sambandi kemur til álita, hvort nauðsynlegt sé að fela Ríkisútgáfu námsbóka forgöngu í þessum efnum. Þá verði kannað, hvernig háttað er verðlagningu erlendra kennslubóka í verzlunum með það fyrir augum að tryggja, að þær séu á boðstólum á hóflegu verði."

Þannig hljóðar þessi till. Allshn. leitaði umsagnar ýmissa aðila, sem þetta mál snertir, svo sem nemendasambands framhaldsskóla, rektora menntaskólanna og Háskóla Íslands og Innkaupasambands bóksala. Þessar umsagnir, sem n. bárust frá nefndum aðilum, voru yfirleitt jákvæðar varðandi tillöguna. M. a. með hliðsjón af þessum umsögnum leggur n. til, að þessi till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 671).

19. Rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rekstrarlán iðnfyrirtækja [78. mál] (A. 87).

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17., 18., 21. og 29. fundi í Sþ., 25. og 30. nóv., 7. des., 20. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Nokkru fyrir jólin var lögð hér á borðið hjá þm. skýrsla til ríkisstj. um málefni Slippstöðvarinnar h. f. á Akureyri. Í þessari skýrslu er m. a. vikið að lánamálum Slippstöðvarinnar, og segir þar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Langvarandi og þrúgandi fjárskortur hefur valdið mikilli óhagkvæmni í rekstri og haft slæm áhrif á starfsmenn. Verkfæri hefur ekki verið unnt að kaupa eða endurnýja, efni hefur vantað, þegar þess þurfti til að halda verki áfram með eðlilegum hætti og þá einatt vegna þess, að ekki var fé til að leysa efnið út. Ekki hefur verið lagt í lagfæringar með sameiningu lagera og vélsmiðja af sömu ástæðum, þótt veruleg hagkvæmni sé augljós. Nefndin telur vafalaust, að bein og óbein áhrif þessara atriða á rekstrarafkomu fyrirtækisins séu mjög mikil, þótt enginn vegur sé til að áætla, hversu stóran hlut þau eiga í vanda fyrirtækisins."

Þess vegna les ég upp þennan kafla úr skýrslunni um málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri, að hann á við um fjöldamörg iðnfyrirtæki önnur. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mörg iðnfyrirtæki hafa búið við mikinn rekstrarfjárskort á undanförnum árum, og það hefur líka sézt á ýmsum samþykktum, sem hafa komið frá samtökum iðnfyrirtækja, að þau hafa talið það eitt mesta vandamál iðnaðarins, hve illa hefur verið séð fyrir rekstrarlánum til hans. Af þeim ástæðum hefur það iðulega gerzt, eins og vikið er að hér í skýrslunni, að það hefur vantað efni til að halda áfram vinnu og vinnustöðvanir orðið meiri og minni af þeim ástæðum. Þá hefur oft þurft að taka fjármagn, sem eðlilegt hefði verið að nota til fjárfestingar, til að koma á aukinni hagræðingu og kaupa vélar, — það hefur orðið að nota þetta fé sem rekstrarfé og það orðið til þess, að ekki hefur verið unnt að bæta reksturinn svo sem skyldi eða koma á þeirri hagkvæmni og bæta vélakostinn, eins og nauðsynlegt var.

Það verður að viðurkennast, að að þessu leyti hefur verið búið verr að iðnaðinum — og ég á þá sérstaklega við þann iðnað, sem vinnur fyrir erlendan markað, — en yfirleitt að öðrum atvinnurekstri í landinu á undanförnum árum og áratugum. Þetta átti sinn þátt í því, að þegar sett var á laggirnar sérstök atvinnumálanefnd Reykjavíkur fyrir nokkrum árum, þá tók hún þetta mál alveg til sérstakrar athugunar. Þetta var nefnd, sem kosin var af bæjarstjórn Reykjavíkur, og allir flokkar áttu fulltrúa í henni. Hún tók þetta mál alveg til sérstakrar athugunar og gerði um það sérstaka ályktun, hvernig ætti að bæta úr rekstrarlánum iðnfyrirtækja til bráðabirgða, og sú till., sem ég er að mæla fyrir, byggir í meginatriðum á þessari ályktun atvinnumálanefndar Reykjavíkur frá árinu eða haustinu 1968.

Meginatriðin í till. eru þau, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum sérstaka fyrirgreiðslu til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í sæmilegt horf. Til að leysa það er bent á tvö atriði sérstaklega. Í fyrsta lagi, að fyrirtækin fái víxlasöluheimild eða víxilkvóta til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, er nemi allt að þriggja mánaða framleiðslu fyrirtækjanna. Og í öðru lagi fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánum, hlaupareikningsyfirdrátt, sem svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis.

Það var álit atvinnumálanefndar, og það er líka álit forstöðumanna iðnaðarfyrirtækja, sem um þessi mál hafa fjallað, að ef iðnfyrirtækin fengju tryggingu fyrir rekstrarlánum, lágmarkstryggingu fyrir rekstrarlánum, eins og hér er gert ráð fyrir, þá mundi það verða mjög til þess að tryggja rekstraraðstöðu þeirra og koma í veg fyrir þann vanda, sem átti sér stað hjá Slippstöðinni á Akureyri og ég minntist á hér á undan.

Það kunna kannske einhverjir að segja, að það sé ekki lánsfé fyrir hendi til þess að fullnægja rekstrarfjárþörf iðnfyrirtækjanna á þennan hátt. Það held ég, að sé mikill misskilningur. Ég held, að Seðlabankinn eigi tiltölulega auðvelt með að leysa þetta mál, a. m. k. bæta vel úr frá því, sem nú er, ef nægur vilji er fyrir hendi. Ég held, að það séu réttar upplýsingar, sem ég hef fengið um það efni, að bundið fé hjá Seðlabanka Íslands sé núna um 2000 millj. kr. meira en þeir víxlar, sem hann hefur endurkeypt af viðskiptabönkunum. Mér sýnist það á þessu, að ef nægur vilji sé fyrir hendi, þá séu möguleikar Seðlabankans æði miklir til að bæta úr þeirri lánsfjárþörf, sem hér er fyrir hendi og nauðsynlegt er, að bætt verði úr.

Það má segja, að það hafi kannske verið á vissan hátt afsakanlegt að búa ekki betur að iðnfyrirtækjunum en gert hefur verið í þessum efnum á undanförnum árum eða áratugum, vegna þess að sérstaklega þau iðnfyrirtæki, sem ég á hér einkum við, er framleiða fyrir innlendan markað, studdust oft og tíðum við innflutningshöft, sem útilokuðu erlenda samkeppni, og auk þess nutu þau þá meiri og minni tollverndar. Með inngöngu okkar í EFTA og með væntanlegum samningum okkar við Efnahagsbandalag Evrópu er stefnt að því, að innflutningshöft hverfi alveg úr sögunni, eins og reyndar hefur verið á undanförnum árum, og einnig stefnt að því, að tollar lækki mjög verulega og hverfi að lokum, þannig að þau iðnfyrirtæki, sem framleiða fyrir innlendan markað, verða í framtíðinni að búa við nákvæmlega eða mjög svipaða aðstöðu og útflutningsframleiðslan og eiga þess vegna eðlilega að njóta sömu aðstöðu í rekstrarlánamálum og útflutningsframleiðslan nýtur. Á það vantar hins vegar stórkostlega nú, og það er eitt af þeim verkefnum, sem þarf að bæta úr, og það þarf að vera eitt af verkefnum núv. hæstv. ríkisstj. að gera betur í þeim efnum en fyrirrennarar hennar hafa gert.

Mér finnst í tilefni af þessu rétt að minna á mikilvægi þeirrar atvinnugreinar, sem hér er um að ræða, innlenda iðnaðarins, sem vinnur fyrir innlendan markað. Ýmislegt hefur gerzt nú að undanförnu, sem sýnir nauðsyn þess, að þessi atvinnuvegur sé efldur sem mest. Ég vil t. d. benda á það, að á síðasta ári hefur hallinn á utanríkisverzluninni orðið um 4 milljarðar kr. Þennan halla þarf að sjálfsögðu að jafna, og það verður ekki

gert nema á tvennan hátt, svo að vel sé: Með því að auka útflutninginn og draga úr innflutningi með því að efla alls konar framleiðslu í landinu, sem vinnur fyrir innlendan markað. Og þó að það sé mikilvægt að efla útflutningsframleiðsluna, álít ég það engu þýðingarminna að efla þá framleiðslu, sem dregur úr innflutningi á vörum. Það er rétt í þeim efnum, sem hæstv. forsrh. hefur oft vitnað til, að hollur sé heimafenginn baggi.

Ýmsir hafa talað um það, að í framtíðinni getum við leyst okkar vandamál í þessum efnum með því annaðhvort að auka útgerðina ellegar auka stóriðju sérstaklega. Ég álít það að sjálfsögðu rétt að vinna vel að hvoru tveggja og alveg sérstaklega að því að efla útgerðina. En dæmin nú að undanförnu hafa sýnt okkur, að það er ekki alveg öruggt að treysta á þessar atvinnugreinar. Það héldu margir, að álbræðsla væri arðvænlegur atvinnuvegur, sem ekki gæti hlekkzt neitt á. Nú liggur það fyrir, að átt hefur sér stað stórfellt verðfall á þessari vöru, og þessi atvinnurekstur býr þess vegna við mikil vandkvæði að sinni, þó að búizt sé við, að fram úr því ráðist innan tíðar. Það má líka benda á það, að þó að vel hafi gengið með sölu á sjávarafurðum að undanförnu, þá hefur nýlega fallið mjög verulega verðlag á lýsi og mjöli, og ef við horfum til baka til reynslu fyrri áratuga, þá sjáum við, að það er ekkert óalgengt, að slíkt komi fyrir, að það verði verðfall á sjávarafurðum eða afli bregðist, og þetta sýnir það, að þó að mikilvægt sé að efla og auka sjávarútveginn, þá er nauðsynlegt að koma fótum undir fleiri atvinnugreinar og treysta þær, og þá er að sjálfsögðu ekki sízt þýðingarmikið að efla þá framleiðslu og þann iðnað, sem vinnur fyrir innlendan markað og sparar okkur innflutning og gjaldeyri á þann hátt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa till. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. um þetta mál verði frestað og málið gangi til allshn. Ég vænti þess, að þar fái það góðar undirtektir og nái afgreiðslu á þessu þingi í þessu formi eða mjög svipuðu, sem hér er lagt til.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra, að svo virðist sem hv. þm. úr öllum flokkum á þingi hafi mjög mikinn áhuga fyrir því að styðja að eflingu iðnaðarins, og þá skyldi maður halda, að það væri tiltölulega auðvelt að koma þeim hlutum fram, sem þarf að gera, til þess að hægt sé að efla þennan atvinnuveg. Nokkru fyrir jól bar ég fram fsp. til hæstv. viðskrh. um þau efni, hvernig gengi með að aðstoða útflutningsiðnaðinn, og mér var heitið athugun í þeim efnum, sem ég líka veit, að er verið að gera. En þegar ég bar fram till. um það að hækka aðstoð til útflutningsmiðstöðvarinnar, þegar fjárlögin voru samþ. rétt fyrir jólin, þá fékkst sú till. ekki með nokkru móti samþykkt, og þó álít ég, að sú stofnun sé að reyna að gera býsna gott verk.

Ég hef nú ekki vit á því, hvernig bankar eða bankastjórar líta á till. eins og hér er, en einhvern veginn finnst mér, að þetta geti tæpast verið rétt leið, enda þótt ég sé algerlega sammála hv. flm. um, að það þarf að aðstoða iðnfyrirtækin með rekstrarfé. Fyrra atriðið er það, að fyrirtæki fái þriggja mánaða víxlasöluheimild eða víxilkvóta. Nú er mér kunnugt um, að ýmis iðnfyrirtæki hafa vissan kvóta, en hvort það er þeirra þriggja mánaða framleiðsla, þarf þá að rannsaka, og auk þess geri ég ráð fyrir, að bankar muni vilja tryggingar, og enn getur það verið, að fyrirtækin hafi ekki víxla.

Hitt atriðið er um yfirdráttarheimildir, sem séu miðaðar við þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis. Mér finnst þetta nú vera vafasöm viðmiðun. Ég skal ekki segja um, hvernig það yrði í framkvæmd, en einhvern veginn finnst mér, að kaupgreiðsla viðkomandi fyrirtækis þurfi ekki endilega að vera viðmiðunin, heldur hljóti það miklu fremur að vera framleiðsla fyrirtækisins.

Vandamálin hjá iðnaðinum eru núna í raun og veru í þrennu lagi að því er rekstrarfjármögnun snertir. Í fyrsta lagi að fá nægjanlegt fjármagn út á vörur, sem þegar eru seldar, framleiddar og seldar, hvort sem er til útlanda eða innanlands. Hér ætti að vera um tiltölulega auðvelt mál að ræða, og ég veit a. m. k. að því er snertir vörur, sem seldar eru innanlands, þá eru þær auðvitað fjármagnaðar í gegnum víxla að verulegu leyti. En þetta þarf einnig að gerast gagnvart þeim vörum, sem seldar eru til útlanda. Þessu finnst mér, að ætti að vera tiltölulega auðvelt að koma í gegn, en engu að síður þarf að finna fyrir þetta einhvers konar form, og mér er kunnugt um, að hæstv. iðnrh. er að vinna að því.

Í öðru lagi er svo fjármögnun út á samninga, sem gerðir hafa verið um sölu, hvort sem um er að ræða sölu innanlands eða til útlanda. Þegar gerður er einu sinni samningur um tiltekna sölu frá iðnaðarfyrirtækjum, þá þarf að vera leið til þess að fjármagna framleiðsluna, sem getur staðið í nokkuð langan tíma. Og mér er kunnugt um, að í vissum tilvikum hafa bankar og Seðlabanki einmitt gert þetta. En svo er enn framleiðsla, þar sem fyrirtækin framleiða vöruna, en hafa ekki selt hana, og þetta er líklega erfiðasti þátturinn í öllu saman. Mér finnst nefnilega, að þegar fyrirtæki hefur framleitt vörur, við skulum segja ár eftir ár og það hefur tekizt að selja þær, þá eru allar líkur fyrir því, að það séu markaðir fyrir hendi innanlands eða utan. Þá eiga fyrirtækin að geta fengið einhvers konar afurðalán út á vörurnar, og það er það, sem mér finnst endilega, að þurfi að reyna að koma í gegn.

Ég er sannfærður um það, að erfiðleikar iðnfyrirtækjanna byggjast að verulegu leyti, — ég er alveg sammála hv. flm. um það, — að verulegu leyti á vöntun á rekstrarfé, og svo hefur verið lengi. Það eru að vísu fleiri fyrirtæki en iðnfyrirtæki, sem um þetta kvarta, en það er alltaf verið að tala um, að það þurfi að hjálpa iðnaðinum til þess að gera hann að jafngóðri atvinnugrein og aðrar atvinnugreinar í landinu eru, og þegar svona margir hv. þm. eru sammála um þetta, þá get ég ekki séð, að það ætti að vera mjög erfitt að koma málinu áfram. Ég vil leggja áherzlu á það, að sú hv. þingnefnd, sem tekur þetta mál til meðferðar, hafi fljótlega samband við viðskiptabanka og Seðlabanka, bæði um tæknileg atriði í þessum efnum og um málin í heild. En það er ekki hægt að skilja við þetta án þess að nefna þá grjóthörðu staðreynd, að bankar vilja nú einu sinni hafa sína aura tryggða. Og mörg af þessum fyrirtækjum eru því miður eignalítil og hafa ekki fasteignir til að leggja að veði, og þess vegna er það svo, að þeim hefur mörgum reynzt erfitt að fá það rekstrarfé, sem þau

þurfa. En allir, sem um þessi mál hafa hugsað, vita auðvitað, að það þarf mikið rekstrarfé í iðnfyrirtæki velflest auk mikils kapítalkostnaðar. Og því miður hafa ýmis af iðnfyrirtækjum íslenzkum farið af stað með ákaflega lítið eigið fé. Þessir erfiðleikar fyrir iðnaðinn eiga svo náttúrlega eftir að stórvaxa, eftir því sem líður á aðlögunartíma EFTA, og það er þess vegna mjög mikil nauðsyn á því að mínu mati, að rekstrarfjármál iðnaðarins séu öll tekin í heilu lagi til þess að reyna að leysa þau til frambúðar. Ef þessi till. gerir það, þá er það gott. Ég er hræddur um, að það sé ekki rétt að farið með þessum leiðum, sem þarna er bent á. En ég er efnislega alveg sammála flm., og fyrst svona mikill áhugi er fyrir iðnaðinum hér á Alþ., sem ég fagna mjög, þá veit ég, að þessi mál leysast farsællega.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Þegar rætt er um aðstoð við íslenzkan iðnað, þá hef ég veitt því athygli, ekki bara hér innan þingsala, heldur víðar, að menn staðnæmast gjarnan og nær eingöngu við rekstrarfjárörðugleika iðnaðarins, og það liggur við, að maður fái það á tilfinninguna stundum, þegar maður heyrir talað um erfiðleika íslenzks iðnaðar, að það væri *í raun og veru hægt að leysa alla hans erfiðleika bara* með því að auka rekstrarfjármagn til hans. Ekki skal ég draga úr því, að íslenzkur iðnaður á við mikla erfiðleika að etja hvað varðar rekstrarfé, og þar þarf vissulega úr að bæta. En að það leysi allan vanda, fer víðs fjarri. Við, sem höfum starfað í iðnaðinum og kynnzt honum allnáið, vitum mætavel um marga vankanta á fyrirkomulagi íslenzks iðnaðar í dag, sem þarf að bæta úr, og úrbætur á þeim sviðum eru raunar forsenda þess, að íslenzkur iðnaður fái staðizt í tæknivæddu þjóðfélagi.

Iðnaður okkar er yfirleitt smár. Fyrirtækin eru lítil og vanþróuð, undantekningalítið. Það er fjöldi fyrirtækja, lítilla fyrirtækja, að gutla í sömu iðngreininni, fást við sömu hlutina með sams konar tækjum, án þess að um nokkurt samstarf þeirra á milli sé að ræða. En einu hafa þessi iðnfyrirtæki þó yfirleitt yfir að ráða öfugt við það, sem hér var lýst varðandi Slippstöðina á Akureyri. Það vill svo til, að mikill fjöldi af okkar iðnfyrirtækjum er feiknavel búinn að vélum og tækjum, það vel búin sum þeirra, að ef þær vélar í einu litlu fyrirtæki væru í gangi allan sólarhringinn, gætu þær annað að fullu þeirri þörf, sem hér er á markaðinum. Má í því sambandi nefna t. d. sumar teppaverksmiðjur okkar, sem hver fyrir sig hefur kannske nægan vélakost til þess að framleiða teppi á öll gólf Íslendinga á 1—2 árum.

Mörg þessi iðnfyrirtæki hafa, án þess að hafa eigið fjármagn, lagt í stórkostlegar byggingarframkvæmdir, og ekki skal ég öfundast yfir því, þó að þau hafi farið í byggingarframkvæmdir, en það, sem er yfirleitt slæmt við flestar þessar byggingarframkvæmdir, er það, að það hefur ekki verið byggt með hagkvæmnissjónarmið fyrir augum miðað við uppbyggingu fyrirtækisins sem slíks, heldur fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að fjárfesting í byggingum hefur verið einhver arðbærasta fjárfestingin hér á landi til skamms tíma. Þar af leiðandi býr fjöldi af þessum fyrirtækjum í mjög óhentugu húsnæði, húsnæði, sem gerir framleiðsluna að öllu leyti erfiðari og dýrari. Það eru yfirleitt ekki til í flestum þessum fyrirtækjum neinar framleiðsluáætlanir, og það eru kannske ekki til neinir sérfræðingar starfandi við fyrirtækin, sem eru færir um að gera slíkar framleiðslu- og fjármögnunaráætlanir. Og þeir verða það ekki að óbreyttu, því að fyrirtækin mörg eru það smá, að þau hafa ekki efni á því að hafa slíka sérfræðinga í sinni þjónustu, enda þótt við eigum marga ágætlega mennta og vel færa sérfræðinga á þessum sviðum.

Ég skal ekki gera lítið úr þeim svo kallaða stórhug og dugnaði einstaklinga, sem hafa ráðizt í það að stofnsetja hér íslenzkan iðnað oft með nær tvær hendur tómar til að byrja með. Vissulega er það mikil bjartsýni, sem hefur oft og tíðum ráðið, en það er ekki nóg í tæknivæddu þjóðfélagi að ætla sér að reisa iðnað á tómri bjartsýni. Iðnaður byggist fyrst og fremst á verkþekkingu og tæknikunnáttu. En nú er það svo hvað iðnaðarmenntun okkar snertir, að iðnfræðslukerfi okkar hefur til skamms tíma verið algerlega úrelt og er það raunar enn í dag. Við byggjum okkar iðnmenntun upp á ævagömlum aðferðum og menntum, sem tilheyra alls ekki nútímaþjóðfélagi. Hér eigum við því mikið verk óunnið, sem er alger undirstaða að því að byggja upp íslenzkan iðnað. Við eigum vissulega orðið í dag mikið af dugmiklum og vel menntuðum tæknimönnum, tæknifræðingum á ýmsum sviðum, arkitektum og verkfræðingum. En það er sorglegt að vita til þess, að þeirra starfsvettvangur er oft og tíðum sá að sitja við teikniborðið og tússa teikningar í staðinn fyrir að vera úti í framleiðslunni sjálfri, þar sem tæknikunnátta þeirra nýtist bezt, eins og þeir hafa lært til.

Ég held, að það sé of sjaldan, sem því er gaumur gefinn, að ef við ætlum að byggja upp hér íslenzkan iðnað, sem getur verið samkeppnisfær við það, sem bezt er hjá nágrannaþjóðum okkar, þá verðum við að taka á því vandamáli, sem smæð fyrirtækjanna er, og því vandamáli, sem leiðir af því, hvað hér er mikil sundrung ríkjandi, og við verðum að endurskipuleggja okkar iðnaðarstarfsemi, ef ekki með því móti að sameina þessi fyrirtæki, þá a. m. k. með því móti, sem frændur okkar á Norðurlöndum hafa gert, t. d. í Noregi, að koma á mjög náinni skipulegri samvinnu þeirra á milli, en það var raunar forsendan fyrir iðnaðarútflutningi Norðmanna. Þetta verður að sjálfsögðu ekki gert í einu vetfangi. Það eru margir menn, sem að þessu þurfa að vinna, og það verður ekki gert nema menn sjái nauðsyn þess, að þetta verður að ske, og hafi vilja til þess að fara þær leiðir, sem færar eru. Mér er kunnugt um það, að hæstv. iðnrh. og ríkisstj. eru að hefja starf einmitt að þessum markmiðum, og raunar veit ég það líka, að samtök iðnrekenda og iðnaðarmanna eru þegar farin að starfa eftir þessum leiðum, en það gengur því miður grátlega seint, því að þeir eru ófáir, sem ekki sjá þörfina á endurskipulagningu íslenzks iðnaðar og hafa í staðinn þá trú, að það sé enn þá hægt að hokra hver í sínum bílskúr eða sinni kompu með nokkrar vélar til aðstoðar við gamalt, úrelt handverk.

Ég vildi aðeins láta þessi sjónarmið koma hér fram til þess að rökstyðja þá skoðun mína, að það séu ekki bara fjármagnserfiðleikar, sem hrjá iðnaðinn. Það er engu síður og þá kannske öllu fremur skipulagsleysi hans, eins og hann er í dag. Verulegar úrbætur í þeim málum verða ekki gerðar, nema skipulagsmál iðnaðarins verði tekin virkilega föstum tökum, og ég vænti þess, að núv. iðnrh. og ríkisstj. láti verða af því fyrirheiti sínu.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að allur vandi iðnaðarins yrði ekki leystur, þó að honum yrðu tryggð hæfileg rekstrarlán. Það er alveg rétt, að vandamál hans eru miklu fleiri, og þarf að hyggja að þeim. En ég hygg, að það sé þó óhætt að fullyrða, að ef tækist að koma rekstrarlánamálum iðnaðarins á sæmilegan grundvöll, þá væri þó a. m. k. einu vandamálinu færra í þessum efnum og það vandamálið leyst, sem er mest aðkallandi að leysa, vegna þess að ef ekki er sæmilega séð um þennan þátt rekstrarins, þá er ekki hægt að halda honum uppi með eðlilegum hætti. Þess vegna held ég, að af mörgum vandamálum iðnaðarins sé það, sem er einna mest aðkallandi að leysa, að koma rekstrarmálum hans í eðlilegt horf.

Ég er alveg sammála hv. 2. landsk. þm. um það, að þessi till., sem hér liggur fyrir, bætir hvergi nærri nægilega úr lánsfjárþörf iðnaðarins, og ég vil í þeim efnum árétta það m. a. með því að lesa upp niðurlagsorðin í grg., sem fylgdi till. En þar segir á þessa leið:

„Í samræmi við þetta skal það tekið fram af hálfu flm., að litið yrði á þessa till. sem hreina bráðabirgðalausn og koma þurfi þessum málum í miklu fullkomnara horf í framtíðinni."

Og ég get tekið undir það með hv. 2. landsk. þm., að það væri miklu eðlilegra form og heppilegra, ef hægt væri að tryggja iðnaðinum rekstrarlán sem afurðalán líkt og útflutningsframleiðslan hefur búið við að undanförnu. Og þetta var líka einu sinni skoðun hv. Alþ. Á Alþ. 1958 var samþ. hér till. með atkv. allra þm. á þá leið, að unnið skyldi að því, að iðnaðurinn nyti afurðalána líkt og sjávarútvegur og landbúnaður. Þetta var samþ. á þinginu 1958. En svo gerðist það rúmlega ári síðar, að tímabil hinnar svokölluðu viðreisnarstjórnar hófst, og það var eitt af fyrstu verkum viðreisnarstjórnarinnar að stinga þessari till. undir stól.

Ég endurflutti þessa till. á sex eða sjö þingum, án þess að hún næði fram að ganga, og ég verð að játa það, að ég entist ekki til þess að flytja hana öllu lengur og gafst upp. Og þá var það, að atvinnumálanefnd Reykjavíkur tók málið til sérstakrar athugunar á haustinu 1968 og athugaði þetta gaumgæfilega. Í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar allra flokka, m. a. Alþfl., og þeir komust að þeirri niðurstöðu, að það gæti verið bráðabirgðalausn fyrir iðnaðinn, að hann fengi rekstrarlán í samræmi við það, sem felst í þessari till. Þeir fulltrúar, sem áttu sæti í þessari nefnd, töldu sig hafa athugað málið mjög gaumgæfilega, og þó að þeir hafi áreiðanlega ekki litið á þetta sem fulla úrlausn, þær ábendingar, sem felast í till., þá hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að hér væri um að ræða lágmarkslausn, sem gæti verið til bóta og tryggingar fyrir iðnfyrirtækin. En í samræmi við það, sem gerzt hefur hér á Alþ. á undanförnum þingum, og þá stefnu, sem ég hef fylgt, þá er ég tilbúinn til þess að ganga miklu lengra í þessum efnum og styðja alveg till., sem samþ. var hér á þingi 1958 af öllum flokkum, um það, að iðnaðinum væru tryggð afurðalán í samræmi við það, sem landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn fær. Það álít ég, að væri sú eðlilega og heilbrigða lausn á þessu máli. Þessi till. gengur vissulega miklu skemmra, en þrátt fyrir það, ef hún næði fram að ganga eða eitthvað svipað henni, þá yrði þar um mikla endurbót að ræða frá því, sem nú er.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja meira um þetta. Ég vænti þess, að þessi till. fái jákvæðar undirtektir í hv. allshn. og að þingið láti frá sér fara einhverja þá ályktun, sem treysti aðstöðu iðnaðarins í þessum efnum, þannig að hún verði betri en sú, sem hann hefur átt við að búa. Ég þykist líka geta fullyrt það af viðtali mínu við hæstv. iðnrh., að hann hafi fullan áhuga á því að vinna að lausn þessa máls, og þess vegna vænti ég þess og styrkir það mína von um það, að Alþ. afgreiði þessa till. á jákvæðan hátt.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við það, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði hér áðan. Það er auðvitað alveg hárrétt, að það eru margs konar vankantar aðrir á rekstri iðnfyrirtækja en sá, að það vanti fjármagn. En eins og hv. 4. þm. Reykv. benti á áðan, þá er þetta mál kannske það, sem mest liggur á í augnablikinu, að reynt sé að leysa þetta mál á einhvern farsælan hátt.

Ég er líka alveg sammála hv. 8. þm. Reykv. um nauðsyn á samvinnu fyrirtækja. Það hefur nú á vissan hátt í vissum iðngreinum tekizt nokkur samvinna. En samruni eða samvinna er tímafrekt mál, og þarf mikla vinnu til að koma slíku á hér á landi. Engu að síður álít ég, að það þurfi að miða að því, því að auðvitað er það laukrétt, að einingarnar eru í mörgum tilvikum allt of litlar. Það er staðreynd, að hér í landinu er mikill vélakostur til ýmissar iðnframleiðslu, mikið húsnæði og eins gott vinnuafl og í öðrum löndum. En það vantar enn þá mikið til þess, að fyrirtækin séu af þeirri stærðargráðu, sem þau þyrftu að vera, en þau þurfa auðvitað að vera nokkuð stór, til þess að þau geti komið að áætlanagerð og nýtingu sérfræðinga á ýmsum sviðum.

Hv. þm. nefndi, að húsnæðið væri ekki vel fallið til iðnaðar í ýmsum tilvikum og framleiðsluáætlanir væru ekki gerðar. Þetta er sjálfsagt alveg rétt í ýmsum tilvikum. En mér er líka kunnugt um það, að í mörgum tilvikum hentar húsnæði iðnfyrirtæki mjög vel, og í mörgum tilvikum eru banka- og lánastofnanirnar nú, sem ég fagna, farnar að biðja um mjög ákveðnar áætlanir, rekstraráætlanir, ef um lánamál er að ræða. En ég held einmitt, að ef við gætum aðstoðað iðnaðinn í sambandi við rekstrarfjáreflingu, þá mundi það efla fyrirtækin svo, að þau gætu m. a. betur unnið að þeim verkefnum, sem hv. þm. var að nefna.

Hv. 4. þm. Reykv. nefndi, að samþykkt hefði verið gerð 1958 í málefnum iðnaðarins. Ég býð hér með hv. þm. að flytja með honum frv. í þessa átt aftur nú.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja í tilefni þess að hafa hlustað á þessar fróðlegu umr. hér. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé nokkur ágreiningur á milli hv. þm. um mikilvægi iðnaðarins og nauðsyn þess að tryggja honum sem bezt starfsskilyrði, en hitt er jafnljóst, að menn verða að gera sér til hlítar grein fyrir því, í hverju vandkvæði iðnaðarins liggja fólgin og taka á þeim út frá þeim staðreyndum. Það veltur á miklu, að úrlausnarefnið fái þá meðferð, að það verði raunverulega skoðað raunsæjum augum, en ekki, að menn villi sér sýn um það, hver eru hin raunverulegu vandamál, sem við er að glíma.

Þær ræður, sem hér voru fluttar áðan af hv. 2. landsk. þm. og hv. 8. þm. Reykv., drógu einmitt fram mjög athyglisverð atriði, sem ég held, að menn verði að gefa gaum að, þegar sú till. er skoðuð, sem hér er flutt. Ég er á engan hátt að gera lítið úr till. og veit, að á bak við hana liggur góður hugur, eins og hv. 1. flm. hefur jafnan sýnt iðnaðinum, og ég þykist vita, að hann hafi ekki minni áhuga á að sýna þann velvilja eftir að hann hefur betri aðstöðu til að ráða einhverju í þeim efnum en áður. En þó þykir mér samt þessi till. gangi út frá of einföldum forsendum, og ég er ákaflega hræddur um, að það þurfi að skoða hana rækilega ofan í kjölinn, ef hún á að skila þeim árangri til eflingar íslenzkum iðnaði, sem ætlazt er til af hálfu flm. Það er nefnilega þannig, að það eru ekki lánamálin ein, sem eru hér höfuðverkurinn, ef svo má segja. Úr lánamálum iðnaðarins hefur vissulega mikið verið bætt á undanförnum árum. Ég skal ekkert fara í meting á milli ríkisstj. um það, en við vitum þó, að það er fyrst nú síðustu árin, hvað sem líður tillöguflutningi 1958 eða tillögusamþykkt, sem hafin hefur verið sérstök fyrirgreiðsla við ýmsar iðngreinar, fyrst og fremst útflutningsiðngreinar og jafnvel fleiri, með rekstrarlánaaðstöðu, bæði endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum og enn fremur bráðabirgðarekstrarlán, sem Seðlabankinn hefur veitt fyrir milligöngu viðskiptabankanna. Þetta hefur verið gert í vaxandi mæli, en það hefur komið í ljós, sem ég veit, að þarf ekki að útskýra fyrir neinum hv. þm., að hér er um miklu flóknara vandamál að ræða heldur en t. d. varðandi landbúnað og sjávarútveg, þar sem er um mjög einhliða framleiðslu að ræða og auðvelt um allt eftirlit. Þar er vitanlega miklum mun auðveldara að koma við þeim almennu fyrirgreiðslulánum og endurkaupalánum út á afurðir en á sér stað með fjöldamargar iðngreinar. Og er það þó auðvitað mjög mismunandi eftir því, hvernig iðngreinarnar eru. Sumar eru mjög sérhæfðar. Við skulum taka sement og áburð og aðrar slíkar iðnaðarvörur, þar sem auðvelt er að koma þessu við. Aðrar eru mjög margþættar, fatnaðarvörur og ýmsar slíkar vörur, sem mjög er erfitt að koma við venjulegum afurðalánum út á. Og þetta hefur leitt til þess, að hér hefur þurft að skoða þessi mál með nokkuð öðrum hætti. Í ýmsum tilfellum hefur verið reynt að veita þessum iðngreinum bráðabirgðarekstrarlánaaðstöðu af hálfu Seðlabankans fyrir milligöngu viðskiptabanka, og ég held, að það sé óhætt að segja, að af hálfu lánastofnana og stjórnvalda, bæði fyrrv. ríkisstj. og ég efast ekkert um, að núv. ríkisstj. er sama sinnis, þá sé áhugi á því að leysa þetta mál.

En það, sem ég vildi leggja áherzlu á, alveg sérstaka áherzlu, er það, að mér finnst það allt of mikil trú, að eina sáluhjálparatriðið sé að fá peninga. Og það eru allt of margir, sem fengizt hafa við atvinnurekstur, sem halda, að það að slá lán sé eina undirstaðan til þess að geta komizt vel af. Menn geta kannske í bili lifað á skuldum, en það er ekki nema í bili og endar hjá flestum með ósköpum. Og sannleikurinn er sá, að ég þekki ekkert meiri háttar fyrirtæki á Íslandi, sem hefur farið á höfuðið vegna þess að það hafi ekki fengið nóg af lánum, heldur vegna þess miklu fremur, að það hefur fengið of mikið af lánum. Um þetta gæti ég nefnt ótal dæmi, sem ég ætla ekki að fara að rifja upp hér. En þetta byggist á því, að þarna hefur eitthvað annað vantað. Það hefur vantað skipulag á þessi fyrirtæki, og það hefur vantað í ýmsum tilfellum raunhæfan rekstrargrundvöll. Það er nefnilega ekki nóg að setja upp fyrirtæki til að framleiða einhverja vöru, það þarf að vera hægt að selja hana, og það þarf að vera hægt að selja hana og framleiða við það hagstæðu verði, að hún sé samkeppnisfær og sé auðið að fá fyrir hana það andvirði, sem kostar að framleiða hana.

Það er alveg rétt, sem hv. flm. sagði hér áðan, að meðan hér voru háir verndartollar, þá var hægt að halda hér uppi iðnaði, sem í ýmsum greinum var algerlega óraunhæfur, vegna þess að hann var varinn með geysilegum verndartollum. Þannig er auðvitað hægt að starfa. Þessi vandi fer sívaxandi, og ég legg áherzlu á það, bæði með honum og öðrum ræðumönnum, sem hér hafa talað, að einmitt vegna þess, að íslenzkur iðnaður þarf í vaxandi mæli — og ég álít, að það sé ekkert nema æskilegt — að keppa við erlenda framleiðslu og leggja áherzlu á að selja samkeppnishæfa vöru, sem um leið er auðvitað til hagsbóta fyrir þá, sem eiga að neyta vörunnar, þá verður mikilvægara að skoða rekstrargrundvöll þessara fyrirtækja en áður var. En ég þarf nú sennilega ekki að taka það fram. Bankar eru engar sérstakar góðgerðarstofnanir, og þeim er ekki ætlað að vera það. Þeir taka við fé til ávöxtunar af því fólki, sem leggur fyrir sparifé í landinu, og verða svo að standa því skil á þessu fé aftur, þeir, sem bönkunum veita forstöðu. Og til þess að um sé að ræða að fá lán, jafnvel þó að nógir peningar séu til, þá verða menn að geta sýnt fram á það í fyrsta lagi, að þeir hafi tryggingar, eins og einn hv. ræðumanna hér gat um, og ég tel ekki síður, og það á alveg sérstaklega við í sambandi við lánsfé til iðnaðarins, að þeir geti sannað það, að þeir séu með rekstrarhæfa starfsemi, þeir séu með framleiðslu eða þeir framleiði vöru, sem þeir geti selt, og geti skilað eðlilegum arði af sínum fyrirtækjum. Og ég efast um það, að í dag sé það svo stórkostlegt vandamál að fá fyrirgreiðslu fyrir iðnfyrirtæki, sem geta sannað þetta, svo að sæmilega ótvírætt sé. Og sannleikurinn er sá, og það skal ég játa, að er sök hjá bankakerfinu, eins og það er um sök að ræða hjá iðnrekendum sjálfum að hafa ekki alltaf skoðað grundvöllinn undir sinni framleiðslu, þá er um þá sök að ræða hjá bankakerfinu, að alveg nú fram á síðustu ár hefur ekki verið skoðuð nægilega vel hagkvæmni fyrirtækjanna, sem lánað er til. Þetta þarf að gerast. Og ég álít, að það sé algerlega tómt mál að tala um, og er ég ekki að gera lítið úr hugsuninni, sem þar liggur á bak við, að ætla að fá Seðlabankann og bankakerfið í heild til þess að skuldbinda sig til að lána með einhverjum tilteknum hætti til fyrirtækja, án þess að sú forsenda sé fyrir hendi, að þau séu byggð upp með þeim hætti, sem bankarnir telja, að sé heilbrigt. Og ég álít, að það sé ekki þjóðfélagslega rétt að lána fé þjóðarinnar til atvinnurekstrar, hvorki iðnaðar né á öðrum sviðum, nema þetta sé sannað.

Þetta vildi ég aðeins leggja áherzlu á, af því að mér finnst, að stundum sé gengið út frá því, að lánamálið eitt og það að geta slegið nógu mikla peninga í bönkum geti öllu bjargað. Það getur bjargað í bili, en það bjargar engum. Það er dauðinn fyrir fyrirtæki og hreinlega illa gert að lána þeim peninga, ef þau eru ekki með það skipulag á sinni starfsemi og þá framleiðsluhætti, að

þau geti átt sér framtíð og staðið undir þeim kostnaði, sem til þarf að stofna hverju sinni.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 87, n. 623).

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég get ekki látið þessa umr. fara alveg fram hjá án þess að segja nokkur orð um þessa þáltill. Hv. allshn. hefur fjallað um till. og mælt með samþykkt hennar. Og ég fagna því, að þessi till. skuli fá þessa jákvæðu meðferð.

Ég mun hafa getið þess í fyrri hluta umr., að ég efaðist svolítið um það, að sú viðmiðun, sem till. gerir ráð fyrir, sé sú eina rétta, þ. e. að miða víxlakvóta við þriggja mánaða framleiðslu fyrirtækja og hins vegar að miða yfirdráttarheimildir við kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækja. Það má vera, að þetta sé rétt leið, en mig langar til að vita, hvort umsagnar hefur verið leitað frá bankastofnunum, t. d. Seðlabankanum, sem gert er ráð fyrir, að útvegi viðskiptabönkunum nú þegar sérstök lán til þess að standa undir þessu rekstrarfjármagni. Ég sé ekki á nál., að það hafi verið gert, eða a. m. k. er þess ekki getið, að það hafi fengizt umsögn frá bankakerfinu. Og þess vegna langar mig til að spyrja, ef einhver skyldi treysta sér til að svara því, t. d. hv. flm. einhverjir eða hv. nm., hvort það sé öruggt, að þessi fyrirgreiðsla muni fást. Í niðurlagi grg. með till. er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við þetta skal það tekið fram af hálfu flm., að litið er á þessa till. sem hreina bráðabirgðalausn og koma þurfi þessum málum í miklu fullkomnara horf í framtíðinni."

Hér í hv. d. er til meðferðar frv. um verðtryggingu iðnrekstrarlána, og er það mál eitt út af fyrir sig mjög stórt mál og mikil aðstoð við iðnaðinn. Og ef þetta verður framkvæmt líka, þá vil ég segja það, að ég tel, að fjármögnun til rekstrar iðnaðarins sé komin í býsna gott horf. Það er auðvitað gott og blessað að flytja till. og frv. í þessum málum, en ég hefði viljað leita eftir því, — ég sé hæstv. utanrrh., en ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi með þessi mál að gera, — en ef einhverjir talsmenn stjórnarflokkanna vildu þá segja mér, hvort líklegt sé, að þetta fjármagn, sem bæði frv., sem ég nefndi, og þessi þáltill. gera ráð fyrir, að verði til staðar fyrir iðnaðinn, hvort þetta fjármagn verður í raun og veru til ráðstöfunar. Og þetta er auðvitað kjarni málsins. Það er heldur þýðingarlítið og létt í vasa fyrir iðnaðinn, ef aðeins eru sýnd frv. og gerðar till. og hvort tveggja samþykkt, en fjármunirnir, sem þarf til að gera þetta, verða ekki til staðar. Ég skal vera fyrsti maður til að viðurkenna, eins og kemur hér fram í þessari till., sem allmargir hv. framsóknarmenn flytja, fyrsti maður til að viðurkenna með þeim, að það er brýn þörf á því, að þetta verði gert. En þetta er bara ekkert nýtt. Það hefur verið við rekstrarfjárörðugleika að etja fyrir iðnaðinn um langan tíma. Og nú langar mig til að vita, hvort einhverjar þær ráðstafanir kynnu að hafa verið gerðar, sem gera þetta að raunveruleika.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 672).

20. Framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Á 36. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra [172. mál] (A. 331).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41. og 44. fundi í Sþ., 22. og 24. febr., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Till. til þál. á þskj. 331 gerir ráð fyrir, að ríkisstj. feli Framkvæmdastofnun ríkisins að gera framkvæmdaáætlun eða landshlutaáætlun sérstaklega fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Á undanförnum árum hefur oft verið samþykkt hér á hv. Alþ., að gerðar skuli sérstakar landshlutaáætlanir, oftast fyrir einstök kjördæmi. Hefur atvinnuástand landshluta þá gjarnan verið forsenda fyrir samþykktum, og svo er einnig í þessu tilfelli, eins og alþjóð veit. Með flutningi þessarar till. er ekki með neinum hætti verið að draga úr starfsemi Fjórðungssambands Norðlendinga. Mörg verkefni eru þess eðlis, að sjálfsagt er fyrir bæði Norðurlandskjördæmin að vinna að þeim saman, enda hefur það verið gert. Meginástæðan fyrir flutningi þessarar till. er, að gerðar séu heildaráætlanir fyrir allt kjördæmið með það takmark fyrir augum, að útrýmt sé hinu mikla og stöðuga atvinnuleysi í þessum landshluta, en eins og allir vita, hefur atvinnuleysi hvergi verið alvarlegri vágestur á s. l. 10 árum eða svo en einmitt þarna. Þetta hefur gerzt, þó að oft hafi annars verið ágætt árferði í landinu og víða eftirspurn eftir vinnuafli. Ég fullyrði, að ástæðan er ekki ódugnaður þess fólks, sem býr í þessum landshluta. Það er ekki heldur um áhugaleysi fólksins að ræða umfram aðra. Að mínu mati eru verkefnaleysi og lítil uppbygging atvinnufyrirtækja í landshlutanum meginástæðurnar fyrir þessu stöðuga atvinnuleysi. Auk þess hefur auðvitað samdráttur stórs ríkisfyrirtækis haft veruleg áhrif á atvinnuástandið á vissum stöðum.

Það er sjálfsagt að viðurkenna, að bæði fyrrv. og núv. hæstv. ríkisstj. hafa hlutazt til um margs konar aðstoð við ýmsa staði og fyrirtæki í kjördæminu með það fyrir augum að vinna bug á atvinnuleysinu. Það hefur þó sýnt sig, að þessar aðgerðir hafa reynzt ónógar, þegar á heildina er litið. Það hafa verið eins konar smáskammtalækningar, þar sem reynt hefur verið að „redda" þessu eða hinu fyrirtækinu, án þess að um skipulegar heildaráætlanir væri að ræða.

Ég álít, að það þurfi mjög að efla þau fyrirtæki, sem eru í landshlutanum, en einnig hlutast til um stofnun nýrra. Grundvöllur þessarar uppbyggingar tel ég, að eigi að vera efling sjávarútvegsins og úrvinnsla sjávarafurða. Að þessum þætti er nú verið að vinna, þó að áætlanir hafi ekki verið gerðar til langs tíma, eftir því sem ég bezt veit, enda ekkert verið gert fyrir sum kauptúnin. Hér þarf að gera langtímaáætlanir. En þessu til viðbótar þarf að gera áætlanir um uppbyggingu iðnaðar í þessum landshluta, bæði fiskvinnsluiðnaðar eða niðursuðuiðnaðar og annars iðnaðar, þar sem innlend eða erlend hráefni gætu komið til. Mætti t. d. nefna bátasmíðaiðnað, skinnaiðnað, járnsmíðaiðnað, fiskiræktun, og margt fleira kemur til greina. Hér þarf einnig að gera langtímaáætlanir. Mætti þá e. t. v. hugsa sér, að gerð væri fimm ára áætlun um uppbyggingu atvinnulífsins í landshlutanum, og tel ég eðlilegast, að Framkvæmdastofnun ríkisins annist þessa áætlunargerð í samvinnu við aðila heima í héraði. Ég álít, að hér sé um stórt og mikilsvert verkefni að ræða og raunar undirstöðuatriði varðandi uppbyggingu atvinnulífsins í landshlutanum.

Í þessu sambandi má ekki gleyma því, að sum sveitarfélögin, svo sem Siglufjörður og Sauðárkrókur, eiga í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Hlýtur það að verða hluti af væntanlegum áætlunum að gera till. um, hvernig hægt sé að leysa fjárhagsörðugleika þessara bæja og annarra sveitarfélaga, ef á þarf að halda. Aðalatriðið er, að gerðar séu áætlanir til langs tíma, sem miði að því, að landlægu atvinnuleysi sé algerlega útrýmt á þessu landsvæði. Þarf að koma til bæði framtak og dugnaður heimamanna og opinber aðstoð. Hið fyrsta, sem verður að gera, er, að gerð sé áætlun hér að lútandi. Þess vegna er þessi till. flutt.

Enn er sú ástæða fyrir flutningi þessarar till., að samkv. nýjum lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins er gert ráð fyrir, að héraðssamtök hafi nokkur völd og fjárráð varðandi framkvæmdir tiltekinna áætlana. Tel ég alveg sjálfsagt, að heimamenn hafi nokkuð um það að segja, hvernig framkvæmdum skuli hagað og hvaða atriði skuli tekin inn og í hvaða röð. En 29. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Í 31. gr. segir:

„Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar ¾ hlutum af árslaunum starfsmanns, að því tilskildu, að hann vinni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild."

Og enn segir í 32. gr.:

„Framkvæmdaráð gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frv. að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni. Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið."

Hér er kveðið mjög fast og ákveðið á um, að þessar framkvæmdir skuli gerðar í sambandi við landshlutaáætlanir og í samráði við heimamenn hverju sinni. Af því, sem hér hefur verið vitnað til, er augljóst, að ætlazt er til, að heimamenn hafi verulega íhlutun um, hvernig að þessum verkefnum skuli unnið. Tel ég það rétta stefnu, og m. a. þess vegna flyt ég þessa till.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á, að hér er um að ræða landshluta, sem á síðasta áratug eða lengur hefur orðið á eftir öðrum landshlutum varðandi uppbyggingu atvinnufyrirtækja og flutning fjármagns inn í landshlutann. Það getur því ekki talizt óeðlilegt, sízt í því góðæri, sem almennt er í landinu, þó að vakin sé athygli á þessum vandamálum, sem hér hafa verið gerð að umræðuefni, og ég þykist mega treysta því, að hæstv. ríkisstj. og hv. þm. séu á svipaðri skoðun.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 331, n. 626).

Frsm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 331 um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurl. v. Þessi till. var send til umsagnar Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem mælti með samþykkt hennar, en n. taldi rétt, að þessi áætlunargerð yrði unnin í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga. Hefur því n. gert þá till. til breytingar á þáltill., að því atriði verði bætt inn í hana og hún orðist því svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurl. v. vegna hins mikla og stöðuga atvinnuleysis í kjördæminu."

Allshn. leggur til, að till. verði samþ. þannig orðuð.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir jákvæða afgreiðslu á þessu máli, og ég get vel fallizt á þá breytingu, sem n. leggur til, að sé gerð á orðalagi. Aðalatriðið fyrir mér er, að Framkvæmdastofnun ríkisins taki þetta mál, atvinnumálefni Norðurl. v., til sérstakrar áætlunargerðar vegna hins stöðuga og ég vil segja að mörgu leyti óvenjulega ástands, sem ríkir í atvinnumálum kjördæmisins. Ég fagna því, að n. er sammála um afgreiðslu þessa máls á þennan máta

og vonast nú aðeins til, að sú merka stofnun Framkvæmdastofnun ríkisins muni hefjast snögglega handa og vinna að verkinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 626 (ný tillgr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 673).

21. Umboðsmaður Alþingis.

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis [48. mál] (A. 49).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 13., 14., 15., 16., 17. og 21. fundi í Sþ., 9., 11., 16., 18., 23. og 25. nóv., 7. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 20. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sú till., sem hér liggur fyrir til umr., er þess efnis, að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Á að hafa hliðsjón af sambærilegri löggjöf annarra þjóðþinga á Norðurlöndum og enn fremur, að frv. þessa efnis skuli lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Þetta er ekki nýtt mál hér í sölum Alþingis, því að þáltill. þessa efnis var flutt nokkrum sinnum af Kristjáni Thorlacius, þegar hann sat á þingi sem varaþm. Framsfl. Till. hans var þó frábrugðin minni í tveim atriðum. Hann vildi sérstaka nefndarskipun til undirbúnings slíkri löggjöf, og hann vildi, að hliðstæður embættismaður íslenzkur við „ombuds"-mennina á Norðurlöndum bæri hið forna heiti lögsögumaður.

Í umr. þeim, sem urðu hér á hv. Alþ. um till. Kristjáns, kom m. a. fram gagnrýni á heiti þetta í þessu sambandi. Á það var bent af páv. hv. þm. Einari Olgeirssyni, að lögsögumannsheitið hefði verið tignarheiti á æðsta manni þjóðveldisins og meðan áhrif hans voru sterk fyrstu tvær aldir okkar þjóðveldis, áhrif, sem ekki voru byggð á valdi, átti þjóðveldið það sameiginlegt með öllum slíkum frjálsum bændasamfélögum og ættarsamfélögum, að hann var æðsti maður í frjálsu samfélagi, sem í raun þekkti ekki til ríkisvalds. Hann var fulltrúi almennings, eins og þessi hv. þm. orðaði það. Sú skoðun kom enn fremur fram, að lögsögumannsheitið ætti að varðveitast í sögu okkar eins og það var og ekki eiga á hættu að rýra það í meðferð nútímaþjóðfélags. Á þessa skoðun hef ég fallizt og því kosið að velja í þessari þáltill. minni sambærilegt embættisheiti og notað er á Norðurlöndum.

Varðandi sérstaka nefndarskipun til undirbúnings slíkri löggjöf, ef till. verður samþ., þá tel ég slíkt óþarft, því að að sjálfsögðu verða til þess valdir menn úr hópi okkar fróðustu lagasmiða, t. d. bæði núv. og fyrrv. prófessorar við lagadeild Háskólans. Ég treysti fyllilega núv. hæstv. dómsmrh. til þess að velja menn til slíks, því að eins og ég get um í grg. með till. minni, þá hefur hann einmitt flutt mjög merkilegt erindi um umboðsmenn þjóðþinga á Norðurlöndum á fundi í félagi laganema í apríl 1966, og þetta erindi hans birtist einmitt í tímariti þeirra, Úlfljóti, skömmu síðar. Það hefur meira komið fram opinberlega um þetta mál hér á landi. Má t. d. benda á athyglisverða grein um sama efni í tímaritinu Stefni vorið 1965 eftir Hörð Einarsson lögmann, og hef ég leitað mér fróðleiks í báðar þessar greinar og reyndar í þær umr., sem urðu um þetta mál á sínum tíma, þegar Kristján Thorlacius flutti það.

Eins og kemur fram í þáltill. sjálfri, hefur verið komið á fót á hinum Norðurlöndunum embætti umboðsmanns viðkomandi þjóðþinga. Honum er ætlað það hlutverk af þingsins hálfu að hafa eftirlit með lagaframkvæmd, embættissýslu, annarri stjórngæzlu og í sumum tilfellum dómstólum, eftir því sem nánar er á kveðið í viðkomandi löggjöf. En fyrst og fremst er hlutverk þessara sérstöku trúnaðarmanna þjóðþinganna að styrkja og tryggja réttarstöðu einstaklinganna gagnvart stjórnvöldum. Í þessum löndum öllum, einnig á Nýja-Sjálandi og í Vestur-Þýzkalandi, sem búa einnig við skylda eða svipaða löggjöf, er umboðsmaðurinn kosinn af viðkomandi þjóðþingi. Hann er trúnaðarmaður þingsins og tekur umboð sitt frá því. Þingið setur honum starfsreglur og getur vikið honum frá, en hann tekur ekki við neinum fyrirmælum frá því og er því alveg óháður í starfi. Hann stendur ofar hinu almenna embættiskerfi, og hann er óháður handhöfum framkvæmdavaldsins, svo sem ráðherrum. Á Norðurlöndum er kjörtími umboðsmannsins alls staðar fjögur ár eða sá sami og kjörtímabil viðkomandi þings. Það eru engar skorður settar við endurkjöri hans, en hins vegar má umboðsmaður ekki vera þm.

Nú hlýtur sú spurning að vakna, hvort þörf sé á slíkum embættismanni hér, hvort hinn íslenzki einstaklingur þurfi frekari málsvara en hann hefur til að tryggja réttarstöðu sína gagnvart stjórnvöldum. Persónulega er ég þeirrar skoðunar, og þess vegna hef ég flutt þessa þáltill., sem er hér til umr. Forsendur þess, að embætti þetta verði sett á stofn hér, eru svipaðar og hinar sömu og hjá nágrannaþjóðum okkar. Hér á landi sem annars staðar hefur þróunin orðið sú, að afskipti opinberra aðila hafa aukizt í öllum málum, sem snerta hinn einstaka þjóðfélagsþegn. Ríki og sveitarfélög eru stærstu vinnuveitendurnir í okkar þjóðfélagi. Stærstu bankarnir og flestar aðrar lánastofnanir utan sparisjóða eru ríkiseign, og má þar t. d. benda á húsnæðismálastjórn, Fiskveiðasjóð og fleiri slíkar lánastofnanir. Algengast er, að sveitarfélögin eigi stærsta hluta allra

byggingarlóða og úthluti þeim bæði til íbúða og atvinnurekstrar. Margs konar leyfi til atvinnurekstrar eru háð úthlutun hins opinbera. Enn fremur má nefna úthlutun styrkja og ýmiss konar hlunninda, embættisveitingar og veitingu annarra opinberra starfa. Þá má líka benda á, að opinberir aðilar taka eða hafna tilboðum, þegar opinberar stofnanir gera almennt útboð, og enn er ótalin, eins og áður hefur verið bent hér á á hv. Alþ., framkvæmd skatta- og tollalöggjafar og kannske síðast en ekki sízt framkvæmd réttarfarslöggjafar. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi upptalning, en af henni má þó vera ljóst, að einstaklingarnir, sem þjóðfélag okkar byggja, eiga ekki svo lítið undir því valdi, sem opinberum afskiptum fylgir, að því sé réttlátlega skipt og því sé réttlátlega beitt.

Ég er með þessum orðum mínum ekki að draga úr því öryggi, sem einstaklingurinn í þjóðfélagi okkar býr nú við, og bendi þar bæði á dómstóla og svo hina æðri handhafa framkvæmdavaldsins, þar á meðal ráðherra, en þangað er auðvitað hægt að vísa margs konar málum. Og mín skoðun er sú, að í flestum tilvikum leysi starfs- og embættismenn hins opinbera, æðri sem lægri, störf sín af hendi eftir beztu getu og samkv. reglum, sem þeir eigi að fara eftir. En hættan er fyrir hendi, og hana er verið að undirstrika. Bæði viljandi og óviljandi yfirsjónir geta komið til greina í okkar stjórnkerfi, og geta þær komið um leið hart niður á einstaklingunum í þjóðfélaginu.

Ég flutti þessa till. fyrst í stjórnartíð hæstv. fyrrv. ríkisstj. Það er því ekki vegna þess, að ég telst nú til stjórnarandstöðunnar, að mál þetta er flutt nú. Þó verð ég að drepa á þá staðreynd, að sú yfirlýsta stefna hæstv. ríkisstj. um enn frekari samþjöppun hins opinbera valds, framkvæmdavaldsins, er nú að koma til framkvæmda. Í ljósi þess tel ég enn frekari ástæðu til þess, að því embætti, sem þáltill. fjallar um, verði komið á fót.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, þegar mál þetta hefur verið rætt, að umr. um það verði frestað og því vísað til hv. allshn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég minnist þess, að þegar þetta mál var fyrst flutt hér á Alþ., þá var fyrsta hugsun, sem greip mig, nokkur tortryggni gagnvart því á þeim forsendum, að hér væri verið að fara af stað með viðbót við bákniö mikla, ríkisbáknið. Mér skildist að vísu þá strax, að till. væri í sjálfu sér góðra gjalda verð og góð hugsun stæði á bak við hana, sú að tryggja skilyrðislausan rétt þegnanna til þess, að lög og reglur þjóðfélagsins næðu jafnt til þeirra allra, væru látin ganga jafnt yfir alla. En mér var sú spurning þá mjög í huga og er það nú raunar enn, hvort sá góði tilgangur næðist, hvort ekki yrði bara úr þessu nýtt bákn til viðbótar við allt hitt, sem ekki næði sínum góða tilgangi, sem fyrir þáv. flm. og núv. flm. hefur vakað.

Nú höfum við okkar dómstóla, þar sem menn geta leitað réttar síns á mörgum sviðum og rekið mál sín eftir reglum dómsmálanna. En það er þó vafalaust alveg rétt, að ýmislegt misrétti verður ekki leiðrétt eftir þeirri leið. Í mörgum tilvikum er sú leið of þunglamaleg til þess, að það henti að fara hana til þess að ná rétti sínum. Með það í huga vil ég mæla með þessari till., mæla með því, að þetta mál verði allt rækilega skoðað, og það því fremur sem ég sé ekki betur en hætta á ýmiss konar misrétti í þjóðfélaginu hafi farið og fari vaxandi ár frá ári.

Það er kannske ekki mikið hjá miklu, svona ef litið er vítt um heimsbyggðina, en það er þó óhætt að segja það, að stjórnunar- og embættiskerfi okkar á Íslandi er orðið næsta flókið. Við viljum kannske heldur segja fullkomið, því að það er orðið svo fullkomið, að það er næstum að segja daglegur viðburður, — það þekkjum við vel hér þm., sem erum í beinni snertingu við t. d. sveitarstjórnarmenn og ýmsa forsvarsmenn úr héruðum, — það er orðinn svo til daglegur viðburður, að ýmsir slíkir frammámenn þjóðfélagsins villist í þessum frumskógi og að villan verði svo alvarleg, að þeir prísi sig sæla að komast út úr skóginum, þó að þeir hafi aldrei komizt í ákvörðunarstað. Og umkomuleysi almennings gagnvart kerfinu er í ýmsum tilvikum orðið svo til algert.

Okkar félagslega löggjöf, t. d. tryggingalöggjöfin, er í eðli sínu það margslungin, að það er kannske varla við því að búast, að allur almenningur komist í gegnum hana án leiðbeiningar. Og ég álít, að það þurfi að skipuleggja betur en gert er í sambandi við það mál eitt út af fyrir sig upplýsingaþjónustu og fyrirgreiðslu við almenning. Ég ætla ekki að nefna nein dæmi frá því sviði. En þó er auðvelt að nefna dæmi um það, þar sem einstaklingar hafa átt mjög erfitt með að ná rétti sínum, þeim rétti, sem löggjafinn ætlast til, að þeir hafi. Ég hef í huga ýmis slík mál, en ég ætla þó ekki að fara út í þau. En til þess að árétta enn frekar sumt það, sem flm. þessa máls tók hér fram, þá langar mig til þess að nefna ein tvö, þrjú dæmi, alveg ný, sem ég þekki alveg frá fyrstu hendi um reynslu manna, sem hafa staðið í því stríði að komast í gegnum frumskóginn, þ. e. til botns í stjórnunarkerfinu varðandi þau mál, sem þeir hafa haft þá með höndum.

Fyrsta dæmið, sem ég vil nefna, er á þá leið, að forsvarsmaður 10 sveitarfélaga úti á landi er hér staddur í bænum í nóvembermánuði s. l. Hann þarf að fá ákvörðun tekna um það, hversu innrétta skuli bygginguna, sem er í smíðum á vegum þessara 10 sveitarfélaga, m. ö. o. opinbera byggingu, sem sveitarfélögin og ríkið standa að. Honum er ráðlagt að leita fyrst til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar, eða hvað hún heitir þessi nýja deild okkar þar. Hann gerir það. Honum er þá bent á, að réttara muni að tala um þetta mál í fyrstu lotu við viðkomandi rn. Hann gerir það, og gekk þó seint að finna réttan aðila, því að það var mikið að gera á þessum árstíma. Já, hann fór í rn., en þar var honum bent á, að þetta ætti hann fyrst að bera upp í hagsýslustofnuninni. Þessir þrír aðilar hefðu með sér samstarfsnefnd, og það væri eðlilegast, að hann færi þangað, því að þeim þar bæri að kalla nefndina saman. Þá var þrotinn tími hans í bænum, og hann fól mér framhald málsins. Ég náði svo í hagsýslustjórann, og hann sagði, að þar sem þetta mál heyrði undir ákveðið rn. og það væri því fyrsti aðili í málinu, þá væri eðlilegt, að það hefði frumkvæði að því, að nefndin kæmi saman út af þessu máli. Nú var, eins og ég tók fram áðan, mjög mikið að gera í rn. á þessum tíma, og kannske hefur Alþ. átt einhvern þátt í því að skapa það annríki. En hvernig sem því var nú háttað, þá náði ég tali af, ja, ekki að vísu ráðuneytisstjóra, en samt manni í rn., sem þekkti málið. Hann viðurkenndi þeirra aðild að þessu,

en sagði, að fyrst og fremst væri þetta þó, eins og nú væri komið, mál þeirra í Innkaupastofnuninni. Þá var þetta komið aftur til baka til upphafsins. Í þetta mun hafa farið allt að því mánuður, svo að ég yki nú ekki neitt. Ég held, að forsvarsmaður sveitarfélaganna hafi alveg einbeitt sér að þessu, en komst þó ekki lengra á viku en á milli tveggja stofnana, en ég verð að játa það, að ég var í ýmsu öðru, svo að þetta var tómstundaverk hjá mér að fara það, sem hann átti eftir af slóðinni.

Nú er framhald af þessari sögu, og henni er sjálfsagt ekki lokið enn. Ég veit ekki til þess, að búið sé að taka ákvörðun enn um tilhögun á innréttingu í þessari byggingu. Það er örstutt síðan ég frétti af málinu, þegar ég kom að austan fyrir viku síðan. Þá var ekki komin ákvörðun um þetta, og þá var tapaður sá tími, sem þeir heima töldu hentugastan til þess að framkvæma þetta verk, allt haustið og það, sem af er þessu ári. Fjárveiting var nóg fyrir hendi, en það vantaði ákvörðun um þetta, vegna þess að til greina kom, að þarna yrði eitthvað breytt tilhögun frá því, sem í fyrstu var ákveðið.

Það vill nú svo til, að ég hafði áður kynnzt því, hvernig það gekk í fyrstu að fá ákvarðanir varðandi þessa stofnun. Það var, þegar byrjað var á byggingunni. Þá var veitt fé á venjulegan hátt til hennar, bæði af heimaaðilum og hér á hv. Alþ., en eftir var að ákveða vissa hluti, hvernig með skyldi fara og hvenær ætti að hefja framkvæmdina. Ég veit nú ekki nákvæmlega, hver var ákvörðunaraðili, nema það dróst á langinn að fá ákvarðanir teknar og gerðar nauðsynlegar teikningar, þannig að það var ekki hægt að byrja á steypunni fyrr en undir haust. Og mér er það minnisstætt, þegar ég í morgunsárið eftir frostnótt var á ferð þarna í þessu kauptúni og kom þar að, sem verkamenn við þessa byggingu stóðu með rauða hvarma og svartir af sóti í reyknum frá olíueldunum, sem þeir höfðu kynt alla nóttina til þess að verja frosti grunninn að þessari byggingu, sem þeir voru þá nýbúnir að steypa upp. Og ég fullyrði, að þetta dróst svona fram á haustið eingöngu út af því, að það dróst að taka ákvarðanir hjá viðkomandi stjórnarvöldum um það, hvenær hægt væri að byrja á þessari byggingu.

Ég ætlaði að nefna annað dæmi. Það var líka á s. l. ári, trúi ég, sem það skeði, að oddviti einn utan af landi kom hingað suður til þess að fá úrslit í máli varðandi opinbera framkvæmd. Fjárhæðin var ekki stór, hún hljóp á 300—400 þús., en það hafði ekki fengizt afgert, hversu með málið skyldi fara. Hann var búinn að vera hér eitthvað í viku, án þess að koma nokkru til vegar í því og var vísað frá Heródesi til Pílatusar, eins og stundum er sagt. Nú var þessi oddviti eins og fjöldamargir aðrir sveitarstjórnarmenn úti á landi ekki oddviti að aðalstarfi, heldur er hann fiskimaður, og þegar leið á vikuna, frétti hann af aflahrotu á heimaslóðum og fór að ókyrrast. Ég hitti hann snemma morguns hérna úti í Pósthússtræti, og var þá mjög af honum dregið, enda hart að komast ekki í aflann, og vissi nú ekki, hvern upp skyldi taka. Ég tók hann með mér inn í Þórshamar og ræddi við hann um málið og vísaði honum til vegar, ekki bara út úr frumskóginum, heldur á leiðarenda. Ég rakst út á flugvöll seinna þennan dag. Þá var hann þar ferðbúinn, og málið var leyst. Ég get látið það fylgja með, á hvern hátt ég vísaði honum til vegar. Ég vísaði honum á ungan mann í viðkomandi rn., sem ég hafði nýlega kynnzt, og sagði við hann: Farðu til þessa manns og vittu, hvort hann vill ekki leiðbeina þér. Hann sagði mér þarna úti á flugvelli, að hann hefði hitt manninn og mér hafði orðið að trú minni, að hann leiðbeindi honum, og málið var leyst á hálftíma. Um aflabrögð, þegar heim kom, vissi ég nú ekki, enda er það önnur saga.

Og ég skal bæta enn einni sögu við, hún er stutt. Hún er líka um sveitarstjórnarmann, oddvita utan af landi. Hann varð of seinn að skila reikningum varðandi endurgreiðslu á framlögum ríkissjóðs til viss fyrirtækis og skilaði þessum reikningi í sept. 1970. Reikningurinn var fyrir árið 1969 og varðaði endurgreiðslu kostnaðar frá því ári. Þessi endurgreiðsla er ekki komin fram enn. Ég þekki þennan oddvita langbezt af þessum, sem ég hef nefnt. Hann hefur dvalið langdvölum hér í bænum á þessu tímabili og minnt kurteislega á þetta mál í hvert sinn, sem hann hefur haft samband við viðkomandi opinbera stofnun, sem hefur verið nokkuð oft. En það hefur ekki enn þá unnizt tími til að afgreiða þetta mál. Þar er þó ekki heldur um háa fjárhæð að ræða. Hún mun nema 20—25 þús. kr.

Svona dæmi er hægt að rekja alveg endalaust, og ef við lítum á annan flöt málsins, pappírshaugana, sem hlaðið er upp hjá því opinbera, þá er ekki betra uppi á teningnum. Þessir pappírshaugar geta verið ágætir til að vinna úr fyrir þá menn, sem hafa það að fullu starfi og eru til þess lærðir. En það gerir skakka í málinu, þegar annars vegar eru slíkir að verki og hins vegar sveitarstjórnarmenn, sem hafa pappírsvinnuna í hjáverkum, eins og t. d. maðurinn, sem ég nefndi áðan, og fleiri og fleiri. Þá er það bara tilfellið, að mörgum manninum fellur allur ketill í eld, þegar hann meðtekur hauginn.

Ég skal nefna tvö dæmi um þetta, hvernig búið er að hlaða upp þessum pappírum. Um tíma voru reikningar yfir kostnað við skólahald á næsta furðulegum eyðublöðum. Þá var það fundið upp, að allir reikningar yfir opinber eða hálfopinber fyrirtæki skyldu vera með sömu textum, með sama formi. Og þá voru t. d. reikningseyðublöð fyrir húsmæðraskólana þannig, að í textum þeirra voru liðir eins og salt, smurolíur, beita, ís, áburður, fóðurbætir o. s. frv. Þessu hefur nú verið hætt og af einhverjum ástæðum. Það hafa kannske komið nýjar vélar. En þá hefur komið annað þess í stað. Það eru eyðublöð undir áætlanir um kostnað fyrir þessa skóla. Ég vitna nú í þá, af því að ég hef haft með höndum málefni eins slíks skóla sem formaður skólanefndar. Mér barst nýlega í hendur gömul gerðabók og bréfabók frá þessari stofnun frá því að hún varð til fyrir 40 árum síðan, og rakst ég þar á áætlun, sem hafði verið send hér suður í rn. og látin nægja þá. Hún var á 8 línum. Þetta var rétt í þann mund, sem ég fékk í hendur eyðublöðin undir þá áætlun, sem ég átti að gera fyrir næsta ár. Og nú láta menn sér ekki nægja 8 línur eða eitthvað svoleiðis, heldur eru það 8 prentaðar bls. undir áætlun um kostnað við þennan sama skóla. Það er t. d. búið að taka viðhaldskostnaðinn niður á þrjú eða fjögur sérstök eyðublöð, eitt undir lóð, eitt fyrir húsgögn, eitt fyrir kennslutæki og eitt fyrir skólahúsið, til þess að — ja, ég veit ekki til hvers. Það er bezt að láta því ósvarað hér. En þetta er bara fyrir þann lið í rekstrinum, sem nefndur er viðhald. Svo eru náttúrlega sérstakir liðir

fyrir annan rekstrarkostnað. Ég nefni þetta bara sem dæmi, af því að ég þekki þetta persónulega, þessa tegund pappíra. En svona er þetta á ótal, ótal mörgum sviðum.

Um leið og ég lýsi stuðningi mínum við þessa till. og við það, að athugað verði mjög vandlega, hvort ekki sé hægt að koma til liðs við menn á þann hátt, sem þar greinir, þá vil ég auðvitað undirstrika það, að við verðum að vinna að því að draga úr þessum ósköpum og lagfæra á annan hátt. En það tekur sinn tíma. Það er ekki þægilegt að færa klukkuna til baka, og það tekur sinn tíma að breyta kerfinu. Ég held þess vegna, að við eigum að skoða þetta mál mjög vandlega og gera það alveg upp, hvort ekki er ástæða til að koma upp slíku embætti, sem hér er um rætt, samhliða því, sem við vinnum að því öll í senn að draga úr þessum og þvílíkum vanköntum á okkar ágæta íslenzka þjóðfélagi.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fyrirmynd að þessu starfi umboðsmanns þings er fyrst og fremst í Svíþjóð, þar sem um mjög langan aldur hefur verið embætti, sem heitir þar „justitieombudsman" Þegar Danir endurskoðuðu stjórnarskrá sína 1953, tóku þeir upp eftir þessari sænsku fyrirmynd embætti umboðsmanns þjóðþingsins. Danir voru svo heppnir að fá til þessa starfs einn allra fremsta og frægasta lögfræðing Dana, Stephan Hurwitz prófessor. Honum tókst með framsýni, festu og réttsýni að byggja upp þetta starf með þeim hætti, að almenna viðurkenningu og aðdáun hefur hlotið, ekki aðeins í Danmörku, heldur í mörgum löndum. Ýmis fleiri lönd hafa tekið þetta upp, fyrst og fremst eftir hinni dönsku fyrirmynd. M. a. hefur það orðið sums staðar í hinum enskumælandi heimi, og svo þekkt er þetta danska kerfi, að það er komið inn í enska tungu orðið „ombudsmand", tekið úr dönsku eftir þessari fyrirmynd.

Það er enginn efi á því, að flest ef ekki öll þau lönd, sem tekið hafa upp þessa skipan, telja hana hafa orðið mjög til bóta. En aðaltilgangur þessa starfs er sá, að einstaklingar og samtök þeirra geti leitað til þessa umboðsmanns þingsins, ef þeir eða þau telja sig órétti beitta eða ekki ná lögum. Nú má að vísu segja, að í flestum slíkum málum sé sá möguleiki að leita til dómstóla, en á því eru margir erfiðleikar og vankantar. Stundum er það þannig, að einstaklingar veigra sér við því að stefna ríkinu eða opinberum stjórnvöldum. Í annan stað tekur það oft langan tíma, kannske nokkur ár, að fá endanlegan dóm í slíkum málum, þegar mál eru búin að ganga í gegnum dómsstigin. Í þriðja lagi er oft mikill kostnaður við slíkt, sem mönnum hrýs hugur við.

Ef einhver telur rétti sínum hallað, þá getur hann leitað til þessa umboðsmanns, og venjan er sú, að umboðsmaðurinn og starfsmenn hans kanna málið tiltölulega fljótlega og gefa út álitsgerð um það. Álitsgerðir eða niðurstöður umboðsmannsins hafa ekki þá þýðingu, að hægt sé að framfylgja þeim með valdi eða aðför að lögum, eins og dómum. En ég þekki það í Danmörku, að úrskurður eða álitsgerð umboðsmanns þjóðþingsins hefur þar slíkt áhrifavald, getum við sagt, að engum dettur annað í hug en að fara eftir þeim úrskurði. Þessir úrskurðir hafa oft falið í sér yfirlýsingu um það, að einhver stjórnvöld hafi ekki farið að lögum, eða ávítur til einstakra stjórnvalda. T. d. minnist ég þess, að fyrir nokkrum árum fékk einn af ráðherrunum í Danmörku vítur frá umboðsmanninum út af vissri framkvæmd eða aðgerð.

Ég er sannfærður um, að það væri heppilegt og æskilegt fyrir okkur Íslendinga að koma upp slíkri starfsemi. Og ég held, að við þurfum ekki annað en hugleiða ýmis þau ágreiningsefni, sem risið hafa hér á undanförnum árum, til þess að sjá, að sum þeirra hefðu væntanlega orðið leyst snemma, ef þetta starf eða slíkur starfsmaður hefði verið til. Ég skal nefna eitt mál, sem nú að undanförnu hefur vakið ákaflega miklar og heitar deilur. Það er Laxármálið, Laxárdeilan. Nú hefur hún að nokkru leyti frá upphafi snúizt um það, hvort farið hafi verið að öllu leyti að lögum í því efni. Ég geri ráð fyrir því, að ef embætti umboðsmanns hefði verið til hér, þá hefði annar aðili eða kannske báðir skjótlega leitað til þessa starfsmanns og fengið álit hans um það, og mjög er líklegt, að slík álitsgerð, rækileg könnun á málinu strax af hlutlausum aðila, hefði getað orðið til þess að leysa það vandamál strax á fyrsta stigi. Þannig mætti vafalaust lengi telja, þó að vitaskuld sé aldrei hægt að fullyrða um það fyrir fram, hvort eitt eða annað mál kynni að leysast með þeim hætti.

Ég hef frá því að fyrst kom til orða að endurskoða stjórnarskrá okkar Íslendinga, sem var í sambandi við lýðveldisstofnunina, verið þeirrar skoðunar, að við ættum að lögfesta hjá okkur þetta starf, og helzt þyrfti það að vera ákveðið í stjórnarskránni til þess að veita því þá festu, sem þyrfti. Varðandi heiti á þessu starfi hafa tvö orð verið nefnd, lögsögumaður og umboðsmaður Alþingis. Ég tel, að annmarkar séu á þeim báðum, og tel, að ef í þetta verður ráðizt, þá væri þriðja heitið æskilegast, og það er ármaður, ármaður Alþingis eða ármaður ríkisins. Orðið ármaður hefur þá fornu merkingu að vera eftirlitsmaður ríkisvaldsins, svo að að því er það atriði snertir tel ég, að hér væri í rauninni aðeins tekið upp orð með að vissu leyti svipaðri merkingu eins og það hafði áður fyrr.

Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa till. um leið og ég tek fram, að ég tel æskilegt, að á sínum tíma yrði ákveðið um þetta starf tekið inn í sjálfa stjórnarskrána.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þá þáltill., sem hér er til meðferðar. Eins og kom fram hjá hv. flm., þá er hér síður en svo um nýtt mál að tefla. Þessi till. kom fyrst fram á Alþ. 1964 og var flutt af Kristjáni Thorlacius, sem þá sat hér á Alþ. sem varamaður. Hún var endurflutt 1966 og 1967, og í bæði þau skipti kom það í minn hlut að mæla hér fyrir þessari till., vegna þess að eins og störfum er hagað á Alþ., var þá og er enn langur tími, sem líður oft, þar til flm. komast að með till., og varamenn þurfa oft að hlíta því hlutskipti að vera farnir út af þingi, þegar till. þeirra koma til umr., og svo var einnig í þessum tilvikum. En ég ætla að rifja þetta upp í stuttu máli einungis vegna þess, að í fyrra skiptið, sem ég flutti framsöguræðu um þetta mál, tók enginn hv. alþm. til máls. Till. vakti enga athygli, og það var enginn vilji til þess að samþykkja hana. Þetta var nokkuð breytt í síðara skiptið, sem ég hafði framsögu fyrir þessari till. Það var breytt á þann veg, að þá var talað mjög sterklega gegn þessari till. af þáv. formanni Sjálfstfl. Nú hefur orðið sú ánægjulega

breyting í þeim röðum, að nú þykir þetta mál, sem sjálfsagt sé að samþykkja. Ég er ekki að rifja þetta upp til þess að leggja neitt sérstaklega út af því. Ég bara minni á, að svona hefur málið æxlazt, og það sýnir það, að hér er um þarft mál að tefla, og ég fagna því, að fleiri aðilar, fleiri og fleiri gera sér grein fyrir því, að við getum haft mjög mikið gagn af þessu embætti.

Það var alveg rétt, sem fram kom hjá hv. flm., að strax við 1. umr. um málið, það var áður en ég fór að hafa framsögu fyrir því, þá var einn þáv. hv. þm. mjög óánægður með nafnið lögsögumaður. Það var Einar Olgeirsson. Og þá var því strax lýst yfir af flm. till. og endurtekið af mér í tvö skipti í samráði við hann, að nafnið væri honum og okkur flm. ekkert atriði og það mætti breyta því, eftir því sem Alþ. þætti henta. Nú hafa komið hér fram tvö ný heiti fyrir menn til þess að velta fyrir sér, hvað heppilegast verði að nefna þessa stöðu. Enn þá vil ég undirstrika það, að slíkt er ekkert atriði í mínum augum, heldur hitt, að þessi umboðsmaður, lögsögumaður eða ármaður, getur rétt hlut einstaklinga í samskiptum við ríkisvaldið. Á því var full þörf 1964, og á því er vafalaust full þörf enn, og skiptir ekki máli, hvaða flokkar það eru, sem fara með völdin í landinu.

Ég vildi, áður en þessari umr. lýkur, aðeins láta það koma fram, að bæði ég og aðrir höfum staðið að flutningi þessa máls og að sjálfsögðu hlýt ég sem fyrrv. meðflm. þessarar till. og fyrrv. frsm. hennar í tvö skipti hér á hv. Alþ. að fagna því, að hún er enn þá komin fram, og styðja að því, að hún nái fram að ganga.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hv. þm., sem hafa tekið til máls og rætt málið, fyrir ágætar undirtektir þeirra. Ég gat þess skýrt og skilmerkilega í minni framsöguræðu, hverjir hefðu verið upphafsmenn að flutningi þessa máls hér á Alþ. En mér þykir vissulega mjög leiðinlegt að hafa ekki getið að verðleikum þáttar hæstv. utanrrh. í þessu máli, og bið ég hann velvirðingar þar á, enda hefur hann rækilega skýrt sinn þátt í því nú í sinni ræðu. Hins vegar veit ég, að hann fyrirgefur mér. Ég vakti sérstaka athygli á hans stórmerkilega þætti í því að koma Rauða-Kína inn í Sameinuðu þjóðirnar, og ég vona, að hann leggi það að líku, þannig að hann misviröi þetta ekki við mig til lengdar.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 62., 63. og 65. fundi í Sþ., 28. apríl, 2. og 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 49, n. 622).

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar mál á þskj. 49, sem er till. til þál. um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis.

Nefndin hefur athugað þessa þáltill. og gefið út svofellt nál.:

„Nefndin hefur athugað þáltill. og að fenginni umsögn lagadeildar Háskóla Íslands og Dómarafélags Íslands ákveðið að mæla með samþykkt tillögunnar.“

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál hér frekar. Það hefur verið til umr. á undanförnum þingum og er hv. alþm. kunnugt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 859).

22. Sjálfvirk radíódufl í skipum.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum [87. mál] (A. 98).

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Allir landsmenn eru vafalaust sammála um, að tryggja beri öryggi sjómanna okkar við þeirra hættulegu störf svo sem frekast er kostur. Þessi till. til þál., sem ég hef ásamt Bjarnfríði Leósdóttur borið fram, er þáttur í þeirri viðleitni að auka öryggi sjómanna.

Mörg dæmi eru þess, að sjómenn hafa lent í löngum og of löngum hrakningum, vegna þess að þeir hafa ekki fundizt nægilega fljótt, ef alvarlegt slys hefur borið að höndum. Með tilkomu sterkra sendistöðva í dufli sem þessu, sem segir frá í grg., væri öryggi hvað þetta varðar orðið miklu meira en nú er. Í bátunum eru nú neyðartalstöðvar, sem að vísu geta gert talsvert gagn, ef til þeirra næst í bráðum hættutilfellum, en sá galli er á þeim, að þær hafa fremur lítið sendiafl, en umrætt radíódufl mikið, svo mikið, að það er tiltölulega auðvelt að miða það og staðsetja með allmikilli nákvæmni, þótt langt sé í það. Samkv. upplýsingum frá Slysavarnafélagi Íslands reyndist duflið ljómandi vel og heyrðist um allt land, þegar það var reynt á Gísla Johnsen hér í Faxaflóa. Japanskir fiskimenn hafa notað þetta dufl árum saman og reyndar einnig fiskimenn annarra þjóða, og hefur notkun þess orðið til þess að bjarga fjölmörgum fiskimönnum Japana. Skrifstofustjóri Slysavarnafélagsins upplýsti mig um það, að þetta dufl hefði þegar bjargað miklum fjölda sjómanna, jafnvel

svo þúsundum skipti. Þessi þjóð, Japanir, er komin lengst í gerð slíkra radíódufla að áliti margra þeirra, sem hafa kynnt sér þetta mál rækilega, en margir aðrir aðilar framleiða nú svipuð tæki. Það gæti jafnvel komið til mála, að framleiðsla slíkra radíódufla færi fram hérlendis til þess að spara gjaldeyri og skapa vinnu, svo að eitthvað sé nefnt, en þau kosta hingað komin anzi mikla peninga, allt frá 20 þús. og upp í 80—90 þús. kr., svo að nefndar séu þær upplýsingar, sem ég hef fengið síðast. Og þetta verð fer vissulega mjög mikið eftir því, hve mikil gæði þessi dufl hafa til að bera.

En ég hef því miður ekki fengið enn í hendur staðfestar allar þær upplýsingar, sem ég hef leitað eftir, en gæti hugsanlega lagt þær fyrir þá nefnd, sem fengi málið til meðferðar. Sjálfsagt er að leita upplýsinga og álits frá fleiri aðilum, sem reynt hafa slík tæki, og svo að sjálfsögðu, að Skipaskoðun ríkisins fái þetta til athugunar og umsagnar og ekki sízt þær endurbætur, sem framleiðendur hafa gert á þessum duflum. Þær endurbætur eru fyrst og fremst fólgnar í því, að það er hægt að prófa það hvenær sem er, hvort nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, sem senditæki duflsins eru tengd við, aðeins með því að ýta á einn takka, sem sýnir, hvort nægilega mikið rafmagn sé í duflinu. Þótt dufl þessi yrðu keypt frá útlöndum, þá yrði hér heima að stilla inn á hvert dufl kallmerki viðkomandi báts, sem fær þetta dufl.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu frekar, en ég hef heyrt marga sjómenn mæla með því, að slík dufl kæmu í íslenzk skip, og ég vil geta þess, að á nýafstöðnu þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins var lýst yfir meðmælum með þessari till.

Ég skora á hv. þm. að veita þessari till. brautargengi og legg til, að að loknum umr. verði málinu frestað og síðan vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 63. og 65. fundi í Sþ., 2. og 5. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 98, n. 656).

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Allshn. athugaði þessa till., og eins og fram kemur í nál., leitaði hún umsagnar hjá póst- og símamálastjórninni, Slysavarnafélagi Íslands og siglingamálastjóra. Og er skemmst frá því að segja, að umsagnir allra þessara aðila voru jákvæðar og allshn. er sammála um það, að þetta sé hið ágætasta mál, og mælir einróma með því, að till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 861).

23. Vinnutími fiskimanna.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vinnutíma fiskimanna [102. mál] (A. 121).

Á 18., 21. og 30. fundi í Sþ., 30. nóv., 7. des., 25. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 27. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 7. landsk. þm. leyft mér að flytja till. til þál. um vinnutíma fiskimanna, en sú till. er á þskj. 121 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir undirbúningi löggjafar um vinnutíma fiskimanna með þeim hætti að skipa nefnd manna, er í eigi sæti fulltrúar sjómanna og útvegsmanna. Verði nefndinni falin eftirtalin verkefni:

1. Að athuga svo gaumgæfilega sem verða má, hver vinnutími fiskimanna sé að jafnaði á sólarhring, viku, mánuði og ári.

2. Að athuga, með hvaða hætti fiskimönnum, öðrum en þeim, sem róa á eigin fari, verði tryggður

a) viðunandi hvíldartími á hverjum sólarhring;

b) heildarvinnutími á viku og mánuði eða ári, sem sé sem sambærilegastur við þann, sem tíðkast meðal annarra starfsstétta.

Á grundvelli framangreindra athugana undirbúi nefndin síðan frv. til l. um vinnutíma og orlof fiskimanna."

Það er hv. þm. vel kunnugt, að vinnutímamál launamanna, sem í landi vinna, hafa að undanförnu verið mjög á dagskrá, m. a. hér á hv. Alþ., en hér var nú rétt fyrir áramótin samþykkt almenn löggjöf um 40 stunda vinnuviku fyrir allan meginþorra launafólks. Þessi löggjöf nær raunverulega til svo til allra nema fiskimanna, og lágu auðsæjar ástæður til þess, að vinnutímamál þeirra gátu ekki sætt sömu meðferð og þeirra, sem ganga að vinnu í landi. Ekki getur þó farið hjá því, að málefni sjómanna verði að þessu leyti einnig gaumgæfð og leitazt verði við að finna á þeim viðunanlega lausn, sem hæfi aðstæðum og brúi að verulegu leyti a. m. k. það stórfellda bil, sem orðið er á þessum sviðum milli kjara launamanna í landi og fiskimannanna og sætti þá síðarnefndu við sitt hlutskipti.

Í höfuðatriðum byggist vinnutími sjómanna á fiskiskipaflotanum nú á eftirfarandi:

1. Samkv. lögum um hvíldartíma sjómanna á botnvörpungum, vökulögunum svo kölluðu, er um að ræða 12 tíma vinnu á sólarhring og 12 tíma hvíld. Þetta er framkvæmt með vaktaskiptum á 6 klst. fresti. Í þessum

lögum er ekki tiltekið neitt um skipastærð sem grundvöll fyrir frávikum frá þessari reglu, en í framkvæmd er þetta þannig, að lögin eru aðeins framkvæmd á togskipum, sem eru yfir 500 tonn, en togskip undir þeirri rúmlestatölu ekki látin falla undir lögin, hverju svo sem það sætir.

2. Á togskipum 200—500 rúmlestir er reglan sú, að vinnutími sé 16 klst. og 8 klst. hvíld. Í framkvæmd eru þetta vinnuvaktir um 12 klst., og 6 klst. hvíld.

3. Á fiskibátum innan við 200 tonn er samningsbundinn hvíldartími 6 klst. og vinnutíminn því 18 klst. Þessi regla er þó í raun mjög illa haldin, og telst algengt, að vinnutími vari í 20 klst. á sólarhring og jafnvel þar yfir.

4. Á nýjum skuttogurum, þeim, sem þegar eru komnir í gagnið hér á landi og eru undir 500 rúmlestum, er enn ekki um samræmdar vaktareglur að ræða. Á einu slíku skipi, sem mér er kunnugt um, eru helmingavaktir, en þó heimild til útkalls, ef þörf er talin á, en á öðru slíku skipi er þriðjungs hvíldarvakt eða 16 tíma föst vinna á móti 12 á gömlu togurunum. Er reynslan af þessu fyrirkomulagi slík, að jafnvel harðgerðustu togarasjómenn una ekki þeim þrældómi, sem þar er um að ræða, þrátt fyrir tiltölulega mjög góðar tekjur, sem jafnvel hafa numið 80—90 þús. kr. á mánuði.

Það virðist algerlega óþolandi og óforsvaranlegt, að vökulögin fái að þróast á þann hátt, sem raun er hér á, ekki sízt þegar aðgætt er, að bráðum streyma til landsins mörg togskip undir 500 rúmlestum. Þegar vökulögin voru upphaflega sett, voru togararnir 300—340 rúmlestir að stærð, en nú eru verulega stærri togarar í reynd undanþegnir ákvæðum þessara laga. Fæ ég ekki betur séð en hér sé um hreint lagabrot að ræða, sem þó viðgengst lítt eða ekki átalið af öðrum en þeim, sem brotið mæðir á. Sjómannasamtökin hafa að undanförnu haft uppi kröfur um lítils háttar breytingar á þeim meginreglum um vinnutímann, sem ég hef hér rakið. Hafa þau krafizt þess, að 8 tíma hvíld yrði tryggð á bátaflotanum, en að helmingavaktir yrðu reglan á togskipum yfir 350 tonnum. Þessi krafa hefur þó ekki náð fram að ganga, og allt situr það í líku fari og áður.

Af því, sem ég hef nú rakið, má vera ljóst, að vikulegur vinnutími íslenzkra fiskimanna er almennastur frá 84 klst., vikulegur vinnutími er frá 84 klst. og upp í a. m. k. 108 klst., en getur þó í einstökum tilvikum orðið sýnu lengri. Þessi vinnustundafjöldi er í raun sambærilegur við rúmlega 30 klst. virka vinnuviku fyrir landmenn eða allt upp í það að vera meira en þrisvar sinnum lengri. Og getur þó engum dulizt það, að á sjónum er um að ræða hættulegri vinnu, vosbúð og mörg önnur ytri skilyrði, sem telja verður stórfellt lakari en þau, sem almennt tíðkast í landi. Ég tel þess vegna fulla ástæðu til þess að spyrja: Er þetta hægt? Fær það staðizt til langframa, að svo stórkostleg mismunun í frumstæðustu réttindum til hvíldar sé látin viðgangast? Fær það staðizt til langframa, að fiskimennirnir, sem leggja í raun allan grundvöllinn að efnahagskerfi þjóðarinnar með eindæma afköstum sínum, séu settir algerlega utangarðs um alla sómasamlega vinnuvernd á sama tíma og öllum vinnandi mönnum í landi er með lögum og samningum tryggð ein stytzta dagvinnuvika, sem þekkist í þessum heimshluta? Ég held ekki. Og við flm. þessarar till. til þál. álítum, að ekki verði með nokkru móti komizt hjá því, að löggjafinn taki þessi mál föstum tökum nú þegar og hafi forgöngu um lausn þeirra.

Við gerum okkur þó fulla grein fyrir þeim fjárhagslegu og tæknilegu vandamálum, sem nauðsynlegum breytingum í þessum efnum eru samfara. Okkur er ljóst, að fiskveiðar eru þess eðlis, að örðugt kann að vera að tryggja fiskimönnum jafnskamman vinnutíma á hverjum einstökum sólarhring og landmönnum. En þó verður tvímælalaust að tryggja þeim þá daglegu hvíld, sem hverjum manni er nauðsyn, ef hann á að geta haldið og verndað heilsu sína og vinnuþrek eðlilega starfsævi. En það, sem á kynni að skorta sambærilega daglega hvíld og frítíma, yrði síðan að bæta með fleiri frídögum og/eða lengri orlofstímum. Teldum við mjög koma til greina, að fiskimenn ættu t. d. lagarétt á tveim orlofstímabilum á ári. Vera má, að við athugun kæmi í ljós, að fleiri leiðir en ein hentuðu eftir mismunandi tegundum veiðiskapar. En aðalefni þessa máls er þó það, að samtök fiskimanna, útvegsmanna og löggjafarvaldið taki mál þessi sameiginlega til rækilegrar athugunar og leiti raunhæfustu leiða til þess að skapa og tryggja jafnræði sjómannastéttarinnar við aðra landsmenn hvað heildarvinnutíma snertir og þá um leið varðandi möguleika hennar á því að njóta félagslegra mannréttinda nokkurn veginn til jafns við aðrar starfsstéttir.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð, nema sérstakt tilefni gefist til, og legg til, að að umr. lokinni verði málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 121, n. 667).

Frsm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar þáltill. um vinnutíma fiskimanna á þskj. 121 og enn fremur till. til þál. um orlofs- og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum undir 500 brúttótonnum á þskj. 122.

Efni þessara till. er í meginatriðum hið sama, og varð n. ásátt um að fella þær í eina. Þessar þáltill. munu m. a. eiga rætur að rekja til þess, að samþ. höfðu verið á Alþ. lög um 40 stunda vinnuviku, en sú löggjöf nær ekki til sjómanna. Ástæðan mun vera sú fyrir því, að vinnutími sjómanna var ekki tekinn með í þessari löggjöf, að það mun vera ýmsum vandkvæðum bundið að koma því vel fyrir. Hins vegar varð allshn. sammála um, að till. yrðu, eins og ég áður sagði, felldar í eina og gerir því brtt. við þær, svo hljóðandi:

„Tillgr. orðist svo: Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd, sem í eiga sæti m. a. fulltrúar sjómanna og útvegsmanna, til að athuga möguleika á lagasetningu um vinnutíma og orlof fiskimanna."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 667 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 862).

24. Byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp [115. mál] (A. 143).

Á 21., 30., 31. og 32. fundi í Sþ., 7. des., 25. og 27. jan., 1. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að bera fram hér þáltill. um endurskoðun laga um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp. Þeir, sem flytja þessa till. með mér, eru hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeir Bjarnason, hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, og hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmason. Þáltill. er svona:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir. Verði endurskoðunin við það miðuð að minnka umdæmi byggingarfulltrúa að því marki, að unnt sé að veita íbúum hvers umdæmis viðhlítandi þjónustu. Kannað verði, hvort hagkvæmt muni reynast að tengja starf byggingarfulltrúa við hina almennu leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins, hvort stærð umdæmanna eigi að miðast við það, að byggingarfulltrúi geri teikningar og vinnuteikningar fyrir umdæmið að einhverju eða öllu leyti, eða hvort heppilegra sé að koma upp teiknistofum fyrir stærri svæði, er sjái um þessa þjónustu, og þá á hvaða fjárhagsgrundvelli slíkt verði gert. Nefndin leiti álits og umsagnar formanna sýslunefnda og búnaðarsambanda um æskilega skipan þessara mála á hverjum stað, en hraði þó störfum svo sem kostur er."

Lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp eru frá árinu 1945 og eru því 26 ára gömul. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar í þjóðfélagi okkar á flestum sviðum og þó ekki síst í allri mannvirkjagerð. Þegar umrædd lög voru lögfest, var nánast óþekkt að gera vinnuteikningar að húsabyggingum. Nú eru gerðar aðrar og meiri kröfur um allan undirbúning og frágang slíkra framkvæmda, enda hafa margs konar mistök kennt okkur, að á því var full þörf. Þó er enn víða pottur brotinn að þessu leyti og mikið í húfi að bæta úr því, þar sem byggingar eru mjög fjárfrekar framkvæmdir, og getur orðið erfitt og kostnaðarsamt að gera breytingar eftir á eða lagfæra galla, ef mistök eiga sér stað. Leiðbeiningarþjónusta í þessum mikilvæga þætti landbúnaðarins hefur engan veginn fylgt eftir þeirri þróun, sem orðið hefur á þessu sviði síðustu árin, og er svo komið, að ekki verður við unað lengur, enda eru uppi mjög háværar raddir um að gera breytingar á skipan þessara mála. Hins vegar mun sýnast sitt hverjum, í hverju breytingarnar eigi að vera fólgnar, og því er þessi þáltill. fram borin.

Það kemur margt til, að ekki má dragast lengur að endurskoða það kerfi, sem við búum við að þessu leyti. Stofnlánadeild landbúnaðarins gerir nú þær sjálfsögðu kröfur, að teikningar fylgi með lánsumsóknum. Byggingar eru í mörgum tilvikum stærri og margbrotnari en áður var og vinnuteikningar taldar sjálfsagðar, en voru óþekktar, eins og áður segir, fyrir 26 árum. Byggingarþjónusta landbúnaðarins hefur allt of lítið starfslið til að anna þeim verkefnum, sem leysa þarf af hendi ár hvert, og vafasamt, að slík skipan sé æskileg, t. d. að vinnuteikningar séu gerðar í Reykjavík fyrir landið allt. Það sýnist eðlilegra að tengja eftirlits- og leiðbeiningarstarfið þeirri undirbúningsvinnu með einhverjum hætti, og það er ekki lítils virði fyrir landsbyggðina að fá tæknimenntaða menn inn í héruðin til ráðuneytis um fyrirkomulag og gerð bygginganna, að þeir geri allar teikningar og fylgist með framkvæmdinni, geti skýrt vafaatriði, sem upp geta komið, hjálpað til að velja framkvæmdum stað og leiðbeint þeim, sem reyna að koma upp slíkum mannvirkjum með heimafengnu vinnuafli að mestu leyti.

Samkv. gildandi lögum er heimilt að hafa byggingarfulltrúa, sjö að tölu, utan við löggilta verzlunarstaði, og hvert umdæmi er miðað við kjördæmi. Þessi heimild hefur ekki verið notuð á Vestfjörðum, og í Reykjaneskjördæmi er þessi þjónusta innt af hendi samhliða öðru starfi. Má því segja, að ekki séu nú nema fimm byggingarfulltrúar, er starfa utan við hina löggiltu verzlunarstaði. Í ljós hefur komið, að þessi umdæmi eru allt of stór og engum manni fært að komast yfir það, sem þörf er á og krafizt er, miðað við nútíma aðstæður. Verður tæpast hægt að víkja sér undan því lengur að endurskoða þetta skipulag og freista þess að marka í þessum málum framtíðarstefnu, er uppfylli betur þarfir og kröfur samtíðarinnar og stefni að því að koma í veg fyrir mistök, er gætu leitt til sóunar mikilla fjármuna.

Til að sýna hinn mikla mun, sem er á umdæmum byggingarfulltrúa, eins og þau eru afmörkuð í gildandi lögum, skal ég greina frá því, hve margar jarðir eru í byggð í hverju kjördæmi og hvernig framleiðslumagnið er í hverju þessu umdæmi út af fyrir sig.

Í Reykjaneskjördæmi eru taldar í byggð 205 jarðir, og framleiðslan þar er 3.27% af allri framleiðslunni. Í Vesturlandskjördæmi eru byggðar jarðir 796 og framleiðslan 14.54%. Í Vestfjarðakjördæmi 459 jarðir og framleiðslan 6.11%. Í Norðurl. v. 803 jarðir og framleiðslumagnið þar er 15.36%. Í Norðurl. e. 939 jarðir og framleiðslumagnið þar er 21.66%. Í Austurlandskjördæmi 647 jarðir og framleiðslumagnið þar 9.36%. Í Suðurlandskjördæmi 1211 jarðir, en framleiðslumagnið þar er 29.67%.

Síðan þessi þáltill. var fram borin, hef ég fengið nokkur bréf utan af landi í sambandi við þetta mál, og á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar var borin fram till., sem var samþ. í einu hljóði, og til þess að sýna betur það, hvernig menn hugsa í þessu máli, þá langar mig til þess að vitna hér bæði í þessa till. og ýmislegt fleira, sem mér hefur borizt, síðan þessi mál komu hér

fyrir þingið. Till., sem samþ. var hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Með skírskotun til breytinga á starfstilhögun Teiknistofu landbúnaðarins telur fundurinn brýna þörf fyrir byggingarráðunaut á sambandssvæðinu. Felur fundurinn stjórninni að kanna þetta mál bæði fjárhagslega og lagalega og skila áliti fyrir næsta aðalfund. Tekið skal fram, að í þessu felst engin gagnrýni á núverandi byggingarfulltrúa, en fundurinn telur, að starfssvið hans sé of stórt fyrir einn mann."

Í bréfi, sem fylgir þessu, kemur fram, að menn telja yfirleitt, að það þyrfti að skipta a. m. k. þessum stóru kjördæmum, t. d. Norðurl. e., og eðlilegt væri, að Eyjafjörður annars vegar og Þingeyjarsýslurnar hins vegar hefðu sinn fulltrúa. Ég hef fengið bréf bæði frá sýslumanni Eyfirðinga og sýslumanni Suður-Þingeyjarsýslu, sem telja, að þessi skipan mundi vera eðlileg og mundi kannske koma að gagni. Það hefur líka komið fram mikil óánægja með það ástand, sem er, að það eru stór svæði, sem borga í sýslusjóðinn, — en sýslurnar borga, eins og menn vita, hluta af launum byggingarfulltrúa, — og þó að sumir, t. d. kauptúnahrepparnir, fái þarna enga þjónustu, þá verða þeir að borga byggingarfulltrúunum sinn hluta, og það er mjög mikil óánægja með þetta. Það hefur líka sýnt sig, að víða er bara engin leið að fá teikningar, t. d. vinnuteikningar, og þó að þessir byggingarfulltrúar séu færir um að gera þær, þá anna þeir því ekki í þessum stóru umdæmum. Ég tel því, að það sé mjög brýnt að athuga skipan þessara mála, og það er enginn vafi á því, að það verður að mínum dómi a. m. k. bezta lausnin, að það verði einhvern veginn tengt leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins. Þegar þessir menn eru á ferðalögum, — ég þekki það í mínu héraði, — þá er enginn, sem getur svarað eða tekið skilaboð til byggingarfulltrúans, og það er oft mjög miklum erfiðleikum háð að ná til hans, og hefur komið fyrir, að það hefur verið auglýst eftir honum í útvarpi, eins og frægt er orðið.

En þetta er enn þá meira aðkallandi á þessum stöðum, þar sem framkvæmdatíminn er eins stuttur og hérna hjá okkur. Þetta getur blátt áfram tafið framkvæmdirnar þannig, að það, sem þarf að ljúka fyrir veturinn, sé ekki hægt að framkvæma, vegna þess að ekki er hægt að fá leiðbeinendur, ekki hægt að fá samráð við tæknimenntaða menn að þessu leyti.

Ég vona, að þessi þáltill. fái hér jákvæðar undirtektir. Ég vona, ef hún verður samþ., að hæstv. ríkisstj. skipi þessa nefnd, sem við leggjum til að verði skipuð til þess að rannsaka þessi mál, að hún verði fljót að vinna og leggja fram till., eins og þáltill. felur í sér, í frv.-formi að könnun lokinni, vegna þess að að mínum dómi er mjög brýnt, að mál þetta verði leyst á annan veg en nú er. Því fyrr, því betra.

Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til síðari umr. og allshn.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Það er vissulega mikil þörf á því að endurbæta gildandi lög um byggingarsamþykktir í dreifbýlinu og fylgja betur eftir eftirliti með byggingum úti á landsbyggðinni heldur en gert hefur verið til skamms tíma, og raunar þarf að taka öll þessi mál til endurskoðunar allt frá grunni, allt frá því að byrjað er að hugsa fyrir byggingunni og teikna hana og til enda, til þess að hún er máluð eða veggfóðruð. Sannleikurinn er sá, að fjöldamörg hús, ekki bara gömul, heldur allnýbyggð einnig, liggja undir skemmdum og eru allt að því hálfónýt, vegna þess að þar hefur vantað alla þekkingu á meðhöndlun efnis og aðferðum, sem nauðsynlegar eru til þess, að hús fái staðizt íslenzka veðráttu. Það er því full þörf á þessari þáltill., sem hér er til umr., og get ég út af fyrir sig verið samþykkur henni í megindráttum, en þó vil ég aðeins nefna hér tvö atriði, sem ég tel orka tvímælis í henni, og vildi vísa því til þeirrar n., sem tekur málið til meðferðar á milli umr., að huga betur að þeim atriðum.

Í till. segir, að byggingarfulltrúi geri teikningar og vinnuteikningar fyrir umdæmi að einhverju eða öllu leyti. Þá yrði m. a. verkefni hans að athuga, hvort verkið væri framkvæmanlegt. Í fyrsta lagi teldi ég það mjög óeðlilegt, að byggingarfulltrúi, sá aðili, sem á að fjalla um teikningar, sem byggja á eftir, og líta síðan eftir framkvæmd þeirra bygginga, sem byggðar yrðu samkv. þeim teikningum, fengi þar með vald til þess að líta eftir sínum eigin verkum. Það held ég, að væri í alla staði mjög óeðlilegt og óhyggilegt. Það þarf að sjálfsögðu að líta eftir verkum arkitektsins eins og öðru í sambandi við byggingarstarfsemina, og þess vegna ætti það að mínu viti frekar að vera óheimilt, að eftirlitsmaðurinn gerði þær teikningar, sem hann ætti að líta eftir framkvæmd á.

Í öðrum stað segir hér, að nefndin, þ. e. sú nefnd, sem skipuð yrði, leiti álits og umsagnar formanna sýslunefnda og búnaðarsambanda um æskilega skipun þessara mála á hverjum stað, en hraði þó störfum svo sem kostur er. Þessu er ég út af fyrir sig sammála. En ég tel nauðsynlegt, að þessi nefnd láti ekki staðar numið við það að leita einungis umsagnar formanna sýslunefnda og héraðasambanda. Með fullri virðingu fyrir þeirra starfsvettvangi og hæfni þeirra, þá tel ég alveg bráðnauðsynlegt, að einnig sé leitað álits samtaka tæknimanna, arkitekta, verkfræðinga, tæknifræðinga og iðnaðarmanna. Og enda þótt lögin, sem sett yrðu, yrðu einungis sá rammi, sem utan um þessa starfsemi yrði, og nánar yrði kveðið á um í reglugerðum, þá gæti sá rammi, sem lögin setja, haft inni að halda ýmsa þá vankanta, sem óæskilegir væru, en sem koma mætti í veg fyrir, að á þeim yrðu strax í upphafi, ef álits yrði leitað hjá þeim mönnum, sem hafa sérþekkingu á sviði byggingarmála.

Þetta vildi ég, að kæmi hér fram sem ábending til þeirrar þingnefndar, sem um málið fjallar milli umr., og bið hana að athuga, hvort ekki væri rétt að bæta þessu við það, sem segir í þáltill.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til stuðnings þessu ágæta máli. Ég held, að það dyljist engum, sem þekkir eitthvað til bygginga í dreifbýlinu, að þar er ýmsu ábótavant, og sýnist mér réttilega bent á ýmis atriði í þessari þáltill., sem þar gætu orðið til bóta. Þó vil ég, áður en ég kem að meginefni máls míns, taka undir það, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að mér sýndist einnig, þegar ég las þessa till., e. t. v. nokkuð vafasamt að fela einum og sama aðilanum að teikna og annast eftirlit með byggingarframkvæmdum. Vil ég styðja þá ábendingu, sem kom fram hjá honum.

En fyrst og fremst stóð ég upp til þess að vekja athygli á því, að víða mun efnisvali til bygginga í dreifbýlinu vera mjög ábótavant. Ég hygg, að við höfum öll séð steinsteypta veggi, sem eru að grotna niður, þótt þeir séu sem betur fer ekki eins margir nú og þeir voru. Ég hygg einnig, að þeir séu langtum fleiri úti í dreifbýlinu en almennt í þéttbýlinu, þar sem eftirlit með steypuefni er langtum betra og nákvæmara en víðast hvar um landið.

Fyrir nokkrum árum gerði Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins samning við Ræktunarsjóð og tók að sér það sem nefna mætti lágmarkseftirlit eða könnun á steypuefnisnámum, og hygg ég, að þar hafi verið unnið allgott undirstöðuverk. Mér sýnist þó, að ekki sé nálægt því nógu vel tryggt, að hæfilegt byggingarefni sé notað. Ég held, að þennan þátt þurfi einnig að tengja þeirri athugun, sem lagt er til, að fram fari.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil nú þakka fyrir þær góðu undirtektir, sem hafa komið fram hjá þeim tveimur ræðumönnum, sem hafa tekið hér til máls um till. Og ég vil fagna ábendingu hv. 1. þm. Vestf. um það, að efni, sem væri notað í byggingar yfirleitt eða víða a. m. k. úti á landsbyggðinni, væri ekki nógu gott. Við vitum það allir, að þannig er það, og þetta er mjög þörf ábending. En það verður að athugast vel, hvernig hægt er að hafa eftirlit með slíku eða hvort hægt er að gera það að skilyrði fyrir t. d. lánveitingu, að efnið sé rannsakað. Nú er ekki hægt að skylda menn, sem eru langt frá þessum aðalstöðvum, að nota efni þaðan. Það væri of kostnaðarsamt. En það þyrfti sennilega að koma á einhverri skyldu til þess að rannsaka það efni, sem hver og einn kynni að nota. Við höfum séð það allvíða, að t. d. steinsteyptir veggir vilja molna niður, og það þarf auðvitað að koma í veg fyrir slík slys, ef hægt er með einhverjum hætti.

Báðir hv. ræðumenn viku að því, að það gæti verið vafasamt, að byggingarfulltrúinn annaðist teikningar, teikningar, sem hann ætti svo að hafa eftirlit með sjálfur. Þessu er nú ekki slegið föstu í till., en ég vil bara benda hv. ræðumönnum á, að þetta er það, sem t. d. verkfræðingarnir gera. Þeir gera teikningar. t. d. járnateikningar og teikningar á sínu sviði, og hafa eftirlit með, hvernig verkið er framkvæmt, og bera ábyrgð á því. Og ég sé nú satt að segja ekki mikinn mun á því og ef t. d. byggingarfulltrúi, sem ynni slíkar vinnuteikningar, hefði eftirlit með því, að verkið væri unnið á þann hátt, sem ætlazt er til. Ég held nefnilega, að það, sem kannske aðallega er að í þessum málum, sé það, að byggingarfulltrúarnir, af því að þeir eru svona fáir og hafa svona stór svæði, þeir hafi ekki tíma til þess að fylgjast nógu vel með, koma nógu oft og fylgjast vel með, hvernig framkvæmdinni er háttað. Það held ég, að sé kannske alvarlegast í þessu máli.

Í sambandi við það, að rétt sé að leita álits annarra en t. d. formanna búnaðarsambanda og sýslunefnda, þá er ég alveg samþykkur því, þó að það felist ekki í till., og mundi telja það heppilegt, að haft yrði samráð eða a. m. k. leitað álits þeirra aðila, sem hafa þekkingu á þessu sviði. Og væri gott, ef nefndin, sem fær þetta mál, mundi athuga, hverjir það ættu að vera, og jafnvel að leita umsagnar þeirra um það, hvernig þessi athugun ætti að fara fram.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil ekki yfirgefa þetta ágæta mál þannig, að misskilningur ríki á milli flm. og okkar, sem aths. höfum gert.

Það er alveg rétt hjá flm., að vitanlega hafa arkitektar og verkfræðingar visst eftirlit með því, sem þeir teikna, þannig að það sé framkvæmt í samræmi við það, sem þeir hafa lagt til. En ég tel mig þekkja vel til í byggingarframkvæmdum, og ég man ekki eftir neinu tilfelli, þar sem slíkir menn hafi tekið út byggingar gagnvart t. d. verksamningi eða lánastofnunum, og það er fyrst og fremst það, sem ég átti við. Til slíks er ávallt fundinn óháður aðili, sem getur metið verkið hlutlaust. Það er þetta atriði, sem ég vildi leggja áherzlu á.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 63. og 65. fundi í Sþ., 2. og 9. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 143, n. 647).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað till., sem fyrir liggur á þskj. 143, og fengið um hana umsagnir ýmissa aðila, sem hún taldi rétt að leita álits hjá. Að athuguðu máli telur n. rétt að vekja athygli á því, að til greina kemur að endurskoða fleira í nefndum lögum en það, sem sérstaklega er vikið að í till., og það væri m. a. ástæða til að gefa gaum að næsta nágrenni kaupstaða og kauptúna.

N. ber þó ekki fram brtt. við till. í þessa átt, en leggur til, að hún verði samþ. eins og hún liggur fyrir á þskj. 143.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 863).

---

25. Áætlun um uppbyggingu þjóðvegakerfisins.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt:

Till. til þál. um 10 ára áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkvæmt vegalögum [129. mál] (A. 175).

Á 30., 31., 32. og 33. fundi í Sþ., 25. og 27. jan., 1. og 3. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Við höfum nú, 11 alþm., leyft okkur að leggja fram á þskj. 175 í Sþ. till. til þál. um, að gerð verði 10 ára áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. gildandi vegalögum, en jafnframt felst í till. viljayfirlýsing Alþingis um fjármögnun áætlunarinnar og nokkur ábending um framkvæmdaröð.

Þjóðvegakerfið er nú að frátöldum fjallvegum samtals um 8800 km og skiptist samkv. lögum í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. Hér á landi hafa orðið miklar framfarir á þessari öld. Á ýmsum sviðum stöndum við Íslendingar jafnfætis þjóðum, sem lengt eru komnar á framfarabrautinni. En í vegamálum er Ísland enn þá vanþróað land. Sú staðreynd blasir við hverjum þeim, sem kynnzt hefur vegunum hinum megin Atlantshafs í Norðurálfu og Vesturálfu, eins og þeir eru nú. Þessi vanþróun íslenzkra vega vekur líka strax athygli erlendra ferðamanna, sem um landið fara. En Íslendingar eiga 50 þús. bifreiðar, eina fyrir hverja fimm íbúa, og mikill meiri hluti þeirra bifreiða er framleiddur til aksturs á eggsléttum, malbikuðum eða steinsteyptum götum og þjóðvegum bifreiðaframleiðslulandanna. Akstur þeirra hér er misþyrming á þessum viðkvæmu og dýru ökutækjum og tilfinnanleg sóun verðmæta. Hér eru í stöðugum gangi um land allt á hinum veiku vegum stórar og þungar vöruflutningabifreiðar, sem eru vegakerfinu ofraun, eins og það er. Vegaviðhaldið, þ. á m. snjómokstur, kostar of fjár og er þó óralangt frá því að fullnægja þörfinni.

Fyrir níu árum stofnaði Alþingi vegasjóðinn, sem hefur sértekjur af benzínskatti o. fl., til að annast uppbyggingu og viðhald vegakerfisins. Nokkuð hefur áunnizt síðan, en allt of lítið, því miður. Tími er til þess kominn, að þjóðfélagið horfist í augu við vandann, eins og hann er, og geri sér grein fyrir því, hversu stórt viðfangsefni það er fjárhagslega að koma þjóðvegakerfinu í heild í viðunandi horf og setja sér markmið. Við tillögumenn gerum ráð fyrir, að þessu markmiði sé hægt að ná á 10 árum eða e. t. v. eitthvað skemmri tíma, en tekjur vegasjóðsins nægi ekki til þess og ríkissjóður eigi að standa straum af sérstökum lántökum til þess að framkvæma dýrustu vegagerðina, sem að líkindum getur raunverulega sjálf staðið undir slíkum lánum, eins og að er vikið í grg. till. Því hefur líka verið haldið fram með nokkrum rökum, að slík ríkislántaka til vega, sem ríkissjóður, en ekki vegasjóður, stæði straum af, væri í rauninni aðeins endurgreiðsla á skuld ríkissjóðs við umferðina. Víða um landsbyggðina óttast menn það nú, að ef svo heldur fram sem horft hefur síðustu árin, þá fari mestur hluti vegasjóðsins í ófullnægjandi viðhald og uppbyggingu dýrra hraðbrautarmannvirkja, sem eru þó ekki nema svo sem 4% af lengd þjóðvegakerfisins í heild.

Till., sem við flytjum á þskj. 175, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Vegagerð ríkisins að láta á árinu 1972 gera sundurliðaða kostnaðaráætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á árunum 1973—1982, eða á skemmri tíma, ef fært þætti, enda sé í áætluninni miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkv. 12. og 13. gr. vegalaga nr. 71 30. des. 1963, sbr. lög nr. 98 1970. Jafnframt lýsir Alþ. yfir þeim vilja sínum, að eftir að gerð 10 ára áætlunarinnar er lokið, skuli gerð og viðhald þjóðvega þannig fjármagnað, að tekin verði ríkislán til að byggja upp hraðbrautirnar og þær þjóðbrautir, sem mest umferðarálag er á, en kostnaður við uppbyggingu annarra þjóðvega svo og viðhald og stjórn vegamála greitt úr vegasjóði, þ. e. af fé því, sem innheimt er til vegagerðar samkv. vegalögum. Framkvæmdaröð í áætluninni verði við það miðuð, að landsbyggð haldist og eflist, svo og æskilegt jafnvægi milli landshlutanna, og að sem fyrst verði dregið úr þeim kostnaði við bifreiðarekstur landsmanna í heild, sem ástand veganna hefur áhrif á. Kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði."

Til viðbótar því, sem ég sagði áðan, skal hér aðeins vikið að örfáum atriðum, sem máli skipta. Núgildandi vegalög eru, eins og í till. stendur, frá árinu 1963. Með þeim lögum var vegasjóðurinn stofnaður og honum fengnir sérstakir tekjustofnar, sem eru benzínskattur, gúmmígjald og bifreiðaskattur. Samtals nema þessar tekjur vegasjóðsins nú um 900 millj. kr. á ári. En beint í ríkissjóðinn renna leyfisgjöld og almenn innflutningsgjöld af bifreiðum og bifreiðavarahlutum. Þetta er það, sem kallað hefur verið, að ríkissjóður taki skatt af umferðinni umfram það, sem hún fær úr vegasjóðnum, og mun sú upphæð hafa numið samtals 4—5 milljörðum kr. á síðasta áratug. Þetta er það, sem kallað hefur verið skuld ríkissjóðs við umferðina, sem varla er þó við að búast, að ríkissjóður endurgreiði, nema lántaka komi til.

Í vegalögum er ákveðin gerð og flokkun þjóðvega. Þar eru fjallvegir í sérflokki, en um þá ræði ég ekki að þessu sinni, enda er lengd þeirra nokkuð í óvissu og ekki miklu til þeirra kostað. Aðalþjóðvegakerfinu er í lögunum skipt í þrjá flokka eftir fyrirhugaðri gerð þeirra og breidd. Samkv. lögunum eru hraðbrautir nú taldar 324 km samtals. Þetta eru langdýrustu mannvirkin, en ekki nema 4% af lengd þjóðvegakerfisins, sem er, eins og ég sagði áðan, í kringum 8800 km. Þá eru það þjóðbrautir. Þær eru samtals nálægt 2760 km og mynda í heild einhvers konar hringbraut um landið og eru aðalsamgönguæðar landsbyggðarinnar. Þriðji flokkurinn er svo landsbrautirnar, sem svo eru nefndar, samtals rúmlega 5620 km. Þar er að jafnaði um að ræða hina fáfarnari þjóðvegi, sem greinast í ýmsar áttir út frá þjóðbrautunum og tengja hina dreifðu byggð við þjóðvegakerfið. Þjóðvegir í þéttbýli eru nálega 100 km og skiptast milli aðalþjóðveganna, þannig að tölurnar, sem ég nefndi áðan, mættu af þeirri ástæðu vera lítið eitt hærri. Til þjóðvega í þéttbýli gengur tiltekinn hundraðshluti af tekjum vegasjóðsins. Utan þjóðvegakerfisins eru svo sýsluvegirnir nálega 2570 km, en sýsluvegasjóðum er aflað tekna innan héraða, en fá á móti nokkurt framlag úr vegasjóðnum.

Í till. felst það, að þjóðin setji sér það takmark að byggja upp þjóðvegakerfið á þann hátt, sem lög mæla fyrir, á 10 árum eða skemmri tíma, ef fært þykir. Til þess þarf áætlun, og að áætlunargerð lokinni á það að liggja fyrir, hvað þessi uppbygging kostar. Um það skal ég hér engu spá. En víst er, að það kostar mun meira en samanlagðar tekjur vegasjóðsins í 10 ár að frádregnum viðhaldskostnaðinum, sem nú fer hraðvaxandi frá ári

til árs og er þó ófullnægjandi. Við flm. þessarar till. leggjum til, að Alþ. marki þá stefnu til fjármögnunar, að hraðbrautir og þær þjóðbrautir, sem mest álag er á, verði lagðar fyrir lánsfé og ríkissjóður standi straum af þeim lánum, þar sem vegasjóður hefur ekki bolmagn til þess á þeim tíma, sem hér er um að ræða. En ef þessi dýru mannvirki verða byggð fyrir lánsfé, má ætla, að vegasjóður verði þess umkominn að sinna hinum öðrum verkefnum, uppbyggingu þjóðbrauta og landsbrauta og vegaviðhaldi.

Nú kann að verða spurt: Er það fjárhagslega fær leið að taka ríkislán til vegagerðar? Því er til að svara, að athuganir, sem fram hafa farið og skýrt hefur verið frá hér á Alþ., benda til þess, að svo sé að því er hraðbrautir varðar og fleiri vegi, sem fjölfarnir eru. Ef þessir vegir verða byggðir upp á viðunandi hátt með varanlegu slitlagi, sparast við það mikið fé, beint og óbeint. Í fyrsta lagi verður viðhaldið þá og þar á meðal snjómoksturinn ekki nema brot af því, sem það nú er eða þarf að vera. Í öðru lagi mundi koma fram óbeinn sparnaður í aukinni endingu bifreiða frá því, sem nú er, og þar er talið, að um stórfé sé að ræða. Hér á Alþ. hefur það verið upplýst með tölum, að það, sem þannig geti sparazt með byggingu, nægi fyllilega til að standa straum af lánum til uppbyggingarinnar, þegar um hina fjölförnustu vegi er að ræða. Jafnframt hefur verið skýrt svo frá, að fáanleg séu lán erlendis til slíkra framkvæmda, ef til þess þyrfti að grípa. Áhugi á uppbyggingu hraðbrautanna fer nú mjög vaxandi, einkum hér í þéttbýlinu við Faxaflóa, en á Suðvesturlandi er meginhluti þeirra þjóðvega, sem teljast hraðbrautir og raunar eru, eins og ég sagði áðan, ekki nema eitthvað í kringum 4% af lengd þjóðvegakerfisins í heild. En almennt dylst mönnum það ekki, hvar sem þeir eru á landinu, hve hagkvæmt það væri fjárhagslega að koma upp hraðbrautum, þar sem umferðin er mest. Hitt óttast menn svo víða um land, að ef megináherzlan verður lögð á að koma upp hraðbrautunum á skömmum tíma og vegasjóðnum ætlað að kosta þær af sínum tekjum eingöngu, þá þýði það meiri og minni kyrrstöðu í uppbyggingu þjóðbrauta og landsbrauta og þar með þjóðvegakerfisins í heild. Það er ekki heldur svo, að uppbygging hraðbrautanna einna sé nein viðhlítandi lausn fyrir bifreiðaeigendur í þessu landi. Það er hætt við, að ökumönnum hér við Faxaflóa t. d. þætti það þunnur þrettándi, ef þeir mættu ekki aka út úr höfuðborginni lengra en hraðbrautirnar ná. Það er uppbygging þjóðvegakerfisins alls um land allt, sem stefna ber að og stefnt er að á næstu 10 árum eða skemmri tíma með þessari till., ef samþ. verður. Og það er þetta, sem vonir manna standa til, að verði í þeim landshlutum, þar sem snjóþyngslin eru mest, þar sem læknisleysið er tilfinnanlegast og þar sem hið daglega stríð er háð við að koma framleiðsluvörunum á markað, svo að nokkuð sé nefnt.

Við tillögumenn teljum sjálfsagt að fela Vegagerð ríkisins að gera þá 10 ára áætlun, sem hér er um að ræða. Og þar sem mikið af þeim gögnum, sem til þess þarf, er án efa fyrir hendi hjá Vegagerðinni, teljum við til greina koma, að hún geti lokið áætluninni á einu ári og till. miðuð við það, að svo verði.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. allshn., en svipuð till., sem áður hefur legið fyrir hér á Alþ., hefur verið til meðferðar í þeirri nefnd.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 63. og 65. fundi í Sþ., 2. og 9. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 175, n. 655).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. á þskj. 175 og leitað um hana álits vegamálastjóra. Það varð samkomulag í n. um afgreiðslu till., að leggja til, að hún yrði samþ. í því formi, sem segir í nál., og sú brtt., sem er þar fram borin, er samin í samráði við vegamálastjóra. En n. leggur til, að till. verði samþ. þannig breytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 655,1 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

— 655,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 864) með fyrirsögninni:

Þál. um yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkvæmt vegalögum.

---

26. Verðgildi íslenzkrar krónu.

Á deildafundum 2. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um verðgildi íslenzkrar krónu [158. mál] (A. 303).

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 39., 40. og 41. fundi í Sþ., 8., 17., 22. og 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. á þskj. 303 um athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvort eigi sé hagkvæmt að auka verðgildi íslenzkrar krónu, þannig að 10 kr. verði að einni og einn Bandaríkjadollar jafngildi kr. 8.80. Verðbreyting krónunnar verði þannig framkvæmd, að innstæður, sjóðir, vöruverð,

vinnulaun og skattar lækki tífalt í krónutölu og skuldir einstaklinga og fyrirtækja hliðstætt."

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, þá hefur verðgildi íslenzkrar krónu hvað eftir annað verið lækkað. Þetta hefur ýmsar afleiðingar í för með sér. Ég skal ekki á þessu stigi málsins fara að gera það að miklu umtalsefni, hvort þurft hefði að fella íslenzku krónuna jafnoft og mikið og gert hefur verið á undanförnum áratugum. Ég hef áður rætt það mál og hef haldið því fram, að það hefði verið hægt að lækka hana sjaldnar og minna en gert hefur verið. Lækkun peninga er fyrst og fremst eignatilfærsla. Það er tekið af eignum vissra aðila, t. d. sparifjáreigenda, tekinn hluti af eignum þeirra, en þeir, sem skulda, græða aftur á því. Þetta hefur þau áhrif, að fólkið hættir að vilja eiga fjármuni. Verðgildi sparifjárins minnkar, og það myndar rekstrarfjárskort hjá bönkunum. Þeir hafa ekki nægilegt fjármagn til þess að lána atvinnuvegunum. Það verður sífelldur rekstrarfjárskortur, þar sem alltaf er verið að lækka gengi krónunnar. Fólk vill ekki safna peningum. Það hefur reynsla okkar sýnt. Það reyna allir að koma fjármunum sínum í eitthvað annað, sem er öruggara heldur en að eiga peningana. Þessu fylgja einnig háir vextir, sem hafa lamandi áhrif á atvinnuvegina að því leyti til. Vegna þess að innlent sparifé er ekki nægilegt til, þá verður að leita að öðrum leiðum til að geta fullnægt þörf atvinnuveganna eftir lánsfé, og ef einhverjar framkvæmdir á að gera, þá eru fengin erlend lán að meira eða minna leyti. Ef verðgildi peninganna er hins vegar stöðugt, þá er fólkið fúsara að safna sparifjárinnstæðum og hægt er að lána meira af innlendu fé til framkvæmda og til atvinnuveganna. Þetta hefur sýnt sig glöggt hjá okkur. Bankarnir hafa sífellt verið í vandræðum við að fullnægja eftirspurn atvinnuvega og einstaklinga eftir fjármagni, og þá hafa verið farnar tvær leiðir til að bæta úr þessu. Það er að skattleggja atvinnuvegina til einhverra sjóða, sem hafa svo orðið að standa undir fjárfestingunni að meira eða minna leyti, og að leita eftir lánum erlendis frá. Hvort tveggja hefur skeð hjá okkur. Sjávarútvegurinn t. d. borgar til allmargra sjóða, og í heild eru skattar á sjávarútveginum, alls konar aukaskattar og sjóðatillög, 30 að tölu. Í iðnaðinum eru skattarnir lítið eitt færri. Þetta er fyrst og fremst afleiðingin af því að vera alltaf að lækka krónuna fyrir utan óréttlætið, að það er í raun og veru um eignarán að ræða.

Hin leiðin er að hafa gengið stöðugt og örva þannig fólkið til sparifjársöfnunar. Það kemur af sjálfu sér, ef það getur treyst því, að verðgildi peninganna haldist óbreytt, þá vill það gjarnan eiga peninga. Það er ekki von, að menn vilji eiga peninga, ef þeir búast alltaf við, að þeir verði verðfelldir. Og inn á þá leið hafa yfirleitt flestar þjóðir farið, sem hafa haft fjármál sín í góðu lagi, að reyna að hafa sem stöðugast gengi.

Vitanlega er ekki þægilegra að eiga aðrar eignir en peninga. Ef menn geta treyst því, að verðgildi þeirra haldist, þá er það fyrirhafnarlítið. Það er miklu þægilegra en að eiga húseign og leigja hana út og eltast við innheimtu á húsaleigu og aðra erfiðleika, sem því fylgja. Það hefur einnig þá þýðingu, að verðgildi peninga sé stöðugt, að þá verður fólk sparsamara. Það treystir á verðgildi peninganna og vill gjarnan eiga þá. Á þann hátt er hægt að hafa lægri vexti, og eins og ég tók fram áðan, þá er einnig hægt að gera meira fyrir eigið fé en ef allir keppast við að eyða því lausafé, sem þeir eiga eða hafa ráð á.

Þá er einnig hægt að komast hjá því að skattleggja atvinnuvegina, eins og við höfum neyðzt til þess að gera. Þessu breytilega verðgildi peninganna fylgja einnig kaupdeilur. Önnur hlið málsins eða gengislækkananna er það, að sparifjáreigendur eru rændir. Hin hliðin er sú, að það er tekið af kaupi launþeganna og styrkþeganna. Það hefur komið fram hvað eftir annað og það hjá þeim, sem hafa staðið að þessum gengislækkunum. Þeir hafa lýst því yfir, a. m. k. í samtölum við mig, að þetta kæmi ekki að gagni, ef kauphækkun fylgdi í kjölfarið. Og reynslan hefur verið sú, að það hefur tekið 2—3 ár að koma þeim breytingum fram, sem hefur leitt af gengislækkununum. Þannig hefur það verið nú, að í fyrra og í ár eru gengislækkanirnar að koma fram frá 1967 og 1968.

Ég held því, að það sé mikils virði fyrir öll þjóðfélög, sem vilja hafa fjárhag sinn traustan, að geta haft stöðugt gengi. Nú hefur það orðið þannig hjá okkur, að krónan er orðin ákaflega lítils virði. Fyrst þegar ég man eftir, var dollarinn eitthvað í kringum 6 kr., fyrst þegar ég fór að fylgjast með fjármálum. Nú er hann orðinn 88 kr. Nágrannaþjóðir okkar hafa fellt gengið minna. Þó að verðgildi peninga hafi einnig minnkað hjá þeim, þá hefur það ekki verið í eins stórum stíl og hjá okkur. Afleiðingin af þessu er sú, að menn fara heldur óvarlegar með fjármuni, auk þess sem þeir leggja allt kapp á að eyða þeim peningum, sem þeir eiga, í stað þess að safna þeim. Við vitum það með alla hluti, sem mönnum er annt um, að þeir fara betur með þá, ef þeir álíta þá mikils virði. Við getum tekið góða bók og vel bundna. Menn fara betur með hana en einhverja ómerkilega skræðu. Ef maður á hest t. d., fer hann betur með gæðinginn heldur en einhvern hest, sem hann lætur sér ekki annt um og telur lítils virði. Og við getum tekið föt, sem einstaklingarnir ganga í. Þeir fara betur með vönduð og góð föt en lélega garma. Sama má segja um húsgögnin, sem við höfum í húsunum okkar. Ef þau eru vönduð og vel hirt, þá förum við gætilegar með þau en einhverja óvandaða hluti. Sama er að segja um góðar íbúðir. Menn reyna að ganga betur um þær en lélegar íbúðir. Þetta eru sálræn áhrif. Ef peningarnir eru lítils virði, fara menn óvarlegar með þá og meta þá lítils. Og þannig er það með önnur þjóðfélög. Þau líta heldur smáum augum fjármálavit þeirra þjóða, sem hafa lítið verðgildi í peningum og eru sí og æ að fella gengið, ætla, að þar sé ótraust fjármálastjórn.

Við höfum ekki gert mikið af því að hækka peninga okkar í verði. Það skeði einu sinni, þegar Jón Þorláksson var fjmrh. Hann hækkaði einhliða gengi krónunnar, án þess að láta verðgildi skulda og launa breytast. Þetta kom ákaflega hart niður á atvinnuvegunum, sérstaklega sjávarútveginum, og ég held, að eins og sakir standa hjá okkur nú, þá sé það óframkvæmanlegt. Það er búið að taka þessa fjármuni af sparifjáreigendum, og það er ekki hægt að skila þeim aftur. Þess vegna er eina leiðin til þess að auka verðgildi peninganna hjá okkur og fá fólkið til þess að fara betur með þá að taka núll aftan af og láta skuldir og vinnulaun og vöruverð lækka alveg hliðstætt í krónutölu eins og verðgildi krónunnar eykst. Ýmsar þjóðir hafa reynt þetta, t. d. Þjóðverjar,

Frakkar, Finnar og fleiri. Og alls staðar hefur þetta gefizt vel. Þetta hefur aukið traust á peningunum, og þetta hefur gert fjármál þessara þjóða miklu heilbrigðari, og ég er sannfærður um, að þessar þjóðir fara ekki út í ótakmarkaðar gengislækkanir óneyddar aftur. Þær hafa fengið nóg af því. Við vissum um ástandið í Þýzkalandi eftir stríðið, þegar verðgildi marksins varð eiginlega ekki neitt. Þjóðverja mun ekki langa til að endurtaka það.

Eitt af fyrstu verkum De Gaulles, sem var einn af mestu stjórnendum, sem Frakkland hefur átt, var það að auka verðgildi frankans. Þar munu hafa verið tekin tvö núll aftan af frankanum, og Finnar munu einnig hafa farið inn á þá leið.

Það er ekki meiningin með þessari till. minni að segja ríkisstj. beinlínis fyrir verkum. Ég hef ekki kveðið fastara að orði en það, að þetta sé athugað. En ef þingið vill, — því að ég geri ráð fyrir, að þessi till. fari til n., — þá getur það vitanlega breytt því orðalagi, svo að það verði ákveðnara. En mér finnst hæpið, að við segjum ríkisstj. skilyrðislaust fyrir verkum í þessu efni. Stjórnin þarf vitanlega að ráðfæra sig við þá menn, sem stjórna bönkunum, og þetta þarf allt nokkurn undirbúning. Þetta ætti ekki að geta skaðað neinn. Það ætti ekki að vera um neina eignatilfærslu að ræða. Ég geri ráð fyrir, að það þurfi að skipta um peninga að einhverju eða öllu leyti, sennilega öllu leyti, en krónan okkar er nú orðin svo lítils virði eða sem svarar til svona þriggja aura áður fyrr, eitthvað svoleiðis. Sannleikurinn er sá, að það er í raun og veru ekkert nema barnaskapur að hafa ekki minnsta verðgildi peninga nú sem svarar einni krónu. Það er hliðstætt því, sem Bretar hafa og aðrar þjóðir. Þeir hafa yfirleitt ekki minni mynt en sem svarar því og einnig Bandaríkjamenn, þannig að þessi auratala hjá okkur er ekkert nema barnaskapur.

Ég held, að það sé ekki hægt að fara þá leið, sem Jón Þorlaksson fór. Ef við viljum auka verðgildi peninganna, þá verðum við að fara þá leið að taka núll aftan af og láta eignir og skuldir lækka hliðstætt því, sem verðgildi krónunnar eykst. Ég er ekki í vafa um það, að þing og stjórn bera höfuðábyrgðina á verðlækkun íslenzkrar krónu og á þeirri eyðslu, sem henni hefur fylgt, því að ef menn eiga einhverja aura nú, þá er reynt að kaupa bíl, fá sér íbúð eða eitthvað að gera við þá annað en eiga peningana. Það er ekki hægt að kenna fólkinu um þetta nema að mjög litlu leyti. Það er ekki von, að fólkið sé sparsamt, ef það getur ekki treyst á verðgildi peninganna.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins fara út í það, hvort hægt hefði verið að haga okkar fjármálum öðruvísi undanfarin ár. En hinu er ekki hægt að neita, að stjórn og þing bera höfuðábyrgðina á þessu.

Hitt er rétt að taka fram, að ef ekki er breytt um fjármálastefnu, þá nær þetta vitanlega engan veginn tilgangi sínum. Við verðum að fara varlegar í sakirnar framvegis og reyna að halda genginu stöðugu, því að þó að við aukum verðgildi krónunnar, ef við byrjum undir eins á því að endurtaka gengislækkanir, þá verður allt í sama horfinu, fólk keppist við að eyða, og við verðum í rekstrarfjárskorti, höfum háa vexti og öll þau vandkvæði, sem því fylgja. Mér hefur oft fundizt við vera of eyðslusamir. Og það er ekki sízt þing og stjórn, sem eiga þátt í þeirri eyðslu, því að eftir höfðinu dansa limirnir. Og ég held, að ef við viljum treysta gengi, þá verðum við að fara betur með fé okkar en við höfum gert. Unglingar byrja nú gjarnan á að kaupa bíl. Rekstur bíls kostar 100 þús. kr. eða meira á ári. Ef unglingarnir gætu treyst því, að peningarnir lækkuðu ekki í verði og þeir færu að safna, meðan þeir væru ungir, þá gætu þetta orðið miklir fjármunir, þegar þeir væru orðnir fullorðnir og þeir gætu notað þá til margra nytsamlegri hluta. Ég hygg, að Íslendingar séu eyðslusamari en nágrannaþjóðir þeirra, a. m. k. er það ekkert líkt með Þjóðverja og Norðmenn, hvað þeir eru sparsamari en við og fara betur með fé sitt. Vitanlega hefur margt þurft að gera hér á landi og margt, sem kallar að. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að hægt sé að gera allt í einu.

Ég hef viljað vekja athygli á þessu máli og vona, að sú n., sem hefur með þetta að gera, taki þetta til vinsamlegrar athugunar, og ég hygg, að ef við berum gæfu til þess að halda okkar gjaldmiðli nokkurn veginn óbreyttum í framtíðinni, sem er raunar yfirlýst stefna núv. ríkisstj., þá geti þetta orðið mjög jákvætt fyrir fjármál okkar þjóðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta. Málið er í sjálfu sér ósköp auðskilið, og ég veit, að það þarf ekki að vera að útskýra það ítarlega fyrir þm. Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í grg. þessarar till. og framsöguræðu hv. flm. er rætt um tvö atriði, sem er alveg nauðsynlegt að halda aðgreindum. Annars vegar er efni þessarar till. það að breyta mynteiningunni, þannig að í staðinn fyrir 10 kr. komi 1 kr., í staðinn fyrir 100 kr. komi 10 kr. o. s. frv., taka núll aftan af. Þessi breyting á mynteiningunni hefur út af fyrir sig ekki efnahagslega þýðingu. Hitt atriðið er svo skráning krónunnar eða gengisins út á við, sem er í rauninni allt annað mál. Í grg. og raunar framsöguræðu hv. flm. kom hann nokkuð inn á gengisbreytingar, og það er auðvitað öllum nokkurt áhyggjuefni, hversu oft hefur verið lækkað gengi íslenzkrar krónu gagnvart gulli og erlendri mynt. Þá sögu skal ég ekki rekja hér, og má segja í stórum dráttum, að þessar tíðu gengisbreytingar hafi verið bein afleiðing af efnahagsástandinu hér innanlands og sumpart af verðlagi á okkar vörum erlendis. Það er stundum, að stjórnmálaflokkar taka nokkuð stórt upp í sig og lofa því fyrir kosningar, að gengisbreyting eða gengislækkun skuli ekki verða. Svo er m. a. með núv. hæstv. ríkisstj., að hún í rauninni hét því, að gengið yrði ekki lækkað eða a. m. k. ekki notað sem neitt tæki í sambandi við efnahagsmálin. Það, hvað þessi mál eru erfið viðfangs og í rauninni lítt viðráðanleg oft og tíðum, hefur náttúrlega sannazt áþreifanlega nú, því að á þessu fyrsta missiri núv. hæstv. ríkisstj., sem ætlaði nú ekki að lækka gengið, hefur íslenzka krónan verið lækkuð um sem næst 8%, þar sem hún var látin fylgja falli dollarans. Um þetta þarf náttúrlega ekki í rauninni að ræða, þó að reynt hafi verið að fela þetta nokkuð, en allir vita það, sem þurfa í einu eða öðru sambandi að kaupa erlendan gjaldeyri, að gjaldeyrir flestra þjóða hefur hækkað í verði, a. m. k. sem þessu svarar, sumt meira. Sem sagt, íslenzka krónan hefur

fallið um ca. 8% á þessu síðasta missiri. Þetta er staðreynd. Ég segi þetta ekki í neinu átöluskyni, vegna þess að ég tel, að það hafi verið óhjákvæmilegt vegna okkar atvinnuhátta að láta íslenzku krónuna fylgja dollarnum.

En í sambandi við gengisbreytingar, sem er annað atriðið, sem hv. flm. hefur gert að umtalsefni, þá vil ég líka taka það fram, að vissulega var sú gengisbreyting, sem hann nefnir og Jón Þorlákssson stóð fyrir, meðan hann var fjmrh., að mörgu leyti gagnleg fyrir þjóðfélagið, þó að því bæri ekki að neita, að hún skapaði vissa erfiðleika fyrir atvinnuvegina líka. Hann nefndi það, að síðan hefði gengið ekki verið hækkað. Ég er þeirrar skoðunar, að á einu skeiði hafi verið möguleikar fyrir gengishækkun. Það var fyrri hluta árs 1970. Þá voru efnahagsástæður þannig hér, aflabrögð og sérstaklega stórhækkandi verðlag á erlendum mörkuðum og aukning gjaldeyrissjóða eftir erfiðleikaárin, þá voru aðstæður og forsendur til þess að hækka gengi íslenzkrar krónu. Að mínu viti hefði átt að gera það þá, og hefði þá margt í okkar efnahags- og fjármálum nú í dag staðið með öðrum hætti en er.

En þetta er aðeins önnur hlið þessa máls og snertir í rauninni ekki beinlínis þá till., sem hér liggur fyrir, en ég minnist á þessa gengisbreytingu, vegna þess að hv. flm. hefur gert hana að umtalsefni. Það, sem hér er um að ræða, er í rauninni allt annað. Það er það að taka núll aftan af krónunni, eins og það er stundum kallað, eða að auka verðmæti krónunnar, kannske öllu réttara að taka upp nýja verðmætari mynteiningu. Þetta mál hefur komið til orða hér alloft áður, og ástæðan til þess, að ég stend nú upp hér til þess að taka þátt í þessum umr., er sú, að ég hef tvívegis fjallað um þetta mál áður. Það var á Alþ. vorið 1958. Í almennum stjórnmálaumræðum hér á Alþ. varpaði ég því fram, að rétt væri að taka til athugunar að taka upp nýja og verðmeiri mynt, til þess að fólk mæti hana meira og örvaðist til sparnaðar. Eftir að ég kom til starfa í fjmrn., var þetta mál tekið upp, og á árinu 1962 fól ég þremur starfsmönnum ríkisins að kanna þetta mál. Það voru þeir dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Klemens Tryggvason hagstofustjóri og Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri í fjmrn. Þeim var m. a. falið að athuga, hvort ekki væri æskilegt að taka upp nýja og stærri mynteiningu en krónan er nú. Þessum þremenningum voru falin fleiri verkefni í þessu sambandi, þ. e. athugun á myntslættunni almennt, sem ríkissjóður hafði þá með höndum, en þótti æskilegt að fela Seðlabankanum, eins og orðið er núna.

Þremenningarnir skiluðu álitsgerð um þetta efni, og niðurstaða þeirra varð sú, eins og segir, með leyfi hæstv. forseta, í þessari grg. þeirra frá því í sept. 1962:

„Við höfum komizt eindregið að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að hefja nú undirbúning að því, að tekin verði upp ný mynteining, tíu sinnum stærri en núgildandi króna."

Það var sagt í þessari álitsgerð þessu til rökstuðnings, að m. a. mundu með stærri mynteiningu falla niður allar myntir undir 10 aurum og við það sparast mjög verulegur kostnaður, þar sem kostnaður við sláttu þessarar smámyntar væri tiltölulega mjög mikill. Í öðru lagi væri hér um að ræða verulegt hagræði og vinnusparnað fyrir fyrirtæki og allan almenning, og með stærri mynt mundi falla niður einn aukastafur úr öllum peningaupphæðum. Í þriðja lagi, og það er það atriði, sem ég legg nú langsamlega mesta áherzlu á, eins og hv. flm. þessarar till., er það, eins og þeir segja þremenningarnir í sínu nál.:

„Loks teljum við, að breyting mynteiningarinnar og upptaka verðmeiri myntar muni hafa góð sálræn áhrif og stuðla að því að styrkja á ný traust til verðgildis íslenzku krónunnar eftir verðbólguþróun s. l. tvo áratugi."

Nú var það svo, að um þessar mundir voru tvær þjóðir að breyta sinni mynteiningu. Frakkar höfðu nýlega lokið því, og Finnar höfðu ákveðið að gera það. Hjá báðum þjóðum var ákveðið að stækka mynteininguna hundraðfalt, þannig að í staðinn fyrir 100 franka franska skyldi koma einn nýr franki og tilsvarandi hjá Finnum. Sem sagt, það voru tekin tvö núll aftan af. Hjá þeim var um tvenns konar aðferð að ræða. Frakkar ákváðu þetta með mjög stuttum fyrirvara, tóku upp þessa nýju mynteiningu, nýja frankann, sem var hundrað sinnum verðmeiri en gamli frankinn. Það var ákveðið hjá þeim, að báðar myntirnar, sú gamla og nýja, skyldu vera í umferð um nokkurt skeið, og var það vegna þess, að þar þótti ekki vegna hins skamma fyrirvara framkvæmanlegt að eiga strax nægjanlegt magn seðla og myntar til þess að breytingin gæti farið fram á skömmum tíma. Ég ætla, að þeir hafi tekið um það bil tvö ár til þess að skipta að fullu, og á því tímabili voru gamla og nýja myntin notaðar jöfnum höndum í öllum viðskiptum í Frakklandi. Til þess að draga úr hættu á misgáningi, var hin nýja mynt látin líta út eins og jafnverðmæt mynt, sem hún leysti af hólmi. T. d. var einn nýr franki að stærð og útliti mjög svipaður og gamall 100 franka peningur.

Í Finnlandi var hafður annar háttur á. Þeir tóku sér töluvert lengri tíma til undirbúnings, en létu myntskiptin svo koma til framkvæmda á tiltölulega mjög skömmum tíma, þegar á annað borð var í það ráðizt. Ég held, að allir séu sammála um það, að þessar breytingar hafi tekizt mjög vel og orðið vinsælar bæði hjá Frökkum og Finnum. Þær voru eitthvað umdeildar í byrjun. En eftir á, held ég, að flestir séu þar á einu máli.

Þeir þremenningarnir, sem ég nefndi, höfðu kynnt sér till. og framkvæmdir varðandi þetta mál í báðum þessum löndum og aflað mikilla gagna um það, sem lágu þá fyrir, ef í þetta yrði ráðizt. Þeir lögðu til, að við hefðum finnsku aðferðina, þ. e. tækjum allgóðan tíma til undirbúnings, sem þeir töldu þó, að þyrfti ekki að vera nema um það bil eitt ár. Og síðan þegar ákveðið væri að ráðast í þetta, skyldi skipta um myntina á sem skemmstum tíma, eins og hjá Finnum. Töldu þeir, að því ætti að geta lokið á einum mánuði.

Það er auðvitað augljóst mál, og er rétt að segja það til skýringar, að um leið og slík breyting er gerð, skipt um mynt og seðla, í þessum báðum tilvikum var þarna um að ræða hundraðföldun, breytast vitanlega allar fjárhæðir um leið, allar launagreiðslur, allt vöruverð, allar skuldir o. s. frv. Sem sagt, allar fjárhæðir í landinu breytast að sama skapi. Þannig má segja, að hér sé fyrst og fremst um formbreytingu að ræða, en ekki efnisbreytingu, en þessi formbreyting getur haft og hefur vafalaust haft veruleg áhrif í þessum löndum, fyrst og fremst á því sálræna sviði, eins og hv. flm. lýsti hér

mjög greinilega í sinni framsöguræðu. Þegar myntein-ingin er mjög lítil, þá finnst mönnum svo lítið til hennar koma, og hugsunin um það að spara verður þess vegna miklu minni en ella. Strax þegar myntein-ingin er meira virði, ég tala nú ekki um, ef hún er stærri en myntein-ing margra okkar nágrannaþjóða, t. d. Norðurlandaþjóða, þá hefur það sín miklu sálrænu áhrif og hvetur til að-gæzlu og eykur sparnað.

Mér þótti rétt að rekja gang þessa máls hér og hina ítarlegu athugun, sem fór fram 1962 á þessu máli, og mér finnst allt, sem þá var athugað og sagt um þetta mál, hníga í þá átt að styðja mál hv. flm., styðja það, að þetta mál verði nú tekið til gagngerðrar athugunar. Nú kunna menn að spyrja: Hvers vegna var þetta ekki framkvæmt á sínum tíma, fyrir 9—10 árum? Ástæðan er einfaldlega sú, að um það náðist ekki samstaða í þáv. ríkisstj. Það tókst ekki að vinna nægilegt fylgi fyrir þessari breytingu þá, og féll málið því niður.

Ég er sömu skoðunar nú eins og þegar ég hreyfði þessu hér á Alþ. 1958 og eins þegar þessar athuganir voru gerðar á vegum fjmrn. 1962. Ég er enn sömu skoðunar, að við eigum að breyta um myntein-ingu og taka upp stærri einingu en nú er. Hins vegar er náttúr-lega orðin veruleg breyting á þessum síðasta áratug, og það hvarflar að manni, hvort það eigi ekki fremur þá nú á næstunni að tala um tvö núll heldur en eitt.

Finnar og Frakkar breyttu þannig, að þeir miðuðu við 100, þ. e. ein ný eining kom í staðinn fyrir 100 hinna gömlu. Ég skal ekki neitt fullyrða um það á þessu stigi, hvað gera skuli í þessu efni varðandi eitt eða tvö núll. Ég held, að það sé í rauninni liðinn tími að tala nú um að miða við töluna 10. Þær breytingar hafa orðið á síðasta áratug, að-ég held, að við höfum misst af þeim strætisvagni. Auðvitað er hugsanlegt að miða stærri myntein-ingu við eitthvað annað en 10 eða 100. Það er hugsanlegt að fara þar einhverja millileið. En vissulega er vegna okkar tugstafakerfis langsamlega einfaldast og auðveldast að miða við 10 eða 100.

Ég mæli eindregið með því, að þessi till. verði samþ., og vænti þess, að þetta mál verði nú tekið að nýju til vandlegrar athugunar. Ég er sammála hv. flm. um það, að stærri myntein-ing mundi geta haft veruleg sálræn áhrif og verða til gagns í okkar efnahagslífi.

Varðandi heiti á þeirri nýju myntein-ingu, sem valin yrði, þá var það mál einnig tekið til athugunar 1962. Það var bent á það í þessari álitsgerð, að krónan kom fyrst til sögunnar 1875, en þá urðu myntskipti í Dan-mörku. Hugsanlegt er náttúrlega að nota krónuna áfram, en önnur orð, önnur heiti koma vissulega til athugunar. Og þar verður í huga manns kannske fyrst og fremst orðið mörk, sem var myntein-ing um langan aldur á okkar þjóðveldistíma. Þær einingar, sem elztar eru í sögu Íslands og helzt gætu komið til greina, eru mörk og alin, en þessi orð voru notuð á þjóðveldistím-anum. Mörkin var sú ein-ing, sem silfur var metið í. Hugsanlegt væri, að hin nýja stærri myntein-ing yrði kölluð mörk, sem skiptist í 100 aura. Það er ákaflega margt, sem mælir með þessu frá þjóðlegu og sögulegu sjónarmiði.

Á móti þessu hefur verið bent á það m. a., að beyging orðsins er óregluleg og væri hætta á því, að það yrði skakkt beygt í daglegu tali eða notkun. Ég skal ekki segja, hvort þetta er svo hættulegt, en þá kæmi einnig til greina að nota aðra orðmynd í staðinn fyrir mörk, sem er þá í fleirtölu merkur, að nota orðið mark, sem er í fleirtölu mörk og er vafalaust einfaldara í beygingu. En það orð hefur einnig verið myntein-ing um nokkurt skeið á Íslandi. Mark var 16 skildingar á sínum tíma.

Vel má vera, að mönnum þyki, að orðið króna hafi unnið sér hefð í málinu á þessum nær 100 árum, sem það hefur verið notað, og því er ekki að neita, að það orð er að mörgu leyti þægilegt í notkun, bæði innan lands og utan.

Ég vildi af þeim ástæðum, sem ég greindi, láta það koma fram, sem helzt hefur gerzt í þessu máli áður, og ég vona, að það upplýsi þá vissar hliðar á þessu máli, en ég tel, að hér sé hreyft merku máli og vænti þess, að þessi till. hv. þm. nái samþykki.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur haldið hér ágæta ræðu, og við erum að mestu leyti sammála. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að 1970 var hægt að hækka gengi íslenzkrar krónu, en það var bara ekki gert nógu fljótt. Vinnudeilurnar voru komnar af stað og hækkunarkröfur, áður en gengið var hækkað. Það má vera, að ef Seðlabankinn og ríkisstj. hefðu verið nógu hröð að hækka gengið, hefði viðhorf verkalýðshreyfingarinnar orðið allt annað. En það þurfti að gera það, áður en kaupkröfurnar voru settar fram og deilur byrjuðu.

Ég er líka sannfærður um, að það þurfti ekki að lækka gengið 1968. Ég skrifaði þá grein í Vísi um það mál, benti á ýmis atriði, sem var hægt að gera til þess að fella ekki gengið. Og ég sagði, að það væri eitt, sem við ættum að stefna alveg markvisst að, og það væri að fella ekki gengið. Við vorum í öldudal með verðlag á okkar sjávarafurðum, en það er ómögulegt að hlaupa eftir því, þó að vara lækki í verði. Það verður þá að gera einhverjar aðrar ráðstafanir, því að svo hækkar þetta aftur, eins og kom á daginn. Verðið er líklega allt að tvöfalt hærra á sjávarafurðum okkar nú en það var þá. En á þessum tveimur árum, 1967 og 1968, var gengi íslenzkrar krónu lækkað um helming, 104%.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um, að hann hefði látið gera athugun 1962. Ég man eftir því, þegar hv. þm. ræddi um þetta mál hér í þinginu. Ég efast ekki um, að þessi athugun hafi verið gerð. Þá var bara krónan tvisvar sinnum meira virði en hún er nú miðað við erlendan gjaldeyri. Ég legg til, að það sé aðeins tekið eitt núll aftan af. Það er einfaldlega af því, að t.d. norska krónan og danska er eitthvað í kringum 13 kr. nú. Ef það væru tekin tvö núll, væri okkar króna orðin mörgum sinnum verðmeiri. Ég held, að það sé dálítið yfirlæti af okkur að gera hana mörgum sinnum verðmeiri en dönsku og norsku krónuna. Ég hef talað um 10, af því að það er svo auðvelt að breyta tölunum á þann hátt. Það verður annaðhvort að gera það með 10 eða 100. Það verður annaðhvort að taka eitt eða tvö núll aftan af, því að það verður allt að breytast, eignir, kaup og vöruverð og allt saman í landinu.

Það er líka rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. talaði um, að myntsláttan er allt of dýr eins og verðgildið er nú. Mér er sagt, að það kosti 38 aura að búa til tíeyringinn. Ég skal ekki ábyrgjast, hvort það er rétt, en mér hefur verið sagt þetta, þannig að það er miklu dýrara að búa pen-

ingana til en nemur því verðgildi, sem í þeim er. Þetta breyttist, ef verðgildi krónunnar yrði tífaldað.

Þá vék hv. þm. að því, að við tækjum upp annað nafn á okkar gjaldmiðli en nú er, færum að hafa mörk í staðinn fyrir krónu. Þetta er nú orðið dálítið samgróið okkar þjóðfélagi. Það voru dalir hér áður. Það er rétt, að mörk var notuð á söguöld og alin, og þá var líka talað um eyri. Eyririnn var notaður í fornöld. Krónan er aftur nýrra mál. En ég er nú í vafa um, að við fáum betra nafn á okkar gjaldmiðil heldur en krónuna. Við erum orðnir vanir þessu, og ef við getum haldið henni í því verðgildi, að hún sé einhvers virt, þá ætti nafnið út af fyrir sig ekki að vera neitt aðalatriði.

Ef við ætlum að taka tvö núll aftan af, þá er krónan orðin meira virði en dollarinn, og það hefur hún aldrei verið, og það finnst mér óþarflega langt gengið. Álít réttara að stíga skrefið styttra og reyna þá að detta ekki, reyna þá að halda þessu verðmæti, sem við komum krónunni í, ef við tíföldum hana. Annars er þetta ekki neitt höfuðatriði fyrir mér. Aðalatriðið er, að við aukum verðgildi peninganna. Það hefur sálræna þýðingu, þannig að við förum að fara betur með okkar fjármuni og reynum að stjórna fjármálunum þannig, að þurfa ekki alltaf að vera að lækka gengið, því að það er alger neyðarráðstöfun. Það hefur svo margþætta erfiðleika í för með sér fyrir utan ranglætið, sem því fylgir, því að gengislækkun er, eins og ég sagði áðan, það mesta eignarán, sem hægt er að gera í einu þjóðfélagi. Það er verið að taka smáþjófa, sem læðast inn og ná í nokkra sígarettupakka, og stinga þeim í tugthúsið. En þegar ríkisvaldið sjálft tekur á einum degi helming af sparifjáreign landsmanna, þá getur enginn sagt neitt. Það er alvarlegur hlutur, og það er þetta, sem búið er að hvekkja fólkið á, svo að allir keppast við að eyða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 303, n. 670).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til íhugunar þáltill. á þskj. 303. Till. er á þá lund, að ríkisstj. láti athuga, hvort eigi sé hagkvæmt að auka verðgildi krónunnar, þannig að 10 krónur verði að einni og Bandaríkjadollar jafngildi kr. 8.80. Verðbreyting krónunnar yrði þannig framkvæmd, að innstæður, sjóðir, vöruverð, vinnulaun og skattar lækki tífalt í krónutölu og hliðstæðu gegni um skuldir einstaklinga og fyrirtækja.

Þannig hljóðar þessi till., og það er skemmst frá því að segja, að allshn. var einhuga um það að mæla með samþykkt hennar. Einn nm. taldi sig hafa sérstöðu í málinu, og er þess getið í nál.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þessa till. Þó vil ég geta þessa: Það er alkunna, að á mörgum undanförnum árum, ekki síst hinum síðustu, hafa verið til umr. manna á meðal einmitt aðgjörðir af þessu tagi í okkar peningamálum, og árið 1962 kom til þess, að nefnd starfaði á vegum fjmrh. að athugun á því, hvaða breytingar væri heppilegt að gera á myntkerfinu. Nefndin vann nokkuð lengi að þessu starfi og gerði að lyktum till. um það, að framkvæmd yrði endurskoðun gjaldeyrisins og tekinn upp nýr gjaldmiðill, sem væri tíu sinnum stærri en íslenzka krónan, og þessar till. sínar studdi þessi nefnd m. a. með þeim rökum, hver sálræn áhrif til góðs slík breyting hefði, og enn fremur var vísað til þeirrar hagkvæmni, sem yrði í því fólgin að losna við smámyntir undir 10 aurum að þágildandi verðmæti.

Till. þessi fékk þá eigi nægilegan hljómgrunn. En síðan hefur verðgildi krónunnar að sjálfsögðu og svo sem alkunna er verulega rýrnað, og þess vegna hefur nm. ekki þótt úrskeiðis, að slík könnun, sem um getur í þáltill., væri framkvæmd. Ekki aðeins eins og segir í till. um það atriði, heldur að hún fengi það verkefni aukreitis að kanna málið allt í heild. Því að sjálfsögðu koma ýmis önnur atriði undir slíka könnun.

Hins vegar töldum við í n. ekki rétt að gera brtt. í þessa átt, en getum um þessa skoðun okkar í sjálfu nál.

Við höfum leyft okkur í n. að gera smábreytingu á till., að upphaf tillgr. orðist þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvort hagkvæmt sé og tímabært að auka o. s. frv."

Þarna er aðeins vikið við tveim eða þrem orðum. Okkur fannst hljómurinn betri í till. með þessu orðalagi.

Við töldum rétt að láta umsagnir frá Seðlabanka Íslands og enn fremur þeim viðskiptabönkum, sem sendu svör við beiðni okkar um umsögn, fylgja með nál.

Það koma fram hjá Seðlabanka Íslands ýmsar athugasemdir varðandi þetta mál og saga könnunar í þessum efnum frá fyrri tímum. Það verður að segjast eins og er, að Seðlabankinn er ekki sérstaklega hliðhollur þessari till., þannig að hann telji mikla ástæðu til að samþykkja hana hér á hinu háa Alþingi. Hins vegar er í niðurstöðu rætt um ýmiss konar till. í þessum efnum, sem rétt væri þá líka, að væntanleg nefnd, sem hefði með könnun þessara mála að gera, tæki til athugunar.

Sá banki, sem einna jákvæðastur er í sinni umsögn, er Útvegsbankinn. Hann telur m. a. þessa till. athyglisverða, meira að segja mjög athyglisverða og tímabæra, en getur þess jafnframt, að slíkri breytingu mundi fylgja nokkuð mikill kostnaður, sem aðallega yrði þá fólginn í seðlaútgáfu og myntsláttu.

Ég held, að ég fari ekki fleiri orðum um þetta mál. Það virðist vera nokkuð ljóst í framsetningu hjá tillögumanni, hvað hann ætlar sér, og eins það, að n. sem slík tekur undir þessa till. og eins og ég sagði í upphafi, mælir með samþykkt hennar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa í fáum orðum þeirri sérstöðu, sem ég hafði í allshn. um þetta mál. Ég hef ekki gefið út sérstakt nál. Mér fannst ekki taka því, en ég vildi vekja athygli á því, að það væri raunverulega lítils virði að fela hæstv. ríkisstj. athugun á þessu máli, sem till. fjallar um, vegna þess að þetta

mál hefur verið í athugun á undanförnum árum og ýmislegt gert í því.

Það er rétt, sem hér var sagt áðan, að það var starfandi nefnd, sem þáv. fjmrh. skipaði 1962, og hún skilaði áliti og mælti með því, að verðgildi íslenzkrar krónu yrði breytt, þannig að 10 krónur yrðu gerðar að einni og þannig yrði gjaldmiðillinn gerður sterkur. Eins og bent var á hér áðan, þá hefur náttúrlega ýmislegt gerzt síðan. Krónan hefur rýrnað. Ef tíföldun hefði verið eðlilegur mælikvarði 1962, þá væri hann tæplega réttur nú. Þá ætti sennilega að hafa þetta eitthvað meira nú.

Ég skilaði ekki sérstöku áliti, vegna þess að ég tel það auðvitað alveg meinlaust, að hæstv. ríkisstj. fái áskorun um athugun á þessu máli, og ég geri ekki ráð fyrir því, að það leiði til þess, að það verði gert, sem till. fer fram á, enda dró allshn. dálítið úr þessu með orðalagsbreytingunni, það er aðeins til að gera athugun á málinu, en ekki til þess að fela hæstv. ríkisstj. að láta framkvæma breytinguna.

Eins og sjá má á þskj. 670, þá fylgir umsögn Seðlabankans og fleiri banka um þessa till. Ég veit nú, að hv. flm. hefur ekki mikið álit á því, sem Seðlabankinn segir, og finnst ekki takandi mikið mark á því. Hann talar um vald Seðlabankans, að hann vilji ráða bæði fyrir hæstv. ríkisstj. og Alþ., en rétt er að minna á það, að vald Seðlabankans er ekki meira en það, sem Alþ. vill veita honum, og Alþ. hefur veitt Seðlabankanum talsvert vald, t. d. það að sjá alveg um myntsláttu og myntgreiningu, sem áður var í höndum ríkissjóðs. Þetta var Seðlabankanum falið árið 1968, og við værum ákaflega illa komnir, ef ekki mætti að neinu leyti leita ráða hjá stjórn Seðlabankans í peningamálum og fjármálum, vegna þess að þeir bæru ekki skyn á þessi mál.

Hitt er svo alveg rétt, sem hv. flm. gefur í skyn, að það á hvorki að trúa stjórn Seðlabankans eða öðrum í blindni, ef það fer í bága við heilbrigða skynsemi. Alþm. gera það vitanlega ekki og hæstv. ríkisstj. ekki heldur. Umsagnir sérfræðilegs eðlis, sem koma frá Seðlabankanum, eru vitanlega lesnar, og þær eru metnar og athugað, hvort það geti verið rétt, sem þar er haldið fram, eða rangt. Í þessum umsögnum og grg. frá Seðlabankanum er skýrt frá því, hvað hefur verið gert hin síðari ár, t. d. það, að gefinn hefur verið út nýr 5000 kr. seðill, einnig endurnýjaður 500 kr. seðill. Þá hafa verið gerðar breytingar á myntinni, þannig að litlu seðlarnir hurfu úr umferð og málmpeningar komnir í staðinn, 5, 10 og 50 kr., og mynteining undir 10 aurum er fallin úr gildi. Það, sem Seðlabankinn telur, að eðlilegt sé að gera sem fyrst, er, að bankinn fái heimild til þess að fella 10 aurana niður, þannig að 50 aurar verði minnsta eining. Ég held, að þessi mynt, sem núna er í umferð, sérstaklega þegar 10 aurar eru fallnir frá, sé mjög hentug mynt og góð í viðskiptum, en mönnum getur nú sýnzt ýmislegt um þetta. Viðhorf flm. hefur nú komið fram í grein, sem hann hefur skrifað og birzt hefur í blöðunum.

Eins og ég sagði áðan, tel ég ekkert við því að segja og ekki nema eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi þetta mál áfram til athugunar, en ég er nokkurn veginn sannfærður um, að ef hún athugar málið, þá muni hún spyrja stjórn Seðlabankans um álit á þessu máli, vegna þess að það er staðreynd, að þar eru menn, sem Alþ. hefur falið umsjón þessara mála.

Ef ég tryði því, að breyting á myntinni, eins og lagt er til í till., yrði til þess að skapa hér heilbrigðara ástand í efnahagsmálum og peningamálum, þá væri náttúrlega alveg sjálfsagt, að þessi breyting færi fram sem allra fyrst. En það hefur nú sýnt sig í þeim löndum, þar sem þetta hefur gerzt, að það hefur dugað skammt. Það hefur verið verðbólga í Finnlandi, og það hefur verið verðbólga í Frakklandi, enda þótt myntinni hafi verið breytt, og það hafa farið fram gengisbreytingar í þessum löndum eftir að tilraun var gerð til þess að skapa harðan gjaldeyri. Það sýnir aðeins, að það þarf margt að koma til og fylgjast að, ef árangur á að nást í þessum málum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tefja tímann með langri tölu um þetta. Ég vildi aðeins koma þessum sérsjónarmiðum að.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég vil nú þakka n. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Ég skal játa það, að þetta er ekki búið að framkvæma, þó að þessi ályktun sé samþykkt, ef hún verður þá samþykkt, og það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Sunnl., að það þarf að gera fleiri ráðstafanir, ef þetta á að koma að fullum notum.

Fyrir mér vakti með flutningi þessarar till., sem var nú ákaflega vægt orðuð, að þetta mál yrði athugað, og mér fannst nú satt að segja allir geta sætt sig við það. En Seðlabankinn virtist ekki láta sér það skiljast, og hann skýrði frá því, að athugun hefði farið fram á þessu 1962. Þá var krónan rúmlega helmingi verðmeiri en hún er nú. Þá lagði Seðlabankinn til, að þetta yrði framkvæmt. Og það var þáv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, sem óskaði eftir, að þessi athugun færi fram hjá bankanum, en það er sagt í grg. bankans, að þáv. ríkisstj. hafi ekki viljað fallast á, að verðgildi krónunnar yrði tífaldað. Nú er krónan verðminni, og nú vill Seðlabankinn ekki, að þetta sé framkvæmt. Niðurstaða bankans er sú, að það sé allt í lagi, að þm. og menn almennt tali um málið, en þeir mega ekki einu sinni samþykkja ályktun, sem hefur það eina í för með sér, að málið sé athugað. Mér datt nú í hug Lúðvík 14. á yfirlætisárum sínum, þegar hann sagði: „Ríkið, það er ég.“ Það er í raun og veru það, sem bankinn segir við þingið. Þið megið tala um hlutina, en ekki ákveða þá viðvíkjandi þessu máli. Nú, þetta er í sjálfu sér ósköp eðlilegt. Fyrrv. ríkisstj. afhenti bankanum þetta vald, valdið til að ákveða alla vexti hjá öllum sjóðum, við megum ekki gera það, valdið til að ákveða gengisskráningu, við megum ekki gera það. (*Gripið fram í.*) Þetta er samkvæmt bankalögum. Þar er þetta svona. Jú, það er einmitt það, sem ríkisstj. á að gera. Við héldum því alltaf fram, að það ætti ekki að afhenda bankanum þetta mál. Þetta er bara ólýðræðislegt. Það er ekki nokkur einasta trygging fyrir því, þó að bankinn og meiri hl. ríkisstj. séu sammála um að breyta gengisskráningu eða breyta vöxtum, að það sé meiri hl. fyrir því í þinginu. Við erum hreinlega búnir að afhenda bankanum þetta mikla vald. Þegar gengi er breytt, þá vitum við það allir, að það er tekið af eignum fólks og það er tekið af kaupi fólks. Til þess er gengisbreyting. Og þetta eiga þessir herrar uppi í banka að gera. Fólkið nær ekki til þeirra. Það getur látið óánægju sína bitna á okkur, en ekki þeim. Þetta er vald, sem ég álít, að Alþ. eigi að hafa, og ég vona, að ríkisstj., núv.

ríkisstj., hafi manndóm til þess að gera breytingu á þessu.

Það er ósköp eðlilegt, að mennirnir segi þetta: Þið getið masað um þetta, en þið megið ekkert ályktа um þetta, hvað þá heldur ákveða það. Friðrik mikli Prússakóngur sagði líka: „Þegnar mínir mega tala, en ég framkvæmi það, sem ég vil.“ Þetta er sami hugsunarhátturinn.

Fyrir mér vakti það að auka traust á verðgildi íslenzkra peninga utanlands og innan og draga úr því eyðsluæði, sem af því leiðir, að flestir reyna að koma lausafé sínu í fasta fjármuni til þess að forðast tjón af verðrýrnun peninga eftir endurteknar gengislækkanir. Einnig að losa fólk við óþægindi af því, að hafa veski og vasa hálffulla af verðlitlum peningum, sem það fer ógætilega með, vegna þess að það veit, að verðgildi þeirra er lítið. Sem dæmi upp á þetta get ég sagt ykkur það, að það gekk einhver frómur maður hérna fram hjá Tjarnarskólanum, nýja stúdentaskólanum, skilst mér, að sé. Ég held, að það sé gamli barnaskólinn þarna. Nú, það var ausið yfir hann bunka af smápeningum og krónumynt og svona drasli, og hann tíndi þetta upp, og þetta voru 70 kr. Hann fór með þetta og lagði þetta inn í banka, tók kvittun fyrir og ætlaði svo að afhenda skólastjóranum það. Þessi saga var mér sögð í dag, og hún sýnir, hve mikla lítilsvirðingu menn eru farnir að hafa á þessum aurum. Þessi hugsunarháttur mætti gjarnan breytast. Og ef einhver á 100 þús. kr., þó að það sé ekki meira, þá fer hann annaðhvort að reyna að kaupa bíl eða að leggja þetta í íbúð, einhvern veginn að reyna að eyða peningunum. Þetta er stórhættulegt ástand.

Þriðja atriðið, sem vakti fyrir mér, var að spara Seðlabankanum kostnað af gjaldeyriseyðslu, sem af því leiðir að láta búa til verðlitla mynt og seðla. Það kom út skýrsla frá Seðlabanka Íslands í vetur, síðasta skýrslan held ég. Þar er þetta birt, hvað mikið er af hverri tegund myntar. Það óx mikið, þegar 50 kr. peningarnir komu. Það eru 30 millj. í 50 kr. peningum, 37 millj. í 10 kr. peningum, 14 millj. í 5 kr. peningum, 6 millj. í 1 kr. peningum, 2.2 millj. í 50 aura peningum og 1.6 millj. í 10 aura peningum, og það kostar um 29 millj. að búa þessa mynt til. Ef verðgildið væri tífalt, þá kostar eðlilega jafnmikið að búa til peningana, og þar að auki þarf miklu minna magn af þeim, þannig að ef bankinn þyrfti að endurnýja alla þessa mynt, þá mundi hann græða 9/10 hluta af þessum 29 millj. Hann mundi græða svo skipti tugum millj. á því. Það er þess vegna enginn aukakostnaður fyrir bankann að auka verðgildi myntarinnar, heldur er það stórkostlegur gróði.

Að búa til þá seðla, sem nú eru í umferð, kostar, eftir því sem ég hefi komizt næst, eitthvað á fjórðu millj. kr., og þeir telja, að minni seðlarnir endist ekki nema í eitt ár, en stærri seðlarnir lengur. Nú mundi sparast einhver endurnýjun, ef þeir yrðu allir prentaðir upp, en í framtíðinni yrðu seðlarnir kostnaðarminni, ef verðgildið yrði aukið, það yrði minna magn af þeim.

Seðlabankinn er að tala um það, að þetta sé svo hagkvæm og skemmtileg mynt, sem er í umferð. Mér þykir ekkert varið í að vera með þessa hlunka í vösunum. Það verða allir vasar götóttir á þessu, þannig að ég sé ekki annað en að þetta sé frekar plága.

Árið 1968 voru í umferð 9 millj. kr. í mynt, en nú eru í umferð 101 millj. Upphæðin hefur því meira en tífaldazt á þessum þrem eða fjórum árum. Þar veldur mestu um, að farið er að búa til 50 kr. peningana og auk þess hirðir fólk illa um myntina, þegar hún er verðlítil. Afleiðingin af verðleysi myntarinnar er því, að það þarf margfalt meira magn. Tíeyringarnir, sem í umferð eru, kosta 4 millj., 160 þús. kr. meira en nemur verðgildi þeirra, og fimmtíueyringarnir kosta 1 millj., 232 þús. meira en nemur verðgildi þeirra. Sé verðgildi krónunnar tífaldað, væri 6.4 aura hagnaður fyrir bankann, — og á ég þá við aura, sem eru verðmeiri en núna, — að láta búa til hvern tíeyring, en núna er 26 aura tap á því að búa til hvern tíeyring, 28 aura tap fyrir bankann að láta búa til hvern fimmtíueyring, en væri 42 aura gróði, ef verðgildið væri tífaldað. 50 kr. myntinni yrði sennilega breytt í seðla og e. t. v. 10 kr. myntinni einnig. Kostnaður við að búa til hvern pening er sá sami, þó að verðgildið aukist. Verulegur hluti þeirrar myntar, sem nú er í umferð, kæmi eigi til skila við myntbreytingu. Seðlabankinn mundi af þeirri ástæðu græða margar milljónir, og margar milljónir mundu sparast í gjaldeyri á næstu árum við það, að magn það, sem í umferð er af sleginni mynt, minnkar, en verðgildi peninganna eykst. Í bili yrði eðlilega nokkur gjaldeyriseyðsla við myntbreytingu, en ástæða er til að ætla, að verulega megi minnka þann kostnað með því að nota núgildandi mynt í nýja myntsláttu. Ég á við það, að það kostar vitanlega dálitinn erlendan gjaldeyri að láta slá upp myntina að nýju, en það vinnur Seðlabankinn mörgum sinnum upp sem slíkur.

Nú, svo er það náttúrlega aðalatriðið, hvað hægt er að gera til þess að auka traust á verðgildi peninganna, og þá álít ég, að nauðsynlegt sé að breyta um fjármálastefnu, a. m. k. í bili og helzt varanlega. Ríkið þarf að græða svona 3—4 milljarða, helzt á einu ári, a. m. k. á tveimur, og ef ríkið gerði það, þá gæti það keypt gull fyrir sem svaraði seðlaveltunni og gulltryggt seðlana. Auk þess, ef það græddi nú svona 4 milljarða, þá gæti það borgað Seðlabankanum þessi yfirdráttarlán, sem það fær, þannig að Jóhannes Nordal þyrfti ekki að vera að veifa neinum víxlum, ríkisvíxlum upp á 11% vexti eða eitthvað slíkt og fá viðskiptabankana til að kaupa þá tíma úr árinu. Og það er raunar óþolandi fyrir ríkisvaldið og alveg óþarfi að þurfa að vera á nokkurn hátt háð Seðlabankanum með slíka lánastarfsemi.

Hvernig á þá að fara að því að láta ríkissjóðinn græða? Ég skal benda ykkur á eina hugmynd, sem mér hefur dottið í hug, og hún er enn framkvæmanleg, og það verður náttúrlega að fara öfugt að því miðað við það, sem verið hefur, því að yfirleitt hefur verið hrúgað á ríkissjóðinn öllum mögulegum útgjöldum og eiginlega verið lagt höfuðkapp á að hækka ríkisútgjöldin í stað þess að stilla þeim í hóf. Það er gert ráð fyrir núna að verja til lífeyristrygginga rúmum 3 milljörðum fyrir utan það, sem ætlað er sjúkrasamlögunum, því að alls fer hálfur sjötti milljarður í það. Ef við bara gerðum tryggingakerfið einfalt og tækjum upp svipað tryggingakerfi og Norðmenn, þó að það væri ekki nema eitt eða tvö ár, létum einstaklingana borga 4%, atvinnurekendurna rúm 8% gagnvart því, sem fólkið leggur fram, og létum svo þá, sem reka atvinnu eins og bændur, einkaatvinnu, borga 7.8% eins og Norðmenn gera, þá gætum við sparað allt þetta fé, yfir 3 milljarða, á einu

ári, og útgjöld einstaklinganna mundu ekki aukast mjög mikið, ef þeir mundu ekki leggja í þessa furðulegu lífeyrissjóði, sem nú eru, nema mjög lítið. Auk þess væri hægt að spara á ýmsum liðum á fjárlögum, vafalaust upp undir milljarð, ef rétt væri tekið á því, m. a. 230 millj. til atvinnuleysistrygginga og að styrkja menn til náms, sem þjóðin hefur enga þörf fyrir. Þannig eru margir liðir, sem ég ætla ekki að eyða tíma í að telja upp, en ég er sannfærður um, að ef rétt væri á þessu tekið, þá væri hægt að láta ríkissjóðinn hagnast um 4 milljarða á einu ári. Og ef þetta væri rétt notað, þá væri bæði hægt að borga skuldina í Seðlabankanum, þannig að ríkisvaldið þyrfti ekki að vera háð Seðlabankanum, og auk þess að gulltryggja seðlana. Það þarf vitanlega að hafa kjark til að taka á hlutunum, til að gera þetta. Og ég álít, að viturlegasta fjármálastefnan væri nú sú að skapa traust á myntinni og verðgildi peninganna og ríkið væri ekki í neinum lausaskuldum. Svo væri hægt, þegar búið væri að styrkja fjármálakerfið, að fara að gera meira. Þetta er ekkert nema það, sem hyggnir atvinnurekendur gera, ef þeir hafa möguleika til þess.

Ég vildi drepa á þetta atriði, því að þetta er ekkert aukaatriði. Og ef við gætum haft traust gengi, þá mundi enginn peningaskortur vera hér í landi. En sannleikurinn er sá með bankakerfið í dag, að það er lítt skiptandi við það, því að ef einhver biður um lán í banka, það er nærri sama, hve lítil fjárhæð það er, þá er eins og þetta sé gert af einhverri náð. Ég hef farið með víxla hér í banka, og mér er sagt, ég skal bara gera þetta fyrir þig, þó að þetta sé ekki nema smáupphæð. Ef þetta væru eðlileg bankaviðskipti, þá er það vitanlega jafnmikil þökk fyrir bankana að lána áreiðanlegum viðskiptamanni eins og það er fyrir viðskiptamanninn að taka lánið. Það ætti að vera alveg gagnkvæmt. En það er ekki því að heilsa, því að allir keppast við að eyða hverjum eyri, sem þeir eignast. Og þannig mun það verða, meðan traustið vex ekki á peningunum. Hér er því um stórmál að ræða, og ég játa það, að það er ekki nema örlítið atriði, það er ekki nema liður í því, sem breyta þarf, þó að gengi krónunnar væri tífaldað. En það er bara einn liður í kerfinu. Hitt var ekki að öllu leyti rétt hjá hv. 1. þm. Sunnl., þegar hann var að halda því fram, að þetta hefði ekki haft áhrif, t. d. í Frakklandi. Það bara gerbreyttist hugsunarháttur hjá Frökkunum. Þeir voru farnir að meta frankann einskis, þegar De Gaulle tók við. Þetta gerbreyttist. Allt peningakerfið gerbreyttist til bóta.

Viðvíkjandi þessum fallegu 5 þús. kr. seðlum, sem Nordal er að tala um í grg. sinni, sem hann sendi, þá er það náttúrlega broslegt að búa til fallega seðla og lítils virði. Það er ekkert atriði. Þetta hefði ekki þurft að vera nema 500 kr., ef við hefðum haft krónuna dálítið verðmeiri. Nú er það svo, að miðað við gullgildi er krónan 40 sinnum verðminni en hún var, meðan miðað var við þetta forna gullgildi hennar. Það væru 2480 kr. í gullkrónu. Ef við færum að hundraðfalda, og það er eiginlega ekki hægt annað en að fara aðra hvora leiðina, það verður eiginlega að taka núll aftan af upp á bókhald og aðrar breytingar, sem leiðir af sér, ef verðgildið er margfaldað, eða þá að taka tvö núll. En ef við tækjum tvö núll, þá yrði krónan tvisvar og hálfu sinni meira virði gagnvart gulli en hún var upphaflega. Mér finnst það satt að segja dálítið oflátungslegt. Ég held, að við yrðum þá að taka upp nýtt nafn á myntinni. Náttúrlega gæti það vel verið athugandi, en tíföldum við gengið, þá verður ekki meiri munur á krónu Norðurlandanna en svo, að 100 kr. danskar verða eins og 125 íslenzkar, en eins og 132 norskar. Það munar ekki neinu verulegu, þannig að við þurfum ekki að bera kinnroða út af því, ef á að halda svipuðu myntkerfi og nágrannaþjóðir okkar, sem mér fyndist nú skemmtilegast og eðlilegast.

En aðalatriðið er þetta. Það þarf að fara öðrum höndum um fjármálastjórnina en verið hefur og treysta verðgildi krónunnar og víkja ekki frá því. Reyna að halda genginu óbreyttu og skapa traust á genginu. Vitanlega tekur nokkur ár að vinna upp það traust, sem tapazt hefur. En það er vel hægt. Þið kannske brosið að því, að ég held því fram, að það sé hægt að snúa þessu við á einu ári, en ég get bara fullvissað ykkur um það, að ef ríkisstj. snýr sér til fólksins og biður það um að hjálpa til að gera þetta, eyða sem allra minnstu af erlendum gjaldeyri, draga úr bílakaupum, draga úr húsbyggingum og öðru slíku í eitt ár í þeim tilgangi að treysta verðgildi krónunnar, að styrkja gengið, þá er ég sannfærður um, að fólkið hjálpar þeirri ríkisstj. Og ég er líka sannfærður um, að sú ríkisstj. mun fá traust fólksins við næstu kosningar, því að fólkið er orðið dauðþreytt á þessu. Og það mun ekki standa á fólkinu að hjálpa til að gera svona hluti, ef ekki stendur á forráðamönnunum að framkvæma þá. Og við getum minnzt þess, hvað gerðist 1969, hvað þjóðin komst af með lítið.

Það er alveg rétt, sem kemur fram hjá Jóhannesi Nordal í skýrslu hans frá Seðlabankanum í vetur, að þetta verkar eftir á. Ef eitthvað á að spara, þá getur það ekki komið fram á fyrsta ári, þegar um samdrátt er að ræða eins og árin 1968 og 1967. Það kom fram á árinu 1969, þannig að það kemur á árinu á eftir. Og við getum bara séð, hvað fólkið gat komizt af með lítið þá. Það er vel hægt fyrir íslenzku þjóðina að græða svo að skiptir milljörðum á ári, ef hún bara er samhent um að spara. En hún verður það ekki nema hún trúi því, að það sé einhver tilgangur með því að leggja þær fórnir á sig, því að vitanlega verður einhver maður að neita sér um eitthvað. Nú er það þannig, að ef einhver á pening, þá er fyrsta hugsunin annaðhvort að reyna að kaupa íbúð, þó að það sé svo að segja allt í skuld, eða bíl eða eitthvað annað að gera en að eiga peningana. Það hafa margir sagt þetta við mig: Ég vil ekki eiga peninga, þeir eru gerðir verðlausir. Þetta skapar óeðlilega eyðslu. Þess vegna ætti þessi ríkisstj. að athuga það að breyta þessu kerfi, breyta þessum hugsunarhætti og breyta þessari stefnu. Og þó að hún gerði fátt annað, þá væri það þarfaverk, ef henni tækist það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 670 samþ. með 32 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 865).

27. Efling ferðamála.

Á deildafundum 16. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eflingu ferðamála [142. mál] (A. 207).

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31., 32. og 33. fundi í Sþ., 27. jan., 1. og 3. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 4. þm. Vesturl., Friðjóni Þórðarsyni, og 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 207 um eflingu ferðamála. Megintillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða áætlun um eflingu ferðamála, sem verið hefur í undirbúningi. Í áætluninni verði stefnt að því að auka verulega ferðamannastraum til landsins og bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna, einkum úti um land í vinsælum ferðamannahéruðum og byggðarlögum, sem geta orðið ferðamannastaðir, ef skilyrði eru þar sköpuð til fyrirgreiðslu við ferðafólk."

Sú atvinnugrein, sem vaxið hefur einna mest í heiminum s. l. áratug, er ferðamannaþjónustan. Talið er, að áratuginn 1960—1970 hafi fjöldi erlendra ferðamanna milli landa aukizt úr 71 millj. í 167 millj. og eyðsla þeirra úr 6 milljörðum dollara í 17 milljarða. Fróðir menn gera ráð fyrir því, að þessi þróun muni halda áfram og í árslok 1972 nái tala erlendra ferðamanna 200 millj., milli landa, sem jafngildir því, að allir Bandaríkjamenn hleyptu heimdraganum á því ári.

Það er athyglisvert fyrir okkur Íslendinga, að sérfróðir menn um ferðamál telja, að í framtíðinni verði um að ræða stóraukna sókn ferðamanna til landa, sem hafi sérstæða náttúru, og einkum til landa, þar sem umhverfi er lítt eða ekki spillt og andrúmsloft hreint. Það er alkunna, að okkur Íslendingum hefur tekizt að hasla okkur völl, svo að um munar, í samgöngum milli landa, bæði í austur og vestur. Sú staðreynd á ríkan þátt í því, hversu mjög erlendum ferðamönnum hefur fjölgað hér á undanförnum árum. Allt þetta, sem hér er rakið, vaxandi ferðamannastraumur í heiminum, aukin sókn ferðamanna til landa með sérstakt náttúrufar og góðar og vaxandi samgöngur við landið frá umheiminum, bendir mjög ótvírætt til þess, að Ísland geti orðið á fáum árum ferðamannaland í stórauknum mæli, ef vel er á haldið. Forsendan fyrir því er þó augljóslega, að aðstaða til þjónustu við ferðamenn verði aukin verulega og samræmd. Þá skiptir og ekki minna máli að leitast við að lengja ferðamannatíma með tiltækum ráðum, þar sem ferðamannastraumurinn er nú mikill til landsins sárastuttan tíma ár hvert. Við þær aðstæður er auðvitað afar erfitt að reka dýr mannvirki, sem í þarf að ráðast vegna ferðamannaþjónustunnar, þar sem nýtingartími þeirra verður óhjákvæmilega mjög skammur ár hvert.

Fyrrv. ríkisstj. gerði sér ljósa grein fyrir möguleikum okkar Íslendinga í ferðamálum. Því var það einn þátturinn í stefnu hennar á því sviði að auka fjölbreytni útflutningsframleiðslunnar að efla ferðamálin sem útflutningsgrein við hlið sjávarútvegs og iðnaðar. Á s. l. áratug náðist mjög athyglisverður árangur á þessu sviði, svo sem rakið er í grg. með þeirri þáltill., sem hér er til umr. Gjaldeyristekjur af ferðaútvegi urðu t. d. 1000 millj. kr. yfir árið 1970 eða 7.7% af útflutningstekjunum það ár. Þar er um að ræða gott búsílag, og munar um minna.

En fyrrv. ríkisstj. stefndi að því að þróa ferðaútveginn enn þá betur og hraðar í framtíðinni. Í því skyni var að því stefnt að gera úttekt á íslenzkum ferðamálum og sótt um aðstoð Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í því skyni. Fyrir allnokkru kom hingað danskur sérfræðingur á vegum þeirrar stofnunar til þess að kanna aðstæður. Hann skilaði frumskýrslu um athuganir sínar, og í henni mælti hann með því, að kannaðir yrðu fjórir þættir, sem mundu auka aðdráttarafl landsins í heild sem ferðamannalands og jafnframt hafa þau áhrif að lengja svonefndan ferðamannatíma. Þessir þættir voru ráðstefnuhald, sportveiðar, vetraríþróttir og leirböð á jarðhitasvæðum. Niðurstaðan varð sú, að sótt var um fjárhagslega aðstoð umræddrar stofnunar Sameinuðu þjóðanna til þess að standa straum af erlendum sérfræðikostnaði við að kanna framangreinda þætti ferðamálanna. Sá styrkur er nú fenginn, að því er mér skilst, og mun nema u. þ. b. 140 þús. dollurum.

Tilgangur flm. þáltill. þeirrar, sem hér um ræðir, er sá, að Alþ. hvetji til þess, að ekkert hik verði á framkvæmd þessarar könnunar, sem stefnt var að af hálfu fyrrv. ríkisstj. Jafnframt er lögð áherzla á, að í kjölfarið sigli heildaráætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu í öllu landinu, sem miði m. a. að því, eins og í till. segir, að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna úti um land, einkum í vinsælum ferðamannahéruðum og byggðarlögum, sem geta orðið ferðamannastaðir, ef skilyrði eru sköpuð til fyrirgreiðslu við ferðafólk. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika, hversu ferðamálin eru sérstæð í skipulagningu. Við uppbyggingu þeirra þarf að hyggja bæði að því, að skilyrði séu til móttöku ferðamanna í Reykjavík og jafnframt úti um land. Ef sífellt fleiri ferðamenn koma til Reykjavíkur, eru meiri líkur til þess, að þeir vilji skoða fleiri staði í landinu, og einnig koma þeir ferðamenn til Reykjavíkur, sem fyrst og fremst koma til landsins til þess að sjá og skoða sérstök héruð, t. d. umhverfis Mývatn. Hin ýmsu héruð í landinu, þéttbýlisstaðir og sveitir, hafa því sameiginlegra hagsmuna að gæta á sviði ferðamálanna, ef rétt er á haldið. Af þessu leiðir, að sú till., sem hér er til umr., er, eins og raunar er lögð áherzla á í orðalagi hennar, ekki sízt miðuð við að bæta aðstæður í strjálbýli til móttöku ferðamanna. Af þessum sökum ætti till. hv. 3. þm. Norðurl. e., Jónasar Jónssonar, og 1. þm. Norðurl. e. á þskj. 294, um endurskoðun ferðamála með tilliti til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar, sem kom síðar fram en till. okkar, sem nú er til umr., að vera óþörf. Ég vil þó taka skýrt fram, að ég vil ekki amast við henni sem slíkri, heldur benda á, að meginefni þeirrar till. er um hluta þess máls, sem till. okkar flm. miðar að, en till. okkar var komin töluvert fyrr fram hér á hv. Alþ., eins og ég sagði áðan.

Ég vil að lokum leggja sérstaka áherzlu á, að skipan ferðamála er ekki einungis sérstæð að því leyti, að þar fari saman hagsmunir einstakra staða og héraða, ef rétt er á haldið, heldur er hún flókin að því er varðar hvern og einn ferðamannastað. Sums staðar getur þurft að koma upp mannvirkjum, sem í fyrstu geta ekki staðið undir rekstrarkostnaði, til þess að laða að ferðamenn, sem hafa þó jafnframt auknar tekjur í för með sér fyrir hótel, minjagripaverzlanir o. fl. Ferðamálin eru því í raun og veru ákaflega sérstæður atvinnuvegur, sem jafnvel er mikilvægara að skipuleggja en aðrar atvinnugreinar. Því er þýðingarmikið að hraða þeirri athugun, sem stefnt er að og framangreind þáltill. miðar að.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um þáltill. verði frestað að loknum umr. og henni verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 207, 674, n. 675).

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar tvær þáltill. um ferðamál, á þskj. 207 og 294. Að athuguðu máli mælir n. með, að brtt., sem n. flytur á þskj. 674, verði samþ., þar sem hún felur í sér meginefni beggja umræddra þáltill. Brtt. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða áætlun um eflingu ferðamála. Í áætluninni verði stefnt að því að auka verulega ferðamannastraum til landsins og bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna. Leggja skal sérstaka áherzlu á það, að ferðaþjónusta geti orðið traustur atvinnuvegur sem víðast um byggðir landsins og að þróun ferðamála verði til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar. Jafnframt skal áætlunin unnin með tilliti til eftirtalinna fjögurra þátta, sem líklegir eru til að auka aðdráttarafl landsins sem ferðamannalands: Bættra skilyrða til ráðstefnuhalds, aukinna sportveiða, vetraríþrótta og heilsuhæla í sambandi við jarðhita."

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir þessari till. allshn. Hún er, eins og ég hef hér áður sagt, að efni til hliðstæð því, sem kom fram í áðurnefndum þáltill., sem var gerð ítarleg grein fyrir í framsögu fyrr í vetur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 674 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 866).

28. Opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um gerð áætlana um opinberar framkvæmdir fyrir Reykjanessvæðið sunnan Hafnarfjarðar [60. mál] (A. 65).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13., 14., 15., 16. og 18. fundi í Sþ., 11., 16., 18., 23. og 30. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 65 hafa þm. Reykjaneskjördæmis leyft sér að flytja þáltill. um áætlun um opinberar framkvæmdir fyrir Reykjanessvæðið sunnan Hafnarfjarðar. En í till. segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um opinberar framkvæmdir fyrir Reykjanessvæðið sunnan Hafnarfjarðar. Verk þetta skal unnið í samráði við sveitarstjórnirnar á svæðinu og byggt m. a. á þeim athugunum, sem unnið hefur verið að á vegum Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi um framtíðarþróun þessa svæðis."

Með þessari till. fylgir grg., þar sem gerð er ítarleg grein fyrir því, með hvaða hætti gert er ráð fyrir, að hér fari fram áætlunargerð varðandi opinberar framkvæmdir í þessum hluta Reykjaneskjördæmis. En á s. l. árum hefur það færzt mjög í vöxt, að gerðar hafa verið áætlanir um ýmsar opinberar framkvæmdir, þar sem sveitarfélög í einstökum landshlutum eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Í Reykjaneskjördæmi hafa samtök sveitarfélaganna stofnað samband sín í milli, en sveitarfélögin sunnan Hafnarfjarðar hafa innan þessara samtaka sett á stofn samstarfsnefnd, þar sem þessi sveitarfélög eiga töluvert annarra hagsmuna að gæta en önnur sveitarfélög í kjördæminu.

Við áætlunargerðir, sem hér er gert ráð fyrir, hefur verið horfið að því ráði að afla fjár með sérstökum hætti og þess vegna verið mögulegt að ráðast í stærri verkefni og þá um leið ákvarðað, með hvaða hraða verkin skuli unnin og þá hvernig.

Þessi hluti Reykjaneskjördæmis er, eins og ég gat um áðan, töluvert sérstæður með tilliti til annarra sveitarfélaga, en á þessu svæði búa um það bil 11 þús. íbúar. Hér er um að ræða sveitarfélög í Gullbringusýslu svo og Keflavíkurkaupstað, þó ekki öll sveitarfélögin í Gullbringusýslunni, aðeins þau, sem eru sunnan Hafnarfjarðar, en það er Vatnsleysustrandarhreppur, Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Njarðvíkurhreppur ásamt og með, eins og ég sagði áður, Keflavíkurkaupstað.

Það má geta þess hér í leiðinni, að þm. þessa kjördæmis hafa einnig flutt till., sem er á dagskrá þessa fundar, um breytingu á lögsagnarumdæmum í þessu kjördæmi, og er að því stefnt, að hrepparnir sunnan

Hafnarfjarðar verði skildir frá Garða- og Bessastaðahreppi, þannig að Gullbringusýslan yrði aðeins sunnan Hafnarfjarðar.

Því er ekki í móti mælt, að hér er um að ræða mjög þýðingarmikið svæði landsins. Fyrir utan strendur þessa svæðis liggja þýðingarmestu fiskimið okkar, og byggðarlögin á Reykjanesi eru í miklum uppvexti og þess vegna þýðingarmikið, að þau sameiginlega svo og stjórnvöld önnur komi sér saman um, með hvaða hætti opinberar framkvæmdir skuli vera, og reynt sé að vinna þannig að þessum málum, að það verði gert á sem skipulegastan og skynsamlegastan hátt.

Það er fjölmargt, sem hér um ræðir, þ. á m. samgöngumál, en þar í eru vega- og hafnamál ásamt fjarskiptaþjónustu, og það hefur verið mjög á dagskrá þar syðra að hraða lagningu varanlegs slitlags þar á vegina og þess vegna mjög eðlilegt, að þessi sveitarfélög ráðist nú í það sameiginlega og ákveði, með hvaða hætti þetta verk skuli unnið, með hvaða hraða og þá í hvaða röð.

Þá má nefna menntamál og heilbrigðismál. Þessi byggðarlög hafa tvímælalaust margt sameiginlegt í sambandi við skólamálin. Má þar nefna, að nú þegar hafa þau komið sér saman um byggingu iðnskóla, og vonumst við til þess, að við afgreiðslu fjárlaga nú verði veitt fjármagn til þess að hefja byggingu þess skóla. Þar hafa öll þessi sveitarfélög náð samstöðu, og það, sem fyrir þm. kjördæmisins vakir, er, að farið verði eftir því samstarfi og samstarfið geti náð til fleiri greina. Það er tvímælalaust þessum byggðarlögum fyrir bestu og hagkvæmast fyrir alla þá aðila, sem fjármagn þurfa að veita í opinberar framkvæmdir þar.

Á vegum samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi svo og á vegum Reykjavíkurborgar hafa verið gerðar athuganir á þróun fólksfjölgunar á þessu svæði, og þá yrðu þær rannsóknir, sem þar hafa verið gerðar, tvímælalaust hafðar til viðmiðunar í sambandi við þær framkvæmdir, sem þarna verður ráðizt í.

Sú samstarfsnefnd, sem ég gat um áðan, hjá þessum sveitarfélögum er grundvöllur þess, að þarna geti náðst skynsamlegt samstarf á milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna, og ég er þeirrar skoðunar og við reyndar allir, að eftir að sú samstarfsnefnd komst á laggirnar, verði mun hægara og þægilegra að vinna að þessum málum hjá byggðarlögunum sjálfum og þá um leið af hálfu ríkisvaldsins, eftir því sem það kemur til kasta þess.

Ég þarf ekki að benda á fremur en ég hef gert, hversu þýðingarmikið það er fyrir þessi byggðarlög, að skipulega sé unnið að þessum málum, og vonast til þess, að sú till., sem hér er flutt, fái samþykki Alþingis.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 65, n. 683).

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar þáltill. um áætlun um opinberar framkvæmdir fyrir Reykjanessvæðið sunnan Hafnarfjarðar og er sammála um að leggja til, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, að áætlunin taki til Reykjaness alls og tillgr. verði þá svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi. Verk þetta skal unnið í samráði við sveitarstjórnir í kjördæminu og byggt m. a. á þeim athugunum, sem unnið hefur verið að á vegum Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi um framtíðarþróun þessa svæðis."

Í samræmi við þessa till. fjvn. gerir hún einnig till. um, að fyrirsögn þáltill. verði: „Till. til þál. um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 683,1 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 683,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 867), með fyrirsögninni:

Þál. um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi.

29. Opinberar framkvæmdir í Suðurlandskjördæmi.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um áætlun um opinberar framkvæmdir í Suðurlandskjördæmi [42. mál] (A. 43).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Allir þm. Suðurlandskjördæmis hafa flutt till. á þskj. 43, en till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa áætlun til langs tíma um opinberar framkvæmdir fyrir Suðurlandskjördæmi. Verk þetta verði unnið í náinni samvinnu við Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi."

Suðurlandskjördæmi er víðfeðmt og hefur mikla atvinnumöguleika, enda hefur fólki fjölgað þar í seinni tíð. Það er samfelldasta undirlendi Íslands, og framleiðsla búvöru þar er mjög mikil. Þar eru framleidd 67% af kartöfluuppskerunni, þar eru 36% alls nautpenings í

landinu, 22% sauðfjár og 34% allra hrossa. Veiði er í ám og vötnum og miklir möguleikar til vaxandi fiskiræktar. Er og unnið að því. Gróðurhús eru hvergi jafnalmenn og á Suðurlandi, enda jarðvarmi mikill, en nauðsyn ber til að nýta hann meira en orðið er. Ræktun hefur hvergi verið meiri en í Suðurlandskjördæmi. Árið 1959 voru 19055 ha túna í kjördæminu, en 1971 er áætluð túnastærð orðin 36 þús. ha. Ekki liggja skýrslur fyrir um það, en með því að reikna ræktunina svipaða á því ári og undanfarið, þá verður aukningin þetta á 12 árum, þ. e. 17 þús. ha, eða um 90%. Framleiðsla hefur aukizt og fer batnandi. Fallþungi dilka var 12.77 kg 1959, en 14.11 kg haustið 1971. Kýrnyt var 1959 aðeins 2418 lítrar, en 1970 2910 lítrar.

Vel má vera, að sumum hv. alþm. finnist óþarfi að vera að telja þetta upp í sambandi við þessa till., en ég tel, að þetta megi koma fram, m. a. vegna þess, að sunnlenzkum bændum hefur verið borið það á brýn upp á síðkastið, að þeir stundi takmarkalausa rányrkju og svelti búfénað sinn, en þær tölur, sem hér hafa verið raktar, afsanna það.

Það er stóraukinn sjávarútvegur í Suðurlandskjördæmi, sérstaklega á suðurströndinni, og á síðustu 10 árum hefur útgerð frá ströndinni aukizt um helming. Um Vestmannaeyjar þarf ekki að ræða í þessu sambandi, svo kunnugt sem það er, að það er stærsta og þróttmesta útgerðarstöð landsins. Þrátt fyrir þetta er sjálfsagt að auka útgerð frá suðurströndinni og einnig frá Vestmannaeyjum, en til þess að það sé unnt, þarf að gera ýmsar hafnarframkvæmdir í auknum mæli. Á síðustu árum hefur verið unnið mjög að hafnarbótum bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka, og lokið var fyrsta áfanga Þorlákshafnar. Verið er að gera áætlun um það, hvað kostar að stækka Þorlákshöfn um helming. Þess gerist mikil þörf, þar sem þetta er landshöfn og margir bátar af Faxaflóasvæðinu leggja þar upp á vetrarvertíð til þess að spara sér tíma. Í þessari áætlun, sem gert er ráð fyrir, að gerð verði, þarf vitanlega að taka þessi atriði nákvæmlega til athugunar. Þá ber vitanlega að ljúka rannsókn á hafnarstæði við Dyrhólaey og taka afstöðu til hafnargerðar þar, eftir að sú rannsókn hefur farið fram. Það ber einnig að ljúka rannsókn á hafnarstæði í Þjórsárósi og/eða Þykkvabæ og taka afstöðu til framkvæmda þar, eftir að þeim rannsóknum er lokið.

Um samgöngumál mætti ýmislegt segja. Vestmannaeyjar eru ekki áfastar við landið, eins og kunnugt er, og hafa samgöngur milli lands og Eyja því oft verið erfiðar. Þó verður að viðurkenna, að samgöngur milli lands og Eyja hafa batnað mjög í seinni tíð, eftir að flugvöllurinn var stækkaður og endurbættur og þverbrautin kom til sögunnar. Árið 1968 voru flugdagar 276 í Vestmannaeyjum, þar af á þverbrautina 48 dagar eða 17.3%. Árið 1969 voru flugdagar 286, þar af á þverbrautina 66 dagar eða 21.9%. Árið 1970 voru flugdagar 283, þar af á þverbrautina 77 dagar eða 25%. Það er auðvitað, að hversu góður sem flugvöllurinn verður gerður í Vestmannaeyjum, þá koma alltaf tímar, sem ekki er unnt að fljúga vegna storma og dimmviðris.

Samgöngur á sjó milli Vestmannaeyja og lands hafa einnig batnað, sérstaklega á s. l. sumri, þegar tekin var upp sú regla að láta Herjólf fara fimm ferðir í viku á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Kvartað er undan því, að Herjólfur sé ekki það skip, sem fullnægi þörfum og kröfum manna eins og þær nú eru, og þess vegna þurfi að fá nýtt skip, sem gengur á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Vitanlega kemur inn í áætlunina athugun á því, hvernig það skuli leysa.

Um vegamálin er það að segja, að þar er vitanlega margt ógert, enda þótt mikið hafi áunnizt í seinni tíð. Nú er verið að ljúka rannsókn á brúarstæði í Ölfusárósi, og er ekki vitað um það enn, hversu hagkvæmt muni vera að gera þar brú, en vitað er, að ef brú kæmi þar, þá tengdi það mjög saman kauptúnin í Árnessýslu og gæti orðið vísir að því að gera leið austur með ströndinni, austur í Rangárvallasýslu, eins og ýmsir hafa komið auga á og telja mjög hagkvæmt. Hraðbraut frá Reykjavík austur að Selfossi verður lokið, eins og kunnugt er, á næsta ári. Það verk hefur allt verið boðið út og fjármagn útvegað til þeirra framkvæmda, en það hefur aldrei verið meiningin að stöðva hraðbrautargerðina við Selfoss, heldur halda áfram austur, og þegar hringvegurinn kemur, kallar það enn meira eftir því, að Suðurlandsvegurinn verði allur gerður varanlegur og traustur. Veit ég, að menn verða sammála um að flýta því að gera varanlegan veg austur um Rangárvallasýslu, a. m. k. næstu árin, hvað lengra sem verður farið á skömmum tíma.

Það er, eins og kunnugt er, náttúrlega ýmislegt ógert í sambandi við vegamál innan sýslnanna. Sérstaklega er nauðsynlegt að leggja áherzlu á bætt vegasamband vegna mjólkurflutninga, sem daglega fara fram, og vegna flutninga á skólabörnum, sem nú eru yfirleitt flutt á bílum í skólana á morgnana og heim á kvöldin. Og þá er það ekki heldur sízt vegna ferðamála, sem nauðsynlegt er að hafa góða vegi um þetta hérað, sem hefur svo margt að bjóða ferðamönnum til þess að skoða. Hvergi er meira um sögustaði eða náttúrufegurð en á þessu svæði, og þess vegna þarf að skipuleggja ferðamannaþjónustuna. Það þarf að skipuleggja hótel og aðra aðstöðu fyrir ferðamenn. Það þarf að koma inn í þessa áætlun, því að það verður ekki síður þýðingarmikill þáttur í atvinnulífinu í þessu kjördæmi en annars staðar, þ. e. þjónustustörfin við ferðamenn og þá ekki sízt útlendinga, sem sækja mjög hingað í seinni tíð.

Um sjúkrahúsmálin þarf einnig að gera sérstaka athugun, enda þótt nú sé ákveðið að byggja sjúkrahús á Selfossi. Hefur verið veitt fé til þess undanfarið á fjárlögum og verður væntanlega gert áfram, enda meiningin að byrja á því húsi á næstkomandi vori. En til athugunar þarf að vera, hvað gera þarf meira í því sambandi og á hvern hátt læknaþjónustan getur verið hagkvæmust. Sjúkrahús í Vestmannaeyjum hefur lengi verið í smíðum, og er það nú komið nokkuð vel á veg, og yrði á næsta ári, ef fjárveiting væri allmyndarleg, sennilega langt komið.

Um skólamál er vitanlega margt að segja. Það hefur verið byggt mikið af skólum í kjördæminu, eins og öðrum kjördæmum, undanfarin ár. Eigi að síður er mikið ógert í þessu efni. Það þarf að fá menntaskóla á Selfossi, enda er kominn vísir að honum þar. Það eru tveir bekkir, sem kenna sömu fög og eru í byrjun menntaskóla, og ef menntaskóli væri á Selfossi, mætti með bættu vegasambandi flytja nemendur frá Þorlákshöfn og Ölfusi, Hveragerði, Flóa, nærliggjandi sveitum og austan úr Rangárvallasýslu í þennan skóla á

morgnana og heim á kvöldin, ekki sízt eftir að vegasambandið hefur batnað.

Það þarf að byggja bændaskóla í Odda, eins og ákveðið hefur verið. Fjárveitingu þarf að fá á næstu fjárlögum og fjárlögum ársins 1973 til undirbúnings og hefja síðan framkvæmdir að myndarlegum bændaskóla í Odda á árinu 1974 og minnast þannig fyrsta skóla, fyrsta menntaseturs á Íslandi, en það var í Odda.

Ýmsa aðra skóla þarf vitanlega að byggja. Fiskiðnskólinn þarf að koma í Vestmannaeyjum, eins og heimilt er, og það sem allra fyrst, og voru það vonbrigði okkar þm. Sunnl., að hæstv. menntmrh. hafði ekki hugsað sér að bregðast fljótt við í því efni.

Iðnað þarf að efla í kjördæminu, ekki sízt fiskiðnaðinn og vinnslu úr landbúnaðarvörum, og einnig þarf að efla iðnað úr aðfluttum hráefnum, auk þess sem jarðhitanotkun er aukin.

Í Suðurlandskjördæmi hefur fólkinu fjölgað nokkuð í seinni tíð, og þróun íbúafjölgunar hefur verið þannig, að 1960—1970 var hlutfallstalan 13.3% yfir allt landið, en í Suðurlandskjördæmi ekki þó nema 13.6%, og telst það gott, ef miðað er við mörg önnur kjördæmi. En á árunum 1965—1970 var hlutfallsleg fjölgun yfir allt landið 5.42%, en í Suðurlandskjördæmi 6.2%, þannig að fjölgunin 1965—70 var meiri í Suðurlandskjördæmi á þeim árum en hlutfallstalan var yfir landið, og er það í fyrsta sinn í marga, marga áratugi, og verðum við að fagna þeirri þróun, að fólksfjölgun í Suðurlandskjördæmi hefur verið meiri síðustu sex árin en hlutfallslega hefur verið yfir landið allt.

Gerð hefur verið spá um íbúafjölda í Suðurlandskjördæmi á næstu árum. Eins og kemur fram hér í grg. þál., þá eru 1970 18 052 menn í Suðurlandskjördæmi, en 1980 er áætlað, að íbúatalan verði 21 800, 1990 26 500 og árið 2000 32 000. Náttúrlega má segja, að svona spár geti ekki verið ábyggilegar. En þessi spá byggist á þeim miklu möguleikum, sem í Suðurlandskjördæmi eru, og þessi fólksfjölgun miðast við það, að árleg aukning verði 1.9%, en árleg aukning yfir landið allt verði ekki nema 1.5%. Reynslan sker vitanlega úr því, hvort þessi spá stenzt. Við vitum ekki, hversu mörg við lifum að sjá það. En sjálfsagt er að gera sér nokkra grein fyrir því, hversu líklegt það er, að fólkinu fjölgi og hversu mikið, vegna þess að með því móti er hægt að gera áætlun um atvinnuuppbyggingu og nauðsynlegar þjónustustofnanir. Það þarf vitanlega að auka þjónustustofnanirnar í hlutfalli við fólksfjölgunina, og það þarf einnig að auka atvinnureksturinn í samræmi við fólksfjölgunina.

Við höfum verið það heppin í Suðurlandskjördæmi að hafa ekki neitt umtalsvert atvinnuleysi, og það er vitanlega áhugamál, að þannig geti orðið áfram. Við viljum gera okkur grein fyrir því, hvað þarf að gera í framtíðinni. Við viljum vitanlega, að einstaklingar og félög geri sem mest af öllum framkvæmdunum, en ef þeir hafa ekki kraft eða möguleika til þess að fullnægja atvinnuþörfinni, þá er eðlilegt, að sveitarfélög eða hið opinbera komi þar að einhverju leyti til móts við aðra.

Sveitarstjórnasamband Suðurlands var stofnað fyrir þremur árum. Á fyrstu árunum voru það ekki nærri öll félögin, sem gengu í sambandið, en nú munu þau flest eða jafnvel öll komin í það. Miðstöð sambandsins mun verða á Selfossi, og framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn frá næstu áramótum. Það er fyrst núna, sem sveitarstjórnasambandið tekur til starfa, og má segja, að það hefði mátt vera fyrr, en einhvern veginn var það nú svo, að það var ekki rekið meira á eftir en svo, að það er fyrst núna, sem flest eða öll sveitarfélögin eru komin í sambandið, og það er fyrst núna, sem það tekur til starfa.

Það má vel vera, að vegna þess að ekki var atvinnuleysi í kjördæminu, hafi ekki verið rekið á eftir því eins og annars hefði orðið. En vegna þess að á undanförnum árum hafa verið miklar framkvæmdir og uppbygging í héraðinu, þá getum við ekki sagt, að það sé nokkur skaði skeður, þótt þetta hafi ekki gerzt fyrr.

Ég talaði við Efnahagsstofnunina snemma á þessu ári og óskaði eftir því, að hún gerði framkvæmdaáætlun fyrir Suðurlandskjördæmi. Svarið var, að þeir vildu gera þetta, en hefðu ekki mannskap til þess, þeir þyrftu að fá aukinn mannafla, og það hefði kostnað í för með sér, en þeir væru allir af vilja gerðir til að taka að sér þetta verk. Þess vegna er nauðsynlegt, ef þessi till., sem hér er flutt, verður samþ., að ríkisstj. taki þetta mál að sér og láti Efnahagsstofnuninni í té þann mannafla, sem hún þarf, og það fjármagn, sem það krefst. Og sveitarstjórnasambandið þarf vitanlega að fá nokkurt fjármagn, styrk, til síns rekstrar, til skrifstofuhaldsins og til fólkshaldsins. Reikna ég með, að þessari till. okkar þingmanna Sunnlendinga verði vel tekið og að hún verði samþykkt á þessu þingi og fái góða afgreiðslu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 43, n. 690).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þessa till. til athugunar. En tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa áætlun til langs tíma um opinberar framkvæmdir fyrir Suðurlandskjördæmi. Verk þetta verði unnið í náinni samvinnu við Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi.“

Álit fjvn. er prentað á þskj. 690 og er aðeins fimm orð: „Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.“

Menn eru meira og meira að komast á þá skoðun, að skynsamlegt sé að skipuleggja í stórum dráttum og gera áætlanir um, hvernig þjóðin eigi að búa um sig í landinu, þannig að henni megi vegna sem bezt og gæði landsins verði nýtt á skynsamlegan hátt og skilyrði til hagnýtingar landsins geti batnað án þess að rýra náttúrugæðin, heldur verði ávallt unnið að því að bæta landið.

Í grg. með till. eru nefnd nokkur helztu verkefni í Suðurlandskjördæmi, sem þarf fljótlega, ekki sízt vegna fólksfjölgunar í þeim landshluta, að skipuleggja og gera áætlanir um, hvernig hyggilegast verði að leysa og hvað helzt verði að ganga fyrir öðru.

Á Suðurlandi eru áreiðanlega lífsskilyrði fyrir mikla íbúafjölgun. Þar eru mestu jarðhitasvæði landsins með næstum því óþrjótandi orku, og samanlögð vatnsorka er þar miklu meiri en í öðrum landshlutum. Landbúnaðarskilyrði eru góð miðað við íslenzkar aðstæður, enda er framleiddur þar nú ⅓ hluti allrar landbúnaðarframleiðslunnar. Fiskimiðin eru nærri og oftast mjög gjöful, en góðar hafnir vantar nema þá í Vestmannaeyjum. Þar má segja, að sé góð höfn. Þessi landshluti hefur því ekki aðeins vegna þeirra, sem þar búa, heldur vegna þjóðarbúsins í heild mikla og vaxandi þörf fyrir skipulegar áætlanir, og þeirri áætlanagerð þarf að flýta að dómi flm.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um till. fleiri orð. Fyrsti flm., hv. 1. þm. Sunnl., flutti um þetta mál ágæta ræðu, þegar málið var til umr. hér í vetur, og ég sé ekki ástæðu til þess að bæta við það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 868).

30. Íþróttahús við Hamrahlíð.

Á deildafundum 24. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skólaíþróttahús við Hamrahlíð í Reykjavík [190. mál] (A. 364).

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44., 50. og 54. fundi í Sþ., 2. og 17. marz, 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fyrir 10 mínútum hljómaði hér inn í salinn glaðvær söngur úti á Austurvelli, Fyrr var oft í koti kátt o. s. frv. Ég stóðst ekki freistinguna að rísa upp og líta út um gluggann og sá hvar skálmaði yfir Austurvöll hressilegur og hnarreistur hópur ungra meyja klæddur peysufötum. Það var auðséð á allri framgöngu og limaburði þessarar rösku sveitar, að hún hafði fengið einhverja þjálfun í framgöngu, og vafalaust nýtur þessi hópur leikfimikennslu í sínum skóla.

Þessi till., sem hér er til umr., fjallar um það að veita fjölmennum skólum tveimur í austurborginni sams konar aðstöðu, sem sé aðstöðu til leikfimikennslu. Í Menntaskólanum við Hamrahlíð stunda nám núna á 8. hundrað nemendur, og þeir njóta engrar leikfimikennslu. Það verður vafalaust ekki minna úr því gert að því er þennan hóp ungs fólks varðar heldur en aðra hópa æskumanna fyrr og síðar, hve nauðsynlegt er til heilsugæzlu og almennra krafta og varðveizlu krafta og væntanlega þá einnig námsgetu, að veitt sé hæfileg líkamsþjálfun jafnframt hinum andlegu menntum, sem þar eru stundaðar. Núna er engin leikfimikennsla á stundaskrá þessa skóla. Þar hefur ekkert íþróttahús verið reist. Ekki svo að skilja, að þessi skóli sé öðrum skólum fremur vanhaldinn um húsnæði, en hitt er það, að ætlunin var að reisa þennan skóla í áföngum og fullnægja þörfum hans svo fljótt sem verða mátti. Og núna var á dagskrá í næsta áfanga í byggingum þessa skóla einmitt íþróttahús, en fjárframlögum til þess var synjað nú við afgreiðslu fjárlaga í vetur. Nú er það vitanlega öllum hv. þm. kunnugt og skiljanlegt, að slíkar framkvæmdir kosta mikið fé. Engu að síður er öllum einnig vel ljóst, að þær eru nauðsynlegar.

Svo stendur á þarna, að í næsta húsi er annar skóli, barnaskóli, unglingaskóli, sem einnig vantar íþróttahús. Í þeim skóla þarf að senda lítil börn yfir hættulega umferðargötu, til þess að þau fái þá leikfimikennslu, sem þeim er ætluð eftir námsskrá barnaskólanna, og þau sækja leikfimikennslu í íþróttahús Vals, sem er sunnan Reykjanesbrautar, en Hlíðaskólinn, barnaskólinn, stendur við Hamrahlíð.

Nú mun vera ætlun að hefjast mjög fljótlega handa við byggingu íþróttahúss fyrir barnaskólann, Hlíðaskólann, en hins vegar eru ekki uppi áform í náinni framtíð um, að hafizt verði handa um byggingu íþróttahúss fyrir menntaskólann. Mér sýnist einsýnt, að í þessu tilviki hljóti að vera hagkvæmt að reisa eitt og sama íþróttahúsið fyrir báða þessa skóla, ella höfum við eftir nokkur ár þá mynd fyrir augum, að eitt íþróttahús stendur öðrum megin lítillar götu og annað íþróttahús hinum megin, ef þau ekki standa þá alveg hlið við hlið. Það mundi skapa möguleika á sparnaði á almannafé auk miklu betri og fjölbreyttari nýtingarmöguleika, að í þessu tilviki væri reist íþróttahús eitt og hið sama fyrir báða skólana. Ég á ekki við það, að Hlíðaskólanum sé ekki full þörf á íþróttahúsi af vanalegri stærð, eins og þau eru ætluð fyrir barnaskóla, heldur er það, sem fyrir mér vakir, hugmynd um, að reist sé stærra íþróttahús með þá væntanlega tveimur sölum, sem hugsanlegt væri að hafa laust eða létt skilrúm á milli, þannig að auðvelt væri að stækka salinn og nota hann til kappleikja eða annarrar félagsstarfsemi á þeim tímum dags, sem ekki færi þar fram leikfimikennsla. Get ég ekki séð annað með mínum leikmannsaugum en þetta hlyti að geta lyft talsvert ýmiss konar íþróttastarfsemi hér í borginni og gefið henni byr. Auk þess væri þarna hugsanlega einhver möguleiki til þess, að fleira samkomuhald, sem væri í sambandi við þessa skóla, gæti farið fram í slíku húsi. Till. okkar hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, að leitað skuli samstarfs við Reykjavíkurborg um að reisa sameiginlegt íþróttahús fyrir Hlíðaskóla og Menntaskólann við Hamrahlíð, enda tryggi ríkisstj., að framkvæmdir geti hafizt á þessu ári.“

Við ætlum, að athugun þessi þurfi ekki að verða svo ákaflega viðamikil eða flókin, að nokkur ástæða sé til að ætla, að ekki væri framkvæmanlegt að hafa tilbúna

áætlun og hægt væri að hefjast handa síðar á þessu ári, ef vilji á annað borð er fyrir hendi til þess að spara þarna fé skattborgara og veita æskunni þá aðstöðu, sem verið gæti með slíkri byggingu, sem við leggjum til, að þarna verði reist. Vitanlega mundi svo Reykjavíkurborg taka þátt í kostnaði að sínum hluta af sínum eignarhluta, eins og vera mundi, ef reist væri hús sérstaklega fyrir þann skóla, sem rekinn er á vegum borgarinnar, Hlíðaskólann. Aftur á móti er menntaskólinn rekinn á vegum ríkisins, og mér virðist það skjóta ákaflega skökku við, ef þarna þyrfti að reisa þessar byggingar á óhagkvæman hátt vegna þess eins, að annar skólinn væri rekinn af ríki, en hinn af borg. Í augum okkar skattborgaranna er þetta aðeins hagræðingaratriði og svo augljóst, að ég vil leyfa mér að leggja til, að þetta mál fái sem fyrst afgreiðslu, þannig að úr hv. n. gæti það komið hér til 2. umr. svo fljótt sem verða má, til þess að framkvæmdir drægjust örugglega ekki á langinn.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. fjvn. og til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 364, n. 686).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 686 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 869).

31. Radarsvari við Grindavík.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um radarsvara við Grindavík [197. mál] (A. 376).

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl G. Sigurbergsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 10. landsk. þm., Geir Gunnarssyni, að flytja hér í Sþ. till. til þál. um radarsvara við Grindavík. Till. er á þá leið, að Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að settur verði radarsvari við innsiglinguna til Grindavíkur.

Útgerð hefur verið rekin frá Grindavík í áratugi og aldir með misjöfnum árangri eins og gengur og oft með allmiklum fórnum á mannslífum og tjóni á forgengilegum verðmætum. Á síðustu árum hafa sem betur fer orðið færri mannskaðar þar en áður og einnig færri skiptapar, sem leiðir af aukinni tækni og bættum skipakosti. Samt held ég, að fullyrða megi, að oft hafi þar verið mjótt bil á milli lífs og dauða. Eins og við flm. tökum fram í grg., hefur þar í mörgum tilfellum eingöngu reynt á hjálpfýsi og þekkingu heimamanna til að bjarga frá stórtjónum og slysum. Við Grindavík eru staðhættir þannig, að um langa leið er að sigla, sem segja má, að varasöm sé í vondum veðrum, og reynir þá á nákvæmni í staðsetningu. En í dimmviðri er ekki um margt að ræða, sem nota má til staðarákvarðana, sökum þess hve ströndin er lág.

Þótt nú kunni að vera til önnur tæknileg lausn til að auðvelda ferðir skipa á þessum stað, þá teljum við að radarsvari komi þarna að beztum notum, vegna þess að flest ef ekki öll fiskiskip hafa í dag þau tæki, sem nota þarf í sambandi við radarsvara og það allt niður í smábáta, sem flestir hafa orðið radar af einhverri gerð til að sigla eftir. Við teljum, að leita beri álits heimamanna hvað varðar val tækis og staðar í þessu sambandi, þótt við bendum í okkar till. á ákveðna lausn, sem að þessu lýtur. Við höfum ekki kannað til hlítar kostnað í sambandi við uppsetningu radarsvara í Grindavík, en álítum og það með rökum, að kostnaðurinn verði aldrei nema örlítið brotabrot af þeim þjóðartekjum, sem þar eru fluttar að landi. Auk þess teljum við þetta ekki nema smávegis viðurkenningu til þeirra, sem undanfarin ár hafa staðið þarna í Grindavík að öflugri uppbyggingu atvinnulífs á þjóðlegan og þjóðhollan hátt, en treysta ekki eingöngu á utanaðkomandi öfl til stundarbjargar hverju sinni.

Ég hefði nú kannske haft tilhneigingu til þess að fara fleiri orðum um það atriði málsins, en læt hér staðar numið, en bendi á, að það er lofsvert af Grindvíkingum, hvort sem þar er um menn að ræða, sem stundað hafa sjó, eða þá, sem í landi vinna að verkun aflans, það er lofsvert að vita til þess, að þeir hafa ekki byggt afkomu sína á þeim, eins og ég nefndi áðan, stundarfyrirbrigðum, sem margir hverjir aðrir telja meiri hag í, sem auðvitað er léttara að hagnýta sér í vissum tilvikum. Þeir hafa stefnt að því að byggja upp atvinnulífið á þjóðlegan hátt og rekið þarna það sem kalla má frumvinnsluatvinnu í sjávarútvegi, og það ber að stefna að því að mínu viti að styðja við bakið á slíkum mönnum til þess að efla atvinnuvegina enn þá betur en gert hefur verið.

Við leggjum áherzlu á það, eins og ég gat um áðan, að haft verði fullt samráð við heimamenn, sérstaklega um staðarval, hvar slíkt tæki yrði sett niður, og vil ég undirstrika það aftur, að það er beiðni mín og eins samflm. míns, að þetta samráð við heimamenn verði haft í hávegum.

Herra forseti. Ég legg til, að till. þessari verði vísað til fjvn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 376, n. 684).

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þessa till. til athugunar og sent hana til umsagnar vitamálastjóra. Í umsögn hans segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:
„Staðhættir við Grindavík eru þannig, að telja má, að radarsvaraviti mundi hafa verulega þýðingu í þá átt að bæta öryggi við staðsetningu. Strönd sunnanverðs Reykjanesskaga er mestöll sæbrött og með fáum einkennum, er segja á radarmyndum nákvæma stöðu skipa í stefnu austur-vestur, þegar komið er nálægt landi. Er það því mitt álit, að möguleikar á nákvæmri staðsetningu innsiglingarinnar á Grindavíkurhöfn mundi batna mjög, ef radarsvari væri settur í Hópsnesvita."
Og síðar í umsögninni segir vitamálastjóri:
„Þar sem rafmagn með varastöð er fyrir hendi í Hópsnesvitanum, mun ekki verða mjög kostnaðarsamt að koma radarsvaranum upp."
Nefndin mælir með því, að till. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 870).

32. Varnir gegn ofneyzlu áfengis.

Á deildafundum 15. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um varnir gegn ofneyzlu áfengis [178. mál] (A. 342).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Hjördís Hjörleifsdóttir): Herra forseti. Háttvirtir alþingismenn. Mér finnst við hæfi, þegar þm. kveður sér í fyrsta sinn hljóðs í þessu virðulega húsi, að þá varði málflutningur hans þau efni, sem öllum ættu að brenna jafnt í huga, en ekki eru innan neinna pólitískra landamæra. Þótt fætur vorir séu stundum e. t. v. of skjótir til ills, þá er til stjórnmála- og valdabaráttu tekur, ættu þeir og öllu fremur að vera snöggir til góðs, ef um örlagaspursmál er að tefla.

Áfengisvandamálið, títt er það nefnt, en oft höfum við eyru, sem heyra ekki, og augu, sem sjá ekki. Víst blygðast ég mín hvergi fyrir ætt mína né uppruna, en hversu miklu fremur hefði ég samt kosið, að einhver sá, er kann betur að hitta með orðsins brandi og er kunnari hér á meðal ykkar en ég, þrumaði nú héðan úr þessu stæði svo ákaft og svo eftirminnilega, að aldrei framar gleymdist. En nú og hér á ég aðeins völ á sjálfri mér, því að svo sannarlega kom ég fram á hinni elleftu stundu, og mér þykir það nær vissa, að er dyr þessa húss lokast í síðasta sinn í fyrirsjáanlegri framtíð á hæla mér hér í dag, komi hin stærri málin, er svo eru kölluð, skattamál og annað slíkt, þingheimi í það uppnám, að efni af þessu tagi þoki enn um set aftur í krókbekk hins íslenzka mannlífs. Vegna þessa gruns, já, beinlínis vissu, bar mér að standa upp, og á því bið ég engrar velvirðingar, jafnvel þótt mér vefjist einhvers staðar tunga um tönn frammi fyrir öllu þessu þingþjálfaða fólki, og þó að undirbúningstíminn hafi verið helzt til skammur. Ég tala svo sem samvizka mín segir mér. Enginn getur betur en það.

Þriðjudagurinn 15. febrúar 1972 mun að líkindum síðar meir verða í minnum hafður, þá er þingheimur sameinaðist um framgöngu Íslendinga í landhelgismálinu. Þá var bjart í þessu húsi. Ég ætla, að þá hafi þessi hlýja, gleðigefandi tilfinning, ég er Íslendingur, stigið upp úr vitund hvers einasta manns hér inni, þessi sterka vissa um, að á örlagastundu berum við aðeins samheitið Íslendingar, og þá skiptir fámennið ekki máli. Það mál, sem ég nú ber fram fyrir þingheim, sýnist e. t. v. öllu minna, en í mínum augum er það hreint ekkert smærra og ekki ómerkara. Hvers hönd skrifaði Mene tekel forðum á vegg? Bifast hún enn? Eru fingur hennar kannske að teygja sig upp á þiljur íslenzks þjóðlífs í dag? Eigum við að sitja með hendur í skauti og stafa okkur fram úr orðunum, ef þau skyldu birtast?

Háttvirtu þingmenn, mér er alvara. Og ég er hér ekki að hafa kúnstir né stóryrði upp á sport. Mér er heit og brennandi alvara í huga og skeyti því engu, þótt einhver krimti. Ég fullyrði: Nú er aftur samstöðu þörf engu síður en í landhelgismálinu. Munurinn er eingöngu sá, að á þessum vettvangi verður að berjast við óvin, sem býr á meðal okkar sjálfra, í þankagangi okkar og lífsháttum, hefur um langa stund fengið prýðis næði til þess að koma sér fyrir á flestum þeim stöðum, er honum hefur hugnazt bezt. Þessi óvinur er ekki búinn sýnilegum vopnum hers og hótana. Þvert á móti. Tunga hans er silkimjúk, og lokkandi spretta orð undan tungurótum: Fáðu þér einn sopa, vinur. Sopinn sá arna gerir hvorki til né frá. Hann heitir vináttu sinni og vellíðan hvers þess, er gengur á hans fund, og gestrisni án enda. Hver er hann þá? Hvað heitir hann þá sá hinn mikli valdamaður, sem er allra vinur, en því miður engum trúr? Bakkus. Bakkus konungur er hann stundum kallaður, guð víns og vellystinga, en einnig sársauka og þjáninga, svo ólýsanlegra, að ekkert, hreint ekkert einasta orð þessarar einstæðu tungu kann til fulls að tjá. En þá fyrst er hann þjáir, kastar hann af sér silkiklæðum, og í ljós kemur afskræmt og glottandi skrímsl. Þá fyrst er hann kvelur, hættir hann að lokka. Hann skipar, og þótt gestinn fari þá margt að gruna, á hann þess oft ekki lengur kost að afþakka veitingar.

Háttvirtu alþingismenn, herrar mínir og frúr. Hvernig á ég að tala, svo að þér heyrið, heyrið í alvöru? Hvernig á ég að mála mynd, svo að þér sjáið, sjáið rétt? Hér inni má ugglaust ekki æpa, og til hvers væri það? Menn æpa sjaldnast, þá er þeim býr harmur í hjarta. Anzi er ég líka hrædd um, að það gagni ekki stórt á tímum, þar sem orð eins og ofsafenginn og æðislegur merkja nánast ekki nokkurn skapaðan hlut, tímum, sem hafa gert þau hin stóru orðin merkingarlaus, tilfinninguna sljóa. Það er dýrt spaug og er þegar farið að sýna sig, að hella árum saman orðum og myndum frá vettvangi óímyndanlegra hryðjuverka út í ljósvakann og yfir þjóðir og ætlast svo til, að tilfinningar venjulegra manna sljóvgist ekki til muna. Kannske er nú á þessu andartaki innan þessara fjögurra veggja á flögri einhver hugsun, er svo hljóðaði, ef sögð væri upphátt: Hver er hún, þessi konukind? Var ekki einhver að segja, að hún væri að vestan? Er það ekki þessi, sem kom inn fyrir hæstv. félmrh., herra Hannibal Valdimarsson? Ætli hún hafi nokkurt vit á þessu blessuð manneskjan? En hún verður víst að fá að halda sína jómfrúræðu, ekki satt? Ég held samt, að ég bregði mér snöggvast fram fyrir. Ég missi vart af miklu, ef framhaldið verður eins og fororðin. Það er eitthvað svo öfgakennt við þetta, og svo finnur hún líklega sjálfsagt nokkuð til sín. Það er óneitanlega nokkur virðingarauki að því að fá að messa yfir höfðum hv. þm. og ráðh.

Já, háttvirta rödd, sért þú til staðar. Ég finn til mín á vissan hátt, á þann hátt einan, að aldrei finnst mér smæð mín hafa verið meiri en nú og hér í þessari pontu, sem ég stend vart upp úr, pontu valdsins og mikilvægisins í þessu þjóðlífi. Hingað hafa margir verið kallaðir, og héðan hafa hljómað, ef við hugsum okkur í burt veggina og táknorðið sjálft eitt í staðinn, héðan hafa hljómað í þúsund ár raddir margra hinna vitrustu og beztu manna, sem skáru úr um það hver á sínum tíma, að við héldum áfram að vera þjóð, þjáningum hlaðin og kaunum slegin á stundum, en þó ævinlega íslenzk þjóð, sem bognaði oft, en brotnaði aldrei.

Satt er það, ég kem að vestan, utan úr hinum nafnlausa fjölda, sem unir daglega við lítt áberandi iðju, sem hefur þó um nokkra hríð verið talsvert á vörum fólks. En sú iðja er almennt kölluð kennsla, og við, sem hana stundum, kennarar. Og kannske er það starfsheitið kennari, sem hleypir í mig þeim kjarki, já, beinlínis leggur mér þá skýlausu skyldu á herðar að tala og leggja fram alla þá vitneskju, sem ég nú hef yfir að ráða um þessi mál beint og krókalaust, svo sem þau koma mér fyrir sjónir. Má vera, að ég hafi byrjað á endinum og endað á byrjuninni. En út skal það samt. Það er nefnilega ekki hægt að segja við kennara, sem hefur verið trúað fyrir ungmennum í 15 ár og það í heimavistarskóla, að hann hafi ekki aflað sér nægilegrar yfirsýnar yfir málin, þau vaxandi vandamál, er vínneyzlu fylgja. Það er ekki hægt.

Í upphafi kennsluferils míns hugleiddi ég ekki, að slík vandamál gætu sprottið upp. Það gafst einfaldlega ekkert tækifæri til þess. Aðeins s. l. 4—5 árin hefur þeim teiknum brugðið á loft, er spurninguna kveikti, hvað er að gerast? Og þeim fjölgar æ, en fækkar ekki, þessum spurningum, því að nú er svo komið, að í hópi ungmenna er það nánast orðið hlálegt að stunda svo kallað skemmtanalíf án lióveizlu víns. Það er óhjákvæmilegt að vera eins og hinir, allir hinir. Annars er maður bara settur hjá og getur þá fullt eins vel setið heima.

Ég sagði, þeim fjölgar, ungmennunum, en ætli ég hefði ekki fyrst átt að nefna okkur, hið svo kallaða fullvaxta fólk, fyrirmyndirnar? Sálfræðingar segja okkur, að atferli barna og unglinga fari að miklu leyti eftir því, hvað þau sjái fyrir sér á æsku- og mótunarskeiði. Af því dreg ég þá ályktun, að í lífi okkar og atferli sé orsakanna að leita. Og þegar ég hugleiði það, finnst mér meinsemdin sjálf, er sjaldnast er þó til umræðu, koma berlega í ljós, þ. e. tómleiki, nöturleiki, haldleysi mannsins í dag, flóttinn frá sjálfum sér, undan sjálfum sér, athvarfsleit hjá einskis nýtum skurðgoðum. Er ekki hagvöxtur annars merkilegt fyrirbrigði? Við skulum hugsa mikið um hann, svo að við getum örugglega lifað lífi því, er þetta þokukennda hugtak, mannsæmandi, á að tákna. Sæmdin, sálin, sjálfur neistinn og forsenda þess, að nokkurt farsælt mannlíf geti átt sér stað, það er eitthvað svo óraunverulegt og enda engar sannanir fyrir, að slíkt sé til. Heyrðu mig nú heldur, guð Mammon. Kaupið mitt er ekki nógu hátt, og þú þarna guðinn Bakkus, mér leiðist. Láttu mig nú fá einhverja skemmtan fyrir þessa fáu aura, sem ég get við mig losað. Nei, heyrðu mig nú, bróðir eiturlyf. Þér þarf ég endilega að kynnast. Hann Bakkus þarna er orðinn hálfleiðinlegur. Við höfum þekkzt svo lengi, og hann er hættur að finna upp á einhverju nýju.

Allt ber að sama brunni. Blekking á blekkingu ofan, hræsni og tízkutildur, æðisgenginn dans hins friðvana manns í friðvana heimi, metorð, auður, metorð, áhrif, ekkert dugar. Sálarangistin eykst, einmanaleikinn eykst, en, „athvarf mitt jafnan er til sanns undir purpurakápu hans.“ Hlálegt, ekki satt? Menntað fólk kraflar sig sjálft áfram, finnur sjálft úrræðin. Og svo er líka til hið opinbera. Einfeldningar hafa þetta kannske stöku sinnum yfir. Já, og svo auðvitað eitthvað af gamla fólkinu, því, sem við höfum hvolft yfir stampi, huldumanneskjurnar í þjóðfélaginu. Það hefur svo góðan tíma til að rifja upp eitt og annað. Annars er bezt, að prestarnir tuldri þetta á stórhátíðum. Þeir eru jú lærðir upp á það. Flaskan er betri. Flaska er mér auðfengin, og flaska er ginnandi. Ekki að stanza og enn síður að hugsa. Það gæti einhver farið að hlæja, og hver vill gera sig hlálegan nú til dags innan um danskar mublur á dúnmjúku gólfteppi frá Bretanum með fulla frystikistu af svínakjöti og kjúklingum ofan í kjallara. Ó þú þarna, alvaldi Bakkus, komdu nær, láttu mig gleyma, að ég geti hugsað, geymdu ótta minn um stund og svo næstu stund líka. Stattu mér einnig nær, konungur og bezti bróðir eiturlyf, ef og þegar vinguðinn bregzt. Voldugir vinir, sterkir vinir, ekki satt?

Háttvirtu alþingismenn, íslenzkt fólk. Takið þið nokkurt mark á þessu? Hlustar nokkur í alvöru? Heldur ekki kæruleysislegt ráf út og suður áfram eftir sem áður? Er ekki hvískrað og malað um einhvern Jón Jónsson að austan, sem vantar aura í íshúsreksturinn sinn, eða Pál og Pétur að vestan, sem ætla að setja á laggirnar iðnfyrirtæki, er sýnist svolítið vit í. Ekkert hefur að líkindum innan stundar gerzt hér, og ekkert hefur að líkindum setið eftir annað en þokukennd minning um einhvern kvenmann, sem spreytti sig á hefðbundinni jómfrúræðu. Sagði hún nokkuð nýtt?

Það er svo oft búið að þrugla um þetta. Ætli hún hafi ekki bara verið að mála skrattann á vegginn? Sumir hafa það sér til dundurs, ef þeir vita ekki, upp á hverju þeir eiga að taka eða vilja láta einhvern taka eftir sér, þótt ekki sé nema fyrir vitleysurnar. Þær eru stundum líka svo fjári öfgafullar, kerlingarnar, þegar þær taka sig til.

Nei, því miður. Þessi orð mín draga varla nokkurs manns höfuð upp úr sandinum. Það má kannske teyma hestinn að lindinni, en hvorki ég né aðrir geta fengið hann til að drekka, viti hann ekki af því, að hann er þyrstur. Enn um stund mega líklega lítil íslenzk börn vefja sig upp að henni mömmu sinni og hrópa í kvöl: Við erum hrædd við hann pabba, þegar hann er svona. Og hefur kannske enn meiri harm borið að garði? Þurfa þau e. t. v. fleiri og fleiri að bæta við: Og við hana mömmu líka.

Það er einhvern veginn svo tilgangslaust að taka dæmi. Þið þekkið þau öll, þessi himinhrópandi vandamál, er sigla í kjölfar vínsins, bara ef þið viljið við þau kannast og þorið að þekkja á þeim full deili. Þetta er reyndar fullhógværlega að orði kveðið, er ég nefni þetta vandamál. Þetta er kaun, kýli, sem fyrir löngu er farið að leggja svo dauninn af, að það þarf meira en hestaheilsu til að þola hann.

Rétt er ég var nú að ganga inn í þingsalinn, barst mér dagblaðið Tíminn upp í hendurnar, tölublað þessa dags. Þar stendur þessi grein, sem ég ætlà að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, og ég les hana alla: Fyrirsögnin er á þessa leið:

„Geðsjúkir, drykkjusjúkir og töfluætur fylla slysadeildina.

Á síðasta fundi heilbrigðisráðs var lögð fram fundargerð framkvæmdanefndar Borgarspítalans. Haukur Benediktsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundargerðinni ásamt borgarlækni. Í sambandi við 6. tölulið samþykkir heilbrigðisráð að fela yfirlækni slysadeildar og framkvæmdastjóra Borgarspítalans að taka upp viðræður við heilbrigðisyfirvöld um lausn þess mikla vanda, sem steðjar að slysadeild vegna sívaxandi aðsóknar fólks undir áhrifum áfengis og lyfja. Fundargerðin var að öðru leyti samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Þar með er nú komin þarna enn ein samþykkt um að vísa máli, sem enga bið þolir, til viðkomandi yfirvalda, og verður málið væntanlega tekið þar til athugunar, þegar þar að kemur, sem síðan verður falið einhverjum til athugunar.

S. l. sumar skrifuðum við heilbrigðismálaráði bréf vegna aðsóknar drykkjumanna, töfluæta og geðveiks fólks, en mér vitanlega hefur ekkert gerzt í því máli. Það er hreinlega sofið á því. Þetta sagði Haukur Kristjánsson yfirlæknir slysadeildar í gær. Í stað þess að sjá einhvern árangur af kvörtunum okkar í sumar hafa vandræðin farið vaxandi. Með hverri vikunni sem líður fjölgar þeim vesalingum, sem hent er inn á okkur, geðveiku fólki, drykkjusjúklingum og töfluætum, og fer þetta reyndar oft saman. Það er bara komið með þetta fólk til okkar, stundum kemur það sjálft, aðstandendur koma með það, læknarnir segja því að fara á slysadeildina. Þeir fara ekki alltaf heim til þessa fólks, þegar þeir eru kvaddir til þess. Þeir vita, að þeir geta ekkert gert. Það er hvergi hægt að koma þessu fólki inn. Þetta fólk hópast inn til okkar, og við sitjum uppi með það eins og illa gerðir hlutir. Sumt af þessu fólki kemur oft nótt eftir nótt. Það vill enginn taka við því. Við höfum ekkert pláss og vitum ekkert, hvað við eigum við það að gera. Suma þarf að vakta. Stundum er það hávært og lætur öllum illum látum, og verður jafnvel að fá lögregluvakt inn á slysadeildina.

Við rekum slysadeild, eins og nafnið gefur til kynna. Þetta er engin geðveikradeild. Fólk lítur svo á, að þetta sé ein allsherjar lækningastöð og eigi sérstaklega að nota hana á nóttunni og kvöldin. Margir koma um miðjar nætur með gömul meiðsli og heimta af sér myndatökur og alls konar rannsókn vegna kvilla, sem það er kannske búið að ganga með í marga mánuði.

Það er alltaf að þrengjast að okkur, og ásókn þessa fólks tefur mjög fyrir þeim störfum, sem slysadeildinni eru ætluð. Ég veit ekki, hvar þetta endar, ef ekki verður að gert. Það er þegar orðið algert neyðarástand hjá okkur. Iðulega senda aðstandendur okkur fólk í leigubílum, sem er viti sínu fjær vegna drykkjuskapar eða töfluáts, og síðan er fólkinu rúllað inn á slysadeildina, og við sitjum uppi með það. Það kemur einhver og einhver með það inn og skilur það eftir, og fylgdarmennirnir hverfa. Við vitum ekkert, hvað að þessu fólki er oft og tíðum. Það er meira og minna ósjálfbjarga. Það eina, sem við getum gert, er að láta það sofa úr sér og senda það síðan heim aftur og fá það svo kannske aftur í sama ástandi næstu nótt."

Herra forseti, háttvirtir alþingismenn. Máli mínu er því nær lokið. Mér er það meira en ljóst, að ekki gerir einn þröstur vor. En þess fleiri sem þeir verða, þeim mun meiri líkur eru á, að frerinn fari úr jörðinni og að manneskjan geti vongóð snúið bakinu við dökkvanum, lotið höfði og hlúð að frjóöngunum, sem upp spretta. Trú mín á mannlega snilli hefur allmjög þorrið hin síðari árin. Tunglfarir hræra ekki við neinum streng í brjósti mér, nema þá helzt á þann veg, að stundum furðar mig fávíst pot sumra mitt í öllu miskunnarleysinu og stríðsæðinu, sem svo auðsjáanlega hefur tekið sér bólstað á þessari plánetu. Hins vegar hefur mér smám saman aukizt trú og skilningur á því, að það gagnar stutt að vera „töff", en ef við höfum fyrir satt orð Matthíasar Jochumssonar, að

> í almáttugri hendi hans
> er hagur þessa kalda lands,

þá munu vandamálin þau hin stóru, svo sem það, sem ég hef hér nú um rætt, leysast óyggjandi, leysast þannig, að eftir standi heilbrigðari, glaðari og hógværari þjóð en nú byggir þetta elskulega land, landið okkar, Ísland.

Að svo mæltu þakka ég áheyrn og bið ykkur öllum, sem hér eruð inni, farsældar í hverju góðu máli, sem þið verðið kölluð til að leysa um ókomna framtíð.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til síðari umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 342, n. 704).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um varnir gegn ofneyzlu áfengis á þskj. 342 og fengið um hana umsögn frá Stórstúku Íslands, Landssambandi gegn áfengisbölinu og Áfengisvarnaráði. Að athuguðu máli og eftir að hafa kynnt sér þessar umsagnir hafa nm. orðið sammála um að leggja til, að till. verði samþ. með breytingu, sem tilgreind er í nál. á þskj. 704. Ég hafði áskilið mér rétt til þess að flytja sérstaka brtt. við till., en þar sem ég geri ráð fyrir, að sú brtt. kynni að valda ágreiningi, hef ég fallið frá því að flytja hana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 704 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 871).

33. Vinnuauglýsingar hins opinbera.

Á deildafundum 6. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vinnuauglýsingar hins opinbera [205. mál] (A. 397).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. og 54. fundi í Sþ., 17. marz og 4. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Á þskj. 397 er flutt þáltill., sem fjallar um vinnuauglýsingar hins opinbera og hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gefa út þegar í stað fyrirmæli um það, hvernig auglýsingar um lausar stöður við ráðuneyti, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skuli vera úr garði gerðar, þannig að viðunandi sé. Þessi fyrirmæli verði síðan höfð til hliðsjónar við endurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem nú er fyrirhuguð."

Fyrir þessari till. liggja allmörg rök, og skal ég aðeins geta þeirra, sem fyrst koma upp í huga. Það mun tæpast hafa farið fram hjá neinum hv. þm., hversu ólíkar vinnuauglýsingar eru hjá hinu opinbera, og virðist þar vera lítið samræmi á milli hjá einstökum ríkisstofnunum, ráðuneytum eða fyrirtækjum, og verður ekki annað sagt en að þessar auglýsingar hins opinbera séu í mörgum tilvikum handahófskenndar og allsendis ófullnægjandi. Það er einkanlega þrennt, sem ég vil í því sambandi benda á, sem raunar er upptalið í grg. með þessari þáltill. Í fyrsta lagi er það ekki fátítt, að auglýst sé eftir fólki, án þess að greint sé frá því um leið, um hvaða fyrirtæki eða stofnun sé að ræða. Það mætti í raun og veru ætla, að umsækjendur skipti það litlu, hjá hvaða stofnun þeir ynnu. Menn gætu í rauninni sótt um starf hjá fjölmörgum stofnunum hins opinbera án þess að hafa hugmynd um nafn á einni einustu þeirra. Til gamans ætla ég að lesa upp eina auglýsingu, sem ég tók upp úr Morgunblaðinu í morgun, til að sýna, hvað þetta er ríkur þáttur í auglýsingum hins opinbera. Það er auglýst í Morgunblaðinu eftir vélritunarstúlku, og auglýsingin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Opinber stofnun óskar eftir að ráða stúlku til vélritunarstarfa og almennra skrifstofustarfa. Skilyrði er, að um vana vélritunarstúlku sé að ræða með góða íslenzkukunnáttu og nokkra þekkingu í ensku og a. m. k. einu Norðurlandamáli. Laun samkv. launakerfi ríkisins. Umsóknir með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf sendist blaðinu fyrir 14. þ. m., merktar Framtíð 1183."

Stundum er gengið svo langt, að um leið og á að senda inn umsóknir til blaða, þá er fullri þagmælsku heitið.

Nú vakna við slíkar auglýsingar ýmsar hugleiðingar. Það mætti t. d. spyrja: Hvernig fer umsækjandi að því að komast að raun um það síðar meir, hver hefur fengið stöðuna? Af hverju var þessi umsækjandi sniðgenginn o. s. frv.? Þetta er einhvers konar leyniregla, sem er hér að auglýsa eftir starfsfólki. Sjaldnast fylgja nokkrar upplýsingar um kaup eða starfsaldurshækkanir nema í bezta falli, að laun séu samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna, enda er þetta þannig í téðri auglýsingu, sem ég las hér upp áðan. En hvað það merkir, er oftast mjög óljóst. Starfsheitin ein segja ekki fulla sögu um launakjör, og byrjunarlaun eru allt annað en laun eftir fulla starfsþjálfun. Má minna á það t. d., að skrifstofumaður getur verið allt frá 7. launaflokki upp í 27. launaflokk o. s. frv. Að sjálfsögðu verður að gera kröfu til fullrar starfslýsingar í auglýsingum af þessu tagi, auk þess sem skýrt er frá byrjunarlaunum og launum miðað við fulla starfsþjálfun.

Þá er rétt að benda á, að það bólar mjög á misrétti milli kynjanna, hinu margnefnda launamisrétti. Það er segin saga, að til flestra láglaunastarfa er auglýst eftir vélritunarstúlkum, en þegar um hálaunastörf er að ræða, þá er auglýst eftir karlmanni. Þm. mun vera kunnugt um, að fram hefur verið lagt frv. um jafnlaunadóm, sem á að knýja fram með skjótum hætti launajafnrétti kynjanna, en ég hygg, að hér sé líka komið að mikilvægu atriði einmitt í því sambandi að kveða svo á, að ríkisvaldinu eða opinberum stofnunum sé óheimilt að óska eftir annaðhvort karlmanni eða kvenmanni til ákveðinna starfa, og liggur það í augum uppi, að stofnanir þessar hafa þann háttinn á, að þegar um hálaunastarf er að ræða, þá auglýsa þær eftir karlmönnum, en í láglaunastörf eftir kvenfólki. Þannig raðast fólk eftir kynjum í mismunandi launaflokka. Ég tel það ákaflega mikilvægt, að þetta ákvæði yrði tekið

upp, að af starfslýsingunni einni, sem ætti að sjálfsögðu að fylgja, gæti sá sem hug hefði á stöðunni, gert það upp við sig, hvort starfið hentaði honum eða henni. Ég vil benda á í þessu sambandi, að í Svíþjóð er mér kunnugt um, að það eru þegar gildandi lög, að óheimilt sé að auglýsa annaðhvort eftir karlmanni eða kvenmanni, heldur er auglýst eftir starfsmanni, og ég teldi þetta mjög mikilvægt atriði í sambandi við að ráða bót á þessu mikla vandamáli um launamisrétti kynjanna.

Í sambandi við þetta mál er komið hér að öðru atriði, sem heitir upplýsingaskylda hins opinbera. Það liggur fyrir þinginu till. til þál. um það efni, flm. eru Þórarinn Þórarinsson og Ingvar Gíslason, og ég hygg einmitt, að það snerti líka upplýsingaskyldu stjórnvalda að ganga þannig frá þessum málum, að almenningi sé ljóst hverju sinni, um hvað sé að ræða. Ég vil minna á, að í gildandi lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna segir svo í einni grein:

„Veita skal umsækjendum og félögum, sem hafa innan sinna vébanda starfsmenn ríkisins, vitneskju um, hverjir sótt hafa um starf, sé þess óskað."

Ég á ákaflega erfitt með að sjá það, hvernig unnt sé að framkvæma þetta lagaákvæði með þeim hætti sem auglýsingar eru úr garði gerðar hjá hinu opinbera. Einnig vil ég benda á, að það er ákaflega óeðlilegt að binda upplýsingaskyldu stjórnvalda við umsækjendur og félög eingöngu. Hví í ósköpunum má almenningur ekki vita, hver og einn, hverjir hafa sótt um stöðuna og hver hefur hlotið hana? Ég get ekki séð, að það sé neitt huldumál fyrir manninn á götunni. M. ö. o., þegar þessi mál eru athuguð, kemur fram það, sem við mátti búast, að hér er veggur á milli almennings og stjórnvalda. Eins og minnzt er á hér í till., í grg. öllu heldur, þá er tekið fram, að einmitt þetta bil sé eitt mesta vandamálið í lýðræðisríkjum, og það er sjálfsagt að reyna að brúa það. Þess vegna telja flm. ákaflega mikilvægt, að reynt sé að svipta hulunni af gerðum hins opinbera og sýna í hverju einstöku tilviki umsækjendum fulla virðingu og kurteisi.

Við teljum því flm., að samþykkt þessarar till. mundi án efa stefna í rétta átt. Og að lokum þetta: Þar sem nú eru í endurskoðun lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þyrftu að koma inn í þau ýmis ákvæði, er þetta varðar.

Að lokum vil ég leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa haft tíma til að hlusta á erindi í útvarpinu í gærkvöld um daginn og veginn, sem flutt var af rithöfundinum Einari Braga. Ég ætla nú ekki að fara að gera það að umtalsefni að öðru leyti en því, að þessi ágæti rithöfundur fór nokkrum orðum um það, að mikill fjöldi nýrra þm. hefði kvatt sér hljóðs á þessu þingi og það hefði orðið mjög veruleg endurnýjun á þingliðinu. Hann fór nokkrum orðum um það, að venja væri, þegar ungir menn og nýir kæmu inn á þing, að þá gustaði af þeim og þeir hygðust breyta þjóðfélaginu og stokka heldur betur upp. Hins vegar hélt rithöfundurinn því fram, að bið hefði orðið á þessu nú á þessu þingi, því að ekki hefði heyrzt nægilega mikið frá hinum nýju þm. og væri sannarlega kominn tími til, að þeir létu í sér heyra. Ég er nú þeirrar skoðunar, að Einar Bragi rithöfundur hafi ekki kynnt sér þingskjöl nægilega vel, því að á undanförnum vikum hafa verið lögð fram mál, einkum af hálfu tveggja hv. þm., þeirra Bjarna Guðnasonar og Ingu Birnu Jónsdóttur, og þær till. eru flestar þess eðlis, að það er ekki verið að tala þar um breytingar á lögum um opinberar framkvæmdir eða fasteignamatið eða eitthvað álíka ómerkilegt, heldur á þar að gera úttekt á ráðuneytum, ríkisstofnunum og embættismannakerfi og stokka það allt upp eins og það leggur sig. Það á að endurskoða bankakerfið allt saman og svo síðast, en ekki sízt, þá á að gera algera uppstokkun á vinnuauglýsingum hins opinbera. Þessu til viðbótar hafa þessir ágætu hv. þm. látið ýmislegt annað til sín heyra og þ. á m. haft áhyggjur af öllum mögulegum og ómögulegum málum, og er ekkert annað en gott um það að segja, þ. á m., eins og heyra mátti á máli síðasta ræðumanns, hafði hann þungar áhyggjur af misrétti kynjanna.

Ég efast ekki um, að þessar till., sem hér hafa verið lagðar fram, geti valdið straumhvörfum og því meiri líkur á því, að þær fáist framkvæmdar, þar sem þær eru fluttar af hv. stuðningsmönnum ríkisstj. Að vísu er nú ekki getið um þessi mál í Ólafskveri beinlínis, en ég tel alla möguleika á því, að þeim verði fylgt eftir með stuðningi stjórnarsinna og að þessar endurskoðanir og þessar úttektir geti farið fram, þannig að við lifum í betra og réttlátara þjóðfélagi. Ekki fór á milli mála, að síðasta ræðumanni var mjög niðri fyrir, og hann var vissulega að fylgja sínu máli eftir af fyllstu alvöru, og vegna þess að þetta mál er, eins og hin málin, mikið tímamótamál, þá vildi ég leyfa mér að vitna hér í enn eitt atriði í þessu máli, sem um getur í grg., sem er ekki síður tímamótamál, en þar segir, með leyfi forseta, í þriðja lið grg.:

„Í auglýsingum bólar mjög á misrétti milli kynjanna. Það er segin saga, að til flestra láglaunastarfa, svo sem vélritunar, símavörzlu o. fl., er beðið um stúlkur, en til flestra hálaunastarfa er óskað eftir karlmönnum. Þetta vitnar um úreltan hugsunarhátt og er ekki verjandi", og síðan kemur: „banna á að heimta ákveðið kynferði af umsækjendum".

Það liggur alveg á hreinu, að hér er komin lausn á þessu vandamáli, misrétti milli kynjanna og allt hvað eina og fulltrúar rauðsokka ættu sannarlega að taka þetta til athugunar. Hér á að bylta hormónastarfseminni og náttúrulögmálunum, og ég legg eindregið til, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, grandskoði einmitt þetta sérstaka ákvæði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 397, n. 728).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 872).

34. Menntun fjölfatlaðra.

Á deildafundum 20. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um menntun fjölfatlaðra [226. mál] (A. 475).

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 11. landsk. þm. lagt fram á þskj. 475 till. til þál., sem er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja frv., sem lagt verði fyrir næsta Alþingi, um ráðstafanir til að bæta menntunaraðstöðu fjölfatlaðra barna og unglinga."

Fjöldi þeirra barna og unglinga, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi og skólagöngu, fer vafalítið vaxandi hér eins og víða annars staðar, og það er talið, að þeir, sem þurfa séraðstöðu gagnvart námi og skólagöngu, séu a. m. k. um 400 á skólaaldri hér. Þar er um að ræða börn með meiri háttar líkamságalla, oft samfara greindarskerðingu á ýmsu stigi. Oft eiga þessi börn við hvort tveggja að stríða, líkamlega örorku og truflun á einu eða fleiri sviðum skynjunar og tjáningar, svo sem sjóntruflun, heyrnartruflun, taltruflun og truflun á myndun hugmyndar og skilnings. Þessi börn þurfa að sjálfsögðu bæði séraðstöðu hvað húsnæði snertir og sérmenntaða kennara. Mörg þeirra þurfa heimavist, meðan á námi stendur, og enn fremur er nauðsyn, að aðstaða sé til líkamlegrar þjálfunar fyrir mörg þeirra á þeim stað, þar sem námið fer fram.

Kennsluaðstaða hefur verið fyrir vissan hóp þessara barna. Þannig rekur ríkið sérstakan skóla fyrir heyrnarlaus börn, Blindrafélagið sér um kennslu blindra barna, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur skóla fyrir fötluð börn í Reykjadal í Mosfellssveit, og Höfðaskólinn í Reykjavík sinnir þörfum vangefinna barna. Höfðaskólinn er sérskóli fyrir vanvita með greindartöluna fyrir neðan 70. Hann tók til starfa árið 1961, og markmið skólans er að veita börnum á aldrinum 7—16 ára, sem eiga ekki sakir greindarskorts samleið með öðrum í námi, kennslu og uppeldi við þeirra hæfi. Sálfræðideild skóla hefur frá upphafi annazt rannsókn barna, sem til greina koma með skólavist, og ekkert innritað barn fer í skólann nema eftir tilvísun deildarinnar. Foreldrar eiga síðan frjálst val um það, hvort þeir senda börn sín í skólann eða ekki, og síðustu árin hafa verið um 110 nemendur í þessum skóla. En það vantar viðbótaraðstöðu, vantar viðbót, og það vantar stórbætta aðstöðu á mörgum sviðum.

Nú mun nefnd vera starfandi að þessum málum, og þá er helzt haft í huga að sameina hina ýmsu hópa innan einnar stofnunar. Á síðastliðnu ári birtist mjög athyglisverð grg. frá sérkennslufulltrúa, Þorsteini Sigurðssyni, þar sem hann leggur til, að stofnuð verði sérkennslumiðstöð ríkisins, og þar sem tillagan er mjög athyglisverð og málið aðkallandi, þá vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér hluta af tillögu Þorsteins. Hann segir:

„Það er nú orðið mjög aðkallandi fyrir yfirvöld mennta- og heilbrigðismála að taka ákvörðun um heildarskipulag og framtíðaruppbyggingu uppeldisstofnana fyrir þá hópa afbrigðilegra nemenda, sem ekki verður með árangri sinnt í almennum skólum eða sjúkrahúsum. Þeir hópar, sem hér um ræðir, eru heyrnleysingjar, blindir, vanvitar, hreyfihamlaðir, málhamlaðir og fjölfatlaðir. Fjöldi nefndra einstaklinga er ekki meiri en svo á Íslandi, að fyrir engan hópanna er unnt að koma upp fullkominni þjónustu, ef reynt er að leysa vanda hvers hóps út af fyrir sig, nema með geipilegum tilkostnaði. Verði á hinn bóginn valinn sá kostur að koma á fót samvirkri en deildaskiptri sérkennslumiðstöð, mætti fullnýta húsnæði, sérhæft starfslið og dýran tækjabúnað og veita þannig beztu hugsanlega þjónustu með hóflegum tilkostnaði. Málin standa þannig í dag, að á síðastliðnu skólaári var tekið í notkun nýtt skólahús heyrnleysingjaskóla, og bygging heimavistarhúsnæðis er þar í undirbúningi. Hafinn er undirbúningur að því að reisa skólahús fyrir vanvitaskólann, sem Reykjavíkurborg hefur rekið undanfarin ár í leiguhúsnæði. Blindraskólinn, sem rekinn er af Blindrafélaginu, er nýfluttur í bráðabirgðahúsnæði í einu skólahúsnæði Reykjavíkurborgar. Hreyfihamlaðraskólinn, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur komið á laggirnar, er til bráðabirgða til húsa að Reykjadal í Mosfellssveit, en þjálfunarstöð sama félags er staðsett í Reykjavík. Engum stofnunum hefur enn verið komið upp fyrir málhamlaða eða fjölfatlaða, en ekki mun öllu lengur verða undan því vikizt að hefja rekstur slíkra stofnana, eins aðkallandi og þörfin er orðin. Spurningin er aðeins um það, hvort ríkisvaldið eða einhver líknarfélög taki hér frumkvæðið.

Af framansögðu er ljóst, að nú er tækifærið til að koma á skynsamlegu heildarskipulagi og leggja heilbrigðan grundvöll að framtíðaruppbyggingu ríkisreknu sérkennsluþjónustunnar, þegar hafizt er handa. Fyrir því leyfir undirritaður sér að setja fram eftirfarandi tillögu:

Ákveðið verði svo fljótt sem auðið er að koma á fót í Reykjavík sérkennslumiðstöð, sem þjóni öllu landinu. Jafnframt verði leitað til borgaryfirvalda Reykjavíkur um að úthluta í þessu skyni nægilegu landrými í grennd við Heyrnleysingjaskólann í Öskjuhlíð. Sérkennslumiðstöðin sé samsett af eftirtöldum stofnunum: Vanvitaskóla, heyrnleysingjaskóla, blindraskóla, hreyfihamlaðraskóla, skólaheimili fjölfatlaðra, talkennslustöð, skóla fyrir málhömluð börn, framhaldsskóla starfsnáms, athugunardeild og heyrnarstöð."

Og í grg. segir: „Skólaheimili fjölfatlaðra er e. t. v. brýnasta úrlausnarefnið í dag. Í sérkennslumiðstöð er

þjónusta við fjölfatlaða nemendur, sem þurfa á ýmiss konar sérhæfðri kennslu og meðferð að halda, auðveld. Þess vegna getur vistun fjölfatlaðs nemanda á einhverri hinna stærri stofnana, t. d. vanvita- eða hreyfihamlaðraskóla, verið hagkvæmari en vistun á sérstakri stofnun fyrir fjölfatlaða.

Með því að byggja upp sérkennslumiðstöð er því minni þörf á skólaheimili fyrir fjölfatlaða en ella mundi. Í tillögunni hér að framan er því aðeins gert ráð fyrir 15 nemendum, þótt vitað sé um 30—40 nemendur, sem hvergi er hægt að búa sómasamlega uppeldisaðstöðu eins og málum háttar í dag."

Aðgerðir í þessum málum eru mjög aðkallandi. Þetta eru öryrkjar framtíðarinnar og hvernig tekst að búa þá undir lífið, byggist að verulegu leyti á því, hvort aðstaða skapast til að sinna menntun þeirra og uppeldi. Vegna fámennis okkar er líklegt, að tillaga Þorsteins um sérkennslumiðstöð sé hagkvæm. Og ég vil leggja áherzlu á það, að lausn þessa máls hefur mikil áhrif á alla endurhæfingu í landinu og þessi tillaga er fram komin vegna knýjandi nauðsynjar á, að eitthvað verði gert sem allra fyrst til að bæta aðstöðu þessara barna. Það er ánægjulegt til þess að vita, að nefnd er nú starfandi að þessum málum, og vonandi, að sem fyrst geti framkvæmdir fylgt á eftir.

Ég vil svo leggja til, að að umr. loknum verði málinu frestað og till. fari til allshn.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Flm. þessarar till. vekja athygli á mjög brýnu og stóru vandamáli, en mér finnst, að sú till., sem þeir flytja, hitti raunverulega ekki í mark. Till. þeirra er um það, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta semja frv., sem lagt verði fyrir næsta Alþ., um ráðstafanir til að bæta menntunaraðstöðu fjölfatlaðra barna og unglinga.

Eftir þessari till. að dæma, þá virðist vandinn vera sá, að það vanti löggjafarfyrirmæli í sambandi við aðstoð við afbrigðileg börn, en því er sannarlega ekki þannig varið. Í lögum um fræðslu barna nr. 34 frá 29. apríl 1946 er í II. kafla laganna, 5. gr., talað um, að börn skuli undanþegin almennri skólagöngu, ef þau skorti hæfileika til að stunda nám eða hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til þess. En í 6. gr. segir, að þeim börnum, sem svo er ástatt um, skuli séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi. Þarna er sem sé lögð á sú skylda, að stofna skuli sérstakar stofnanir eða skóla til að veita slíkum börnum fræðslu.

Í lögum um gagnfræðanám frá 7. maí 1946 eru alveg hliðstæð ákvæði. Þar er í 15. gr. III. kafla talað um, að unglingar skuli vera undanþegnir almennri skólagöngu, ef þannig stendur á, að þeir geta ekki stundað hana vegna líkamlegra eða andlegra annmarka. En í 17. gr. segir, að slíkum unglingum skuli séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Í lögum um verndun barna og ungmenna frá 30. apríl 1966 segir svo í 39. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar þörf krefur, skulu sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, setja á stofn og reka eftirtalin heimili eða stofnanir:

a) til að annast uppeldi og ef þörf krefur fræðslu þeirra barna, sem eru frá heimilum, er vanrækja svo uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börn að dveljast þar.

b) til að annast uppeldi og ef þörf krefur fræðslu gáfnasljórra eða andlega vanþroska barna.

c) til að annast uppeldi og fræðslu barna, sem að dómi skólalæknis hafa ekki heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt skólanám.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofn- og rekstrarkostnaði þeirra heimila og stofnana, sem um getur í 3. mgr., eftir sömu reglum og gilda um byggingu og rekstur skóla skyldunámsstigsins.

Barnaverndarráð skal beita sér fyrir samstarfi tveggja eða fleiri sveitarfélaga um stofnun og rekstur slíkra heimila, þar sem aðstæður leyfa."

Þessi dæmi, sem ég hef hér rakið, sýna, að það skortir ekki lagaheimildir. Það, sem á hefur skort, eru hreinlega framkvæmdir. Það hefur skort, að menn hafi framfylgt þeim ákvæðum, sem standa í gildandi lögum og hafa staðið í gildandi lögum núna í aldarfjórðung. Stjórnarvöld hafa hreinlega ekki haft áhuga eða getu til að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á þessum sviðum, og hefði vissulega verið mjög ánægjulegt, ef sá hv. flm., sem talaði hér áðan, hefði beitt áhrifum sínum, sem eru mikil, á flokksbræður sína, meðan þeir sátu hér í ríkisstj. í meira en áratug. En því miður minnist ég þess ekki að hafa orðið var við það frumkvæði frá þessum hv. þm.

Að því er varðar fjölfötluð börn, þá hefur verið fjallað um það vandamál núna að undanförnu, og ég vildi gjarnan rekja það örlítið nánar. Árið 1970 hafði sjálfskipuð nefnd fagmanna gert tillögur um stofnun skólaheimilis fyrir fjölfötluð börn til menntmrn. En mér er ekki kunnugt um, að nokkur viðbrögð hafi orðið hjá menntmrn. á þeim tíma. Í febrúar á síðasta ári kallaði ráðuneytisstjóri heilbrmrn., Páll Sigurðsson, saman fjölmennan fund um málefni fjölfatlaðra barna. Nefnd var sett niður til að huga að málinu. Hún skilaði bráðabirgðayfirliti um 20 börn á skólaaldri og 17 börn undir skólaskyldualdri ásamt áætlun um húsnæðisþörf, stofn- og rekstrarkostnað skólaheimilis fyrir fjölfötluð börn, og þessari skýrslu skilaði hún til heilbr.- og menntmrn. í árslok á síðasta ári, þ. e. um síðustu áramót. Í nefndinni áttu sæti Sævar Halldórsson barnalæknir, Gylfi Baldursson sálfræðingur, Eva Júlíusdóttir félagsráðgjafi, Jónína Guðmundsdóttir sjúkraþjálfi og Þorsteinn Sigurðsson sérkennslufulltrúi.

Í nóvember 1971 lagði Þorsteinn Sigurðsson sérkennslufulltrúi fram tillögu og grg. um sérkennslumiðstöð ríkisins, eins og hv. flm. vitnaði hér í áðan, en hann las alllangan kafla úr þessu áliti. Þar er gert ráð fyrir því, að málefni fjölfatlaðra barna verði ekki afgreidd sem einangrað verkefni, heldur að stofnuð verði sérkennslumiðstöð, þar sem afbrigðileg börn fái kennslu í einni og sömu stofnuninni til að nýta sem bezt þá starfskrafta, sem tiltækir eru, bæði sérfræðinga og aðra, svo og húsnæði.

Samband ísl. barnakennara hefur fjallað um þessa tillögu og sent áskorun til þeirra yfirvalda ríkis og sveitarfélaga, sem málefni afbrigðilegra barna og unglinga heyra undir, að taka tillögu þessa til gaumgæfilegrar athugunar og sameinast um að hrinda henni í framkvæmd.

Þetta mál var einnig tekið fyrir í borgarstjórn Reykjavíkur, og þar var samþykkt að óska eftir því við menntmrn. og heilbrmrn., að þau tilnefndu fulltrúa af sinni hálfu til viðræðna við fulltrúa Reykjavíkurborgar um fyrirkomulag og hugsanlega samvinnu um rekstur kennslustofnana fyrir börn, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi. Og síðan í desember hafa fulltrúar þriggja þessara aðila haft þetta verkefni með höndum, en til þess hafa verið skipuð Þorsteinn Sigurðsson sérkennslufulltrúi frá menntmrn., Jónas B. Jónsson fræðslustjóri frá Reykjavíkurborg og Adda Bára Sigfúsdóttir aðstoðarmaður ráðh. frá heilbrmrn.

Snemma á þessu ári ræddi nefndin við Sævar Halldórsson um fjölfötluðu börnin og þarfir þeirra, og jafnframt voru hafnar viðræður við Brand Jónsson skólastjóra Heyrnleysingjaskólans um leigu á húsnæði gamla skólans í Stakkholti til kennslu og heimavistar fyrir nokkur fjölfötluð börn. Jafnframt var snemma á þessu ári skrifað bréf til Bryndísar Víglundsdóttur sérkennara, sem dvelst í Bandaríkjunum, en hún er sérfræðingur á þessu sviði, og hún var beðin að taka að sér kennslu fjölfatlaðra nemenda.

Síðan fjallaði nefndin áfram um þetta mál, og 2. apríl var rætt aftur við Brand Jónsson um þetta húsnæði, sem ég minntist á áðan, húsnæði gamla skólans í Stakkholti, Heyrnleysingjaskólans, og húsnæði til bráðabirgðastarfseminnar var fest. Það er gert ráð fyrir því, að Bryndís Víglundsdóttir flytjist heim í sumar, og þá mun verða haldið áfram viðræðum við hana um, að hún taki að sér forstöðu fyrir kennslustarfsemi í þágu fjölfatlaðra barna.

Nú um þessar mundir starfa þeir Sævar Halldórsson og Þorsteinn Sigurðsson að tillögugerð um nemendur og kostnaðaráætlun um starfið næsta vetur. Hins vegar vil ég leggja á það ríka áherzlu, að ég tel þessar ráðstafanir aðeins vera bráðabirgðalausn, en að hugmyndirnar um sérkennslumiðstöð ríkisins sé sú endanlega lausn, sem við eigum að stefna að. Þar er um að ræða mjög viðamikið verkefni og vafalaust dýrt verkefni einnig, og það verður að leggja á ráðin mjög vandlega um það, hvernig þeirri stofnun verði háttað. En ég tel alveg hiklaust, að við eigum að stefna að því að koma á þannig stofnun með deildum fyrir margar tegundir afbrigðilegra barna.

Það, sem torveldar framkvæmdir á þessu sviði, er ekki skortur á lagafyrirmælum, eins og ég gat um í upphafi, heldur hitt, að unnið sé að þessu á jákvæðan hátt, eins og nú er verið að gera, og síðan mun vafalaust verða leitað til Alþ. um þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu, sem slíkri starfsemi fylgir, því að þetta verður án efa kostnaðarsamt.

Mér þótti rétt að gera grein fyrir þessu, að þetta mál hefur að undanförnu verið í athugun og undirbúningi. Í fyrsta lagi að bráðabirgðalausn í þágu fjölfatlaðra barna núna og enn fremur að þeirri stærri og víðtækari lausn, sem ég gat um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 475, n. 736).

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um menntun fjölfatlaðra á þskj. 475. Nefndin hefur ákveðið að fenginni umsögn fræðslumálastjóra og Öryrkjabandalags Íslands að mæla með því, að till. verði samþ. með svofelldri breytingu:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að athuga möguleika á lagasetningu um ráðstafanir til að bæta menntunaraðstöðu fjölfatlaðra barna og unglinga."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 736 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 873).

35. Lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um lágmarksmöskvastærð þorskaneta og bann gegn bolfiskveiðum í nót [146. mál] (A. 270).

Á 35. fundi í Nd., 26. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36., 37. og 38. fundi í Nd., 31. jan., 2. og 7. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 9. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 270 till. til þál. um lágmarksmöskvastærð þorskaneta og bann gegn bolfiskveiðum í nót. Hljóðar till. svo, með leyfi forseta:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstj. að ákveða með reglugerð, að lágmarksmöskvastærð þorskaneta skuli frá og með 1. jan. 1973 eigi minni vera en sjö þumlungar, og enn fremur, að bannaðar skuli vera bolfiskveiðar í nót, enda verði eigendum þorsknóta bættar þær eftir mati."

Í grg. með till. er bent á, að aðalfundur Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var s. l. haust, hafi samþykkt einróma ályktun þess efnis að skora á hæstv. sjútvrh., að sett yrðu skýr ákvæði um 7 þumlunga lágmarksmöskvastærð þorskaneta.

Eins og kunnugt er, hafa veiðar í þorskanet verið stundaðar hér við land um áratugaskeið eða allt síðan um síðustu aldamót eða lengur. Þrátt fyrir þetta hafa aldrei, að því er ég bezt veit, verið settar nokkrar reglur um möskvastærð í sambandi við þessar veiðar. Hins vegar hafa lengi verið í gildi ákveðnar reglur um möskvastærð í sambandi við togveiðar í dragnót og einnig veiðar í þorsk- og ufsanætur.

Ástæðan fyrir því, að ekki hafa verið settar sambærilegar reglur varðandi þorskanetaveiðarnar, mun vera sú, að allt fram undir hin síðustu ár var það talið sjálfsagt og eðlilegt af þeim, sem þessar veiðar stunduðu, að nota ekki minni möskva en 7—8 þumlunga að stærð. Algengasta stærðin mun hafa verið 7¼ og 7½ þumlungur. Var þessi möskvastærð talin eðlileg af sjómönnum og nokkur trygging fyrir því, að í net veiddist ekki smáfiskur eða ókynþroska fiskur og því ekki um rányrkju að ræða með þorskanetaveiðunum hvað þetta atriði snerti. Meðan svo var, má segja, að ekki hafi verið ástæða til neinna sérstakra ráðstafana í þessu sambandi, enda gáfu netin á þessum tíma góða raun hvað aflamagn snerti, þó að um slíka möskvastærð hafi verið að ræða sem ég hef hér bent á.

En eftir að fiskur fór að tregðast á miðunum á vetrarvertíð, var nokkur og segja má veruleg breyting í sambandi við netaveiðarnar. Í fyrsta lagi var farið inn á það í vaxandi mæli, að bátar legðu meira af netum í sjó en áður var talið eðlilegt og því miður í mörgum tilfellum svo, að enginn möguleiki var á að draga netin aftur í einni sjóferð. Hafa lögin um takmörkun netafjölda á bát eftir stærð og tölu skipa komið að sáralitlu gagni í þessu sambandi. Hefur þetta að sjálfsögðu orðið til þess að auka aflamagn bátanna að tonnatölu til, en ekki verðmæti að sama skapi, þar sem mun lakari og verðminni afli fæst í netin, ef þau eru ekki dregin daglega, því að fiskur skemmist mjög fljótt í netunum, ef þau liggja lengur en eina nótt óhreyfð. Aukið aflamagn eftir þessari leið verður því að teljast mjög hæpið fjárhagslega séð hvort heldur er fyrir sjómenn eða útgerðarmenn og gerir fiskvinnslunni ókleift að skila jafngóðri útflutningsvöru og æskilegt verður að telja.

Í öðru lagi hefur það farið mjög í vöxt hin síðari ár, að farið er að nota þorskanet úr fínna garni en áður var. Byggist þetta á þeirri reynslu sjómanna, að net úr fínna garni hafa reynzt mun fisknari en net úr sverara garni. Ekki getur talizt, að hér sé um neina óeðlilega þróun að ræða. Net úr fínna eða veikara garni er að sjálfsögðu miklu endingarverra og því aðeins mat útgerðarmanns, hvort þetta borgar sig eða ekki.

En í þriðja lagi hefur hin síðari ár einnig verið farið inn á það í vaxandi mæli að nota þorskanet með mun smærri möskva en áður var. Verður að telja, að hér sé um allháskalega þróun að ræða, og því eðlilegt, að ákveðnar reglur séu settar um lágmarksmöskvastærð þorskaneta, eins og þau veiðarfæri önnur, sem hér hefur verið minnzt á. Þegar talað er um háskalega þróun í þessu sambandi, byggist það á því, að alveg liggur ljóst fyrir, að ef engar reglur eða lagaákvæði verða sett um þetta, munu menn freistast til þess að reyna að auka aflamagnið með sýnu minni möskvastærð og verða fyrr en varir komnir inn á að veiða smáfisk og ókynþroska fisk í net, sem augljóslega mundi þýða óæskilega og hættulega rányrkju með þessu veiðarfæri. Og er það þróun, sem ég vona, að allir séu sammála um, að okkur beri að forðast.

Þetta atriði, lágmarksmöskvastærð þorskaneta, var allítarlega rætt á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna á síðasta hausti, eins og áður hefur verið vitnað til, og voru menn þar mjög á einu máli um, að nauðsyn bæri til, að ákveðnar reglur yrðu settar hvað þetta atriði snertir, og urðu menn sammála um 7 þumlunga lágmarksstærðina. Hins vegar hlýtur einnig að koma til álits fiskifræðinga, þegar til ákvörðunar kemur í þessu sambandi.

Í sambandi við netaveiðarnar almennt vil ég segja það, að við verðum að reikna með, að þessar veiðar verði á næsta ári stundaðar á svipaðan hátt og verið hefur, þar sem sú staðreynd liggur fyrir, að sá afli, sem í netin fæst, er uppistaðan í afla okkar hér við Suður- og Suðvesturland á vetrarvertíð. Hins vegar hlýtur það að vera skylda okkar að forðast, eins og frekast er unnt, að stunda rányrkju í sambandi við netin, þetta stórvirkasta og afkastamesta veiðarfæri okkar. Ég tel, að óþarft sé, að slíkt hendi okkur, og tel reyndar, að slíkt megi ekki henda okkur. Af þeirri ástæðu og í samræmi við þetta sjónarmið hef ég leyft mér að flytja þá till., sem hér er til umr., þar sem lagt er til, að settar verði skýrar og ákveðnar reglur um lágmarksmöskvastærð þorskaneta frá og með 1. jan. 1973. En þetta tímatakmark er sett vegna þess, að ákveða þarf netakaup fyrir bátaflotann með alllöngum fyrirvara og án efa almennt búið að festa kaup á netum fyrir þá vertíð, sem nú fer í hönd.

Ég vil í sambandi við netaveiðarnar víkja aðeins að þeirri hugmynd, sem stundum hefur komið fram, að banna bæri með öllu þorskveiðar í net. Ég tel, að þessi hugmynd fái engan veginn staðizt, a. m. k. meðan ekki kemur fram á sjónarsviðið annað veiðarfæri, sem skilar álíka aflamagni og netin gera nú í dag. Ef litið er í skýrslu Fiskifélags Íslands, kemur í ljós, að netaveiðarnar eru langstærsti þátturinn í aflamagni bátaflotans. Skipting aflans eftir veiðarfærum er t. d. árið 1970 þannig: Í net hafa veiðzt samtals 162 þús. tonn, á línu 68 þús. tonn og í öll veiðarfæri önnur samtals 167 þús. tonn, þar af í botnvörpu 113 þús. tonn, en heildarafli bátaflotans var þetta ár, 1970, samtals 397 þús. tonn.

Sýnir þessi skýrsla Fiskifélags Íslands greinilega, að netaveiðarnar og togveiðarnar skila meginhluta af þeim afla, sem bátaflotinn leggur á land, og er því alveg útilokað að banna þessar veiðar, þó að hins vegar verði að teljast alveg sjálfsagt að haga þeim svo, að ekki geti talizt, að um rányrkju sé að ræða. Og er sú till., sem hér er flutt, einn þátturinn í að koma í veg fyrir slíkt.

Varðandi 2. lið till., þar sem lagt er til, að bannaðar verði bolfiskveiðar með nót, vil ég geta þess, að einnig þetta atriði var ítarlega rætt á umræddum fundi Landssambands ísl. útvegsmanna, og samþykkti fundurinn með atkvæðum alls þorra fundarmanna að skora á hæstv. sjútvrh. að hlutast til um, að bannaðar yrðu með öllu bolfiskveiðar í nót. Bolfiskveiðar í nót eru, eins og kunnugt er, aðallega stundaðar á tveimur stöðum hér við land, fyrir Norðausturlandi að sumrinu og haustinu til og við suðurströndina að vetri til, aðallega um háhrygningartímann. Þó er það svo, að bolfiskveiðar í nót að vetri til geta ekki á nokkurn hátt talizt árvissar veiðar, eins og t. d. veiðar á línu, í net eða togveiðar, þ. e. það virðist frekar heyra undantekningu

til, að skilyrði séu fyrir hendi til nótaveiða. Ef ég man rétt, var það árið 1964, sem þessar veiðar gáfu nokkurt aflamagn hér, og var þar bæði um þorsk- og ýsuveiðar að ræða. Ég held, að flestum, sem fylgdust með þessum veiðum þá, séu þær nokkuð minnisstæðar, kannske helzt vegna þess, að menn sáu greinilega, að um beina rányrkju getur verið að ræða, ef þessu veiðarfæri er beitt á þann hátt, sem hér er gert. Lágmarksmöskvastærð ýsu- og þorsknóta er aðeins 110 mm eða nokkru minni en leyfileg möskvastærð við togveiðar, en þó má nota þetta veiðarfæri hvar sem er, hvort heldur er á grunnu vatni eða djúpu. Nótinni var í þessu tilfelli, þ. e. árið 1964, beitt á þann veg, að henni var kastað ekki einasta ofan í hrygningarsvæði þorsksins, heldur einnig og í enn ríkara mæli í tiltekin síldarhrygningarsvæði norður af Vestmannaeyjum og þar ausið upp svo að þúsundum tonna skipti smáýsu, sem þar hélt sig og var ekki stærri en svo, að hún var vart talin vinnsluhæf, enda fór nokkurt magn af henni beint í gúanó, eins og það er kallað. Það, sem þá gerðist, sýndi bæði sjómönnum og öðrum, að um beina rányrkju getur verið að ræða, ef þessu veiðarfæri er beitt eins og þá var gert, og er talið, að síld hafi ekki hrygnt á þessum stað, sem ég gat um áðan, síðan. Og reynslan hefur sýnt, að þetta veiðarfæri getur aldrei orðið nein uppistaða í veiðum á vetrarvertíð, sem treystandi er á. Verður að telja, að ókostir þess séu meiri en kostir, og því eðlilegt, að rannsakað sé til hlítar, hvort ekki sé hagkvæmt fyrir alla aðila, að þær séu bannaðar.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að samkv. skýrslu Fiskifélags Íslands er hluti nótaveiða í heildaraflamagninu sáralítill eða aðeins frá rúmlega 1% til rúmlega 2% undanfarin þrjú eða fjögur ár. En þá kemur að sjálfsögðu einnig til athugunar, hvernig eigi að fara með þær nætur, sem ýmsir útgerðarmenn hafa komið sér upp og nokkurt verðmæti liggur í, ef banna á veiðarnar. Um þetta atriði er til ákveðið fordæmi, en það er sú leið, sem farin var, þegar dragnótaveiðarnar voru bannaðar á sínum tíma. Þá voru þau dragnótarveiðarfæri, sem fyrir hendi voru, metin til peningaverðs af opinberum aðilum og þau bætt úr ríkissjóði í samræmi við það. Þetta var þá talið eðlilegt og sjálfsagt, og er í samræmi við þetta lagt til í till., að eigendum þessara veiðarfæra verði þau bætt samkv. mati, ef horfið verður að því ráði að banna notkun þeirra.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til sjútvn. að umr. lokinni.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 10. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var fram haldið einni umr. um till.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er fram borin, er um það efni að skora á ríkisstj. að ákveða með reglugerð, að lágmarksmöskvastærð þorskaneta skuli vera 7 þumlungar. Og í öðru lagi, að bannaðar skuli bolfiskveiðar í nót. Eins og kemur fram í grg. með þessari þáltill., þá hefur á undanförnum árum möskvastærð þorskaneta farið minnkandi, ekki einungis hér fyrir Suðvesturlandi, heldur annars staðar einnig. En þetta eru bara svo breytilegar aðstæður, t. d. hér á Faxaflóasvæðinu og aftur fyrir Norður- og Norðausturlandi. Síðan þessi till. kom fram, hafa ýmsir fiskimenn á Norðurlandi hringt í mig til þess að upplýsa mig um þetta mál, og ég legg mikla áherzlu á það, að sú n., sem tekur þessa þáltill. til afgreiðslu, kynni sér hinar breytilegu aðstæður umhverfis landið í þessu tilliti, og þar sem Fiskiþing kemur saman núna um 20. þ. m., verði þessari þáltill. vísað þangað til umsagnar.

Í þessu sambandi finnst mér rétt, að það komi hér fram, að það er í vaxandi mæli t. d. við Eyjafjörð og a. m. k. sums staðar á Norðurlandi, að þilfarsbátar nota þorskanet, sérstaklega á haustmánuðunum frá því um miðjan sept. og fram í desemberbyrjun og svo aftur einnig á vorin. En það er alveg sama, hvaða veiðarfæri eru notuð á Norðurlandi. Það veiðist ekki í þau annað en sá fiskur, sem þar er. Það er svo blandaður fiskur og mikið af honum smár. Ég lét einmitt athuga það núna, hvernig þetta hefði komið út í tveimur verstöðvum, annars vegar í Grímsey, þar sem eru eingöngu notuð handfæri, og hins vegar á Árskógsströnd, þar sem á haustmánuðunum núna eru eingöngu notuð þorskanet og möskvastærðin mun hafa verið 5½—6 tommur. Og þá kemur í ljós, að miðað við mat á saltfiski, en saltfiskur er flokkaður þannig, eins og hv. þm. vita sjálfsagt, að í fyrsta lagi er sá, sem er 20 tommur og þar yfir, sérstaklega flokkaður, síðan er stærðin 18—20 tommur, í þriðja lagi 16—18 tommur og svo í fjórða lagi stærðin 12—16 tommur, og handfiskur er fyrir neðan 12 tommur. En það kemur í ljós, að fiskur yfir 20 tommur í net á Árskógsströnd var 17.58%, en handfærafiskurinn í Grímsey var rúm 11%. Netafiskurinn á Árskógsströnd af stærðinni 18—20 tommur var 26% af aflanum, en sú stærð reyndist aftur í Grímsey vera 17.66%. Á Árskógsströnd voru svo af stærðinni 16—18 tommu fiskur um 40%, en sama stærð í Grímsey um 20%. En 12—16 tommu fiskurinn var á Árskógsströnd 15.33%, en 51% í Grímsey, þ. e. meira en helmingurinn af handfærafiskinum í Grímsey reyndist vera af stærðinni 12—16 tommur.

Þetta sýnir það eiginlega, að það er sama, hvaða veiðarfæri eru notuð á þessum stöðum. Það er bara um það að ræða í raun og veru, hvort á að veiða fiskinn eða ekki. Og mér er tjáð af þessum fiskimönnum þar norður frá, að ef bannað væri að nota möskvastærð minni en 7 tommur, þá væri þýðingarlaust að vera með net fyrir Norðurlandi, sérstaklega á haustmánuðunum, enda kemur það í ljós, að það mundi þá ekki verða einu sinni helmingurinn af aflanum miðað við reynslu þeirra, sem mundi fást í slík net.

En þá er bara spurningin: Hvernig stendur á þessu misræmi með snurpunót og troll í lögunum, að það megi vera 110 mm eða ekki nema 4½ tomma? Er ekki ástæða til þess að athuga það þá einnig? En þessi stærð, sem flm. miðar hér við, er sama sem 175 mm eða 7 tommur.

Ég held sem sagt, að ef á að fara að athuga þetta, þá geti a. m. k. komið til álita, að aðrar reglur gildi á þessum stöðum en t. d. hér fyrir Suðvesturlandi, en í fyrsta lagi þarf að athuga slíka tillögugerð, áður en hún verður afgreidd hér á hv. Alþ. Ég held, að það þurfi að athuga þessi mál mjög gaumgæfilega. Það er mjög mikil spurning, hvort ekki á að reyna að friða bara

alveg heil svæði. Ýmsir á Norðurlandi telja, að það væri eðlilegt að friða t. d. firðina fyrir öllum netum yfir sumartímann. Þetta er mál, sem þarf að athuga og ræðast, og menn, sem hafa þekkingu, þurfa um það að fjalla og leggja þar til mála.

En það eru margar ástæður fyrir því, að menn hafa áhuga fyrir því að friða firðina. Bæði er þar mikið af smáum fiski, og enn fremur er nú verið að leggja fram hundruð þús. á ári hverju til þess að reyna að rækta upp árnar, en það er enginn vafi á því, að það er lagt fyrir silunginn á hans göngutíma og laxinn einmitt í þessum fjörðum, þannig að árangur af þessu ræktunarstarfi næst ekki einmitt vegna þessara netalagna í fjörðunum. Og það eru sjálfsagt fleiri rök, sem mættu koma fram fyrir því, að það þarf að athuga um slíkar friðanir.

Hv. flm. ræddi mjög um þá þróun, sem orðið hefur í sambandi við notkun þorskaneta, þá óheillaþróun, að hver bátur hefur fjölgað netunum undanfarin ár, og mikið af hans ræðutíma fór einmitt í að ræða þetta mál. Þetta er óheillaþróun, sem allir viðurkenna, en þó virðist ekki vera mikið gert af því að reyna að koma í veg fyrir slíkt. Niðurstaða hans var samt sú, að þrátt fyrir þetta, sem er sjálfsagt laukrétt, sé óhugsandi að banna veiðar með netum. En ég held, að ef þessi till. yrði samþ. óbreytt, þá mundi hún þýða það í sjálfu sér að banna netaveiðar eða þær væru varla framkvæmanlegar t. d. fyrir Norðurlandi.

Ég vil svo endurtaka þau tilmæli, að sú n., sem fær þessa þáltill. til meðferðar, sendi hana til Fiskiþings og að haft sé samband t. d. við fiskimenn fyrir norðan og austan um þessar aðgerðir, ef n. kemst að þeirri niðurstöðu, að það þurfi að hafa einhverja takmörkun á þessum möskvastærðum. En þarf þá ekki enn fremur að athuga um trollið og snurvoðina einnig, ef ástæða er til þess að setja svona harðar reglur í sambandi við þorskanetin?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við þessa þáltill. Ég hef nú því miður ekki getað fylgzt með umr. um hana sem skyldi, en ég vildi láta þess getið í sambandi við þessa till., að það er nokkuð síðan rn. skipaði nefnd manna til þess að fjalla um meginefni þessarar till., en sú nefnd hefur það verkefni að endurskoða reglugerðir, sem í gildi eru varðandi fiskveiðar og þá einnig um meðferð á fiski, og henni hefur verið falið sérstaklega að gera till. um þetta atriði, hvort rétt sé að setja reglugerð um lágmarksmöskvastærð á þorskanetum. Það er rétt, að það er mjög margt, sem bendir til þess, að nauðsynlegt sé orðið að gera það, því að það hefur borið talsvert á því nú síðari árin, að möskvastærðin hafi farið minnkandi og þannig sé sótt meira og meira með þorskanetunum í smærri fisk. En aðalatriði málsins er sem sagt það, að nú starfar nefnd, sem í eru fiskifræðingar og útgerðarmenn og sjómenn, einmitt að því að gera till. um þetta atriði í fullu samræmi við þá samþykkt, sem gerð var á síðasta aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna um þetta efni.

Hins vegar þar sem fjallað er í þessari till. um þorskveiðar í nót, þar er aftur komið inn á nokkuð annað atriði, sem er, eins og nú háttar hjá okkur, að vísu ekki mjög umfangsmikið, en þó fer veiði fram á nokkrum stöðum á landinu á þennan hátt. Það er alveg sjálfsagt, að fram fari frekari athugun en gerð hefur verið einnig á því atriði. En það er rétt að gera sér alveg grein fyrir því, að þarna er auðvitað um tvö alveg aðskilin vandamál að ræða, það, sem snertir möskvastærðina í þorskanetum, og svo aftur þá veiði, sem á sér stað núna með þorskanót.

Ég vildi sem sagt, að það kæmi hér fram í sambandi við þessar umr., að ég tel sjálfsagt, að till. gangi til nefndar, sem kynni sér það, hvernig ástatt er með málið. Það er sem sagt nú í höndum sérstakrar nefndar, sem hefur haft það með höndum nú um nokkurt skeið að gera till. varðandi þetta mál til rn.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 62., 63. og 72. fundi í Nd., 17. og 19. apríl, 8. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 270, n. 549, 876).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Sjútvn. fékk þetta mál til meðferðar nokkuð snemma í vetur. Hún sendi það ýmsum aðilum til umsagnar og ræddi það á nokkrum fundum. Umsagnir bárust um málið frá Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni og Sjómannasambandi Íslands, og eru niðurstöður þessara aðila allra jákvæðar. Í umsögn Fiskifélagsins kemur þó fram, að þeir leggja það til, að möskvastærð verði leyfð nokkuð önnur og minni fyrir Norðurlandi en gert er ráð fyrir í frv.

N. skilaði áliti á þskj. 549, en einstakir nm. áskildu sér þar rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Síðar kom í ljós, að nokkuð skiptar skoðanir voru um einstök atriði till. og þá helzt í sambandi við bann gegn bolfiskveiði í nót og einnig þetta atriði, sem fram kom hjá fiskifræðingum, að möskvastærð þyrfti að vera önnur fyrir Norðurlandi en talið var, að hún þyrfti að vera annars staðar á landinu. Til þess að komast fram hjá ágreiningi um málið, sem auðvitað mundi verða til þess að hætta væri á, að það næði ekki fram að ganga á þessu þingi, þá höfum við tveir þm. leyft okkur að flytja brtt. nú við þessa umr., sem prentuð er á þskj. 876 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstj. að ákveða með reglugerð, að lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta skuli frá 1. jan. 1973 eigi minni vera en sjö þumlungar. Þó skulu á svæðinu frá Horni austur um að Digranesi leyfðar veiðar með þorskfisknetum með minni möskvastærð, en þó eigi minni en 5½ þumlung."

Þessi till. er flutt til þess að sníða úr till. þau atriði, sem við sáum fram á, að ágreiningi mundu valda, og við vonum, að till., þannig breytt, nái fram að ganga og um hana þurfi ekki að verða hér skiptar skoðanir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta mál lengri framsögu, en vænti þess, að hv. d. geti orðið sammála um afgreiðslu málsins á þann veg, sem lagt er til á þskj. 876.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég kveð mér ekki

hljóðs til þess að gera neina aths. við efni þessarar till., sem ég hef allt hið bezta að segja um. Ég vildi aðeins benda hv. dm. á, að fyrir nokkrum mínútum var samþ. hér í Nd. sem lög frá Alþ. frv. um breytingar á þingsköpum, og ein breytingin, sem gerð var með þessu frv., sem nú er orðið að lögum, þó að enn hafi ekki verið staðfest, er sú, að þáltill. er ekki hægt að afgreiða í annarri deild, heldur skal till. fara til beggja deilda. (Gripið fram í.) Mér er það ljóst, að þessi lög taka kannske ekki gildi fyrr en þau verða staðfest, en hér er um það sérkennilega tilviljun að ræða, að ef menn ekki fylgja eða vilja fylgja því, sem þeir samþykktu í fyrra á þessum sama fundi, þá verðum við a. m. k. að gera okkur ljóst, að þetta verður kannske síðasta þáltill., sem er samþ. í annarri deild Alþingis.

Forseti (GilsG): Í tilefni af ábendingu hv. 8. landsk. þm. vil ég aðeins lýsa því yfir, að ég tel fara vel á því, að hv. d. geri nú ályktun þessa og flýti sér að því.

ATKVGR.

Brtt. 876,1 (ný tillgr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 876,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 896), með fyrirsögninni:

Þál. um lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta.

36. Leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga [94. mál] (A. 107).

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt fjórum öðrum hv. þm. að leggja fram till. til þál. á þskj. 107, og fjallar hún um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. Þar segir svo:

„Alþingi ályktar, að gera beri hið fyrsta ráðstafanir til að bæta úr þeim alvarlega skorti á leiguhúsnæði, sem ríkjandi er í flestum þorpum og kaupstöðum landsins, og felur í því skyni ríkisstj.:

1. að láta fara fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um land allt;

2. að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf."

Með till. fylgir nokkuð ítarleg grg., og þarf ég ekki að hafa mörg orð fyrir till. þess vegna. Það er reyndar einnig vel kunnugt, að lengi hefur verið landlægur, ekki sízt í sjávarþorpum, mikill skortur á leiguhúsnæði. Þessu var áður fyrr bjargað með svonefndum verbúðum, en þær þykja nú ekki lengur, eins og vitað er, hæfar til íbúðar. Af þessum ástæðum hafa oft verið mikil vandræði í sjávarþorpum. Þegar sjávarútvegurinn hefur verið í uppgangi, hefur iðulega verið framboð af fólki, sem erfitt hefur verið að hýsa, einkanlega á hinum smærri stöðum. Þetta hefur verið afar áberandi upp á síðkastið, ekki sízt þar sem sjávarútvegurinn hefur eflzt töluvert og vaxið. Nú standa fyrir dyrum verulegar endurbætur í sjávarútvegi, sem eflaust mun leiða til stækkunar hinna ýmsu fyrirtækja og meiri þarfar fyrir starfsfólk. Ég hygg, að langsamlega víðast um landið sé ástandið hins vegar þannig, að þessu fólki verður illa komið fyrir í því húsnæði, sem nú er fyrir hendi, og getur það valdið mjög miklum erfiðleikum, ekki eingöngu fyrir fyrirtækin sem slík, heldur fyrir byggðarlagið allt og staðið í vegi fyrir eðlilegum vexti viðkomandi byggðarlags.

Því miður eru í núgildandi lögum um húsnæðislán ekki viðhlítandi ákvæði um lán frá húsnæðismálastjórn eða hinu opinbera á annan máta til byggingar leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. Till. stefnir að því, að úr þessu verði bætt. Eins og kunnugt er, þá er húsnæðismálalöggjöfin öll í endurskoðun. Flm. töldu rétt að leggja áherzlu á, að þessi mjög mikilvægi þáttur verði tekinn með í þá endurskoðun laga, sem nú stendur fyrir dyrum.

Eins og ég sagði áðan, þá sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta langa framsögu og læt því máli mínu lokið, en leyfi mér að vænta þess, að till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 24. febr., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 107, n. 356).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur m. a. haft til meðferðar till. til þál. um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. Þessi till. er á þskj. 107 og er hér til umr. Till. þessi er þess efnis, að lýst sé yfir því af hálfu Alþingis, að gera beri hið fyrsta ráðstafanir til þess að bæta úr þeim alvarlega skorti á leiguhúsnæði, sem ríkjandi sé í flestum þorpum og kaupstöðum víðs vegar um land. Í því skyni verði í fyrra lagi látin fara fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um landið, og í öðru lagi verði lagt fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess kann að vera þörf. Þetta er aðalefni tillgr.

Það er alkunna, að víðs vegar um land í þorpum og

kaupstöðum, ekki sízt þar sem útgerð og fiskiðnaður eru höfuðatvinnugreinar, hefur ríkt og ríkir tilfinnanlegur og sums staðar mjög alvarlegur skortur á leiguhúsnæði fyrir aðkomustarfsfólk. Heimamenn einir hafa hvergi nærri tök á oft og tíðum að anna þeim störfum, sem fiskisókn ásamt tilheyrandi landvinnu kallar á. Þannig hefur skortur á vinnuafli tafið eðlilega þróun í þessum greinum í slíkum sjávarplássum og komið að öðru leyti í veg fyrir nauðsynlega stækkun byggðarlagsins og eflingu þess í flestu tilliti, svo að ekki sé nú rætt um þá þjóðhagslegu þýðingu, sem það kynni að hafa, ef hægt væri að bæta hér úr.

Á mörgum þessara staða eru góð afkomuskilyrði fyrir ungt fólk t. d., sem gjarnan vildi hefja þar störf og þá til langtíma, ef fyrsta kastið væri til staðar hentugt íbúðarhúsnæði fyrir slíkt fólk. Það er ekki hægt að krefjast þess, enda ekki eðlilegt, að ungt fólk, þegar það kemur á slíkan stað, láti það verða sitt fyrsta verk að leggja í að byggja íbúðarhús, eigið íbúðarhús. Þetta er alkunna og nægilega vitað. En þetta ástand, sem hefur skapazt af þessum skorti á húsnæði, hefur valdið alvarlegum örðugleikum í þeirri viðleitni að efla sjávarútveg og fiskiðnað, svo sem að er stefnt og þjóðarnauðsyn krefur. Og önnur byggðarlög, þar sem öðrum atvinnuvegum eða atvinnugreinum er til að dreifa, stórlíða fyrir skort á mannafla, m. a. fyrir þessa sök.

Nú er það svo, að í núgildandi lögum okkar eru engin ákvæði, sem heimila lánveitingar svo rúmar til sveitarfélaga, að þeim sé auðið að koma sér upp og eiga leiguhúsnæði af þessu tagi. Það verður því að telja fyllilega tímabært, að Alþ. láti þetta mikilsverða nauðsynjamál til sín taka og eigi verði látið sitja við orðin tóm.

Allshn. leitaði umsagna tveggja aðila um þetta mál, annars vegar Húsnæðismálastofnunar ríkisins og hins vegar Sambands ísl. sveitarfélaga. Hafa báðir þessir aðilar í svari sínu lagt áherzlu á, að málið fengi góðan framgang hér á þingi. Samband ísl. sveitarfélaga tekur fram, að það mæli með till., en bætir því við, að enda verði svo litið á framkvæmd á efni till. sem hún sé þáttur í að færa út byggðastefnuna.

Það þarf að sjálfsögðu ekki að fara í grafgötur um það, að efni þessarar till. er einmitt inni á þessu efni, þ. e. að halda uppi byggðajafnvægi. Og í raun og veru mætti kannske segja, að það væri að nokkru leyti og kannske verulegu leyti verkefni hinnar nýju stofnunar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, að hafa slíkt mál sem þetta með höndum og veita úrlausnir í því og sérstaklega þá sú deild innan þessarar stofnunar, sem nefnist Byggðasjóður. Það atriði er að sjálfsögðu mjög til athugunar, þegar þessu máli er velt fyrir sér.

Húsnæðismálastofnunin hvetur mjög til þeirrar könnunar, sem lagt er til, að fram fari, og segir, að niðurstöður slíkrar könnunar geti orðið sérlega mikilvægur grundvöllur að löggjöf á þessum sviðum, og auðvitað er það alveg hárrétt hjá Húsnæðismálastofnuninni. En slík könnun þarf að fara fram hið allra fyrsta. Það má í raun og veru engan tíma missa úr þessu til að bæta úr í þessu efni.

Í grg. fyrir till. kemur réttilega fram, að eins og húsnæðismálalánum háttar, er alveg auðsætt, að byggingarsjóður hefur ekki fjárhagslega möguleika eins og er að veita íbúðalán í ríkara mæli en nú er til smíði á slíkum leiguíbúðum, sem hér ræðir um. Þá þarf byggingarsjóðurinn að sjálfsögðu og óhjákvæmilega að fá nýja tekjustofna og stóraukið fjármagn, ekki aðeins í þessu skyni heldur og almennt til þess að halda uppi þessari lánastarfsemi, auka hana og efla á alla lund. Ég sagði, að það vantaði stórfé í byggingarsjóðinn til þess m. a. að koma til aðstoðar í þessu efni. Það mun að sjálfsögðu rétt vera, og vantar þó fé til hinna venjubundnu útlána, að ég hygg. En mér er ekki fullkunnugt um, eins og er, hvernig hagur byggingarsjóðs er og hverjar áætlanir hann hefur á prjónunum á þessu ári, 1972. En að sjálfsögðu væri það nauðsynlegt fyrir okkur þm. að fá upplýsingar um það, því að það er ekki um að villast, að þessi málefni, húsnæðismálefni okkar, eru meðal hinna stærri, sem eru í framkvæmd í þjóðfélaginu á hverjum tíma og brenna mjög á fjölda manna.

Í grg. fyrir till. er m. a. bent á Atvinnuleysistryggingasjóð, að hans verkefni séu mjög náskyld eflingu atvinnulífs víðs vegar um land. Og það mætti kannske vera á sínum stað, að þessi sjóður gæti hlaupið undir bagga einmitt í þessu sérstaka skyni, og það er að sjálfsögðu til athugunar.

Þetta mál, þessi till. og efni hennar er sjálfsagt orðið nægilega ljóst, a. m. k. í meginatriðum, og ég mun ekki hafa mörg fleiri orð þar um, en allshn. mælir eindregið með samþykkt till., en með vissri breytingu, og er brtt. getið í nál. Nefndinni þótti rétt, að í tillgr. kæmi skýrt fram, að væntanleg útvegun fjármagns í þessu sérstaka skyni skerði í engu lánsfé eða öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis.

Og að lokum vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér brtt., sem er í nál.:

„Við 2. tölul. tillgr. bætist: Skal þess gætt, að þessi sérstaka fjármagnsútvegun dragi ekki úr öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis."

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég tel mér nauðsyn á því að tjá mig hér í sambandi við þetta mál, sem ég tel eitt af stærri vandamálum margra byggðarlaga í landinu, alveg sérstaklega hvað viðkemur hinum ýmsu útgerðarþorpum og bæjum. Þar er þetta brennandi mál. Húsnæðismálalöggjöf okkar er þannig uppbyggð, að hún gerir hvergi ráð fyrir að leysa þennan vanda. En ég fullyrði, að þetta er eitt af því, sem stendur í vegi fyrir eðlilegri fólksfjölgun, sem er brýnasta forsenda þess, að uppbygging í mörgum sjávarþorpum geti verið eðlileg. Þið, hv. þm., kannizt sjálfsagt við það, að yfir þjóðina dynja auglýsingar um, að það vanti fólk á þennan og hinn staðinn í nauðsynlegustu framleiðslugreinum. Útgerðarmenn og forstöðumenn fiskvinnslustöðva víðs vegar um landið eru alveg í vandræðum með sína starfsemi, sem er þó undirstaða byggðarinnar á viðkomandi stöðum. Og það, sem er fyrst og fremst vandamál víða í þessum sjávarþorpum, er einmitt það, að ekki er hægt að útvega húsnæði fyrir það fólk, sem vildi koma í þessa starfsemi. Það er ekki heldur hægt að ætlast til þess, að ungt fólk, sem vill stunda atvinnu á þessum stöðum, byrji á því að leggja í milljónafjárfestingu, byggi hús eða kaupi hús, til þess að geta stundað þessa atvinnu. Og það er öruggt mál, að það er ofviða viðkomandi sveitarfélögum að leysa úr þessu vandamáli nema hið opinbera komi til. Ég held, að það sé þess vegna mjög tímabært að hugsa í alvöru

um þetta mál, og þess vegna fagna ég þessari till., sem hér er til umr., því að það er tómt mál að tala um eflingu byggðar um landið, ef einmitt svona veigamiklir þættir eru ekki teknir inn í dæmið.

Með lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins var vissulega stigið stórt og merkt skref í sambandi við húsnæðismál þjóðarinnar, og hefur sú löggjöf vissulega lyft grettistökum. En hún er gölluð, t. d. hvað viðkemur verkamannabústöðum. Verkamannabústaðalögin eru ein nauðsynlegasta löggjöf, sem fram hefur verið sett í þessum málum, því að hún miðar að því að hjálpa þeim, sem minnsta hafa möguleikana til að koma yfir sig húsnæði. En í framkvæmd eru núgildandi lög þannig, að þessir staðir, sem við erum einmitt að tala um núna, hafa litla eða mjög litla möguleika til þess að notfæra sér löggjöfina, þannig að að gagni komi.

Ég get sagt ykkur lítið dæmi úr minu byggðarlagi. Við kusum stjórn fyrir Byggingarfélag verkamanna. Við létum auglýsa eftir umsóknum fólks, sem vildi nota sér þá löggjöf. Eftir hálfs mánaðar umsóknarfrest var eftirspurn orðin svo mikil, að það þurfti að byggja 18 íbúðir. En þó að sveitarfélagið hafi samþykkt að leggja fram hámark þeirrar upphæðar, sem löggjöfin gerir ráð fyrir, 400 kr. á hvern íbúa, sem gerir í þessu tilfelli 400 þús. kr., þá nægir það aðeins til að byggja sex íbúðir á fjórum árum. Ég held, að það væri mjög verðugt verkefni að gera breytingu á þessari löggjöf, þannig að hún gæti komið að meiri notum einmitt fyrir þessa staði víðs vegar um landið.

Ég hygg, að margir séu sammála mér í því, að hin svo kallaða Breiðholtsáætlun taki of mikið af hinu almenna fjármagni, sem er veitt til byggingarframkvæmda, þannig að hlutur landsbyggðarinnar verði of rýr. Ég er ekki að halda því fram, að byggingaráætlunin í Breiðholti sé ekki nauðsyn fyrir vöxt og viðgang Reykjavíkur, en ég tel, að það þurfi einmitt í þessu sambandi að huga vel að því, að það eru fleiri staðir úti um landið, sem þurfa á opinberri aðstoð að halda á þessu sviði, og það er nauðsyn. Ég tel þess vegna, að eina lausnin á því vandamáli, sem ég minntist á í upphafi, sé að styrkja aðstöðu sjávarþorpa og byggða víðs vegar um landið. Það er einmitt sú lausn, sem þessi till. fer inn á, að gera sveitarfélögunum kleift að byggja leiguhúsnæði, sem þau geta boðið því fólki, sem vill koma á þessa staði og verður að koma á þessa staði, ef byggðin á að haldast. Og ég teldi eðlilegt í þessu sambandi að veita í þessu skyni lán til sveitarfélaganna, sem þyrfti að vera allt að 90% af byggingarkostnaði slíkra bygginga. En ég legg áherzlu á það, og það var nú eiginlega tilgangur minn með því að fara hingað í ræðustól, að þetta verður að gerast mjög fljótt. Það verður að gerast mjög fljótt, ef ekki á illa að fara í uppbyggingu á þessum stöðum, sem ég minntist á áðan, sem hafa lagt allt sitt í að byggja upp atvinnulífið. Ekki sízt nú, þegar hið opinbera er að stuðla að því með því að dreifa stórvirkum tækjum eins og skuttogurum og öðru slíku til þessara byggðarlaga, þá er útilokað annað en þessi þróun fari jafnhliða fram. Og ég vil varpa fram þeirri spurningu, hvort Byggðasjóður, sem nú er orðinn að veruleika, hvort þarna sé ekki verkefni fyrir hann.

Herra forseti. Ég hef haldið mína jómfrúræðu hér á hinu hv. Alþingi í allt öðru máli en ég hafði ákveðið. En þetta mál, sem hér er á dagskrá, er mér svo ofarlega í huga sem sveitarstjórnarmanni í ört vaxandi sjávarþorpi, þar sem þetta er brennandi vandamál, að ég taldi mér skylt að undirstrika mikilvægi málsins. Og ég vil treysta á hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. félmrh. að vinna ötullega að því að leysa þetta vandamál, leysa þetta vandamál byggðanna úti um landið á raunhæfan hátt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þessa till. Það hefur verið talað um, að þessi till. væri m. a. til þess að efla byggðarlögin víða úti um land, en vitanlega nær þessi till. til allra staða á landinu, kaupstaða og kauptúna. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að það er nauðsynlegt að stuðla að því, að sem flestir eignist eigið húsnæði. Það þarf að stuðla að því með því að efla lán úr húsnæðismálasjóði til þess. Og það er alveg augljóst, að þegar einstaklingar byggja yfir sig, þá myndast þar mikið fjármagn, sem ekki gerist, ef hið opinbera ætlar að byggja, og það er ekki athugað eins og skyldi eða metið eins og skyldi.

Einstaklingar hafa komið upp húsnæði yfir sig, þótt þeir hafi byrjað eignalitlir eða jafnvel eignalausir, með þeim lánum, sem þeir hafa getað fengið úr húsnæðismálasjóði og þá kannske einhverjum viðbótarlánum. En það hefur vitanlega oft komið fyrir, að þessir einstaklingar hafi verið 2—3 ár að ljúka við húsið. En með því hafa tekjur þessara einstaklinga aukizt mjög mikið á þessum árum, og þeir hafa, á meðan þeir voru ungir og heilsuhraustir, lagt grundvöll að efnalegu sjálfstæði fyrir sig og sína fjölskyldu. Þetta er mikils virði, sérstaklega hjá okkur á Íslandi, sem höfum svo takmarkað fjármagn og viljum gera mikið og þurfum að gera mikið. Ég vil leggja áherzlu á þetta og minna á það, að ef sveitarfélögin byggja leiguhúsnæði, þá þarf að útvega fjármagn og borga alla vinnu við þær byggingar. Og það verður erfiðleikum bundið. Hins vegar er ég ekki að mæla gegn þessari till., eins og sjá má á nál. Ég veit, að hún er af góðum huga flutt. En ég efa það, að þessi till. út af fyrir sig hafi mjög mikla hernaðarlega þýðingu í sambandi við dreifingu byggðar út um land, vegna þess að það verður byggt þar sem fólkið vill vera, þar sem atvinnuskilyrðin eru.

Í mörgum sjávarþorpum, þar sem atvinna er árstíðabundin, eins og t. d. í Ólafsvík, býst ég við, þar er fólkið vitanlega flest á vertíðinni. Þar vilja einstaklingar ekki ráðast í íbúðarbyggingu nema eiga nokkurn veginn vísa atvinnu allt árið. Og þar þarf að leysa húsnæðismálið með öðrum hætti. Í mörgum útgerðarplássum eru hinar svo kölluðu verbúðir, sem útgerðirnar sjálfar byggja og koma upp, og eins og nú er háttað, er það víða, að þessar verbúðir eru boðlegar fólki, þótt miðað sé við þær húsnæðiskröfur, sem nú eru almennt gerðar. Eigi að síður getur það verið nauðsynlegt og hentugt, að sveitarfélögin verði aðstoðuð við að koma upp húsnæði, leiguhúsnæði fyrir fólk, sem starfar kannske að einhverju leyti á vegum sveitarfélaganna eða við fiskvinnslu og útgerð, ef útgerðin sjálf hefur ekki bolmagn til þess að koma upp húsnæði yfir þetta fólk, sem vinnur kannske ekki nema tiltölulega stuttan tíma af árinu á staðnum.

Allshn. varð sammála um það að bæta við þessa till. því, sem frsm. n. lýsti hér áðan, þ. e. að fjáröflun til að koma upp leiguhúsnæði verði ekki til þess að draga úr

fjármagnsútvegun til þess að byggja íbúðir í einkaeign. Og ég býst við, að allir hv. alþm. geri sér grein fyrir því, hvað hið opinbera sparar mikið, hve mikið fjármagn sparast við það, að einstaklingarnir vilja leggja það á sig, á meðan þeir eru að leggja grundvöll að sinni framtíð efnalega, að koma upp eigin húsnæði. Og það á að vera stefnan. Það á að vera aðalstefnan, en hitt á svo að vera undantekning, að leiguhúsnæði sé byggt, þegar ekki er um það að ræða, að einkaíbúðir geti orðið fyrir hendi.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið frá því, sem orðið er, en í tilefni af orðum hv. frsm. allshn. í málinu, nokkrum setningum hans, þá vildi ég, að fram kæmi sjónarmið mitt í þessu máli.

Ég fagna framkomu þessarar till. og því, að eining hefur náðst um málið í allshn., og er þó ekki fyrir það að synja, að öllum þeim, sem haft hafa afskipti af húsnæðismálum hér undanfarna áratugi, hefur verið ljós nauðsyn þess, að til móts við sveitarfélögin yrði gengið í sambandi við fjárútveganir eða lán til byggingar leiguhúsnæðis. Þetta hefur öllum, sem minnstu kynni hafa haft af þessum málum, verið ljóst um áratugaskeið, en það hefur þótt lykta dálítið af því, að verið væri kannske að blekkja einstaklinga og sveitarfélög að tala um lán til þessara framkvæmda á sama tíma sem Húsnæðismálastofnunin hefur ekki til hlítar getað gegnt þeim störfum, sem henni er lögboðið að gera samkv. gildandi lögum. Það er því alveg augljóst, að með þeirri endurskoðun, sem till. þessi gerir ráð fyrir, er nauðsyn á, að þeirri stofnun, sem lána á í þessu skyni, verði veittir nýir tekjustofnar, eins og n. reyndar undirstrikar með brtt. sinni.

Það er alveg augljóst, að mikil þörf er á, að þessi vandi sé leystur, en ég hygg, að það sé rangt, þó að það kunni að geta falizt innan þess lagaramma, sem Byggðasjóði er settur í Framkvæmdastofnun ríkisins, að hann hafi með framkvæmd slíkra ákvæða að gera, sem ályktunin gerir ráð fyrir, að gerð verði, þ. e. að lánað sé út í nýjum lánaflokki til leiguhúsnæðis. Það hefur verið einróma álit allra stjórnmálaflokka hér á undanförnum áratugum, að opinber afskipti af húsnæðismálum bæri að setja að sem mestu undir einn hatt, og lagasetning undanfarins tímabils hefur bent í þá átt, að einróma vilji væri fyrir því á þingi, að svo yrði gert. Hlutverk Byggðasjóðs í þessu tilfelli yrði því að mínu viti það eitt að aðstoða við fjárútvegunina til þessara hluta, en sjálf framkvæmdin yrði eðlilega á vegum þeirrar stofnunar, sem í dag eru falin öll opinber afskipti af húsnæðismálum.

Í sambandi við þá könnun, sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir, að fram fari, þá vil ég geta þess, að mér er kunnugt um það, að Húsnæðismálastofnunin er einmitt að fara af stað með aðra könnun, sem vel gæti verið samferða þessari, könnun á því, hve mikið heilsuspillandi húsnæði er fyrir hendi í landinu í dag í kaupstöðum og kauptúnum, m. a. til þess að gera sér ljósan þann vanda, sem felst í því að endurbyggja það húsnæði og koma því í heilsusamlegt horf að mati viðkomandi heilbrigðisyfirvalda. Ég hygg, að slík könnun sem hér um ræðir gæti vel átt heima með hinni athuguninni á heilsuspillandi húsnæði og að sveitarfélögunum yrði gert að leggja fram skýrslu sína þar að lútandi um þörfina í báðum þessum tilfellum.

En ástæðan til þess, að ég stóð upp, er fyrst og fremst sú, að ég vil undirstrika það, að óeðlilegt væri að fara með þessa framkvæmd út fyrir starfssvið Húsnæðismálastofnunarinnar, sem samkv. lögum er ætlað að hafa öll opinber afskipti af húsnæðismálum og þeirri lánastarfsemi, sem þar fer fram. Væri farið að velja einhverja aðra stofnun til þess að hafa á hendi þá fyrirgreiðslu, sem af þessari þáltill. kynni að leiða, væri það í andstöðu við þann hugsunarhátt, sem á Alþ. hefur ríkt um þessi mál á undanförnum áratugum.

Og svo í öðru lagi. Það væri a. m. k. ekki í sparnaðarátt að setja upp nýtt „apparat" í húsnæðismálum eða nýja stofnun, sem væri að sinna mjög hliðstæðum verkefnum þeim, sem Húsnæðismálastofnuninni er í dag falið samkv. gildandi lögum að gera.

Ég vil að lokum undirstrika það, að þó að í bylgjum hafi gengið og misjafnlega vel hafi miðað í áttina að uppfylla þær skyldur, sem Húsnæðismálastofnunin hefur á hendi í dag, þá hefur aldrei tekizt svo, að hægt væri að hreinsa þar öll borð og eyða upp öllum biðröðum, sem þar hafa verið eftir þeim lánum, sem Húsnæðismálastofnuninni er skylt í dag að annast, og þess vegna er grundvallarnauðsyn á því, að um leið og gengið er til móts við þær óskir, sem í þál. felast, kæmu þar til nýir tekjustofnar til að annast það verkefni. Það mun sjálfsagt vera þörf á nýjum tekjustofnum til Húsnæðismálastofnunarinnar til að sinna þeim skyldum, sem hún hefur á herðum í dag, hvað þá ef henni yrði falið þetta nýja verkefni, sem fyrir fram er vitað, að er mjög stórt og hlýtur að krefjast mikilla fjármuna, eigi að sinna því að einhverju leyti, sem áreiðanlega er til ætlazt með flutningi þessarar tillögu.

Ég ítreka það svo, að ég fagna því mjög, að till. er komin fram, en ég tel af fyrri kynnum mínum af þessum málum, að nauðsynlegt sé að gera sér jafnframt ljóst, að vandinn er hér eftir sem hingað til sá fyrst og fremst að útvega fjármagn til þessara hluta.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Fyrst og fremst vil ég þakka hv. þingnefnd ágæta afgreiðslu þessa máls og góðar undirtektir. Ég get lýst mig fyllilega sammála þeirri brtt., sem n. flytur. Það var aldrei hugmynd okkar flm., að dregið yrði með þessu úr því fjármagni, sem veitt er til annarra íbúðarbygginga í landinu.

Ég get tekið undir það, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að vissulega er það stefna okkar allra, að sem flestir eignist eigið húsnæði. En mér sýnist þó ekki með þessari till. í nokkurn máta frá því horfið, því að staðreyndin er sú, að leiguhúsnæði í mörgum af hinum smærri stöðum úti um land getur einmitt orðið mjög mikilvægur áfangi á þeirri braut. Við þekkjum það allir, sem þekkjum til þessara staða, að þar eru oft miklar sveiflur í atvinnulífi og töluverðar sveiflur í flutningi fólks til staðanna, og mjög oft hefur það verið einn erfiðasti þrándurinn í götu, þegar atvinnulíf hefur verið á uppleið, að ekki hefur verið tiltækt húsnæði þar fyrir ýmsa, sem þangað hafa viljað flytja, en treysta sér af eðlilegum ástæðum ekki til þess að ganga þegar í eigin íbúðarhúsabyggingu. Þessi till. er fyrst og fremst

hugsuð til þess að brúa þetta bil, og þannig, eins og ég sagði, sýnist mér, að hún gæti orðið mjög mikilvægur áfangi einmitt í þeirri stefnu okkar Íslendinga, að sem flestir eigi sitt eigið húsnæði.

Ég get tekið undir það, að vitanlega á þetta við um allar sveitir og staði þessa lands, eins og fram kemur í till., en líklega er það þó svo, að í sjávarþorpunum, þar sem atvinnulíf er meira með þeim hætti, sem ég lýsti, kreppir skórinn nokkuð meira að.

Ég vil út af því, sem hér hefur komið fram um Byggðasjóð, segja örfá orð. Ég er einnig sammála því, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að vitanlega er það fyrst og fremst verkefni húsnæðismálastjórnar að beina fjármagni í byggingu íbúðarhúsa hér á landi. En það er þó staðreynd, að það er meginverkefni Byggðasjóðs að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og ég fyrir mitt leyti vil ekki varpa frá mér þeirri hugmynd, að vel geti komið til greina, að Byggðasjóður veiti eitthvert fjármagn til þeirra byggðarlaga, sem verst eru á vegi stödd að þessu leyti og þurfa sérstaka aðstoð umfram það, sem húsnæðismálastjórn og löggjöfin gerir ráð fyrir.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega undirstrika það, sem kom fram hér áðan hjá hv. 1. þm. Vesturl. Þar talar maður, sem hefur mjög ríka reynslu á þessu sviði, og lýsti því, hvernig ástatt getur verið á smærri stöðum, þar sem vilji er jafnvel til að nota sér gildandi húsnæðismálalöggjöf, en fjárhagsgeta hins vegar ekki nægileg, því að lögin gera ekki ráð fyrir þeirri aðstoð, sem þyrfti að fást.

Ég get nefnt sem dæmi lítinn stað, þar sem kyrrstaða hefur verið lengi, Hólmavík. Þar hefur lítið verið byggt árum saman og atvinnulíf verið mjög erfitt. Nú er það heldur skárra. Rækjan hefur verið góð, og aflinn virðist vera að glæðast. Nú bregður svo við, að þangað vilja flytja nokkrir menn og taka þar upp sína atvinnu og búsetu. Tíu manns hafa lýst þeim vilja sínum að eignast verkamannabústaði. Sótt hefur verið um aðstoð húsnæðismálastjórnar til þess að byggja helzt átta bústaði, en lögin eru þannig úr garði gerð, að framlag úr verkamannabústaðasjóði getur ekki orðið meira en það, sem gert er ráð fyrir, að komi á móti heima fyrir, og það er bundið, eins og allir hv. þm. vita, við ákveðna krónutölu fyrir hvern íbúa. Þessi litli staður getur því ekki, þó að hann jafnvel vildi, lagt meira fjármagn af eigin fé til þessara framkvæmda en lögin gera ráð fyrir. Hins vegar er það lífsspursmál fyrir þennan stað, þegar loksins kemur þarna nokkur vaxtarneisti, að fá aðstoð til þess að þessi neisti fái nú að vaxa og staðurinn fái að njóta þess vaxtar, sem honum e. t. v. býðst nú að þessu leyti.

Ég gæti vel hugsað mér, að Byggðasjóður hlypi undir bagga í slíku tilfelli, og sýnist mér, að það sé vissulega atriði, sem þyrfti að kanna.

Ég ætla ekki að hafa þetta fleiri orð, en aðeins endurtaka þakklæti mitt og flm. till. hv. n., og sömuleiðis vil ég þakka þeim, sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir við þetta mál.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér er til umr. till. um einn vanda húsnæðismálanna í landinu og þó nokkuð sérstakan vanda, því að með till. er ekki ætlunin að bæta almennt úr húsnæðisskorti með byggingu leiguhúsnæðis, heldur í sérstökum tilvikum, að mér skilst, í einstökum bæjum og kauptúnum, sem eru í vexti og þurfa á aðkomuvinnuafli að halda hluta úr ári og þá undir mjög breytilegum kringumstæðum og aðstæðum. Ef það er rétt að leggja þennan skilning í till., þá hygg ég, að það verði ýmsum vandkvæðum háð að framkvæma hana.

2. liður till., um það að láta fara fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði til þess að leysa þennan vanda, finnst mér vera alveg sjálfsagt efnisatriði og í raun og veru byrjunin á þessu máli, könnunin á þörf fyrir leiguhúsnæði í þessu skyni. Og það er vafalaust, að Húsnæðismálastofnunin er fús til að láta þá könnun fara fram þegar í stað. Síðan að líta á þá niðurstöðu, sem sú könnun skilaði, og þá í næsta skrefi að taka afstöðu til þess, hvort hægt væri með útvegun aukins fjármagns að leysa úr því, sem segir í upphafi till. Síðan kæmi svo til lagasetningar í þessu skyni.

Ég vil í sambandi við þetta mál undirstrika það, sem kom fyrst fram hér hjá hv. 1. þm. Sunnl., að meginstefnan, held ég, að hljóti og eigi að vera sú að greiða með fjármagnsútvegun fyrir því, að einstaklingar geti eignazt sitt húsnæði og átt sitt húsnæði sjálfir. Og þá út frá því þarf vitanlega ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir vegna þess fólks, sem ákveðið er í að búsetja sig í einum eða öðrum bæ eða kauptúni úti á landi. En það er hreyfanlega vinnuaflið, sem hér er verið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að geta fengið á staðina, þar sem álagið er mest, eða ég skil till. þannig. Það er ekkert meiri þörf á því að veita mönnum betri kjör til að byggja yfir sig vestur í Ólafsvík en í Hafnarfirði eða í Njarðvíkum eða hvar sem er annars staðar á landinu fyrir það fólk, sem er ákveðið í að eiga þar búsetu og eiga þar sitt hús, enda varla framkvæmanlegt. En mér er kunnugt um, og þannig hefur till. verið túlkuð, að í vaxandi kauptúnum, sem þurfa á aðfluttu vinnuafli að halda, sé ekkert húsnæði tiltækt, og þetta er vissulega rétt.

Fyrir nokkrum árum síðan, nokkuð löngu síðan, var ákveðið í hafnalögum um það að reyna að mæta þessari þörf, og þá var það heimilað í hafnalögum, að verbúðir til íbúðarhúsnæðis fyrir aðkomufólk í útgerðarstöðum mætti byggja á vegum hafnanna og þær nytu til þess sérstakra styrkja. En mér er nú tjáð, að það sé búið að fella þetta ákvæði niður sökum misnotkunar, sem á þessu hafi orðið. Ég er ákaflega hræddur um það, að ef hægt verður að útvega fjármagn, sem vafalaust ætti að verða hægt, í því skyni að hjálpa sveitarfélögum til þess að byggja slíkt húsnæði og útvegað væri 90% lán til þess og að öðru leyti hagstæð lánakjör, þá væri það anzi freistandi fyrir mörg sveitarfélög að byggja slíkt húsnæði. En hvernig væri varið notkun þess? Jú, sjálfsagt fyrstu vertíð eftir að húsnæðið væri byggt, þá væri til þess gripið og það leysti úr þörf. En næstu vertíð væri kannske ekki þörf fyrir þetta aðkomuvinnuafl, og þetta sérstaka húsnæði, sem svona hefði verið byggt með sérlega hagstæðum kjörum fyrir sveitarfélögin, stæði þá autt og ónotað. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef þá væri þörf fyrir húsnæði í þessu sveitarfélagi, þá yrði þetta húsnæði gripið til annarra nota, og næst, þegar þyrfti að fá aðkomuvinnuafl í þetta kauptún eða þennan bæ, þá væri aftur skortur á húsnæði handa því. Ég er afar hræddur um, að sveitarfélögin mundu ekki

árum eða vertíðum saman standa með þetta húsnæði, sem þau hefðu fengið svona ríflegar fjárveitingar til þess að koma upp, stæðu ekki með það árum saman ónotað, heldur tækju það til almennra nota. Og þá er spurningin, hvort þetta gæfi ekki tilefni til sams konar misnotkunar eins og ákvæðið, sem var í hafnalögunum fyrr og þótti leiða til slíks.

Við skulum hugsa okkur t. d., að þegar þrýstingur var mestur í síldarvinnslukaupstöðunum norðanlands, þá hefði verið rokið í að byggja svona húsnæði. Það hefði vafalaust leyst úr þörf í bili, en þó að ekki hefði verið heimilt að nota það fyrir aðra en aðkomufólkið, hefði það samt ekki verið gripið til að leysa almenn húsnæðisvandamál þess kaupstaðar og þá með forréttindum fram yfir aðra? Eða á Austfjörðum nú fyrir nokkrum árum? Það þarf ekki að bregða upp fleiri myndum til þess að beina athyglinni að því, að breytileiki okkar atvinnulífs og hvernig þungi hans færist til frá einni verstöð til annarrar, frá einu ári til annars og frá einum landshluta til annars gerir það að verkum, að það að veita sérstök fríðindi til þess að leysa úr húsnæðisvandanum, sem við þetta skapast, er talsverðum vandkvæðum bundið.

Þá er spurningin, hvort Húsnæðismálastofnunin eða Byggingarsjóður ríkisins sé fær um að veita sérstaka aðstoð í þessu skyni. Því miður er það ekki svo, og það kom hér fram í umr. áðan, að svo mundi ekki vera. Ég get gefið þær upplýsingar, að á síðasta ári, árinu 1971, vantaði nokkuð á annað hundrað millj. kr. til þess, að húsnæðismálastjórnin gæti afgreitt allar þær umsóknir, sem rétt áttu á lánaafgreiðslu fram til 1. nóv. Það vantaði nokkuð á annað hundrað millj. kr. til þess, að slíkt væri hægt, og það fé var útvegað með bráðabirgðaráðstöfunum. Nú liggur fyrir yfirlit frá Húsnæðismálastofnuninni um árið 1972, og er niðurstaðan sú, að til þess að fullnægja skyldum Byggingarsjóðs ríkisins gagnvart byggjendum á árinu 1972 með líku sniði og áður, þ. e. að afgreiða lögmætar umsóknir fram til 1. nóv., skulum við segja, þá muni vanta 520 millj. kr., sem þarf að útvega sem nýtt fjármagn til stofnunarinnar, sem annars hefur sem fastar tekjur 900—1000 millj. kr. sem eigið ráðstöfunarfé. En það hrekkur ekki til, og þarf þarna um að bæta um allt að því þriðjung.

Það er því alveg hárrétt, sem fram hefur komið, að húsnæðislánakerfið verður ekki, nema með útvegun mikils fjármagns, fært um það að inna sínar skyldur af hendi, hvað þá heldur að taka á sig nýja fyrirgreiðslu, sem leggi því auknar fjárhagsbyrðar á herðar.

Ég sé vandkvæði á að taka vissa og einstaka staði út úr, ef það á að vera til þess að leysa hina almennu húsnæðisþörf, því að þá er gert upp á milli manna eftir því, hvar þeir eru á landinu, en sé sú hugsunin að hafa til húsnæði í vaxandi útgerðarstöðum, sem þurfi mjög breytilegt aðkomuvinnuafl, og hafa húsnæði til handa því, þá held ég, að þar verði anzi mörg ljón á vegi og jafnvel full hætta á því, að ef sérstaklega hagstæð lánakjör væru veitt til þess að leysa þann vanda, þá yrði það fljótlega notfært á annan hátt en tilgangurinn upphaflega var og þá væri sem sé komin úrlausn í húsnæðismálum vissra staða, sem væri í algeru ósamræmi við það, sem húsnæðismálakerfið gæti almennt veitt öðrum, og veit ég ekki, hvort Alþ. teldi slíkt fært.

Ég tel sjálfsagt, að 2. liður þessarar till. verði framkvæmdur tafarlaust og fram fari könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um land allt og síðan verði sú niðurstaða metin og vitanlega reynt að bæta úr þessari þörf, sem þarna er fyrir hendi með einhverjum þeim hætti, að þörfin leysist, en komið sé í veg fyrir misnotkun. Ég hefði haldið, að það væri raunar eðlilegra að taka upp aftur ákvæði í hafnalögin um, að heimilt væri að greiða fyrir sérstöku húsnæði fyrir aðkomufólk í vaxandi verstöðvum til þess að tryggja möguleika fyrir aðfengnu vinnuafli og búa betur um, að ekki ætti sér misnotkun stað vegna þessara sérréttinda, sem slíkum vaxandi stöðum væri með þessu veitt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að mér finnst ástæða til þess að ræða þetta ofurlítið meira og skýra, hvað vakir fyrir okkur flm. og hvað að baki þessari till. býr.

Við höfum rekið okkur á það á undanförnum áratugum, að svo að segja í hvert skipti, sem unnt hefur verið að hleypa nýju fjöri í atvinnulíf einstakra byggðarlaga úti um land, hefur vöxtur þeirra stöðvazt á því, að í þessum byggðarlögum er ekkert leiguhúsnæði að fá. Aftur á móti er ævinlega hægt að fá leiguhúsnæði hér við Faxaflóa, a. m. k. hér í Reykjavík. Þetta er alveg hiklaust ein stærsta ástæðan fyrir því, hversu erfiðlega gengur að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Og það þarf ekki að ímynda sér, að hægt sé að valda nokkrum straumhvörfum í því efni, öðruvísi en menn eigi kost á því að fá leiguhúsnæði í þessum smærri byggðarlögum úti á landi, þar sem atvinna er nóg og fólksskortur er.

Ég vil, að hver einasti hv. þm. spyrji sjálfan sig að því og svari því með sjálfum sér eða í heyranda hljóði, ef honum sýnist: Hefur hann trú á því, að það byggðarlag geti vaxið eðlilega, ég sagði eðlilega, þar sem óhugsandi er að fá nokkra kompu af íbúðarhúsnæði leigða? Er það hugsanlegt? Er það hugsanlegt, að slík byggðarlög geti dregið til sín vinnuafl á móts við önnur, þar sem ævinlega er hægt að fá leiguhúsnæði með atvinnunni?

Þetta er ekki verbúðamál, það er alger misskilningur. Okkur eru ekki neinar verbúðir í huga eða fólk, sem ætlar sér að vinna hluta úr ári. Þetta er algerlega óskylt því. Þetta er eingöngu spursmálið um, hvort það á að búa þessi byggðarlög þannig, að þau njóti sín, að þau geti fengið til sín það fólk, sem vill eiga þar heima. Ef það á að vera áfram þannig, að enginn geti setzt að í sjávarþorpi annar en sá, sem er tilbúinn að byggja yfir sig strax, geta menn afskrifað allt tal um aukið jafnvægi í byggð landsins, algerlega.

Hér í Reykjavík byggja margir einstaklingar, og ég er manna mestur talsmaður þess, að einstaklingar eigi sitt eigið húsnæði, og hef alla tíð verið. En ég trúi því ekki, að menn sjái ekki staðreyndir af þessu tagi, ef það er bent á þær. Ég trúi því ekki, að menn sjái það ekki, að þarna er vandamál, sem þarf að leysa, og ekkert verbúðamál eða neitt slíkt. Hér er aðeins um það að tefla, að þessi byggðarlög færist í það horf, að þau séu samkeppnisfær. Hér í Reykjavík er byggt einstaklingshúsnæði mjög mikið. Hér er allur meginþorri þeirra manna, sem fá húsnæðislán og lífeyrissjóðslán til viðbótar. Þar að auki er Reykjavíkurborg svo öflug, að hún byggir leiguhúsnæði í stórum stíl. Hún byggir fjöldann allan af smáíbúðum, sem hún leigir út. En hvað er byggt af hliðstæðu húsnæði í þessum byggðarlögum úti

á landi, sem við höfum viljað láta vaxa eðlilega og áttu að hafa skilyrði til jafns við höfuðborgina í þessu máli? Það er ekki byggð ein einasta leiguíbúð í þeim flestum af þeirri einföldu ástæðu, að þessi sveitarfélög hafa hreinlega ekkert bolmagn til þess. Þó að þau vildu fara að eins og Reykjavík og byggja leiguíbúðir og létta þannig á, þá hafa þau ekkert bolmagn til þess. Frá mínu sjónarmiði séð er hér um eitt allra stærsta atriði í byggðaþróunarmálum að ræða, eins og hv. flm. og frsm. og fleiri ræðumenn hafa bent á. Það er sem sagt spursmálið um, hvort það á að reyna að koma þessu þannig fyrir, að menn geti valið á milli staða svona nokkurn veginn eins og þeim fellur bezt. Komist í það horf, að ef ung hjón ætla að setjast að á einhverjum stað, þá geti þau fengið leiguhúsnæði, þangað til þau eru búin að prófa, hvort þeim líkar að vera í því plássi og hvort þau hafa bolmagn til þess að byggja yfir sig, þegar fram líða stundir. Annars vegar er byggðarlag, sem svona stendur á um, hins vegar byggðarlag, þar sem er kannske alveg jafnmikil atvinna og þau vilja alveg eins vera í, en þau komast hvergi inn, af því að þar er ekkert leiguhúsnæði að fá. Þau hafa ekki bolmagn til þess að byggja strax. Það ætti ekki að þurfa að halda langa ræðu til þess, að menn skildu, að þarna er vandamál, sem verður að horfast í augu við og verður að reyna að finna lausn á.

Lausnin á þessu er líklega aðeins ein hugsanleg, og hún er sú að styðja þau sveitarfélög, sem þarna eiga hlut að máli, styðja þau með sérstökum framlögum umfram það, sem íbúðalánakerfið hefur yfir að ráða, til þess að koma upp leiguhúsnæði. Ég er mikill stuðningsmaður þess, að menn búi í eigin húsnæði og álít það þjóðhagslega mjög þýðingarmikið, eins og hér var bent á áðan, og því finnst mér, að það ætti að leysa þennan vanda með því, að menn gætu fengið litlar, en góðar íbúðir, sem henta vel fyrir menn til þess að byrja í þeim, en sem menn samt sem áður sækjast eftir að fara úr, þegar fram líða stundir, börnum fjölgar og fjölskyldan stækkar, og menn noti þetta eins og þrep eða stökkpall. Geti verið í þeim á meðan menn eru að finna, hvort þeim líkar að vera á þessum stað. Vilja menn festa sig til frambúðar? Hafa menn ráð á því að ráðast í eigin íbúðarbyggingu, sem maður vonar, að yrði og þörfin mundi knýja á, ef þarna væru litlar, en góðar íbúðir. Þessar íbúðir mættu sveitarfélögin ekki selja. Þau yrðu að eiga þær áfram til þess að geta svo tekið næstu umsækjendur inn jafnóðum og þær losnuðu.

Ef menn fella sig ekki við þessa lausn, þá verða menn að benda á einhverja aðra lausn á þessum vanda, því að vill nokkur neita því, að hér er um stórfellt vandamál að ræða? Það þýðir ekkert að segja það við okkur, sem áratugum saman höfum starfað fyrir þau byggðarlög, sem hér eiga hlut að máli, að svo sé ekki. Við vitum, að hér er um gífurlegt vandamál að ræða. Við vitum, að það er svo stórfellt, að byggðarlögin taka aldrei eðlilegum vexti nema hægt sé að hjálpa til að leysa þetta að einhverju verulegu leyti. Þetta er náttúrlega líka það stórt mál, að það þýðir ekki að vera að tala um, að þetta sé eitthvað, sem menn eigi að sinna, þegar búið er að sinna öllu öðru og eitthvert afgangsfé sé til til þess að láta í þetta. Sá hugsunarháttur er þannig, að menn þurfa alvarlega að endurskoða hann. Hér er nefnilega um það alvarlegt mál að ræða, að það er spurning, hvort það þarf ekki að skipa þessum framkvæmdum í einhvers konar forgangsflokk ásamt öðru, sem menn vilja gera til þess að stuðla að eðlilegri byggð í landinu.

Nú erum við að stækka landhelgina. Við vitum það, að landhelgina verðum við að nýta með því að auka sjávarútveginn, efla hann, og þá verður að hafa skipakostinn víðs vegar um landið á ströndinni, í mörgum byggðarlögum. Og eins og hér var bent á áðan, þá er nú þegar verið að gera undirbúning að því að stækka frystihús og kaupa skip og báta til þess að nýta landhelgina. Okkur ber beint skylda til þess að nýta hana, þegar við höfum fengið hana til afnota, og þá verðum við, eins og raunar kom hér fram áðan, að horfast í augu við, að einhvers staðar verður fólkið að búa, sem á að starfa að þessu, og það verður varanlegur skortur á fólki í þessum byggðarlögum, ef ekki verða fundnar leiðir til þess að leysa þennan þátt íbúðamálsins.

Ég er ekki að tala um að klípa neitt af öðrum lánum í íbúðalánakerfinu. Ég býst við, að það veiti ekki af öllu því, sem í því kerfi er af peningum. Ég tel, að það verði að brjótast í því að útvega aukafé, sem varið væri í þessu skyni til þess að efla sveitarfélögin á þessa lund, þau, sem standa það höllum fæti, að þau geta ekki lagt í íbúðabyggingar eins og t. d. Reykjavík getur gert.

Það er ráðgert, að á vegum Byggðasjóðs eigi að gera áætlanir um uppbyggingu einstakra byggðarlaga, og það þarf enginn að halda, að íbúðabyggingar verði ekki að koma inn í slíkar áætlanir. Þetta er sem sé partur af því máli. Þá er spurningin: Er hægt að treysta því, að þær íbúðir komi fyrir einstaklingsframtak einvörðungu? Það er ekki hugsanlegt. Það verður að koma þarna til eitthvert framtak sveitarfélaganna, ég vil segja, eitthvað hliðstætt því, sem núna á sér stað í Reykjavík og hefur lengi átt sér stað, þar sem borgin hefur tekið þátt í lausn íbúðamálsins. Ég þekki ekki skýrslur um, í hversu stórum stíl það hefur verið, en ég veit, að það er æði mikið og hefur munað vel um það.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins segja þessi örfáu orð til þess að taka þarna í spottann með mínum félögum, sem hafa verið að benda á, að þarna er um mikið vandamál að ræða, sem þarf að leysa sérstaklega. Ég held, að það væri ekkert athugavert við það, þó að stjórn Byggðasjóðs yrði höfð með í ráðum um það, hvernig svona fjármagni yrði varið og þá með tilliti til þess, hvernig ástatt er með vinnuafl og atvinnulíf í einstökum byggðarlögum.

Ég vil mjög eindregið skora á hæstv. ríkisstj. að taka þetta mál föstum tökum í sambandi við byggðamálin og uppbyggingu atvinnulífsins, en ég vil enn einu sinni segja, að þetta, sem ég er að segja hér, á ekkert skylt við það, að ég hafi yfirgefið þá stefnu, að bezt sé, að menn eigi eigið húsnæði, en þetta verður áreiðanlega að koma með inn í dæmið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er nú búið að flytja margar og ágætar ræður um þessa till., sem hér liggur fyrir til umr., og er í sjálfu sér ekki mjög miklu þar við að bæta. En þó vildi ég nú leyfa mér að gera örfáar aths.

Ég tek mjög undir það, sem fram hefur komið í ræðum flestra þeirra, sem talað hafa hér, að þeir hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni, að hver og einn eigi að

eiga sitt íbúðarhúsnæði sjálfur, og það er mjög ánægjuleg stefnuyfirlýsing fulltrúa flestra stjórnmálaflokka á Alþingi Íslendinga að líta þannig á málin, og það má því segja, að á síðustu árum hafi orðið mjög ánægjuleg breyting í þessa átt.

Út af því, sem hv. frsm. þessarar till. sagði og jafnframt að nokkru leyti hv. 1. þm. Austf., að hér væri jafnvel um að ræða verkefni Framkvæmdastofnunar ríkisins eða nánar tiltekið, eins og síðasti ræðumaður sagði, verkefni Byggðasjóðs, þá er það að vísu rétt, að það hafa verið verkefni þeirra stofnana, sem áður fóru með þessi mál, t. d. Framkvæmdasjóðs, að útvega heildarlán til stærri framkvæmda og áætlunargerða í hinum ýmsu málaflokkum, og þar af leiðandi hygg ég, að Framkvæmdasjóður ætti auðvitað í framtíðinni að útvega húsnæðismálakerfinu fjármagn til þess að standa undir eðlilegri uppbyggingu þess og þá jafnframt að taka tillit til breytinga á því sviði. Hins vegar er það mín skoðun, eins og fram kom hjá hv. 1. landsk. þm., að í húsnæðismálum ætti að vera ein stofnun, sem hefði með þau að gera, og ég fyrir mitt leyti tel enga ástæðu til þess að snúa frá því, og ég vil segja hv. frsm. þessarar till. það sem mína skoðun, að ég álít verkefni Framkvæmdastofnunar ríkisins þegar vera orðin svo mörg, að það sé illa á bætandi næsta aldarfjórðung að benda á fleiri verkefni.

Hæstv. félmrh. ræddi hér skynsamlega um þessi mál, og hann benti auðvitað á það, sem er rétt, að ef hið opinbera fer skefjalaust út í að styrkja íbúðabyggingar, þá geti auðvitað svo farið, ef það hleypur mikill þróttur í atvinnulíf í eitt eða tvö ár, að menn grípi til þess að byggja margar íbúðir, sem fólkið hverfur svo aftur frá. Þessi áætlanagerð verður auðvitað að byggjast með öðrum hætti. Hún verður að byggjast fyrst og fremst á því, hvar sé líklegt, að vinnuaflið sé, hvar sé líklegt, að þurfi að bæta við húsnæði. Og það er hverju orði sannara og réttara, sem hv. 1. þm. Austf. sagði; það verður engin fjölgun á neinum stað, ef hvergi er til leiguhúsnæði. Menn flytja ekki til nýrra staða með tjald með sér og byrja að byggja. Menn þurfa auðvitað fyrst og fremst að fá á leigu húsnæði, vita, hvort þeir kunna við sig á þessum stað, hvort þeir festa þar rætur, og þá síðar meir hefja þeir byggingu, ef þeir kunna við sig á þessum stöðum.

Mér finnst þessi till., sem hér liggur fyrir og stefnir alveg í rétta átt, samt engan veginn ganga nógu langt, því að í 2. lið hennar segir, að leggja skuli fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess sé þörf. Mér finnst, að hér sé um veigamikinn misskilning að ræða hjá hv. flm. þessarar till., og sömuleiðis þeirri hv. n., sem fjallað hefur um till. og mælir með samþykkt hennar, því að mjög víða eru sveitarfélögin það fámenn, að þau geta ekki staðið undir neinum verulegum framlögum til byggingar slíks leiguhúsnæðis. Og í mörgum tilfellum er það jafnvel enn sterkara, að atvinnulífið á viðkomandi stöðum sé aðili að slíkum byggingum, og ég veit um það, veit þess mörg dæmi, að það mun ekkert standa á því að ná samstarfi á milli hreppsfélags og stærstu atvinnufyrirtækjanna á stöðum um að byggja leiguhúsnæði, þar sem mikill skortur er á leiguhúsnæði. Hins vegar má segja það, að okkar húsnæðismálalöggjöf var auðvitað í fyrstunni sett af vanefnum. Það var skortur á fjármagni eins og fyrri daginn, og hún var byggð upp á því að byggja eingöngu nýjar íbúðir og lána eingöngu eitt lán út á hverja íbúð. Aðilum, sem vildu byggja á stöðum, þar sem skortur var á leiguhúsnæði, var fyrirmunað að fá slík lán, og úr því þarf að bæta. Það hefur hv. 1. þm. Austf. tekið mjög myndarlega undir og bent með rökum á, sem ég þarf ekki að endurtaka hér, og sömuleiðis hæstv. félmrh. Hann hefur gert það líka. Það, sem fyrst og fremst þarf að gera í breytingu á húsnæðismálalöggjöfinni, er að heimila félögum á stöðum, þar sem skortur er á leiguhúsnæði, þar sem leiguhúsnæði finnst ekki, félögum, sem stofnuð eru í samvinnu og sameign við sveitarfélögin, að byggja leiguhúsnæði, en ekki sveitarfélögunum einum. Sveitarfélögin ein á sumum þessum stöðum, þar sem er mikið fámenni, þar sem þau standa í mjög kostnaðarsömum framkvæmdum, geta ekki staðið ein undir þessu. Hinu skulum við gera okkur grein fyrir, sem ég er sammála hæstv. félmrh. um, að þegar við gerum breytingu í þessa átt, þá verðum við auðvitað að reyna að greiða skynsamlega fyrir framkvæmdum á þessu sviði, en ekki það óhóflega, að allir fari af stað í það sama, þannig að jafnvel verði eftir eitt eða tvö ár auðar íbúðir á stöðum, þar sem áður var mikil þörf fyrir íbúðir. Þess vegna þurfa auðvitað að vera ábyrgir aðilar heima fyrir á þessum stöðum, bæði hreppsfélögin sjálf og helztu atvinnufyrirtækin, en það á engan veginn að láta standa á forsjá og fyrirgreiðslu ríkisvaldsins í þessum efnum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Húsnæðismál eru að sjálfsögðu jafnan stórmál og ekki sízt hér í þessu landi. Hvað fjármögnun húsnæðismála varðar, þá má segja, að um fjóra meginþætti sé að ræða. Það er í fyrsta lagi eigið húsnæði, í öðru lagi leiguhúsnæði, þá útrýming heilsuspillandi húsnæðis og viðhald húsnæðis. Það er gleðilegt að heyra, að hér hafa nálega allir, sem talað hafa, lagt mikla áherzlu á stuðning við byggingu eigin húsnæðis. Hins vegar langaði mig til að vekja athygli á því, að varðandi leiguhúsnæði hefur í mörg ár verið heimild fyrir Húsnæðismálastofnunina til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum út á byggingu leiguhúsnæðis. Fyrrv. ríkisstj. var það atriði ljóst, sem mikið hefur verið rætt um hér, að nauðsynlegt væri að geta byggt leiguhúsnæði úti um landið, þar sem atvinna væri fyrir hendi, en skortur á húsnæði. Og þess vegna voru þau ákvæði sett inn í lögin, að heimilt skyldi að lána bæjar- og sveitarfélögum og reyndar Öryrkjabandalagi Íslands einnig lán, veita þeim lán til byggingar á leiguhúsnæði. Og þessi lán mega nema að mig minnir allt að 75% af kostnaðarverði íbúðanna. En húsnæðismálastjórn hefur hins vegar skilið þetta þannig, að hún lánaði aldrei nema hámarkslán til einstaklinga. Þetta hefur verið notfært af ýmsum aðilum, en þó hefur mér á undanförnum árum fundizt það mjög einkennilegt, hve fá sveitarfélög hafa notfært sér þessa merku heimild. Að vísu má segja, að eftir sé að útvega lán til hluta af andvirðinu, en ekki verður annað sagt en þarna sé um mjög stórvægilega aðstoð að ræða, og einmitt þetta atriði, sem hv. 2. þm. Vestf. stakk upp á nú áðan, að bæjarfélögin og sveitarfélögin byggðu leiguíbúðir í samvinnu við atvinnufyrirtæki þar, það ætti að geta

leyst hluta af þeim vanda, sem eftir er, eftir að húsnæðismálastjórnarlán hefur fengizt. Þetta fannst mér svo mikið atriði, að mér fannst ástæða til þess að vekja athygli á þessu hér.

Enn fremur vil ég benda á það, að einmitt úti um landið tel ég, að sé mikill grundvöllur til að kanna bæði útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og einnig þörfina fyrir endurbætur hjá efnaminna fólki, til þess að það geti búið í sæmilegum íbúðum. Einmitt með það í huga lagði ég fram brtt. við húsnæðismálastjórnarlögin nú snemma á þinginu. Sú till. liggur í n. enn þá, en hún gerir ráð fyrir heimild til þess að lána út á endurbót lélegra íbúða í eigu efnalítils fólks, og þetta tel ég vera mjög mikið mál, vegna þess að það mundi einnig draga úr þörfinni fyrir nýbyggingar.

Ég held, að ef tekjustofnum sveitarfélaga verður haldið í sæmilegu horfi, þá mundi vera full ástæða til að ætla, að með góðum vilja, þar sem þörfin er mikil, væri nú hægt að gera verulegt átak í því að byggja upp leiguíbúðir á þeim stöðum, sem eiga fyrirsjáanlega mikla framtíð sem góðir atvinnustaðir.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði. Ég verð nú að segja það eins og er, að ég er ekki alveg sáttur við hæstv. félmrh. í sambandi við túlkun hans á þessu máli. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að sá skilningur, sem þar kom fram, sé of þröngur að því er varðar það, að byggja þurfi leiguhúsnæði fyrir fólk, sem kemur á vertíð eða í einhverju sérstöku atvinnutilfelli hverju sinni. Ég legg þann skilning í þetta mál í heild, einmitt þann skilning, sem ég þóttist greina í framsöguræðu flm., að hér sé átt við það að gera mögulegt að fjölga íbúum þeirra byggðarlaga, sem hafa hvað mesta atvinnuuppbyggingu, en vantar fólk. Þessi skýring var undirstrikuð þannig, og við vitum það, að það er fjöldi fólks í þessu landi, sem vill gjarnan fara þangað sem atvinna er mikil, en treystir sér ekki til þess að leggja strax í fjárfestingu í sambandi við íbúðarhúsabyggingu eða kaup á húsum, meðan það er að átta sig á því, hvernig aðstaða er á staðnum. Og ég vil enn fremur benda á það, að í hverju byggðarlagi, ekki sízt úti um landið, er fjöldi fólks, sem hefur aldrei efni á því að eignast eigið húsnæði miðað við byggingu á nýjum húsum. Og því skyldi ekki vera rétt að stuðla að því, að viðkomandi sveitarfélög geti stutt þetta fólk? Við höfum hér ákvæði í húsnæðislöggjöfinni í sambandi við heilsuspillandi húsnæði. Það er ágætt ákvæði, en hins vegar eru velflest sveitarfélög þannig sett, þau smærri, að þau geta tæplega notað sér þetta ákvæði að neinu gagni.

Í sambandi við það, sem síðasti ræðumaður sagði hér áðan um heimild Húsnæðismálastofnunar til að lána til byggingar leiguhúsnæðis, sem mun vera í 8. gr. laganna, tel ég, að það sé augljóst mál, að það ákvæði fullnægi ekki því, sem þessi litlu sveitarfélög geta staðið undir. Ég hef kannað það lítillega, og það er alveg óruggt mál, að eins og það er túlkað í löggjöfinni, þá nær það ekki þeim tilgangi, sem að er stefnt.

Ég vil segja ykkur hér lítið dæmi til stuðnings þessu máli. Það er t. d. 1000 manna kauptún, sem þarf að fá kennara. Ég veit um nýtt dæmi, þar sem viðkomandi staður þurfti að taka á móti þrennum ungum hjónum til þess að annast kennslu við skólann. Sveitarfélagið átti ekkert húsnæði til þess að láta þetta fólk í, og þetta fólk hafði heldur enga möguleika til þess að kaupa húsnæði, þó að það hefði verið til, vegna þess að þetta fólk kom beint út úr Kennaraskólanum. Hefði ekki verið eðlilegt, að sveitarfélagið hefði haft yfir að ráða leiguhúsnæði til þess að láta þetta fólk í? Í þessu tilfelli var þetta leyst þannig, að góðir borgarar í byggðarlaginu rýmdu svo sitt eigið húsnæði, að þeir gátu haft þetta fólk inni í sinni eigin íbúð, aðeins þetta eina skipti. Sumt af þessu fólki vildi setjast að á þessum stað, ef það hefði húsnæði, en það hefur það ekki. Þetta er kannske óskýrt fram sett, en þó varðar þetta einn þátt þessa máls. Og þess vegna get ég ekki fellt mig við það, að félmrh. skuli segja hér, að þetta sé minna vandamál heldur en blasir við okkur, sem þurfum daglega að glíma við þetta.

Ég vil taka undir það með honum, að ég álít, að það hafi verið slys, þegar hafnalögunum var breytt 1958, að heimildin um þátttöku ríkisins í byggingu verbúða skyldi vera strikuð út. Verbúðabyggingar voru vissulega nauðsynlegar og eru enn til að styrkja útgerðina á þessum stöðum. Og ég kannast ekki við það, að þau fáu sveitarfélög í landinu, sem nutu ríkisstyrks til þess að byggja verbúðir, hafi misnotað þessi hús. Ég kann sögu úr mínu nágrenni, þar sem hluti af þessu húsnæði er notað að sumri til, þegar útgerð er minni í viðkomandi sveitarfélagi, þannig að ekki þarf að nota það fyrir aðkomusjómenn, þá er það notað til þess að taka á móti ferðafólki, veita nauðsynlega þjónustu í sambandi við gesti og gangandi, þar sem ekki er hótel. Það er ekki misnotkun.

Ég kann ekki við, að það sé talað í þessu máli þannig, að verið sé að gera upp á milli manna í landinu, ef þetta mál er leyst á þann veg, sem hér hefur komið fram. Ég held einmitt þvert á móti, að það þjóni þeim tilgangi að styrkja stöðu landsins í heild, atvinnulega og fjárhagslega séð, ef hægt er að styrkja þá staði úti um landið, sem eru ein styrkasta stoðin í framleiðslu þessarar þjóðar. Þangað vill fólkið fara, en eins og ástandið er víða, er ekki hægt að taka á móti því, bæði hvað varðar framleiðsluþáttinn og eins þjónustuþættina ekki síður. Þess vegna legg ég áherzlu á það enn á ný, að ég tel mjög brýnt, og ég treysti hæstv. ráðh. til þess að stuðla að því, að þau byggðarlög, sem þannig stendur á hjá, fái viðhlítandi lausn til þess að setja þetta mál í það horf, sem nauðsyn ber til.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var sérstaklega hv. 1. þm. Austf., sem taldi, að það væri alrangur skilningur á þessari till., sem ég hefði lýst hér, að till. væri ætlað að bæta úr þeim sérstaka húsnæðisskorti, sem væri í þeim kauptúnum, sem byggðu á útgerð og vantaði vinnuafl einhverja hluta árs. En ég held því enn fram, að ég hafi fulla ástæðu til þess að ætla, að þetta hafi vakað fyrir tillögumönnum. Í upphafi tillgr. segir, að hún sé flutt til þess að bæta úr þeim alvarlega skorti á leiguhúsnæði, sem ríkjandi sé í flestum þorpum og kaupstöðum landsins. Nú og þá hverjum? Það kemur raunar fram í grg.: „Þar sem atvinnulífið byggist fyrst og fremst á útgerð og fiskiðnaði.“ Og væntanlega þarf ekki að veita sérstakar lagaheimildir til þess að hjálpa fólki sérstaklega til að byggja fyrir sig í þeim kauptúnum og þorpum og bæjum, þar sem atvinnulífið er að staðaldri blómlegast. Hvaða vit væri í því? Nei,

það, sem fyrir tillögumönnunum vakir, er að hlaupa undir bagga með úrbætur á húsnæðisskorti, þegar sérstaklega þarf að fá inn í plássin aukið vinnuafl í viðbót við það, sem fyrir er, eða menn segja bara allt annað í grg. till. en þeir meina, og það skýrir sízt mál á Alþingi. (**EystJ**: Það er hvergi talað um verbúðir.) Verbúðabyggingar hafa verið, Eysteinn Jónsson, byggðar til þess að tryggja aðkomufólki forsvaranlegt húsnæði, og veit ég fleiri en eitt dæmi þess, og það var gert, meðan heimildin var í hafnalögunum.

Í grg. segir enn fremur, að engin ákvæði séu í lögum, sem heimili það ríflegar lánveitingar til sveitarfélaga, að þeim sé yfirleitt gert kleift að byggja og eiga leiguhúsnæði. Það fer ekki á milli mála, að þarna er verið að fara fram á sérstakar, auknar fjárveitingar eða hagkvæmari lán fyrir þessa staði. Vafalaust ekki þá, sem eru að jafnaði með blómlegt atvinnulíf, heldur hina, sem fá blóma í sitt atvinnulíf með köflum. Þetta held ég, að skýri það fyllilega, að fyrir tillögumönnunum vakti það að bæta úr þessum húsnæðisskorti, tímabundna húsnæðisskorti á ýmsum stöðum.

Öll framsöguræða hv. frsm. n. var líka um þessa breytilegu þörf, sem þyrfti að bæta úr, og þar þyrfti að koma til aukið fjármagn. Hann komst að þeirri réttu niðurstöðu, að húsnæðislánakerfið hefði ekki nægilegt fjármagn til þess að sinna þessu viðbótarhlutverki sérstaklega. Sama var að heyra á ræðu hv. þm. Alexanders Stefánssonar. Hann var að tala um þessa sérstöku þörf í Ólafsvík. Í seinni ræðu sinni sagði hann: Hér er um að ræða staði, sem hafa mikla atvinnuuppbyggingu og þörf fyrir fólk, þ. e. sérstaka þörf fyrir fólk.

Í grg. till. segir líka, að hér sé um að ræða að bæta fyrir því fólki, sem hefur í huga að flytjast til viðkomandi staða. Meina menn nokkuð með þessu í grg.? Það er ekki fólkið á stöðunum. Það er fólk, sem hefur í huga að flytjast til ákveðinna staða, sem á að hjálpa með sérstaklega hagkvæmum lánum, sem sveitarstjórnirnar taki. Ég get ekki álitið, að það sé nokkur grundvöllur fyrir menn að halda því fram, að hér sé ekki um þessa sérstöku þörf að ræða. Mönnum kann að finnast óheppilegt að kalla þetta verbúðir, af því að verbúðir í gömlum skilningi voru tæplega forsvaranlegir mannabústaðir. En till. er um það að fá lagaákvæði um sérstaka aðstoð til þess að greiða fyrir húsnæðisþörf þessa fólks, sem hefur í huga að festa byggð á aðkomustöðum, þar sem atvinnulíf er blómlegt í augnablikinu, en það er ekki búið að ákveða sig.

Svo segja menn hér: Jú, við erum alveg inni á því, að húsnæði eigi fyrst og fremst að vera í einkaeign, sem er ríkjandi stefna. Svo skulum við athuga það, ef við tökum upp þá stefnu að bæta úr húsnæðisskorti í kauptúnum og kaupstöðum landsins með því að gera sveitarfélögunum auðvelt að koma upp leiguhúsnæði með hagkvæmari lánakjörum, t. d. 90% lánum, eins og einhver sagði hér áðan. Svo kemur fjölskylda í þessa íbúð, sem sveitarfélagið byggði, flytur á staðinn, fær þarna húsnæði með vildarkjörum. Ætli sá, sem fær þessa hagkvæmu húsaleigu, fari fljótt úr þessari íbúð? Ætli hann fari að brjótast í að byggja sjálfur? Nei, hann situr í þessu húsnæði, og þar með búið. Það leysir ekki úr meiri þörf. Það er þarna gert val á milli stefnunnar eigið húsnæði og leiguhúsnæði. Og ef þessi löggjöf leiðir til þess, að menn fá betur leyst sín húsnæðismál með mjög hátt styrktum leiguíbúðum, þá verður farið inn á þá braut auðvitað. Ég get ekki ímyndað mér, að jafnglöggur fjármálamaður og hv. 1. þm. Vestf. óefað er, ef hann ætti kost á húsnæði, sem sveitarfélagið byggði með 90% lánum og hagkvæmum lánakjörum að öðru leyti, hann færi að baksa í því að byggja sér eigið íbúðarhús. Hann léti það vera. Og það mundu fleiri hafa þann snefil af fjármálamennsku, að þeir gerðu það ekki.

En hvað vantar þá í gildandi löggjöf, til þess að menn geti fengið þá aðstöðu, að þeir geti sjálfir byggt, þar sem blómlegt atvinnulíf er og fólk er að hugsa um að flytjast til staðarins? Jú, það hefur verið imprað á því, að það sé nú eitthvað um þetta í gildandi löggjöf. Og ég sé nú ekki betur en að í gildandi húsnæðismálalöggjöf sé meginefni þeirrar þáltill., sem hér er til umr., og hefur verið lítið notað. Með leyfi hæstv. forseta, er greinin í húsnæðismálalöggjöfinni svona:

„Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum og á öðrum skipulagsbundnum stöðum, [meira að segja úti í sveitum]. Heimilt er að veita slíkt lán, meðan á byggingartímanum stendur, sbr. 2. mgr. Ráðh. setur að fengnum tilmælum húsnæðismálastjórnar með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir."

Þetta er í lögunum. Hvað vantar á þetta? Ég spyr hv. flm. till., hvað vantar á það, að till. þeirra sé fullnægt, ef sveitarfélögin vilja notfæra sér þessa lagalegu heimild? Þá þarf enga sérstaka lagasetningu um þetta, en það væri gott að heyra frá þeim, hvaða viðbót þyrfti við þessa grein húsnæðismálalaganna, til þess að þeim tilgangi væri náð, sem fyrir þeim vakir. Og ég vænti þess, að þeir verði svo elskulegir að láta það í ljós, svo að hægt verði að taka tillit til þess við endurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar, sem, eins og sagt hefur verið hér, stendur fyrir dyrum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er eflaust rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði áðan, að það ætti ekki að þurfa að ræða þetta mál mikið hér á þingi, svo augljóst ætti það að vera. En því miður virðist það nú ekki vera svo, og raunar má segja, að hv. Alþ. hafi varið tíma sínum til ýmissa mála, sem eru ekki eins mikilvæg og þetta. Það hygg ég, að okkur öllum geti borið saman um.

Ég verð að taka undir það, sem kom fram hér áðan hjá einum hv. ræðumanni, að sérstaklega eru það okkur vonbrigði, hve neikvæðar undirtektir þessi till. fær hjá hæstv. félmrh., og ég vil nú biðja hæstv. félmrh. um að leyfa mér að túlka mín eigin orð í þessu sambandi, í sambandi við hreyfanlegt vinnuafl eða verstöðvar. Ég hef út af fyrir sig aldrei lagzt gegn því, að slíkt leiguhúsnæði gæti orðið að einhverju liði í því sambandi. En ég hef ávallt og hvað eftir annað í mínum ræðum um þetta mál lagt áherzlu á það, að við værum fyrst og fremst að hugsa um að koma sveitarfélögunum yfir þann þröskuld, sem verður gjarnan á þeirra vegi, þegar þau vaxa.

Það er þannig á Hólmavík nú, eins og ég nefndi áðan, að þar er vaxandi atvinnulíf, þar er ekki verbúðaástand. Þar vilja koma inn hvorki meira né minna en 10 fjölskyldur. Þær hafa ekkert húsnæði í að fara. Það er þessi þröskuldur, sem ávallt verður í vegi slíkra sveitarfélaga,

og ég er sannfærður um það, að hæstv. ráðh., ef hann skoðar sína löngu reynslu og þekkingu af vestfirzkum þorpum, mun finna fjölmörg dæmi hins sama þar víðast eða alls staðar.

Hann las raunar upp úr grg. það, sem hefði átt að fyrirbyggja allan misskilning, þar sem segir: „Hins vegar er eðlilegt, að ungu fólki hrjósi hugur við að þurfa strax að hefja byggingu eigin húsnæðis, ekki sízt því, sem hefur í huga að flytjast til viðkomandi staðar.“ Ég held, að hver einasti maður, sem skilur mælt íslenzkt mál, hljóti að skilja „að flytjast til viðkomandi staðar“ svo, að þar sé um meira en aðeins verbúðaflutning að ræða. Þar er um búsetuflutning að ræða, vitanlega. Sú staðreynd, að lögð er áherzla á það að flytjast til viðkomandi staðar, tekur að mínu viti af allar efasemdir, ef svo er, að ég í framsöguræðum mínum hafi ekki verið nógu ljós í þessu máli.

Ég vona, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta. Við höfum tveir flm. þessarar till. lagt ríka áherzlu á þetta atriði, og vona ég, að þingheimi sé þetta að öllu leyti ljóst nú.

Ég vil sérstaklega minnast á það, sem hæstv. ráðh. nefndi sérstaklega hagstæð kjör. Það er alveg rétt, að í till. er lögð áherzla á, að sveitarfélögum þurfi að lána slíkt fjármagn, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf. Og þetta má vitanlega túlka svo, að hér sé um sérstaklega hagstæð kjör að ræða. En ef við erum að tala um jafnvægi í byggð landsins, er það þá einhver goðgá að ætla að veita þeim, sem sérstaklega þurfa á aðstoð að halda, sérstaklega hagstæð kjör? Ef ekki má veita þeim byggðarlögum víða um landið, sem þurfa sérstaklega á slíkri aðstoð að halda, sérstaklega hagstæð kjör, þá er hér um tómt mál að tala. Það er kjarni málsins. Það eru ýmis byggðarlög, sem þurfa á sérstaklega hagstæðum kjörum að halda. Fyrir þessu skulum við gera okkur glögga grein. Ef það má ekki, þá getum við lagt niður allt okkar tal um jafnvægi í byggð landsins. Ég álít það því alls enga goðgá, að um sérstaklega hagstæð kjör til byggingar leiguhúsnæðis geti verið að ræða fyrir þau sveitarfélög, sem þurfa á þessu að halda vegna sinnar þróunar og uppbyggingar og vegna jafnvægis í byggð landsins.

Ég vil biðja hæstv. félmrh. að láta mig um að dæma, hvort ég mundi byggja mitt eigið húsnæði eða búa í leiguhúsnæði, og um fjármálavit mitt. Við þekkjum allir hans búsýslu og hans fjármálavit, og held ég, að við ættum ekki að vera að taka það inn í þessar umr.

Hér hefur verið drepið á ýmislegt annað, sem e. t. v. er von. Það hefur verið rætt mikið um Framkvæmdastofnun ríkisins og Byggðasjóð. Ég veit ekki, hvort rétt er að blanda þeim málum um of inn í þessar umr. Við flm. höfum vakið athygli á Atvinnuleysistryggingasjóði. Að sjálfsögðu kemur ýmislegt annað þarna til greina, og ég held satt að segja, að við hv. 2. þm. Vestf. hlytum að leysa vandamál Framkvæmdastofnunar á skemmri tíma en einum aldarfjórðungi, jafnvel þótt þetta bætist við. En hitt er alveg rétt, að þangað er vísað ótrúlega mörgum málefnum. Hennar verkefni á hins vegar fyrst og fremst að vera að gera áætlanir um framkvæmdir í landinu, meiri og ítarlegri en áður hefur verið gert, og ég sé enga goðgá í því, þótt þetta stóra og margþætta mál, sem tengist e. t. v. öllum öðrum áætlunum um byggðajafnvægi í landinu, sé þar tekið með í reikninginn. Það er ekkert sagt um það hér, hver eigi að gera þessa úttekt. En ég treysti mér fyllilega til þess að lofa því, að áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar gæti auðveldlega tekið það að sér.

Það er rétt, að í till. leggjum við til, að sveitarfélögum sé lánað þetta fjármagn til byggingar leiguhúsnæðis, og þó að víða geti háttað þannig til, að atvinnurekendur væru eðlilegir aðilar til að leysa slíkt mál, og þeir hafa sums staðar gert það, þá sýnist mér a. m. k. eðlilegra, þegar um svo sérstök lán er að ræða, að sveitarfélögin séu þar lánsaðili. Raunar hygg ég, að í flestum tilfellum sé það heppilegra, að opinber aðili, t. d. sveitarfélagið, hafi umráðarétt yfir því eina leiguhúsnæði, sem e. t. v. er fáanlegt. Ummæli hv. 2. þm. Vestf. um þetta efni hafa því alls ekki breytt minni afstöðu að því leyti.

Það hefur einnig verið rætt um fjölmarga aðra þætti húsnæðismála. Í tillögunni er aðeins um einn þátt að ræða. Það er rætt mikið um verkamannabústaði. Við höfum ekki hreyft því máli í þessari till., því að við treystum því fyllilega, að í ágætum höndum hæstv. félmrh. og þeirri endurskoðun, sem nú fer fram, verði gerð mjög róttæk breyting á lögum um verkamannabústaði, breyting, sem geri hinum minni sveitarfélögum kleift að færa sér í nyt þá löggjöf. En eins og hér hefur verið rakið sérstaklega af hv. 1. þm. Vesturl., er víða svo um búið, að þau beinlínis geta ekki notað sér ákvæði þeirra laga.

Það er annað og stórt mál og ljóst, að þar verður einnig að koma til mikið fjármagn og jafnvel einhver sérstök aðstoð, og ég legg áherzlu á sérstaka aðstoð fyrir þau byggðarlög, sem höllustum fæti standa að þessu leyti.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að í 8. gr. laganna er heimild fyrir húsnæðismálastjórn til þess að veita lán til byggingar leiguhúsnæðis o. s. frv., eins og hæstv. ráðh. las, en sú spurning vaknar þá, hvar reglugerðin sé um þessa framkvæmd. Það segir í greininni, að þetta skuli ákveðið nánar með reglugerð. Og hvar er fjármagnið, sem hefur verið veitt til framkvæmda samkv. þessari gr. laganna? Þetta eru spurningar, sem ég held, að hljóti að vakna.

Ég held, að sú till., sem hér er lögð fram, spilli á engan veg framkvæmd þessa ákvæðis þessarar greinar, ef vilji væri þar fyrir hendi. Við leggjum sérstaka áherzlu á, að í þeirri endurskoðun, sem nú fer fram, verði þetta mál tekið með, og mér þykir satt að segja furðulegt, ef einhver hefur við það nokkuð að athuga. Ég er einnig sannfærður um það, að eftir þá athugun, sem lögð er til í fyrsta þætti till., mun koma í ljós, að við höfum lög að mæla, og ég er sannfærður um það, að allir hv. þm. verða þá sammála um nauðsyn þess að veita sérstakt fjármagn til byggingar leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga.

Halldór S. Magnússon: Herra forseti. Það hafa orðið hér allmiklar umr. um þetta mál, sem sýna kannske glögglega, hversu þýðingarmikið mál þetta er fyrir hina ýmsu staði úti um landið. Menn hafa að vísu deilt um túlkun á þessari þáltill., og ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur, en ég er fullviss um það, að víða er svo, að þörf er á því, að byggt verði leiguhúsnæði, einkum og sér í lagi fyrir ungt fólk, sem er að hefja búskap og getur

ekki strax á fyrstu búskaparárunum komið upp yfir sig húsnæði sjálft. Það er alveg nauðsynlegt að tryggja það, að fólk almennt í landinu geti búið þar sem það vill búa.

En það var ekki fyrst og fremst um þetta, sem ég vildi ræða, heldur vildi ég aðeins drepa á húsnæðisvandræði, sem stafa ekki af húsnæðisskorti í viðkomandi byggðarlögum, heldur af öðrum ástæðum. Og það var nú kannske fyrst og fremst út af ræðu hv. 1. þm. Austf., hæstv. forseta, þar sem hann sagði, að það væri einungis hér á Reykjavíkursvæðinu, sem nægilegt framboð væri á leiguhúsnæði. Mig langar í því sambandi að minnast sérstaklega á það, að á Suðurnesjum, einkum og sér í lagi Keflavík og Njarðvíkum, er geysimikill húsnæðisskortur, og þau húsnæðisvandræði, sem þar eru, stafa ekki af því, að það sé of lítið húsnæði í þeim bæjum, ekki ef það húsnæði væri einungis nýtt af Íslendingum. Það stafar af því, að fjöldi íbúða á þessum stöðum er leigður mönnum í varnarliðinu, sem dvelur á Keflavíkurflugvelli, og sú leiga skapar það aftur hins vegar, að ungt fólk, sem vill hefja búskap í þessum sveitarfélögum, fær ekki húsnæði til þess að setjast að í. Menn kunna að segja, að auðvitað geti fólk keppt við varnarliðsmennina um að leigja húsnæðið, en ef menn heyrðu þær tölur, sem þessir varnarliðsmenn greiða fyrir húsnæði, þá er ég sannfærður um, að allir mundu sannfærast um það, að ungt fólk, sem er að hefja búskap á Íslandi, getur ekki keppt við þá um húsnæði.

Í tilefni af þessu vil ég segja frá því hér, að væntanleg er í þinginu næstu daga þáltill. í sambandi við þetta mál, þar sem lagt verður til, að ríkisstj. verði falið að gera könnun á því, hversu mikil brögð séu að því, að varnarliðsmenn leigi húsnæði á þessum stöðum, og ef svo reynist vera, sem mér býður í grun, að þar sé um verulegt magn húsnæðis að ræða, þá verði gerðar ráðstafanir til þess að setja hömlur við þeirri leigu. Ég vil leyfa mér að vona það, að ríkisstj. taki þetta mál föstum tökum, og beini því einkum og sér í lagi til utanrrh., og ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en vildi aðeins benda á, að það eru til húsnæðisvandræði hér á Íslandi, sem stafa ekki af því, að húsnæðisskortur sé á viðkomandi stöðum, heldur öðrum ástæðum.

Umr. frestað.

Á 43., 44., 48., 50., 51., 54. og 57. fundi í Sþ., 29. febr., 2., 14., 17. og 23. marz, 6. og 18. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er nú nokkuð langt um liðið, síðan ég kvaddi mér hljóðs, það eru nokkrar vikur, ég held ég megi kannske segja margar vikur síðan. Ég man það ekki glöggt, og ég man nú ekki allt, sem ég mundi vilja hafa sagt, ef mér hefði gefizt tækifæri til að taka til máls fyrir svona löngum tíma. En mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þessa till. á þskj. 107.

Þessi till. er í tveim liðum. Fyrri liðurinn er á þá leið, að látin verði fara fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um land allt. Ég verð að lýsa nokkurri undrun minni á því, að það skuli vera borin fram till. um slíkt sem þetta af fimm stuðningsmönnum ríkisstj. og hæstv. félmrh., því að hér er um svo sjálfsagðan hlut að ræða, að maður hefði mátt ætla, að ekki þyrfti til þess að koma. Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er svo kveðið á í 3. gr., að þetta er eitt af þeim verkefnum, sem húsnæðismálastjórn á stöðugt að vaka yfir og vinna að. Og það mætti spyrja, hvernig stendur á því, að það þarf að koma með slíkt og þvílíkt sem þetta í þál.? Er það vegna þess, að hæstv. félmrh. sé andvígur því, að þetta sé gert? Ég þykist vita, að flm. till. hafi aðgang að félmrh., og þá get ég skilið þetta einungis, ef þeir hafa fundið, að þeir yrðu að ýta við ráðh. með þessum hætti.

Seinni liður till. er um, að lagt sé fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf. Það verður enginn mikils vísari, þó að hann lesi þessa grein. Það er algerlega óljóst, við hvað hv. flm. eiga. Og mig furðar ekkert á því, að hæstv. félmrh. spurði að því og lagði áherzlu á það, ég held ítrekað, í þeim umr., sem áður hafa farið fram um þessa till., hvað flm. ætlist fyrir. Hvað er það, sem þeir vilja, sem ekki er í núgildandi lögum? En það segir í 3. mgr. a-liðar 8. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins:

„Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt lán til byggingar leiguhúsnæðis í kauptúnum og kaupstöðum og öðrum skipulagsbundnum stöðum."

Hér er almennt ákvæði um lán til leiguhúsnæðis. En þetta ákvæði á sér nokkra sögu. Þegar lög um húsnæðismálastjórn voru sett 1955, voru engin ákvæði um það, að leyfilegt væri að veita lán til byggingar leiguhúsnæðis. Það var ekki hægt, og það var svo í mörg ár, að engin lán voru veitt til þess að byggja leiguíbúðir. En menn sáu, að þetta var ekki gott ástand og það þurfti að breyta til. Og fyrir nokkrum árum var gerð sú breyting á þessari löggjöf, að það var ákveðið, að þar væri heimilað að veita sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis. Þetta var framför frá því, sem áður var, en menn sáu og fundu, að það var ekki nóg að gert. Einu til tveim árum síðar var þessu ákvæði breytt enn á ný, og þá var tekið inn í lögin, að einnig væri heimilt að veita lán til leiguíbúða vegna elliheimila. En þrátt fyrir þetta var ekki um almennt ákvæði að ræða. En þegar lögin voru endurskoðuð árið 1970, þá fyrst var skrefið stigið til fulls og sett almennt ákvæði, sem heimilar veitingu íbúðarlána til byggingar leiguhúsnæðis hvaða aðila sem er. Það eru engin takmörk á því. Þetta er það ákvæði, sem nú er í 8. gr. laganna.

Þetta ákvæði hefur komið í góðar þarfir, en það var helzt að skilja svo á hv. 1. flm. þessarar þáltill., að honum væri alls kostar ókunnugt um það. Hann spurði m. a.: Hvar er reglugerðin um þessi lán? Reglugerðin var þegar gerð og liggur fyrir, og ef hv. þm. er í vandræðum með að útvega sér þessa reglugerð, get ég þegar í stað afhent honum hana. Þetta ákvæði er ekkert málamyndaákvæði. Þetta er ákvæði, sem hefur verið notað. En hvers vegna er ég að rekja þessa sögu hér? Það er vegna þess, að þáltill. táknar spor aftur á bak, því að samkv. þáltill. er gert ráð fyrir, að þær ráðstafanir, sem á að gera, hverjar svo sem þær verða nú, skuli bundnar einungis við sveitarfélögin. Þetta er spor aftur á bak. Það er ákaflega þýðingarmikið, að þetta skref sé

ekki stigið. Það er ekki aðalatriðið, hvaða aðilar það eru, sem byggja leiguíbúðirnar. Aðalatriðið er að sjálfsögðu að fá leiguíbúðirnar byggðar. Og það er ekki víst, að sveitarfélögin í litlum byggðarlögum hafi sérstakan áhuga á því að leggja í þann fjárfestingarkostnað, sem hlýtur að fylgja því að byggja leiguíbúðir, ef sveitarfélögin geta komizt hjá því og það eru kannske aðrir aðilar, sem hafa áhuga og vilja að leggja í þennan kostnað.

Það getur því beinlínis verið bjarnargreiði við hin litlu sveitarfélög úti á landi að takmarka möguleika annarra aðila en sveitarfélaganna sjálfra til þess að byggja leiguíbúðir, en ætlast til þess, að sveitarfélögin geri það. Og ég spyr: Hvaða ástæða er til þess að veita ekki kaupfélagi eða hraðfrystihúsi sömu fyrirgreiðslu til þess að byggja leiguíbúðir eins og sveitarfélagi, þegar þannig stendur á, að það eru brýnir hagsmunir kaupfélagsins eða frystihússins að byggja leiguíbúðir til þess að skapa möguleika á því að fá vinnuafl til fyrirtækjanna, til þess að þau geti starfað með eðlilegum hætti? Auðvitað er engin ástæða til þess að gera þetta. Og hvað sem líður þessari þáltill., þá er það svo, að mér finnst ekki koma til greina að samþykkja hana óbreytta. Ég hef því leyft mér ásamt hv. 1. landsk. þm. að bera fram brtt. á þskj. 644 á þá leið, að þál. eigi ekki einungis við sveitarfélög, heldur og aðra þá aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir. Þegar búið er að samþykkja þessa brtt., þá mundi till. þeirra fimmmenninganna vera í miklu skynsamlegra formi en hún er núna.

Ég var að tala áðan um það, að sveitarfélögunum gæti komið eins vel, að einhverjir aðrir byggðu leiguíbúðir en þau sjálf. Það er ekki að ófyrirsynju, sem ég segi þetta, því að það eru vissar skyldur lagðar á sveitarfélögin í húsnæðismálunum. Og það hefur komið í ljós, að sveitarfélögin eiga fullt í fangi, þó að maður segi nú ekki meira, með að gegna því hlutverki. Samkv. lögum eiga sveitarfélögin að leggja fram fjármuni til jafns við ríkið til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Nokkurt átak er það fyrir smá sveitarfélög. Samkv. lögum eiga sveitarfélög að leggja fram fjármagn til jafns við ríkið til Byggingarsjóðs verkamanna. Þetta er ærið verkefni. Og það hefur komið fram í þessum umr., að sveitarfélögin ættu í miklum erfiðleikum við þetta.

Það hefur ýmislegt fleira verið rætt um verkamannabústaðina. Það hefur verið rætt um þá breytingu, sem varð á skipulagi verkamannabústaðakerfisins við setningu laganna frá 1970. Og það hefur verið talað um, að sveitarfélögum hefðu ekki verið gefnar nægilega frjálsar hendur til þess að gegna hlutverki sínu samkv. þessum lögum. Hér í umr. nefndi einn ræðumaður, Alexander Stefánsson, að þetta væri til trafala fyrir sveitarfélögin. Hans sveitarfélag gæti ekki byggt á fjórum árum nema sex verkamannabústaði. Þessi hv. þm. hafði ekki gert sér grein fyrir því, að einmitt á þessu þingi hafði ákvæði, sem takmarkaði aðgerðir sveitarfélaganna í þessum efnum, verið rýmkað, þannig að eftir breytinguna gæti Ólafsvík, sem um var að ræða, byggt 18 íbúðir eða nálægt því, en ekki sex íbúðir. Ég mundi ætla, að það væru lítil takmörk fyrir því, hvað sveitarfélögin geta gert í þessu efni, ef þau hafa fjármagn. Ég segi lítil takmörk, þegar höfð eru í huga þau takmörk, sem liggja til grundvallar verkamannabústaðakerfinu. En hvaða takmörk eru það? Það eru takmörk, sem alltaf hafa fylgt því frá því 1931, að stofnað var til þessa byggingarkerfis, að það er miðað við þá, sem lægstar tekjur hafa í þjóðfélaginu. Og það hefur á undanförnum árum, þegar þessum málum hefur verið hreyft til endurskoðunar á löggjöfinni, verið talað um, að það ætti að miðast við að svara þörfum 10—15% þjóðarinnar eða 10—15% húsbyggjenda. Miðað við þetta er ekkert í löggjöfinni, sem hindrar, að þetta sé hægt að gera. Og þegar menn eru að tala um, að það þurfi að gera stóra hluti til þess að efla verkamannabústaðakerfið, þá verða menn að hafa í huga, hvort þeir ætla að halda því á sama grundvelli og það hefur verið frá upphafi, til þess að aðstoða þá þegna þjóðfélagsins, sem verst eru settir, eða hvort þeir hugsi sér það sem almennt útlánakerfi.

En það eru ein takmörk, sem sveitarfélögin hafa við að glíma. Og það er þeirra eiginn fjárhagur, þeirra eigin tekjumöguleikar. Í umr. í hv. Ed. um frv. um tekjustofna sveitarfélaga lagði ég áherzlu á það, að ekki væri nægilega vel búið að sveitarfélögunum, og nefndi ýmis verkefni, sem þyrfti að hafa í huga og ekki mætti skerða hjá sveitarfélögunum, m. a. verkamannabústaði. Þessu var mótmælt þá af hæstv. félmrh. og öðrum málsvörum hæstv. ríkisstj. En í umr. í hv. Nd. fyrir nokkrum dögum, þá lýsir sami ráðh., hæstv. félmrh., því yfir, að hann óttist það, að sveitarfélögin hafi ekki bolmagn til þess að gegna skyldum sínum samkv. lögum um verkamannabústaði. Það er virðingarvert, að hæstv. ráðh. skuli viðurkenna þetta. En hvers vegna sá hann þetta ekki, áður en lögin voru sett? Hvers vegna neitar hann þessu í hv. Ed., þegar frv. til þessara laga er til umr., en viðurkennir það í Nd., þegar lögin hafa verið sett?

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. En ég kemst ekki hjá því að víkja að atriði, sem mjög kom inn í umr. um þessa þáltill. Það var jafnvægi í byggð landsins. Það mætti segja, að umr. um þetta mál hafi að nokkru leyti verið snúið upp í herferð fyrir jafnvægi í byggð landsins. Um það er ekkert nema gott að segja, og það er meira en það, því að það er eitt af hinum veigamestu atriðum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, að gerðar séu aðgerðir til þess að auðvelda byggingu leiguhúsnæðis. Það voru ýmsir hv. þm., sem lýstu þessari skoðun, og kannske enginn ákveðnar en hæstv. forseti. Ég tek undir allt þetta tal. En í þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, er ekki að finna mikið um þetta atriði. Í þáltill. er ekkert um þetta atriði, og í framsöguræðu með þessari till. sagði 1. flm. ekkert um þetta atriði. Og í annarri ræðu sinni um málið talaði hann eins og hér væri ekki stefnt að því með þessum aðgerðum að efla jafnvægi í byggð landsins. En í lokaræðu sinni var hann kominn inn á það, að það væri hægt að finna þennan tilgang í tillögunni.

Inn í þessar umr. kemur svo hæstv. félmrh. Hann er ekki á þeirri skoðun, að það skipti ýkjamiklu máli að auðvelda byggingu leiguíbúða. Hann vildi snúa þessu upp í tal um það að byggja verbúðir. Ég held, að bygging verbúða, eins og raunar hefur áður verið bent á í þessum umr., sé allt annað mál en að byggja leiguíbúðir. Og það er furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli ekki gera sér grein fyrir þessu.

En það, sem er enn þá furðulegra, er það, að það kom fram hjá honum, að það ætti ekki að mismuna neinum byggðarlögum í þessu efni, það ætti ekki að gera neitt á

einum stað fram yfir það, sem gert er annars staðar. Það ættu að gilda sömu reglur, því að ef það væri ekki, þá sagðist hann sjá ljón hvarvetna á veginum. Hér er um mjög athyglisverða yfirlýsingu að ræða af hæstv. félmrh. Hvað er hæstv. félmrh. að segja með þessu? Hann er að segja það, að það sé ekki hægt að beita neinum aðgerðum í húsnæðismálunum til jafnvægis í byggð landsins. Það er ekki hægt að gera meira fyrir þau byggðarlög, sem höllum fæti standa og þarf að styðja og efla, ef byggðin á ekki e. t. v. gersamlega að líða þar undir lok. Það er ekki hægt að gera þar meira. Það er ekki hægt að gera þar betur en þar sem ástandið er bezt í landinu og þarf engar ráðstafanir að gera til jafnvægis í byggð landsins. Þetta leyfði þessi hæstv. ráðh. sér að segja, á sama tíma sem hann er yfirmaður og framkvæmir skipulag, þar sem beitt er mismunandi aðgerðum eftir því hvar er í landinu, en ekki til hags þeim byggðarlögum, sem verst eru sett, heldur til hags því byggðarlagi, sem bezt er sett. Það er stórkostlegur munur, hvað gert er fyrir Reykjavík og næsta nágrenni í þessum efnum og hvað gert er fyrir landsbyggðina. Það, sem ég á hér við, eru Breiðholtsíbúðirnar, Breiðholtsíbúðirnar, sem eru á vegum framkvæmdanefndarinnar, sem sér um byggingaráætlun ríkisins og Reykjavíkur í Breiðholtinu, eru byggingar, sem hvergi annars staðar eiga sér hliðstæðu á landinu. Það eru hvergi hliðstæð kjör við það, sem þar gerist. Það er þannig, að lánin til þessara íbúða nema 80% af byggingarkostnaði og þau eru ekki til 25 ára eins og hin almennu lán. Þau eru til 33 ára, og þau eru afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Og sveitarfélagið hér, Reykjavík, þarf ekki að greiða helming á móti ríkinu í þessu sambandi. Það eru engin skilyrði um það. Þarna er um að ræða beint lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Reykjavík greiðir ekkert. Ég vil taka það fram til skýringar, að það er um 1200 íbúðir að ræða samkvæmt Breiðholtsáætluninni, en af þessum 1200 hefur Reykjavík á sínum vegum 250, en nýtur, hvað þær íbúðir snertir, sömu kjara og aðrir húsbyggjendur hvar sem er á landinu. Það eru 950 íbúðir með þessum sérkjörum. Þetta er gert undir stjórn þessa hæstv. ráðh., sem segir, að það megi ekkert sérstakt gera fyrir þau byggðarlög, sem verst eru sett. (**Félmrh.:** Þetta er allt saman hugarburður, hv. þm. Ég hef aldrei sagt þetta.) Hæstv. ráðh. segist aldrei hafa sagt þetta. Hann skýrir mál sitt hér á eftir. Ég vænti þess að fá tækifæri til þess að svara honum. Það þýðir ekki að kasta svona fullyrðingu fram.

En hver eru svo úrræði hæstv. ráðh., sem hann drap á í þessum málum? Jú, hann var meðmæltur því, að þessi könnun samkvæmt þáltill. færi fram á ástandinu, sem hann hefði auðvitað átt að vera búinn að láta fara fram. Og svo lagði hann til, að það yrði athugað að taka aftur upp í hafnalög ákvæði um að byggja verbúðir. En sjálfur var hann búinn að lýsa því, að slíkt ákvæði hefði verið áður í hafnalögum og hefði algerlega brugðizt eftir hans eigin sögn. Þetta eru hans úrræði í þessum málum nú.

Þetta var þáttur umræðnanna um jafnvægi í byggð landsins. En það var annar þáttur, sem var mjög athyglisverður líka, og það var almennur lofsöngur allra, sem töluðu áður í þessum umræðum, um mikilvægi þess að draga ekki úr byggingu eigin íbúða. Allir, sem töluðu, eða nær allir lögðu sérstaka áherzlu á þetta atriði. Og hæstv. félmrh. hélt því fram, að ef gert væri meira fyrir þá aðila, sem byggðu leiguíbúðir, en hina, sem byggðu eigið húsnæði, þá hlyti það að hafa þær afleiðingar, að það drægi úr byggingu eigin húsnæðis. Undir þetta get ég tekið með hæstv. ráðh.

Hv. 1. flm. till. lagði mikla áherzlu á það, að ekki yrði dregið úr því, að menn gætu byggt eigin íbúðir. En hvað þýðir þetta? Ef menn meina, að það sé ekki dregið úr byggingu eigin húsnæðis, þá eiga þeir að leggja til og vera með því, að báðum sé gert jafnt undir höfði, þeim, sem byggja leiguíbúðir, og þeim, sem byggja eigin íbúðir. Það er eina leiðin. En ef við ætlum að gera verulegt átak í þessum efnum, t. d. að hækka lánin, hafa þau hliðstæð því, sem gildir um Breiðholtsíbúðirnar hér í Reykjavík, að þau nemi 80% af kostnaðarverði, þá er það greinilegt, að hér er um geysilegt átak að ræða, og til þess að vera raunhæfir skulum við ekki láta okkur detta í hug, að það sé hægt að gera það almennt fyrir allt landið. En ef við höldum okkur við þá niðurstöðu, sem ég ætla, að hv. 1. flm. till. aðhyllist, að aðgerðirnar eigi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þá leiðir af því, að þetta á ekki að verða almenn regla, heldur einungis að beita henni, þar sem verst er ástatt úti á landsbyggðinni. Og ef menn vilja gera þetta og ef menn eru trúir hugsjón sinni um eigið húsnæði, þá er aðeins eitt að gera á þessum smástöðum. Það er að veita sömu kjör á þessum stöðum, hvort sem það eru leiguíbúðir eða eigið húsnæði. Og er nokkur goðgá að leggja það til og ætlast til þess, að það verði ekki lakari kjör en gilda hér um Breiðholtsíbúðirnar í Reykjavík? Hvað meina menn þá með jafnvægi í byggð landsins, ef þeir geta ekki verið með slíkum aðgerðum? En hér eru ýmis ljón á veginum, ekki ljónið, sem hæstv. félmrh. sá. Eitt ljónið er andstaða félmrh. við raunhæfar aðgerðir í þessum málum, eins og afstaða hans hefur komið fram í umr. hingað til. En það eru líka ýmsir aðrir erfiðleikar, og hæstv. félmrh. hefur gert grein fyrir þeim, og ég get tekið undir þá erfiðleika.

Hæstv. félmrh. sagði, að það vantaði 500 millj. kr., til þess að hægt væri að fullnægja útlánsþörfum Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári, 500 millj. Ég hefði viljað fá nokkru nánari upplýsingar um þessa tölu. Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðh.: Er innifalin í þessari tölu hækkun á lánum húsnæðismálastjórnar, hinum almennu lánum, sem nú eru 600 þús.? Það var ákveðið 1970, að lánið skyldi vera 600 þús. En í lögunum stendur, að það skuli endurskoðast á tveggja ára fresti, og sá tími er kominn. Ég hefði gaman af að spyrja hæstv. ráðh.: Tók hann tillit til þess í þessum upplýsingum, að það kemur árlega stöðugt minna og minna fé til ráðstöfunar í veðlánakerfinu gegnum skyldusparnaðinn? Þetta er vegna þess, að skyldusparnaðarkerfið leitar smám saman jafnvægis á þá leið, að það kemur jafnmikið inn í kerfið í skyldusparnaði eins og greitt er út úr kerfinu, þegar menn fara af skyldusparnaðaraldri, nema sem nemur fólksfjölgun. Þannig er nú að koma sá tími, að þetta kerfi hefur ekki lengur verulega þýðingu við tekjuöflun til þess að auka útlánsfé. Hins vegar hefur það geysilega þýðingu, af því að það bindur það fé, sem skyldusparnaðinum nemur, í kerfinu, en það eykur það ekki frá ári til árs, svo að verulegu nemi. Ég hefði gaman af að spyrja hæstv. ráðh., hvort reiknað hefði verið með fjármagnsþörf verkamannabústaða-

kerfisins í þessu og hvað það næmi miklu. Og hver er þörfin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði?

Aðalspurningin er: Hverjar eru fyrirætlanir ríkisstj. og hæstv. félmrh. til þess að fá veðlánakerfinu meira fjármagn? Nú hefur það skeð, meðan ég var að bíða eftir orðinu, að ríkisstj. hefur lagt fram frv. til l. um breytingar á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Maður hefði ætlað, að þá væru komin svör við þessu, sem ég var að spyrja um, en svo er nú ekki, eins og hv. þm. vita. Það er ekkert svar við þessari spurningu. Það er ekkert, sem gefur til kynna, hvernig hæstv. ráðh. ætlar að ráða fram úr þeim vanda, sem við er að glíma.

En hæstv. ráðh. hefur uppi tilburði um önnur efni. Hann er allur að hugsa um, hvernig húsnæðismálastjórn á að vera skipuð, og þar er hæstv. ráðh. í essinu sínu, og um það er hægt að tala af reynslu. Hæstv. ráðh. hefur áður komið í ríkisstj., og hann var ekki búinn að vera nema nokkra daga í ríkisstj. 1956, þegar hann hljóp upp til handa og fóta að breyta skipun húsnæðismálastjórnar. Og það lá svo mikið á, að hann þurfti að gefa út brbl. um það. Þegar ráðh. tók við völdum, var fimm manna húsnæðismálastjórn. En hann sagði: Það er of fámenn stjórn, það er svo mikið starf fyrir húsnæðismálastjórn vegna þess líka sérstaklega, að það vantar svo mikið fjármagn, til þess að húsnæðismálastjórn geti fullnægt þörfum fyrir íbúðalán. Og hvað gerði hæstv. ráðh.? Hann ákvað, að það skyldu verða sjö menn í húsnæðismálastjórn, en jafnframt var ákveðið, að þrír menn skyldu vinna öll störfin. Það voru áður fimm menn og allir unnu störfin. Þeir urðu sjö, en það var ákveðið, að bara þrír mættu vinna störfin. Þetta var nú nokkuð furðulegt. Þessi brbl. voru staðfest í jan. 1957, en í marz ber hæstv. ráðh. fram frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þá þarf hann aftur að breyta stjórninni. Þá ákveður hann, að það skuli vera fimm menn í stjórninni. En hann gerði meira. Það var ákveðið í þessari löggjöf, að fulltrúi veðdeildar Landsbankans, sem hafði sína bankaþekkingu, mætti ekki taka þátt í útlánastarfseminni. Það var bannað með lögum, að fulltrúi Landsbankans mætti gera þetta.

Þetta er kannske dálítið erfitt fyrir þá, sem ekki fylgdust með þessu, þegar þessir hlutir voru að gerast. Hvað var hæstv. félmrh. að fara með þessu? Það vissu allir þá, sem fylgdust með, og hann var heldur ekkert myrkur í máli. Hann var að gera þetta til þess að hafa áhrif á skipun stjórnarinnar og tryggja, að þeir, sem væru af sama stjórnmálaflokki og stjórnmálaskoðun og hann sjálfur, hefðu öll raunveruleg ráð í húsnæðismálastjórn, en ýta hinum til hliðar. Og hann hrósaði sér af því í umr. í þinginu, að það hefði aldrei verið meiningin hjá honum að láta íhaldsmenn ráða eða framkvæma nokkuð í húsnæðismálastjórn undir sinni stjórn. Þegar við höfum þetta í huga, þá undrar mann ekkert, þótt nú komi og beri hæst, að hæstv. félmrh., þessi sami maður, vilji breyta enn á ný í húsnæðismálastjórn. Og enn er það af sömu ástæðum, til að koma að, skáka fram pólitískum hagsmunum, pólitískum sjónarmiðum. Þetta sama gerist í sambandi við stjórn verkamannabústaðanna. Hann hleypur þar líka upp til handa og fóta og leggur til, að þar verði breytt um skipan frá því, sem ákveðið var 1970. Til hvers? Til þess að hann geti sjálfur skipað m. a. formann í stjórn verkamannabústaða um allt land. Til þess að beita sínum pólitísku áhrifum. Enginn maður í nokkurri ríkisstj. hefur gerzt berari að því en þessi hæstv. ráðh. að beita pólitískum brögðum til þess að beita húsnæðismálastjórn pólitískt fyrir sig, ef hann hefur getað.

En hvað skeður nú? Nú er það þessi maður, sem gerist siðapostuli í þessum efnum og segist nú ekki vilja hafa neina pólitík og ber sína undirmenn og kjörna fulltrúa Alþingis í húsnæðismálastjórn hinum þyngstu sökum. Hann ber þessa menn þeim sökum, að þeir séu að beita áhrifavaldi sínu til þess að þjóna pólitískum markmiðum og hefur stór orð um þetta, svo sem pólitískt þukl o. fl. o. fl. (**BGuðn:** Þetta er rétt.) Þetta segir hæstv. félmrh. Hv. 3. landsk. segir, að þetta sé rétt. Hæstv. félmrh. segir: Og lýgur ekki miklu. En sjálfur segir hann í sínum daglegu greinum í hinu ágæta blaði Morgunblaðinu, að hann hafi ekki meint þetta. Það skyldi þó ekki vera svo, að hv. 3. landsk. og hæstv. félmrh. greini á í þessum efnum eins og öðrum. Ég held, að ég taki ekki mikið mark á þessum frammíköllum. En víkjum nánar að efni málsins.

Þessir menn, sem hér er um að ræða og Alþ. ber ábyrgð á, hafa birt yfirlýsingu um þetta og vil ég lesa upp hér kafla af því, sem þeir segja. Það á erindi hér á þennan stað. Með leyfi hæstv. forseta stendur þar m. a.:

„Ekki fer á milli mála, að félmrh. er hér að veitast að kjörnum fulltrúum Alþingis í húsnæðismálastjórn og gefur í skyn, að þeir stundi stjórnmálalega rannsóknarstarfsemi á lánsumsækjendum. Ekki reyndi þó ráðh. að rökstyðja þessa ásökun sína, enda mundi það reynast torvelt. Ásökun ráðh. er allt í senn, ósönn, ósmekkleg og órökstudd. Húsnæðismálastjórn starfar samkv. lögum frá Alþ., og nánar eru starfshættir hennar ákveðnir í reglugerðum, sem félmrn. hefur staðfest. Mjög mikilvæg atriði þessara laga og reglugerða eru óbreytt frá fyrri félagsmálaráðherratíð Hannibals Valdimarssonar og mótuð undir forustu hans. Umsóknir um lán eru úrskurðaðar og lán afgreidd í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Allir, sem um lán sækja og falla undir gildandi reglur, njóta sama réttar um lánveitingar miðað við komutíma umsókna og fokheldi íbúða. Í þeim efnum hafa skapazt fastar reglur, sem ekki er frá vikið við lánveitingar, og eru þúsundir manna um allt land vitnisbærir um þá starfshætti.

Undirritaðir fulltrúar Alþingis í húsnæðismálastjórn telja því framangreind ummæli félmrh. ákaflega ómakleg og næsta óskiljanlegt, hvað fyrir honum vakir með slíkum ásökunum og nafngiftum. Munu þess sem betur fer engin dæmi, að ráðh. hafi veitzt með hliðstæðum hætti að stjórnendum stofnunar, er undir hann heyrir. Ættu og önnur verkefni að standa ráðh. nær en að leitast við að rýra þannig tiltrú mikilvægrar félagsmálastofnunar, er heyrir undir rn. hans.

Þess skal að lokum getið, að engar kvartanir hafa borizt til húsnæðismálastjórnar frá félmrh. um starfrækslu Húsnæðismálastofnunarinnar eða starfshætti stjórnarinnar þann tíma, sem hann hefur nú farið með yfirstjórn húsnæðismála."

Þetta segir í aths. hinna þingkjörnu fulltrúa í húsnæðismálastjórn. Og ég leyfi mér að segja, að það eru allt valinkunnir menn. Og ég get auk þess bætt því við, að ég starfaði í mörg ár með tveim þessara manna, Guðmundi Vigfússyni og Hannesi Pálssyni, og get borið það, að þeir unnu störf sín af samvizkusemi og

kostgæfni. (**Félmrh.:** Þá er því lokið.) Hæstv. félmrh. segir: Þá er þessu lokið. Nei, því er ekki lokið. Ég veit, að hann vill losna við þessa tölu. En hann á eitt ráð til þess að losna. Og það er það að vera sá maður að standa hér upp og biðjast afsökunar á sínum ummælum. Það er það, sem hæstv. félmrh. ber að gera.

Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan þessi sami ráðh. vék hörðum orðum að einum ungum þm. hér, sem hafði deilt á embættisfærslu einhverra manna. Hvað sagði þessi hæstv. ráðh.? Hann heimtaði það, að þessi þm. stæði upp og bæðist afsökunar. Var þó ólíku saman að jafna og hér er um að ræða. Vill hæstv. ráðh. meina, að það gildi eitthvert annað siðalögmál fyrir hann en óbreytta þm.?

En þetta mál er meira. Hæstv. ráðh. hefur sagt það í umr. um frv. á þskj. 255, að hann vilji leggja húsnæðismálastjórn niður. Hann hefur sagt í yfirlýsingum sínum í Morgunblaðinu, að hann hafi ekki meint, að hann vildi leggja niður störfin, þau ættu að fara til veðdeildar Landsbankans. Hér er um nokkuð veigamiklar yfirlýsingar að ræða, sem ekki er hægt að láta fara fram hjá sér án þess að ræða þær nokkuð. Það er fleira verkefni húsnæðismálastjórnar en að úthluta lánum. Mörg fleiri verkefni og veigamikil verkefni. Verkefni húsnæðismálastjórnar eiga að vera eins og segir í 2. og 3. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Í 2. gr. segir:

„Hlutverk Húsnæðismálastofnunar ríkisins er að hafa á hendi stjórn Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu."

Húsnæðismálastjórn er stjórn tveggja byggingarsjóða. En hún á einnig samkv. lögum að hafa yfirumsjón með lánsfjáröflun. Þegar hæstv. ráðh. vantar 500 millj., þá á samkv. lögum húsnæðismálastjórn að koma við sögu um það, hvernig á að leysa það mál. Húsnæðismálastjórn á að hafa yfirstjórn af hálfu ríkisins á skyldusparnaðinum, á útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, o. fl. o. fl. mætti nefna.

Ég skal ekki gerast of langorður um þetta, en ég sagði, að verkefnin væru líka tiltekin í 3. gr., og það verður ekki komizt hjá því að ræða það. Þar segir, að Húsnæðismálastofnun ríkisins skuli vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði, og það eru tiltekin ýmis atriði, sem húsnæðismálastjórn á að vinna að. Húsnæðismálastjórn á t. d. að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma, láta gera till. og áætlun um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með sem minnstum tilkostnaði. Húsnæðismálastjórn á að fylgjast með byggingarkostnaðinum í landinu í því skyni að finna, hverjir byggi ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynist beztar og hagkvæmastar og með hvaða hætti þeim verði komið upp með sem minnstum tilkostnaði. Húsnæðismálastjórn á að starfrækja teiknistofu, er láti í té hagkvæmar teikningar og annist leiðbeiningar um hvers konar umbætur og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa. Og húsnæðismálastjórn á að setja reglur um það, að byggðar séu hagkvæmar íbúðir og heppilegar stærðir og hvað eina. Enn á húsnæðismálastjórn að annast leiðbeiningastarfsemi til þess að lækka byggingarkostnaðinn og veita almenna fræðslu um byggingarmálefni. Húsnæðismálastjórn á samkv. l. að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðarbygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra. Þetta er ekkert smáræðis verkefni, sem hér er um að ræða. Í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðnaðarmálastofnun Íslands skal stofnunin gangast fyrir tækniran.sóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum og sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknum erlendra sérfræðinga, náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna erlendis. Enn fremur skal að sama marki stefnt með byggingu tilraunahúsa, þar sem reyndar verða nýjungar í húsagerð. Og húsnæðismálastjórn á að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki fyrir því, að byggingar geti hafizt, o. fl. o. fl. má nefna. Ég ætla ekki að tefja mál mitt með því að telja allt upp. Þetta ætlar hæstv. félmrh. að láta veðdeildina annast. Hann ætlar að láta veðdeildina annast þetta. Ja, fyrr má nú vera. Maður heyrði hér fyrr á árum, að það var talað um Landsbankavald. En hvern óraði fyrir því, að það ætti að leggja einn meginþátt félagslegra framfara í landinu undir Landsbankann? Ég hef aldrei verið hræddur við Landsbankavaldið, en ég hef aldrei látið mér koma til hugar, að hann ætti að gegna hlutverki húsnæðismálastjórnar og þá væntanlega húsnæðismálaráðuneytis. Ég hygg, að hæstv. félmrh. yrði bezt kominn þá í veðdeild Landsbankans, ef hann ætlar að beita sér í þessum málum.

En það væri ekki alvarlegasta afleiðingin, ef það væri tekið mark á þessu lýðskrumi, sem liggur að baki þessara fullyrðinga hæstv. ráðh. Þetta er það, sem hæstv. félmrh. segir, en það væri hægt að tiltaka margt fleira. Ég vil aðeins segja það að lokum, að þetta mál varðar fleiri í ríkisstj. en hæstv. félmrh. Ég sé ekki betur en það, sem ég hef verið hér að ræða um, varði ríkisstj. í heild. Taka ráðherrar almennt undir ásakanir félmrh. á fulltrúa Alþingis í húsnæðismálastjórn? Ætla þeir að samþykkja ásakanir hæstv. félmrh. með þögn? Það er fróðlegt að sjá, hvað skeður í þeim efnum. Ætla þeir að gera það að sinni stefnu í sambandi við jafnvægi í byggð landsins, að það megi ekki beita neinum aðgerðum á sviði húsnæðismálanna til þess að efla þau byggðarlög, sem verst eru sett? Það er fróðlegt að vita, hvað ríkisstj. segir um þetta. Og að lokum: Er það stefna hæstv. ríkisstj. að leggja húsnæðismálastjórn niður og fela veðdeild Landsbankans það starf, sem hún hefur með höndum núna samkv. lögum? Ég vildi vænta þess, að þessum umr. lyki ekki svo, að við yrðum ekki einhvers vísari um þessi efni.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á því, að þessi þáltill. leiddi til þeirra almennu umræðna um húsnæðismál, sem hér eru nú orðnar, og sé satt að segja ekki, hvað þessar umræður, sem hér hafa farið fram hátt á annan tíma í ræðu hv. síðasta ræðumanns, koma þessu máli við, og ég hefði heldur kosið, að hann hefði látið vera að lesa þessar yfirlýsingar úr Morgunblaðinu. A. m. k. vil ég leyfa mér að treysta því og vona, að hæstv. félmrh. fari nú ekki líka að lesa úr Morgunblaðinu sínar yfirlýsingar. (**Félmrh.:** Ég get lesið Tímann.) Já, kannske, það væri strax nokkuð meiri fjölbreytni í því, en ég skal þó reyna að halda mig við efni þessa dagskrárliðar.

Það er, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, nokkuð orðið um liðið síðan till. kom frá n. Þá urðu töluverðar umræður um þetta mál. N. skilaði till. með ágætri, jákvæðri afgreiðslu, og flestir tóku á sama máta undir till. nema hæstv. félmrh., sem fann henni töluvert til foráttu, og nú hefur annar hv. þm. bætzt í hópinn og finnur einnig margt að till. Ég vil þó leyfa mér að vona, að þetta sé af nokkuð ólíkum toga spunnið hjá þessum tveimur hv. þm. Ég vil leyfa mér að vona, að hjá hæstv. félmrh. sé þetta meira og minna misskilningur, en hjá hv. 5. þm. Vestf. þykist ég vita, að þar sé gamla íhaldssemin.

Ég ætla að reyna í þessum orðum mínum hér fáum að leiðrétta þann misskilning, sem mér virtist koma fram hjá hæstv. félmrh. Mér sýnist það nauðsynlegt, þar sem ég geri mér vonir um, að þessari till. verði vísað til hæstv. ríkisstj., og kemur hún þá að sjálfsögðu til meðferðar í hans rn. Þó vil ég áður fara örfáum orðum um nokkur þau atriði, sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Ræðumaðurinn lýsti undrun sinni á fyrsta þætti till., að láta fara fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um land allt. Ég get upplýst hv. 5. þm. Vestf. um það, að ég gerði nokkra athugun á þessu, þegar till. var í undirbúningi. Þá leitaði ég m. a. til Húsnæðismálastofnunar ríkisins og spurðist fyrir um það, hvort hún gæti gefið mér upplýsingar um fjölda leiguíbúða í landinu, og mér var svarað, að stofnunin hefði engar upplýsingar um slíkt. En ég vil nú ekki eins og hann kenna hæstv. félmrh. um það. Mig grunar, að hv. þm. hafi langtum lengur komið nálægt málefnum Húsnæðismálastofnunarinnar en hæstv. ráðh. Hv. þm. sat í stjórn þessarar stofnunar í mjög langan tíma, og ef hann skilur grein um verkefni stofnunarinnar svo, að hún hefði átt að afla þessara upplýsinga, sem ég get verið honum vel sammála um, þá hefði hann átt að beita sér fyrir því, að svo yrði gert. En ég get einnig upplýst það, að ég talaði sömuleiðis við hagfræðinga hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, og þeir upplýstu, að leiguhúsnæði í landinu mundi vera á milli 15 og 20% af öllu húsnæði landsmanna og það væri að langsamlega mestu leyti í Reykjavík. Hagstofan upplýsti, að þessi tala mundi vera á milli 15 og 20%. Hv. þm. segir, að mjög sé óljóst í 2. lið till., við hvað sé átt. Ég er anzi hræddur um, að ýmsir umbjóðendur hv. þm. á Vestfjörðum gætu upplýst hann um tilgang till. Ég get a. m. k. sagt honum það, að nýlega hafa átt sér stað umræður þar í sveitarstjórn a. m. k. einni, sem ég þekki, einmitt um þetta mál, og þar virtist ríkja fullkominn skilningur á þörfinni fyrir leiguíbúðir með sérstaklega góðum kjörum í því sveitarfélagi. Auk þess sýnist mér, að grg. ætti að geta skýrt þetta fyrir hverjum sæmilega gefnum manni.

Þm. talar um, að ég hafi spurt um reglugerðina í sambandi við íbúðarhúsnæði. Það er rétt, ég spurði um það, ég vildi fá fram frá þeim mönnum, sem um þessi mál fjalla eða hafa fjallað, á hvern máta það ákvæði laganna, sem er réttilega í 8. gr. a-lið, er framkvæmt. Þm. upplýsti um 8. gr. a-lið, en hann gat ekki um 8. gr. b-lið, þar sem kemur fram, að heimilt sé að lána 600 þús. kr. til slíkra íbúða, og það er einmitt þetta, sem við flm. þessarar till. teljum alls ekki ná sínum tilgangi hjá litlum sveitarfélögum, einmitt þeim, þar sem leiguíbúðaskorturinn er einna mestur. Reglugerðin, 4. kafli hennar, fjallar hins vegar um framkvæmd þessara mála, fjallar um ýmis skilyrði, sem fyrir slíkum leiguíbúðum eru sett, og ætla ég ekki að fara inn á það. Það kemur þessu máli ekki nema tiltölulega lítið við.

Þm. telur, að hér sé um spor aftur á bak að ræða. Með þessari þáltill. er alls ekki til þess ætlazt, að hróflað verði við þessum ágætu ákvæðum, sem nefnd eru svo, í lögunum um húsnæðismál. Þau gilda eftir sem áður. Hvernig gæti þetta þá verið spor aftur á bak? Hvernig gæti það verið spor aftur á bak, þó að til þess sé ætlazt, að þar sem rannsókn leiðir í ljós, að þörfin sé brýn og augljós hjá litlum sveitarfélögum t. d., verði þeim veitt sérstök aðstaða umfram það, sem lögin gera ráð fyrir? Ég fæ ekki séð, hvernig það getur talizt spor aftur á bak.

Hv. þm. lýsir undrun sinni, að mér skildist, á því, að ég skyldi ekki í framsöguræðu minni hafa rætt jafnvægi í byggð landsins. Þetta kæmi ekki fram í þessari þáltill. Í grg. segir í fyrstu setningu: Víða í þorpum og kaupstöðum landsins, ekki sízt þar sem atvinnulífið byggist fyrst og fremst á útgerð og fiskiðnaði, hefur skortur á hentugu leiguhúsnæði staðið eðlilegri þróun mjög fyrir þrifum. Hæg ættu að vera heimatökin hjá hv. þm. Honum hefði átt að skiljast, að hér er t. d. mjög svo átt við þau litlu þorp í okkar umdæmi, sem þannig er einmitt svo mjög ástatt um, og ætti ekki að þurfa að stafa það hér út. Ég sagði það einnig í mínum ræðum, að það væri fyrst og fremst á slíkum smáum stöðum, sem skórinn kreppir að að þessu leyti, stöðum, sem eru nálægt því að verða verbúðir í dag, vegna þess að leiguíbúðir eru ekki fyrir hendi. Unga fólkið er að flýja brott, það kemur ekki yfir sig húsnæði, og það verður að flytja aðkomufólk þar að.

Ég vil svo láta lokið því, sem mér sýndist ástæða til að svara í mjög langri ræðu hv. þm. Ég mun koma síðar að brtt., mun ljúka mínu máli með því að fara örfáum orðum um hana. Mig langar hins vegar að leitast við að leiðrétta það, sem ég vil leyfa mér að vona, að sé byggt á misskilningi hjá hæstv. félmrh. Félmrh. lýsti því áliti sínu á till., að hér hlyti að vera átt við verbúðir. Þetta hefur þegar verið leiðrétt, m. a. ágætlega af hv. 1. þm. Austf., og þarf ég ekki að endurtaka það. Ég vil aðeins ítreka þetta og bendi enn á þá setningu í þáltill., þar sem einmitt er rætt um tilgang till., að fá leiguhúsnæði fyrir það unga fólk, sem vill flytjast til ákveðins byggðarlags, og sjá þar allir, að ekki er um flutning í verbúðir að ræða. Þetta hefur verið ítarlega rætt, og vil ég aðeins ítreka það. Ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því, ef slík íbúð stæði auð, að hún yrði notuð í þeim tilgangi, en mig grunar, að svo verði aldrei. Mig grunar, að slíkar íbúðir, ef þær fást byggðar, muni óðar fyllast af ungu fólki úr viðkomandi byggðarlagi, fólki um tvítugt, 22—23 ára, sem er að hefja búskap og hefur alls ekki bolmagn til að koma yfir sig eigin íbúð og mundi þá kjósa að taka slíka íbúð á leigu frekar en að neyðast til að flytjast á brott.

Það hefur verið rætt um það af allmörgum aðilum, að till. sem þessi eða framkvæmd slíkrar till. gæti leitt til þess, að minna yrði úr byggingu eigin húsnæðis. Ég er þessu algerlega ósammála. Það er sannfæring mín einmitt, að þetta gæti orðið spor í þá átt, að meira yrði byggt af eigin húsnæði úti í dreifbýli landsins, ef fólkið fær fyrst að setjast að þar í leiguhúsnæði, sem því hentar. Þessu hefur einnig verið svarað. En ég vil taka

undir það, sem hefur komið fram, að bygging eigin húsnæðis á áfram eins og hingað til að vera meginstefnan í húsnæðismálum okkar lands.

Það var um það rætt, að óeðlilegt væri að veita sérstök lán, hagstæðari lán til byggingar íbúðarhúsnæðis en almennt gerist í lánakerfi því, sem lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins gera ráð fyrir. Það var í sambandi við umræður um þennan þátt, sem komið var nokkuð inn á jafnvægið í byggð landsins, og ég get undirstrikað það, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf., að vitanlega er allt tal um jafnvægi í byggð landsins lítið nema orðin tóm, ef ekki kemur til greina að veita sérstök lán, m. a. til byggingar leiguíbúða eða húsnæðismála í þeim byggðarlögum, þar sem ástandið er slíkt, að þess getur verið mikil þörf einmitt af jafnvægisástæðum.

Það hefur verið rætt um framkvæmd slíkra mála, hvernig þessar íbúðir yrðu leigðar. Það var minnzt á það hér í umræðunum, að fólk mundi sitja í þessum íbúðum endalaust, eins lengi og því væri bókstaflega kleift, því að húsaleigan yrði svo lág. Slíkt kemur hvergi fram í þessari þáltill., og er ósköp eðlilegt, að íbúðirnar verði leigðar með eðlilegu gjaldi, en alls ekki um einhverja nánast því gjöf að ræða, eins og mér virtist, að skilja mætti á hæstv. félmrh.

Ég hef einnig aflað mér nokkurra upplýsinga um fjölda leiguíbúða í ýmsum byggðarlögum. Það kemur í ljós eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hér hjá Reykjavíkurborg, að leiguíbúðir í Reykjavík, sem eru í eigu borgarinnar, eru 640, þ. e. um átta íbúðir á hverja þúsund íbúa. Á Akureyri eru 60—70 leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar, en flest eru það íbúðir, sem eru mjög gamlar og lélegar, og flestar hefur bærinn eignazt þannig, að orðið hefur að kaupa upp hús vegna breytinga, vegna gatnagerðar, sem væntanleg er, og þess háttar, og mjög mikið af þessu á að rífa á næstunni. Svarið, sem ég fékk þar við þörfinni, var það, að þörfin væri augljós og gífurlega mikil, en hins vegar hefði bæjarfélagið ekki bolmagn til að byggja leiguíbúðir með þeim kjörum, sem nú eru boðin.

Á Ísafirði minnir mig, að séu sjö sæmilegar eða viðunandi leiguíbúðir, sem eru í eigu Ísafjarðar, og eru þær allar nokkuð komnar til ára sinna. Mig minnir, að það séu um 20 ár, síðan þær voru byggðar. Þar hafa einnig átt sér stað umræður um leiguhúsnæðismál og mjög verið lögð á það áherzla, að bærinn þurfi að byggja þar leiguíbúðir og það fyrr en síðar. Þar er þörfin afar ljós. Víða annars staðar hef ég aflað mér upplýsinga, og nánast alls staðar er svarið það, að engar leiguíbúðir séu í eigu bæjarfélagsins eða sveitarfélagsins.

Það er því aðeins á örfáum stöðum, allra stærstu stöðunum, sem þetta ástand getur talizt kannske viðunandi, og þó er ég alls ekki viss um það. E. t. v. er það, að því er ég bezt fæ séð, aðeins í Reykjavík. Þó má vera, að svo sé einnig hér í nærliggjandi sveitarfélögum, t. d. í Kópavogi og Hafnarfirði, enda má segja, að þetta svæði sé meira og minna eitt.

En spurningin er hins vegar blátt áfram sú, hvar eiga 39 300 Íslendingar, sem nú eru tvítugir, að stofna til heimilis? Eiga þeir allir að flytjast á þetta svæði, sem hér er? Þetta er vandinn, sem við okkur blasir. Á ungt fólk af þessum litlu stöðum, þar sem bókstaflega engar leiguíbúðir eru til, að neyðast til þess að flytja hingað til höfuðborgarsvæðisins til þess að fá yfir sig húsaskjól? Svona er ástandið mjög víða. Ástandið er mjög víða þannig, og það virðist alls staðar þannig, þegar rætt er við fólk á þessum stöðum, að það er bókstaflega neytt til að flytja brott, m. a. af þeirri ástæðu, að það fær ekki viðunandi húsnæði yfir sitt höfuð. Það er úr þessu, sem þarf að bæta, og það er sannfæring mín, að sú athugun, sem hér er gert ráð fyrir, að gerð verði, e. t. v. af Húsnæðismálastofnun ríkisins, — henni ber, að því er mér skilst, skylda til þess, fyrrv. húsnæðismálastjórnarmaður upplýsti það, — það er sannfæring mín, að sú athugun muni leiða í ljós, að ástandið sé svona eins og ég hef lýst og aðrir flm. þessarar tillögu.

Ég vil að lokum aðeins geta þess, að aðdragandi þessarar till. er nokkur. Það var skoðun okkar margra, þegar fjallað var um lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins, að eðlilegt væri að setja ákvæði inn í kaflann um Byggðasjóð, sem heimilaði Byggðasjóði að hlaupa undir bagga með sérstaka lánveitingu til sveitarfélaga, þar sem þessi þörf væri augljós. Þetta fékkst ekki tekið inn í lögin, og töldu þeir, sem því voru andsnúnir, eðlilegra að halda því innan laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Okkar hugmynd, sem þetta studdum, var hins vegar sú, að þetta ætti eins heima hjá Byggðasjóði og e. t. v. eðlilegra, að Byggðasjóður annaðist sérstakar lánveitingar með sérstökum kjörum umfram það, sem er í hinni almennu húsnæðismálalöggjöf, fremur en að setja það þar inn. Það var eftir að þessu var hafnað, að við töldum nauðsynlegt að vekja athygli á þessari miklu og brýnu nauðsyn með þeirri þáltill., sem hér er til umr.

Nú gætu sumir spurt: Má skilja ummæli hæstv. ráðh. og andstöðu við þetta mál svo, að þetta sé gegn málefnasamningi hæstv. ríkisstj.? En það er ekki við nánari athugun. Á 7. bls. þess ágæta skjals segir svo m. a. í næstsíðustu mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Að hafa forgöngu um, að byggt verði leiguhúsnæði, er lúti félagslegri stjórn og sé einkum í þágu frumbýlinga og aldraðs fólks."

Eða m. ö. o., það, sem við erum að gera, er að ítreka þetta ákvæði málefnasamningsins, svo að það komi sem fyrst til framkvæmda. Og mér er kunnugt um það, og ég veit, að það vitum við allir, sem hér sitjum, að hæstv. félmrh. hefur átt mjög mikinn þátt í að semja þennan málefnasamning og ég vænti ekki sízt þennan kafla samningsins, sem fjallar um félags- og menningarmál.

Hér liggur fyrir brtt. frá tveimur hv. þm., sem síðasti ræðumaður lýsti, þess efnis, að aftan við 2. lið þáltill. komi: „Og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir." Hér er breytt allmjög út frá þeirri stefnu, sem mörkuð er í þáltill. Skoðun okkar flm. var sú, að svo sérstakt lán, þ. e. 80% lán og með jafnvel sérstökum kjörum, yrði fyrst og fremst að binda við sveitarfélög eða a. m. k. að íbúðir, sem þannig væru byggðar, væru undir félagslegri stjórn. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því, að einstaklingar byggi leiguíbúðir. En um leiguíbúðir, sem væru byggðar í þeim tilgangi, sem þáltill. gerir ráð fyrir, verða að gilda mjög strangar og sérstæðar reglur. Það virðist t. d. ljóst, að þessar íbúðir má alls ekki selja nema alveg undir sérstökum kringumstæðum, og notkun þeirra verður að vera ýmsum takmörkunum háð. Ég fyrir mitt leyti tel því eðlilegra,

að slík fyrirgreiðsla sé bundin því, sem segir m. a. í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., að íbúðirnar séu undir félagslegri stjórn. Ég get fyrir mitt leyti fallizt á, að það megi víkka þetta eitthvað út, þannig að það sé ekki bundið eingöngu við sveitarfélög. En til allra aðila tel ég vafasamt að láta þessa fyrirgreiðslu ná.

Með tilliti til þess, að hér er um að ræða æði veigamikla breytingu á fyrirliggjandi till. til þál., breytingu, sem hv. allshn., sem fjallaði um till., fékk ekki tækifæri til að ræða, vil ég leyfa mér að leggja til, að þessari brtt. ásamt þáltill. verði vísað að nýju til hv. allshn.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., miðar að því, að gerðar verði hið fyrsta ráðstafanir til að bæta úr þeim alvarlega skorti á leiguhúsnæði, sem ríkjandi er í flestum þorpum og kaupstöðum landsins. Ég stend að því með öðrum nm. allshn. að mæla með því, að till. verði samþ., þó með þeirri breytingu, að væntanleg útvegun fjármagns í því skyni, sem till. fjallar um, skerði ekki það lánsfé eða öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis, og að þeirri breytingu standa einnig allir nm.

Ég vil í upphafi máls míns taka það skýrt fram, að vissulega er það æskilegt mjög að mínum dómi, að gerðar verði frekari ráðstafanir á vegum ríkisins en til þessa til að gera sveitarfélögum kleift að auka framboð á leiguhúsnæði í kaupstöðum og þorpum landsins. Það liggur ljóst fyrir, að skortur er á slíku húsnæði í ýmsum byggðarlögum. Þess vegna er vissulega þörf aðgerða í þessum efnum. Það verður að gera ráðstafanir til að útvega sveitarfélögum fjármagn til byggingar leiguhúsnæðis, þar sem þess er þörf. En það væri að fara úr öskunni í eldinn, ef það yrði gert á þann hátt að færa hluta af því fjármagni til ráðstöfunar til byggingar leiguíbúða, sem að öðrum kosti mundi varið til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis. Slíkt má alls ekki ske að mínum dómi. Það er brýn þörf á að verja auknu fjármagni í lánsfé til hvors tveggja, byggingar eigin íbúðarhúsnæðis og byggingar leiguhúsnæðis. Vonandi leiðir samþykkt þessarar till., sem hér er til umr., til þess, að hæstv. ríkisstj. láti þessi mál til sín taka á þann veg, að verulegt gagn verði að, enda þótt hæstv. félmrh. virðist vera vantrúaður á gagnsemi þeirra hugmynda, sem fram koma í tillögunni.

Þó verður að segja það eins og það er, að hæstv. félmrh. sagði hér ýmislegt um daginn um þetta mál, sem að mínum dómi er athyglisvert og kemur mjög heim við þá reynslu, sem ég hef haft sem sveitarstjórnarmaður í þessum málum. Til þess að tryggja, að þau markmið náist, sem flm. till. segjast vilja stefna að með flutningi hennar, er nauðsynlegt, að ýmis þau atriði, sem hæstv. félmrh. nefndi, séu höfð í huga við framkvæmd þessara mála og við samningu frv. um þetta efni, og að það verði reynt að búa þannig um hnútana, að sá vandi verði leystur, sem að er stefnt. Það atriði, sem ég hef sérstaklega í huga í þessu sambandi, er: Hvernig hugsa flm. þessarar þáltill. sér að tryggja það að slíkt leiguhúsnæði, sem hér um ræðir, sé leigt fyrst og fremst í þeim tilgangi að fullnægja heimilisþörf þeirra, sem til viðkomandi staðar flytjast eða hefja þar búskap og þátttöku í atvinnulífi, eins og segir í grg. með þáltill.? Ég fullyrði af þeirri reynslu, sem ég hef í þessum málum, að það sé hægara sagt en gert í ýmsum sveitarfélögum.

Það liggur auðvitað í augum uppi, að í ýmsum vaxandi sveitarfélögum, þar sem atvinnulíf er blómlegt og aðstreymi fólks mikið, er skortur á húsnæði og verðlag á leiguhúsnæði hátt og hækkandi. Það leiðir til þess, að efnaminna fólk og barnmargar fjölskyldur verða að hrekjast úr leiguíbúðum, af því að fyrirvinnan, e. t. v. borinn og barnfæddur í byggðarlaginu, getur ekki boðið jafnháa leigu og hinn ungi og nýkvænti og barnlausi aðkomumaður, svo að tekið sé dæmi, því að húseigandinn vill leigja hæstbjóðanda og hikar e. t. v. ekki við að hrekja þau, sem fyrir eru í íbúðinni, út á götuna, ef þau geta ekki greitt hækkaða húsaleigu, eins og við þekkjum dæmi til um. Hvað getur fjölskyldufaðirinn gert undir slíkum kringumstæðum? Húsaleigan hefur hækkað í byggðarlaginu vegna hinnar auknu eftirspurnar eftir leiguhúsnæði og kannske svo mjög, að hans fjárráð leyfa alls ekki, að hann greiði þá hækkuðu húsaleigu, sem krafizt er af húseigendum yfirleitt í sveitarfélaginu vegna mikillar eftirspurnar frá aðfluttu fólki, sem brýn þörf er á, að komi til byggðarlagsins til þátttöku í uppbyggingu, sem þar á sér stað. Hann sér enga aðra leið en að snúa sér til sveitarfélagsins með þetta vandamál sitt. Þannig knýja hinar erfiðu kringumstæður fjölskylduföðurinn til að leita til yfirvalda sveitarfélagsins um fyrirgreiðslu og aðstoð til að fá húsnæði.

Við vitum, að sum hinna stærri sveitarfélaga hafa orðið að eignast leiguhúsnæði til að geta greitt úr slíkum vanda, sem hér hefur verið gerður að umtalsefni. Sú leiga, sem sveitarfélög hafa tekið fyrir slíkt húsnæði, hefur verið lægri en greidd hefur verið fyrir leiguhúsnæði á vegum einstaklinga í viðkomandi byggðarlögum af ástæðum, sem liggja í augum uppi af því, sem ég hef hér rakið. Reynslan er sú, þar sem ég þekki bezt til, að slíkt leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins er yfirleitt og oftast bundið í leigu um lengri tíma, jafnvel svo að árum skiptir. Og þótt eðlilegt sé og hagkvæmast, að því sé ráðstafað til stutts tíma í einu og það notað til þess að leysa vanda um stundarsakir, á meðan viðkomandi fjölskylda er að leita sér að húsnæði meira til frambúðar, þá hefur þetta reynzt ákaflega erfitt í framkvæmd að koma málum þannig fyrir. Sveitarfélög hafa eignazt húsnæði til að leigja út á þennan hátt. En ég hygg, að það sé reynsla sumra þeirra a. m. k., svo að ekki sé meira sagt, að ekki hafi tekizt að koma málum þannig fyrir, að tryggt yrði, að hver leigjandi byggi í húsnæðinu um stuttan tíma í senn. Það er ekki unnt að reka leigjendur á vegum sveitarfélaga úr húsnæði með valdboði. Sveitarstjórnarmenn þekkja dæmi þess, að bæjarfélög hafa keypt íbúðarhúsnæði af skipulagsástæðum til niðurrifs og tímaáætlun hafi síðan verið gerð um framkvæmdir. Algert neyðarástand fjölskyldna í húsnæðisvandræðum hefur svo gert það nauðsynlegt að setja slíkt fólk, sem hefur verið í húsnæðisvandræðum, í slíkt húsnæði um stundarsakir, og mikill skortur á leiguhúsnæði getur svo leitt til þess, að alls ekki reynist unnt í lengri tíma að finna annað húsnæði fyrir fjölskyldurnar. Hafa þannig fyrirætlanir um að rífa niður húseignir, sem ég hef hér gert að umtalsefni, og koma skipulagsbreytingum í framkvæmd, farið út um þúfur um lengri tíma, jafnvel svo að árum skiptir. Um það þekki ég dæmi. Sveitarstjórnarmenn þekkja

einnig dæmi þess, að fjölskyldum, sem hafa staðið húsnæðislausar á götunni, ef svo mætti segja, hefur verið komið fyrir í verbúðum um stundarsakir og svo ekki tekizt að rýma þær fyrir vertíð. Sem betur fer er slíkt ekki algengt, eftir því sem ég bezt þekki til, en þess eru þó dæmi.

Ég hef farið nokkrum orðum um þau vandamál, sem ýmis sveitarfélög eiga við að glíma í sambandi við útleigu á leiguíbúðum á þeirra vegum. Enginn skilji þó orð mín svo, að ég sé með þessum málflutningi að draga úr því, að ríkisvaldið auki fyrirgreiðslu sína til sveitarfélaga til aukinnar byggingar leiguíbúða. Fyrir mér vakir hið gagnstæða. Á því er vissulega brýn nauðsyn, að ríkisvaldið tryggi sveitarfélögum stóraukið fjármagn til byggingar leiguíbúða. Sá vandi sveitarfélaga í þessum efnum, sem ég hef hér gert að umtalsefni, verður bezt leystur með því að auðvelda þeim að leysa það verkefni, sem á þeim hvílir í þessum efnum, þ. e. að aðstoða fólk, sem ekki getur leyst sín húsnæðisvandamál án fyrirgreiðslu sveitarstjórna. Útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga, svo að þeim sé gert mögulegt að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf í ríkara mæli en hingað til, er vissulega aðkallandi og bráðnauðsynlegt. En að halda því fram, eins og gert hefur verið í þessum umr., að unnt sé að reka slíkt leiguhúsnæði eins og um gistihús eða hótel væri að ræða, þar sem fólk búi um stuttan tíma, meðan viðkomandi er að athuga um útvegun annars húsnæðis til frambúðar, tel ég hæpið, svo að ekki sé meira sagt, eins og ég hef reynt að sýna fram á. Sé aftur á móti unnt að búa svo um hnútana, að það reynist framkvæmanlegt, þá er vel.

Ég hygg, að lausn vandamálsins liggi fyrst og fremst í því, að leitazt verði við til hins ýtrasta á hverjum tíma, að jafnvægi geti verið á milli framboðs og eftirspurnar á hvoru tveggja, leiguhúsnæði og eigin íbúðum.

Víða skortir talsvert á hér á landi, að slíkt jafnvægi sé fyrir hendi. En að því ber að stefna til hins ýtrasta, að svo geti verið á hverjum tíma.

Umr. frestað.

Á 63., 65. og 67. fundi í Sþ., 2., 9. og 12. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nokkuð umliðið nú síðan þetta mál var hér til umr. í Sþ. En þegar það var rætt hér fyrir rúmum hálfum mánuði, flutti hv. 5. þm. Vestf. alllanga og stundum nokkuð hvassyrta ræðu, sem fjallaði nokkuð almennt um húsnæðismálalöggjöf þá, sem við nú búum við í landinu. Það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs, var sá kafli ræðu hv. 5. þm. Vestf., sem fjallaði um lög um verkamannabústaði. Ég skildi ræðu þessa hv. þm. svo, að hann teldi, að breyting sú, sem gerð var á téðum lögum árið 1970 í tíð viðreisnarstjórnarinnar, hefði verið jákvæð og aukið mjög gildi þessara laga. Þetta er að mínu áliti hinn mesti misskilningur hjá þessum hv. þm. Meginbreytingin, sem gerð var á lögunum, var sú að leggja niður hin frjálsu byggingarfélög verkamanna og setja allt ákvörðunarvald undir sveitarstjórnir. Og svo hitt, sem var miklu neikvæðara. Það er sú breyting að skylda sveitarstjórnir til að gera fjögurra ára áætlun um byggingarframkvæmdir.

Hv. þm. nefndi sem dæmi Ólafsvík, sem er um 1000 manna bær. Samkv. breytingu viðreisnarstjórnarinnar hefði Ólafsvík, svo að við höldum okkur við þann stað, getað byggt tæplega eina íbúð á ári miðað við það, að notuð hefði verið hámarksgreiðsla á hvern íbúa. Hv. þm. sagði, að eftir þá breytingu, sem gerð var á lögunum nú nýverið og hann stóð að, þar sem hámarksgreiðsla á íbúa var hækkuð í 1200 kr., gætu Ólafsvíkingar byggt 18 íbúðir á þessu fjögurra ára tímabili. Ekki veit ég nú, hvernig hv. þm. hefur fengið þessa tölu, því að mér sýnist, að það yrði nú ekki mikið yfir 12 íbúðir, sem þarna væri hægt að byggja, eða um þrjár íbúðir á ári. Og sér er nú hver ofrausnin, þrjár íbúðir á ári í 1000 manna bæ. En hvað um það, gallinn er bara sá, að hin smærri sveitarfélög úti um landið hafa ekki bolmagn til þess að leggja fram þessa hámarksgreiðslu á hvern íbúa. Það er útilokað, að þau fjármagni slíkt. Það mætti því ætla, að langsamlega flest sveitarfélög úti um land mundu ekki verða með hærri greiðslu en helming þess hámarks, sem leyft er, eða um 600 kr. á íbúa, sem þýddi þá, að staður eins og Ólafsvík, svo að við höldum okkur við hann, gæti byggt sem svaraði 1½ íbúð á ári.

Ég vil því benda þessum hv. þm. á það, að sú breyting, sem gerð var af viðreisnarstjórninni á lögum um verkamannabústaði, var ekki gerð til hagsbóta fyrir dreifbýlið, síður en svo. Það er því brýn nauðsyn að mínu áliti að breyta sem allra fyrst þessum ákvæðum í lögum um verkamannabústaði og taka upp þá stefnu, að það sé þörfin á hverjum tíma, sem ræður framkvæmdum, en ekki einhver fyrirframgerð forskrift, sem í reynd hefur einungis verið pappírsgagn. Það er því ástæðulaust að lofa þennan þátt þeirrar löggjafar, sem við nú búum við í húsnæðismálum. Sá þáttur var miklu betri áður en viðreisnarstimpillinn var á hann settur.

Hitt vil ég taka undir með hv. 5. þm. Vestf., sem hann sagði varðandi byggingarframkvæmdir í Breiðholti. Það nær ekki nokkurri átt að mínu viti að skapa Reykjavík þá séraðstöðu, sem hún hefur notið í gegnum Breiðholtsáætlun á kostnað landsbyggðarinnar. Það væri hægt að nefna mörg dæmi þess, að fjölskyldur, sem orðið hafa að hrökklast utan af landsbyggðinni vegna húsnæðisskorts, hafi komizt í Breiðholtsíbúð með því að borga aðeins örlítið brot af kostnaðarverði og eftirstöðvar í hagstæðum lánum til langs tíma.

Ég treysti því, að eitt af verkum hæstv. núv. félmrh. verði að leiðrétta þessa mismunun. Ég vil bæta því við, að ef núv. stjórnvöld treysta sér ekki til þess frekar en fyrrv. stjórnvöld að veita hliðstæða fyrirgreiðslu úti á landsbyggðinni eins og Reykjavík hefur notið gegnum Breiðholtsáætlun, eigi að stöðva þær framkvæmdir a. m. k. í eitt ár og veita öllu því fjármagni, sem þannig kæmi, út á landsbyggðina til þess að leiðrétta þá mismunun, sem þarna hefur átt sér stað, því að forréttindi eru þetta, sem þarna hafa skapazt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er svo langt síðan þessi till. var til umr. síðast, að ég er ekki viss um, að hv. þdm. sé í fersku minni, um hvað hún er, og enn þá síður, hvernig mál stóðu, þegar horfið var síðast frá því að ræða hana.

Till. er um það, að brýna nauðsyn beri til að bæta úr þeim alvarlega skorti, sem sé á leiguhúsnæði í flestum þorpum og kaupstöðum landsins. Og í því skyni að bæta úr þessu verði látin fara fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um allt land. Ég skal taka það strax fram, að ég tel alveg sjálfsagt að verða við þessum þætti till. og láta slíka könnun fara fram. En það er víst, að ef á að fylgja því fram, sem kemur svo í síðari hluta till., þ. e. að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess gerist þörf, þá held ég, að það verði ekki smáupphæðir, sem til greina koma, ef þarna á að bæta úr þessari brýnu, viðtæku þörf í flestum þorpum og kaupstöðum landsins. Vitanlega fer þó þetta fjármagn eftir niðurstöðum þessarar könnunar, sem ég geri alveg ráð fyrir, að fram fari. En hér er ekki aðeins um það að ræða, að útvega eigi fjármagn til þess að gera sveitarfélögum kleift að byggja leiguhúsnæði, heldur á einnig að hjálpa sveitarfélögunum með fjárframlögum að reka leiguhúsnæði. Þá gæti ég nú ímyndað mér, að tæki í hnúkana.

Ég veit ekki um það, hvort tillögumenn hafa gert sér það ljóst, þegar þeir fluttu till., að í húsnæðismálalöggjöfinni, eins og hún er nú, er gert ráð fyrir byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og sveitarfélögin styrkt til þess með sams konar lánveitingum og einstaklingar eru styrktir til þess að byggja yfir sig eigið húsnæði. Spurningin er sú, hvort það er gerlegt, framkvæmanlegt, hvort það er æskilegt að styrkja sveitarfélög til þess með meira fjárframlagi að koma upp leiguhúsnæði heldur en einstaklingana til að byggja eigið húsnæði yfir sig. Mér skilst á till., að fram á það sé farið, að lagt verði fyrir næsta Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns sérstaklega í þessu skyni, að gera sveitarfélögum kleift að koma upp leiguhúsnæði og að reka það. Ákvæðin, sem núna gilda um leiguhúsnæði, er að finna í 8. gr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum og á öðrum skipulagsbundnum stöðum. Heimilt er að veita slík lán meðan á byggingartíma stendur, sbr. 2. málsgr. Ráðherra setur, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir."

Nú, hvað segir svo í 2. málsgr. þessarar sömu greinar, sem þarna er vitnað til? Þar segir:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt, meðan á byggingartíma stendur, að veita framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga, byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja sveitarfélaga og annarra byggingaraðila, sem byggja íbúðir, er seldar verði fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptast síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda. Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðir verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra."

Mér fyndist það nú vera afar ankannalegt, ef sett yrði sérstök löggjöf við hliðina á hinni almennu húsnæðismálalöggjöf um sérstakt fjármagn umfram það, sem heimilt er í húsnæðismálalöggjöfinni til leiguhúsnæðis og til reksturs þess. Mér fyndist líka lítt fært að taka sveitarfélögin þarna út úr þessari jafnréttisröð, sem þau eru þarna í í löggjöfinni, en þar skal ganga eitt yfir byggingarsamvinnufélög, byggingarmeistara og byggingarfyrirtæki sveitarfélaga. Ef þarna ætti svo að veita með alveg sérstökum fjárveitingum mikilsverða hjálp í stórum stíl til eins af þessum aðilum, sem allir eru þarna jafnt settir og allir settir við sama borð og einstaklingarnir, sem eru að reyna að koma húsnæði yfir sig, veit ég ekki, hvort það væri framkvæmanlegt.

Þörfin kann að vera mikil, en þörfin er almennt mikil að koma upp íbúðarhúsnæði. Ég sé það á grg. till., að flm. telja, að það þurfi ekkert smáræði til. Þeir segja, að ljóst sé, að með fjármagni því, sem nú rennur til húsnæðismála, verði ekki staðið undir þeirri viðbótarfjárþörf, sem nauðsynleg verður í þessu skyni. Því sé nauðsynlegt að leita annarra leiða, og megi vekja athygli á Atvinnuleysistryggingasjóði, enda verkefni náskyld. Að lokum er lögð á það áherzla, að lán þau, sem hér um ræðir, þ. e. þau umframlán, sem veita skal, verði að vera mjög rífleg, þannig að sveitarfélögunum verði kleift að byggja hinar umræddu leiguíbúðir án þess að stofna sveitarfélaginu í alvarlega fjárhagsörðugleika. Einnig, að sjálfsagt sé, að slík lán verði háð því skilyrði, að íbúðirnar verði ekki seldar, — það ákvæði er í lögunum núna, — heldur verði áfram í eign sveitarfélagsins og leigðar fyrst og fremst í þeim tilgangi að fullnægja húsnæðisþörf þeirra, sem til viðkomandi staða flytjast eða hefja þar búskap og þátttöku í atvinnulífi.

Þetta síðasta atriði held ég líka, að verði mjög torvelt í framkvæmd vegna þess, að ef sveitarfélagið er búið að fá mjög ríflega umframaðstoð til þess að byggja leiguhúsnæði, má það eingöngu nota það til þess að greiða fyrir ungu aðkomufólki að fá húsnæði, komast inn í húsnæði. Það má ekki veita því til unga fólksins á staðnum. Það á að veita meiri aðstoð til ungs aðkomufólks. Ég held, að þetta yrði ákaflega erfitt fyrir sveitarstjórnir í framkvæmd.

Þetta eru vandkvæði, sem ég bendi á í sambandi við þetta, auk þess mikla fjármagns, sem til þess mundi þurfa, ef á að bæta úr þessari þörf með sérstöku fjármagni í öllum kauptúnum eða nálega öllum kauptúnum og kaupstöðum landsins. En ég held, að með því að fullnægja þessu vel og rækilega mundi skapast misrétti milli byggingaraðila í landinu, og við það yrði tæpast unað. Spurningin er því, hvort maður gæti bætt hag allra þeirra, sem eru að byggja yfir sig, þeirra, sem eru með byggingarframkvæmdir, þ. e. byggingarmeistarar, byggingarsamvinnufélög o. s. frv., og rétt allra hlut. Að taka einn aðilann út úr, held ég, að verði afar erfitt.

Við fyrri umr. talaði hv. 5. landsk. þm., Stefán Gunnlaugsson, og hann skýrði frá reynslu síns sveitarfélags, Hafnarfjarðarkaupstaðar, af byggingu leiguhúsnæðis. Niðurstaðan þar er, að það vill bindast fljótlega og ekki er hægt að koma því fólki út úr þessu húsnæði, sem hefur komið aðflutt og fengið þannig leyst sinn húsnæðisvanda og kemst þannig í ódýrt húsnæði. Úr þessu húsnæði vill það fólk ekki fara, og þá er vandinn ekki leystur fremur en með eignarhúsnæði væri. Sama reynsla er frá sveitarfélagi, sem ég þekki til, Ísafjarðarkaupstað. Þar voru byggðar fyrir nokkuð mörgum árum leiguíbúðir, og fólk, sem sérstaklega þurfti á hjálp bæjarfélagsins að halda til að komast í húsnæði, var sett í þetta hús. Nú er komið svo, að sumt af þessu fólki er ágætlega fært um það efnahagslega,

ekki síður en aðrir borgarar í bænum, að sjá sér fyrir eigin húsnæði. Sumir íbúarnir eru embættismenn bæjarins, sem voru fengnir að og vantaði húsnæði, skólastjórar meira að segja og menn í háum embættum eru í þessu leiguhúsnæði. Það er ekki eins þjált í meðförum að skipa þessum málum og tillögumenn vafalaust halda. Þörfina skal ég fyllilega viðurkenna, en spurningin er, hvort eigi að leysa hana með þessu móti og sérfjárveitingum. Ég held, að það verði afar erfitt.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um till. sjálfa. Ég held, að það sé alveg ljóst, að efasemdir mínar um það, að hún leysi mikinn vanda, hljóti nú að vera öllum hv. þm. skiljanlegar.

Þá var það síðast þegar málið var hér til umr., að hv. 5. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, ræddi húsnæðismál æðimikið á víð og dreif og komst í mikinn ham og greiddi mér, að hann hélt áreiðanlega, þung högg og stór. Hygg ég, að ég hefði eitthvað káklað í hann á móti, ef ekki væri svo langt um liðið, að manni með mína skapsmuni er löngu runnin reiðin, og mun hann því áreiðanlega að langmestu leyti sleppa við það, að ég fari að svara hinum einstöku árásaratriðum ræðu hans; utan einu. Hann sagði, að ég hefði borið hina kjörnu fulltrúa húsnæðismálastjórnar þyngstu sökum. En hann kom ekki með það, hverjar þær voru. Ég spyr: Hverjar eru þær þungu sakir, sem ég hef borið fulltrúa húsnæðismálastjórnar? Ég heimta það, ég krefst þess, að hv. þm. finni þessum orðum sínum stað. Ef hann hefur átt við þau ummæli, sem ég viðhafði í framsöguræðu um frv. til l. um breyt. á Húsnæðismálastofnuninni, þá skal ég nú rifja upp, hvað þar var sagt samkv. handriti þingsins. Ég vék að þessu, hvernig Húsnæðismálastofnunin væri byggð upp á flokkspólitísku kerfi, sem mér hugnaðist ekki, og vék að því á tveim stöðum í minni ræðu. Og nú bið ég hv. þm. að hlusta eftir því vel og gaumgæfilega, hvaða sakir ég ber með þeim orðum á hina kjörnu fulltrúa húsnæðismálastjórnar. Með leyfi hæstv. forseta fórust mér orð á þessa leið í fyrra skiptið, sem ég vék að þessum málum:

„Enn þá er það mark á húsnæðismálalöggjöfinni, að hún hvílir mjög á flokkspólitískum grundvelli, sem ég verð að lýsa yfir sem minni persónulegu skoðun, að sé mjög til hins verra og hv. Alþ. ætti að reyna að komast úr þeim farvegi með þessa löggjöf. T. d. er yfir Húsnæðismálastofnuninni mjög fjölmenn stjórn. Vafalaust er það gert til þess, að flokkarnir fái allir aðstöðu til þess að hafa fulltrúa í stjórninni til þess að fara höndum um allar umsóknir um húsnæðismál hvaðanæva af landinu og þukla þessar umsóknir auðvitað út frá pólitískum sjónarmiðum. Ég álít, að þetta eigi ekkert erindi inn í húsnæðismálalöggjöfina og við þurfum sem fyrst að hafa samstöðu um að komast hjá þessu formi í þessum þýðingarmikla málaflokki almennings. En enn þá hjákátlegri er þó kannske endurskipulagningin á verkamannabústöðunum. Þar eiga að vera í hverju héraði sjö menn í stjórn, þ. e. sjö aðalmenn og sjö til vara. Það á sem sé að tilnefna í stjórn verkamannabústaða í hverju smákauptúni á Íslandi 14 menn, og það hefur sums staðar orðið allmikil leit að þessum 14 fjölskyldufeðrum."

Þetta sagði ég, og ef þarna er blakað við nokkru eða nokkrum, þá er það við flokkunum, sem hafa sett þetta kerfi upp, en ekki við einum eða neinum manni. Húsnæðismálastjórnarmenn er ekki um annað að saka en að þeir hafa tekið við þessu hlutverki, sem flokkarnir ætla þeim. Það er enginn þeirra nefndur og enginn þuklari nefndur einu sinni. En þeir birtu mótmæli í blöðunum og sögðu, að ég hefði nefnt þá pólitíska þuklara. Það er þeirra en ekki mitt. Ég sagði, að flokkarnir ætluðust vafalaust til þess, að þeir færu slíkum höndum um hverja umsókn, og það vita allir, að það er tilætlun flokkanna.

Nú kynni að vera, að hin persónulegu meiðyrði og hinar fimm þungu sakir, sem ég á að hafa borið á húsnæðismálastjórnarmenn, felist í þeim kafla, þegar ég vék aftur að þessu. Hann skal ég því lesa líka, hann er örstuttur, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að við ættum sem allra mest að færa afgreiðslu húsnæðismálalána inn fyrir ramma veðdeildar Landsbankans, og ef mögulegt væri að koma því við, að afgreiðslan á lánunum gæti sem mest átt sér stað í bankaútibúum úti um landið. Og mundi þá jafnvel stefnt að því, að Húsnæðismálastofnun ríkisins væri lögð niður sem slík, en hins vegar væri teiknistofa hennar rekin í álíka tengslum við veðdeildina og Búnaðarbanki Íslands hefur teiknistofu fyrir landbúnaðinn. Okkur hættir allt of mikið til þess að hafa tvær stofnanir sums staðar, þar sem ekki þarf nema eina. Og í þessu tilfelli held ég, að langheppilegast væri, ef fyrir fjárþörfinni er séð á annað borð, að upp væri tekin hrein og bein bankaleg afgreiðsla og allt flokkspólitískt þukl á umsóknum fjarlægt."

Hvar eru meiðyrði gagnvart húsnæðismálastjórnarmönnum í þessum kafla? Ég held, að enginn geti haldið því fram. Ég hef talað þarna um kerfið og sagt mínar persónulegu skoðanir í báðum tilfellunum og þannig, að hverjir sem eru mega gera athugasemdir við mínar skoðanir og lýsa sig ósamþykka þeim, en það meiðir engan mann, þó að ég hafi persónulegar skoðanir og láti þær uppi. Ég tel því algjörlega tilefnislausa þessa ásökun hv. 5. þm. Vestf., Þorv. Garðars Kristjánssonar, þar sem hann fullyrti, að ég hefði borið hina kjörnu fulltrúa í húsnæðismálastjórn þyngstu sökum. Þetta atriði hef ég aðeins dregið inn í þessa umr., af því að þetta var dregið inn í umr. um þessa till. Hefði verið miklu eðlilegra, að að þessu hefði verið vikið í sambandi við framhaldsumræður um húsnæðismálalöggjöfina, sem ekki er þó enn þá komin úr n., því miður. Að sjálfsögðu beygi ég mig fyrir því, ef Alþ. samþykkir það, að afgreidd skuli sérstök löggjöf, sem leggi fram sérstakt fjármagn til að koma upp leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga, en ég held sem sé, að það verði mjög erfitt í framkvæmdinni og ákaflega hæpinn grundvöllur fyrir því að gera upp á milli þeirra, sem byggja yfir sig eigið húsnæði, framkvæmdaaðila, sem hafa notið framkvæmdalána, annarra en sveitarfélaganna, sem eru nú í gildandi löggjöf taldir upp allir hlið við hlið og njóta sama réttar, fá sömu aðstoð.

Fleiri orð tel ég ekki ástæðu til að hafa um málið að sinni.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja nokkur orð og grípa þannig inn í þennan nánast þingmálafund þeirra Vestfirðinganna um húsnæðismál almennt. Ég held, að það væri þá bezt að pússa rykið bæði af þáltill., sem borin var fram í

öndverðu um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga, og jafnframt að minnast á þær brtt., sem fram hafa komið á þessari löngu leið málsins, og umr. um það. Og ég vil, með leyfi forseta, lesa upp till., sem fyrst var fram borin, og hún er á þessa leið:

„Alþingi ályktar, að gera beri hið fyrsta ráðstafanir til þess að bæta úr þeim alvarlega skorti á leiguhúsnæði, sem ríkjandi er í flestum þorpum og kaupstöðum landsins, og felur í því skyni ríkisstj.:

1. að láta fram fara könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um land allt;

2. að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf."

Þessi till. fór síðan til allshn. Sþ., og allshn. tók till. til íhugunar og fékk umsagnir þ. á m. húsnæðismálastjórnarinnar. Sú umsögn, sem þaðan fékkst, var mjög jákvæð, og Húsnæðismálastofnun lagði til, að þessi till. yrði samþykkt. Nefndin gerði eina breytingu á till., og það er breytingin við 2. tölulið, þannig:

„Skal þess gætt, að þessi sérstaka fjármagnsútvegun dragi ekki úr öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis."

Um þessa till. voru menn samdóma í allshn.

Síðan kemur fram brtt. frá þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og Eggert G. Þorsteinssyni, og hún er við 2. tölulið, að á eftir orðinu „sveitarfélaga" komi: og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir.

Skömmu eftir að þessi till. hafði komið fram og verið nokkuð rædd, var hún fengin til meðferðar allshn. að beiðni hæstv. forseta Sþ. Allshn. hefur tekið þessa brtt. til athugunar og fallizt á hana og sett hana inn í eigin till., þ. e. till. frá allshn., sem er á þskj. 722. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hana upp:

„Á eftir orðinu „sveitarfélaga" komi: Svo og til annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir, enda komi þá samþykki sveitarstjórnar til, þannig að þessum aðilum sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf."

Nm. féllust á þessa till. fyrir þá sök, að það er margs konar félagsskapur víða úti í sveitarfélögum, eins og samvinnufélög af ýmsu tagi og jafnvel aðrir aðilar, sem reka atvinnurekstur í sveitarfélagi, sem væri þannig séð ekki aðeins rétt, heldur líka skylt að byggja slíkar íbúðir yfir fleira eða færra af sínu starfsfólki. En allshn. þóttist slá nokkuð sæmilegan varnagla, þar sem segir í till., að sveitarstjórn þurfi að samþykkja, þegar slíkir aðilar ætla sér að byggja leiguhúsnæði.

Nefndin var sammála um það, að undirstaðan að þessari till. og brtt. við hana sé sú, að með henni sé reynt að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ekki er vafi á því, að þegar t. d. skuttogararnir eru allir komnir hver á sinn stað víðs vegar um land, þá kalla þeir til sín tölu-vert af starfsliði, sem ekki var áður til staðar. Það er alveg gefið mál, enda er það meiningin með togara-kaupunum m. a. að útvega atvinnu og hafa hana sæmilega stöðuga sem mestan hluta árs.

Ég ætla nú ekki að orðlengja þetta. Það er búið að tala svo mikið í þessu máli, að kjarni málsins er farinn að hyljast nokkuð skuggum. Hæstv. ráðh. telur, að þegar séu í löggjöf ákvæði, sem séu til þess ætluð að stuðla að byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og einkaaðila. (**Gripið fram í:** Með sömu kjörum og einkaaðilar.) Já, í 8. gr. húsnæðismálalaga, en í þessari till. er gert ráð fyrir því, að útvegað sé, þegar til kemur, fjármagn í þessu skyni, og sleginn varnagli við því, að slíkt fjármagn þröngvi kosti þeirra einstaklinga, sem annars eiga að fá eða hljóta að fá íbúðarhúsnæðislán. Hitt má vel vera, að það mundi reynast erfitt að útvega slíkt fjármagn. Það þarf mikillar könnunar við, en fyrst og fremst, og það er annað höfuðatriði málsins, er nauðsynlegt, að fari fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði víðs vegar úti um land. Sannarlega er það mikið og stórt verkefni fyrir þá, sem það eiga að framkvæma, en það er undirstaða þess, að við getum haldið áfram.

Í 2. tölul. segir svo, „að leggja fyrir Alþ." Það er ekki endilega næsta Alþ., og ég persónulega hygg, að það sé ekki nokkur leið að gera það, þannig að það verði síðar að koma fyrir Alþ. til úrslita.

Þá held ég, að ég hafi gert, eftir því sem ég hef getað, grein fyrir þeim till., sem hér liggja fyrir, og ég vil vænta þess og mæli fyrir hönd allshn., að atkv. megi sem fyrst ganga um þessa till. og að málinu verði gerð góð skil með slíkri afgreiðslu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Það er að bera í bakkafullan lækinn að ræða þetta mál miklu meira. Mér eru það nokkur vonbrigði, að ekki hefur tekizt að skýra málið svo, að tekizt hafi að sannfæra hæstv. félmrh. um ágæti þessarar till., og má segja, að sannist hið fornkveðna, með svona smávægilega breyttu orðalagi mínu, að það sé erfitt að kenna gömlum manni að sitja, en ég ætla aðeins að freista þess að minnast á örfá atriði. Það er í fyrsta lagi, að við síðustu umr. um þessi mál gat ég þess sérstaklega, að í 8. gr. húsnæðismálalöggjafarinnar væri ætlazt til þess, að lána mætti út á leiguíbúðir, en við teldum það ekki fullnægjandi. Ég ræddi það sérstaklega og gat einnig um þá reglugerð, sem um það gildir, og þetta er þegar komið fram í umr.

Hæstv. ráðh. finnur að því, að í till. er gert ráð fyrir því að gera fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði. Ég vil aðeins skýra það, að í mínum huga a. m. k., og ég hygg annarra flm., er það svo, að rekstur leiguhúsnæðis er að sjálfsögðu mjög og fyrst og fremst háður því, með hvaða kjörum fjármagn er veitt til byggingarinnar, því að það eru vextir af byggingar-kostnaði, afborgun lána, sem þarna eru langsamlega erfiðastir liðir, og mér þykir leitt, ef þetta má misskilja, en að sjálfsögðu var ekki ætlunin, að lánað yrði áfram til slíkra leiguíbúða vegna rekstursins. Ég viðurkenni, að þetta er ekki nógu skýrt fram tekið í till., en við þetta var átt, að það væri með þeim kjörum, að reksturinn yrði bærilegur einnig.

Hæstv. ráðh. taldi, að um misrétti gæti orðið að ræða, þar sem svo sérstaklega hagstæð lán væru ætluð til þessara leiguíbúða. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þegar í dag er gert ráð fyrir því að veita lán með mjög hagstæðum kjörum og miklu meiri lán en almennt er t. d. til verkamannabústaða og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, og er það vel, ég fagna því, þannig að þetta mál hér er ekki einsdæmi. Það eru þarna fordæmi um slík sérstök lánakjör. Auk þess tel ég og við flm., að hér sé um svo mikið byggðamál að ræða, að það falli

raunar undir vilja hæstv. Alþingis að veita fjármagn með sérstökum kjörum, þar sem ástæða er til, af byggðaástæðum.

Brtt. hefur hv. frsm. allshn. rætt, og ætla ég ekki að fjalla um þær. Þar er m. a. gengið til móts við það sjónarmið, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. taldi, að í grg. væri til þess ætlazt, að fullnægja ætti húsnæðisþörf þeirra, sem til viðkomandi staða flytja, en ég vil vekja athygli á því, að setningin heldur áfram og þar er sagt: „eða hefja þar búskap og þátttöku í atvinnulífi". Vitanlega er þar alveg eins átt við heimamenn, sem hefja búskap á viðkomandi stað og þátttöku í atvinnulífi. Þetta á bæði við heimamenn og sömuleiðis þá, sem til viðkomandi staða vilja flytjast. Ég sé að sjálfsögðu enga ástæðu til að gera þar greinarmun á.

Ég vil að lokum lýsa ánægju minni með það, að hæstv. ráðh. viðurkennir nú þörfina og telur, að hún muni koma í ljós í þeirri athugun, sem þarna er lagt til í 1. lið, að gerð verði. Það er sannfæring mín, að þessari þörf sé hægt að fullnægja. Ég geri ráð fyrir því, að fyrir Alþ. verði lagt frv. um útvegun fjármagns og þar komi eflaust fram fleiri atriði í þessu sambandi. Við höfum fullnægt meiri þörf og leyst meiri vanda en þennan. Ég treysti því, að svo verði einnig í þetta skipti.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Hv. 1. þm. Vestf. fór mörgum orðum um það, hvað ég hefði talað lengi síðast. Ég hef einu sinni talað í þessu máli. Sjálfur er hann búinn að halda fimm ræður, og ég held nú, að hann ætti ekki að tala mikið um það. En það, sem verra er — (Gripið fram í.) Fimm ræður, herra forseti. (**Forseti:** Ég hélt, að það væru þrjár.) Fimm, herra forseti, en það, sem verra er eftir allt þetta tal, er, að við erum nú litlu nær um hans aðgerðir, hvað þessi till. á að þýða. Ég benti á það áður, að það væri mjög erfitt að gera sér grein fyrir merkingu þessarar þáltill. Hæstv. félmrh. sagði það sama, og við vorum alveg sammála um það. Ég hef reynt að gera heiðarlega tilraun til þess að fá eitthvert vit úr þessari till. og notið þar góðrar aðstoðar hv. allshn. Það eru hvorki meira né minna en þrjár brtt., sem eru komnar við þessar fáu línur, sem þáltill. er. Það er til þess að fá vit í till. Það var ekki hægt að fá vit í till. nema með þessum aðgerðum. Ef till. frá mér verður samþ., og þó að hún verði samþ. í því formi, sem allshn. leggur til, — ég hef ekkert við það að athuga, — þá verður um aðgerð að ræða til þess að efla húsbyggingar í landinu.

En það er alveg greinilegt, að það er ekki bolmagn til þess að gera slíkar aðgerðir hvarvetna í landinu. Þess vegna á að beina þessum aðgerðum að þeim stöðum, sem eiga í vök að verjast og þarf að aðstoða til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. En ég vildi gera meira en að efla aðila til þess að byggja leiguíbúðir. Ég vildi efla einstaklinga á þessum stöðum einnig. Ég taldi rétt, að það ætti að hækka öll lán til íbúðabygginga til þessara staða, sem verið er að aðstoða sérstaklega til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Það eigi að lána einstaklingum, sem vilja byggja eigin íbúðir á þessum stöðum, 80% af kostnaðarverði, eins og verið er að tala um að verði lánað sveitarfélögum til þess að byggja leiguíbúðir. Ef þetta er ekki haft í huga, þá eru það tóm látalæti, þegar menn koma hér upp í þennan ræðustól og þykjast vera sérstakir forsvarsmenn þess, að það verði haldið við þá stefnu í byggingarmálunum, að fyrst og fremst búi menn í eigin íbúðum.

Þessa stefnu, sem ég lýsti í minni ræðu, kallaði hv. 1. þm. Vestf., hann afgreiddi þetta mál með hverju haldið þið? Hann sagði: „Þetta er gamla íhaldsstefnan." Hans stefna, eins og hún kemur fram í tillögugerðinni og hún liggur fyrir enn, er að takmarka aðgerðir í þessum málum, hverfa af þeirri braut, sem smám saman hefur orðið stefnan að fikra sig eftir, að veita öllum aðilum lán til að byggja leiguíbúðir, hverjum sem er. Þegar núgildandi húsnæðislöggjöf var fyrst lögfest, þá gilti þetta ekki. Þetta hef ég allt skýrt hér áður.

Hv. 1. þm. Vestf. lét orð falla á þá leið, að kjósendur okkar í Vestfjarðakjördæmi mundu frekar kunna að meta hans stefnu en gömlu „íhaldsstefnuna", sem ég var að lýsa. Þetta á nú ekki beint erindi hingað, en ég vil aðeins segja við þennan hv. þm., að ég er reiðubúinn og skora á hann að mæta mér á Vestfjörðum og ræða þetta mál þar, og þá skulum við sjá, hvort menn hafa á móti því að fá 80% af kostnaðarverði íbúða lánuð, hvort sem um leiguíbúðir er að ræða eða eigin íbúðir.

Ég hirði ekki um að eltast við allt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði. Það er náttúrlega orðið nokkuð langsótt, sem hann segir varðandi 1. tölul. í till. sinni, sem er um að leita upplýsinga um þörfina fyrir leiguhúsnæði. Hann segist ekki hafa getað fengið þessar upplýsingar í húsnæðismálastjórn, og hann vildi kenna mér um þetta, því að ég hefði verið í húsnæðisstjórn fyrir tveim árum. Það hvarflaði ekki að honum að orða það, að þetta væri kannske sök hæstv. félmrh. Nei, það var mér að kenna. Þetta er atriði, sem þarf stöðugt að vaka yfir og þarf alltaf að fá nýjar upplýsingar um. Ég hirði ekki að víkja fleiri orðum að þessum fimm ræðum hv. 1. þm. Vestf.

Ég vík þá að hv. 7. landsk. þm. Hann ræddi aðeins um verkamannabústaðina í ræðu sinni hér áðan. Það mátti skilja það af hans orðum, að ég hefði verið að halda einhverja sérstaka hólræðu yfir þeim breytingum, sem gerðar voru á verkamannabústaðakerfinu árið 1970. Ég sagði ekkert um það þá. Ég sagði ekki einu sinni, að það hefði verið til bóta, en ég get sagt það núna, að ég hygg, að það hafi verið til bóta, en það á eftir að koma betri reynsla á það. Allt tal hv. 7. landsk. þm. um verkamannabústaðakerfið fannst mér mótast nokkuð af misskilningi. Hann fer að tala um Ólafsvík í þessu sambandi og telur, að hann geti fært einhver rök á móti mínum málflutningi með því að nefna Ólafsvík. Hv. þm. Alexander Stefánsson nefndi Ólafsvík hér fyrr í þessum umr. og sagði, að Ólafsvík gæti á fjögurra ára tímabili byggt sex íbúðir miðað við 400 kr. framlagshámark á íbúa. Ég sagði að gefnu tilefni, af því að það var búið að segja þetta, að ef þetta væri rétt, þá væru það eitthvað um 18 íbúðir, sem Ólafsvík gæti byggt eftir að lögunum hefði verið breytt á þessu þingi. Hv. þm. talar eins og það sé eitthvert árásarefni á þá, sem stóðu fyrir því, að ákvæðum laga um hámark framlags sveitarfélaga var breytt. Og hann talar í sömu andránni eins og það sé hægt að heimfæra allar byggingar undir verkamannabústaðakerfið.

Hann er búinn að gleyma því, að verkamannabústaðakerfið hefur frá upphafi verið byggt upp með það

fyrir augum, að það hjálpi einungis þeim, sem verst eru settir, og hjálpi þeim betur en hin almennu lánakjör eru. Þetta er ekki hægt að gera nema takmarka þennan hóp, og þessi hópur hefur alltaf verið álitinn um 10—15% húsbyggjenda, þegar lögin um verkamannabústaðakerfið hafa verið endurskoðuð á undanförnum áratugum, og ég vil fullyrða það, að eins og lögin eru núna, þá fullnægja þau þessu. Það eru engin þau takmörk, að sveitarfélög, þó að lítil séu, geti ekki byggt sem svarar 10% af byggingum eftir þessu kerfi. En hv. þm. sagði: Sveitarfélögin hafa ekki efni á þessu. Þau hafa ekki efni á þessu. Það er mikið til í þessu, en menn verða að hafa í huga, að frá því að verkamannabústaðakerfið var sett á stofn 1931, hefur alltaf gilt sú regla, að sveitarfélögin greiði í kerfið jafnmikið og ríkissjóður. Það hefur verið helmingur frá hvorum aðila. Þetta er óbreytt enn. Þetta hefur getað gengið í 40 ár, en það eru ekki nema 10 mánuðir síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, og þá ugga menn um það, að sveitarfélögin geti gert þetta. Þannig var farið með sveitarfélögin, þegar sett voru hin nýju lög um tekjustofna sveitarfélaga fyrr á þessu þingi. En þessi hv. þm., 7. landsk., ætti því að segja nokkur alvarleg orð um þetta efni við hæstv. félmrh.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, en þá kem ég að hæstv. félmrh. Hann nefndi nokkur atriði í upphafi sinnar ræðu um þáltill., sem hér er til umr. Þó að ég hafi samúð með hæstv. ráðh. í því efni, að það er erfitt að skilja till., þá undrast ég það mjög, hve lítill hugur er í hæstv. ráðh. að gera átak í þessum efnum, því að það er nauðsynlegt að gera átak til þess að efla byggingu leiguíbúða á hinum smáu stöðum, sem í vök eiga að verjast víðs vegar á landinu. En hæstv. ráðh. sagði hér áður í þessum umr., þegar hann vék að þessu, að það væru ljón á veginum. Ég sagði í minni síðustu ræðu; það eru vissir erfiðleikar, en aðalljónið er hæstv. félmrh. sjálfur, meðan hann hefur ekki trú á því, að neitt sé hægt að gera í þessum efnum.

Hvers er þá að vænta undir hans stjórn? Ég ætla alveg að leiða hjá mér, hvort þessi afstaða hæstv. félmrh. sé í samræmi við stjórnarsáttmálann eða afstaða hv. 1. þm. Vestf. Hann hefur sagt hér áður í þessum umr., að hæstv. félmrh. væri að brjóta gegn stjórnarsáttmálanum. (Gripið fram í.) Hv. þm. sagði, að þetta væri í stjórnarsáttmálanum og afstaða ráðh. væri ekki í samræmi við stjórnarsáttmálann. Ég kalla það að brjóta stjórnarsáttmálann, en menn sjá, að efnislega er þetta sama og við erum að segja. En ef þetta er í stjórnarsáttmálanum, þá verð ég að harma það, að ef einhvern tíma fyrirfinnst eitthvað, sem nýtilegt er, þá skuli vera skotizt undan því að framkvæma það, eins og hv. 1. þm. Vestf. hefur haldið fram gagnvart félmrh.

Það hefði verið mjög ánægjulegt að ræða við hæstv. félmrh. um ýmis þau atriði, sem ég vék að í ræðu minni áður. Hann leiddi algjörlega hjá sér að svara mörgum efnislegum atriðum, sem ég ræddi ítarlega varðandi þessi mál. Það var vegna þess, eins og hann sagði sjálfur, að honum var löngu runnin reiðin. Það er ágætt að láta sér renna reiðina. En finnst hv. þm., að þetta sé nægileg afsökun fyrir hæstv. ráðh. til að skjóta sér undan umr. um svona þýðingarmikil og alvarleg mál sem húsnæðismálin eru? Nei, ég veit, að það finnst engum.

Ég skal ekki fara að endurtaka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu um hin ýmsu efnisatriði þessa máls, en ég kem þá beint að því eina, sem hæstv. félmrh. vék að úr minni fyrri ræðu, og það voru ummæli hans um hina þingkjörnu fulltrúa í húsnæðismálastjórn. Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði ekki sagt neitt móðgandi eða meiðandi um menn. Hann sagði það bara um flokka. Þessum hæstv. ráðh. er fyrirmunað að skilja það, að flokkar samanstanda af mönnum. Það kann að vera, að þeir viti ekki í SF um neina flokksmenn, en við höfum nú ekki almennt þá skoðun á þessu máli. Auðvitað var hann að ærumeiða þessa menn. Það var rétt haft eftir mér, sem hæstv. ráðh. sagði og ég var ekki fyrr búinn að segja en hv. 3. landsk. greip fram í og sagði þetta vera hárrétt. (Gripið fram í.) Já, þetta er hárrétt, og hæstv. félmrh. gerði enga aths. við þetta þá. Hann getur ekki heldur komizt undan þessu. Ég ætla ekki hér að fara að lesa aftur upp aths. þá, sem húsnæðismálastjórnarmenn birtu í Morgunblaðinu á sinni tíð og ég las upp hér í minni síðustu ræðu. Ég vil aðeins endurtaka hér nokkur orð. Í þessari yfirlýsingu segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir fulltrúar Alþingis í húsnæðismálastjórn telja því framangreind ummæli félmrh. ákaflega ómakleg og næsta óskiljanlegt, hvað fyrir honum vakir með slíkum ásökunum og nafngiftum. Munu þess sem betur fer engin dæmi, að ráðh. hafi veitzt með hliðstæðum hætti að stjórnendum stofnunar, er undir hann heyrir. Ættu og önnur verkefni að standa ráðh. nær en að leitast við að rýra þannig tiltrú mikilvægrar félagsmálastofnunar, er heyrir undir ráðuneyti hans."

Hæstv. félmrh. segir, að þetta sé bara þukl. Þukl getur verið margs konar. Gerir hæstv. félmrh. ekki greinarmun á pólitísku þukli og öðru þukli? Hvers vegna nefnir hann pólitískt þukl? Það eru hans eigin orð. Það er af því, að það er þukl sérstaks eðlis. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Nei, hæstv. ráðh. ætti að taka það ráð, sem ég gaf honum hér fyrr í umr., að koma hér upp í pontuna og biðjast afsökunar á þessum ummælum. Það er alltaf mannlegt að skjátlast, og þessi hæstv. ráðh. er ákaflega mannlegur, og ég tel honum það ekki til lasts, ég tel það bara kost. Hæstv. ráðh. ætti að gera þetta, en ég skal ekki fjölyrða um þetta.

Alvara málsins og sú mesta, hún er eftir. Ég spurði hæstv. ráðh. að því, hvað hann hygðist fyrir í húsnæðismálunum. Hann hefur sjálfur lýst því yfir, að það vanti 500 millj. til þess að hægt sé að fullnægja þörfum ársins í ár. Mig grunar, að þetta sé of lágt, vegna þess að það sé ekki reiknað með hækkun á hinum almennu lánum húsnæðismálastjórnar, sem eiga að hækka samkv. löggjöfinni frá 1970 á þessu ári. Og mig grunar, að ýmis önnur atriði séu ekki upp talin, eins og ég gerði grein fyrir í minni fyrri ræðu. Hæstv. félmrh. víkur ekki einu orði að þessu. Hann segir bara: „Mér er runnin reiðin." Er þetta hægt? Er þetta hægt, Matthías? Ég held, að þetta sé ekki hægt. Þetta getur ekki ábyrgur ráðh. leyft sér að gera, og ég vil enn á ný skora á hæstv. ráðh., um leið og hann kemur hér upp til þess að biðja þingkjörna fulltrúa húsnæðismálastjórnar afsökunar, að gera okkur nokkra grein fyrir því, hvað hann hyggist fyrir í þessum alvarlegu málum, áður en þessari umr. lýkur.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég er nú þakklátur hv. 4. þm. Sunnl. fyrir það, að hann rifjaði upp allar þær brtt., sem fram eru komnar við þessa upphaflegu till., eins og fyllilega er þörf, því að áreiðanlega hafa þm. ekki gert sér grein fyrir þeim að fullu. Mér finnst, að þegar á þær er litið ásamt till., þá sé búið að gera till. svo víðtæka, að hún nái til alls leiguhúsnæðis, ekki aðeins þess, sem byggt er og rekið á vegum sveitarfélaga, heldur einnig á vegum allra annarra aðila. Það þýðir, að til þess að framkvæma hana eins og hv. n. leggur til, þarf miklu meira fjármagn sveitarfélaga og annarra, sem byggja vilja leiguíbúðir. Það verður samkv. þessu sérstök fjáröflun til allra þeirra, sem byggja leiguíbúðir. Og þá spyr ég: Er það virkilega ætlun manna að skilja þá eftir eina, sem byggja eigin íbúðir yfir sjálfa sig? (Gripið fram í.) Svona er till. þýdd. Þú bara skilur hana ekki sjálfur. Það var leiðinlegt. Með þessu er verið að leggja til, að allir þeir, sem leiguíbúðir byggja, skuli fá sérstakt, ríflegt fjármagn til að byggja leiguíbúðir og reka þær.

Ég held, að vandkvæðið við þetta sé það, að það verði ekki metin rétt stefna í húsnæðismálum að láta eingöngu sitja á hakanum þá, sem ætla að byggja eigið húsnæði yfir sig, en greiða með sérstökum fjárveitingum fyrir öllum þeim, sem leiguhúsnæði ætla að byggja. Eins og till. er nú orðin, er eingöngu verið að gera upp á milli leiguhúsnæðis og eigin húsnæðis, og stefnan er þá sú, að láta eigið húsnæði sitja á hakanum með minni fjárveitingum en leiguhúsnæðið á að njóta. Nú sitja allir við sama borð, fá sömu lánsfjárupphæð, hvort sem þeir byggja yfir sig eigið húsnæði eða leiguhúsnæði, og þannig held ég, að það verði að vera, nema menn ætli að hverfa frá þeirri ráðandi og ríkjandi stefnu að stuðla að því, að sem flestir eignist þak yfir höfuðið sjálfir.

Mér var bent á það hér áðan af þm., að ég mætti vel við una. Það væri bæði búið að kalla mig hund og ljón í þessari umr., og læt ég alveg við það sitja. Það er ekki sem verst. En til hvers kom hv. 5. þm. Vestf. hér upp í ræðustólinn áðan? Kom hann hingað til að finna þeim orðum sínum stað, að ég hefði borið hina kjörnu fulltrúa húsnæðismálastjórnar hinum þyngstu sökum, og þá hverjum sökum? Ég bað hann um að segja mér frá því. Ég vitnaði í mín fyrri ummæli, las þau hér orði til orðs, og ég hygg, að enginn nærstaddur hv. þm. hafi heyrt í þeim nokkurt sviguryrði til húsnæðismálastjórnarmanna. Ég lýsti minni persónulegu skoðun. Í báðum tilfellunum byrjuðu setningarnar á því, að það væri mín persónulega skoðun, að kerfið væri svona, og síðan hugmyndir, persónulegar hugmyndir mínar um, hvernig ætti heldur að koma því fyrir í einni stofnun í staðinn fyrir tveimur. Og ekkert af þessu gat höggvið neitt nærri húsnæðismálastjórnarmönnum. Ég hef þannig ekkert til að biðja þá afsökunar á, en ég hefði haldið, að það væri ástæða til þess, að hv. 5. þm. Vestf. bæðist afsökunar, eftir að honum hafa verið lesnir þeir ræðukaflar, sem þarna var um að ræða og ekkert meiðandi fannst í þeim persónulega til nokkurs manns, hvorki húsnæðismálastjórnarmanna né annarra. Hann hefði átt að biðja afsökunar á því að hafa sagt, að ég hefði borið hina kjörnu fulltrúa þyngstu sökum. Síðan bætti hann við: „Auðvitað var hann að ærumeiða þessa menn.“ Þá eru það orðnar, ekki þyngstu sakir, heldur ærumeiðingar bókstaflega. Ég lýsi þessu sem algjörlega tilefnislausu.

Það er rétt, hv. þm. geisaði víða í sinni ræðu um daginn, og m. a. vék hann að fjárvöntun húsnæðismálakerfisins. Af hverju er húsnæðismálakerfið peningalaust í ár? Af því að það var búið að nota fyrir sig fram allar tekjur þessa árs, samkv. skýrslugjöf húsnæðismálastjórnar sjálfrar, nema 50.4 millj. kr. Það er þess vegna, sem þarf að útvega hundruð millj. kr. í húsnæðismálakerfið á þessu ári. Það er uppétið fyrir sig fram. Sú fjáröflun hefur verið í gangi að undanförnu, og eru nú nokkrar líkur til þess, að útvegaðar verði 200—250 millj. kr. til þess að bæta úr þessu og 60 millj. kr. frá atvinnuleysistryggingunum að auki, þannig að ég geri mér vonir um, að takast megi að útvega a. m. k. 300 millj. kr., sem kæmu þá til notkunar áður en næst þarf á úthlutunarfé að halda, sem ég hygg, að muni vera núna í júnímánuði. Hingað til hafa allar löglegar umsóknir um húsnæðislán verið afgreiddar. Það vantaði 6 millj. kr. upp á, að hægt væri að afgreiða síðustu lán, og það var útvegað hjá Seðlabankanum sem bráðabirgðalán. Hingað til hefur þannig ekkert staðið upp á húsnæðismálastjórn, og ég læt hv. þm. alveg um það að spá í framtíðina. Það er ekkert enn þá, sem stendur upp á húsnæðismálastjórn, nema þá vegna þess, sem var búið að eyða fyrir fram af fyrrv. stjórn. Og ég held, að það verði bezt að láta mig hafa áhyggjurnar af því og að hv. þm. bogni ekkert í baki undan þeim áhyggjum. Ég hugsa, að það verði ekki hann, sem útvegi það fé.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði hér áðan. Það er rétt hjá þessum hv. þm., að hann hefur verið furðulegur það sem af er þingi. Þetta er gæflyndur maður og lætur sér slíkt sæma. Það fer vel á því. En hann hefur tekið sig á nú í restina.

Hann sagði hér, að að sínu mati væri 10—15% af byggingarþörfinni nægjanlegt í verkamannabústaðakerfið. Það er sem sé að hans mati nægjanlegt fyrir 1000 manna bæ að byggja 1½ íbúð á ári fyrir verkafólk. Þetta er kannske stefna Sjálfstfl. í húsnæðismálum. (Gripið fram í.) Já, og hvað þá þar fyrir neðan? Ég er alveg undrandi á jafngreindarlegum manni í útliti og þessi hv. þm. er, að hann skuli láta sér það sæma að segja hér á Alþ., að hann skilji ekki það, sem ég var að tala um. Hann segir, að verkamannabústaðakerfið sé nú eins og það hafi verið frá upphafi. Þetta er alls ekki rétt. Þetta veit þessi hv. þm., að er rangt. Áður var kerfið þannig, áður en viðreisnin breytti því, að það var borgað til helminga af ríki og bæjar- eða sveitarfélögum, en það var hægt að fá umframlán til að fjármagna þörfina, eins og hún var á hverjum tíma. Það var það, sem viðreisnarstjórnin bremsaði. Og það er þröskuldurinn, sem hin smærri sveitarfélög eiga nú við að búa. Það er því alveg ástæðulaust hjá þessum hv. þm., eins og hann gerði í sinni ræðu og undirstrikaði það hér áðan, að vera að vegsama á nokkurn hátt þessa breytingu viðreisnarinnar á verkamannabústaðakerfinu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég sagði ekki í mínum orðum áðan, að það væri nægilegt, að það væri byggt á vegum verkamannabústaðanna 10—15%. Ég sagði ekkert um það. Ég sagði bara, að það hefði

verið reiknað með því. Því miður held ég, að það þurfi mjög að takmarka þessa fyrirgreiðslu, sem er meiri en til annarra, ef hún á að vera raunhæf. En þeir, sem eru uppi með lýðskrum í öllum málum, vilja gera allt fyrir alla. Það er í anda þess hv. þm., sem var að tala hér á undan mér. En það þýðir, að það er ekkert gert fyrir neinn, raunverulega. Hann sagði, að það væri ekki rétt, sem ég hefði sagt, að verkamannabústaðakerfið hefði verið byggt upp frá 1931 þannig, að það væri greitt til þess að jöfnu frá sveitarfélögunum og ríkinu. Svo viðurkenndi hann, að þetta væri rétt. Ég var ekki að tala um neina aðra uppbyggingu en þessa. Það er ekki ástæða til að svara þessum hv. þm. frekar.

Aðeins eitt orð við hæstv. ráðh. Það er ágreiningur okkar á milli, hvort ummæli hans um húsnæðismálastjórn hefðu verið óviðurkvæmileg eða ekki. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því, sem ég hef sagt. Það er ágreiningur okkar á milli um það. Athyglin hefur beinzt að því, hvernig eigi að skilja það, sem hæstv. ráðh. nefnir sjálfur „pólitískt þukl". Menn geta svo lagt í það þann skilning, sem þeir vilja, en ég legg þennan skilning í það, sem ég hef lýst, og þeir menn, sem þetta var mælt um, leggja þá merkingu í það. Þetta er staðreynd.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég mundi ekki þurfa að hafa áhyggjur af því, hvernig yrði aukið fé til húsnæðislánakerfisins. Mér finnst, að við megum nú allir hv. þm. hafa nokkrar áhyggjur af því. Auðvitað er það rétt, að mestar áhyggjur ætti hæstv. félmrh. að hafa í þessu efni, en því miður, mér fannst ekki mikið á því að græða, sem hæstv. ráðh. sagði um sínar fyrirætlanir í þessu efni. Það var svo loðið.

En við skulum vona, að úr rætist. Það viljum við áreiðanlega öll.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 644 samþ. með 25:21 atkv.

Brtt. 356 samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 925).

37. Orlof í landbúnaði.

Á deildafundum 9. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um orlof og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði [213. mál] (A. 420).

Á 50., 54. og 55. fundi í Sþ., 17. marz, 6. og 11. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 420 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. ásamt þremur öðrum þm. Sjálfstfl. um orlof og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði. Till. þessi var flutt hinn 9. marz s. l. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að skipa nefnd til þess að semja frv. til l. um orlof sveitafólks og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði. Nefndin skal skipuð í samráði við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands. Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má."

Það er skoðun okkar flm., að ekki megi lengur dragast að hefja undirbúning löggjafar um orlof sveitafólks. Orsakirnar, sem liggja að baki þessari skoðun, er að finna hvort tveggja í þeirri þróun, sem á undanförnum árum hefur orðið í landbúnaðinum sjálfum, sem og meðal annarra atvinnugreina. Jafnhliða þeim miklu umskiptum, sem orðið hafa í landbúnaðinum og byggzt hafa öðru fremur á stóraukinni ræktun og tæknibúnaði, hefur því fólki, sem að landbúnaði starfar, farið sífækkandi, svo að aðkeypt vinnuafl er orðið hverfandi í búrekstrinum. Um leið og sífellt er krafizt meiri þekkingar, aukinna afkasta og framleiðni, hefur bóndinn ásamt fjölskyldu sinni orðið rígbundinn við bústörfin svo að segja alla daga ársins jafnt, vegna þess að hann hefur ekki öðrum á að skipa til verka. Á sama tíma hefur svo vinnutími flestra annarra stétta orðið æ styttri og orlofið lengra. Öllum er ljóst, að eftir lagasetningu Alþingis í des. s. l. um lengingu orlofs í 24 virka daga og styttingu vinnuvikunnar í 40 stundir, sem í raun þýðir 37 stundir og 5 mín., er misræmið orðið geigvænlegt milli bændastéttarinnar og t. d. þeirra stétta, sem kjör bænda eru miðuð við.

Þegar þannig er komið, að einstök stétt er orðin svo áberandi afskipt um félagsleg réttindi, er hætta á ferðinni. Eðlileg afleiðing af fjölgun frídaga og styttingu vinnutímans er sú, að fólk leggur mikið upp úr því að eiga kost þessara réttinda. Vissa er fyrir því, að unga fólkið, sem nú er að velja sér lífsstarf, hikar við að ganga inn í þær atvinnugreinar, sem þarna eru afskiptar. Verði hlutur landbúnaðarins ekki réttur í þessum efnum, má búast við mikilli tregðu í endurnýjun bændastéttarinnar, sem hlýtur að þýða hægfara eyðingu hennar eða að hún verði í auknum mæli skipuð mönnum, sem lítilla kosta eiga völ annars staðar.

Í gær var verið að ræða hér í hv. Nd. um frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Þar bar á góma þau mál, er varða kjör bænda. Í þessum umr. um hin hagrænu efni, sem beint varða tekjur bændastéttarinnar var á það bent í einstökum ræðum, að þörf kynni að vera á því að eiga í handraðanum ráð til þess að skattleggja bændur með sérstökum hætti til þess að vinna gegn of mikilli framleiðslu.

Ég skal ekki ræða þetta frv. hér, enda er það ekki á dagskrá, en ef svo fer, að bændastéttin verður í vaxandi mæli, svo sem gerzt hefur nú á síðustu mánuðum, afskipt um ýmis réttindi í þjóðfélaginu, lít ég svo á, að vissa sé fyrir því, að það þurfi ekki að skattleggja hana með sérstökum hætti til þess að vinna gegn framleiðslu landbúnaðarvara. Það er sem sé að mínu áliti ekki síður ástæða til þess að gefa því gaum, að landbúnaðinum og þar með þjóðinni í heild er það mikilsvert, að sú stétt verði ekki afskipt á öðrum sviðum en í kjaramálum.

Það má öllum ljóst vera, að nokkur tæknileg og fjárhagsleg atriði þarf að leysa, svo að orlof sveitafólks geti orðið að veruleika. Á það hefur þegar verið bent, að þörfin er engu minni í þessari atvinnugrein en ýmsum öðrum fyrir orlof og frítíma. Rétturinn ætti einnig að vera hinn sami, og ber að stefna að því, að orlof geti orðið allt að 24 virkir dagar, eins og hjá launafólki. Óvíst er þó, hvort slíku marki yrði náð í einum áfanga eða þegar í stað. Orlofsrétturinn þarf einnig að ná bæði til bónda og húsfreyju og a. m. k. þeirra af börnum þeirra, sem að staðaldri vinna að bústörfum. Rétt er að minna á í þessu sambandi, að húsfreyjur í sveitum munu oft og einatt vinna lengri vinnudag en flestir aðrir þegnar þjóðfélagsins, og er því þýðingarmikið, að reglur þær, sem settar verða um orlof í landbúnaði, séu þannig úr garði gerðar, að fullt tillit sé tekið til þess og hlutur húsfreyjunnar verði ekki fyrir borð borinn í þeim efnum.

Í þáltill. er vikið að þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði. Augljóst er, að rétturinn til þess að taka sér orlof er lítils virði og verður ekki nýttur nema kostur sé á fullnægjandi vinnuafli til þess að annast bústörfin, meðan á orlofi stendur.

Áður er að því vikið, hvert fámenni er nú yfirleitt á sveitaheimilum. Þar er yfirleitt ekki fólk til skipta, og þó að bóndi og húsfreyja geti í einstökum tilvikum bætt á sig nokkrum störfum á víxl um takmarkaðan tíma, verður að telja æskilegt, að hjónin geti bæði tekið sér orlof samtímis. Það er því eitt af hinum þýðingarmeiri atriðum í tæknilegri hlið þessa máls, hvernig unnt er að skipuleggja vinnuafl, sem leyst geti bændur og annað sveitafólk af hólmi, meðan á orlofi stendur. Þetta er hér nefnt þjónusta staðgöngumanna, og er mikils um vert, að sá þáttur sé ekki undanskilinn, þegar löggjöf um orlof sveitafólks er undirbúin. Að vísu munu bændur í sumum tilvikum geta leyst þennan vanda sjálfir, t. d. í samvinnu við nágranna og aðra aðila, en jafnvíst er, að eins oft mun þurfa aðstoð annarra aðila við skipulagningu þessara mála og útvegun staðgöngumanna, svo að þeir verði nýttir með hagkvæmum hætti.

Orlof og þjónusta staðgöngumanna mun hafa í för með sér aukna fjármagnsþörf fyrir landbúnaðinn. Hér er ekki vikið að ákveðnu formi þeirrar fjármögnunar, sem er eitt af þeim atriðum, sem taka þarf til gaumgæfilegrar athugunar við undirbúning löggjafar um þetta efni. Það er þó ljóst, að ekki verður með sanngirni til þess ætlazt, að landbúnaðurinn leggi þetta fjármagn til nema að takmörkuðu leyti eða þá með öðru móti en því, að til hans verði varið sérstöku fjármagni í þessu skyni. Hugsanlegar leiðir í þessu efni til fjármögnunar eru auk beins fjárframlags úr ríkissjóði, að hluti af þessu fjármagni komi sem sérstakt álag á verðlagið. Á það er þó rétt að benda, að slíkt álag á verðlag hefur vissulega sína ókosti bæði fyrir neytendur og framleiðendur. Alla möguleika, sem til greina koma í þessu efni, þarf að skoða miklu nánar en hér hefur verið hugleitt. Í þessu sambandi má þó minna á það, að landbúnaðurinn á inni hjá þjóðfélaginu vegna lengingar orlofs samkv. lögunum frá því í des. s. l. En sú lenging orlofsins var ekki tekin inn í ákvörðun um búvöruverðið, sem gildi tók hinn 1. marz s. l.

Hinn 7. júní s. l. afgreiddi norska Stórþingið lög um orlof sveitafólks, og er það eina löggjöfin um þetta efni á Norðurlöndum. Þar hafa einnig verið settar reglur um þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði. Norðmenn hafa því gengið á undan öðrum Norðurlandaþjóðum í þessu efni. Í norska kerfinu er fjármögnun í stórum dráttum þannig háttað: Fjár til orlofsgreiðslnanna er aflað með árlegu framlagi á fjárlögum að upphæð 80 millj. norskra kr. Helmingur þess fjár kemur af fé því, sem rennur til landbúnaðarins samkv. gildandi samkomulagi, sem ríkið annars vegar og samtök landbúnaðarins hins vegar hafa gert með sér. Hinn hlutinn, 40 millj. norskra kr., veitist beint af fjárlögum. Fjárveitingin til orlofskerfisins rennur í sjóð, sem nefnist Orlofssjóður landbúnaðarins, og er honum stjórnað af fulltrúum ríkisins og landbúnaðarsamtakanna. Sjóðurinn innir af hendi orlofsgreiðslur, og því fé, sem eftir verður í sjóðnum, þegar orlofsgreiðslur hafa verið inntar af hendi og rekstrarkostnaður sjóðsins verið greiddur, skal verja til þess að bæta aðstöðu til orlofs, þannig að sem flestum bændum verði gert kleift að nýta sér þau réttindi.

Stjórn þessa sjóðs er skipuð tveimur fulltrúum frá bændasamtökunum og einum frá ríkinu, og er sá formaður.

Það eru fjölmörg atriði í hinu norska kerfi, sem mætti víkja að til viðbótar, t. d. í sambandi við fjármál. Það er gert ráð fyrir því í fyrstu lotu, að hámarksgreiðslur á hvert býli á ári séu 2 200 norskar krónur. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að fyrstu fjögur árin frá setningu þessara norsku laga verði skoðuð sem reynslutími til þess að sjá, hvernig lögin reynast í framkvæmd, þannig að unnt verði að kynnast því, hvaða vankantar séu á þeim, og þau verði að þeim tíma loknum tekin til endurskoðunar með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefur.

Ég tel fulla ástæðu til þess, að þetta norska kerfi verði tekið til vandlegrar skoðunar í sambandi við undirbúning þeirrar löggjafar, sem hér er lagt til, að samið verði frv. að. Mörg þeirra atriða, sem þar koma fram, eru vafalaust með þeim hætti vegna ólíkra staðhátta, að þau eiga ekki við hjá okkur, en væntanlega eru einnig fjölmörg önnur, sem færa mætti að íslenzkum staðháttum. Þau atriði mættu því verða meðal verka þeirrar nefndar, sem eftir þessari till. er ætlazt til, að skipuð verði.

Við flm. höfum lagt áherzlu á það, að bændasamtökin eigi aðild að samningu þess frv., sem hér er lagt til, að samið verði. Það er sjálfsagt, að svo verði, bæði vegna þess hve hér er um þýðingarmikil hagsmunamál landbúnaðarins að ræða, og eins vegna þess, að þegar hafa nokkrar umræður um þetta mál átt sér stað innan bændasamtakanna. Hvort tveggja er, að nokkrum sinnum á undanförnum árum hefur verið hreyft till. í þá átt að koma á sérstöku skipulagi, sem jaðrar við þá staðgöngumannaþjónustu, sem hér er nefnd, en það er skipulag á svo kallaðri aðstoð í veikindum og öðrum vandræðatilfellum til sveita. Þetta atriði m. a. og þær athuganir, sem fram hafa farið í því sambandi, gæti orðið nokkur grunnur að skipulagningu þess staðgöngumannakerfis, sem hér er lagt til, að tekið sé til athugunar. Jafnhliða er mér kunnugt um það, að forustumenn Stéttarsambands bænda hafa áhuga fyrir því, að komið verði fram löggjöf um það efni, sem hér er fjallað um. Þess vegna er það sjálfsagt og þýðingar-

mikið, að þeir menn, sem gerst þekkja til í þessum efnum, verði til kvaddir að fjalla um þennan undirbúning.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessi orð mín að sinni. Ég lít á það sem fullkomið réttlætismál, að bændur og annað sveitafólk njóti sambærilegra réttinda og aðrir þegnar þjóðfélagsins bæði á því sviði, sem hér hefur verið um rætt, og einnig á öðrum sviðum. Og það er óskorað hagsmunamál landbúnaðarins og þjóðfélagsins í heild, að svo sé búið að bændastéttinni, að það hamli ekki því, að í hennar raðir gangi hér eftir sem hingað til dugmiklir menn, sem alls staðar eiga möguleika og hvarvetna geta fundið vettvang fyrir hæfileika sína og starfsorku. Ef landbúnaðurinn á áfram, svo sem verið hefur hingað til, kost slíkra manna í sínum röðum til jafns við aðrar atvinnugreinar, munum við ekki þurfa að óttast um reisn íslenzkrar bændastéttar í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 420, n. 747).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 747 samþ. með 51 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 926).

---

38. Björgunarmál.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um björgunarmál [245. mál] (A. 530).

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Austf. að flytja till. til þál. um björgunarmál. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa samstarfsnefnd fulltrúa hinna ýmsu hjálparsveita og björgunaraðila í landinu til að vinna að skipulagningu björgunarmála. Í nefndinni verði fulltrúar frá þessum aðilum: Almannavörnum, flugbjörgunarsveitum, Flugmálastjórn, Landhelgisgæzlu, Landssambandi hjálparsveita skáta, lögregluyfirvöldum og Slysavarnafélagi Íslands. Dómsmrh. skipar formann nefndarinnar."

Efni þessarar till. er í samræmi við niðurstöðu ráðstefnu, sem nýlega var haldin um björgunarmál og boðað var til að frumkvæði Landssambands hjálparsveita skáta, sem um langan aldur hafa lagt mikið starf fram við björgunarmál á landinu. Það eru fleiri aðilar, sem það hafa gert og enn lengur. Það má nefna fyrst og fremst Slysavarnafélag Íslands, sem áratugum saman hefur unnið ómetanlegt starf fyrir þjóð sína á þessu sviði. Þá hafa flugbjörgunarsveitir lagt fram mikilsverðan skerf sjálfboðaliða og þjálfaðra manna. Nú eru ýmsir opinberir aðilar, sem starfa að þessum sömu málum einnig, þ. e. þeir aðilar, sem ég taldi upp og greindir eru í texta þáltill. Að sumu leyti vinna þeir að svipuðum verkefnum. Verkefni þessara aðila, áhugamannasamtakanna annars vegar og opinberra aðila, sem að þessum málum starfa lögum samkv. og eðli sínu samkv., snertast oft. Það er mjög mikil nauðsyn og hagkvæmnisatriði, að þess sé gætt, að önnur höndin viti, hvað hin er að gera, ef svo má að orði kveða, að einn aðili sé ekki, án þess að annar viti, að vinna að verkefnum, sem e. t. v. væri hægt að koma enn betur fyrir með samstarfi þessara aðila.

Nú er það ljóst og öllum kunnugt, að þessir aðilar starfa mjög vel saman, þegar til björgunaraðgerða kemur, og hefur oft á það reynt. Í því sambandi vil ég benda þeirri nefnd á, sem fær málið til meðferðar, að þarna er eitt atriði vantalið og mér hefur verið bent á það af forráðamönnum ráðstefnunnar um björgunarmál, en það er, að inn í þessa nefnd, ef till. verður samþ., væri tekinn fulltrúi einnig frá Landssímanum, sem annast alla fjarskiptaþjónustu, sem mjög er mikilvæg í sambandi við þær björgunaraðgerðir, sem fara fram hverju sinni. Ég vek athygli á, að orðalag till. er þetta: Í nefndinni verði fulltrúar frá þessum aðilum, en það er vitanlega ekki að okkar mati tæmandi upptalning. Það er að sjálfsögðu ljóst, að ef mönnum sýnist svo, þá gætu þarna aðrir aðilar komið til greina, því að alltaf er líka hugsanlegt, að fleiri áhugamannasamtök snúi sér að þeim verkefnum, sem þessir aðilar hafa nú haft með höndum.

Fyrir mér vakti fyrst og fremst þetta. Ég hef oft hugleitt nauðsynina á, að betra skipulag komist á samstarf milli áhugamannasamtaka annars vegar og hinna opinberu aðila hins vegar, til þess að sú þjónusta, sem völ er á í björgunarmálum, nýtist sem bezt. Vitanlega er sama nauðsyn á, að góð samvinna og þekking innbyrðis á verkefnum þessara aðila hvers hjá öðrum sé einnig fyrir hendi. Það er samdóma álit allra þeirra, sem ég hef hér talið, að nauðsyn beri til að skipa einhvers konar samstarfsnefnd og eðlilegt sé, að einhver aðili, sem stendur fyrir utan þessa hópa, hafi frumkvæði um

að kalla þá nefnd saman og stjórna henni, og það er till. okkar flm., að það heyri undir dómsmrn. og dómsmrh. skipi formann nefndarinnar. Eins og er, þá heyra þeir aðilar, sem núna vinna að björgunarmálum, undir þrjú rn., raunar fjögur, en okkur þykir eðlilegt, að þarna verði eitt rn., sem hefur á hendi eins konar samhæfingu milli þessara aðila.

Það er engan veginn óþarft að leggja til, að þetta starf verði betur samhæft og eflt. Það sanna bezt ummæli hæstv. dómsmrh. nú fyrir viku síðan, þegar til umr. var fsp. um almannavarnir. Þá lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir í svari sínu við einum lið þeirrar fsp., að honum vitanlega hefðu ekki verið gerðar neinar sérstakar ráðstafanir til að efla almannavarnir né að neitt sérstakt stæði til í þeim efnum í náinni framtíð.

Ýmislegt bendir til, að aukinn ferðamannastraumur muni hafa í för með sér aukna slysahættu. Það fjölgar hér útlendu fólki, sem ekki þekkir ýmsa undarlega náttúru okkar lands, ýmsar hættur, sem eru óþekktar í öðrum löndum. Menn geta stigið ofan í sjóðandi hveri eða dottið ofan í hraunhella óðar en varir, þar sem landið lítur annars ósköp sakleysislega út. Auk þess má minna á, að menn eru að fá æ betri þekkingu á því, hvernig og hvenær vænta megi ýmiss konar náttúruhamfara, t. d. eldgosa, og okkur nægir að minna á nú nýlega hættu á Skeiðarárhlaupi. Ýmiss konar náttúruhamfarir geta orðið á okkar landi og oft óðar en nokkurn varir. Vitanlega gæti slíkt einhvern tíma leitt til stórslyss. Er þá alveg áreiðanlegt, að öllum landsmönnum og ekki síst öllum þeim aðilum, sem að ýmiss konar björgunarmálum starfa, er það nauðsynlegt að vera við öllu búnir. Í stuttu máli má segja, að tilgangur þessarar þáltill. sé í raun og veru sá að stuðla að því, að allir þeir aðilar, sem hún fjallar um, séu jafnan eins og þeir segja, sem boðuðu til björgunarráðstefnunnar, skátarnir, allir þessir aðilar sameiginlega, séu jafnan viðbúnir.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 530, n. 790).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 927).

39. Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um staðsetningu Hafsbotnsstofnunar Sameinuðu þjóðanna [166. mál] (A. 317).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43., 44., 48., 50. og 54. fundi í Sþ., 29. febr., 2., 14. og 17. marz, 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 317 hef ég leyft mér að flytja svofellda till. til þál. um Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga nú þegar möguleika á því að fá væntanlegri Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna ákveðinn samastað á Íslandi."

Hnöttur okkar er þakinn sjó að tæpum ¾ hlutum, jarðlendið þekur aðeins rúman ¼ hluta hans. Með þeirri öru þróun vísinda, sem átt hefur sér stað í heiminum síðustu áratugina, hafa skapazt möguleikar til þess að kanna að nokkru þau verðmæti, sem eru á og undir hafsbotni. Þau verðmæti eru geysimikil og mörg lík þeim, er finnast hér á jörðu og í jörðu, svo sem málmar, olíur, gas o. fl. Nýjasta tækni gerir og kleift að vinna þessi verðmæti á sífellt meira dýpi. Framsýnir leiðtogar og vísindamenn víða um heim sjá í þessari framvindu mála möguleika til þess að bæta kjör fólks víða um heim með vinnslu þessara verðmæta. Eru þá ekki sízt hafðar í huga þarfir þeirra mörg hundruð milljóna manna, sem þróunarlöndin byggja og lifa margir hverjir við hin mestu eymdarkjör.

Sameinuðu þjóðirnar, samtök 133 þjóða, hafa fyrir nokkru tekið mál þetta upp, og þegar er hafið markvisst starf á þeirra vegum í þá stefnu að nýta auðlindir hins alþjóðlega hafsbotnssvæðis íbúum þróunarlandanna fyrst og fremst til hagsbóta.

Fyrsta atriðið í þessu sambandi er að fá hið alþjóðlega hafsbotnssvæði skilgreint og víðáttu þess ákveðna að alþjóðalögum. Það er eitt af aðalverkefnum þeirrar hafréttarráðstefnu, sem kveðja á saman á næsta ári að öllu forfallalausu. Þetta er mikið og erfitt verk, því að forsenda þess, að svo geti tekizt, er, að þjóðréttarleg samþykkt fáist um hámark víðáttu fiskveiðilandhelgi strandríkja á ráðstefnunni. Við Íslendingar þekkjum vel til þessa mikla vandamáls.

Annað atriði er að fá samþykktar reglur um nýtingu alþjóðlega hafsbotnssvæðisins og koma á fót stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem færi með yfirstjórn vinnslu auðæfa þess.

Í umræðum þeim, sem fram hafa farið í hafsbotnsnefnd Sameinuðu þjóðanna undanfarin misseri, hefur að jafnaði verið út frá því gengið að koma Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna, United Nations Sea Bed

Authority, á laggirnar sem fyrst. Yrði hlutverk hennar að fara með málefni hins alþjóðlega hafsbotnssvæðis, sem ég hef áður lýst, í umboði Sameinuðu þjóðanna, þ. e. að sjá um, að þeim alþjóðasamningum, sem samþykktir verða um vinnslu auðlinda svæðisins, verði framfylgt, annast e. t. v. sjálf einhverja vinnslu þeirra, gefa út vinnsluleyfi til einstakra ríkja og fá settar reglur til þess að koma í veg fyrir mengun sjávar o. s. frv. Nokkrar deilur hafa staðið um það á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hversu víðfeðmt valdsvið stofnunar þessarar skuli vera, og aðhyllast flest þróunarríkin, að það verði mjög víðtækt og vald hennar mikið, t. d. aðhyllast þau flest, að stofnunin vinni að mestu leyti sjálf þau auðæfi af hinu alþjóðlega hafsbotnssvæði, sem þar eru fyrir. En iðnaðarríkin í Evrópu, Bandaríkin og fleiri vilja hins vegar ganga skemmra í þessum efnum, og hefur verið um þetta nokkuð mikið deilt.

Á þessu stigi mála verður ekkert fullyrt um, hvað ofan á verður í þessu efni, og ekki verður heldur sagt með vissu nú, hvenær stofnun þessi kemst á laggirnar. Þó telja flestir það sennilegt, að það verði á þessum nýbyrjaða áratug.

Með till. þeirri, sem ég hef hér flutt, er lagt til, að Alþ. samþykki að skora á hæstv. ríkisstj. að hefjast nú þegar handa um að reyna að fá stofnun þessa hingað til Íslands. Að mínu viti eru verulega miklir íslenzkir hagsmunir bundnir því, að þetta megi takast. Augljóst er, að stofnun þessi verður, er tímar líða fram, voldug og stór. Hjá henni mun væntanlega starfa fjöldi innlendra og erlendra vísindamanna auk annars starfsfólks, sem gæfi miklar gjaldeyristekjur í þjóðarbú okkar, verði stofnun þessi staðsett hér á landi. En auk þessa og það, sem er meira virði, er, að hér mundi rísa alþjóðleg rannsóknarstöð í fremstu röð, sem legði línur um skynsamlega nýtingu hafsbotnsins og um nýtingu auðæfa sjávarins, og hverjir eiga meira undir skynsamlegum vinnubrögðum í þeim efnum en einmitt Íslendingar, sem byggja afkomu sína á sjávarafla meira en nokkur önnur þjóð í heiminum? Þetta er svo augljóst mál, að ég eyði ekki tíma hv. þm. til þess að fjalla um þetta atriði mörgum orðum.

Í síðasta mánuði var frá því skýrt í fjölmiðlum, að Sameinuðu þjóðirnar hefðu farið þess á leit við rétta aðila á Íslandi, að Íslendingar tækju að sér að hýsa þá deild væntanlegs háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem vinnur að rannsóknum á auðlindum hafsins. Gert er ráð fyrir, að till. um stofnun þessa háskóla verði lagðar fyrir næsta allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, sem hefst í haust. Uppbygging háskóla þessa yrði tvíþætt. Annars vegar yrði þar svo kölluð aðaldeild, þar sem sæti stjórn skólans, er skipulegði störf undirdeilda og safnaði á einn stað niðurstöðum af rannsóknarstarfsemi þeirra. Hins vegar mundu starfa þar á vegum skólans undirdeildir, sem ynnu að sérstökum rannsóknarverkefnum. Við staðsetningu þessara undirdeilda yrði leitazt við að finna þeim samastað þannig, að þær gætu starfað í samvinnu við stofnanir, er ynnu að skyldum verkefnum. Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna á m. a. að gera slíkt, og er beiðni þessi því beint innlegg með umsókn frá okkur Íslendingum, ef af verður, um að freista þess að fá Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna hingað. Auk þess tel ég, að skilyrði séu sérstaklega góð hér á landi til hvers kyns rannsókna á lífinu í hafinu. Ef svo vel tækist til, að hægt væri að fá hingað Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna og deild þá úr háskóla Sameinuðu þjóðanna, er ég var að lýsa, þá skapaðist hér alþjóðleg rannsóknarstofnun, sem veitti aðstöðu á sínu sviði, sem hvergi annars staðar fyrirfyndist í heiminum. Hingað mundu sækja þekktir vísindamenn hvaðanæva að, og með hjálp þeirra mundum við skapa okkur þau vopn, er bezt mættu okkur duga í þeirri landhelgisbaráttu, sem við munum heyja í framtíðinni. Auk þess yrði héðan stjórnað vinnslu verðmæta hafsbotnsins, sem eins og ég hef áður greint frá gæti orðið undirstaða bættra lífskjara fátækasta fólksins í heiminum. Af slíkri starfsemi hefði Ísland bæði hag og mikla alþjóðlega sæmd.

Ég legg til, herra forseti, að umr. um þáltill. þessa verði frestað og henni vísað til hv. allshn. og læt ég þeirri till. fylgja þá ósk, að háttv. n. afgreiði till. við fyrsta tækifæri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 317, n. 808).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Til allshn. hefur verið vísað till. til þál. um staðsetningu Hafsbotnsstofnunar Sameinuðu þjóðanna á þskj. 317. Við fyrstu athugun málsins virtist n., að þetta mál hefði heldur átt heima í hv. utanrmn., og þess vegna var ákveðið að senda henni málið til umsagnar. Nýlega barst bréf frá hæstv. utanrmn., þar sem hún mælir með till., og allshnm. voru sammála um að gera þá till. að sinni, þannig að n. mælir með því, að till. á þskj. 317 verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á því þskj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 56 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 929).

40. Vegáætlun 1972—75.

Á 64. fundi í Sþ., 5. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1972—75 [274. mál] (A. 698).

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Vegáætlun fyrir árin 1972—1975 er nú tekin til umr., og skal það játað, að hún er síðbúnari en æskilegt hefði verið. Um hana væri hægt að tala langt mál, en ég mun þó reyna að stytta mál mitt eftir föngum og freista þess að takmarka mál mitt við þau atriði ein, sem sérstakra útskýringa þurfa með eða eru með allt öðrum hætti fram sett nú en verið hefur í fyrri vegáætlunum.

Með lögum nr. 23 1971 um breytingu á vegalögum frá 1970 var sú breyting gerð á 10. gr. vegalaga, sem fjallar um vegáætlanir, að í stað vegáætlunar til fjögurra ára í senn skyldi við endurskoðun vegáætlunar annað hvert ár samin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár, þannig að ávallt væri fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár. Samkv. bráðabirgðaákvæði sömu lagabreytingar var síðan samþ. á Alþ. 5. apríl 1971 vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972. Í sömu ákvæðum til bráðabirgða er einnig gert ráð fyrir því, að vegáætlun fyrir tímabilið 1972—1975 verði lögð fyrir Alþ. það, sem nú situr. Samkv. þessum lagaákvæðum, sem rakin hafa verið, hefur vegáætlun sú, sem hér er til umr., verið samin og lögð fram. Vil ég þá fara nokkrum orðum um tekjuhlið áætlunarinnar og form hennar.

Till. um vegáætlun fyrir árin 1972—1975 er í mjög breyttu formi frá fyrri vegáætlunum. Fyrri áætlanir hafa sýnt fastar tekjur Vegasjóðs samkv. IX. kafla vegalaga, en þó ekki t. d. umferðargjald og auk þess skiptingu útgjalda vegna framkvæmda. Hins vegar hefur þar ekki komið fram fjáröflun né lánsfé né heldur ráðstöfun á slíku fé og ekki heldur árlegur kostnaður vegna vaxta og afborgana lána né sérstakar samgönguáætlanir landshluta, enda þótt jafnan hafi verið reynt að skýra þessi atriði að nokkru í aths. og árlegum skýrslum samgrh. um framkvæmd vegáætlana. Afleiðingin af þessu hefur verið sú, að torvelt hefur verið að gera sér fyllilega grein fyrir öllu, sem er að gerast í vegamálum landsmanna. Hér er sú meginbreyting á gerð, að teknar eru í áætlunina allar framkvæmdir í vegamálum, þ. á m. landshlutaáætlanir fyrir Austurland og Norðurland, vegagerð um Skeiðarársand, sem fjármögnuð er, eins og öllum er ljóst, með happdrættislánsfé, hraðbrautalán öll og kostnaður við öll þau lán, sem tekin hafa verið eða tekin verða á áætlunartímabilinu til vegaframkvæmda. Þetta gefur að minni hyggju gleggra heildaryfirlit um þessi mál en vegáætlanir í fyrra formi gerðu, og vænti ég þess, að þetta verði af flestum talið heldur til bóta.

Á tekjuhlið áætlunarinnar, svo að ég víki nú þessu næst að henni, eru fyrst greindar undir lið II hinar föstu tekjur Vegasjóðs, en það eru benzíngjaldið, þungaskatturinn og gúmmígjaldið, og svo er þar einnig greint frá beinu framlagi ríkisins til vegaframkvæmdanna. Tekjustofnarnir, sem vegáætlunin hvílir á, eru þessir fjórir, sem ég nú nefndi: Benzíngjald, þungaskattur, gúmmígjald og framlög ríkissjóðs. Benzíngjald, þungaskattur og gúmmígjald eru í samræmi við áætlanir um sölu benzíns og fjölda bifreiða, og áætlunin er byggð á nákvæmlega sömu reglum og aðferðum og áður. Af ríkisframlaginu er annars vegar um að ræða 100 millj. kr. framlag samkv. fjárlögum 1972, og er gert ráð fyrir því framlagi óbreyttu út áætlunartímabilið, 100 millj. hvert árið um sig. Hins vegar bætist nú við hluti af tekjum vegna innflutningsgjalds af bifreiðum, sem ákveðið var með reglugerð nr. 69 frá 1972. Þetta framlag er áætlað 100 millj. kr. árið 1972, en þá er gjaldið aðeins innheimt tæpa þrjá ársfjórðunga. Síðan er gert ráð fyrir hækkunum síðari þrjú árin af áætlunartímanum, en þá er gjaldið innheimt allt árið, og einnig er tekið tillit til áætlana um aukinn innflutning bifreiða á þessum árum. En það er vitanlega áætlun.

Þannig er þetta framlag ríkisins núna uppbyggt, þessar 200 millj. kr., sem þar er um að ræða. Endurgreiðslur benzíngjalds og þungaskatts eru skýrðar í kafla 1.1.5 á bls. 19 í áætluninni. Ef nettótala í lið 1.1 árið 1972 í þessari áætlun er borin saman við nettótölu tekjuáætlunar bráðabirgðavegáætlunar fyrir árið 1972, sést, að hækkunin nemur 173.7 millj. kr. Þar af er hækkun á ríkisframlaginu 153 millj. kr. Við útreikning hækkunar á ríkisframlaginu í heild verður einnig að taka tillit til þess kostnaðarauka, sem ríkissjóður hefur af yfirtöku lána, sem lagt er til, að hann taki nú við og rakin eru í lið 1.2. Þetta er á bls. 1 í áætluninni. Samtals nemur kostnaður vegna þessara lána 163.1 millj. kr. á árinu 1972. Þar af 61.2 millj. kr., sem Vegasjóður hefði annars staðið undir, en áður var ákveðið, að ríkissjóður stæði undir þeim lánum, sem talin eru í lið 1.2.2, út árið 1972, en heldur ekki lengur. Miðað við heildarupphæð á lið 1.2.1 á bls. 1 og nettóupphæð liða 1.2.2 og 1.2.8 nemur sá kostnaður, sem ríkissjóður hefur af yfirtöku lánanna, alls 162.1 millj. kr. á árinu 1972, eins og áður var sagt, 167.3 millj. kr. 1973, 191.9 millj. 1974 og 223.5 millj. árið 1975. Þessir lánaútreikningar eru of margþættir til þess að skýra þá í aths. eða framsögu, en fjvn., sem væntanlega fær till. þessar til athugunar, hefur að sjálfsögðu allan aðgang að nákvæmlega sundurliðuðum upplýsingum um einstök lán, eftir því sem n. kann að óska eftir því.

Við gerð vegáætlunar nú var byggt á grunni bráðabirgðavegáætlunarinnar frá því í fyrra að því er til ársins 1972 tekur, þ. e. það er gert ráð fyrir fjáröflun til allra þeirra framkvæmda, sem þar eru, ásamt með verðhækkunum, sem síðar hafa orðið.

Undanfarin ár hefur safnazt saman vaxandi greiðsluhalli hjá Vegasjóði, og vegáætlun 1971 var afgreidd frá Alþ. með 29.8 millj. kr. greiðsluhalla. Þessum arfi fyrrv. stjórnar, sem alls nemur 137 millj. kr., varð að ráðstafa, og þótti ekki unnt að gera það nema að litlu leyti á þessu ári, en gert ráð fyrir, að hallanum verði endanlega eytt á árunum 1973 og 1974. Af þessari heildarupphæð, 137 millj. kr., eru núna teknar inn á þetta ár 17 millj. og síðan 60 millj. hvort hinna áranna, þannig 137 millj. alls á þremur árum.

Þrátt fyrir stóraukin framlög til vegamála, er ljóst, að mjög lítið svigrúm hefði verið fyrir Alþ. til að koma nýjum framkvæmdum í vegáætlun ársins 1972, ef ekki hefði komið til sérstök fjáröflun fyrir það ár. Því er gert ráð fyrir 50 millj. kr. lántöku árið 1972, sbr. liðinn 1.2.3, og nemur það fé, sem er til ráðstöfunar í nýjar framkvæmdir árið 1972, því alls 74.1 millj. kr. Þetta er þó að sjálfsögðu ekki endanleg ákvörðun, og kemur til kasta Alþ. að marka stefnu í því máli nú, þegar vegáætlunin er þar til meðferðar. Það er skoðun ríkisstj., að halda

beri áfram hraðbrautaframkvæmdum og þegar þeim verkum, sem nú er unnið að, er lokið, sé rétt að leita eftir hagstæðum lánum t. d. hjá Alþjóðabankanum, svo sem gert var áður, og miðað væri við, að sú lántaka næði til 40—50% kostnaðar. Um aðra þætti tekjuáætlunarinnar þykir nægja að vísa til aths. og skýringanna, sem eru á bls. 20 í þskj.

Í sambandi við liðinn 1.2.8, sem er greiðsla af lánum vegna Reykjanesbrautar, þykir mér rétt að geta þess, að enda þótt í áætluninni séu ekki sýndar tekjur af umferðargjaldi af öðrum hraðbrautum en Reykjanesbraut, þýðir það engan veginn, að ekki sé ráðgert að leggja umferðargjald á annars staðar, þegar hliðstæð tilvik skapast.

Þessu næst þykir mér hlýða að fara nokkrum orðum um ýmis atriði varðandi kafla II á bls. 2, en hann fjallar um skiptingu útgjalda, og um kafla III um flokkun vega. Ég býst við, að menn hafi áætlunina við hendina, því að ella er erfitt að fylgjast með í þessu talnamoði, en ég minnist þarna fyrst á kaflann 2.1.1, sem fjallar um launagreiðslur, á bls. 2. Á áætlunartímabilinu er nú gert ráð fyrir að fastráða um 20 nýja starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins, en 12 þessara starfsmanna hafa þó starfað sem lausráðnir um lengri eða skemmri tíma, og er því aukningin aðeins átta starfsmenn á áætlunartímabilinu. Þessi aukning fastra starfsmanna byggist annars vegar á því, að fé til vegaframkvæmda í þessari áætlun er verulega meira en í síðustu vegáætlun, eins og áður hefur verið rakið, og það leiðir eðlilega af sér nokkra aukningu við stjórn og undirbúning framkvæmdanna, sem verða væntanlega nokkru meiri. Hins vegar er nú stefnt að því, að umdæmisverkfræðingar Vegagerðarinnar ásamt nauðsynlegu aðstoðarfólki, tæknifræðingum og mælingamönnum, verði á áætlunartímabilinu fluttir út í umdæmin, eftir því sem aðstæður varðandi húsnæði og annað leyfa. Þetta verður ekki gert í einni skyndingu, aðstaðan verður fyrst að vera fyrir hendi, en þessi breyting verður gerð á tímabilinu. Að þessu er augljós hagræðing, þegar á heildina er litið. Á þessu var nokkuð byrjað á s. l. ári, en þá var staðsettur verkfræðingur og mælingamaður með búsetu á Egilsstöðum fyrir Austfjarðaumdæmið, og einnig var settur tæknifræðingur á Akureyri. Þetta þykir hafa gefizt vel, og verður haldið áfram með þetta og umdæmisverkfræðingar settir út um landsbyggðina auðvitað með nauðsynlegu aðstoðarfólki. Af þessu leiðir einhvern kostnað, einkanlega af því að dreifa svona framkvæmdakerfinu.

Þá var við uppsetningu launaliðarins tekin upp sú nýbreytni, að laun verkstjóra og vegaeftirlitsmanna verða hér eftir færð á viðkomandi framkvæmdaliði, og það er gert til þess að fá betri yfirsýn um raunverulegan kostnað einstakra framkvæmdaliða til samanburðar við útboð á framkvæmdum, sem farið hafa vaxandi, mjög vaxandi á síðari árum. Þetta var um launaliðinn. Þessi atriði, sem ég nefndi, sjást auðvitað ekki, þó að maður lesi þarna tölurnar, en þessar skýringar liggja á bak við nokkra hækkun launaliðar.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um liðinn 2.1.2 á sömu bls., eftirlaunagreiðslur. Hér er tekin upp sú nýbreytni, að ætlað er nokkurt fé til eftirlaunagreiðslna fyrrv. verkamanna, sem komnir eru yfir sjötugt og unnið hafa hjá Vegagerð ríkisins áratugum saman, en hafa ekki getað hætt störfum af efnahagsástæðum, þar sem þeir hafa ekki notið annarra eftirlauna en ellilífeyris almannatrygginganna. Þetta verður samt ekki nein svimhá upphæð og verður vafalaust ekki gagnrýnd. Áður hafa eftirlaunagreiðslur á þessum lið aðeins verðið bundnar við verkstjórana, þá verkstjóra, sem ekki hafa haft aðgang að neinum lífeyrissjóði.

Næsti liður, 2.1.3 fjallar um skrifstofukostnaðinn. Einnig þar þarf að vinda bráðan bug að því að bæta aðstöðu. Skrifstofuaðstaða Vegamálaskrifstofunnar í Reykjavík er næsta bágborin. Nú er skrifstofan til húsa á þrem stöðum í borginni, í Borgartúni 1, Borgartúni 5 og Borgartúni 7. Að þessu er augljóst óhagræði og aukakostnaður, en þó hefur ekki verið tekin nein sérstök fjárveiting upp í þessa áætlun til þess að bæta úr þessu, en á því þótti þó rétt að vekja athygli.

Næsti liður er 2.1.4 um verkfræðilegan undirbúning framkvæmda. Um það vil ég aðeins segja þetta. Á yfirstandandi ári er aðeins óverulegt hækkun á þessum lið á bráðabirgðavegáætlun 1972, en fjárveitingin var tvöfölduð fyrir árin 1973—1975, enda hefur þessi liður jafnan verið mjög vanáætlaður. Gerð fjögurra ára vegáætlunar, sem á að endurskoða á tveggja ára fresti samkv. vegalögum, leiðir óhjákvæmilega af sér aukinn kostnað við undirbúning framkvæmda og við áætlunargerð.

Þá vík ég næst að liðnum 2.1.5, sem er um umferðartalningu og vegaeftirlit. Þessi starfsemi er í meginatriðum þríþætt, þ. e. miðlun upplýsinga til almennings um færð á vegum, stjórnun á snjómokstri og þess háttar, aðstoð við lögregluyfirvöld við að fylgja fram reglum um hámarksþunga bifreiða, og hefur Vegagerðin orðið að leggja fram allan tæknikostnað í því sambandi. Í þriðja lagi heyra undir þennan lið umferðartalningar á vegum. Þeim er nú haldið uppi allt árið eftir að tekizt hefur að afla hentugra tækja í því sambandi. Umferðartalningarnar eru mjög veigamikil upplýsingasöfnun við alla áætlunargerð samkv. vegalögum.

Í liðnum 2.2.1 er komið að viðhaldi þjóðvega. Áætluð hækkun á vísitölu viðhaldskostnaðar frá því í marz 1971, þegar vegáætlun var endurskoðuð, og þar til í júní 1972 nemur 11.4%. Miðað við beina hækkun á fjárveitingu til vegaviðhalds í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972, í samræmi við verðhækkun, hefði fjárveiting á þessum lið átt að nema um 290 millj. kr., og eru þá taldar með greiðslur vegna tryggingagjalda og orlofs, sem nú eru felldar inn í fjárveitinguna, en ekki talinn sjálfstæður gjaldaliður. Hækkun fjárveitingar á þessum lið nemur því 65 millj. kr. eða um 22% fyrir árið 1972. Ég hygg, að engum, sem þekkir til ástands vegakerfisins, muni blandast hugur um, að full nauðsyn er á þessari hækkun til vegaviðhalds, þar sem fjárveitingar á þessum lið hafa ekki haldizt í horfinu við sívaxandi umferð og vaxandi þunga flutningabifreiða. Ráð er fyrir því gert, að fjárveiting á þessum lið hækki um 20 millj. kr. til viðbótar á árinu 1973 og aftur um 20 millj. á árunum 1974 og 1975. Með þessari hækkun á vegaviðhaldinu ætti að vera hægt að bæta það nokkuð. Þó mun þessi fjárveiting ekki hrökkva nema að sáralitlu leyti til nauðsynlegrar styrkingar á þeim hluta vegakerfisins, sem elztur er og því vanbúnastur til þess að taka við hinni miklu þungaumferð, sem nú fer fram á vegum okkar í sívaxandi mæli. En þarna eru þó nokkrar umbætur gerðar hvað snertir fjárveitingar til vegaviðhalds, og er það vitanlega ánægjuefni og þó vitað, að það er

hvergi nærri nóg. Nokkuð bætir það úr, að tiltölulega lítið hefur farið af viðhaldsfé í snjómokstur á liðnum vetri, og bætir það e. t. v. nokkuð aðstöðuna til að halda vegum sæmilega við á þessu komanda sumri.

Liðurinn 2.2.2, vegamerkingar samkv. umferðarlögum, þarf nú lítilla skýringa við, en um hann vil ég þó segja þetta. Hér er gert ráð fyrir verulegri hækkun á fjárveitingu, sem annars vegar fer til þess að halda áfram uppsetningu nýrra umferðarmerkja samkv. gildandi ákvæði umferðarlaga um það, en hins vegar til þess að koma upp nýju númerakerfi á alla þjóðvegi landsins og nýjum vegvísum í því sambandi, eins og nánar er greint frá í kafla III um flokkun vega. Hér er verið að fara inn á kerfi, sem er alþjóðlegt, að setja vegina í ákveðna númeraröð, þannig að þó að vegfarandinn þekki ekkert til örnefna, sem vísað er til samkv. gamla kerfinu, þá veit hann, hvar hann er á vegi staddur, þegar hann hefur tölusetningu vegarins. Þetta kostar samt mikið fé, en sjálfsagt virðist að taka þetta nýja alþjóðlega kerfi hér upp. Það er líklegt, að hringvegurinn um landið verði þá vegur nr. 1 og síðan raðað eftir ákveðnu kerfi vegunum, þar til allir hafa verið felldir inn í það.

Þá fer ég nokkrum orðum um hina nýju þjóðvegi og byrja þá á hraðbrautunum. Í bráðabirgðavegáætlun var fjárveiting til hraðbrauta fyrir árið 1972 195.5 millj. kr. Til þess að ljúka þeim áfanga við lagningu hraðbrauta, sem stefnt var að með lántöku hjá Alþjóðabankanum á árinu 1970, þ. e. lagningu Vesturlandsvegar frá Reykjavík upp í Kollafjörð og Suðurlandsvegar frá Reykjavík að Selfossi, vantar alls 72.6 millj. kr., og af þeirri upphæð eru 30.3 millj. kr. vegna framkvæmda á árinu 1971, en 42.3 millj. kr., sem vantar vegna framkvæmda á yfirstandandi ári. Þessi aukna fjárþörf stafar sumpart af verðhækkunum, en einnig er hún vegna magnaukningar á verksamningum, en þessar framkvæmdir eru allar unnar af verktökum og samkv. útboði. Í byrjun síðasta vegáætlunartímabils, þ. e. 1. jan. 1969, voru fullgerðar hraðbrautir taldar vera 37.5 km. Hinn 1. jan. s. l. voru fullgerðar hraðbrautir orðnar 71.8 km, og á yfirstandandi ári mun bætast við 31 km miðað við þá áfanga, sem þegar hefur verið samið um. Verða þær því í árslok þessa árs, 1972, alls um 102.8 km eða liðlega ¼ hluti allra þeirra þjóðvega, sem nú flokkast sem hraðbrautir samkv. ákvæðum vegalaga, en þeir voru hinn 1. jan. s. l. 398.7 km, og er það lenging um 64.3 km frá fyrri vegáætlun. Á árunum 1973—1975 er gert ráð fyrir fjárveitingu til hraðbrauta að upphæð 650 millj. kr. Má gera ráð fyrir, að ólagðar hraðbrautir í lok þessa árs verði um 274 km, þegar tekið er tillit til þeirra styttinga, sem til greina koma við lagningu vegar um Hvalfjörð og Borgarfjörð, og samkv. lauslegri áætlun yrði meðalkostnaður við lagningu þessara vega um 10 millj. á km. Nemur því sú fjárveiting, sem í vegáætlun er, um 23% af áætluðum kostnaði við lagningu þessara vega allra. Yrði nú horfið að lántöku til hraðbrautaframkvæmda á árunum 1973—1975, sem næmi um 300 millj. kr., — og það er nú mjög í athugun hjá ríkisstj., þó að endanleg ákvörðun hafi ekki verið tekin, — yrði á áætlunartímabilinu unnt að ljúka við lagningu sem svarar ⅓ ólagðra hraðbrauta við lok yfirstandandi árs. Ætti með því móti að verða unnt að ljúka lagningu þeirra hraðbrauta, sem nú eru skráðar, á næstu þrem áætlunartímabilum, en að sjálfsögðu munu nýjar hraðbrautir bætast við við aukningu umferðarinnar, svo að endanlegu marki er auðvitað ekki náð með þessu á neinn hátt með því að miða við þær tölur, sem nú er miðað við varðandi hraðbrautir. Á vegáætlun fyrir árin 1969—1972 og endurskoðun á þeirri áætlun fyrir árin 1971 og 1972 voru alls veittar til hraðbrautaframkvæmda 492.6 millj. kr. Í þeirri áætlun, sem nú liggur fyrir, verða beinar fjárveitingar til hraðbrautaframkvæmda á tímabilinu 895.8 millj. kr., og er þá meðtalin hækkun á bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 úr 195.5 millj. í 245.8 millj. kr. Bein hækkun til hraðbrautaframkvæmda nemur því 403.2 millj. kr. eða um 82%.

Liðurinn 2.3.2—7 fjallar um þjóðbrautir, landsbrautir, girðingar og uppgræðslur. Um það vil ég aðeins fara örfáum orðum. Í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 voru fjárveitingar á þessum liðum alls 187.3 millj. kr., en hækka á þessu ári í 215.5 millj. kr. Á síðasta ári áætlunarinnar hækka fjárveitingar á þessum lið í 288.9 millj. kr. eða um 54% frá fjárveitingu í bráðabirgðavegáætlun 1972. Alls eru beinar fjárveitingar í vegáætlun á þessum framkvæmdaliðum 982.3 millj. kr. á áætlunartímabilinu. Til viðbótar beinum fjárveitingum til þessara vegaflokka koma svo framkvæmdir fyrir lánsfé til Skeiðarársands, Austurlandsáætlunar og Norðurlandsáætlunar að upphæð alls 1579.7 millj. kr. Verður því ekki annað sagt en að hér sé um mjög verulega aukningu framkvæmda að ræða miðað við fyrri vegáætlun, þó að tekið sé fullt tillit til verðlagshækkana, eins og sjálfsagt er.

Ég held, að það sé ekki bein ástæða til að fara miklu fleiri orðum um þetta frv., sem hér liggur fyrir, að vegáætlun fyrir árin 1972—1975, og væri þó hægt að tala um það langt mál, en þetta tel ég vera meginatriði, sem ástæða var til að skýra, og legg ég til, herra forseti, að till. verði, þegar þessari umr. lýkur, vísað til hv. fjvn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur nú gert grein fyrir till. til vegáætlunar fyrir árin 1972—1975. Það er rétt, sem hann segir, að uppsetning á tekjustofnum og gjaldliðum er að vísu aðgengilegri en verið hefur undanfarið, með því að það er allt sett hér á eitt og sama blaðið. Hitt er svo ekki rétt, að það hafi verið erfitt að gera sér grein fyrir því áður, hvernig því fé, sem til vegaframkvæmda var til, væri varið. Ég skal viðurkenna, að þetta form er e. t. v. heppilegra en það gamla.

Hæstv. ráðh. talaði um greiðsluhallann og sagði, að það væri arfur frá fyrrv. stjórn. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti nú ekki að tala um það. Vegahallinn frá árinu 1969 var greiddur alveg upp, þegar gengið var frá áætlun til 1971, en þegar gengið var frá áætluninni 1971, lá ekki fyrir, hver hallinn væri fyrir árið 1970, enda var vegáætlunin þá fyrr á ferðinni en nú. Þegar gengið var frá áætluninni 1971, var því aðeins eftir hallinn frá 1970. Þess vegna hefði þurft nú til þess að vera í samræmi við það, sem gerðist hjá fyrrv. ríkisstj., að greiða til fulls hallann frá árinu 1970, sem var 70.3 millj. kr., en hæstv. ráðh. lýsir því yfir, sem reyndar stendur hér prentað í till., að það verði aðeins 17 millj. kr. af halla ársins 1970 greiddar á árinu 1972, en hinu verður svo ýtt á undan sér og skipt á árin 1973 og 1974, 60 millj. á hvort ár.

Þetta er náttúrlega ekki gott, vegna þess að þótt gengið sé frá vegáætlun eins nákvæmlega og unnt er, og það efast ég ekkert um, að hafi verið gert að þessu sinni eins og áður, þá getum við alveg eins búizt við því, að það verði halli á þeirri áætlun, sem við erum nú að ganga frá fyrir árið 1972. Þetta er sérstaklega hættulegt vegna þess, að það eru verðbólgutímar og erfitt að áætla nákvæmlega, hvað tekjuliðir gefa, og ekki síður erfitt að áætla, hvað gjöldin fara umfram áætlun vegna verðhækkana og vegna kauphækkana. Ég vildi nú aðeins minnast á þetta að gefnu tilefni í sambandi við hallann á áætluninni. Mér virðist, að það hefði verið nauðsynlegt að greiða að fullu upp hallann frá 1970, sem var 70.3 millj. kr., en ekki aðeins 17 millj., og þá hefði hæstv. ráðh. verið í samræmi við það, sem gerðist hjá fyrrv. ríkisstj. En tekjurnar, sem um er að ræða, leyfa þetta ekki, segir hæstv. ráðh., og eins og þessu er stillt upp, þá kemur það nú í ljós, að það virðist tæplega vera.

Ég vil drepa hér á sérstaka lánsfjáröflun, sem er á bls. 1, þ. e. liðurinn 1.2.3, sérstök lánsfjáröflun, 50 millj. kr. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga, að hæstv. ríkisstj. afli lánsfjár með eðlilegum hætti til langs tíma og með góðum kjörum. En það er eftirtektarvert, að þessar 50 millj. kr. eru ekki í því frv. til framkvæmdaáætlunar, sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir fyrir fáum dögum hér í hv. Alþ. Ég hef verið að leita fyrir mér um það, hvort heimild væri fyrir þessari lántöku, og mér hefur gengið erfiðlega að fá svör við því, en ég held, að hún sé ekki fyrir hendi. Og þess vegna vil ég vekja athygli á því, að það er náttúrlega nauðsynlegt að afla þessarar heimildar og taka þennan lið þá inn í framkvæmdaáætlunarfrv., sem nú liggur fyrir Alþ. til afgreiðslu. Þetta er aðeins ábending frá mér, því að ég geri ráð fyrir því, að það verði nauðsynlegt að afla fjárins, eins og gert er ráð fyrir hér í till.

Hæstv. ráðh. talaði um hraðbrautirnar, að hæstv. ríkisstj. vildi halda áfram hraðbrautalagningu. Það er út af fyrir sig virðingarvert, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki vilja stíga stórt spor aftur á bak í því efni. Hæstv. ráðh. gerði samanburð á því, sem lagt væri til hraðbrauta á áætlunartímabilinu 1972—1975, og því, sem hefði verið varið til hraðbrauta úr Vegasjóði á fyrra tímabilinu. Sá samanburður getur ekki verið raunhæfur, vegna þess að hraðbrautagerð byrjaði á árinu 1970 og byrjaði meira að segja ekki með fullum hraða þá, byrjaði ekki með fullum hraða fyrr en á árinu 1971. Og það, sem nú er verið að vinna að hraðbrautum, er eftir þeirri áætlun, sem gerð var af fyrrv. ríkisstj. og fyrir það fé, sem fyrrv. ríkisstj. aflaði m. a. með lánum úr Alþjóðabankanum. Hér í þessari till. er ekki gert ráð fyrir neinum lánsheimildum til hraðbrauta á árunum 1973, 1974 og 1975, en hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það væri í athugun að taka 300 millj. kr. lán, til þess að hraðbrautagerð gæti orðið á næstu árum með eðlilegum hætti. Og ég er samþykkur hæstv. ráðh., að það er nauðsynlegt að taka lán til þessara framkvæmda. Hvort 300 millj. verða nóg upphæð í því skyni, um það vil ég ekki fullyrða neitt nú, en ég held, að við verðum að hafa í huga, að vegagerðarkostnaður hefur hækkað mikið nú og ekki horfur á öðru en að hann fari hækkandi áfram. Og ég held, að það sé því eðlilegra að auka fé til framkvæmda í hraðbrautum, þar sem umferðin er mest, um leið og áherzla er lögð á það að gera landshlutaáætlanir og verja miklum fjármunum þannig. Þannig fæst nú frekar samræmi í hlutina en annars hefði orðið. Verðhækkanir hafa vitanlega orðið á þessum hraðbrautum, sem verið er að vinna að núna, og lýsti hæstv. ráðh. því, í hverju það lægi, og hef ég ekkert við það að athuga. En það er til ábendingar fyrir fjvn., að það er ekki gert ráð fyrir lánsheimildum í till., eins og hún nú liggur fyrir, og þarf að athuga það.

Hæstv. ráðh. minnti á það, að lán Vegasjóðs hefðu verið yfirtekin, og nemur það 163.1 millj. kr. En ég vil minna á, að ríkissjóður hafði áður yfirtekið meginhlutann af þeim lánum, sem á Vegasjóði hvíldu. Og árið 1971 greiddi ríkissjóður 101.3 millj. kr. af þessum ástæðum. En þetta er eðlilega hærra 1972, vegna þess að ný lán voru tekin og vextir og afborganir af þeim falla til á árinu 1972. Hér er ekki um neina stefnubreytingu að ræða. Hæstv. samgrh. heldur áfram á þeirri braut, sem áður hafði verið mörkuð í þessu efni.

Það er ljóst, að með því að auknar eru framkvæmdir eftir landshlutaáætlunum, þá verður það fjármagn, sem varið er til vegaframkvæmda í heild, bæði með framlögum úr Vegasjóði og með lántökum, tiltölulega mikið. Það eru 1745 millj. kr. á árinu 1972, en þetta voru á árinu 1971 1307.1 millj. kr. Hækkunin er í því fólgin, að fé til landshlutaáætlana hefur hækkað og alveg nýtt komið þarna til, sem hér er reiknað. Það eru 100 millj. kr. á Skeiðarársand, sem gert er ráð fyrir, að verði samtals 500 millj. kr. kostnaður. Það eru 100 millj. kr. til Norðurlandsáætlunar, sem gert er ráð fyrir, að verði 600 millj., og það eru 75 millj. kr. til Austurlandsáætlunar, sem gert er ráð fyrir, að verði samtals 360 millj.

Samkv. þessari till. er gert ráð fyrir, að það verði til ráðstöfunar í fjvn. 74.1 millj. kr., þar af 38.7 millj. af lánsfé og 35.4 millj. samkv. afgangi úr Vegasjóði, og er það nú út af fyrir sig gott að hafa eitthvað til skiptanna, ef það er þá raunverulegt. En það er svona tæplega hægt að tala um, að það sé raunverulegt, þegar ýtt er á undan sér greiðsluhalla frá árinu 1970. Það er ekkert við því að segja, þótt greiðsluhalla frá árinu 1971 væri ýtt áfram, en frá árinu 1970 er ekki raunverulega verjandi.

Það er út af fyrir sig gott einnig, ef hægt er að auka fé til vegaviðhaldsins. Og hér er talsverð hækkun, það er úr 250 millj. kr. í 355 millj. Hæstv. ráðh. sagði, að miðað við vísitöluna væri það sama sem 290 millj., en ekki 355. En þess ber að geta, að útlit er fyrir, að vísitalan muni hækka meira á þessu sumri, og ekki enn vitað, hvað hún verður t. d. 1. sept., en að vegagerð er verið að vinna allt sumarið og langt fram á haust, og því er nú ekki um eins mikla hækkun á þessum lið að ræða og hæstv. ráðh. talaði um. En það skal alveg viðurkennt, að nauðsynlegt er að hækka viðhaldsféð, eftir því sem unnt er.

Þá er hér veggjaldið á Reykjanesbraut. Það gefur nettó 18 millj. kr. á árinu 1972 og 19 millj. kr. á árinu 1973 samkv. þessari till. og áætlun, og er því gert ráð fyrir af hæstv. ráðh., að þetta veggjald verði tekið áfram allt tímabilið út. Nú vil ég minna á það, að á s. l. ári gaf ég yfirlýsingu um það, bæði í blöðum og hér á hv. Alþ., að ég mundi beita mér fyrir því að fella veggjaldið niður frá 1. jan. 1973, og taldi, að það væri ekki lengur eðlilegt að taka þetta gjald og reyndar hefði verið miðað að því að fella það niður, þar sem sama krónutala

væri nú greidd af umferðinni og var, þegar byrjað var að taka veggjaldið. Ef þetta gjald hefði verið hugsað til frambúðar, þá hefði vitanlega verið eðlilegast að hækka það í krónutölu í samræmi við hækkað verðlag og kaupgjald í landinu.

Hæstv. ráðh. er vitanlega ekkert bundinn við þessar yfirlýsingar mínar. Ég skal alveg viðurkenna það. En hæstv. ráðh. er bundinn við meiri hl. Alþ., og það er það, sem verður að reyna á nú, hvort meiri hl. Alþ. vill halda þessu veggjaldi. Og ég veit, að hæstv. ráðh. unir því ósköp vel að þurfa að lúta meiri hl. Alþ., ef hann er á annan veg heldur en það, sem hér hefur verið lagt til. En á þetta verður að reyna. Ég ætla ekkert að fullyrða um það, hver meiri hl. Alþ. er í þessu efni, en á þetta verður að reyna. Og það er vegna þess, að ég tel, að þegar vegaféð er komið upp í nærri 2 milljarða kr., þá sé hér um svo litla upphæð að ræða, að það skiptir engu í vegaframkvæmdum yfirleitt. Hér er aðeins um 1% að ræða af því fjármagni, sem varið er til vegaframkvæmda á þessu ári. Það er þess vegna miklu frekar um „prinsíp"mál að ræða hér en það, hvort hér eigi að vera meiri eða minni vegaframkvæmdir. Það er ástæðulaust að fjölyrða meira um þetta nú af minni hálfu, en eins og ég sagði, þá hlýtur að reyna á það nú, hvort meiri hl. er fyrir því á Alþ. að taka þetta veggjald áfram eða ekki.

Talað var um það, að vegagerðarvísitalan mundi hafa hækkað um 11.4% 1. júní n. k. miðað við sama tíma árið 1971, en eins og ég sagði áðan, þá veit vitanlega enginn, hver hækkunin verður að meðaltali á þessu ári. Því miður eru horfurnar þannig, að það lítur út fyrir, að vegagerðarvísitala eins og verðlagsvísitalan og kaupgjaldsvísitalan hækki til muna meira á árinu en þetta, því að ekki hefur enn sézt, að hæstv. ríkisstj. sé að reyna að koma í veg fyrir það, að dýrtíðarskrúfan haldi áfram að snúast.

Hæstv. ráðh. lýsti því áðan, hverjar tekjurnar væru og tekjuöflunin. Nú er það sýnilegt hér, að ríkissjóður leggur fram 200 millj. kr. til Vegasjóðs. En á fyrrv. vegáætlun voru þetta 47 millj. kr. Hækkunin er þess vegna 153 millj. kr. Af þessu eru 100 millj. kr. hinn svo kallaði bílatollur, sem lagður var á í s. l. mánuði. Og eins og till. er orðuð, er gert ráð fyrir, að þessi bílatollur haldist allt áætlunartímabilið út. Þykir mér þó ólíklegt, að það verði, vegna þess að bifreiðar eru tollaðar hærra hjá okkur en í nokkru öðru landi, og er þó bifreiðin á Íslandi enn þá nauðsynlegri en annars staðar, þar sem hún er svo að segja eina samgöngutækið, sem við getum notað á landi.

Í ársbyrjun 1970 var hið svo kallaða innflutningsgjald, 60% af fólksbílum, fellt niður. Þá var einnig lækkaður tollur á vörubifreiðum, jeppum og sérleyfisbifreiðum. Þetta gerði fyrrv. ríkisstj., vegna þess að hún skildi það, að nauðsynlegt var fyrir Íslendinga að hafa bifreiðar. Og hún skildi það einnig, að það var enginn gjaldeyrissparnaður í því að hafa bifreiðarnar það dýrar, að fólk gæti raunverulega ekki endurnýjað þær. Sumir hafa lifað í þeirri villutrú, að það væri gjaldeyrissparnaður að því að hindra innflutning á bifreiðum. Þetta er mesti misskilningur, og sýnt hefur verið fram á það, að ef ekki er unnt að endurnýja bifreiðar með eðlilegum hætti, þá verður viðhalds- og viðgerðarkostnaður óeðlilega mikill. Þá verða kaup á varahlutum óeðlilega mikil, en það hefur verið sýnt fram á það, að varahlutir, sem eru fluttir inn sem varahlutir, eru allt að því tíu sinnum dýrari en þegar þeir eru keyptir með bílnum. Og svo er öll sú vinna, sem fer í viðgerðirnar, og sóun á verðmætum, sem því fylgir. Mér þykir ólíklegt, að þessi hái tollur verði viðvarandi í næstu fjögur ár, enda þótt núv. ríkisstj. hafi ekki séð aðra möguleika til fjáröflunar en þetta.

Þegar verið var að afgreiða fjárlögin á s. l. hausti, benti ég á það, að framlag ríkissjóðs þyrfti að vera 300 millj. kr., til þess að hægt væri að koma vegáætluninni saman með eðlilegum hætti, og ef það hefði verið gert, þá hefði verið hægt að borga upp hallann frá árinu 1970, og þá hefði ekki þurft að taka þetta 50 millj. kr. lán, sem ég minntist á áðan. Og það var full ástæða til þess að ætla það, að hæstv. ríkisstj. tæki inn á fjárlög þessa árs það, sem nauðsynlega vantaði í Vegasjóðinn til þess að koma áætluninni saman með eðlilegum hætti. Ég segi, að það hafi verið eðlilegt, vegna þess að í marzmánuði og aprílmánuði 1971, þegar rætt var um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgðaáætlun fyrir þetta ár, þá létu margir þm. í sér heyra, og þegar ég ræddi um þessi mál, þá lýsti ég því, að það væri nauðsynlegt, að ríkissjóður legði Vegasjóði til fé, vegna þess að það væri ekki skynsamlegt að hækka benzínið, þungaskattinn eða gúmmígjaldið meira en gert hefði verið. Þetta voru allir þm. sammála um, sem tóku til máls í marz- og aprílmánuði 1971, þegar þá var verið að ræða um vegáætlun. Og eftir að ég hafði talað í þessu máli, sagði hæstv. núv. fjmrh., þáverandi hv. 3. þm. Vesturl., Halldór E. Sigurðsson, m. a.:

„Það gladdi mig því stórum, þegar ég heyrði það í ræðu hæstv. samgrh. hér áðan, að hann taldi, að leiðin til aukinna tekna nú yrði að vera aukið framlag ríkissjóðs, því að aðrir möguleikar væru ekki fyrir hendi. Ég vil taka undir þetta," sagði þm., núv. hæstv. fjmrh.

Enn fremur sagði sami þm. 5. apríl 1971 við framhaldsumr. um vegamál:

„Það er ljóst, eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., að brýna nauðsyn ber til að auka fé til vegaframkvæmda á næsta ári og vegáætlun fyrir það ár og næstu fjögur ár verður ekki afgreidd án þess að verulega aukið fjármagn komi til úr ríkissjóði."

Það er ekki hægt annað en að minnast þessara umr. nú, þegar við erum að ræða um vegáætlun fyrir 1972—1975, þegar fé vantar til þess að greiða greiðslu-hallann frá 1970 og þegar hæstv. ríkisstj. hefur ekki önnur ráð en að leggja þennan ósanngjarna toll á bifreiðarnar. Það er ekki hægt annað en að minnast þess, hvað núv. fjmrh. sagði hér í ræðustól fyrir rúmlega ári síðan, á meðan hann var þm., en ekki ráðh. En skoðun mín er nú alveg nákvæmlega sú sama og hún var fyrir rúmu ári, og ég geri ráð fyrir því, að flestir hv. þm., sem töluðu hér um þessi mál fyrir rúmu ári, hafi enn sömu skoðun. Ég býst við því, að einhver segi sem svo: Hvar átti að taka þetta fé? Ekki voru fjárlögin afgreidd með svo miklum greiðsluafgangi. En þegar fjárlög eru afgreidd upp á 16 milljarða kr., þá er ekki um það að ræða, að það hefðu verið einhver vandræði að koma fyrir þessum 300 millj., ef áhugi hefði verið fyrir því, þegar byrjað var á afgreiðslu fjárlaga. Það hefði vitanlega orðið að setja eitthvað annað til hliðar, sem ekki

var eins nauðsynlegt. Og það segir sig sjálft, að þegar fjárlög eru nærri 16 þús. millj. kr., þá eru 300 millj. til vegaframkvæmda lítill peningur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara með fleiri tilvitnanir frá þessum umr., en það væri hægt að gera. Þessar umr. liggja vitanlega hér frammi og eru mjög fróðlegar og forvitnilegar til samanburðar við það, sem nú hefur gerzt eftir rúmlega eitt ár.

Það má nú segja, að það sé ekki ástæða til að vera að fjölyrða um þessa áætlun miklu meira nú við fyrri umr. málsins. Þetta mál fer til fjvn. og verður vitanlega athugað þar. Og héðan af er ekki um það að ræða að fá fé úr ríkissjóði til þess að fylla upp í skörðin á vegáætlun fyrir árið 1972. En vegáætlun má endurskoða fyrir árin, sem fram undan eru, og við skulum vona, að þá verði ráð til þess að fella niður bílaskattinn og að greiða greiðsluhallann, þannig að það verði aldrei ógreiddur greiðsluhalli nema frá einu ári, næsta ári á undan. Og um veggjaldið á Reykjanesbrautinni ætla ég ekki að fjölyrða meira heldur að þessu sinni, vegna þess að það hlýtur að koma til álita fjvn. og Alþ., hvort talið er rétt og eðlilegt að hafa það áfram.

Það mun kannske einhver segja, að hraðbrautirnar séu aðeins í einum landshluta. Þær séu á Reykjanesi, þær séu út frá Reykjavík, austur fyrir fjall og á Vesturlandsvegi, og þess vegna væri eðlilegt að taka veggjald kannske af öllum þessum vegum. En ég vil minna á, að jafnvel þótt það væri gert að taka veggjald af öllum þessum vegum, þá er ekki um nema tiltölulega lága upphæð að ræða, sem hægt væri að innheimta miðað við allt það fjármagn, sem til vegamála fer nú í heild. Þess ber að geta einnig, að 70% af bifreiðaeign landsmanna er á þessu svæði, og er því rökrétt að álykta, að 70% af þeim tekjum, sem Vegasjóður fær, komi af þessu svæði, þ. e. Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Reykjanesi og Reykjavík. En þegar athugað er, hvað þetta svæði fær frá Vegasjóði, þá eru það 38.5% miðað við árið 1970. Það getur vel verið, að þrátt fyrir þessar tölur finnist einhverjum samt sem áður eðlilegt að skattleggja þetta svæði enn meira til þess að yfirfæra til annarra landshluta. Það er vitanlega alltaf matsatriði. En þegar tekjur Vegasjóðs eru að mestu leyti fengnar með benzíngjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi, þá verða tekjur Vegasjóðsins að koma frá bifreiðaeigendunum og þaðan, sem bifreiðarnar eru flestar. Mér finnst það ánægjulegt, að landshlutaáætlanir eru gerðar til þess að byggja upp samgöngur og atvinnulíf í hinum ýmsu landshlutum. Og þetta er gert, vegna þess að það er vilji Alþ., að það skuli gert, og um það hefur ekki verið ágreiningur. Þess vegna er það, að þegar um veggjaldið verður rætt á Reykjanesbraut og hvort það skuli koma annars staðar, þá er eðlilegt að hafa í huga það fjármagn, sem notað er til vegaframkvæmda um allt land, bæði úr Vegasjóði og með sérstakri lánsfjáröflun. Veggjald var eðlilegt, þegar það var sett á, á meðan Reykjanesbraut var eini góði vegurinn í landinu, sem tengdi saman þéttbýlið suður með sjó og Reykjavíkursvæðið. Það tengdi það saman. Og það var eðlilegt, að á meðan þetta var eini vegurinn, þá væri gjald lagt á hann. En þegar fleiri vegir koma til, sem teljast sambærilegir, vegir, sem ekki tengja saman heil byggðarlög, eins og Reykjanesbrautin gerði, þá kemur allt annað viðhorf til þessara mála, vegna þess að innheimta t. d. á Vesturlandsvegi og Austurlandsvegi hlýtur að verða talsverðum erfiðleikum bundin og miklu meiri erfiðleikum bundin en á Reykjanesbraut. Og ég geri ráð fyrir því, að jafnvel þótt Vesturlandsvegurinn verði kominn upp í Hvalfjarðarbotn, þá þyki þeim, sem fara vestur á Snæfellsnes eða norður í land harla hart að þurfa að greiða skatt, þótt þeir fari þennan litla hluta af leiðinni á góðum vegi. Og ég geri einnig ráð fyrir því, að þeir, sem fara austur í Skaftafellssýslu og austur í Rangárvallasýslu, verði ekki ánægðir með það að greiða skatt, jafnvel þótt vegurinn væri kominn austur að Þjórsá, vegna þess að meiri hluti vegarins hjá mörgum vegfarendum verður eftir sem áður malarvegur. En þetta er eins og ég sagði allt til frekari athugunar, og meirihlutavilja Alþingis verða menn að lúta, og þeir, sem eru í minni hl., hafa lært að sætta sig við það. En við skulum vona, að Alþ. beri gæfu til að marka heilbrigða og rétta stefnu í þessum málum. Við skulum vona, að þessi vegáætlun fyrir árin 1972—1975 komist saman með eðlilegum hætti og að reynt verði að koma sér saman um ágreiningsatriðin, þannig að sem minnstir hnökrar verði þar á.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í skýrslu, sem hæstv. fjmrh. flutti hér fyrir nokkrum dögum um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisins, er á það bent, að óskir og kröfur þjóðarinnar um opinberar framkvæmdir taki sífelldum breytingum, ekki sízt með tilliti til breytilegs og þá venjulega batnandi efnahags. Ég hygg, að það sé hv. þm. öllum ljóst, að þjóðin hefur á undanförnum árum gert sívaxandi kröfur til vegakerfisins og þá um leið til gatnakerfis í þéttbýli og muni vera leit að framkvæmdaflokki, sem hefur flutzt eins ört upp eftir óskalista þjóðarinnar. Mér finnst því ástæða til þess, þegar rætt er um vegáætlun fyrir árin 1972—1975, að byrjað sé á að gera sér grein fyrir því, hvernig þessum veigamikla þætti opinberra framkvæmda hefur verið sinnt af hálfu hæstv. ríkisstj. í samanburði við það, sem gert hefur verið á öðrum sviðum, og í samanburði við heildaraukningu á t. d. framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, þar sem flestir framkvæmdaflokkar eru taldir og þar sem fjár er aflað til þeirra.

Í þessari yfirlitsskýrslu fjmrh. kemur í ljós, að heildarfjárhæð framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar hefur hækkað um 160% frá árinu 1971 til ársins 1972. Í þessari sömu skýrslu fjmrh. er í stuttum kafla um framkvæmdir við vegi og brýr sagt, að fjárframlög til þeirra hækki um 16% frá 1971—1972. Það er því ljóst, að heildarfjárhæð, sem aflað er til framkvæmda og skýrt hefur verið frá opinberlega hér á Alþ., hefur hækkað tíu sinnum meira á framkvæmda- og fjáröflunaráætluninni í heild en á þessum eina lið, sem að vísu er ekki á þeirri áætlun. Annars vegar er aukning um 160%, — á vegáætlun aðeins um 16%.

Mér finnst þetta gefa til kynna, að vegaframkvæmdir hafi ekki verið eins hátt skrifaðar hjá ríkisstj. í heild og allur þorri annarra framkvæmda, og mér finnst þetta benda eindregið til þess, að það hafi ekki verið staðið í ístaðinu nógu vel fyrir hönd vegaframkvæmdanna, þegar hæstv. ríkisstj. hefur gert það upp við sig, hvernig hún ætlaði að raða verkefnum, á hvað hún ætlaði að leggja áherzlu og hvað e. t. v. kynni að þurfa að bíða að

einhverju leyti. Með tilliti til þess, að ég tel það tvímælalaust ósk og kröfu þjóðarinnar, að lögð verði stórfelld áherzla á vega- og brúarframkvæmdir, tel ég, að ríkisstj. hafi að verulegu leyti brugðizt því að auka framkvæmdir í vegamálum, a. m. k. eitthvað í áttina til þess, sem heildaraukning er á öllum þeim framkvæmdaflokkum, sem eru á framkvæmda- og fjáröflunaráætluninni.

Þegar litið er á áætlun sem þessa, kemur fyrst til hugar, að erfitt sé að gera slíka áætlun, vegna þess að við vitum í raun og veru ekkert, hvernig verðlagsmálum verður háttað á þessu árabili. Það hefur þegar komið fram í umr., að allar líkur séu til þess, að vegavísitalan hækki stórkostlega þegar á þessu ári, og kann að vera, að allar þær tölur, sem við ræðum um, verði þegar orðnar úreltar eftir nokkrar vikur. Um þetta er að sjálfsögðu ekki hægt að sakast, hvorki við hæstv. ráðh. samgöngumála né þá, sem gert hafa áætlunina. Þegar kemur að þessu atriði, verður að ræða við ríkisstj. í heild um efnahagsstefnu hennar og hina miklu verðbólgu, sem er í landinu. En það er ljóst, að svo erfitt sem það er að jafnaði að gera áætlanir á Íslandi, vegna þess hve verðbólga hefur verið hér mikil, að meðaltali 11% á ári síðan 1950, þá hefur sjaldan á síðustu 25 árum verið eins erfitt að gera slíkar áætlanir og nú vegna þess, hvernig horfur eru í *dýrtíðarmálunum*.

Ef litið er til framkvæmda þeirra, sem síðasta ríkisstj. gekkst fyrir í vegamálum, tel ég tvímælalaust merkilegasta þá stefnu, sem hægt er að kalla hraðbrautastefnuna. Í lok stjórnartímabils síns fór síðasta ríkisstj. inn á þá braut að útvega stórfé til að gera framkvæmdir, sem tryggja okkur í fyrsta skipti hraðbrautir, sem hægt er að kalla því nafni, ef undanskilinn er Keflavíkurvegurinn. Þetta var tímabær stefnubreyting, og það var farið mjög myndarlega af stað. Fyrstu framkvæmdirnar hafa allar verið hér í kringum Reykjavík og út frá höfuðborginni. Ýmsir íbúar annarra landshluta hafa séð nokkrum ofsjónum yfir þessu og gagnrýnt það, en ég tel, að hafið sé yfir allan efa, að það var óhjákvæmilegt að byrja þessar framkvæmdir hér í nágrenni Reykjavíkur og láta þá vegi ganga fyrir, sem nú er verið að ljúka við eða verður lokið við á næstu tveimur misserum eða svo.

Þegar litið er á þá vegáætlun, sem hér liggur fyrir, verður ekki annað séð en að núv. ríkisstj. ætli að hverfa frá þessari stefnu. Það fé, sem veitt er til hraðbrauta samkv. þessari þál., á þegar á næsta ári, 1973, að lækka um 45.8 millj. frá því, sem áætlað er frá árinu í ár, síðan að vera óbreytt 1974 og fyrst árið 1975 á sú upphæð að komast aftur upp í það, sem hún væntanlega verður á þessu ári.

Hæstv. samgrh. hefur að vísu sagt, að ríkisstj. sé að rannsaka þessi mál, hún hafi ýmis áform, hún kunni að taka lán til að hraðbrautarframkvæmdum verði haldið áfram. En við alþm. verðum að taka þál. eins og hún liggur fyrir, og mér er spurn, hvers vegna er ekki hægt að gera áætlun um lántöku til hraðbrauta árin 1973, 1974 og 1975 alveg eins og hægt er að gera áætlun um stórfellda lántöku til einstakra framkvæmda, svo sem Skeiðarársands? Ef ríkisstj. væri alvara, átti hún auðvitað ekki að láta þetta plagg fara frá sér til Alþ. án þess að gera ráð fyrir einhverjum lántökum, og er þá vandalaust að skýra fyrir Alþ., að þessi lán hafi ekki fengizt, það sé ekki byrjað að vinna að öflun þeirra. Þetta er aðeins áætlun og yrði viljayfirlýsing um, að þau lán verði tekin.

Ég vil benda sérstaklega á það, að næstu hraðbrautarframkvæmdir verða alllangt frá Reykjavík. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það sérstaklega, að nú eru komnir í hraðbrautatölu vegir fyrir austan Selfoss, vegir til Grindavíkur og fleiri staða á Reykjanesi, vegurinn frá Kollafirði, þar sem núverandi hraðbrautarframkvæmdir eiga að enda, alla leið fyrir Hvalfjörð, um Borgarfjörð og upp í Norðurárdal. Þessi vegur liggur ekki aðeins til Vesturlands, heldur til Vestfjarða, Norðurlands og Austurlands. Ég vil minna á það, að vegir í kringum Akureyri eru komnir í hraðbrautatölu og meira að segja einn vegarspotti hjá Ísafirði, frá Ísafirði út í Hnífsdal. Hygg ég, að sá bútur sé væntanlega hjarta ráðh. nærri, eins og ýmissa fleiri þm.

Ég vil því benda á, að framhald hraðbrautaframkvæmdanna verður allt annars eðlis og á allt öðru svæði en sú byrjun, sem óhjákvæmilega var gerð hér í kringum Reykjavík. Og einmitt vegna þess, að það eru nú önnur byggðarlög, sem hljóta að fá framkvæmdir á næstu árum, vil ég harma það, að samkv. áætluninni skuli vera dregið úr hraðbrautaframkvæmdum á sama tíma sem aðrar vegaframkvæmdir fá allmikla aukningu fjárveitinga. Stefnubreytingin er augljós, eins og hún kemur fram í þál. Hraðbrautirnar lækka og ná aftur tölunni frá 1972 eftir þrjú ár; þjóðbrautirnar hækka úr 94 millj. upp í 120 á tímabilinu, landsbrautirnar úr 76 millj. upp í 153. Þetta er greinileg stefnubreyting, ef marka má það plagg, sem hér liggur fyrir, en ég vil láta í ljós alveg eindregna von um það, að þessum áætlunaratriðum verði hreinlega breytt, meðan þál. er til athugunar, og hæstv. ráðh. láti áætlunartölur um lántökur til hraðbrautaframkvæmda inn í þessa áætlun.

Hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir því, að ef ýtrustu vonir hans rættust um lántökur, yrði hægt að leggja á næsta áætlunartímabili með varanlegu slitlagi ⅓ af þeim vegum, sem nú eru komnir í hraðbrautatölu, þannig að núverandi hraðbrautir yrðu allar lagðar á næstu þrem tímabilum eða 12 árum. (Gripið fram í.) Átti ráðh. við tveggja ára tímabil? Jæja, það er strax skárra. Ég tók það svo, að átt væri við fjögurra ára tímabil, eins og þessa áætlun. Þó er heldur dauft að þurfa að segja fólki, að það sé engin von um suma af þessum vegum í næstu sex ár, jafnvel þó að ýtrustu vonir ráðh. rættust. Ég tel því, að það hefði átt að auka enn meira átakið í þessum efnum, og ég vil benda á, að þeir vegir, sem eru orðnir að hraðbrautum og verða það á næstu árum, eru slagæðar samgöngukerfisins um landshlutana miðja, sem íbúar þeirra allir og landsins alls njóta í meira eða minna mæli og koma atvinnulífinu að óviðjafnanlegum notum.

Í þessa áætlun eru teknar upp ýmsar framkvæmdir sérstaks eðlis, sem hingað til hafa ekki verið í vegáætlunum, og vil ég taka undir það, sem hér hefur komið fram, að ég tel það til bóta, að þetta skuli allt vera talið saman og menn geti fengið í þessari áætlun allt að því tæmandi yfirlit yfir þær vegaframkvæmdir, sem fyrirhugað er að vinna á næstu 2—4 árum.

Hér er framkvæmdaliður einn, sem hefur vakið sérstaka athygli mína, en það er Skeiðarársandur, hringvegurinn. Hæstv. ráðh. sagði lítið um þessa fram-

kvæmd. Það segir í grg. mjög lítið um hana, og af einhverjum ástæðum höfum við aðeins tölurnar, sem eru í áætluninni, við að styðjast. Ég sé ekki betur en að miðað við framkvæmd vegarins á fjórum árum, eða a. m. k. greiðslur á fjórum árum, sé kostnaðurinn kominn upp í 640 millj. kr. eftir þessari áætlun og getur þá með hækkandi verðlagi sjálfsagt orðið töluvert meiri. Þetta kemur mér mjög á óvart, þó að hér sé um að ræða málefni, sem sjálfsagt nýtur fylgis alls þingsins og við teljum öll, að sé brýn nauðsyn fyrir þjóðina að hrinda í framkvæmd. Er óhjákvæmilegt, að menn staðnæmist, þegar það kemur í ljós, að verk, sem var áætlað rúmlega 200 millj., er allt í einu komið upp í 640 millj. í áætluninni, sem verður töluvert meira í hækkandi verðlagi. Þegar Jónas Pétursson fyrrv. alþm. flutti Skeiðarármálið á síðasta þingi, gerði hann ráð fyrir lántökum, 200 millj. kr., sem dreift væri á fimm ár. Og hann sagði í grg., að áætlunartölur væru ekki til um kostnað við þessar framkvæmdir, og væri því e. t. v. um ágizkunartölur að ræða. En víst er, að happdrættisfé mundi draga langt, að hringvegurinn opnaðist. Það er sýnilegt, að Jónas hefur trúað því — og við, sem þekkjum hann, vitum, að hann fer ekki með fleipur og segir ekki annað en það, sem hann veit sannast og bezt, — að þessi vegur mundi kosta um 200 millj. kr. Fjhn. hefur fjallað um frv. og mælti með samþykkt þess, án þess að gera nokkra aths. um kostnaðinn, svo að það verður að gera ráð fyrir því, að n. hafi ekki séð ástæðu til þess að rengja hugmyndir flm. um það.

Ég vil nú óska eftir því, að hæstv. ráðh. gefi þinginu nánari skýringar á þessu máli. Er það rétt, að núverandi áætlun sé upp á 640 millj. kr.? Ef svo er, finnst mér, að vinnubrögð okkar á Alþ. séu orðin losaraleg, ef við *samþykkjum að vori framkvæmd í þeirri góðu trú*, að hún muni kosta um 200 millj., en innan eins árs kemur í ljós, að hún kostar 640 millj., sem á eftir að hækka með hækkandi verðbólgu. Það er verkefni með slíkri áætlunargerð sem hér um ræðir að raða framkvæmdum eftir fjárhagslegri getu, og það má vel vera, að Austfirðingar hefðu viljað fá 640 millj. til einhverra annarra framkvæmda og láta þetta bíða í nokkur ár. Ef það er eftir sem áður einróma vilji þings að ráðast í þessa framkvæmd fyrir 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, sem getur vel verið, þá verður sú ákvörðun a. m. k. að byggjast á réttum upplýsingum um það, hvað við erum að samþykkja. Ég vænti þess, að við fáum nánari skýringar. Ég segi þetta ekki af því, að ég hafi minni vonir og óskir um það, að þessi framkvæmd verði gerð og við fáum hringveginn, en hér er um mjög háar upphæðir að ræða, upphæðir, sem ekki er hægt að ganga fram hjá og nefna ekki, eins og gert er með hinni prentuðu grg. og eins og gert var í framsögu ráðherra.

Þá eru komnir inn á vegáætlun tveir nýir liðir, annar um vegaframkvæmdir samkv. Austurlandsáætlun og hinn um vegaframkvæmdir samkv. Norðurlandsáætlun. Það er í sjálfu sér mjög gott, að þessar áætlanir skuli vera settar inn í vegáætlun og hafðar þar. Það er óeðlilegt, að aðrir aðilar veiti fé til vegaframkvæmda og setji þær í gang við hliðina á sjálfu vegakerfinu. Þessar áætlanir eiga að vera hér. Því get ég út af fyrir sig fagnað.

En samkv. þáltill. um vegáætlun, sem hér liggur fyrir, virðist hæstv. ríkisstj. gera ráð fyrir, að á árunum 1972—1975 verði lagðar 300 millj. sérstaklega í vegi á Austurlandi samkv. Austurlandsáætlun og 600 millj. sérstaklega í vegi á Norðurlandi samkv. Norðurlandsáætlun. Það er ekki gert ráð fyrir vegaframkvæmdum samkv. öðrum landshlutaáætlunum, ekki á þessu plaggi.

Nú hefur Alþ. undanfarin ár rætt mikið um landshlutaáætlanir. Fyrir einum þremur árum var afgreidd á mjög jákvæðan hátt till., sem laut að Vesturlandsáætlun. Ég hygg, að þetta þing muni, áður en því lýkur, afgreiða tvær, ef ekki þrjár till. til viðbótar, sem sýna vilja og óskir þingsins um aðrar landshlutaáætlanir en þessar tvær. Og loks hefur mér skilizt á þingmönnum Vestfirðinga, að samgönguáætlun, sem er hluti af Vestfjarðaáætlun, sé alls ekki lokið og þar sé um að ræða framkvæmdir, sem þarf að ljúka. Þær eru hér ekki heldur. Nú er nýbúið að setja upp allmikla framkvæmda- og áætlunarstofnun, sem á að vinna að þessum málum, en henni hefur ekki á 3—4 mánuðum, sem hún hefur starfað, gefizt tækifæri til að láta verulega til sín taka. En það hlýtur að verða fyrsta verk hennar að rannsaka landið allt og gera sér á einhvern hátt grein fyrir því, eftir hverju eigi að fara, þegar við ákveðum, hvaða landshluti hefur þörf fyrir sérstakt framkvæmdaátak samkv. áætlun. Það má ekki vera háð pólitískum tilviljunum og ýmsu öðru í framtíðinni, hvernig þessu verður raðað. Nú vil ég ekki á nokkurn hátt draga úr nauðsyn þess, að Austfirðingar og Norðlendingar fái þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða. En ég get ekki sætt mig við það, að Alþ. samþykki með vegáætlun, að verja eigi 300 millj. til Austfjarða og 600 millj. til Norðurlands, en ekki einum eyri í sambærilegar vegaframkvæmdir samkv. landshlutaáætlunum *til neins annars hluta landsins*. Þetta þykja mér vera með öllu ófær vinnubrögð, því að þetta jafngildir yfirlýsingu um, að í a. m. k. tvö ár, þangað til endurskoðun verður gerð, komi ekki fleiri verkefni til greina en þarna er um að ræða. Mér er það ljóst, að það er engan veginn auðvelt á þessu stigi að setja inn ákveðnar tölur um aðra landshluta. En ég held, að það væri þá hyggilegra að hafa heildarupphæð, eins háa og hægt er, til framkvæmda samkv. landshlutaáætlunum. Síðan yrði það að ákvarðast jafnóðum og málin lægju skýrar fyrir, hvernig því fé yrði skipt, þangað til sá tími kemur, sem vonandi verður innan skamms, að fyrir liggja áætlanir um allt landið og þá upplýsingar, sem gera okkur kleift að raða þessum áætlunum, athuga, hvaða landshlutar þurfa mest á þeim að halda. Mundi ég telja, að atvinnuleysi væri mælikvarði, sem ætti að vega ákaflega þungt. Það ætti að taka út úr þau svæði, sem sýnilega eiga erfiðara í baráttunni gegn atvinnuleysinu en önnur, og ýmislegt annað þarf að taka til greina, þegar lagt er mat á það, hvernig á að raða þessum framkvæmdum. Ég vil benda á þetta, því að ég tel, að þm. annarra kjördæma, þar sem áhugi fyrir landshlutaáætlunum hefur verið mikill og sannanleg þörf er mikil, geti ekki við það unað, að fram hjá öllu þessu sé gengið í áætlun, sem hljóðar upp á fjögur ár, jafnvel þó að hún verði endurskoðuð eftir tvö ár.

Herra forseti. Ég hef aðeins gert að umtalsefni nokkur atriði, sem má segja, að varði heildarsvip þessarar vegáætlunar. Þegar fjvn. hefur fjallað um áætlunina og leggur fram till. sínar, þá mun að sjálfsögðu

gefast á ný tækifæri til þess að ræða nánar ýmis mál, einstaka vegi og einstaka landshluta. Ég mun því ekki gera það á þessu stigi, en vil vænta þess að lokum, að hæstv. ráðh. og n., sem fær þetta mál til athugunar, íhugi þau atriði, sem ég hef hér sérstaklega bent á.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Fyrr á þessu þingi urðu umr. um veggjald það, sem greitt hefur verið af Reykjanesbraut nú um u. þ. b. sjö ára skeið. Það kom fram í ræðu hæstv. samgrh., að hann teldi eðlilegt, að á þessu þingi yrði tekin um það ákvörðun, hvort veggjald skuli áfram innheimt af þessum vegi og þá hvort veggjald skuli yfirleitt innheimt áfram af vegum hér hjá okkur. Hann minntist á það í ræðu sinni þá, að sér fyndist óeðlilegt, ef áfram yrði tekið veggjald af Reykjanesbraut, en ekki tekið veggjald af öðrum vegum, öðrum hraðbrautum, þegar þær hefðu verið lagðar með svipuðum hætti og Reykjanesbraut. Þó bregður svo við nú, að lögð er fyrir Alþ. till. til þál. um vegáætlun, og þar gert ráð fyrir því, að á árunum 1972—1975, sem áætlunin gildir fyrir, verði aðeins innheimt veggjald af Reykjanesbraut, enda þótt vitað sé, að á þessu ári verði lokið við a. m. k. tvo vegi aðra sambærilega við Reykjanesbraut, en ekki er gert ráð fyrir því í þessari vegáætlun, að af þessum vegum verði tekið veggjald. Að vísu sagði ráðh. í ræðu sinni hér áðan, að þótt ekki sé í vegáætluninni gert ráð fyrir tekjum af umferðargjaldi af öðrum vegum en Reykjanesbraut, þýddi það engan veginn, að veggjald yrði ekki lagt á aðra vegi, þegar sambærilegum áföngum hefði verið náð. Hér er engu slegið föstu. Það er aðeins sagt, að engan veginn sé útilokað, að veggjald verði lagt á aðra vegi, þegar sambærilegum áföngum hefur verið náð. Nú liggur það fyrir t. d. með Suðurlandsveginn, að sambærilegum áfanga verður náð á þessu ári, svo að eðlilegt hefði verið að mati ráðh. að taka inn í þessa áætlun, fjáröflun 1973, 1974 og 1975, veggjald af þeim vegi. Ég vildi aðeisn vekja athygli á þessu fyrir hv. fjvn. um leið og ég lýsi þeirri skoðun minni, að það beri að halda þeirri stefnu, sem fyrrv. hæstv. samgrh. mótaði s. l. vor, um það, að veggjaldið af Reykjanesbraut skyldi lagt niður um næstu áramót, þegar aðrir sambærilegir vegir væru tilbúnir, þ. e. Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur. Ég vildi láta það koma hér fram strax við þessa umr., að ég er þessarar skoðunar. Veggjald hefur verið liðið á Reykjanesbraut, á meðan aðrir hafa ekki haft tækifæri til þess að aka eftir slíkum vegum, og það hefur verið lækkað, með því að það stendur í stað frá því, sem það var ákvarðað í upphafi, þrátt fyrir hækkanir á öðrum sviðum, og ég er, eins og ég sagði áðan, þeirrar skoðunar, að nú sé tækifærið, nú séu aðstæður þær fyrir hendi, að veggjaldið á Reykjanesbraut verði lagt niður og Alþ. marki þar með þá stefnu. Hitt mundi verða hróplegt ranglæti, ef núv. meiri hl. Alþ. hugsaði sér að viðhalda veggjaldi á Reykjanesbraut, en láta aðra vegi undanskilda, eins og þessi vegáætlun gerir ráð fyrir.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu fyrir hv. fjvn. og vonast til þess, að þegar við afgreiðslu þessarar vegáætlunar takist samstaða um það að fella niður veggjaldið á Reykjanesbraut og marka þá þar með þá stefnu, sem hæstv. fyrrv. samgrh. lýsti yfir á s. l. ári.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég er nú ánægður með þá byrjun umr., sem orðið hafa um vegáætlunina, tel þær hafa verið hóflegar og byggðar á áætluninni, eins og hún liggur fyrir nú, sem eðlilegt er. Þó að reiknað sé með ákveðnum breytingum á henni í meðferð fjvn. og þingsins, þá geta menn ekki tekið það með inn í viðhorf sín nú.

Hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson fyrrv. samgrh., ræddi um þetta mál af sinni traustu þekkingu og af sanngirni að mínu áliti, og hef ég ákaflega litlar aths. við hans ræðu að gera. Hann átti þó ofurlítið erfitt með að koma því niður fyrir brjóstið, að arfurinn frá fyrrv. ríkisstj. væri 137 millj. kr. skuldahali. Þetta er þó staðreynd engu að síður og skal niður fyrir brjóstið á honum, því að það er staðreynd. Þetta er engin svimhá upphæð. Þetta eru leifar frá tveimur seinustu árum, og núv. ríkisstj. ætlar sér að eyða þessu á þremur árum. Hv. þm. taldi nú ófært að gera það ekki í einum hvelli, en aðalatriðið er, að þessum hala verður eytt á árinu í ár og tveimur næstu árum. Það er alveg rétt, að það hefði verið ánægjulegra að geta sett eitt feitt pennastrik yfir þessar 137 millj. núna strax, og það hefði verið gert, ef fé hefði verið handbært til þess að borga þessa eftirleguskuld.

Hann vék nokkuð að sérstakri lánsfjáröflun, 50 millj. kr., og sagðist ekki minnast þess, að það væri til nein heimild til þeirrar lántöku. Þetta mun vera rétt hjá honum. Í framkvæmdaáætluninni er þessi upphæð ekki nefnd, en ég hef alveg fullgildar heimildir fyrir því, að fyrir þessari lánsfjárútvegun verður séð, án þess að það þurfi að fara undir a. m. k. erlendar lántökur.

Varðandi hækkanir á hraðbrautum, þá er það rétt, að það eru ekki settar út neinar tölur í áætluninni eins og hún liggur fyrir varðandi lánsfjárútvegun til hraðbrauta. Og ég tók ekki of djúpt í árinni, þegar ég sagði, að um það hefði verið rætt í ríkisstj. að taka 300 millj. kr. lán til hraðbrautaframkvæmda á áætlunartímabilinu. Ég vildi ekki fullyrða meira, því að málið hafði verið rætt í ríkisstj. og fengið þar allsherjar jákvæðar undirtektir, en ekki var gengið frá samþykkt um það. En ég tel málið alveg örugglega í þeim farvegi, að stefnt verði að því að fá 300 millj. kr. erlent lán, sennilega hjá Alþjóðabankanum, eins og hin fyrri lán, sem til hraðbrauta voru tekin, og að fjvn. fái nú í byrjun síns starfs till. um það, sem hún getur byggt á, að þessu verði þannig hagað. Það vita allir, sem þessum málum eru kunnugir, að það þýðir ekkert að fara með lántöku í Alþjóðabankann til vegamála hér á landi, nema fyrir liggi alveg verkfræðilega fullunnar áætlanir um framkvæmdir. Þær eru þegar fyrir hendi og þar með vísbending eiginlega um það, hvaða hraðbrautir verði teknar fyrir á áætlunartímabilinu.

Það er rétt, sem hv. 8. landsk. þm. sagði hér áðan, að nú eru komnir í hraðbrautatölu vegir víðs vegar um landið, og það var allt rétt, sem hann sagði, bæði varðandi nágrenni Akureyrar, örlítinn spotta í nágrenni Ísafjarðar eða innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðar og hraðbrautirnar hér á Suðurnesjum, Grindavíkurveg o. s. frv. Þetta dreifist nokkuð, en þó verður meginþungi hraðbrautaframkvæmdanna eftir sem áður hér á sömu slóðum og verið hefur, og það er fyrir lánsfé á hrygg allra landsmanna, sem þessir vegir eru byggðir upp. Ég álít því þann tíma ekki kominn, að það sé ekki einhver

sanngirni í því að leggja nokkra sérbyrði á þann hluta landsmanna, sem fær þessar framkvæmdir fyrir allsherjar lánsfé, sem landslýður í heild stendur undir. Ég kem að því betur síðar.

Ég held, að það megi því teljast víst, að það verður ekki horfið frá framkvæmdum varðandi hraðbrautir. Það verður farið í lánsfjáröflun til þeirra, ekki lægri upphæð en 300 millj. kr. í viðbót við það, sem inni á áætluninni er. Og það er aðstaða til að leggja fram öll gögn gagnvart Alþjóðabankanum, sem eiga að nægja til þess, að hann geti tekið afstöðu til slíkrar lánsbeiðni, og það verður ekki dregið. Það verður gert nú á næstu vikum, til þess að hægt sé að öllu leyti að vera viðbúinn framkvæmdum á næsta ári, en á þessu ári er verið að framkvæma hraðbrautalagningu fyrir það, sem enn þá er eftir af fyrri lántökum hjá Alþjóðabankanum, sem eru um 140 millj. kr.

Það er rétt, að það má til sanns vegar færa, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði. Það er engin stefnubreyting í því fólgin að halda áfram stórfelldum hraðbrautaframkvæmdum, en það er haldið fram stefnunni, sem þarna hafði verið mótuð og mörkuð af honum, og að þessu leyti var alveg rétt stefnt hjá fyrrv. ríkisstj. Ég hef alltaf viðurkennt það, að þó að hraðbrautirnar hér út frá Reykjavík og höfuðborgarsvæðinu séu geysilega fjárfrekar framkvæmdir, þá voru þær óumflýjanlegar. Þetta var orðinn eins konar botnlangi í vegakerfinu, og vegirnir, sem fyrir voru, báru ekki þessa feikna umferð, sem er inn í borgina og út úr henni, og í þetta varð því að ráðast, þó að þetta drægi til sín miklu, miklu hærri upphæðir en við höfðum áður unnið með í íslenzkum vegaframkvæmdum.

Já, veggjaldið á Reykjanesbraut hefur verið gert að umtalsefni bæði af hv. 1. þm. Sunnl., hv. 8. landsk. og hv. 1. þm. Reykn. Vissulega hafa þeir rétt fyrir sér, þegar þeir segja: Þingvilji hlýtur að skera úr um það, hvort við eigum að halda þessari gjaldtöku áfram eða ekki. Og það eitt vil ég segja, að ég stend við það, að það verður ekki tekið veggjald af Reyknesingum einum, ef Alþ. markar þá stefnu að taka ekki veggjald af öðrum sambærilegum vegum. Þangað til eru Reyknesingar að mínu áliti ekki rangindum beittir, því að þeir sitja við hinn bezta veg og gjalda þannig aðeins brothluta af því, sem hann kostaði, og byrðinni, sem þjóðin tekur á sig til þess að bera útgjöld af honum, og hún hefur farið minnkandi sú byrði á þeirra herðum, eins og hér hefur verið tekið fram.

Það er ekki fjarri því, að mér finnist það nokkuð mikið bráðlæti að taka veggjald inn á vegáætlunina, áður en viðkomandi vegir eru til, t. d. Vesturlandsvegur eða hringvegurinn austur um eða vegurinn í áttina til Hellu. Meðan þeir eru ekki til þessir vegir, þá finnst mér vera nokkuð mikið bráðræði að heimta, að ákveðið sé veggjald af þeim. En þegar þeir eru til, þá er kominn tími til þess að marka þá stefnu, og þangað til eiga menn að una því, að Reyknesingar borgi það litla veggjald, sem þeir eru enn látnir greiða. (**MÁM:** 1. jan. á næsta ári.) Ja, ég get líka fallizt á það, að á seinni árum áætlunarinnar sé þá tekið inn veggjald, en ekki á þessu ári, því að þá væri verið að leggja á vegi, sem ekki eru til.

Ég fékk bréf norðan úr Skagafirði núna í vor, og það var frá öldruðum manni þar. Hann ræddi um vegamál, og hann ræddi um skattamál. Hann sagði, þessi gamli maður:

„Það er einn skattur, sem illt er við að búa í samgöngumálum, og það eru vegleysurnar. Það er þyngsti skatturinn," sagði hann, og það er sannleikur. Þeir eiga ekki að mögla, sem hafa beztu vegina, þó að þeir beri örlítið af þeirri byrði, sem lögð er á landslýðinn vegna þeirra, og þeir gera það ekki heldur Suðurnesjamenn. Ég varð ekki var við, að þeir mögluðu nokkurn skapaðan hlut, þegar ekki var ýtt við þeim á þann hátt, sem ýmsir hafa gert, að aumka þá fyrir það, hve illa sé með þá farið og hvað þeir séu miklum rangindum beittir með þessu gjaldi. Það voru menn þar, sem sögðu á fundum, þar sem ég var: Þetta gjald greiðum við með glöðustu geði. Við höfum fengið fyrirframgreiðslu, og við erum aðeins að borga lítinn hluta eftir á. Við höfum fengið fyrirframgreiðsluna í hinum góða vegi. Fólkið úti um landsbyggðina býr við þann vegaskatt, sem heitir vegleysur. Það var sagt hér, að það munaði ekki mikið um þetta gjald. Það eru þó 20 millj. kr. þarna, og það geta orðið 60—80 millj. kr., ef veggjöld eru lögð á þá vegi, sem sambærilegir verða innan tíðar við þennan veg. Og við grípum þó ekki upp úr götunni 60—80 millj., svo mikið er víst, og okkur vantar margar 60—80 millj. til framkvæmda í vegamálum. Sé þetta í burtu tekið, þá þurfum við a. m. k. að afla þess með öðrum hætti.

Hv. 1. þm. Sunnl. gerði lítið úr hinum auknu framlögum ríkissjóðs samanborið við fyrri tíð. En það er staðreynd, að ríkið leggur nú fram margfalt meira en það hefur áður gert til vegamálanna. Það voru 47 millj. á fjárlögum á síðustu áætlun, sem ríkissjóður lagði beint fram. Þarna er bætt við 53 millj. og þar að auki hlutanum af innflutningsgjaldinu, 100 millj. kr., auk þess sem ríkissjóður tekur nú á sig allþungar byrðar og vaxandi byrðar af þeim erlendu lánum, sem ríkið stendur undir og léttir þannig af Vegasjóði. Ég held, að það sé ekki árásarefni á núv. hæstv. fjmrh., hversu naumlega hann hafi nú skammtað framlög af ríkisins hendi til vegamálanna. Ég held, að þarna sé mjög myndarlega að verki staðið af honum. Og einkanlega verður það mjög myndarlegt, þegar borið er saman við fyrri tíð.

Með því, sem ég nú hef sagt, hef ég að sumu leyti svarað þeim hv. þm., sem síðast töluðu, hv. 8. landsk. þm. og hv. 1. þm. Reykn., a. m. k. að því er varðar vegaskattinn, og skal ég ekki angra neinn með því að fara fleiri orðum um hann. Við verðum að taka ákvörðun um hann, í fyrsta lagi hvort við ætlum að fella hann niður núna, — en þá verðum við að sjá fyrir annarri fjáröflun í staðinn, þó að ekki séu nema þessir smámunir, 20 millj. kr., og þó hækkandi upphæð, þegar frá líður, — eða hvort við eigum í fljótræði núna að ákveða veggjald á aðra vegi, þó að þeir séu ekki orðnir til sambærilegir. Þó kemur það til mála seinni ár áætlunarinnar að slá því alveg föstu, og verður það kannske ofan á. Ég held, að við getum vel verið þekkt fyrir það að taka vegaskatt eða brúarskatta til þátttöku í uppbyggingu okkar vegamála, þegar auðugustu þjóðir heims eins og Bandaríkjamenn gera þetta í stórum stíl. Ég vil ætla það, að það rísi ekki hárin á neinum, þegar þeir hafa fengið góða vegi, þó að lagður sé á þá vegaskattur, hvar sem er á landinu, því að maður verður að

ætlast til þess, að þegar teknar eru mörg hundruð millj. kr. lánsfúlgur til þess að leggja í slíkar umbætur í samgöngumálum, þá sé það einhvers metið.

Hér var rætt um Skeiðarársand og vitnað til þess, að þegar málið var samþ. hér í hv. fjvn. Alþ., þá hafi verið talað um, að heildarkostnaður mundi verða 200 millj. kr. Það má vel vera, að svo hafi verið, en svo mikið er víst, að þá höfðu menn ekki við að styðjast neina tæknilega athugun á framkvæmd þessa verks. Slík tæknileg áætlunargerð hefur ekki átt sér stað fyrr en á síðari hluta ársins 1971 og byrjun þessa árs, og verður þó að játa, að þar er um frumáætlun að ræða. Og þar er staldrað við, hafa verið nefndar 500—600 millj. kr. Inn í þá upphæð, sem núna er sett hér í áætlunina, er að vísu tekinn fjármagnskostnaður á framkvæmdatímabilinu, og þegar hann hefur verið dreginn frá, þá er framkvæmdin sjálf eitthvað á milli 500 og 600 millj. En það hef ég tekið fram áður, og ég vil endurtaka það, að hér er við svo stór öfl að deila, að ég fell ekkert í stafi yfir því, þó að áætlanir um slíkt verk kunni að standast illa. Það hafa verið gerðar áætlanir um einfaldari og auðveldari verk en þetta og gengið illa stundum að láta þær áætlanir standast. Ég held, að við getum engir fullyrt það, að hérna séum við með réttar upplýsingar, eins og hv. þm. sagði. Hann sagðist vilja krefjast þess, að við hefðum réttar upplýsingar til að byggja á. Við höfum þær einar upplýsingar núna, að það er búið á nokkrum seinustu mánuðum frá því að þetta var fyrirskipað að leggja drög að frumáætlun eins og menn hugsa sér framkvæmd verksins nú, en við getum orðið fyrir stóráföllum við framkvæmd verksins, sem við sjáum ekkert fyrir og enginn getur séð fyrir. En það getur líka farið svo, að við losnum við öll slík áföll. Þarna held ég, að geti oltið á stórum upphæðum frá eða til. Og ég held, að menn megi í þessu tilfelli sízt af öllu kippa sér upp við það, þó að svo kynni að fara. En eins og menn vita nú sannast og réttast eftir því, hvernig menn hugsa sér *mannvirkið*, þá eru líkur til, að það kosti á milli 500 og 600 millj. kr., að meðtöldum fjármagnskostnaði yfir 600 millj.

Þá var minnzt á Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun og í sambandi við það drepið á Vesturlandsáætlun og Vestfjarðaáætlun. Það var ákvörðun síðasta þings að móta svo nefnda Austurlandsáætlun og þá ákveðið, *að til hennar skyldi leggja 60 millj. kr. á ári* í fimm ár eða 300 millj. kr. alls, en nú þegar þykir sýnt, að ef krónutalan á ekki að rýrna, verðmæti þessarar ákvörðunar á ekki að rýrna, þá þurfi að bæta þarna við strax á fyrsta framkvæmdaári vegna hækkandi verðlags og fjármagnskostnaðar 15 millj. kr., svo að þetta er núna á áætluninni 75 millj. kr. Það er áreiðanlegt, að í vegakerfi Austfjarða þarf mikið og stórt átak að gera, og þetta var sem sé mat síðasta þings, að þarna þyrfti að taka til hendinni á næstu fimm árum fyrir 300 millj. kr. auk þeirra fjárveitinga, sem Alþ. ætlaði að öðru leyti samkv. vegáætlun. Ég veit það hins vegar, að Norðlendingar eru sáróánægðir með það að fá ekki hærri upphæð á fyrsta framkvæmdaári en 100 millj. og síðan nokkuð hækkandi upphæðir, þannig að þeirra hlutur verður kannske 600 millj. á fimm árum, en það þótti nú ekki fært að ráðast í meira. Ég veit ekki heldur, þegar liðið er svo á árið sem nú, hvort unnt verður að framkvæma miklu meira í vegamálum á Norðurlandi en fyrir 100 millj. kr. Ég veit það ekki. En ég fellst á það, að þeirra hlutur er þarna nokkru lægri, áreiðanlega nokkru lægri en Austfirðinganna samkv. Austfjarðaáætlun.

Vestfjarðaáætlun var nefnd. Hvað ætli framlögin til vegamála hafi verið þar samkv. þeirri áætlun? Ég hef ekki töluna hjá mér, en ég held, að það hafi verið innan við 100 millj. á fimm árum. Og sú áætlun var aldrei gerð fyrir alla Vestfirði. Hún var aldrei gerð fyrir Strandasýslu né heldur Austur-Barðastrandarsýslu og að litlu leyti fyrir Ísafjarðardjúp, svo að það var aðeins samgönguáætlun fyrir hluta af Vestfjörðum. Við þm. Vestf. höfum nú í höndunum plögg frá verkfræðingum um það, hvaða gífurleg verkefni eru aðkallandi og brýn í samgöngumálum Vestfjarða, og þó að þm. kunni að koma það á óvart, af því að þeir eru svo lengi búnir að heyra um Vestfjarðaáætlun, að ekki skuli öllu lokið þar í meginatriðum, þá eru þar gífurleg verkefni, sem eru aðkallandi og sem ekki verður komizt hjá að sinna. Sumu af Vestfjarðaáætluninni, sem átti að vera lokið 1969, er ólokið enn. Og að tvennu leyti hefur ekki verið staðið við gefin loforð varðandi Vestfjarðaáætlun. Það eru enn þá óframkvæmdir stórir liðir, t. d. jarðgöngin gegnum Breiðadalsheiði. Það er eftir að malbika Ísafjarðarflugvöll. Þetta var hvort tveggja í áætluninni. Og svo var því líka heitið, að útvegað skyldi jafnmikið innlent fjármagn eins og útlenda fjármagninu næmi. En þar vantar upp á marga tugi millj. (**LárJ:** Var Vestfjarðaáætlun nokkurn tíma til?) Hún var samsett svona með svipuðum hætti eins og þeir menn gera, sem byggja hús sitt fyrst og búa svo til teikningu á eftir, svoleiðis varð hún sennilega til að lokum. En svo mikið er víst, að skuldbindingar voru gefnar, sem ekki hafa verið efndar nema að hluta.

Ég álít, að Norðurlandsáætlun sé allt of lítið undirbúin, þegar nú er farið af stað með hana. Og Vesturlandsáætlun er tæpast enn þá í smíðum. En undirbúningur að þessum áætlunargerðum, ef þær eiga að vera nokkuð annað en nafnið tómt, er nauðsynleg forsenda. Hins vegar held ég, að engir þm. Vesturlands þurfi nú að vera mjög ósáttir við framkvæmdir í vegamálum og samgöngumálum, þó að ekki sé komið að þeirra landshlutaáætlun, því að mér er kunnugt um það, að það er ætlunin að láta til samgöngubóta á Vesturlandi á þessu *áætlunartímabili til eins eða tveggja mannvirkja* þar nálægt 300 millj. kr., svo að ég held, að Vesturland verði varla olnbogabarnið, sem þurfi að bera sig illa.

Ég minnist þess nú ekki, að það hafi verið mörg fleiri atriði, sem hafi verið gerð að umtalsefni varðandi vegáætlunina. Hv. 1. þm. Reykn. ræddi aðallega um veggjaldið, eins og kannske er eðlilegt, og þau svör, sem ég hef gefið öðrum hv. þm., hv. 1. þm. Sunnl. og hv. 8. landsk. þm., um þau mál, hef ég líka gefið hv. 1. þm. Reykn. Ég beygi mig að sjálfsögðu fyrir því, ef þingið vill fella þetta gjald niður. Ég tel hins vegar fljótræði í því að fella það niður, ef svo skyldi verða tekin ákvörðun um að taka upp veggjöld annars staðar. Það væri álappalegt. En ef menn telja það réttara að slá stefnunni fastri á þessu þingi með því að taka upp veggjöld á seinni árum þessa áætlunartímabils og þá að sjálfsögðu að halda veggjaldinu á Reykjanesbraut áfram, þá teldi ég það viðunandi, þó að ég teldi eðlilegast, að beðið væri með að setja veggjöld á aðra vegi,

þangað til þeir eru til og orðnir sambærilegir við Reykjanesbraut. Þá teldi ég tímabært að taka „prinsíp"-ákvörðun um það annaðhvort að leggja veggjald niður alls staðar eða taka það upp á öllum sambærilegum vegum í vegakerfinu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er rétt, að vegáætlun er nokkuð seint fram komin núna, eins og hæstv. ráðh. minntist á. Hitt er einnig staðreynd, að eftir fáu hefur verið beðið af meiri eftirvæntingu víða um land, enda snertir hún lífæð fjölmargra og flestra staða. Ég ætla nú við þessa umr. að takmarka mál mitt og aðeins minnast á fáein atriði.

Ég vil í upphafi segja það, að ég fagna þeirri nýbreytni, sem hér kemur fram, að taka saman í þessari þál. til vegáætlunar sem flest þau atriði eða öll, sem vegamál varða, eða allar framkvæmdir á vegamálum og veita þannig heillegra yfirlit en áður hefur legið fyrir. En í þessu sambandi virðist jafnframt ljóst, að nauðsynlegra verður að gera sér enn gleggri grein fyrir því, hvernig við viljum, að framkvæmdum í vegamálum sé háttað á næstu árum. Það má þá gera ráð fyrir því, að erfiðara verði að fá inn nýjar framkvæmdir, t. d. með sérstökum svæðisáætlunum.

Ég get ekki gert að því fyrir mitt leyti, að sú spurning vaknar hjá mér, hvort skipting, sem kemur fram í kaflanum 2.3, á milli hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta sé að öllu leyti eðlileg. Ég fagna því átaki, sem hefur verið gert hér á Suðvesturlandi í hraðbrautum, en engu að síður sýnist mér það sanngjarnt sjónarmið, að rétt sé að gera alla þjóðvegi um landið a. m. k. akfæra, áður en nálægt því helmingi fjármagns, sem varið er til nýrra þjóðvega, er varið til hraðbrauta. Ég held, að þetta hljóti að vera eðlileg krafa og ósk þess fólks, sem býr við það vegakerfi, sem víða er þannig, að vegir eru alls ekki lagðir eða óakfærir eða illa akfærir, þótt í þjóðvegatölu séu komnir. Mér sýnist því full ástæða til þess að hugleiða þetta mál mjög vandlega, þegar gerð er fjögurra ára vegáætlun.

En fyrst og fremst vildi ég ræða um tvö atriði. Annað er skipting þess fjármagns, sem til skiptingar er og talið er til þjóðbrauta og landsbrauta. Ég tek undir það, sem kom fram hér áðan hjá hv. 8. landsk. þm., að það þurfi að liggja til grundvallar nokkuð góðar upplýsingar til skiptingar á þessu fjármagni. Ég fyrir mitt leyti hefði talið eðlilegast, að fyrir lægju með þessari þáltill. góðar upplýsingar um ástand vega. Hvernig er ástand þjóðvega í hinum ýmsu kjördæmum landsins? Í grg. er að finna nokkrar upplýsingar um það, en þær eru langt frá því að vera fullnægjandi, þar sem þjóðbrautir og landsbrautir eru upp taldar á bls. 33 og greint frá, hvað sé akfært af þessum brautum og hvað ekki akfært. Ljóst er, að þetta þarf að vera miklu ítarlegra. Þarna eru mörg stig á milli, mikið, sem þarf að endurbyggja, og raunar mikil spurning, hvenær nefnt er akfært og hvenær ekki. Raunar sýnist mér, að einna gleggstar upplýsingar um þetta komi fram á bls. 35, þar sem taldar eru óbrúaðar ár á þjóðvegum. Það getur varla talizt akfært í dag. Þar kemur fram, að langsamlega hæst í þessari tölu, svo að í sérflokki eru, eru tvö kjördæmi þessa lands, Vestfjarðakjördæmi með 19 ógerðar brýr 4—10 metra og færri lengri brýr og Austfirðir með 20 brýr, sem eru ógerðar, eins og hv. þm. geta séð og ég ætla ekki að fara að lesa hér upp. En það er ljóst t. d. af þessari einu töflu, að tvö kjördæmi eru þannig í algerum sérflokki og rík ástæða til þess að kanna langtum nánar en gert hefur verið, hvort ekki eigi að gera sérstakt átak í þessum tveimur kjördæmum til að koma þeim á eitthvert plan, sem er álíka og er í öðrum kjördæmum landsins.

Réttilega hefur verið minnzt á það, að Vestfjarðaáætlun svo nefnd var í framkvæmd fyrir örfáum árum, og nú er Austfjarðaáætlun í framkvæmd. Ég vil vænta þess, að Austfjarðaáætlun bæti töluvert úr fyrir Austfirðina. Hins vegar virðast margir vera þeirrar skoðunar, að vegamál á Vestfjörðum séu í hinu bezta ástandi eftir svo nefnda Vestfjarðaáætlun, en eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan, þá er víðs fjarri því, að svo sé, og gerir það þetta mál enn þá alvarlegra, að svo margar brýr skuli vera ógerðar eða ár óbrúaðar eftir Vestfjarðaáætlun.

Það var spurt að því áðan úr ritarasæti, hvar Vestfjarðaáætlun væri. Ég flutti nú nokkuð ítarlega ræðu um þetta um daginn í sambandi við þáltill. okkar þm. Vestf., og þá kom hv. 5. þm. Vestf. með þær upplýsingar, að Vestfjarðaáætlun mundi vera í skjalasafni utanrrn. Ég hef því miður ekki haft tíma til að láta leita að henni þar, en þóttu mér það góðar og gagnlegar upplýsingar.

Staðreyndin er vitanlega sú, að það er gífurlegt átak eftir í vegamálum Vestfjarða, sem ekki var ætlunin að ljúka með þeim þætti Vestfjarðaáætlunar, sem tekinn var fyrir fyrir fáeinum árum. En þegar gerð er fjögurra ára áætlun, þá er það mikið alvörumál, að slíkir hlutir gleymist ekki, og því miður er um marga þessa hluti í vegamálum Vestfjarða þannig ástatt, að þeir eru alls ekki áætlaðir. Það eru vegaframkvæmdir, sem taldar eru mjög líklegar og eðlilegar, yfir Dýrafjörð og yfir fleiri firði og sömuleiðis Vestfjarðavegur allur um Barðastrandarsýsluna, þar sem enn er eftir að gera þá nauðsynlegustu úttekt, sem leggja verður til grundvallar við áætlunargerð. Ég fyrir mitt leyti mundi leggja á það ríka áherzlu, að verulegt fjármagn kæmi inn í þessu skyni, þegar þessi vegáætlun verður tekin til endurskoðunar eftir tvö ár.

En einn er sá vegur á Vestfjörðum, sem hefur verið allvel skoðaður og hafin er framkvæmd við einmitt með lánsfé. Það er hinn svo nefndi Djúpvegur. Það fékkst lán til Djúpvegar í fyrra, að upphæð 10 millj. kr. til viðbótar því fé, sem var á vegáætlun. Þá var unnið þar fyrir um 15—16 millj. kr. Til þess að ljúka þeim kafla Djúpvegar að Ögri, þar sem enginn vegur er nú, er áætlað, að þurfi um 100 millj. kr. Sýnist mér lágmark að gera þá kröfu, að haldið verði áfram þeirri framkvæmd, sem hafin var í fyrra með lánsfé, og lánsheimild veitt undir kaflanum Til nýrra þjóðvega til þess að ljúka þessum vegarkafla að Ögri á þremur árum. Ég stóð því fyrst og fremst upp til þess að leggja á það ríka áherzlu við hv. fjvn., að hún skoði þetta vel. Alþ. samþykkti í fyrra að hefja þessa framkvæmd með lánsfé, og Alþ. ber að standa við þá ákvörðun sína að halda framkvæmdinni áfram. Að öðrum kosti var skakkt að fara að setja þetta fé í Djúpveg á síðasta ári. Það kemur engum að góðu eins og er. Ég legg því ríka áherzlu á, að þetta verði athugað og á þessum árum, árunum 1973 og

1974, tekin inn lánsheimild til þess að ljúka Djúpvegi á þremur árum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil taka undir það að lokum með hæstv. ráðh., að það er mikil nauðsyn að auka viðhaldsfé, en ég vil í því sambandi varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki sé eðlilegt, að hið háa Alþingi líti nokkru nánar á ráðstöfun þessa fjár. Það hefur yfirleitt ekki verið gert. Það væri fróðlegt að fá skýrslu um ástand vega og til hvers þetta hrekkur. Við allir, sem ökum um íslenzka þjóðvegi, sjáum, að þar er miklu ábótavant. Hvað telur vegamálaskrifstofan, að þurfi til þess að halda íslenzkum vegum í sæmilegu og viðunandi horfi, og hvernig er skipting þessa fjármagns á hin ýmsu kjördæmi, hina ýmsu landshluta? Ef til vill er þar einn þáttur, sem hv. þm. þyrftu að líta á.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vildi byrja ræðu mína á því að fagna þeim auknu fjárveitingum, sem vegáætlun fyrir árin 1972—1975 ber með sér að verja á til vegaframkvæmda. Það er eins og hér hefur áður verið sagt, að vegagerð og greiðar samgöngur á landi eru ein veigamesta forsenda þess, að við getum hér rekið öfluga framleiðslustarfsemi í landi okkar og búið við sæmileg lífskjör víðs vegar um landið. Mér er því sérstök ánægja að því að vera stuðningsmaður ríkisstj., sem leggur fram áætlun um aukið fé til þessara nauðsynlegu framkvæmda.

Í því sambandi vil ég taka undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram frá öðrum hv. þm. um, að ég tel það aftur á bak í sambandi við þessa gleðilegu þróun, ef það á eftir að verða reyndin, að framkvæmdir við hraðbrautir í landinu eigi eftir að dragast verulega saman á næstu árum, því að ég hygg, að það hljóti þó alltént allir hv. þm. að viðurkenna, að um hraðbrautirnar fer langmestur hluti akandi umferðar í landinu. Það eru notendur hraðbrautanna, sem fyrst og fremst með greiðslum af bifreiðum, varahlutum og rekstrarvörum bifreiða standa undir vegagerð í landinu, og skynsamleg uppbygging vegakerfisins verður að mínu viti ekki framkvæmd nema að verulega mikið sé unnið við hraðbrautaframkvæmdir víðs vegar um landið. Ég skil þó að sjálfsögðu sjónarmið þeirra, sem búa við vegleysur heima í héruðum, strjálbyggðum héruðum, en í því sambandi eigum við við vandamál að stríða hér í þessu landi, sem gætir á fleiri sviðum en í sambandi við vegagerð, að við höfum takmarkað fjármagn til framkvæmda, en þarfirnar kalla víða að. Og þá er aðeins spurningin um það, hvernig skynsamlegast og af mestri réttsýni verði að því staðið að skipta því tiltölulega takmarkaða fjármagni til þeirra aðkallandi framkvæmda, sem eru fyrir hendi á hverjum tíma.

Ég get ekki stillt mig um það í tilefni af þeim ummælum hæstv. samgrh. hér áðan, þar sem hann ræddi um, að greiðslur til vegagerðar í hraðbrautum væru, eins og ég held, að hann hafi orðað það, lánsfé, sem hvíldi á hrygg allra landsmanna, sem þeir yrðu að borga, að víkja að þessum ummælum nokkrum orðum. Þetta er að sjálfsögðu rétt. En mjög verulegan hluta þessara byrða greiða nú einmitt þeir, sem mest nota hraðbrautirnar, og ég hygg, að það séu fáir, sem komist hjá því, hvar sem þeir eru búsettir í landinu, að nota hraðbrautirnar meira eða minna. Og ég hygg, að það sé ekki neitt einsdæmi, að lánsfé vegna hraðbrautanna sé sett á hrygg allra landsmanna. Ég hygg, að svo gildi í fleiri tilfellum en um kostnað við hraðbrautaframkvæmdir, og ég get sagt þá sögu hér svona til gamans, að það eru ekki nema nokkrar vikur síðan rafveitustjórinn í Keflavík var á fundi með okkur þm. Reykn. og skýrði þá m. a. frá því, að það væri svo, að rafveita Keflavíkur og Suðurnesjaveiturnar keyptu í heildsölu rafmagnið og fyrir það yrðu þær að greiða hærra verð í heildsölu heldur en einstakir bæir sums staðar um landið greiddu fyrir það rafmagn, sem þeir fá frá samveitum. Og hverjir skyldu greiða þann mismun? Það er nefnilega svo, að kostnaður við hraðbrautagerð í landinu hvílir á herðum allra landsmanna, en það gildir ekkert sérstaklega um hraðbrautaframkvæmdir. Það er svo um fleiri framkvæmdir í okkar þjóðfélagi, að við viðurkennum þá staðreynd meira eða minna, að greiðslur vegna framfara í landinu eigi að koma í sanngjörnum mæli á herðar allra landsins barna.

Hv. 1. þm. Sunnl., fyrrv. samgrh., hélt hér ræðu áðan, og hann sagði m. a., að á það yrði að reyna á þessu þingi, hvort meiri hl. væri fyrir því á hv. Alþ. að halda áfram innheimtu veggjalds eftir næstu áramót. Um þetta er ég honum alveg sammála. Ég tel það alveg nauðsynlegt, að Alþ. marki þá stefnu, sem fara á í þessum efnum. Ég tel, að reynslan hafi sýnt það, og ég mun víkja að því á eftir, að það sé óeðlilegt og reynslan hafi ekki verið góð af því að gefa einum hæstv. ráðh., hverjum sem hann er, ótakmarkaða heimild til þess að vega og meta, hvenær hann vill leggja á veggjald og hvar skuli leggja á veggjaldið. Og það vill nú svo vel til, að hv. 1. þm. Sunnl. á þess kost á þessu þingi ásamt með mér og fleirum að láta á þetta reyna, hvort veggjaldsinnheimtunni verði haldið áfram af hæstv. núv. samgrh., því að við höfum þrír hv. þm. flutt frv. á þskj. 350 um að fella úr gildi heimild til ráðh. í vegalögum til þess að leggja veggjaldið á. Og ég lýsi því hér yfir, að ég mun og þá væntanlega ásamt með hv. 1. þm. Sunnl. reyna að vinna því fylgi, að þetta frv. fáist samþykkt hér á yfirstandandi þingi. En því miður virðast horfur okkar, sem berum þetta fyrir brjósti, ekki ýkja bjartar um, að við fáum frv. samþ., því að nýlega hefur verið lagt fram nál. um þetta frv. frá samgmn., sem er að finna á þskj. 639, þar sem allir nm. í hv. samgmn. þessarar d. leggjast gegn því, að frv. verði samþ. Þannig er það ljóst af þeirri afstöðu, að það verður erfitt að fá það í gegn. En við hv. 1. þm. Sunnl. snúum bökum saman um að reyna það.

Ég sagði hér áðan, að ég teldi það óeðlilegt og óheppilegt að gefa ráðh., hverjum sem hann er og af hvaða flokki sem er, rétt til þess að ákveða, hvar og hvenær veggjald skuli lagt á umferð um vegi eða sérstakar brýr í landinu. Það er ekki nýtt, að ég hafi haldið þessu fram, því að þegar á árinu 1965, fljótlega eftir að veggjald það, sem mikið hefur verið um talað, var lagt á Reykjanesbrautina af páv. hæstv. samgrh., þá flutti ég frv. til l. um breyt. á vegalögum nr. 71 frá 31. des. 1963, sem 55. mál þess þings, en þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta, 1. gr.:

„95. gr. vegalaga nr. 71 1963 orðist svo: Heimilt er að ákveða í vegáætlun, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem fara um tiltekna vegi og brýr."

Með þessari breytingu vildi ég taka ákvörðunina um

það, hvort nota bæri veggjald og hvernig nota bæri veggjaldið, úr höndum einstaks ráðh., flytja það yfir til Alþ., og tilgangurinn bak við þennan tillöguflutning var sá að reyna að tryggja, að veggjald yrði lagt á eftir einhverjum almennt mörkuðum fyrirframreglum, sem girtu fyrir það í framtíðinni, að mönnum yrði mismunað, sem byggju við sambærilega vegi, með álagningu veggjaldsins. Þetta var tilgangurinn með tillöguflutningi mínum þá, og ég hef aftur síðar flutt þetta sama frv., en ávallt hefur það frv. verið drepið af stuðningsmönnum fyrrv. hæstv. ríkisstj.

Nú höfum við nokkra reynslu af álagningu veggjaldsins á Reykjanesbrautina, og ég get ekki stillt mig um að rekja þá reynslu í örfáum orðum. Ég skal ekki lengja tíma Sþ. með því að fara mjög nákvæmlega út í það, þó að ég telji óhjákvæmilegt að víkja að henni til þess að renna stoðum undir þær staðhæfingar, sem ég hef hér farið með.

Menn hafa ítrekað bæði nú og áður, þegar veggjald hefur komið til umr., talað um það, að þeir, sem byggju við góða vegi, varanlega vegi, væru ekki of góðir til að borga vegskatt eða lítið gjald. Hæstv. núv. samgrh. sagðist m. a. hafa fengið bréf norðan úr Skagafirði frá bónda þar, sem sagði eitthvað á þá leið, að með því að greiða veggjald af góðum vegum væru menn raunverulega bara að borga fyrstu afborganirnar af þeim kostnaði, sem væri falinn í góðri vegagerð. Ég get vel fallizt á þetta sem sjónarmið. Ég vil taka fram, og ég vil undirstrika það, að í rökstuðningi bæði mínum og annarra þeirra, sem barizt hafa fyrir því, að veggjaldið á Reykjanesbraut yrði fellt niður, hefur það aldrei verið þungamiðja í málflutningi okkar, að það væri peningagjaldið sjálft, sem væri sérstaklega ósanngjarnt. Ég skal viðurkenna það og hef raunar viðurkennt það áður, að fjárhagslega hafa þeir, sem notað hafa Reykjanesbrautina og farið mest um hana á bílum sínum, ekki tapað á því. Það er fjarri því. Ég hef aldrei rekið málið á þeim grundvelli. Á hinu hef ég byggt, sem ég tel, að reynslan hafi sannað, að var rétt hjá mér, að frá byrjun gætti um það mjög mikillar tortryggni hjá mörgum á Suðurnesjum, að ekki stæði til að leggja þetta veggjald nema á einn veg, þ. e. Reykjanesbrautina. Því var haldið fram og hefur verið haldið fram í umr. bæði syðra og hér á hv. þingi. Það er þessi tortryggni, sem varð að vissu fyrir nokkru síðan, sem brann á mér og mörgum öðrum um, að við værum beittir öðrum og lakari reglum af handhöfum ríkisvaldsins í sambandi við þetta en til stæði að beita nokkra aðra, sem notuðu sambærilega vegi. Þessi ótti okkar og tortryggni fékk fyllilega staðfestingu í stærsta blaði þjóðarinnar, Morgunblaðinu, viku fyrir síðustu kosningar, þegar hv. þm. sjálfstæðismanna í Reykjaneskjördæmi tókst að fá fram yfirlýsingu frá þáv. samgrh. um það, að til stæði að fella veggjaldið af Reykjanesbraut niður um áramótin 1972—1973 eða um líkt leyti og varanlegur vegur kæmi frá Reykjavík austur að Selfossi. Það er þetta, sem á okkur hefur brunnið, því að ég fellst aldrei á þau rök, og ég hygg, að allir hv. þm., sem vilja skoða þetta án ofstækis og án fordóma fyrir fram, þeir sjái það, hvað það er óeðlilegt og illa hægt að rökstyðja það, að eðlilegt sé að leggja veggjald aðeins á veg nr. 1 í landinu, þ. e. fyrsta veginn, sem fær sæmilegt slitlag, en þeirri álagningu skuli hætt um leið og vegur nr. 2 verður til. Hvaða rök eru þetta fyrir því að nota veggjaldið sem tekjustofn til vegagerðar, ef bara á að leggja það á fyrsta veginn, en ekki á veg nr. 2? Og hvort skyldi hafa ráðið meiru um þá ákvörðun að hætta við innheimtu veggjaldsins, að þessi vegur, vegur nr. 2, kom í kjördæmi hæstv. fyrrv. samgrh., eða þá það, að mönnum hafi skyndilega vitrazt það í júnímánuði 1971, rétt fyrir kosningar, viku fyrir kosningar, að veggjaldsstofninn væri ekki eðlilegur og heppilegur tekjustofn til vegagerðar í landinu? Ég læt hv. alþm. alveg eftir að meta það hverjum fyrir sig, hvort hafi ráðið meiru.

Ég get ekki annað en brosað með sjálfum mér, þegar ég heyri hv. 1. þm. Reykn. halda því fram nú á þessari stundu, mann, sem öll þessi ár hefur staðið að því með öðrum að reyna að koma í veg fyrir, að notendur Reykjanesbrautar einir yrðu látnir greiða veggjald í landinu, tala um það nú, að ef þessi till. til þál. um vegáætlun fyrir 1972—1975 verður samþ., þá sé verið að fremja hróplegt ranglæti á þeim, sem nota Reykjanesbrautina. Að vísu er þetta rétt hjá honum. En það var líka alveg eins rétt 1965, þegar ég var að berjast fyrir því að fá þetta fellt niður eða að öðrum kosti settar um þetta almennar reglur, sem tryggðu það, að mönnum yrði ekki mismunað, sem væru í sambærilegri aðstöðu og byggju við sambærilega vegi.

Ég skal nú ekki fara fleiri orðum um þennan þátt málsins, en ég tel, að þessi reynsla, sem ég hér var að lýsa, renni óyggjandi stoðum undir þá staðhæfingu mína, að það sé ekki heppilegt, að heimildin til álagningar veggjalds á einstaka vegi og brýr sé í höndum ráðh. Hún á að vera hjá Alþ., og um það á að setja almennar reglur fyrir fram, hvernig og eftir hvaða reglum eigi að nota þann tekjustofn.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að þeirri þáltill. til vegáætlunar, sem hér er verið að ræða. Ég tek undir það, að það er óþolandi að samþykkja þá þáltill. með því ákvæði, eins og till. ber greinilega með sér, að veggjald skuli einungis lagt á Reykjanesbrautina eina á áætlunartímabilinu, enda þótt vitað sé, að nokkrir vegir sambærilegir að gerð muni koma til eða verða til strax á þessu ári og næstu árum. Það get ég ekki sætt mig við. Og ég get ekki heldur fallizt á þær loðnu yfirlýsingar, sem hæstv. samgrh. gaf hér áðan um það, hvernig hann hyggst nota sér þá heimild, sem hann hefur til álagningar vegaskattsins, og tel, að um það þurfi að liggja fyrir miklu ljósari yfirlýsingar, áður en ég greiði vegáætluninni atkv., að því er tekur til veggjaldsins á Reykjanesbraut, sem þar er að finna.

Ég get ekki tekið þá afsökun hæstv. samgrh. fullgilda, að óeðlilegt sé að áætla tekjur af veggjaldi á áætlunartímabilinu af vegum, sem ekki eru til í dag, þó að allir viti það, að þeir verða til á áætlunartímabilinu. Hvernig fer hæstv. ráðh. að því að áætla tekjur fram í tímann, t. d. af gúmmígjaldi, innflutningsgjaldi af bifreiðum o. þ. h.? Allt er þetta meiri og minni óvissu háð, og ef hæstv. ráðh. hefði sett í þáltill. um vegáætlunina eitthvað alveg ótvírætt um, að hann ætlaði sér að nota heimildina með því að áætla tekjur af veggjaldi á sambærilegum vegum, sem verða til á áætlunartímabilinu, þá vissi maður þó betur, hvar maður stendur í því að taka afstöðu til þál. Mér er það ekkert auðvelt mál sem stuðningsmanni hæstv. ríkisstj. að þurfa að lýsa því yfir, að ég muni aldrei greiða því atkv., að vegáætlunin fari í gegn með þessu ákvæði,

eins og nú er, um að innheimta veggjald af Reykjanesbraut einni og hafa enga vissu um það, hvernig hæstv. ráðh. ætlar sér að nota þá víðtæku heimild, sem hann hefur. (Gripið fram í.) Mér nægir það ekki, að slíkt sé gert.

Það skulu vera mín síðustu orð hér í sambandi við þessa þáltill. að segja, að vissulega getur vegskattur, lágur vegskattur komið til greina sem almenn tekjuöflun í sambandi við dýra vegagerð í landinu. Það getur komið til greina, þó að ég telji hann af ýmsum ástæðum ekki þá heppilegustu leið, sem hægt er að fara til þess að afla fjár til vegaframkvæmda, af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að mér býður í grun, að það verði erfitt að innheimta veggjald af sambærilega gerðum vegum á mismunandi stöðum á landinu, bara t. d. vegna þess, að umferðin sums staðar er svo lítil, að það verður ekki talið borga sig. Og ég get ekki látið slík sjónarmið ráða stefnunni um notkun þessa tekjustofns. Ég held, að það væri eðlilegra að taka þær tekjur, sem ég dreg ekki í efa, að yrðu miklar, til vegagerðar í landinu inn eftir þeim leiðum, sem farnar hafa verið, og standa þá bara frammi fyrir þeirri bláköldu staðreynd að ákveða gjöld á bifreiðar og varahluti og rekstrarvörur bifreiða það há, að menn telji, að þau nægi þeim framkvæmdum, sem þeir vilja gera í vegagerð á hverjum tíma. En það er alger forsenda mín til þess að fylgja veggjaldi sem tekjustofni til vegagerðar, dýrrar vegagerðar, að um álagningu þess séu settar fyrir fram reglur, er komi í veg fyrir það, að notendum vega sé mismunað eftir því, hvar þeir búa á landinu. Ég bið svo þess að sjá, hvort þær yfirlýsingar, sem ég hef hér gefið, kunna að hafa einhver áhrif eftir að þessari umr. lýkur, þ. e. milli þeirra umr., sem um þessa þáltill. fara fram. Þegar ég sé það, þá mun ég taka mína afstöðu til þess atriðis, sem ég hef gert hér ágreining um.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður í sambandi við þessa till. um vegáætlun fyrir árin 1972—1975, sérstaklega vegna þess, að ég á sæti í þeirri n., sem fjallar um vegáætlunina, fjvn., og þar gefst tækifæri og hefur gefizt undanfarna daga til þess að ræða þessa vegáætlun og síðar um skiptingu á því fé, sem hér er um að ræða.

Þegar við lítum á þessa vegáætlun, er hér reiknað með, að tekjur séu 1745 millj. á þessu ári, 1972, en ef við berum áætlunina saman við tekjuáætlun vegáætlunarinnar frá árinu 1971—1972, eins og hún liggur hér fyrir, var tekjuáætlun eða tekjupóstar vegáætlunarinnar, bæði benzíngjöld, þungaskattur, gúmmígjald og ríkisframlag, 901.8 millj. kr. á árinu 1971, en er nú áætlað 1140.8 millj. kr. á árinu 1972. Ég fyrir mitt leyti tel þá áætlun, sem hér liggur fyrir, í sambandi við tekjurnar mjög varhugaverða, sérstaklega hvað snertir benzínskattinn og þá einnig um leið bæði þungaskatt og gúmmígjald. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum, að tekjuáætlun hefur ekki staðizt í reynd, og ég held, að það sama komi til með að eiga sér stað einnig hvað snertir tekjuáætlun fyrir þetta ár, en samkv. áætlun á benzíngjaldið að hækka um 67 millj. kr. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum, að oftast hefur orðið halli á vegáætlun, sem hefur nokkuð verið ræddur hér, bæði af hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Sunnl. Út af þeim halla, sem orðið hefur á vegáætlun og auðvitað er mjög illt að ráða við, bæði á undanförnum árum og sömuleiðis í framtíðinni, þá hefur það komið í ljós, að reynt hefur verið að láta þennan halla ekki verða mjög mikinn ógreiddan, eins og hv. 1. þm. Sunnl. benti réttilega á, en hann er á þessum tveimur árum, árunum 1970 og 1971, 137 millj. kr. Við afgreiðslu áætlunarinnar fyrir árið 1970 var tekin upp greiðsla á halla ársins 1969, og ef það sama hefði verið viðhaft hér nú, þá hefði auðvitað átt að greiða hallann á árinu 1970, en velta eðlilega áfram hallanum á árinu 1971. Það er rétt hjá hæstv. samgrh., að það væri ekki svo erfitt að velta þessum halla á undan sér, ef það væri nú öruggt og tryggt, að við mundum að lokum afgreiða vegáætlun, sem fengi staðizt með öllu. En því er ekki að heilsa með þessari tekjuáætlun, sem hér liggur fyrir.

Sömuleiðis má eiginlega segja það, að þó að áætlunin geri að nafninu til ráð fyrir að greiða 17 millj. upp í 137 millj. kr. greiðsluhalla, þá er í raun og veru verið að afgreiða þessa till., ef hún yrði afgreidd óbreytt, með 33 millj. kr. greiðsluhalla, því að 50 millj. kr. sérstök lánsfjáröflun, eins og fram kemur í tekjulið till., er ekki til neinnar ákveðinnar framkvæmdar, heldur er því fyrst og fremst tyllt upp í þessa áætlun til þess að láta enda mætast, til þess að tekjur og gjöld mætist, svo að það má segja, að með slíkri lánsfjáröflun vanti 33 millj. kr. upp á, ef hún væri ekki inni.

Það er auðvitað ekki nýtt, að tekin séu stórlán til vegagerðar, og það hefur verið gert á undanförnum árum, bæði til vegagerðar úti um land og til margumræddra hraðbrautaframkvæmda, og nú á þessu ári er mjög mikið um aukið lánsfé að ræða og sérstaklega þó skuldbindingar um enn meira lánsfé á síðari árum þessarar vegáætlunar. Hins vegar er eðlilegt, að það komi í ljós, að menn eru ekki ánægðir með skiptinguna á þessu fé. Ég verð nú að segja það eins og er, að mér finnst mjög eðlilegt, að gengið hafi verið til sérstakrar áætlunar um að bæta vegakerfi þess landshluta, sem einna verst hefur orðið úti, Austfjarða, en þar var áætlað á síðastliðnu ári, að yrði varið með sérstakri lánsfjárheimild 300 millj. kr., þar af 60 millj. kr. á árinu 1971, sem er með þeirri tölu, sem hér er inni í þál., komin í 360 millj. kr. Sömuleiðis verð ég að segja, að það er mjög eðlilegt, að því hafi verið fylgt mjög eftir að hraða vegagerð um Skeiðarársand, og það er eðlilegt, að sú vegagerð sé tekin inn í þessa vegáætlun.

Ég verð að segja það, að ég er mjög ánægður með þá uppsetningu, sem er á vegáætluninni, að taka allar vegaframkvæmdir og allt lánsfé til þeirra, þannig að við höfum það á einum og sama stað. Það tel ég til bóta frá því, sem verið hefur. Þegar talað er um fjárframlög ríkisins, er oft nefnd talan 47 millj. kr., sem við erum búin að heyra ótal sinnum. Er þá borið saman við 100 millj. kr. á fjárlögum fyrir 1972 og svo tekjuöflun með sérstökum skatti, 100 millj. kr., nú á þessu ári. En þá verðum við einnig að hafa í huga, ef við viljum vera sanngjarnir og meta þessi framlög á réttan hátt, að ríkið tók á sig öll lán, sem höfðu verið tekin til vegagerðar til ársloka 1969, á árinu 1971. Það væri því fróðlegt í raun og veru að fá það upp, hve mikið ríkissjóður hefur tekið á sig í sambandi við þessi lán á liðnum árum. Mér hefði fundizt, að það hefði mjög gjarnan mátt gera meira og ganga lengra í þá átt, að ríkissjóður héldi þessari stefnu

áfram algjörlega, þó að hann hafi gert nokkuð í þeim efnum.

Það hefur verið minnzt á eina áætlun, sem er nú búið að minna æði oft á hér í sölum Alþ. á liðnum árum, en það er hin svo kallaða Vestfjarðaáætlun, sem tveir hv. þm., meira að segja annar ráðh., hæstv. samgrh., og 1. þm. Vestf. gerðu nokkuð að umræðuefni. Hv. 1. þm. Vestf. benti á, að þessa áætlun væri nú hvergi að finna nema í skjalageymslu utanrrn., og ég óska honum sérstaklega til hamingju með það, að hann skuli nú vera búinn að fá upplýsingar um það, hvar sá skápur er, sem þessi áætlun er geymd í, því að ekki hefur nú hv. þm. haft svo litlar áhyggjur af þessari áætlun á undanförnum árum, svo að ég vona, að hæstv. utanrrh., sem er lipurmenni hið mesta, ljúki nú upp þessum skáp fyrir 1. þm. Vestf. og lofi honum að sjá þessa áætlun.

Hæstv. samgrh. sagði, að það væri líkt farið með þessa áætlun og með hús, sem væri byggt fyrst, en teiknað á eftir. Ég verð nú að segja, að það er kannske hægt að leyfa sér að bregða á leik endrum og eins og þá alveg sérstaklega, þegar menn eru í stjórnarandstöðu en þegar menn sitja í jafnvirðulegu sæti og ráðherrasæti, þá held ég, að það verði nú að meta og vega þessi mál frá nokkuð öðrum sjónarhóli og af nokkru meiri ábyrgð. Það er hægt að karpa á venjulegum þingmálafundum um þetta, en ég verð að segja, að ég fer nú að verða hálfleiður á því karpi. Sérstaklega fyrir þá, sem ókunnugir eru, vil ég benda á, að hin svo kallaða Vestfjarðaáætlun, sem náði yfir þrjá flokka samgangna, vegagerð, hafnagerðir og flugvelli og flugmál, tók ekki nema til hluta Vestfjarða. Var þessi áfangi þeirrar áætlunar ekki hugsaður nema til þessara hluta, m. ö. o. það átti að gera fullkomnari vegi á milli þéttbýlustu staða Vestfjarða. Sýslur eins og Strandasýsla, öll Austur-Barðastrandarsýsla og meginhluti Norður-Ísafjarðarsýslu voru utan við þessa áætlun, og það má segja, að hún hafi eingöngu verið í þeim vegaflokki, sem þjóðbrautir heita, að undanskildum veginum til Súgandafjarðar, sem er landsbraut. Þessari áætlun var lokið að fullu og öllu á sex árum að öðru leyti en því, að ólokið er smákafla í nánd við Ísafjörð, og horfið var frá, eins og hæstv. samgrh. gat réttilega um, jarðgöngum gegnum Breiðadalsheiði, en í þess stað voru gerðar miklar endurbætur á heiðinni sjálfri. Það má því segja, að stór hluti Vestfjarða hafi enga sérstaka fyrirgreiðslu fengið í vegamálum eða framkvæmd vegamála að öðru leyti en því, sem veitt er á vegáætlun hverju sinni, sem allir þm. eru sammála um, að hafi verið heldur litlar upphæðir, sem kannske eðlilegt er. Það er miklu fé varið til vegamála og hefur verið varið til vegamála, því að þarfirnar eru mjög ríkar.

Það er þó einn vegur, sem kostar mikið fé, sem hefur orðið utan við þessa vegáætlun, á sama tíma og Austfirðir og Norðurland er komið inn og Skeiðarársandur er tekinn með sem hringvegur. Þessi vegur er Djúpvegur. Þegar hann er kominn, skapast hringvegur um Vestfirði, en ég leyfi mér að halda því fram, að hringvegur sé ekki kominn um landið, á meðan hringvegur er ekki kominn um Vestfirði, því að hvort sem mönnum þykir það ljúft eða leitt, þá verða menn að sætta sig við það, að Vestfirðir tilheyra Íslandi, þó að mér fyndist gæta nokkurs trega hjá einum hv. þm. áðan, þegar hann sagði, að meira að segja væri hraðbraut á milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

Ég vil segja það, að það hefur tíðkazt í fjvn. að fá fjárlagafrv. til meðferðar og sömuleiðis vegáætlun, áður en Sþ. hefur vísað því til n. Þetta hefur verið gert á undanförnum árum til þess að spara tíma, sérstaklega þegar þarf að hraða málum, og mér er bæði ljúft og skylt að segja frá því, að um leið og vegáætlunin var til prentuð, kallaði formaður fjvn. þegar saman fund í n. til þess að kynna áætlunina og ræða hana og væntanlega samþykkt hennar. Ég get líka sagt frá því í tilefni af ummælum eða brýningu hv. 1. þm. Vestf., að við erum tveir þm. frá Vestfjörðum í fjvn., og við létum ekki lengi undir höfuð leggjast að benda á það, hvað illa er farið með okkur í þessum efnum, og ég verð að segja það nm. í fjvn. almennt til mikils hróss, að þeir hafa tekið ákaflega vel þessari málaleitun og skilið það, að þessi vegagerð hefur orðið gersamlega út undan, og jafnframt skilið það, að það fé, sem þm. fá til skipta í hverju kjördæmi, verður aldrei mikið. Annaðhvort yrði það fé allt að fara í þennan eina veg eða það yrði að halda áfram með svipuðum hætti um fjárveitingu á vegáætlun og verið hefur. Þá mætti segja mér það, að ef þyrfti að grípa til þess, þá mundi taka upp undir 20 ár að ljúka þessum vegi, og ég hygg, að þm. Vestf. séu allir sammála um, að það komi aldrei til greina, að þeir muni nokkru sinni sætta sig við það, hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þess vegna er það, að þegar mál eru kynnt, þá hafa þeir menn, sem hafa fjallað um málið, sérstaklega nm. í fjvn., þeir hafa séð það, að fyrir þessu er mjög illa séð. Þess vegna hafa þeir tekið mjög vel og drengilega á þessu máli, þó að engin endanleg niðurstaða liggi fyrir enn þá.

Mér þykir nú leitt, að hv. 1. þm. Vestf. tók hrapallega línufeil áðan í sambandi við óbrúaðar ár á þjóðvegum og sagði, að í Vestfjarðakjördæmi væru 19 ár óbrúaðar 4—10 m og sex brýr lengri en 10 m. Honum hefur orðið á þarna í messunni, því að þetta er eins og ástandið var 1. jan. 1969, en við höfum unnið mjög mikið á í þessu kjördæmi, sem ber sannarlega að þakka, því að 1. jan. 1972 eru þrjár brýr 4—10 m óbrúaðar í Vestfjarðakjördæmi og fimm lengri en 10 m. Hann bætti því við, — ég hefði nú ekki nefnt þetta, ef hann hefði ekki bætt því við — að Vestfjarðaáætlun hefði ekki séð fyrir miklum brúargerðum í kjördæminu. Menn verða bæði að líta á mannvirkin sjálf og sömuleiðis skýrslur, sem liggja fyrir, og þegar menn gera þetta svona í ró og næði og hleypidómalaust, þá komast þeir auðvitað að raun um það, að framkvæmdir hafa verið mjög miklar í þessu kjördæmi sem öðrum. Fyrst farið var að tala um óbrúaðar ár á annað borð, þá eru 95 óbrúaðar ár á þjóðvegum 1. jan. 1969, en 60 óbrúaðar ár 1. jan. 1972. Á sýsluvegum voru 1969 112 ár óbrúaðar, en nú er ekki eftir nema 71, svo að það hefur orðið í þessum efnum mjög ánægjuleg þróun, og ég vona, að þessi þróun haldi áfram. Við verðum auðvitað að sætta okkur við það Vestfirðingar, eins og allir aðrir landsmenn, að við getum ekki fengið allar framkvæmdir á einu eða tveim árum. Það verða auðvitað allir að sætta sig við það.

Ég vil svo að lokum benda á það, þó að ég hafi gert hér örfáar aths., að þegar við lítum á heildarfjárveitingar til vegamála, þá hygg ég, að þrátt fyrir þau brýnu verkefni, sem þar eru óleyst, þá höfum við tiltölulega

betur séð fyrir fjárveitingum til vegamála en fjárveitingum til hafna í landinu, sem eru víðast hvar undirstaða atvinnurekstrar og þó sérstaklega og algjörlega undirstaða sjávarútvegs.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu eins mikinn áhuga á því og hæstv. forseti, að málið geti komizt í hendur fjvn. formlega í dag, og skal því ekki hafa mörg orð um málið.

Ég held, að það sé auðvelt að verða við þeirri ósk, sem hér kom fram áðan, að afla upplýsinga um það, hvernig viðhaldsfé vega skiptist á kjördæmin. Ég held, að það verði hægt við framhaldsmeðferð málsins að sjá um, að slíkar upplýsingar liggi fyrir, og væri ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt.

Þá vil ég út af þeim umr., sem hafa orðið um Djúpveginn, segja það, að hér er um landsbraut að ræða og það er öllum ljóst, að ekkert kjördæmi á þess kost að fá neinar stórfúlgur til sinna landsbrautaframkvæmda. Rétt er það líka, sem sagt var, að þó að Vestfirðingar tækju allt það, sem í þeirra hlut kemur á vegáætlun, til þessarar einu vegaframkvæmdar, þá mundi það ekki hrökkva til, það mundi ekki á áætlunartímabilinu leysa meira en ⅔ hluta af kostnaðarverði Djúpvegar. Þriðji parturinn væri eftir, þó að öllu vegafé Vestfjarða væri varið í þessa einu framkvæmd. Sú leið er því ekki fær, það er alveg ljóst. Það var mér ljóst fyrir löngu, og þetta mál verður því að leysa á annan hátt, því að víst er, að Vestfirðingar munu ekki una því og mundu ekki gera það fært fyrir okkur þm. Vestf. að ganga frá vegáætlun, þar sem á engan hátt væri séð fyrir þessari framkvæmd. Það er, eins og ég hef tekið fram, eftir að taka ákvörðun, formlega ákvörðun um erlendar lántökur vegna hraðbrauta, en sú ákvörðun verður tekin, eins og ég hef þegar sagt, og þá verður einnig, — ég hef fengið fulla vitneskju um það, — þá verður líka gert ráð fyrir lántöku til Djúpvegar, þannig að séð verður fyrir framkvæmd hans á áætlunartímabilinu. Það verður sem sé þarna í till., sem koma til fjvn., gert ráð fyrir þessum lántökum.

Hv. 1. þm. Sunnl. sendi mér hingað töflu í ræðustólinn um fjármagn til vegaviðhalds, skipt eftir kjördæmum, á árabilinu 1950—1970, í þúsundum króna á verði hvers árs. Hér er skrá yfir öll kjördæmin og hvað í hvers hlut hefur fengizt, svo að þessi skrá er til og er í höndum fyrrv. hæstv. samgrh. Þakka ég honum fyrir lánið, þó að ég hefði sennilega getað útvegað mér eintak af henni. Ég er þakklátur.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég vildi aðeins skýra frá því, að þungum áhyggjum er af mér og okkur Vestfjarðaþm. létt með því, að séð verður fyrir því, að hægt verði að halda framkvæmdum í Djúpvegi áfram á áætlunartímabilinu.

Sigurður Blöndal: Herra forseti. Ég skal nú reyna að stytta mál mitt. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi drepa á hérna. Ég vildi í fyrsta lagi fagna því í tilefni af því, að þessi nýja vegáætlun er komin fram, að hún ber vott um það, að það verður stóraukið átak í lagningu þjóðbrauta og landsbrauta á því tímabili, sem áætlunin tekur yfir, og á ég við, að ef maður tekur árin 1973—1975 og ber saman við árin 1969—1971, þá er þarna um að ræða stóraukið átak í lagningu þjóðbrauta og landsbrauta, og því hljótum við að fagna, sem einmitt búum við þessar tegundir vega.

Ég vildi bara láta þetta koma hér fram, en ég skal ekki ræða það frekar. Þá langaði mig aðeins að víkja hérna örfáum orðum að því máli, sem hér hefur verið allmikið til umr. núna í dag, þ. e. um vegaskattinn. Ég er einn þeirra, sem greiða þann þunga vegaskatt, sem hæstv. samgrh. nefndi svo hnyttilega eftir skagfirzkum bónda, þann vegaskatt, sem vegleysurnar eru fyrir okkur, sem við þær þurfum að búa. Þetta þarf náttúrlega ekki að vera að segja hv. alþm., en það er staðreynd, að farartæki okkar, sem búum við vegleysurnar, endast kannske ekki nema helminginn af þeim tíma, sem farartæki þeirra, sem aka að verulegu leyti á hraðbrautum, endast, og kannske er endingin enn þá minni á malarvegunum. Þetta er náttúrlega okkar þungi vegaskattur, og hann er hreint ekki lítill, og þessu mega menn ekki gleyma, þegar verið er að tala um vegaskattinn.

Ég tel, að vegaskattur á hraðbrautum sé eðlilegur og sjálfsagður, en út af þeim ummælum, sem hv. 2. þm. Reykn. viðhafði hér áðan, sem mér þóttu drengileg, sem sé þeim, að hann teldi ekki sjálfa skattupphæðina, sem vegaskatturinn er, aðalatriðið í þeirri andstöðu, sem hann hefur látið í ljós gegn innheimtu vegaskatts á Reykjanesbraut, heldur það, að þessi innheimta væri einungis framkvæmd á þessari fyrstu hraðbraut. Ég fagna þeim ummælum hans, að hann er ekki í „prinsippinu" andstæður svona umferðargjaldi. En ég get ekki annað sagt en það, út frá þeim forsendum, að farartæki, sem ekið er á hraðbrautum, endast svona miklu lengur en farartæki, sem ekið er á öðrum brautum, þá finnst mér það mjög eðlilegt, að á þeim sé innheimtur vegaskattur, og vil láta það koma hér skýrt fram sem mitt sjónarmið. Ég verð að segja það, að ég skil ákaflega vel afstöðu hv. 1. þm. Reykn. í því, að honum finnist ekki réttlæti að takmarka þessa innheimtu einungis við Reykjanesbraut, heldur hljóti þessi innheimta að verða framkvæmd líka á þeim hraðbrautum, sem nú er ýmist búið að leggja eða er verið að leggja hér í nágrenni höfuðborgarinnar. Ég geri mér grein fyrir því, að það er sjálfsagt erfitt að framkvæma innheimtu á mjög stuttum bútum, sem ráðgerðir eru sums staðar úti um land, en a. m. k. strax og þessir löngu kaflar verða orðnir hraðbrautir, eins og t. d. hér frá Reykjavík austur á Selfoss og hér upp á Vesturlandsveg, þá tel ég alveg sjálfsagt, að það verði sett í gang innheimta á þessum vegaköflum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég veit, að hæstv. forseti hefur áhuga fyrir því og fleiri, að ekki þurfi að verða kvöldfundur, og ég skal ekki heldur verða langorður. Ég kvaddi mér hljóðs áðan, þegar hæstv. samgrh. fór að minnast á Norðurlandsáætlun. Hæstv. ráðh. sagði tvennt í sambandi við þessa áætlun. Í fyrsta lagi, að hann hefði tekið svo eftir, að við þm. á Norðurlandi værum óánægðir með þá upphæð, sem sett hefur verið bæði í framkvæmdaáætlunina og vegáætlunina til Norðurlandsáætlunar. Þar hefur hann tekið alveg rétt eftir. Við erum mjög óánægðir með þá upphæð, og satt að segja er ég nú að vonast eftir því, að þar geti orðið breyting á.

Hæstv. ráðh. sagði líka, að þessi Norðurlandsáætlun væri kannske ekki nógu nákvæmlega gerð. Það má vel fallast á, að það sé rétt. Slíkt á við flestar áætlanir. Þær verða seint nógu nákvæmlega gerðar, og þarf að bæta þar um. Það var t. d. Vestfjarðaáætlunin, sem var verið að ræða um áðan. Hún er sérstök að því leyti, að hún var eiginlega ósýnileg áætlun. Ég hef aldrei séð hana, en skyggnir menn hafa samt séð hana, og ég dreg ekki í efa, að hún hafi verið til, en ég fyrir mitt leyti taldi þetta ókost á henni, að hún var ósýnileg fyrir mínum augum. Hins vegar er það áreiðanlegt, að Austfjarðaáætlun var gerð og hún var til. Hana hef ég séð, og hana hef ég kynnt mér allrækilega, eftir því sem ég hef haft tíma til, og sömuleiðis er það með Norðurlandsáætlunina, að hún hefur verið gerð, held ég, á alveg sama hátt og Austurlandsáætlunin og er, held ég, alveg á sama stigi og Austurlandsáætlunin var, þegar fé var veitt til hennar í fyrra, þ. e. a. s., hún hefur verið gerð, en ekki sérstaklega útgefin eins og Austurlandsáætlun, áætlunin í gulu bókinni. Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur haft þetta allt í sínum fórum og sjálfsagt kynnt sér þetta eftir föngum, bæði áætlun Efnahagsstofnunarinnar og Vegamálaskrifstofunnar um framkvæmdaþörf á Norðurlandi og það, sem Fjórðungssamband Norðlendinga hefur ritað rn. um þau mál, og nú síðast álitsgerð stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins um þá hluti. Það veit ég, að hæstv. ráðh. hefur allt kynnt sér. En eins og kunnugt er, er um að ræða í fórum manna bæði Norðurlandsáætlun hina meiri og Norðurlandsáætlun hina minni. Norðurlandsáætlun hin meiri tekur yfir sjö sýslur og sneið reyndar af þeirri áttundu. Strandasýsla er þar með. Strandamenn hafa svona annað veifið verið í Fjórðungssambandi Norðlendinga, en á Norðurlandi sjálfu eru sýslurnar sex, en Norðurlandsáætlun hin meiri hefur líka verið látin taka yfir ofurlitla sneið af Norður-Múlasýslu. Þetta eru staðreyndir, sem eru að sjálfsögðu hæstv. rn. kunnar.

Ég ætla svo ekki að ræða meira um Norðurlandsáætlunina. Ég gerði það lítils háttar, þegar framkvæmdaáætlunin var til meðferðar, og ég vonast eftir, að sanngjarnir menn og glöggir átti sig á því, að þar verður að gera á nokkra bragarbót.

Það hefur verið talað hér töluvert um vegaskatt, og gott þótti mér það og vel mælt, sem hæstv. ráðh. hafði eftir Skagfirðingnum, að þyngsti vegaskatturinn væri vegleysið. Það er vissulega rétt, og þó kannske ekki endilega vegleysið, heldur vondu vegirnir, sem menn neyðast til að fara, niðurgröfnu vegirnir, vegirnir, sem verða ófærir af holklaka á vorin og ófærir á haustin eftir rigningasumur og svo ófærir á veturna af snjó, sem menn eru samt að reyna að brjótast eftir. Það er þungur skattur fyrir þá, sem bifreiðum aka og bifreiðar eiga, að fara þessa vegi. Og ég vil nú benda mönnum á það, sem hér hafa verið að tala um það, að það sé svo mikill hluti af bílaflotanum hér á Suðvesturlandi, á höfuðborgarsvæðinu. Það er nú ekki svo, að þessir mörgu bílar á höfuðborgarsvæðinu og Suðvesturlandi haldi sig alveg við sitt heimahlað. Maður verður nú var við það a. m. k. á sumrin, þegar veður eru heldur í betra lagi, þá er straumur af bílum undir Reykjavíkurmerki allt norður og austur á Langanes, þar sem ég á nú heima, og lengra austur og allt suður í Öræfi. Þessi farartæki fara um allt land, og sama er að segja um vöruflutningana. Vöruflutningabílar hér úr Reykjavík eru á ferð um allt land, og þeir verða að fara þessa vondu vegi og greiða þennan skatt. Það kemur líka þeim til góða, að bættir séu vegirnir víðs vegar um landsbyggðina, alveg eins og það kemur þeim til góða, sem þurfa til Reykjavíkur þaðan, að til séu vegir með varanlegu slitlagi í grennd við Reykjavík. Þetta vil ég nú leyfa mér að benda á.

En mig langar til aðeins að rifja upp fyrir þm. mynd, ofurlitla mynd af vegakerfinu, af íslenzka vegakerfinu, sem ég veit, að flestum er nú að vísu ljós, en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Það var einhver, sem sagði, að núna fyrir nokkrum árum hafi verið tekin upp hraðbrautastefna í vegamálum hér á landi, sem menn nefndu svo. Ég held, að það hafi verið hv. þm. Benedikt Gröndal, sem nefndi þetta fyrstur, að hraðbrautastefnan hefði verið tekin upp, og hæstv. ráðh. tók undir þetta, að það væri raunar hraðbrautastefna ríkjandi hér á landi núna. Annars skilst mér, að hann sé nú ekki sérstakur talsmaður hraðbrautastefnu, þó að hann eins og ég og fleiri viðurkenni það, að það sé gott og nauðsynlegt, að á fjölförnustu vegunum sé varanlegt slitlag. Það dregur auðvitað mikið úr þeim kostnaði, sem er á vegaviðhaldinu á þessum köflum, þar sem umferðin er mest, að slíkt slitlag sé þar, þannig að ekki vil ég andmæla hraðbrautastefnu, að hún verði upp tekin, þ. e. að reyna að leggja hraðbrautir hér á landi með varanlegu slitlagi. En hitt vil ég samt leyfa mér að benda á, að samkv. síðustu upplýsingum, sem við fengum frá Vegamálaskrifstofunni, voru hraðbrautirnar samanlagt hér á landi ekki nema 324 km og mestur hluti af þeim hér í grenndinni, þ. e. Reykjanesbrautin og svo hér út frá Reykjavík í norður og austur. Það eru samtals 324 km, þar af eitthvað milli 10 og 20 km kringum Akureyri, og svo 2 km á Austurlandi, ef ég man rétt, og svo vegurinn á milli Hnífsdals og Ísafjarðar, eins og upplýst var hér áður í dag. Það eru þessir 324 km. En hvað er þjóðvegakerfið á Íslandi? Hvað er það stórt? Hvað er það langt? Hvað eru þeir langir samtals þessir vegir, sem við höfum gert að þjóðvegum í kringum landið? Hátt á 9. þús. km. Og ef við drögum frá vegina í þéttbýli, sem skiptast nú nokkuð á milli vegaflokkanna, þá eru þjóðbrautirnar og landsbrautirnar samtals 8377 km. Nú var ég að athuga það áðan, bara fyrir þetta ár, sem nú er að líða, hve mikið fé er ætlað annars vegar í þessa 324 km, sem eru hraðbrautir, hins vegar í þessa 8377 km, sem eru þjóðbrautir og landsbrautir. Og þetta eru mjög svipaðar upphæðir. Það er rétt innan við 400 millj., sem er ætlað í hraðbrautir, og lítið eitt yfir 400 millj., sem er ætlað samtals í þjóðbrautirnar og landsbrautirnar allar, sem eru nokkuð mikið á 9. þús. km. Þannig er nú þetta. Það er ekki undarlegt, þó að einhverjum einhvers staðar á landinu þyki þröngur stakkur skorinn, og þó að gott sé að fá hraðbrautir, þá verðum við að gæta að því, að vegakerfið er töluvert meira en hraðbrautirnar einar, þessir 324 km.

Ég skal játa það, að ég hef ekki tekið inn í þessa samlagningu um þjóðbrautir og hraðbrautir Skeiðarársandsveginn. Ég hef ekki tekið hann þar inn í, en hann fær 100 millj. á næsta ári, enda er hann nú svona eins konar skemmtilegur þjóðhátíðarglaðningur fyrir þjóð af konungakyni, getur maður sagt, mjög rómantísk tilraun til að bjóða höfuðskepnunum byrginn, sem menn almennt vilja nú reyna að gera. Ég hef ekki tekið

það með í samlagninguna, en það eru ekki nema 100 millj. Það er sem sé rétt að segja sama upphæðin, sem við ætlum að verja í þessa 324 km í hraðbrautum annars vegar og hins vegar í 8—9 þús. km í þjóðbrautum og landsbrautum. Það er gott að hafa þetta í huga. Svo skal ég ekki hafa þessi orð fleiri.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég verð að hefja mál mitt hér á því að gera nokkrar aths. við þá tilhögun þessarar umr., sem ætlazt er til að viðhafa hér af hálfu hæstv. ríkisstj. og hæstv. forseta. Okkur er ætlað að ljúka 1. umr. þessarar vegáætlunar á skömmum tíma, en þá koma hér níu stjórnarsinnar og ræða hér hver með sínu móti um þessa áætlun, sýna fram á, að þetta þurfi að gera í þessu kjördæmi, einn kemur og mælir á móti hraðbrautastefnunni og annar með hraðbrautastefnunni. Síðan er okkur stjórnarandstæðingum ætlað að stytta mál okkar. Það eru ekki nema sex okkar, sem hafa verið á mælendaskrá í dag, og ég fæ ekki betur séð en að hér sé um að ræða dágóða mynd af því, hvernig þinghaldi hefur í raun og veru verið háttað hér í vetur. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hrærandi hlut, fyrr en mál hafa verið orðin svo brýn og nauðsynleg, að það hefur mátt til að hespa þau af með einhverjum hætti. Þá hefur verið farið fram á það við stjórnarandstæðinga, að þeir styttu mál sitt, en þeir, sem hafa raðað sér í ræðustólinn, eru stjórnarsinnar til að rífast um þau mál, sem hér hafa verið lögð fram.

Ég ætlaði mér nú eiginlega ekki upphaflega, þegar ég tók til máls, að fara að tala um þetta efni, en ég sá mig tilneyddan til þess að gera það að gefnu tilefni. En það, sem ég ætlaði að gera hér að umræðuefni fyrst og fremst, er það, hver efnahagslegur bakgrunnur þessarar vegáætlunar er. Við verðum að gera okkur það ljóst, að nú á þessu ári erum við að gera vegáætlun, eftir að tekjur fólks hafa hækkað á einu ári um 25—30% frá því, sem var á árinu 1970. Við verðum að gera hér áætlun, sem byggir á þessari miklu tekjuaukningu. Við verðum líka að gera áætlun á þeim tíma, sem fyrirsjáanleg óðaverðbólga fer í hönd. Frá því í des. s. l. má gera ráð fyrir, að launakostnaður atvinnuvega og hins opinbera hækki um 30% til ársloka 1972, um 30%, eftir því sem sérfræðingar ríkisstj. telja. Það gefur auðvitað auga leið, að þessar miklu hækkanir á launakostnaði atvinnuveganna og hins opinbera hljóta að fara út í verðlagið, og þetta gerir það að verkum, að þær upphæðir, sem við erum að tala um hér, hlaupa, ef svo mætti segja, þær skreppa saman í framkvæmdamagni. Og nú er ég kominn að kjarna míns máls. Ég vildi helzt fá upplýsingar um það hjá hæstv. samgrh., hvað hann telji, að framkvæmdamagn í vegagerð aukist frá fyrra ári vegna þessarar áætlunar, þeirrar fjáröflunar, sem að baki hennar er. Hvað telur hann, að framkvæmdamagnið í vegagerð aukist? Og þá verður að hafa í huga, að slíkt góðæri hefur verið til lands og sjávar, að 25—30% tekjuhækkun hefur orðið hjá þjóðinni, svo að hún ætti að hafa möguleika til þess að gera þriðjungi meira átak í vegamálum en á s. l. ári, ef fara ætti eftir því eingöngu.

Ég vildi svo aðeins gera að umtalsefni hér svonefndan bifreiðaskatt eða hinar nýju álögur á bifreiðar. Þetta er skattstefna, sem ég tel frá mínum bæjardyrum séð, að sé mjög umhugsunarverð, svo að ekki sé meira sagt. Hér er verið að skattleggja innflutning á ökutækjum, og hlýtur að vera gert ráð fyrir því, að það dragi úr innflutningi ökutækja, þeirra ökutækja, sem eiga síðan að standa undir auknum framkvæmdum í vegamálum með benzínkaupum, hjólbarðakaupum o. s. frv. Hér er sem sagt verið að skattleggja það, sem í raun og veru á að verða vöxturinn í tekjuöflun Vegasjóðs á næstu árum, stemma stigu við því, að vöxtur skatttekna hefði getað orðið sá, sem hann hefði annars getað orðið. Og ég held, að frá skattapólitísku sjónarmiði hljóti þetta að vera mjög umtalsvert og vafasamt, hvað svo sem líður því, hvað má kalla þetta réttlátt, eins og hv. 1. þm. Sunnl. var hér að benda á, og læt ég nægja að vísa í það, sem hann sagði um það atriði.

Ég skal svo þrátt fyrir allt fara að tilmælum hæstv. forseta og vera stuttorður, skal ekki fara hér út í að ræða um landshlutaáætlanir, hvorki sýnilegar eða ósýnilegar. En ég ætlaði aðeins, fyrst ég er kominn hér, að benda hv. þm. Benedikt Gröndal á það, að í raun og veru hefur verið framkvæmt mat á undanförnum árum á því, hvar skuli framkvæma byggðaáætlanir. Ég vil benda á það, að fyrir liggja mjög glöggar upplýsingar um það, hvar byggðavandinn hefur verið mestur. Má um það segja, að það liggur t. d. fyrir, að um 100% af fólksfjölguninni hafi flutzt frá Vestfjörðum á árabilinu 1960—1965, um 55% frá Norðurlandi, ef ég man rétt, og um 30% frá Austurlandi. Þetta eru langhæstu tölurnar í þessum efnum. Og ég vil bæta því við, að flest fólk flyzt frá Norðurlandi til Reykjavíkursvæðisins. Þetta eru gleggstu upplýsingar um byggðavanda, sem hægt er að leggja fram, það, hvað flytur margt fólk frá viðkomandi landssvæðum. Og á þessum landssvæðum hafa verið framkvæmdar byggðaáætlanir. Það var byrjað á Vestfjörðum. Það var vitað mál, að þar væri mestur knýjandi vandi í þessum efnum. Síðan var Norðurland tekið fyrir og svo Austurland. Ég held, að það verði ekki annað mat framkvæmt betra í þessum efnum, þrátt fyrir það, að við höfum fengið nýja stofnun, sem heitir Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forseti (EystJ): Ég vil aðeins taka það fram út af ummælum hv. þm., að ég vil ekki viðurkenna það, að tilhögun þessarar umr. hér í Sþ. né nokkurrar annarrar á þessu þingi hafi verið með óeðlilegum hætti. Því síður að hallað hafi verið á stjórnarandstæðinga í fundarstjórn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Ég bað um orðið áðan til að leiðrétta þau mistök, sem mér urðu á, þegar ég fór villt í töflunni í vegáætlun, en hv. 2. þm. Vestf. hefur nú raunar tekið af mér ómakið, og mætti ætla, að ég hefði þá getað setið kyrr. En staðreyndin er nú sú, að eftir orð hans sýndist mér enn ríkari ástæða til þess, að ég segði örfá orð, því að ég hefði getað skilið hans ummæli svo, að það þyrfti lítið að gera á Vestfjörðum, þeir hefðu gert það á undanförnum tveimur árum, sem gera þarf. En það er vitanlega algerlega skakkt. Það sýnir bara, að það eru nauðsynlegar langtum ítarlegri upplýsingar, eins og ég minntist á um ástand vega, og þær þurfa að liggja fyrir, þegar vegáætlun er gerð, og sérstaklega, þegar skipt er því fjármagni, sem til skiptanna er. Ég vil aðeins geta

þess til upplýsinga, að samkv. því, sem ég hef fengið að vita hjá verkfræðingi Vegamálaskrifstofunnar, er þannig ástatt, að annarri aðalsamgönguæðinni, sem ætluð er inn í Vestfirði, Djúpveginum, er aðeins lokið að 8—9%. Og það ætti þá að nægja í staðinn fyrir brýrnar til að sýna, hve mikið sé ógert á Vestfjörðum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, en taka undir það, sem hæstv. forseti sagði. Forseti hefur gefið það á vald þm. sjálfra, hvort fundinum verður haldið áfram eftir matarhlé eða ekki, og þess vegna er ekkert óeðlilegt við þessa umr.

Það er aðeins fátt, sem ég hef ástæðu til að taka hér fram. Það hefur verið dálítið gaman að hlusta á þessar umr. Einn hv. þm. sagði hér áðan, að það væri gleðilegt, hvað framlög til þjóðbrauta og landsbrauta hækkuðu mikið. Framlag til landsbrauta og þjóðbrauta var samanlagt 1971 176.9 millj. kr., en 170.8 millj. í till. ríkisstj. fyrir árið 1972. Til brúa voru 1971 74.6 millj., en 61.5 millj. í till. En þess ber að geta, að það er gert ráð fyrir að skipta upp 74 millj. kr., þannig að þetta breytist. En frá þessu má draga í ár 9 millj. kr. verkstjórakostnað, sem færist á sérhvert verk, sem ekki hefur verið áður, og svo aukinn kostnað vegna hækkunar á vegagerðarkostnaði. Þegar þetta allt saman er tekið til greina, þá held ég, að það verði ekkert sérstaklega mikil hækkun. Mér skilst, að það sé um 16% hækkun á framlögum Vegasjóðs nú miðað við það, sem var á fyrra ári. En ég held, að það reikni allir með því, að kostnaðurinn við vegagerð hækki um 16% eða meira. Að vísu verða meiri lántökur vegna landsbrautaáætlana og annarra framkvæmda, og framkvæmdir kunna að aukast nokkuð vegna þess, en lítið eða ekkert vegna aukins fjár í Vegasjóði. Þetta vildi ég aðeins minnast á.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. var að tala hér áðan um bifreiðafjöldann, og hann var að tala um framlög til hraðbrauta, það væri helmingurinn, sem færi í þessa 324 km af öllu vegafénu, skildist mér. En hraðbrautir eru nú nærri 400 km, eins og hæstv. samgrh. lýsti hér áðan, en ekki 324. Ég nenni ekki að vera að rökstyðja það, hvort þetta er rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan í þessum samanburði, því að allir, sem lesa till., sjá, að það er ekki. En hitt er svo víst, að það eru 70% af bifreiðunum, sem aka meginhluta ársins yfir þessar hraðbrautir, og auðvitað fara þessi 70% bifreiða kannske einu sinni á ári eða svo, þó tæplega allar, norður í land eða vestur á land eins og norðlenzkar bifreiðar koma til Suðurlandsins. Svo er fyrir að þakka, að vegakerfið er þó ekki verra en svo, að menn aka sitt á hvað norður og suður, þótt þar standi allt til bóta.

Ég held nú satt að segja, að þó að ég hafi freistazt til þess að gera þennan samanburð í dag að nokkru, þó aðeins í fáum orðum, þá sé metingur í þessa átt raunverulega ekki hentugur, og fer ekki vel á því a. m. k. að eyða löngum tíma í hann.

Hæstv. samgrh. vildi ekki viðurkenna annað en að hallinn á vegáætluninni væri arfur frá fyrrv. ríkisstj. Við skulum lofa hæstv. ráðh. að kalla þetta arf. En spurningin er þá bara sú, hvort þetta sé eðlilegur eða óeðlilegur arfur. Það er aðeins halli frá árinu 1970, sem hér er um að ræða, en hallinn frá 1969 var greiddur með vegáætlun 1971. Og það, sem hefði þurft að gera nú, er að greiða upp hallann á árinu 1970, en eðlilegt, að hallinn frá 1971 biði. Og það, sem hæstv. ráðh. var að tala um, að ætti að vinna upp á næstu tveimur árum, er í rauninni ekki gott, vegna þess að alveg eins má búast við, eins og fram hefur verið tekið, að það geti orðið halli á árinu 1972, enda þótt áætlun sé gerð eins nákvæmlega og samvizkusamlega og menn treysta sér til. Það má búast við þessu, sérstaklega af því að nú eru verðbólgutímar.

Hæstv. ráðh. talaði um 60—80 millj. kr. tekjur, sem gætu orðið af hraðbrautum. Við vitum, að það eru um 18 millj. áætlaðar af hraðbrautinni á Reykjanesi. Það hefur verið gerð áætlun um, hvað sams konar veggjald gæfi af Suðurlandsvegi, og það er gert ráð fyrir, að það sé um 10—11 millj. á ári. Það er nú ekki meira. Og það hefur verið gizkað á, en sú áætlun er ekki eins nákvæm, að af Vesturlandsveginum mætti fá 8—9 millj. Þannig er nú það, að þetta er ekki stór peningur tiltölulega.

Hæstv. samgrh. var að tala um það, að allir landsmenn stæðu undir lánsfjármagninu, sem tekið væri til hraðbrautanna. Þetta skulum við segja, að sé algerlega rétt. En skyldu ekki allir landsmenn standa undir þeim lánum, sem tekin eru til annarra framkvæmda, til landshlutaframkvæmda og annars slíks? Auðvitað. Allir landsmenn standa undir þessum lánum, standa undir kostnaði við vegagerðina, hvort sem það er í formi framlaga frá Vegasjóði eða hvort það eru lántökur. Það er ekki eðlilegt heldur að metast um þetta. Og þess ber að geta, að það eru nærri ⅔ þjóðarinnar í þeim héruðum, þar sem hraðbrautirnar eru.

Hæstv. ráðh. talaði um 50 millj. kr. fjáröflun sérstaklega og sagði, að fyrir henni yrði séð. Því trúi ég. Ef hæstv. ríkisstj. hefur komið sér saman um það að sjá fyrir því, þá þarf ekkert að efast um það. En hvort sem þessi lántaka verður innlend eða erlend, þá þarf hæstv. ríkisstj. að afla sér heimilda til þessara lána. Og það er það, sem ég var að vekja athygli á í dag, en ekki það, að mér fyndist nokkuð óeðlilegt við það, að þetta lán væri tekið. Og ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að hvort sem þetta lán verður innlent eða erlent, þá þarf hann að útvega heimild fyrir lántökunni.

Hv. þm. Jón Skaftason viðhafði hérna nokkur orð um veggjaldið og um Reykjanesbrautina og hvernig það hefði komið til, að það væri óeðlilegt að hafa í lögum heimild til ráðh., úr hvaða flokki sem hann væri, til þess að leggja á veggjald. Þetta má vel vera. En ég vil benda á, að þegar veggjaldið var ákveðið, heimildin var ákveðin í vegalögum, þá lá það fyrir, að hún yrði notuð á Reykjanesbraut, og á meðan þetta veggjald hefur verið á brautinni, þá hefur alltaf verið þingmeirihluti fyrir því. Þess vegna er það nú, sem er tímabært að kanna það, hvort þingmeirihluti er fyrir því að halda þessu veggjaldi áfram eftir 1. jan. n. k. Það hefur alltaf verið þingmeirihluti fyrir því að taka þetta veggjald fram að þessu. Og um hv. þm. Jón Skaftason hafa sumir sagt, að hann hafi átt hugmyndina að því að taka upp veggjald á Reykjanesbraut, og hefur verið vitnað í ræðu, sem hann flutti 1960 um það efni, og tel ég, að hv. þm. þurfi ekki að bera neinn kinnroða fyrir það. Þá vil ég benda hv. þm. á það, að till. sú, sem hér er til meðferðar um það að afnema heimildina til að leggja vegskattinn á, er allt annað en það, hvort heimildin er notuð. Jafnvel þótt þessi heimild verði felld úr lögum,

jafnvel þótt þessi till., sem flutt var í vetur, verði felld og heimildin verði látin standa í lögum, þá þarf það engin áhrif að hafa á það, þó að Alþ. samþykki það, að heimildin skuli ekki vera notuð. Út af fyrir sig skiptir það engu máli, hvort heimildin er til í lögunum. Það, sem skiptir máli, er það, að hún sé ekki notuð nema meiri hl. Alþ. sé með því hverju sinni.

Um reynsluna af veggjaldinu á Reykjanesbraut er náttúrlega ekki annað að segja en allt gott. Ástæðan til þess, að þetta var gert á sínum tíma, var, að þetta var eini góði vegurinn í landinu, eins og oft hefur verið sagt. Reyknesingar hafa notið þess í öll þessi ár að hafa eina góða veginn í landinu.

Það hefur verið spurt að því, hvers vegna ekki eigi þá að skattleggja veg nr. 2 og nr. 3, en rök hafa verið færð fyrir því, að það sé allt annars eðlis en meðan aðeins þessi eini vegur var, og hræddur er ég um það, að óeðlilega mikið færi í innheimtukostnað, óeðlilega stórt hlutfall, vetrarmánuðina hér á austurveginum, ef innheimtan ætti að standa allt árið, sem hún yrði að gera, ef á annað borð yrði byrjað á þessari skattlagningu.

Ég ætla svo ekki að tefja tímann meira að svo stöddu, það er þá tækifæri við síðari umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins til þess að firra misskilningi út af því, sem ég var að segja hér áðan. Það hvarflaði að sjálfsögðu ekki að mér að væna forseta vorn um það, að hann væri ekki fullkomlega hlutlaus í sinni fundarstjórn milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég var einungis að benda á það hér, að okkur í stjórnarandstöðunni hafa oft borizt tilmæli um, að við stuðluðum að því að mál gengju í gegn, mál, sem hafa verið orðin bryn, að þau fengju hér þinglega meðferð á skömmum tíma, og þá hefur það komið fyrir, að fleiri stjórnarsinnar hafa tekið til máls við þær umr. en stjórnarandstæðingar. Ég var aðeins að vekja athygli á því, að ef þetta mál hefði komið fyrr til hv. Alþ., þá hefði að sjálfsögðu gefizt betri tími til þess að ræða það hér, bæði fyrir stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga og ekki sízt stjórnarsinna, því að mér sýnist, að þeir þurfi mikið um þetta mál að tala enn þá.

Ég vil bara ítreka það, að ég ber fullt traust til forseta um, að hann hafi fullt hlutleysi í frammi við fundarstjórn.

Forseti (EystJ): Ég heyri, að ég hef misskilið hv. þm., og mér þykir vænt um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Sþ., 10. maí, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og til fjvn. með 49 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 698, n. 882, 833, 921).

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Við fyrri umr. um vegáætlun gerði hæstv. samgrh. ítarlega grein fyrir áætluninni, og mun ég því ekki fjalla um vegamálin almennt, heldur gera í stuttu máli grein fyrir brtt. fjvn.

Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1972—1975 var vísað til fjvn. hinn 10. maí s. l. Nærri viku áður hafði n. fengið áætlunina í hendur og hafið störf við athugun málsins. N. hélt alls níu fundi um áætlunina og naut við afgreiðslu hennar og athugun fulltingis Sigurðar Jóhannssonar vegamálastjóra, og á hann og starfslið hans sérstakar þakkir skildar fyrir framúrskarandi þjónustu og leiðsögn. Í því sambandi hvarflar að mér, að mikill fengur væri, að allar stofnanir ríkisins væru jafnfærar um að gegna hlutverki sínu og veita þá þjónustu, sem þeim er ætlað.

Fjvn. skilar sameiginlega nál. á þskj. 882, og brtt. hennar koma fram á þskj. 833, en algert samkomulag var í n. um allar þessar till., nema till. varðandi veggjald á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi. Nm. áskilja sér því rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, og undirrita fjórir nm. álitið með fyrirvara að því er tekur til þessa þáttar í till. n. Ég vil við þetta tækifæri flytja meðnm. mínum þakkir fyrir mjög gott samstarf við afgreiðslu málsins og þá fyrirhöfn, sem þeir hafa á sig lagt til að ná samstöðu, sem tókst í þeim mæli, að n. skilar sameiginlegu nál., þó að ágreiningur sé um eitt atriði.

N. varð strax ásátt um að beita sér fyrir nokkrum sérstökum breytingum á vegáætluninni, eins og hún var prentuð og síðar lögð fram á Alþ. Áhugi nm. beindist í þessu efni að því, að aflað yrði lánsfjár til hraðbrautaframkvæmda árin 1973, 1974 og 1975, en í upphaflegu till. var gert ráð fyrir, að þær lántökur féllu niður eftir árið 1972. Enn fremur leit n. svo á, að framkvæmdir við Djúpveg væru á vissan hátt hliðstæðar framkvæmdum við Skeiðarársandsveg og nauðsynlegt væri að gera ráð fyrir öflun lánsfjár, til þess að þeim framkvæmdum yrði lokið á áætlunartímabilinu. Í till. n. eru í samræmi við þetta gerðar till. um lánsfjáröflun til hraðbrauta 1973—75 samtals 300 millj. kr. og við það miðað, að fást muni lán hjá Alþjóðabankanum til þeirra framkvæmda, sem uppfylla skilyrði bankans um arðsemi og nauðsynlegan undirbúning. Enn fremur er gerð till. um lánsfjáröflun til Djúpvegar, 25 millj. á hverju ári 1972—1975, og lánsfjáröflun til Norðurlandsáætlunar verði aukin úr 100 millj. kr. 1972 í 120 millj., og nemur fjáröflun til þeirra framkvæmda því alls 620 millj. kr. á áætlunartímabilinu samkv. till. nefndarinnar.

Þegar n. kannaði þáltill. í upphafi, var hún einnig sammála um, að hver svo sem afstaða einstakra nm. væri til álagningar veggjalds á áætlunartímabilinu, þá væri algjörlega óeðlilegt að hugsa sér, að áfram yrði lagt veggjald á Reykjanesbraut, en ekki á sambærilega vegi, eins og gert var ráð fyrir í framlagðri þáltill. Um annað tveggja væri að ræða, að ekkert veggjald yrði á lagt og till. um veggjald á Reykjanesbraut þá felld niður eða slíkt gjald þá almennt tekið og þá hafin innheimta á Suðurlandsvegi eftir næstu áramót. Um það, hvora lausnina ætti að velja, var, eins og ég áður sagði, ekki samkomulag í n. Í till. n. varð því að stilla tekjuáætluninni upp með annarri hvorri þessara till., og á þskj. 833 er gert ráð fyrir innheimtu veggjalds á báðum umræddum hraðbrautum, en fyrri till. fylgja ekki allir nm., heldur eru sumir hlynntir hinni till., að á hvorugri akbrautinni verði innheimt veggjald eftir næstu áramót.

Þar sem algjör samstaða var í n. um öll önnur atriði, sáu nm. ekki ástæðu til að skipta liði við heildarafgreiðslu málsins vegna þessa eina atriðis. Afstaða hvers og eins nm. mun eins og afstaða annarra hv. þm. að sjálfsögðu koma fram við endanlega afgreiðslu málsins hér í Sþ.

Þegar bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 var afgreidd, var áætlun um kostnað við framkvæmdir þess árs á vegáætlun 1969—1972 breytt til samræmis við breytt verðlag og tekjuáætlun endurskoðuð á sama hátt. Þegar tekið hafði verið tillit til halla frá 1971 og þá gert ráð fyrir að flytja 29.8 millj. kr. yfir á árið 1972, voru eftir til viðbótarframkvæmda árið 1972 32.8 millj. kr., þ. e. þar var um að ræða fjármagn til viðbótarframkvæmda árið 1972 fram yfir það, sem áætlað hafði verið og skipt á ákveðin verkefni á vegáætlun 1969—1972. Við afgreiðslu bráðabirgðaáætlunarinnar fyrir 1972 var þessari upphæð ekki skipt á einstök verk, heldur færð í þá áætlun í einu lagi, og ætlunin er að ráðstafa henni í þeirri vegáætlun, sem hér er til umr. Síðan hafa þær breytingar orðið á tekjuáætlun, að beint framlag ríkissjóðs hefur verið aukið á árinu 1972 um 153 millj. kr., greiðsla ríkissjóðs á afborgunum og vöxtum lána aukin og enn fremur gert ráð fyrir 50 millj. kr. lántöku. Samtímis hefur verðlag hækkað, og ráðgerðar framkvæmdir til tiltekinna verka í bráðabirgðaáætlun ársins 1972 krefjast því aukins fjármagns. Þegar tekið hafði verið tillit til alls þessa, reyndust 74.1 millj. kr. vera til ráðstöfunar 1972 í framkvæmdir, er ekki hafði verið slegið föstum í bráðabirgðaáætlun fyrir árið 1972.

Í fjvn. varð samkomulag um að leggja til, að af þeirri upphæð yrðu 17.2 millj. kr. teknar til sérstakra verkefna, en afgangurinn kæmi til almennrar skiptingar á þjóðbrautir og landsbrautir. Sá hluti, sem hér var tekinn út úr, var þannig til kominn, að hér var um að ræða nokkur smærri verkefni, sem bundin voru af liðnum tíma, en þó fyrst og fremst framkvæmdir, sem nm. voru sammála um að telja sameiginleg verkefni án tillits til kjördæma, framkvæmdir innan þjóðgarðsins á Þingvöllum og á Álftanesvegi. Þess má geta, að einnig er gerð tillaga um að verja 5 millj. kr. til vegaframkvæmda innan þjóðgarðsins á árinu 1973. Það koma því 56.9 millj. til skipta í viðbótarframkvæmdir við þjóðbrautir og landsbrautir 1972 umfram þær framkvæmdir, sem ákveðnar voru í bráðabirgðavegáætlun, sem samþ. var í fyrra.

Til heildarframkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum 1973 komu 218.3 millj. kr., 1974 228.2 millj. og 1975 273.5 millj. Varðandi hraðbrautaframkvæmdir á árinu 1972 stóð dæmið þannig, að á þáltill. um vegáætlun 1972—1975 er beint framlag til hraðbrauta á þessu ári hækkað úr 195.5 millj. kr. í 245.8 millj., auk þess sem lánsfé nemur 145 millj. Þessar fjárhæðir eru þegar bundnar í þær framkvæmdir, sem samþykktar eru á bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972, sem samþykkt var fyrir ári, og um þær framkvæmdir hefur verið samið við verktaka.

Heildarframkvæmdir við hraðbrautir á árunum 1972—1975 í þáltill., eins og hún var lögð fram, voru áætlaðar um 650 millj. kr., þar með talið lánsfé árið 1972, en samkvæmt brtt. n. á þskj. 833 hækkar sú upphæð í 950 millj. kr., þar sem þar er gert ráð fyrir lántökum á árunum 1973, 1974 og 1975, 300 millj. kr. samtals. Allar till. n. um skiptingu fjár til einstakra framkvæmda í hinum ýmsu þáttum vegamála eru gerðar í samráði við þm. viðkomandi kjördæma og ekki annað vitað en um þær sé fullt samkomulag.

Þeirri aukningu á lánsfé til Norðurlandsáætlunar, 20 millj. kr. á árinu 1972, sem till. var gerð um, er ekki skipt á einstakar framkvæmdir, og framlag til aðalfjallvega er ekki sundurliðað, þar sem ekki er á þessu stigi ljóst, hversu miklu fé þarf að verja til vegaframkvæmda í sambandi við þá brúargerð á Hvítá og Sprengisandsleið, sem gerðar eru till. um. Till. um framlög til einstakra verka í liðnum „Aðrir fjallvegir" markast m. a. af því, að þm. úr Norðurl. e. hafa lagt til framkvæmdir við ákveðin verk fyrir fé, sem ella hefði komið til ráðstöfunar til annarra vegaframkvæmda í þeirra kjördæmi. Þá vil ég geta þess um liðinn „Til tilrauna í vegagerð", að við það er miðað, að af þeim lið verði varið fé til undirbúnings, rannsókna og kannana á möguleikum á að byggja yfir tiltekin gil á Óshlíðarvegi og Ólafsfjarðarvegi, þar sem hætta er á grjóthruni.

Í þeirri till. til þál. um vegamál, sem hér liggur fyrir, er sú nýbreytni upp tekin, að í henni kemur fram öll fjáröflun og allar framkvæmdir í vegamálum, þ. á m. landshlutaáætlanir fyrir Austurland og Norðurland, hraðbrautaframkvæmdir allar, þar með talið fyrir lánsfé, svo og allar aðrar framkvæmdir fyrir lánsfé, svo sem vegagerðin yfir Skeiðarársand og Djúpvegur og auk þess kostnaður við öll lán, sem tekin hafa verið til vegaframkvæmda. Þetta gefur að sjálfsögðu miklu gleggri mynd af vegamálunum en áður hefur fengizt á einum stað, en samanburður á heildarniðurstöðu vegáætlunar nú og fyrri ára er ekki eins auðveldur að þessu sinni vegna breyttrar uppsetningar. Slíkan samanburð á fjáröflun til vegamála nú og samkv. áætlunum fyrri ára bar samt nokkuð á góma við fyrri umr. þessa máls.

Ég hef fengið Vegamálaskrifstofuna til að setja vegáætlun fyrir árið 1971 upp með nákvæmlega sama hætti og nú er á hafður um árin 1972—1975 í þál. um vegáætlun fyrir þessi ár. Í þeirri uppsetningu á vegáætlun fyrir árið 1971, hinni sömu og nú er viðhöfð, nam fjáröflun til vegamála á því ári alls 1307.1 millj. kr., en í till. á þskj. 833 nemur fjáröflun fyrir árið 1972 1790 millj. kr. eða er 37% hærri.

Samkv. brtt. á þskj. 833 er gert ráð fyrir, að niðurstöðutölur vegáætlunar verði árið 1972 1790 millj. kr., árið 1973 1957.7 millj., 1974 2103.6 millj. og 1975 2029.5 millj. eða alls á áætlunartímabilinu 7880.8 millj. kr. Lækkunin á árinu 1975 frá árinu 1974 stafar af því, að á árinu 1975 er gert ráð fyrir miklu minni fjárveitingu vegna vegar yfir Skeiðarársand en árið áður. Á næsta fjögurra ára tímabili er því gert ráð fyrir, að nær 8 milljörðum kr. verði varið til vegaframkvæmda.

Af þeim framkvæmdum, sem mest hefur verið varið til samkv. þeim till., sem hér liggja fyrir, má nefna: Vegagerð yfir Skeiðarársand 647 millj. kr. á árunum 1972—1975. Brú yfir Borgarfjörð 287 millj. á árunum 1974 og 1975. Hraðbraut um Brynjudal og Botnsvog 196.9 millj. á árunum 1973, 1974 og 1975. Aðrar hraðbrautaframkvæmdir á Vesturlandsvegi 268 millj. á árunum 1972—1975. Hraðbrautarframkvæmdir á Suðurlandsvegi 181.2 millj. kr. á árunum 1972, 1973 og 1974. Hraðbrautarframkvæmdir til Grindavíkur og Sandgerðis samtals 83.9 millj. á árinu 1973 og jarð-

göng á Norðfjarðarvegi 64.5 millj. kr. á árunum 1972—1974, og fleira mætti til nefna. En þótt skiptar geti verið skoðanir um, hve miklu fjármagni skuli verja til vegaframkvæmda á hverjum tíma og hvernig því skuli ráðstafað, þá er ljóst, að að loknu því áætlunartímabili, sem sú vegáætlun, sem hér er til meðferðar, tekur til, hafa mörg stórvirki verið unnin og á því áætlunartímabili, sem fram undan er, verða vegaframkvæmdir á Íslandi meiri en nokkru sinni hefur áður þekkzt á jafnlöngu tímabili.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég láta koma fram mína persónulegu afstöðu til þess eina atriðis í vegáætluninni, sem ósamkomulag var um í fjvn., álagningar veggjalds. Ég er samþykkur þeirri till. um fjáröflun, sem fram kemur á þskj. 833, þar sem gert er ráð fyrir, að veggjald verði áfram lagt á umferð á Reykjanesbraut og hafin verði innheimta þess á Suðurlandsvegi eftir næstkomandi áramót. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta atriði. Ég tel, að þeir, sem aka á vegum með varanlegu slitlagi, hafi af því fjárhagslegan hagnað miðað við þá, sem við malarvegi og vegleysur búa, fjárhagslegan hagnað, þrátt fyrir að greitt sé veggjald. Þótt ég búi í þéttbýli, þá er ég sammála því, sem hér hefur áður komið fram, að þeir, sem búa við vegleysurnar, greiða þyngsta skattinn og á það beri að líta, hversu yfirgnæfandi hluti vegafjár fer og hefur farið á undanförnum árum til framkvæmda við varanlega gatnagerð á þéttbýlustu svæðunum. Þeirri stefnu, að verja fénu til þessara framkvæmda, er ég sammála, og ég lagði reyndar á það sérstaka áherzlu við 1. umr. um þau vegalög, sem nú gilda, að fjármagninu yrði beint sérstaklega til framkvæmda, þar sem umferðin er mest, því að umferðin þar var að lenda í óleysanlegum hnút. En ég tel ekki ósanngjarnt, að þeir, sem njóta þeirra stórfelldu úrbóta, sem á þessum svæðum hafa verið gerðar, greiði til baka nokkurn hluta af þeim beina peningalega hagnaði, sem þeir hafa af því að hafa fengið þessar úrbætur á undan öðrum og að þessum skatti verði varið til að hraða framkvæmdum, þar sem þörfin er mest. Bezt væri auðvitað að geta verið laus við allar skattgreiðslur, en ég hef t. d. ekki orðið var við, að Reykvíkingar eða utanbæjarmenn í Reykjavík kvarti sérstaklega yfir því að greiða alltaf 20 kr. á klukkustund fyrir að mega hafa bifreiðar sínar kyrrstæðar í miðbænum og víðar í Reykjavík. Ég tel svo augljósa og brýna þörf Vegasjóðs fyrir framkvæmdafé til að geta haldið hraðbrautaframkvæmdum áfram og til að geta sem hraðast haldið áfram úrbótum, þar sem vegleysurnar eru mestar, að sá skattur, sem lagður er á umferð á hraðbrautum, eftir að þær hafa náð ákveðinni vegalengd, sé réttlætanlegur. Notendur hafa eftir sem áður fjárhagslegan hagnað af því að aka slíkan veg í stað þess vegar, sem þar var áður.

Þeir, sem nú hyggjast greiða atkv. gegn því, að veggjald skuli greitt, bæði af umferð á Suðurlandsvegi og Reykjanesbraut, hafa áður staðið að því við afgreiðslu vegáætlunar, að gert væri ráð fyrir veggjaldi á Reykjanesbraut, meira að segja gjaldi, sem var að raungildi a. m. k. tvöfalt hærra en gert er ráð fyrir á næsta áætlunartímabili í brtt. á þskj. 833. Ég verð að segja, að mér þykir heldur hlálegt, að loks þegar kemur að því, að aðrir ættu að fara að greiða hliðstætt og þó í raun lægra gjald en notendur Reykjanesbrautar hafa greitt með samþykki allra hv. þm. við afgreiðslu vegáætlana, þá skuli þeir, sem staðið hafa að skattlagningu af umferð á Reykjanesbraut, loks láta verða af því að greiða við afgreiðslu vegáætlunar atkv. gegn því að gera ráð fyrir tekjum af slíku gjaldi. Satt að segja held ég, að úr því að þeir hafa verið þeirrar skoðunar við afgreiðslu vegáætlunar, að greiða skuli slíkt gjald um ákveðið árabil, eins og þeirra stefna hefur í raun verið miðað við liðinn tíma, þá ættu þeir heldur að beita sér fyrir því, að sú regla yrði þá viðurkennd gagnvart öllum, og leggja þá til, að veggjald skuli greiða í ákveðinn árafjölda eftir að hraðbraut hefur verið tekin í notkun, þannig að veggjald falli nú niður af umferð á Reykjanesbraut, en verði greidd af umferð um Suðurlandsveg í jafnlangan tíma og gilt hefur þar syðra með raunverulegu samþykki allra hv. þm.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir störfum og brtt. hv. fjvn. og persónulegri afstöðu minni til þess eina atriðis, sem ágreiningur var um í n., og læt máli mínu þar með lokið.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Á þskj. 921 hef ég leyft mér að flytja brtt. við brtt. fjvn. um vegáætlun fyrir árin 1972—1975 ásamt nokkrum þm. úr Reykjaneskjördæmi og þm. úr Suðurlandskjördæmi. Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál hér. Menn rekur minni til þess, að veggjald var fyrst tekið, þegar Reykjanesbraut var lokið. Menn gerðu sér grein fyrir því, þegar lagt var út í þá dýru framkvæmd á þeim tíma, og á það var bent af ýmsum, að hægt yrði að fjármagna þá framkvæmd m. a. með veggjaldi. Það datt þá nánast engum í hug, að innan örfárra ára yrði svo miklu fjármagni varið í hraðbrautir sem raun ber vitni nú á þessari vegáætlun og þeirri síðustu. Menn létu sér jafnvel detta í hug, að þetta yrði eini vegurinn um langan tíma, sem byggður yrði úr varanlegu efni.

Strax í upphafi lýstu þeir, sem um þennan veg fara, mikilli andstöðu við veggjaldið svo og ýmsir þeirra, sem sátu á Alþ., en þeir vildu þó ekki tefja fyrir framkvæmd málsins og létu þar við sitja. Alþ. veitti samhljóða samgrh. heimild í 95. gr. vegalaga til þess að leggja á veggjald, ef honum sýndist og talið væri rétt að gera. Þetta var hins vegar gert gegn miklum mótmælum. Frá þeim tíma, að veggjaldið var lagt á, má segja, að það hafi verið að lækka og þá í upphafi verið mótuð sú stefna, að veggjaldið skyldi með tímanum hverfa. Hefur það m. a. komið fram í því, að veggjaldið hefur ekki hækkað.

Það var strax í öndverðu gerð grein fyrir því, að veggjaldið mundi aldrei geta verið á þessum vegi einum, ef til þess kæmi, að aðrir vegir á landinu mundu gerðir úr svipuðu efni, þ. e. með varanlegu slitlagi. Þegar nú þannig er komið, að við horfum fram á, að slíkir vegir verða ekki aðeins hér í næsta nágrenni við Reykjavík, heldur víða um landið, sem betur fer, þá verður Alþ. að ákvarða það, hvort veggjald skuli áfram haft á þessum vegi eða hvort það skuli lagt niður.

Ég skil mætavel þá till., sem fjvn. leggur hér fram. Ég er að vísu ekki sammála fjvn., en að mínum dómi leggur hún till. fram meira til að gera þm. grein fyrir því, að Reykjanesbraut ein yrði ekki skattlögð í framtíðinni, heldur þá aðrir vegir um leið og ámóta vegakaflar eru fullgerðir og sá kafli Reykjanesbrautarinnar,

sem fullgerður hefur verið, u. þ. b. 40—50 km suður til Keflavíkur.

Þeir þm., sem flytja þessa brtt., eru þeirrar skoðunar, að það eigi að afnema veggjaldið í eitt skipti fyrir öll. Hvort einhverjir hafa látið gott heita á meðan þessi framkvæmd komst á, það má vel vera, að hægt sé að senda þeim kærar kveðjur, en ég kippi mér hins vegar ekki upp við það. Ég stóð að því, að samgrh. hefði þessa heimild, sem ég gat um áðan, í 95. gr. vegalaga, en ég hef ætíð sem þm. þessa kjördæmis látið í ljós óánægju mína yfir þessu. Þegar nú vegáætlun er afgreidd, þá tel ég sjálfsagt, að þeirri stefnu, sem farið var eftir og hæstv. fyrrv. samgrh. mótaði og gaf yfirlýsingu um á s. l. ári, verði fylgt, og þessi till. er flutt til þess, að Alþ. geti tekið ákvörðun um það mál.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessa till. Ég vonast til þess, að hv. alþm. sjái sér fært að greiða henni atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Stutt stund er nú ætluð til að ræða stórt mál, en eins og kunnugt er, þá líður nú að þinglokum, eftir því sem þm. er tjáð, og mörg mál á dagskrá önnur en þetta.

Þessi vegáætlun, sem hér liggur fyrir, er með öðru sniði en aðrar vegáætlanir hafa verið að því leyti, að tekið er hér inn í einu lagi það fé, sem ætlazt er til, að varið verði til vegagerðar í landinu á næstu fjórum árum, hvort sem það kemur úr Vegasjóði, og tekjum hans, eða er tekið að láni. Niðurstaðan er sú, skilst mér, að á næstu fjórum árum sé gert ráð fyrir því að verja til vegamálanna alls nálega 8000 millj. kr. eða fast að 2000 millj. að meðaltali á ári. Upphæðin er nokkru minni fyrri árin, en fer vaxandi hin síðari ár að krónutölu. Hér er um háar upphæðir að ræða, og í þessu plaggi, sem hér liggur fyrir, er till. um skiptingu þessa fjár, og það er mikið mál, hvernig slíku fjármagni skuli skipt milli vega og landshluta. Ekki ætla ég mér þá dul að fara að ræða hana í einstökum atriðum, þó að ég geti sagt það hins vegar í almennum orðum, að ég tel, að þessi skipting hefði átt að vera að ýmsu leyti á annan veg en hér er lagt til. En um það munu löngum verða skiptar skoðanir, hvernig svo miklum fjármunum skuli verja.

Ég vil leyfa mér að endurtaka það, sem ég hef áður látið koma fram við fyrri umr. þessa máls, í umr. um framkvæmdaáætlunina, að ég tel þær upphæðir, sem hér eru ætlaðar til Norðurlandsáætlunar á bls. 16 í þessu nál., óeðlilega lágar og ekki í samræmi við þau gögn, sem fyrir liggja í þessum málum. Skal svo ekki ræða það nánar. En ég vil vekja athygli á því, að í kaflanum um Austurlandsáætlun er upphæðunum fyrir öll árin 1972—1975 skipt á einstaka vegi, en hins vegar er það svo um Norðurlandsáætlun, að þar er aðeins gerð till. um skiptingu á fyrsta árinu, 1972. Það er gert ráð fyrir því, að þá sé skipt 100 millj. milli vega í þeim sjö sýslum á Norður- og Vesturlandi, sem áætlunin tekur til, en 20 millj. sé óskipt. Hins vegar er ekki lögð til nein skipting fyrir árin 1973—1975, og ég vil spyrjast fyrir um það, hvað fjvn. og hæstv. samgrh. ætlast fyrir um það, hvaða aðili skuli skipta því fé, sem þá verður til ráðstöfunar og sem er raunar nokkru meira á árunum 1973—975 en á árinu 1972, þó að það sé eigi að síður mun lægra en það ætti að vera. Um þetta vil ég spyrja og óska að fá svar við. Ég skal þá endurtaka það. Ég vakti athygli á því, að í sambandi við kaflann um Austurlandsáætlun væri till. um skiptingu fjármunanna öll árin 1972—1975, en í kaflanum um Norðurlandsáætlun væri aðeins ákveðin skipting á árinu 1972, en ekki árin 1973, 1974 og 1975. Ég var að spyrjast fyrir um það, hver væri fyrirætlun hæstv. ráðh. og fjvn. um það, hvernig því yrði skipt, hvernig fénu yrði skipt á þessum þrem árum, hver það ætti að gera.

Ég held, að það hefði verið mjög æskilegt, ef ráðrúm hefði verið til, að þm. hefðu haft tækifæri til þess að fara nánar yfir þetta plagg. En við lauslegan yfirlestur á hluta þessa plaggs, sem nú hefur verið aðeins stuttan tíma í mínum höndum og annarra þm., þá hef ég t. d. veitt því athygli, að á bls. 17 virðist hafa fallið niður á árinu 1972 ½ millj. kr. upphæð til brúar á Kverká á Langanesi, sem var í bráðabirgðaáætlun fyrir 1972 og átti að sjálfsögðu að standa hér eins og þar, svo sem yfirleitt er um flestar brýr, að þær fjárveitingar standa, sem fyrir voru í bráðabirgðaáætluninni, að vísu hækkaðar vegna breytinga á framkvæmdakostnaði. Ég vil benda á þetta og biðja um, að þetta verði leiðrétt, því að hér er sjálfsagt um villu að ræða. En í tilefni af þessu kynni að vera ástæða til þess, að nánar væri farið yfir þessa löngu lista.

Ég skal svo ekki tefja tímann með löngum ræðuhöldum um þetta mikla mál, enda er það víst ekki líklegt til mikils árangurs. Það er auðséð á þessum till., að hraðbrautastefnan, sem rædd var hér við fyrri umr., er í góðu gengi, og skal ég ekki annað um það segja. En hitt virðist einnig augljóst, að mikill hluti fjvn. kjósi heldur að skattleggja vegleysið, svo að maður noti orð hæstv. ráðh., en að leggja gjöld á hraðbrautirnar. Skal ég nú láta máli mínu lokið.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Hér virðist vera ágreiningur aðeins um eitt atriði, veggjaldið. Nú stendur þannig á, að það hefur verið innheimt veggjald af Reykjanesbraut í nokkuð mörg ár, og ég held, að allir séu sammála um það, að þegar hliðstæðir vegir opnast í aðrar áttir út frá höfuðstaðnum, þá komi vart til mála að halda áfram gjaldheimtu á þessum eina vegi. En hitt greinir menn á um, hvort eigi þá að fella hana niður ellegar halda gjaldheimtu áfram og taka hana upp á öðrum vegum einnig. Ég held, að svo fremi sem það hafi verið á rökum reist á sínum tíma að taka gjaldið af Reykjanesbrautinni, þá eigi að færa gjaldheimtuna út nú, þegar fleiri vegir opnast hliðstæðir, sem raunverulega er hægt að taka gjald af. Ég er fylgjandi þessu af tveimur meginástæðum. Annars vegar þeirri augljósu ástæðu, að framkvæmdaþörfin og þar með fjárþörfin í vegamálunum er afskapleg. Það er okkur öllum ljóst. Hún er afskaplega mikil miðað við getu þjóðarinnar sem slíkrar. Og svo hitt, að það fer ekkert á milli mála, að vegir með sléttu yfirborði eins og Reykjanesbrautin og eins og austurvegurinn fer að verða eru feiknalegur ávinningur fyrir þá, sem þá aka, svo að þar kemst í raun og veru enginn samanburður að. Ég ætla ekki að fara að vitna neitt í vegi í fjarska, í öðrum landshlutum. En ég minni bara á það ástand, sem var á austurveginum undir Ingólfsfjalli, í Ölfusinu og hér í Svínahrauninu og svo víða og víða á þeirri leið, sem var þannig, að vegurinn var nánast ókeyrandi með öllu. Þetta er svo mikill munur, að þarna kemst enginn samanburður að.

Þess vegna finnst mér það ekki einasta forsvaranlegt, heldur eðlilegt, að reynt sé að afla nokkurs fjár til vegaframkvæmdanna með því að taka gjald af þessum nýju vegum, þegar þeir opnast til umferðar. Mér finnst það styðja að þessu einnig, þó að þessar séu tvær höfuðástæðurnar, að um þessar mundir fer mjög mikill hluti af vegafénu einmitt í það að byggja upp hraðbrautir á þessu svæði. Ég vil á engan hátt mælast undan því, að það sé gert, því að mér hefur verið það fyllilega ljóst, að það var algerlega óhjákvæmilegt. Vegirnir á þessum slóðum voru komnir með miklu meiri umferðarþunga en í nokkru landi er talið mögulegt að halda malarvegum færum með. Og þrátt fyrir það þó að þessari gjaldtöku verði haldið áfram og hún færð út, þá held ég, að það sé alveg útilokað að neita því, að það sé fjárhagslegur ávinningur að því til viðbótar við annan ávinning að fá vegina með sléttu yfirborði.

Ég vil líka benda á það í þessu sambandi, að það er auðvitað ekki verið að leggja þetta gjald eingöngu á fólkið, sem býr annars vegar við þessa vegi. Senn kemur hringvegur, og þá er ekki lengur hægt að tala um annars vegar við! En það gefur auga leið, að menn fara þessa vegi báðum megin frá, og annað hitt, að öll þjóðin á hér auðvitað leið um meira og minna, þó að þeir séu oftar á ferð, sem eru hér í nágrenninu. Ég er þess vegna algerlega andvígur því að fella niður innheimtu á veggjaldi nú og hlýt því að greiða atkv. á móti brtt. þeirri, sem hér er fram komin á þskj. 921 og lýst hefur verið af þeim ástæðum, sem ég hef þegar drepið á.

Þá þykir mér einnig óeðlilegt og raunar ábyrgðarlítið að ætla að taka það fé, sem þannig fellur út af vegáætlun samkv. þessari brtt., einfaldlega með því að vísa á ríkissjóð á næstu árum. Mér finnst rétt að horfast í augu við tekjuöflunina á móti nú þegar, og ég vil leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 921 á þessa leið:

„1. Við tölulið 1. Í stað orðanna „Framlag úr ríkissjóði" komi: Af benzíngjaldi.

2. Við tölulið 2. Í stað orðanna „Framlag úr ríkissjóði" komi: Af benzíngjaldi."

Í þessari till. felst aðeins þetta eitt, að í stað þess, að ríkissjóður taki við og fylli í það skarð, sem verður við það að hverfa frá innheimtu veggjaldsins, þá skuli þess aflað með benzíngjaldi og þá væntanlega með hækkun á benzíngjaldinu. Mér finnst það óeðlilegt, eins og ég sagði, að binda ríkissjóð þannig fram í tímann meira en gert er í till. eins og hún liggur hér fyrir frá n. Auðvitað er ríkissjóður bundinn fram í tímann með vissum hætti og vissum fjárhæðum. Og ég vil biðja hv. alþm. að íhuga það ögn nánar, hvort ekki er rétt að fara þá heldur þessa leið, ef það er vilji þingsins að fella niður gjaldheimtuna. Ég vil taka það fram, að með því er ég ekki að slá því föstu fyrir mína parta, að framlag ríkisins 1973, 1974 og 1975 skuli verða nákvæmlega það, sem hér segir í áætluninni. En mér finnst eðlilegt að bíða með það að binda ríkissjóði frekari bagga í þessu sambandi en gert er í vegáætluninni, eins og hún nú liggur fyrir í brtt. fjvn., bíða með það, þangað til þar að kemur, m. ö. o. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga á þeim komandi árum.

Ég vil að lokum aðeins leggja áherzlu á það, að í minni brtt. felst þetta eitt, að fylla í skarðið, sem verður, ef samþykkt verður að fella niður veggjaldið á þennan hátt, fylla í það með benzíngjaldi, en ekki með því að vísa á ríkissjóðinn. Aðeins þetta eitt felst í mínum tillöguflutningi. Þess vegna er það, og það vil ég, að komi alveg skýrt fram, að þó að till. mín yrði samþ., þá hlyti ég í samræmi við það, sem ég hef nú þegar sagt, að vera á móti brtt. á þskj. 921. Ég teldi hana að vísu hafa batnað nokkuð við það, ef mín brtt. yrði samþ., en eigi að síður stæði eftir það aðalatriði í henni að hætta gjaldtökunni, og því er ég andvígur, eins og ég ætla, að fram hafi komið glöggt í þeim orðum, sem ég hef hér mælt.

Ég fjölyrði svo ekki frekar um þetta, en vegna þess að ekki hefur unnizt tími til að prenta brtt., þá vil ég afhenda hana hæstv. forseta og biðja hann að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 937, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að ræða vegatillöguna almennt, vegna þess að það hefur orðið samkomulag um hana í fjvn., enda þótt ég hafi nú ýmislegt við vegáætlunina að athuga.

Það var sagt hér áðan, að nú væri verið að leggja grundvöll að meiri vegaframkvæmdum á Íslandi en nokkru sinni áður. Það má vel vera, en ég efa það, að þessi vegáætlun leggi grundvöll að meiri framkvæmdum en voru t. d. á s. l. ári. Það fer eftir verðlagsþróuninni, hversu drjúgar krónurnar verða í framkvæmdunum á næstu árum. Ég ætla ekki að fara lengra út í það. Hitt geta allir verið sammála um, að vegaframkvæmdirnar eru miklar miðað við það, sem þær voru fyrr á árum.

En það er veggjaldið, sem hefur verið gert hér að umtalsefni. Ég er meðflm. að till. á þskj. 921, sem 1. flm. hennar hefur lýst, og þarf ég ekki að fara mörgum orðum um þá till. út af fyrir sig. En það hefur verið talað um það, að réttmætt væri að taka veggjald og stefnan hafi verið mörkuð fyrir nokkrum árum, áður en veggjaldið var tekið af Reykjanesbraut. Það er rétt, að vegalög voru samþ. mótatkvæðalaust með heimild um það að taka gjald af hraðbraut, sem væri frágengin að fullu með góðu slitlagi. Það var Reykjanesbrautin, sem var fyrsti þjóðvegurinn hér á Íslandi þannig frágenginn. Og eins og sagt var hér áðan, þá var jafnvel búizt við því, að Reykjanesbrautin yrði eini vegurinn til nokkuð langs tíma, sem þannig væri gerður. Það vildi og svo til, að Reykjanesbraut tengdi saman þéttbýl svæði. Þeir, sem óku Reykjanesbrautina, óku alla leiðina sem þeir fóru flestir hverjir á þessum góða vegi.

Það er rétt, að þótt Alþ. hafi verið sammála um það að taka veggjald, þá voru þeir, sem áttu að greiða það, ekki allir eins ánægðir. En þegar veggjaldið á Reykjanesbraut var lagt á, þá gaf það í árstekjur 5% af því fé, sem var varið til vegaframkvæmda. Vegaféð var þá 254 millj. kr., en nettóárstekjur af Reykjanesbrautinni voru 12 millj. 148 þús. kr. Það munaði um þetta þá, það voru 5%. En hvað er veggjaldið nú af Reykjanesbrautinni? Það er gert ráð fyrir, að það gefi 18 millj. á þessu ári, og ráðstöfunarfé til vegaframkvæmda á þessu ári er 1 milljarður 745 millj., þannig að veggjaldið, sem núna fæst nettó af Reykjanesbraut, er rúmlega 1% af vega-

fénu. En það á að drýgja tekjurnar með veggjaldi af nýjum vegi, sem sagt er, að sé sambærilegur. Við skulum segja, að hann sé sambærilegur, en hann er það bara ekki. Hann er ekki sambærilegur, vegna þess að hann er miklu ódýrari, slitlagið er olíumöl, og þess vegna er þessi vegur ódýrari. Hann er ekki heldur sambærilegur, vegna þess að þeir, sem aka þessa leið, fara ekki nema lítinn hluta flestir á góðum vegi. Og þegar þessum góða vegi sleppir, þá verða þeir að fara yfir lakari veg, sem samt sem áður hafa greitt veggjald. Og hvað er nú gert ráð fyrir, að tekjurnar verði af austurveginum á fyrsta ári? Það eru um 12 millj. kr. Það eru þá samtals 30 millj. kr., sem ætti að innheimta á næsta ári, eða 31 millj. af báðum vegunum. Það er 1.5% af því fé, sem er til vegaframkvæmda á því ári. Það má segja, að það muni um þetta. En austurvegur er náttúrlega að öðru leyti ekki heldur sambærilegur við Reykjanesbraut, vegna þess að meðalumferð á Reykjanesbraut á s. l. ári, bifreiðafjöldinn á dag, var 2090, ef mig minnir rétt. En á austurveginum um Hellisheiði 1180, þannig að Reykjanesbrautin er næstum því helmingi fjölfarnari en austurleiðin, enda hafa ýmsir sagt, að Suðurlandsvegur væri tæplega nægilega fjölfarinn til þess, að til mála kæmi að taka þar vegtoll.

Það eru brostnar forsendurnar, sem voru fyrir því að taka veggjald, þegar það var fyrst gert, vegna þess að tekjurnar af veggjaldinu eru nú hverfandi litlar miðað við það fjármagn, sem varið er til vegaframkvæmda. Forsendurnar eru einnig brostnar vegna þess, að það þykir ekki tilhlýðilegt að taka toll af umferð, þar sem hún er ekki meiri en hér er um að ræða, bæði á Reykjanesbraut og austurvegi, þegar miðað er við þann kostnað, sem í það fer, og það fjármagn, sem vegirnir hafa í heild. Og forsendurnar eru einnig brostnar vegna þess, að hraðbrautafénu verður dreift eftirleiðis, en var áður miðað við aðeins einn stað. Nú fer nokkur hluti hraðbrautafjárins vestur á Ísafjörð og Hnífsdal, að vísu ekki mikið, en talsvert til Akureyrar. Og á Vesturlandsleiðinni á að dreifa því í búta, enda ekki lagt til að taka þar veggjald.

Hv. 5. þm. Austf., sem talaði hér áðan, vildi halda því fram, að það ætti að halda áfram að láta meginhlutann af hraðbrautafénu á austurleiðina, eða ég skildi það svo. En það er nú ekki hægt að sjá annað á þeirri vegáætlun, sem hér liggur fyrir, en að örlítill hluti af hraðbrautafénu fari á næstu þremur árum í austurleiðina. Á árunum 1973—1975 er gert ráð fyrir 950 millj. kr. til hraðbrauta, en ég sé ekki betur en aðeins eigi að fara 50 millj. kr. í austurleiðina af þessu fé. Og þótt ég hafi áðan talað um dreifingu fjármagnsins, hraðbrautafjármagnsins, þá fer meginhlutinn af því á áætlunartímabilinu í Vesturlandsveginn, sem ekki á að taka gjald af, en sem er þó fjölfarnastur að sumrinu til, a. m. k. hér upp í Álafosshverfið. Það hefur verið talað um, að erfitt væri að koma skattlagningu fyrir á þeim vegi, og skal ég viðurkenna það. Og það er þá enn ein röksemdin gegn því að halda áfram að taka gjald af Reykjanesbraut og byrja á því að taka gjald af Suðurlandsvegi.

Það var minnzt á það hér áðan, að veggjaldið á Reykjanesbraut hefði lækkað, og það er rétt, vegna þess að það er sama krónutala, sem nú er greidd fyrir hvern bíl eins og var í byrjun. Og veggjaldið hefur ekki verið látið fylgja verðlaginu, vegna þess að það var fyrir löngu ákveðið að afnema þetta gjald, létta því af. Og í tilefni af því gaf ég yfirlýsingu um það, bæði hér í hv. Alþ. á s. l. ári og í blöðum, að ef ég mætti ráða, þá yrði gjaldið á Reykjanesbraut lagt af 1. jan. 1973. En hæstv. núv. samgrh. hefur ekki viljað fallast á þessa skoðun, en sagði hér við fyrri umr. málsins, að vitanlega sætti hann sig við vilja Alþ. í því efni, sem og sjálfsagt er. Það hljóta allir ráðh. að gera. Ég tel ekki, að það sé nein niðurlæging fyrir hann, þótt meiri hl. Alþ. sé annar en hann var, þegar hann lagði till. fram. Og vitanlega reynir á það nú, hvort meiri hl. vill halda þessu veggjaldi áfram, enda þótt það gagni jafnlítið í framkvæmdum eins og ég hef lýst.

Við höfum flutt till. á þskj. 921 með þeirri breytingu, að í stað veggjaldsins verði greidd úr ríkissjóði sú upphæð, sem veggjaldinu nemur. Nú hefur hv. 5. þm. Austf. flutt brtt. um það, að í stað þess, að vísað sé á ríkissjóð, eins og hann orðaði það, þá verði það greitt af benzíngjaldi. Nú vita hv. alþm., að það er tvenns konar benzíngjald til. Annars vegar er það benzíngjald, sem rennur í ríkissjóð og tekið er af innfluttu benzíni strax, og hins vegar það benzíngjald, sem lagt er á útsöluverð benzíns. Ef hv. 5. þm. Austf. á við það að taka þetta af því benzíngjaldi, sem tekið er við innflutninginn, þá er það náttúrlega ekki nema eðlilegt, en eðlilegt er, að hv. alþm. viti það, hvort meiningin sé að leggja þetta á útsöluverðið, sem mér reiknast til, að mundi vera 35 aurar á lítra miðað við, að benzínsalan væri 85 millj. lítra, sem líklegt er að áætla á árinu 1973. En hæstv. ríkisstj. hefur það alltaf í sínu valdi, hvort hún hækkar benzín eða ekki. Hún hefur heimild til þess, en ég er ekki að mæla með því. Ég mæli með því, að þetta verði greitt úr ríkissjóði, vegna þess að eins og nú er komið, þá tekur ríkissjóður meira gjald af umferðinni en nokkru sinni áður. Og það er ekkert óeðlilegt, þótt hæstv. fjmrh. sé minntur á það, sem hann sagði hér í aprílmánuði 1971. Hann sagði, að það ætti að ganga til veganna, sem ríkissjóður hefði undanfarið fengið af umferðinni. En mér dettur ekki í hug, þótt ég sé í stjórnarandstöðu, að halda slíku fram, vegna þess að ég veit, að ríkissjóður getur ekki misst þetta fé.

Á s. l. hausti var því spáð, að ríkissjóður fengi í tekjur af umferðinni um 1100 millj. kr., en samkv. skýrslum munu það hafa reynzt um 1500 millj. kr., sem ríkissjóður fékk af umferðinni á s. l. ári, reiknað á sama hátt og hv. 3. þm. Vesturl. reiknaði það, á meðan hann var í stjórnarandstöðu. Nú hefur hæstv. fjmrh. að vísu hækkað framlag ríkissjóðs úr 47 millj. í 100 millj. + 100 millj., sem er tekið sérstaklega í tollum af innfluttum bílum samkv. ákvörðun hæstv. ríkisstj. í síðasta mánuði. En ef tekjur af umferðinni hafa orðið 1500 millj. á árinu 1971 í stað 800 millj., eins og það var reiknað 1970 og eins og lítur út fyrir að geta orðið á þessu ári með áframhaldandi fjölgun bifreiða, þá held ég, að engum ætti að blöskra, þótt þarna væri bætt við 30 millj. kr. á árinu 1973 sem framlagi úr ríkissjóði. Og ég er viss um það, og reyndar vita allir hv. þm. það, að á meðan hæstv. fjmrh. var aðeins þm. Vesturl., fannst honum þetta ekki mikill peningur.

Nú tel ég ekki rétt að eyða löngum tíma í umr. um þetta, þar sem tíminn er nú takmarkaður, en ég vildi aðeins fara nokkrum orðum um þessa till. okkar hv. þm. Reykn. og hv. þm. Sunnl. Hún er flutt vegna þess,

að það er ekki lengur ómaksins vert að taka veggjald eins og gert hefur verið, og það er eðlilegt, að nú sé fellt niður gjaldið á Reykjanesbraut og ekki tekin ákvörðun um það að taka gjald af austurvegi eða Vesturlandsvegi, vegna þess að hér er ekki um þær tekjur að ræða, sem munar um að neinu verulegu ráði.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég vildi aðeins lýsa skoðun minni á þessu margumræddda veggjaldi. Ég hef víst gert það áður, en ætla aðeins að ítreka það.

Í stuttu máli sagt finnst mér, að þetta veggjald sé einhver allra vitlausasti skattur, sem upp hefur verið fundinn hér á landi, og mig furðar satt að segja á því, að allur þingheimur skuli hafa staðið að þessari ákvörðun. En í því felst kannske skýringin á því, að skatturinn hefur verið tekinn upp. Það má færa mörg rök fyrir þessari skoðun minni. Í fyrsta lagi er hér verið að mismuna bifreiðaeigendum eftir því, hvar á landinu þeir búa. Það er að vísu ekki í fyrsta skipti, sem mönnum er mismunað í skattlagningu. Það minnir mig t. d. á eitt ákvæði í nýlega samþykktum skattalögum, þar sem mönnum er mismunað eftir búsetu í skattlagningu hlunninda. Það má vel segja, að þarna sé um hliðstætt atriði að ræða.

Í öðru lagi hafa bifreiðaeigendur greitt í sköttum af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra þúsundir milljóna á undanförnum árum umfram það, sem hefur farið til veganna á Íslandi. Þess vegna er ekki óeðlilegt, þó að ríkissjóður endurgreiði einhvern hluta af þessu, eins og gert er ráð fyrir í þessari till., sem hér liggur fyrir, þ. e. brtt. Ég held, að það megi líka segja, að þetta sé alveg sérstakt fyrirbrigði hér á landi, að einn vegur og það ríkisvegur sé með slíkum vegskatti. Mér er að vísu kunnugt um, að það þekkist í öðrum löndum, að ríkisvegir séu með slíkum veggjöldum, en það er mjög fátítt. Yfirleitt eru þetta einkavegir eða vegir, sem eru í eigu fyrirtækja eða stofnana. Þannig er þetta t. d. á Ítalíu, að flestar hraðbrautirnar, þar sem menn verða að greiða veggjöld, eru í eigu Vatíkansins, en ekki í eigu ítalska ríkisins.

Ég hef orðið var við það, að þm. utan úr dreifbýlinu eru fremur hlynntir því, að veggjald sé innheimt, og þá held ég, að þeir líti nú fullmikið til þess, að það er einkum hér í kringum Reykjavík, sem hraðbrautir eru, og þannig mun það verða á næstu árum. Ef einhver þm. Reykv. greiðir því atkv., að veggjald sé áfram innheimt, ekki bara hér á Suðurnesjaveginum, heldur líka á veginum austur fyrir fjall og væntanlega bráðlega á veginum vestur á land og norður, þá skil ég að vísu ekki þá pólitík. Mér sýnist, að þeir séu annaðhvort annars vegar að leggja átthagafjötra á sína kjósendur og hins vegar að stuðla að því, að þeir, sem vilja nú koma í heimsókn til Reykjavíkur, verða að greiða einhvern ákveðinn skatt til þess að fá að komast inn í borgina. Þetta finnst mér ekki raunhæft. Ég held, að menn verði að gera sér grein fyrir því og menn hljóta að gera sér grein fyrir því, að það er ekki hægt að leggja alla vegi í landinu slitlagi í einu. En það réttlætir það alls ekki, að þeir, sem njóta þessara góðu vega fyrst, þurfi að greiða eitthvað sérstaklega fyrir það. Það er komið skipulag á þessi mál, og vegirnir fá á sig slitlag eftir umferðarþunga. Þess vegna er það eðlilegt, að vegirnir hér í mesta þéttbýlinu fái fyrst slitlag.

Ég vil benda mönnum á, að það væri rétt, að menn athuguðu afleiðingarnar af því, ef allir vegir hér í nágrenni Reykjavíkur verða svona skattaðir. Hvað haldið þið, að það þýði t. d. í vöruverði? Hugsið ykkur alla flutninga hingað til Reykjavíkur og héðan frá Reykjavík. Við skulum taka alla mjólkurflutningana austan að, og við skulum taka fiskflutninga hér um Reykjanesbraut. Við getum líka tekið dæmi um þá miklu flutninga, sem eiga sér stað á byggingarefni hingað til borgarinnar. Þannig hefur þetta ófyrirsjáanlegar afleiðingar, ef ekki verður hægt að komast inn í borgina eða út úr henni öðruvísi en að greiða stórfé fyrir.

Þá er eitt enn, sem ég vil leggja sérstaka áherzlu á, og það er, hversu dýr innheimta þessa skatts er. Þar held ég, að öll met séu slegin. Samkv. skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar er gert ráð fyrir, að innheimta 1971, ég veit ekki, hvað hún hefur orðið, en í áætluninni eru það 4 millj. kr., þ. e. um 20% innheimtukostnaður af þessum skatti. Auðvitað verður innheimtukostnaðurinn sá sami við austurveginn, þó að tekjurnar af honum verði miklu minni, sem þýðir prósentvís miklu hærri innheimtukostnaður. Eftir skamman tíma hlýtur þá að koma skattur líka á Vesturlandsveginn, eins og ég sagði. Þar er umferðin enn þá minni. Innheimtukostnaður á þessum þremur stöðum verður þá væntanlega um 12 millj. kr. á ári miðað við verðlag 1971. Það hlýtur hver maður að sjá, hvers konar endemis vitleysa er hér á ferðinni. Það má að vísu fjölga ríkisstarfsmönnum með því að koma upp slíkum gjaldskýlum sem allra víðast á landinu. Þetta hlýtur þá að koma fljótlega á Akureyri, ef menn ætla að hafa samræmi í vitleysunni. Þess yrði kannske ekki langt að bíða, að þetta kæmi einnig nálægt Egilsstöðum, og svo mætti lengi telja. Ég vona, að menn athugi þessi mál gaumgæfilega og komist að þeirri niðurstöðu, að till. á þskj. 921 sé sú eina skynsamlega.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég á nú að byrja ræðu mína á því að þakka hv. 11. landsk. fyrir að lýsa því yfir, að sá vitlausasti skattur, sem hefur verið upp tekinn á Íslandi, hafi verið tekinn af þeirri ríkisstj., sem hann studdi, og er það nú gott veganesti fyrir mig eftir allar skattaumræðurnar í vetur. Ég bjóst ekki við því, að hv. 11. landsk. þm. gæfi út slíka yfirlýsingu. Hitt verð ég að segja, að ég er honum ekki sammála þarna frekar en í fyrri skattaumræðum.

Ég hef ekki litið svo á og ég lít ekki svo á, að það sé verið að leggja á fólk átthagafjötra, þegar er verið að leggja steyptar brautir út frá byggðarlögum þess. (Gripið fram í.) Það lá í orðum hv. þm., þegar hann var að lýsa þessu áðan, að það væri verið að leggja á fólk átthagafjötra með því að steypa vegina út frá byggðarlögum. Margt er nú skemmtilegt, en þetta er nú með því skemmtilegra. Ég verð að segja það, að svona rök skil ég nú ekki nema mjög takmarkað. Mér þætti gaman að þekkja þann mann, sem mundi keyra malarveg til Keflavíkur við hliðina á steypta veginum, þó að hann þyrfti að borga 50 kr. fyrir að fara þann steypta. Mér dettur ekki í hug, að nokkur einasti maður hefði gert það, enda hefði sá maður verið óhygginn, því að hvað

verða þeir að greiða, sem verða að fara vondu vegina, í viðhald á bílum sínum? Það er svo ómetanlegt, að það á ekki að þurfa að vera nein umræða um það.

Það er sannarlega ánægjulegt að geta teygt út þessa góðu vegi, og um leið og það er gert, þá verða auðvitað að batna vegir annars staðar á landinu, því að þessir vegir hér, fjölförnustu vegirnir, voru orðnir svo viðhaldsfrekir, að þeir gleyptu upp viðhaldsféð, enda þótt þeir gætu aldrei verið í lagi. Og ég fagna því, sem gert hefur verið í að ryðja áfram þessum góðu vegum, og tel, að við eigum að halda því átaki myndarlega áfram. Hitt verð ég að segja, að mér er alveg sama, hvort farið er suður á Reykjanes, austur á Suðurlandsundirlendi eða upp í Borgarfjörð. Það á að greiða veggjöld af þessum góðu vegum, þar sem þeir eru, hvert sem þeir liggja, meðan svo mikill hluti af landinu er óvegaður. Og það mega mínir kjósendur á Vesturlandi vita, að ég hika ekki við að fylgja því að leggja veggjald á Vesturlandsveg, þegar hann verður orðinn jafngóður og Reykjanesvegur og austurvegur er að verða, enda veit ég það vel, að það verða ódýrastir vöruflutningarnir eftir slíkum vegum. Það, sem skiptir mestu máli fyrir þungaflutningana, er viðhaldið á bílunum og það, að þeir verða fram eftir vori að keyra hálftómir, vegna þess að vegirnir þola ekki þann þunga, sem bílarnir bera. Hvað heldur hv. 11. landsk. þm., að það kosti eigendur þessara bíla? Ég held, að við verðum að taka dæmið eins og það er, og það er enginn vafi á því, að ódýrast af því öllu eru góðu vegirnir, jafnvel þó að menn greiði nokkra tugi kr. í veggjald.

Svo skal ég nú ekki fara öllu lengra út í þetta. En út af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði um afskipti mín af vegamálum og það, sem ég hef sagt um vegamál hér á hv. Alþ., þá verð ég að segja honum það svo og hv. þm. öðrum, að ef ég get staðið svo við önnur mín orð á Alþ. sem ég stend í vegamálunum, þá þarf ég engan kinnroða að bera. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ég hef ásamt fleirum flutt hér frv. á Alþ. æ ofan í æ. Og um hvað voru frv.? Þau voru um það, að sérskattarnir af umferðinni gengju í Vegasjóð. Það var benzínskattur, þungaskattur, gúmmígjald og leyfisgjald. Um þetta hafa mín frv. verið, og mínar umr. hafa snúizt um þetta. En ég hef gert meira. Ég hef verið þátttakandi í því þing eftir þing að standa með páv. hæstv. samgrh., núv. 1. þm. Sunnl., í því að hækka benzíngjald og þungaskatt til þess að fá meiri tekjur í vegina. Og ég varð ekki fyrir litlum ádeilum fyrir það, hvað ég gekk fram í þessu við afgreiðslu fjárlaga hér um áramótin 1970—1971. Þess vegna hefði ég nú haldið, að þessi hv. þm. hefði getað látið það ógert nú, þegar svo myndarlega er að því staðið að leggja úr ríkissjóði framlag til vegamálanna sem nú er gert, þá hefði hann getað látið það ógert að fara að reyna að æsa upp út af þessum smámunum, sem eru þó um 100 millj. kr., í þessum veggjöldum, fara að reyna að færa þau til ríkissjóðs til viðbótar því, sem ríkissjóður tekur að sér með þessari vegáætlun. Ég held nefnilega, að hv. 1. þm. Sunnl. sjáist yfir það, sem þarna er gert. Til viðbótar við beint framlag úr ríkissjóði, 200 millj. í ár og hækkandi upp í 280 millj. á næstu árum, tekur svo ríkissjóður að sér að greiða skuldir, sem eru 61 millj. í ár, 91 eða 78 á næsta ári, 102 á árinu 1974 og 135 á árinu 1975. Þetta er miðað við það, að veggjaldið haldist. Áður var ríkissjóður búinn að taka á sig nokkra greiðslu af vegalánum. Til viðbótar þessu eru svo þau lán, sem tekin eru í þessari vegáætlun. Gert er ráð fyrir, að þau verði ríkislán, svo að það eru stórar fjárhæðir, sem ríkissjóður er að taka á sig. Það, sem mér finnst, að væri helzt hægt að ásaka mig fyrir, væri einmitt það að láta ríkissjóð taka svo mikið að sér sem gert er, en ekki hitt, að það sé of lítið. Og þar get ég einnig staðið við það, sem ég hef áður sagt í þessu.

Það, sem er um að ræða í sambandi við tekjur af umferð, og það, sem mest hefur verið rætt hér, voru sérgjöldin. Deilan á milli mín og hv. 1. þm. Sunnl. var fyrst og fremst út af því, að leyfisgjöldin, sem voru tekin af bifreiðunum þangað til árið 1970—1971, ég man nú ekki alveg, hvenær breytingin varð, þau fóru í ríkissjóð. Mín till. var sú, að það gjald færi í Vegasjóð. Hitt, um almenna tolla og almennan söluskatt, er annars eðlis. En þegar ég lagði fram hér fjárlagafrv. í vetur, þá skýrði ég frá því, hver mismunur væri á því, ef tekin væri meðaltollprósenta, og sú fjárhæð, sem þar var þá um að ræða, mun fara að skila sér í framlögum til Vegasjóðs. Þess vegna held ég, að ég þurfi í engu að kvíða þeim umr.

Ég vil endurtaka það, að ef á að breyta til og fella niður veggjaldið, þá verða menn að standa frammi fyrir því að koma með annan tekjustofn og þá að gefa ávísun á hækkað benzíngjald. Ég veit það vel, að hægt er að hækka það, þó að þetta komi ekki til, en samkv. lögum gengi það í Vegasjóð, og með þessari afgreiðslu væri ríkissjóður orðinn skuldbundinn til þess að greiða þessa fjárhæð, þó að benzíngjaldið væri hækkað, eins og till. hv. 1. þm. Reykn. og fleiri er orðuð. En með brtt. hv. 5. þm. Austf. er gert ráð fyrir því, að ef veggjaldið verður fellt niður, þá standi menn frammi fyrir því að afla tekna á móti með benzíngjaldi.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða veggjaldið. Ég gerði það áðan og hef engu við það að bæta. En hv. 1. þm. Norðurl. e. bar fram hér tvær fsp. Í fyrsta lagi, hvers vegna fé samkv. Norðurlandsáætlun væri aðeins skipt á einstök verk fyrir árið 1972, en ekki síðari árin. Því er til að svara, að frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hefur með þessa áætlun að gera, hafa ekki komið nein gögn, sem gera það kleift að skipta fyrir þau ár, en þetta kemur að sjálfsögðu til endurskoðunar á næsta ári, og við verðum þá að vona, að þessum störfum verði þá komið lengra áleiðis.

Þá gat hv. þm. þess, að í bráðabirgðavegáætlun væri gert ráð fyrir framlagi til að byggja brú á Kverká á Langanesi, veittar 500 þús. kr., en það væri ekki í till. n. nú. Það er rétt, að á bráðabirgðaáætlun er gert ráð fyrir 500 þús. kr. framlagi til brúarinnar 1972, en í till. n. er á bls. 17, lið 46 gert ráð fyrir framlagi til þessarar brúar á árinu 1974, 3.8 millj., og ég veit ekki betur en þm. kjördæmisins hafi staðið að þessari skiptingu.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð um margumrætt veggjald. Afstaða ýmissa hv. flm. till. á þskj. 921 finnst mér vægast sagt ekki vera stórmannleg. Það er hægt að deila um það, hvort rétt sé að leggja veggjöld á þá, sem aka beztu vegi landsins og spara sannanlega meira en sem veggjaldinu nemur í benzíni

og minna sliti á bílum, eða hvort eigi að láta þá, sem verða enn um sinn og væntanlega lengi að búa við vegleysur og ófærð og snjóa, og þar með þá, sem eyða mestu af benzíni og greiða mestan benzínskatt, láta þá raunverulega standa undir afborgunum af þessum vegum. Um þetta er hægt að deila, finnst mér. En sú afstaða, sem birtist í því að vera með veggjaldi, þegar það er lagt á aðra, en á móti því, þegar að því kemur, að það sé lagt á þá eða væntanlega fyrst og fremst þeirra kjósendur, hún finnst mér ekki bera vott um mikla karlmennsku. Mér liggur við að biðja um, að þeim veitist nú styrkur og meiri karlmennska, þannig að þeir geti látið skynsemina ráða í þessu máli, því að það er ábyggilega skynsamlegt, að fólkið allt hjálpist að því að koma sem beztum vegum sem fyrst um allt landið. Og auðvitað á að leggja veggjald á alla góða vegi, þegar að því kemur, að náð er umtalsverðum kafla. Þegar kominn er 40—50 km langur samfelldur kafli, þá er eðlilegt að taka þetta upp. Þetta finnst mér vera hin heilbrigða afstaða, og mér finnst, að allir þeir, sem fylgdu veggjaldi á Keflavíkurvegi, hljóti að fylgja því að það verði nú lagt á Suðurlandsveg og síðan á Vesturlandsveg, og þá getum við litið á þetta. Þá er að því komið má segja, að Reykvíkingar komist ekki burtu úr sinni höfuðborg án þess að þurfa að borga nokkurt gjald. Allra leiðir liggja nú til Reykjavíkur, og þar með eru raunverulega allir landsmenn farnir að greiða þetta gjald að nokkru leyti. Og ég vil aftur biðja menn að minnast þess, að þetta gjald er ekki meira en það, að menn spara sér meira með því að fá að nota þessa góðu vegi. Þegar þeir geta notað þessa góðu vegi, þá spara þeir sér meira en sem veggjaldinu nemur. Og hugsum okkur menn, sem koma að norðan eða austan, og þegar þeir eru búnir að aka daglangt á vondum malarvegum, hvort þeir verða ekki fegnir að koma á góðan veg uppi í Hvalfjarðarbotni eða hvar það nú verður, þó að þeir þurfi að greiða nokkurt veggjald. Ég er viss um, að þeir fagna, þeir greiða þetta gjald fagnandi, og ég vona, að Sunnlendingum auðnist að greiða þetta gjald með fögnuði, þegar vegurinn er kominn svo langt.

Jón Árnason: Herra forseti. Segja má, að það sé ekkert óeðlilegt, að nokkuð miklar umr. séu um þetta mál, vegáætlun til fjögurra ára, sem hér er nú til umr. í hv. Alþ., þegar á það er litið, hve upphæðin er stór, sem við erum með, þó að okkur finnist hún vissulega mætti vera enn þá stærri. Við þurfum ekki að líta langt til baka til þess tíma, þegar þessi upphæð var nokkuð mikið upp í það, sem öll heildarfjárlög ríkisins voru. En í sambandi við þessar umr. og afgreiðslu vegáætlunarinnar nú og áður má segja, að það sé Alþ. mikið til sóma, hvað þm. koma sér yfirleitt vel saman um að skipta þeirri köku, sem um er að ræða hverju sinni, því að sannleikurinn er sá, að það hefur ekki verið mikið deilt um það á milli þm., í hvaða framkvæmdir það fjármagn skuli fara, sem um er að ræða hverju sinni. Vissulega er það rétt, að hér er um meiri fjárhæðir að ræða en dæmi eru til um áður til vegaframkvæmda á næsta áætlunartímabili, eða hartnær 2 milljarðar kr. á hverju ári. Um hraðbrautaframkvæmdirnar er það að segja, að verulegur hluti þeirra framkvæmda byggist á væntanlegri lántöku frá Alþjóðabankanum. Sama má segja um stóran hluta annarra vegaframkvæmda, sem vegáætlunin nær yfir. Má þar til nefna vegaframkvæmdir samkv. Austurlands- og Norðurlandsáætlunum, þá er það hinn svo kallaði hringvegur yfir Skeiðarársand, sem gert er ráð fyrir að kosti um 647 millj. kr., og þá er það Djúpvegurinn, en til hans er gert ráð fyrir að taka samtals um 100 millj. kr. á áætlunartímabilinu. Þegar um það er rætt, að með þessari vegáætlun sé stigið stærra spor í vegaframkvæmdum en dæmi eru til um áður, þá er það eins og ég sagði áðan, og ég held því fram, að það sé vissulega rétt. En hinu skulum við ekki gleyma, að með þessari vegáætlun erum við vissulega að taka, eins og hæstv. fjmrh. sagði einu sinni, að vísu í öðru sambandi, við erum að taka forskot á sæluna. Það má segja það.

Sumir hafa haldið því fram, að þessar miklu lántökur til vegaframkvæmda sem hér um ræðir, séu okkur ofviða og þenslan í efnahagsmálunum sé nú þegar komin á það stig, að hún muni ekki þola þá viðbót, sem felst í þeim miklu lántökum, sem vegáætluninni eru samfara. Ég vil taka það skýrt fram, að ég er ekki á þeirri skoðun. Með nútímatækni eykur vegagerð nú miklu minna spennu á vinnuaflsmarkaðinum en áður átti sér stað. Það eru nýtízkuvélar, sem að vísu kosta mikið, en eru ekki mannfrekar, sem gera í dag þessar vegaframkvæmdir mögulegar.

Þegar um það er rætt, á hvern hátt eðlilegast sé að fjármagna Vegasjóð, þá koma vissulega fleiri en ein leið til greina, eins og nú á sér stað. Sumir hafa t. d. haldið því fram, að allt fé, sem kemur af umferðinni í einu eða öðru formi, eigi að renna í Vegasjóð, og einn af þeim er hæstv. fjmrh., eins og hann gat um hér áðan. En ég tel, að það vanti enn verulega á það, að allt fjármagn, sem kemur af umferðinni, renni í Vegasjóð. Leyfisgjaldið af bifreiðum, innflutningsgjaldið, er bara hluti af tolli, sem leggst á bifreiðar, sem fluttar eru til landsins. Og þess vegna vitum við, að það vantar enn verulega á það. Það er líka hluti af benzíngjaldi, eins og hér hefur verið bent á, sem rennur í ríkissjóð. Og þess vegna vantar enn nokkuð á það, að Vegasjóður fái allt það fjármagn, sem margir hafa talað um, að þyrfti nú að renna í Vegasjóð.

Á síðari árum má segja, að tekjur af umferðinni fari samt sem áður að verulegu leyti í Vegasjóð. En ég tel, að innflutningsskattur af bifreiðum sé of hár, og nýhækkaður innflutningsskattur af bifreiðum er að verulegu leyti hluti af því fjármagni, sem ríkissjóður leggur fram samkv. þessari vegáætlun. Með því að leggja á nýjan skatt, innflutningsgjald á bifreiðarnar, var hægt að auka það, sem ekki var gert ráð fyrir, að kæmi í fjárlögum, þegar þau voru afgreidd á s. l. vetri. Ég tel óréttlátt, eins og ég hef þegar sagt, að hafa háa innflutningstolla af bifreiðum. Það er staðreynd, að eins og nú er komið, ekki aðeins hjá okkur Íslendingum, heldur einnig hjá fjölmörgum öðrum þjóðum, þá verður bifreiðaeign ekki talin lúxus. Það á ekki síður að auðvelda þeim efnaminni að eignast bifreiðar en þeim, sem betur mega sín. Þess vegna er það óréttlátt að hafa háa innflutningstolla á bifreiðar, og Vegasjóð á ekki að byggja upp eða fjármagna með slíkum hætti.

Á síðari árum hefur benzínskatturinn verið veruleg uppistaða í því fjármagni, sem í Vegasjóð hefur komið. Vissulega er það rétt, að einhver takmörk eru fyrir því, hvað má leggja háan skatt á benzínið, eins og aðrar

neyzluvörur. En ég tel, að það væri ekki óeðlilegt, þó að benzínskattur eða benzínverð væri nokkru hærra hjá okkur Íslendingum en ýmsum öðrum. Og það er sérstaklega þá með tilliti til þess, að allt það fjármagn, sem kæmi inn, gengi til þess að leggja betri vegi. Það hefur verið svo í undanfarin skipti, þegar til þess hefur komið, eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, að hækkaður hefur verið benzínskattur, þá hafa þm. yfirleitt verið á einu máli um þá skatthækkun. Og hvers vegna haldið þið, að það sé? Auðvitað er það ekki af neinu öðru en því, að menn sjá þörfina fyrir meiri og betri vegi og menn sjá, að það borgar sig að færa nokkra fórn í þeim efnum og leggja á sig byrðar til þess að koma betri skipan á vegamálin í okkar landi.

Ég held, að það hafi verið síðasti hv. ræðumaður, sem var að tala um vegagjaldið, og hér hafa eiginlega allir, sem til máls hafa tekið, aðallega rætt um þetta gjald. Ég tel nú, að það séu margar aðrar hliðar á þessari vegáætlun, sem hér liggur fyrir, en einungis þessi skattur. Þó að það verði að viðurkennast, að það sé ekki stór upphæð á hverju ári, þá nemur það nokkurri upphæð allt tímabilið. En mér finnst, að það sé ýmislegt fleira, sem við megum ræða og velta fyrir okkur í sambandi við þá afgreiðslu á vegáætlun, sem hér á sér stað. Vissulega er það svo með vegaskattinn eins og aðra skatta og önnur mál, að á þeim eru fleiri en ein hlið.

Ég hygg, að það hafi verið hæstv. síðasti ræðumaður hér, sem var að tala um réttlæti i vegaskattinum. Hann var að tala um, að þegar menn væru að koma vestan af fjörðum eða norðan af landi á mjög vondum vegi, þá hefðu þeir ekkert á móti því kannske að greiða verulegt gjald eða nokkurt gjald til þess að komast síðan á góðan endasprett. Ég held því fram, að það sé bæði hægt að hafa uppi rök með og móti þessu máli, eins og ég sagði áðan, og það væri m. a. hægt að réttlæta það, að þegar menn væru búnir að keyra langan, vondan veg, þá ættu þeir að fá „gratís“ seinasta spottann, sem væri góður. Menn geta haft alls konar slík rök á takteinum, ef menn vilja ræða málin svona aftur á bak og áfram. Ég hef ekki tekið endanlega afstöðu í þessu máli. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, og eins og hv. frsm. fjvn. gat um í sinni framsöguræðu, þá var ágreiningur innan n. Ágreiningurinn var á þann hátt, að það vildu allir hafa óbundnar hendur í þessum málum. Það lýsti enginn yfir eindreginni afstöðu til málsins, þegar það var til umr. í n., en hins vegar var um það rætt, að menn mundu meta málið og taka síðan afstöðu til þess, þegar það endanlega kæmi til afgreiðslu hér í Sþ.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega þetta gjald og ekki hafa þessi orð öllu fleiri en ég hef þegar gert, en til þessa máls, sem ég hef nú síðast vikið að, mun ég taka afstöðu við afgreiðslu þess.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. fjmrh., því að hann vildi nú neita því, að hann hefði haldið því fram, að vegirnir ættu að fá tekjurnar af umferðinni. Nú sagði hann, að hann hefði átt við, að vegirnir hefðu átt að fá sérskatta af umferðinni. En ég vil bara aðeins vekja athygli á því, að þau orð, sérskattar af umferðinni, sáust ekki í blaði hæstv. ráðh., Tímanum, fyrr en eftir að núv. ríkisstj. var mynduð. Áður var alltaf talað um tekjur af umferðinni, og þarf ekki annað en fletta upp í þingtíðindunum til þess að sannfæra sig um það, hvort ég fer hér með rétt mál eða ekki.

Nú er það síður en svo, að ég vilji vanþakka hæstv. fjmrh. fyrir góða samvinnu, á meðan ég var samgrh. Ég skal alveg viðurkenna það, að þessi hæstv. ráðh., hv. 3. þm. Vesturl. þáv., gekk oft fram í því að koma málunum saman og það var alltaf góð samvinna á milli okkar. Ég vil líka halda því fram, að ég hafi ekki lagt stein í götu samkomulags hér á þessu þingi, enda þótt ég hafi ekki alltaf verið á sömu skoðun og ráðherra. Ég hef ekki hindrað það, að fjárlög gætu verið samþ. á eðlilegan hátt og ekki tafið fyrir því. Ég hef ekki heldur viljað tefja fyrir því, að vegáætlunin gæti gengið fram á eðlilegum og réttum tíma. En ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að orðið sérskattar í hans munni og í blaðinu Tímanum kom ekki fyrr en eftir að núv. ríkisstj. var mynduð. En kannske má afsaka þetta allt saman. Þá vil ég einnig minna hæstv. ráðh. á það, að það er ekki rétt í rauninni, að ríkissjóður leggi Vegasjóði til 200 millj. kr. Það vita allir, að helmingurinn af þessari upphæð er tekinn með nýjum sköttum af bifreiðaeigendum. Hin raunverulega hækkun til Vegasjóðs, sem fjmrh. hefur beitt sér fyrir, eru 53 millj. kr. að viðbættu því, að ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða vexti og afborganir af lánum nokkru meira en áður var. Á s. l. ári greiddi ríkissjóður 101 millj. kr. í vexti og afborganir af lánum. Á þessu ári munu það verða um 160 millj. kr., vegna þess að lánin voru hærri, sem nú er um að ræða, en áður. Þetta er þess vegna ekki nein ný stefna. Stefnan var áður orðin sú, að ríkissjóður borgaði meginhlutann af vöxtum og afborgunum af þessum lánum, sem Vegagerðin hafði tekið.

En þá vil ég minna hæstv. ráðh. á það, að það er Alþ. á hverjum tíma, sem ákveður það endanlega, hvernig fjár skuli aflað, og það er ekki viðeigandi fyrir hæstv. ráðh. að segja hér við hv. Alþ.: Nú skuluð þið hv. alþm. standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að annaðhvort verðið þið að fella þá till., sem hér er um að ræða, sem margir hv. þm. hafa flutt, eða hækka benzínið. Það er vitanlega endanlega Alþingis að ákveða það, hvernig teknanna er aflað, og ég vil aðeins vekja athygli á því, að það er ekki viðeigandi fyrir hæstv. ráðh. að reyna að setja hv. alþm. á þennan hátt upp við vegg.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira, en ég taldi ástæðu til að vekja athygli á þessu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég þarf að segja örfá orð út af svari hv. frsm. fjvn. við spurningum mínum, sem ég hér með þakka. Varðandi fyrra svarið, um brúna á Kverká á Langanesi, þá vil ég geta þess, að ég hef fengið skýringu á því atriði. Spurningin byggðist á misminni mínu, og það liggur þannig í því, að þessi ½ millj., sem veitt var til þessarar brúar, var ekki á bráðabirgðaáætluninni 1972, heldur á hinni reglulegu áætlun fyrir 1971 og er því geymt fé og átti ekki að koma hér inn. Svar hv. frsm. er þá líka á misskilningi byggt, sem má vera, að megi kenna mér um.

Í öðru lagi svaraði hv. frsm. fsp. minni um skiptingu fjár til Norðurlandsáætlunar á árunum 1973, 1974 og 1975. Og hann svaraði þeirri spurningu á þá leið, að upphæðunum fyrir þessi ár væri ekki skipt, vegna þess að ekki lægju fyrir till. frá Framkvæmdastofnuninni

eða fjórðungssambandinu um skiptinguna. Og þetta er eflaust svo. En það var í raun og veru ekki þetta, sem ég spurði um, heldur spurði ég um það og beindi þeirri spurningu til hv. fjvn. og hæstv. samgrh., hver mundi að lokum skipta þessu fé, en mér er það ekki fullkomlega ljóst. Verður það Alþ. og þá með hverjum hætti og hvenær, eins og það gerir nú, því að það er Alþ., sem nú er að skipta þessu fé, þó að till. komi frá öðrum, eða verður það talið heyra undir annan aðila, t. d. hæstv. ráðh.? Það var þetta, sem ég spurði um, og það er þetta, sem ég óska eftir að fá svar við og helzt frá hæstv. samgrh., sem ég vona, að hafi nú heyrt spurningu mína, en ég var að reyna að tala nægilega hátt til þess, að svo mætti verða.

Ég vil svo aðeins geta þess að gefnu tilefni frá frsm., að við þm. Norðurl. e. höfum ekki gert till. um skiptingu vegafjárins, hvorki hins almenna vegafjár í kjördæmið eða áætlunarfjárins nema hinnar svo kölluðu afgangsupphæðar, sem við vorum að gera till. um. En það eru aðrir aðilar, sem hafa annazt skiptinguna að öðru leyti.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. fjvn. fyrir mjög röggsamlega og skjóta afgreiðslu á vegáætluninni og lýsa ánægju minni yfir því, að afgreiðslan hafi þar getað gengið svo ágreiningslítið sem raun ber vitni. Helzt hefði ég þó kosið, að þá sögu hefði mátt segja, að hér hefði okkur tekizt að leysa þetta mál, sem gefur að vísu ærið tilefni til margs konar reiptogs og ágreinings, án ágreinings. En því er nú ekki að heilsa algerlega, og ber að harma það.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur beint til mín spurningum um það, hverju það sæti, að ekki sé skipt niður á árin á tímabilinu framkvæmdum innan Norðurlandsáætlunarinnar. (**GíslG:** Nei, ég spurði ekki um það.) Ekki um það? (**GíslG:** Ég spurði, hver mundi skipta fénu.) Hver mundi skipta fénu? Ja, ef hv. þm. hefur talið það vera verkefni fjvn. að skipta því, þá hygg ég, að ekki beri að líta á það þannig. Ég hef litið svo á, að í Austfjarðaáætlun hafi þetta gengið þannig fyrir sig, að landshlutasamtök hafi þar nokkuð um fjallað og þm. kjördæmisins, og ég hygg, að Framkvæmdastofnunina hafi skort það á, að hún hafi ekki getað komið við nægilegu samráði við þá aðila, sem hún vill hafa samráð við, áður en gengið er frá skiptingu varðandi hin árin. Og þar hygg ég, að komi áreiðanlega til þm. kjördæmanna, sem falla undir Norðurlandsáætlun. Ég tel, að rangt hefði verið, ef gengið hefði verið frá skiptingu án þess að koma slíku samráði við. (Gripið fram í.) Hafi ekki komið nálægt því að skipta á milli verkefna á árinu 1972? En ég tel það vera þess eðlis, að slík skipting eigi að fara fram undir forustu Framkvæmdastofnunarinnar í nánu samráði við umboðsmenn kjördæmisins eða þá fyrst og fremst þm. Ég held, að sú skipting, sem gerð er, hljóti að verða að miklu leyti tilviljanakennd, ef slíkt samráð er ekki haft. Ég mundi þess vegna telja, að einmitt af því að skiptingin er ekki ákveðin nú, þá gefist nægilegt svigrúm til þess að hafa slíkt samráð af hendi þm. og annarra við Framkvæmdastofnunina, áður en gengið er frá till. um skiptingu, sem Alþ. leggur svo að síðustu að sjálfsögðu lokahöndina á.

Klukkan er að verða 7, og ég skal vera afar stuttorður. Það er eingöngu deilt hér um það, hvort veggjald skuli vera áfram á Reykjanesbraut og þá jafnframt tekið upp á þá vegi, sem sambærilegir geti talizt, jafnóðum og þeir verði til. Það þarf enginn að fara í grafgötur um mína afstöðu um þetta. Ég tel, að svo sjálfsagt sem það hafi nú verið að leggja á veggjald í upphafi, þegar Reykjanesbraut varð til, þá sé það enn sjálfsagðara nú, þegar Reykjanesbraut verður ekki ein um að bera slíkt gjald. Ég tel það vera miklu sjálfsagðara fyrir Reyknesinga að þola veggjaldið nú áfram, þegar það „prinsíp" væri tekið upp, að sams konar veggjald væri lagt á aðra vegi. En að fella það niður, þegar að því kemur, það finnst mér vera ámælisvert af þeim, sem hafa staðið fyrir innheimtu veggjalds hingað til, það finnst mér vera nærri því högg í andlitið á Reyknesingum. Ég verð að segja það, að mér finnst það bera vott um dálitla sérdrægni, sé sérgæðingsleg afstaða, bera vott um sérhlífni, þegar þeir, sem hafa með góðri samvizku innheimt veggjald, meðan það var utan þeirra eigin kjördæmis, snúast öndverðir gegn því, þegar það stefnir á þeirra eigin kjördæmi. Mér finnst það ekki rétt. Mér finnst það vera sérdrægnisleg afstaða og bera vott um sérhlífni og ekki víðsýni, því miður.

Hv. 1. þm. Sunnl. hélt því fram, að vegurinn austur um Hellisheiði væri ekki sambærilegur við Reykjanesbraut. Ég geri engan mun á því, hvort vegurinn er með olíumalarlagi eða steinsteyptur. En vegalengdin er nokkuð áþekk. Þegar menn eru komnir á Suðurlandsveginn og ætla austur um fjall, þá er fyrsti möguleiki til þess að menn noti ekki veginn, það er Hveragerði. En þegar komið er austur fyrir Hveragerði og um Selfoss, þá er komin mjög álíka vegalengd eins og er milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Og ég sé ekki annað en þetta séu eins sambærilegir vegir og hugsazt getur, og þess vegna ættu menn alveg, ef þeir líta réttilega á þetta mál, að fella sig við það, að svo sem innheimt hefur verið veggjald af Reykjanesbraut, skuli það einnig innheimt á næsta ári af Suðurlandsveginum, þegar hann hefur fengið varanlegt slitlag á álíka langa vegalengd eins og nemur Reykjanesbrautinni. Og því lýsi ég yfir fyrir hönd ríkisstj., að ef ekki verður fellt niður veggjaldið nú af Reykjanesbraut, sem ég vil vona, að verði ekki gert, þá verður innheimt veggjald af sérhverjum sambærilegum vegi, sem við eignumst, frá því að slíkir vegir eru teknir í notkun, og það finnst mér eiginlega að verulegu leyti rétta hlut Reyknesinga. En hitt hlýtur að koma þeim einkennilega fyrir sjónir, þegar hætt er við að innheimta veggjald af góðum vegum um leið og þeir stefna í aðrar áttir en til Keflavíkur. Hér er verið að taka „prinsíp"afstöðu, og það er alveg rétta stundin til þess að gera það nú. Það skulu allir sitja við sama borð, sem njóta þess sama, og það er áreiðanlega ekki verið, eins og var verið að hræða menn með hér áðan, það er ekki verið að leggja viðbótarskattgjald á menn með því að leggja veggjald á. Það er verið að spara þeim margföld útgjöld í benzíneyðslu og viðhaldi ökutækja. Það eru smámunir einir hjá þeim sparnaði, sem menn öðlast við góða vegi. Það er verið að létta af þeim skatti, þyngsta skattinum, sem réttilega hefur verið sagður vera sá, sem menn borga vegna vegleysanna.

Hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að þeir hefðu verið

óánægðir, sem við skattinn hefðu búið. Ég fullyrði það, að það er ekki almenn óánægja á Reykjanesi yfir því að hafa orðið að borga vegskattinn. Menn hafa sagt unnvörpum við mig, og þetta mál kannaði ég rækilega á s. l. vetri, margir sögðu: Við borgum þetta gjald með glöðu geði, því að við höfum fengið fyrirframgreiðslu í fyrsta flokks vegi og borgum aðeins örlítinn hluta af þeim ágóða, sem við njótum í hvert skipti, sem við ökum þennan veg. Það eru ýkjur einar að segja, að það hafi vakið megna óánægju að búa við þessa skattgreiðslu. Eða röksemdafærslan hjá hv. þm. um það, að það taki því ekki, það muni ekkert um þetta! Hér er þó um 100 millj. kr. upphæð að ræða, þó að ekki komi til á tímabilinu nema áætlun um gjaldtöku af tveim vegum. Og 100 millj. kr. er þó nokkur upphæð. Okkur munar vissulega um hverjar 100 millj. kr., sem við getum varið til vegabóta á Íslandi, og við megum engar 100 millj. missa. Ég vil því vænta þess, að hv. þm. Sunnl. sjái sér fært að taka á sig og sína kjósendur veggjald á þessari áætlun, og ég vona, að þeir geti staðið alveg teinréttir frammi fyrir hvaða kjósanda sem er, þrátt fyrir það þó að þeir greiði atkv. með slíku gjaldi, því að sérhver sá, sem notar hinn góða veg, sparar fé. Hann hefur af því fjárhagslegan hagnað. Og þeim ætti ekki að vera ljúfara að láta peninga sína í skemmda bíla og benzíneyðslu en að láta þá renna til vegabóta annars staðar á landinu. Ég held, að það sé miklu ánægjulegra hlutverk.

Ég sé ekki, ef skarð verður fyrir skildi um 100 millj. kr. á þessu tímabili vegna niðurfellingar veggjaldsins, að það sé annað fyrir hendi en að velja á milli þess, hvort eðlilegra sé að taka þessar 100 millj. í veggjöldum af þeim vegum, sem verða sambærilegir við Reykjanesbraut, eða taka það á sig t. d. í benzíngjaldi. Mér finnst, að menn verði að velja þarna á milli, og mér finnst, að það sé miklu skynsamlegra val að taka þetta inn til vegabóta í landinu með veggjaldi og að ekki þurfi að hækka benzínið. Ég vil því biðja hv. þm. að athuga það vel, hvort þeir geti ekki hugsað sér að vel athuguðu máli að taka aftur þá till., sem hér hefur verið borin fram um að fella niður veggjald, og komast þannig hjá því, að við þurfum að vera að íþyngja öllum með því að setja á enn nýtt benzíngjald. En ég endurtek það, að ég lýsi því yfir, að meðan ég gegni störfum samgrh., þá hef ég fullt umboð ríkisstj. til þess, að innheimt verði veggjald af sérhverjum þeim vegi, sem sambærilegur getur talizt við Reykjanesbraut, og þar verður ekki gert upp á milli manna. Reyknesingar verða ekki einir látnir borga veggjald lengur, þó að þeir hafi orðið að gera það um skeið, þangað til aðrir vegir gátu talizt sambærilegir.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér nú ekki að taka þátt í þessum umr. að þessu sinni, taldi þess ekki þörf, en ég er nú sannast sagna mjög óvanur því, að mér sé brugðið um það, að ég sé sérdrægur maður, þegar um það er að ræða að leggja á skatta. Þegar það gerist hér í Alþ., þá kann ég ekki við að þegja undir því alveg.

Annar hv. þm., sem hér talaði áðan, var með fyrirbænir til okkar Sunnl. og óskaði þess, að okkur veittist hjartastyrkur til þess, að við þyrðum að mæta kjósendum okkar heima í héraði. Ég þakka að sjálfsögðu fyrir þessa góðu bæn, en sem betur fer hef ég aldrei verið hræddur við að fara austur yfir heiði, þó að ég væri staddur í Reykjavík. Ég hef ekki þurft að hugsa til þeirra verka unninna hér, að ég þyrfti þess við. Og ég verð sannast sagna að segja það, að ég furða mig mjög á því, þegar maður langt utan af landsbyggðinni talar um það, að með því að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir um afnám vegtollsins, þá sé verið að skattleggja vegleysið. Hefur þessi sami maður og þeir menn, sem eru mestu talsmenn veggjaldsins, ekki gert sér það ljóst, að það eru einmitt þeir, sem lengstar leiðirnar eiga, sem þetta kemur óréttlátast við, skattgjaldið.

Mér sýnist, að það séu ráðagerðir uppi um það, ef skattgjald verður lagt á þrjá vegi á annað borð, að innheimtuskýlin verði fyrir sunnan Straum, eins og verið hefur á Reykjanesbraut, annað verði austur undir Hverageröi á Suðurlandsvegi og hið þriðja verði líklega uppi hjá Laxá í Kjós á Vesturlandsvegi. Og hvað þýðir þetta? Það þýðir ekkert annað en það, að allur aðalfjöldi bíla í landinu snýst innan þessara tollskýla án þess að greiða nokkra krónu, en mennirnir, sem koma norðan af Þórshöfn eða vestan af fjörðum og ætla heim aftur, þeir verða að greiða gjaldið fyrir þann stutta spöl, sem þeir hafa af góðum vegi. Ég verð að segja það, að þar sem ég stend að þeirri till., sem hér hefur verið rædd, um niðurfellingu skattgjaldsins, þá tel ég ekki, að það lýsi neinu ábyrgðarleysi að gera ráð fyrir því, að það fé, sem annars fengist af veggjaldinu, yrði lagt fram úr ríkissjóði. Ef það þykir ekki fært við næstu fjárlagaafgreiðslu, þá eru til ýmis ráð til þess og hafa oft verið notuð í sambandi við skattlagningu og vegáætlanir, og ég sé ekki, að það lýsi neinu ábyrgðarleysi. Og ég verð að segja það, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Sunnl. hér áðan, að sú var tíðin, að þeir, sem nú hafa völd í landinu, töldu ekki, að 30 millj. kr. framlag á einu ári úr ríkissjóði væri stórt framlag.

Ég ætla svo ekki að þreyta hv. þdm. á meira máli um þetta efni, en ég vil taka það fram, um leið og ég lýk máli mínu, að ég mótmæli því algerlega, að það sé af sérdrægni eða til þess að losna undan eðlilegum og sanngjörnum gjöldum, að ég stend að því að flytja þá till., sem hér er til umr.

ATKVGR.

Brtt. 937 samþ. með 31:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HFS, JJ, HP, JónasÁ, KP, LJós, MK, MÓ, MG, PÞ, RA, SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, SL, SM, EÁ, GS, GeirG, GilsG, GíslG, HES, EystJ.

nei: IngJ, BK, JónÁ, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, HJ, PS, RH, SteinG, SvH, ÞK, AuA, EBS, FÞ, GH, GuðlG, EKJ, GTh.

JÁH, PP, StefG, BGr, BJ, EggÞ, GÞG greiddu ekki atkv.

1. þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 921, svo breytt, samþ. með 27:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, EBS, FÞ, GS, GH, GilsG, GuðlG, EKJ, GTh, GÞG, IngJ, BK, JÁH, HP, MÁM, OÓ, ÓE, HJ, PP, PS, StefG, SteinG, AuA, ÁÞ, BGr, BGuðn, BFB.

nei: SM, EÁ, GeirG, GíslG, HES, HV, HFS, JJ, KP, LJós, MK, MÓ, MG, PÞ, RA, SV, StH, SvJ, VH,

ÞÞ, ÁB, BGuðbj, BJ, SL, EystJ.

Jón Á, JónasÁ, LárJ, MB, RH, SvH, ÞK greiddu ekki atkv.

1 þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 833, svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 59 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 938).

41. Endurgreiðsla söluskatts til rithöfunda.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda [123. mál] (A. 166).

Á 23. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30., 31. og 32. fundi í Sþ., 25. og 27. jan., 1. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Haustið 1969 var haldið hér í Reykjavík fjölmennt rithöfundaþing. Auk rithöfunda sátu þingið félagar í Félagi ísl. bókmenntaþýðenda og félagar í Félagi ísl. fræða. Meginhlutverk þingsins var að fjalla um hagsmunamál höfunda og rétthafa ritaðs máls. Ein þeirra samþykkta, sem þetta rithöfundaþing gerði, fjallaði um söluskatt af bókum, og lýsti þingið óhæft, að slík fjárhæð, sem þannig skapaðist af vinnu rithöfunda, rynni í ríkissjóð, meðan rithöfundarnir sjálfir vissu ekki, hvernig þeir mættu gefa sig að ritun bóka. Þetta er rifjað upp hér vegna þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 166 og fjallar um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda.

Við flm. þessarar till. leggjum til, að hv. Alþ. skori á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun. Till. er þannig beint framhald af ályktun rithöfundaþingsins og þeirra umræðna í ræðu og riti, sem síðan hafa spunnizt um þetta hagsmunamál rithöfunda.

Þegar bókmenntaarf okkar Íslendinga ber á góma, hættir mönnum til að grípa til alhæfinga og faguryrða um snilldarverk fortíðarinnar og gildi þeirra fyrir þjóðina. Það er auðvitað óhjákvæmileg skuld, sem við verðum að greiða þeim skáldum og rithöfundum fortíðarinnar, sem hafa kannske öðrum fremur gert okkur Íslendinga að menningarlega sjálfstæðri þjóð, að virða minningu þeirra, en sú skuld er illa greidd, ef við einangrum þá í sögunni til þess einvörðungu að dýrka á hátíðastundum. Þann menningararf, sem þessir menn skiluðu okkur í hendur, verður að ávaxta í lifandi starfi hverrar kynslóðar, því að sú þjóð, sem gerir það ekki, sú þjóð, sem er hætt að vera menningarþjóð, er ekki lengur fær um að meta það starf, sem þessir liðnu rithöfundar inntu af hendi á sínum tíma.

Ég ætla ekki að verja ræðutíma mínum hér í hátíðlegt orðalag um gildi menningar eða þátt bókmennta í íslenzkum menningararfi. En ég vil minna á, að úttekt á menningarstigi hvers tímabils er jafnframt úttekt á viðhorfi samtímans til menningar- og listsköpunar og þá kannske fyrst og fremst á því, hvaða skilningi slíkt starf á að mæta hjá ráðamönnum þjóðarinnar.

Um listir og menningarmál verður því ekki fjallað nema í samhengi annarra samfélagsþátta, og því verður ekki hjá því komizt hér að biðja menn að leiða hugann að tvennu í senn, nöfnum genginna skálda og lögum nr. 10 frá 1960, um söluskatt, einfaldlega sakir þess, að rithöfundum samtíðarinnar er ógerlegt að ávaxta bókmenntaarf þjóðarinnar nema þeir fái greitt fyrir sín störf og geti helgað sig þeim óskiptir. Kröfur rithöfunda eru ekki frábrugðnar kröfum annarra vinnandi stétta, að þeir fái sanngjörn laun fyrir vinnu sína. Þeir fara ekki fram á nein sérréttindi eða forréttindi. En þeir krefjast viðurkenningar á því, að ritstörf séu vinna, sem krefst starfsorku þeirra óskiptrar, en eins og nú er háttað kjörum rithöfunda, hljóta þeir að eyða starfsorku sinni og tíma í að stunda önnur störf jafnframt ritstörfum sér til lífsbjargar.

Rök fyrir því, að söluskattur af bókum renni til höfunda þeirra í formi viðbótarritlauna, er fyrst og fremst að finna í söluskattslögunum sjálfum. Í 7. gr. laganna er kveðið á um, að sala listamanna á eigin verkum skuli undanþegin söluskatti. Í því felst viðurkenning ríkisvaldsins á því, að ótilhlýðilegt sé, að það hagnist beinlínis á starfi listamanns með þessum hætti. En í stað þess að rithöfundar njóti góðs af þessu ákvæði í söluskattslögunum, er þeim gert að standa undir milljóna króna hagnaði ríkisins af verkum þeirra einvörðungu vegna þess, að svo er háttað sambandi höfunda við lesendur sína, að því er ekki unnt að halda uppi milliliðalaust. Hér er tvímælalaust um að ræða misrétti milli rithöfunda og listamanna, sem aðstöðu hafa til að selja verk sín sjálfir. Auðvelt og sanngjarnt væri að draga úr þessu misrétti á þann veg, að ríkissjóður endurgreiddi rithöfundum andvirði söluskatts af bókum. Söluskatturinn rynni síðan til bókahöfundar sem viðbótarritlaun, eða þá í öðru formi einnig, ef það þætti æskilegt eða hentugt. Á það hefur margsinnis verið bent, að rithöfundurinn beri langminnst úr býtum allra þeirra, sem við verk hans eru riðnir, enda þótt því verði ekki á móti mælt, að starf rithöfundarins er undirstaða og forsenda allra bókagerðarstarfsgreina og raunar margra annarra starfsgreina þjóðfélagsins. Þetta hefur varla verið betur eða greinilegar orðað en í grg. frá Rithöfundasambandi Íslands, sem kom út í sambandi við rithöfundaþingið haustið 1969, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki verður því á móti mælt, að fjöldi starfshópa í þjóðfélaginu byggir afkomu sína á störfum rithöfunda. Svo er um prentara, bókbindara, prentmyndagerðarmenn, bóksala, bókaverði, bókmenntagagnrýnendur

og kennara í bókmenntum. Rétt þessara starfshópa til launa vefengir enginn maður. Samfélagið viðurkennir einnig rétt listamanna til starfslauna, þegar þeir flytja annarra verk, svo sem leikara. Öðru máli gegnir um skapendur listar. Skáld og rithöfundar, sem allir fyrrgreindir hópar eiga störf sín að þakka að meira eða minna leyti og þá um leið afkomu sína, njóta ekki viðurkenningar á rétti til sómasamlegrar greiðslu fyrir sköpunarstarf sitt. Langmestur hluti af tekjum þeim, sem fást af verkum þeirra, rennur til greiðslu á launum starfshópa, sem ýmist vinna við útgáfu eða kynningu á verkum þeirra. Frumkvöðullinn sjálfur ber minnst úr býtum allra, sem við verk hans eru riðnir."

Og síðar, með leyfi forseta: „Íslenzkir rithöfundar eru ekki þiggjendur, heldur hlutfallslega stórtækustu veitendur þjóðfélagsins, því að auk þess sem afkoma stórra starfshópa í þjóðfélaginu byggist á sköpunarstarfi þeirra, þá er beinn fjárhagsarður hins opinbera af verkum þeirra árlega mörgum sinnum hærri en árstekjur allrar rithöfundastéttarinnar af ritstörfum."

Einn liðurinn í fjárhagsarði hins opinbera af störfum rithöfunda er söluskatturinn. Hann nam árið 1970 13.8 millj. kr., en áætlaður söluskattur ársins 1971 af innlendum bókum er samkv. útreikningi Efnahagsstofnunarinnar rúmlega 19 millj. kr. Í þessu sambandi hlýt ég að biðja hv. þm. afsökunar á villu, sem slæðzt hefur inn í grg., þar sem segir, að söluskattur ársins 1970 sé rúmlega 19 millj. Sú upphæð er áætluð upphæð fyrir 1971, en söluskattsupphæð fyrir árið 1970 var 13.8 millj., svo sem ég sagði áðan. Þyki einhverjum þetta háar upphæðir, vil ég minna á til samanburðar, að framlag ríkisins til Þjóðleikhúss eru tæpar 35 millj. kr. og til Sinfóníuhljómsveitar Íslands tæpar 16 millj. kr. En hvernig er þá háttað hlutfalli milli ritlauna höfundarins og söluskattsupphæðar ríkisins af bók hans? Að því er vert að hyggja.

Greiðsla ritlauna til rithöfunda er aðallega með tvennum hætti: annars vegar ákveðin upphæð, sem greiðist fyrir leyfðan og prentaðan eintakafjölda, og hins vegar prósentugreiðsla, ákveðið hlutfall af seldum eintökum bókarinnar. Í báðum tilfellunum leggur útgefandi mat á sölumöguleika bókarinnar, og geta því ritlaun verið nokkuð misjöfn eftir því, hver höfundurinn er. Í blaðaviðtali í nóv. s. l. segir kunnur bókaútgefandi eftirfarandi um höfundarlaun, með leyfi forseta:

„Höfundarlaun geta því verið allt frá 0 og til verulega hárra upphæða, ef um er að ræða prósentukerfið og svokallaðar metsölubækur. Hið algengasta er sennilega einhvers staðar þar á milli, t. d. á bilinu frá 60—120 þús. kr. Ef bók, sem kostar án söluskatts kr. 600, selst í 2 þús. eintökum og höfundurinn fær t. d. samkv. samningi 10% í höfundarlaun, þá verða höfundarlaun hans kr. 120 þús., ríkið fær hins vegar af þessari sömu bók kr. 132 þús. í söluskatt."

Í þessu dæmi fær ríkið meira í sinn hlut í formi söluskatts en höfundurinn sjálfur í ritlaun, og eru þá ekki reiknaðir með skattar til ríkis og sveitarfélags, sem höfundinum er gert að greiða af því, sem í hans hlut kemur. Afleiðingarnar af þessari þróun hljóta að vera augljósar. Bókaútgáfan hlýtur óhjákvæmilega að stefna í þá átt, að hún einskorðast við léttmeti eða metsölu-höfunda, sem skrifa svonefndar öruggar sölubækur. Eðlileg endurnýjun í listsköpun mun eiga æ örðugra uppdráttar. Æ færri nýir höfundar fá verk sín útgefin. Allir, sem af einhverjum ástæðum eiga ekki heima í sölukerfinu, troðast undir. Og þá eigum við ekki lengur frjálsa list, því að list, sem sveigð er undir markaðskerfið, sú list, sem hlíta verður lögmálum framboðs og eftirspurnar líðandi dægurs, sú list er ekki lengur frjáls.

Við flm. höfum gert ráð fyrir því í till., að auk skálda og rithöfunda ættu höfundar þeirra fræðirita, sem til menningarauka horfa fyrir þjóðina, einnig að njóta viðbótarritlauna með þessum hætti, enda munu ritlaun fyrir slíkar bækur sízt hærri en fyrir skáldverk. Þá mun og réttlætismál, að þeir höfundar, er vinna menningarstarf með þýðingum erlendra bóka, njóti einnig sömu kjara. En um fyrirkomulag þessara greiðslna höfum við lagt til, að menntmrn. setji reglugerð, og teljum við það eðlileg vinnubrögð, þar eð framkvæmd þessa máls hlýtur að þurfa nákvæmrar athugunar við, ef hún á að ná tilgangi sínum. Sá tilgangur er tvíþættur. Annars vegar sá að efla bókmennta- og menningarstarf í landinu og hins vegar sá að tryggja starfandi rithöfundum sanngjörn laun fyrir vinnu sína og gera þeim kleift að gefa sig óskipta að ritstörfum, skapa þeim, sem þessi störf stunda, þroskavænleg vinnuskilyrði. Það er sannfæring flm., að sá arður, sem ríkið fær af vinnu listamanna í formi söluskatts, komi þjóðinni þá bezt að gagni, ef hann verður notaður til að styrkja sjálfa undirstöðugrein bókmennta- og menningarlífs í landinu.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 166, n. 725 og 726).

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. á þskj. 166 um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda. En till. er þess efnis, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun. Allshn. gerði tilraun til þess að afla umsagna um þetta mál. Það var sent til umsagnar Bandalagi, held ég, að það heiti nú, rithöfunda, og þeir sendu eins og vænta mátti mjög jákvæða umsögn um till. Einnig sendum við þetta skattayfirvöldum til umsagnar, ég held til ríkisskattstjóra, ef ég man rétt. Ég hef því miður ekki þessar umsagnir hjá mér, en sú umsögn, sem við fengum þaðan, var fremur óákveðin. Er þó á það bent, að hér kynni að vera á ferðinni eitthvert fordæmi, sem skapaði vanda við innheimtu skatta, sem þó var ekki nánar tilgreint.

Þegar n. fór að taka þessa till. til afgreiðslu, var allmikið um það rætt, hvað gera skyldi og hvernig taka skyldi þessu nýmæli. Meiri hl. var þeirrar skoðunar, að hér væri nokkur vandi á ferðum og réttast mundi vera að hlutaðeigandi rn. öfluðu upplýsinga um þetta mál, áður en Alþ. tæki afstöðu til þess. Þess vegna er það, að

meiri hl. hefur gefið út nál. á þskj. 725, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Að athuguðu máli og fengnum umsögnum telur meiri hl. n. hyggilegt, að það viðfangsefni, sem till. fjallar um, komi til sérstakrar athugunar í fjmrn. og menntmrn., áður en Alþ. tekur afstöðu til till., og leggur til, að till. verði vísað til ríkisstj."

Það leiðir af sjálfu sér, að ef þessi till. okkar um að vísa málinu til ríkisstj. yrði samþ., þá mundi náttúrlega ekki till. rn. um þetta liggja fyrir fyrr en á næsta þingi.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð. Það má segja, að þetta sé kannske ekki stórmál, en það hefur nú verið höfð önnur aðferð við þetta hingað til, þ. e. að styrkja rithöfunda með beinni fjárveitingu á fjárlögum, sem hefur farið heldur hækkandi, einkum nú á þessu þingi, sem nú er að ljúka, ef ég man rétt, en þetta er auðvitað hægt að gera á ýmsan hátt. Hins vegar er uppi spurning um það m. a., hvaða fordæmi kynni að felast í þessu efni. Till. er í raun og veru um það, að söluskatturinn, sem lagður er á á lokastigi hverrar vöru og í þessu tilfelli á bækur, hvort það sé heppilegt að ákveða í einhverju tilfelli, að hann skuli endurgreiddur til þeirra, sem hráefnið framleiða, ef svo mætti segja. Í þessu tilfelli eru það rithöfundarnir, sem framleiða hráefnið. Nú koma þar náttúrlega fleiri við sögu, sem framleiða vöruna, og söluskatturinn er í raun og veru lagður á alla þessa liði. Hann er lagður á hina andlegu vinnu, hann er lagður á prentunina og útgáfuna og allt það, sem til kemur í sambandi við þetta og það efni, sem til þess þarf.

Það er hægt að hugsa sér, að fleiri aðilar, sem framleiða hráefni, kynnu að vilja nota þetta fordæmi til þess að bera fram óskir, sem telja mætti hliðstæðar. Einhvers staðar sá ég því hreyft, í einhverju blaðinu held ég, að bændur fengju nú lágt verð fyrir ull, en hins vegar væru vörur úr íslenzkri ull dýrar vörur, og af þessum vörum er greiddur söluskattur í ríkissjóðinn. Mér sagði bóndi fyrir tveimur eða þremur árum, — það kann að hafa breytzt eitthvað síðan, — að hann hefði í eitt skipti fengið kaupamann til þess að rýja fé og þá með nýtízku rafmagnsklippum, og þegar hann lagði svo ullina inn, þá stóðst það nokkurn veginn á endum, að hann þurfti að borga manninum fyrir að rýja fé með því, sem hann fékk fyrir ullina. Þarna hefði nú verið þörf á að bæta hráefnið upp kannske með einhverju af því, sem fæst hér í búðunum fyrir fallegar og dýrar vörur úr íslenzkri ull. Þetta er nú ofurlítið breytt. Ullin er kannske eitthvað hærri núna. Ég nefni þetta sem dæmi, af því að ég sá um þetta skrifað í gamni eða alvöru og þetta er í raun og veru alveg hliðstætt. Þarna er ullin hráefnið, en í hinu tilfellinu er það hið ritaða mál. Það mætti nefna fleiri dæmi en þetta. Á þetta vil ég aðeins leyfa mér að benda, án þess að við höfum tekið upp röksemdir af þessu tagi í nál., en það getur verið dálítið varhugavert að ætla sér að fara að endurgreiða framleiðendum hráefnis söluskatt af fullunninni vöru, sem unnin er úr hráefninu.

Í till. er nú ekki alveg glöggt, hvernig þessi endurgreiðsla er hugsuð, hvort það er hugsað þannig, að hver rithöfundur fái þann söluskatt, sem innheimtist af þeirri bók, sem hann skrifar, sem auðvitað er eðlilegast, eða þá að þetta ætti að fara í sameiginlegan sjóð, sem svo yrði úthlutað úr síðar, sem mér finnst, að væri nú vafasamara. En ef þetta ætti að renna til hinna einstöku rithöfunda, þá er nú kannske alveg eins einfalt að afnema hreinlega söluskattinn af íslenzkum bókum, sem eru taldar þess eðlis, að það eigi ekki að borga skatta af þeim, og það finnst mér, að væri nú í raun og veru hreinlegri aðferð. Þá er það mál á milli bókaútgefenda og höfundanna, og væntanlega mundu þá höfundar fá sinn hlut eða fá þeim mun hærri ritlaun, sem næmi söluskattinum, sem niður væri felldur. Mér finnst það eðlilegri leið.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál frekar, en komið hefur fram núna, líklega í dag, brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. við þessa till., um að tillgr. orðist á aðra lund, sem einnig mundi koma höfundunum til hagsbóta. Í þeirri till. er ekki heldur tilgreint, hvernig eigi að úthluta þessu fé, hvort hver höfundur eigi að fá sinn söluskatt eða þetta eigi að vera sameiginlegur sjóður, sem úthlutað verði úr. En n. hefur ekki haft ráðrúm til þess að athuga þessa till. Minni hl. n. hefur hins vegar lagt til, að till. verði samþ., og mun gera grein fyrir sínu nál.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Á öndverðu þingi var lögð fram till. frá Svövu Jakobsdóttur og tveimur öðrum þm. um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda. Þessi till. hefur nú fengið meðferð í allshn., sem leiddi til þess, að n. klofnaði og meiri hl., eins og fram kom af ræðu hv. frsm. hans, leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstj. Minni hl., en ég er frsm. hans, leggur hins vegar til, að till. verði samþykkt óbreytt.

Ég skal nú ekki fara að rekja röksemdir fyrir þessari niðurstöðu, þær eru þegar nokkrar í grg., og auk þess flutti frsm. nokkuð rækilegt mál fyrir þessari till., þannig að það er óþarft og ástæðulaust. Ég vil þó aðeins segja það, að það er af sú tíð, að menn geti náð nokkrum árangri í starfi sínu án þess að helga sig því óskiptir, og þetta gildir ekki sízt um rithöfunda. Þess vegna er mikilvægt, að þjóðfélagið skapi þessum mönnum aðstöðu til þess að sinna þeirri listsköpun, sem þeir fást við. Öllum er kunnugt um, að kjör rithöfunda eru ákaflega bágborin og margir þeirra lepja dauðann úr skel, a. m. k. af þeim tekjum, sem þeir fá af rithöfundastörfum, þótt að sjálfsögðu einstakir rithöfundar komist sæmilega af á listsköpun sinni, þannig að það er ekki nema eðlilegt, að þjóðfélagið, eða í þessu tilviki hið háa Alþingi, reyni að grípa til einhverra ráðstafana til þess að bæta úr því ástandi, sem nú er. Sú aðferð, sem hér er fyrirhuguð, ef hún verður samþykkt, er í samræmi við óskir rithöfunda, sem þeir hafa síðan margítrekað.

En ég vil bæta því við, að þó að þetta sé í þrengsta skilningi spurningin um kjör rithöfunda, þá er þetta í víðasta skilningi miklu fremur hagsmunamál þjóðarinnar allrar. Við eigum ekki sízt að líta á málið út frá því sjónarmiði, þannig að þessi gamla bókmenntaþjóð sjái sóma sinn í því að skapa þeim mönnum, sem enn fást við listsköpun og bókagerð, tækifæri til að njóta sín.

Það hefur gerzt, að komið hefur fram ný till., brtt. frá hv. 5. þm. Reykv., Gunnari Thoroddsen, þar sem svo segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing till. um, að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði

söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun eftir reglum, sem samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda."

Niðurstaðan af þessari brtt. er sú sama og minni hl. allshn. vill gera ráð fyrir. Hér er aðeins viðhöfð önnur aðferð, þ. e. að áætluð sé sambærileg upphæð við söluskattinn og þessi upphæð verði síðan látin renna til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun. Ég er í engum vafa um það, að mörgum mun þykja þetta miklu geðþekkari leið, og ég sé ekki ástæðu til annars en að fagna þessari till. og leggja til, að þessi till. frá hv. 5. þm. Reykv. verði samþykkt, og mæli því með samþykkt hennar.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. hefur gert nokkra grein fyrir brtt. hv. 5. þm. Reykv., sem liggur hér fyrir Alþ. Efnislega er hér ekki um breytingu að ræða á upphaflegu till., en hins vegar mun orðalag taka af tvímæli um nokkur atriði, sem hv. þm. hafa velt fyrir sér, svo sem fram hefur komið. Það var aldrei ætlunin hjá flm. að knýja mál þetta fram utan fjárlaga, en ég hef orðið vör við, að nokkurs misskilnings hefur gætt í því efni. En ég hygg, að brtt. hv. 5. þm. Reykv. kveði glöggt á um þetta.

Frsm. meiri hl. n., hv. 1. þm. Norðurl. e., tók það líka fram, að brtt. væri gleggri, og margir eru sama sinnis. Ég vil því taka það fram, að til þess að mál þetta fái framgang hér á þingi og í þeirri von, að um það náist meiri samstaða, þá hef ég tekið þá ákvörðun að greiða brtt. á þskj. 826 atkv. Ég vil af þessu tilefni lýsa sérstakri ánægju minni yfir því, að hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, hefur lagt málinu lið á þennan hátt.

Ég mælti á sínum tíma fyrir þessari till. og ætla ekki að fara að fjölyrða meira um þetta mál að öðru leyti en því, að ég vil minna hv. þm. á bréf, sem þeim hefur öllum borizt, að ég hygg. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er eina raunverulega lífshagsmunamál rithöfunda, sem fyrir þinginu hefur legið í áratugi, og því höfðu höfundar vænzt, að hv. þm. ynnu þeim þessarar réttarbótar allir án undantekningar."

Margir þjóðkunnir menn skrifa undir þetta bréf, og þá þarf ekki að kynna fyrir hv. þm. Ég vil þó leyfa mér að benda á eitt nafn, sem stendur undir þessu bréfi, nafn Sigurðar Nordals. Þegar Sigurður Nordal tjáir sig um málefni, er varða íslenzka menningu, telja fleiri en Íslendingar sér skylt að leggja við hlustir. Ég tel það heiður fyrir alþm. að þiggja ráð og hvatningu þessa manns.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að allt frá því að till. á þskj. 166 var fram lögð, þá hef ég verið henni fylgjandi. Ég tek hins vegar fram, að eftir að hafa athugað þá brtt., sem fram hefur verið lögð af hv. 5. þm. Reykv., þá get ég út af fyrir sig fellt mig við þá afgreiðslu, af því að hún inniber það sama, þótt með öðru orðalagi sé, sem eftir ihugun virðist vera betra.

Ég sé, að samkv. nál. á þskj. 725 er það lagt til, að málinu verði vísað til ríkisstj. Ég verð nú að segja, að ég felli mig satt að segja ekki mjög vel við þá afgreiðslu yfirleitt, enda þótt svo kunni að skipast í málum, að rétt sé að gera það. Og alla vega verða menn nú að virða mér það til vorkunnar, þó að ég sé núna í þessu falli ekki sérlega áfram um þá afgreiðslu. En ég ítreka stuðning minn við þetta mál. Ég ætla ekki að rökræða hér um þá nauðsyn, að Íslendingar og Alþingi Íslendinga geri vel við rithöfunda sína og listamenn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að ræða hér eða dæma aðstöðu rithöfunda, en ég vil undirstrika það, sem kom fram í framsöguræðu frsm. meiri hl. allshn., að hér er verið að skapa fordæmi, ef till. yrði samþ., sem ég hygg, að Alþ. þyrfti ákaflega vel að gæta sín á og gera sér grein fyrir, hvaða afleiðingar gæti haft, ef inn á þessa braut væri farið. Ég efast ekkert um, að margir fleiri starfshópar og samtök í landinu mundu telja sig eiga rétt á, ef þetta yrði samþ., að þeirra mál yrðu þá einnig tekin til endurskoðunar.

Ég held, að ég hafi ekki verið hér á Alþ., þegar mælt var fyrir þessari till., en það eru tvær fsp., sem ég hefði viljað beina til 1. flm. till. Það er í fyrsta lagi, þar sem hér er orðið um mjög háa upphæð að ræða, þar sem það skiptir orðið tugum millj., sem til þessa væri varið, — gert er ráð fyrir, að þetta nemi 19 millj. kr. auk þess, sem annars staðar kemur frá, — þá er það í fyrsta lagi: Eftir hvaða reglum hugsar flm. till. sér, að þessari upphæð yrði skipt á milli rithöfunda? Mér er það ljóst eins og öðrum, að það er starfandi úthlutunarnefnd listamannalauna. Er það ætlunin, að þeir fái þetta fé til úthlutunar sérstaklega handa rithöfundum, og mundi það þá ekki skapa einhver vandkvæði við úthlutunina, ef rithöfundar væru þannig teknir út úr með mun hærri fyrirgreiðslu frá hendi ríkisins en aðrir hópar listamanna? Og þá er það nú kannske meira af ókunnugleika mínum eða fyrir forvitnisakir, að ég hefði mjög gjarnan viljað fá það upplýst einnig, ef hv. 1. flm. eða aðrir flm. till. gætu upplýst mig um það, hvað maður þurfi að gera til þess að geta orðið meðlimur í rithöfundasambandinu. Ef það er þannig, að allir, sem skrifa bækur, hvort sem þær eru góðar eða vondar, eða bækur, sem seljast eða seljast ekki, ef þeir eiga aðgang að því að verða þarna meðlimir í þessu sambandi, geta síðan komið í gegnum það og krafizt launa af ríkinu, þá held ég, að það sé nú einnig atriði, sem þyrfti að liggja fyrir, a. m. k. áður en farið væri inn á að samþykkja slíka till. sem hér er. En mér er ekki kunnugt um þetta, og ég bið þess vegna einfaldlega um upplýsingar um það, hver aðstaðan sé í þessu sambandi.

Hv. 4. landsk. þm. minntist á það bréf, sem okkur hefði verið sent hér. Ég verð nú að segja það, að þegar verið er að senda þm. slík áróðursbréf eins og þar er um að ræða, verkar það alltaf öfugt á mig. Ég vil fá að gera mér grein fyrir málinu, án þess að þeir, sem þarna eiga hlut að máli, séu að koma fram með áskoranir. Ég tel, að í þessu tilfelli hafi þetta verið svona heldur leiðinlegt bréf, því að þegar verið er að skipta mönnum í hópa, eins og þar er gert, flokksmenn þessa flokks séu með því, flokksmenn annars flokks séu á móti því, þess vegna sé verið að biðja þá, sem kunna að hafa ætlað að vera á móti málinu, að gera það fyrir þessa aðila að sitja þá hjá við atkvgr. Mér finnst vera farið þarna inn á svið þm. Þm. eiga bara að meta það, hvort þeir vilja ljá atkv. með eða móti þeim málum, sem hér eru lögð fram, án þess að vera að fá um það ábendingar utan úr bæ, hvernig þeir eigi að haga atkv. sínu hér inni í þingsal.

En sem sagt: aðalerindi mitt var það að biðja um þessar upplýsingar. Fyrst og fremst, eftir hvaða reglum flm. till. hugsa sér, að þessum tæpum 20 millj. yrði skipt, og þá í öðru lagi, hverjir séu þess umkomnir að gerast meðlimir í sambandi rithöfunda.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég ákvað að kveðja mér hljóðs, þegar hv. frsm. minni hl. var að tala hér áðan, því að hann lét orð falla, sem ég, þótt ég meti hann mikils, vil ekki láta standa ómótmælt í þingtíðindunum, þó að þau snerti ekki beinlínis þetta mál, sem hér liggur fyrir. En hv. þm. sagði, að sú tíð væri liðin, að menn gætu unnið verk sitt vel nema gefa sig að því alveg óskipta, og ætti það við um rithöfunda. Ég vil ekki láta þetta standa ómótmælt með öllu, sakir þess að ég hygg, að a. m. k. í þeirri grein bókmenntanna, þar sem Íslendingar hafa náð lengst, í ljóðlistinni, þá hafi allt það bezta, sem þar hefur verið gert, verið unnið í tómstundum, unnið án þess að gefa sig alveg óskiptan að því. Og grun hef ég um það, að svo sé enn, að mikið af því bezta í bókmenntum okkar sé einmitt unnið í tómstundum, þannig að menn gefi sig ekki óskipta að því verki. Menn vinna að list, vegna þess að þeim er áskapað að vera listamenn og af því að þeir hafa gleði af listinni. Það hefur alltaf verið svo og mun verða svo. Þjóðin kaupir sér ekki listamenn, þó að hitt sé að sjálfsögðu ánægjulegt og rétt að veita listamönnum viðurkenningu.

Það er rétt, að það hefur borizt bréf til allra þm., þetta bréf hérna, undirritað af 12 rithöfundum, og þetta eru allt saman þekkt nöfn, og „enginn skyldi skáldin styggja, skæð er þeirra hefnd," stendur einhvers staðar. Mig undrar það ekki, þó að einhverjir hér gerist nú bljúgir í andanum, þegar þeir fá svona bréf, sem slík nöfn standa undir. En ég tek undir það með hv. þm., sem hér talaði síðast, hv. 3. þm. Sunnl., að heldur kann ég nú illa við það, þegar verið er að segja frá því sérstaklega eða vekja sérstaka athygli á því, að fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. í allshn. hafi lagt til, að till. yrði vísað til ríkisstj. Þegar ég tók afstöðu til þessarar till., þá hafði ég nú ekki neitt í huga um það, í hvaða flokki ég væri. Ég tel, að þetta sé ópólitískt mál, og þau eru mörg mál slík hér á þingi, sem mér kemur ekki til hugar að taka afstöðu til sem flokksmaður. En þessir ágætu rithöfundar virðast hugsa þetta mál meira í flokkum en ég geri.

Það er ekki til þess að ætlast, að hv. 1. flm. þessarar till. geti upplýst það, hvernig þessu fé verði varið, sem þarna er um að ræða, söluskattinum eða andvirði hans, vegna þess að það kemur að sjálfsögðu ekki til kasta þessa hv. þm. að ákveða það. Till. fjallar aðeins um það að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda og höfunda að fræðiritum, sem viðbótarritlaun. Tillögumaður hefur ekkert lagt til um það í till. sjálfri, hvernig þessu verði svo úthlutað. En ég verð nú að segja það, að ég hef leyft mér að ganga út frá því, að ef þetta yrði gert á annað borð að verja þessu fé þannig, þá yrði það þannig, að hver rithöfundur fengi þann söluskatt, sem inn kemur af bók, sem hann hefur ritað. Og ef einhverjir eru annarrar skoðunar, þá væri gott, að það kæmi fram. Það er hins vegar í brtt. hv. 5. þm. Reykv. nokkuð nánar að þessu vikið og sagt, að þetta skuli vera viðbótarritlaun eftir reglum, er samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda. En félög rithöfunda eru í Rithöfundasambandinu, að ég ætla. Nánar er það nú ekki fram tekið. En þennan skilning vil ég láta fram koma, og ef það ætti að gerast á þennan hátt, þá finnst mér persónulega, að það væri miklu hreinlegra að afnema þennan söluskatt hreinlega, og því mundi ég ekki vera andvígur, síður en svo.

En niðurstaða meiri hl. n., sem ég var að mæla fyrir, er hins vegar þessi, að málinu verði skotið á frest til athugunar í ríkisstj. Ég treysti rn. vel til þess, eins og ég treysti ríkisstj. í heild til þess að fara með þetta mál og hef þar kannske ekki alveg sama viðhorf og hv. 4. þm. Austf., sem hér talaði áðan. Ég treysti ríkisstj. vel til þess að láta íhuga þetta mál nánar, kosti þess og galla.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það verða nú aðeins nokkrar setningar, sem ég kem til með að segja hér um þetta mál. Ég viðurkenni það, að ég hef ekki haft tök á því að hlusta vel, þegar umr. um þetta var, hef líkast til ekki verið hér viðstaddur, þannig að vel má vera, að það hafi komið fram áður, sem ég hefði viljað um þetta segja. En mér finnst, að þetta sé ágæt till. Það má auðvitað koma launum til rithöfunda fyrir með ýmsu móti, og við höfum nú fengið undanfarin ár og áratugi smjörþefinn af því, hversu vel það hefur tekizt að úthluta svokölluðum listamannalaunum, og þar með eru auðvitað rithöfundar í þeim flokki. Það hefur verið lagt á herðar nokkurra manna að meta það og vega, hvers virði hver rithöfundur sé þjóðfélaginu og draga menn þannig í dilka.

Ef ég skil þessa till. rétt, þá gengur hún út á það að hver maður njóti afrakstursins af sínum hugverkum, þannig að hver fái í sinn hlut þann söluskatt, sem innheimtur er af hans bók, þannig að með þessu móti fengju þeir þá meira, sem hafa unnið þannig, að fólk vill kaupa bækur þeirra. Þetta finnst mér vera ágæt hugmynd. Hitt er svo annað mál, að það kann að verða erfitt að framkvæma þetta. Ég hef ekki haft nein tök á því að setja mig inn í það, hvernig því verði fyrir komið. Þó finnst mér, að það geti engan veginn verið óframkvæmanlegt, engan veginn. Og ég hef nú ekki heyrt frá flm., hvernig þessi dreifing er hugsuð, en ég vil leyfa mér að skilja till. svona, að það eigi hver að fá endurgreiðslu í hlutfalli við það, sem hans verk hafa selzt og söluskattur hefur innheimzt af. Þetta finnst mér vera a. m. k. til viðbótar þeim rithöfundalaunum, sem tíðkast, nokkur trygging fyrir því, að þeir, sem semja hugverk, sem fólk vill og hefur ánægju af að eignast, beri meira úr býtum en aðrir.

Ég held, að sú brtt., sem hv. 5. þm. Reykv. hefur borið fram, sé heldur til bóta. Hún kveður alveg skýrt á um það, að hér er ekki verið að ráðstafa því fé, sem með fjárlögum á þessu ári hefur verið ráðstafað til annarra hluta, en þarflaust er að vera að teygja lopann um það, þar sem 1. flm. hefur þegar og hv. frsm. minni hl. hefur þegar tjáð sig samþykkan þeirri tillögu.

Mér hefur virzt þess nokkuð gæta hér, að því væri haldið fram, að hér væri um flokkspólitískt mál að ræða. Mig minnir, að ég hafi heyrt lesna forustugrein úr Alþýðublaðinu, þar sem þetta mál er tekið sem dæmi um það, hverjir séu nú raunverulegir umbótamenn og hverjir séu afturhaldssinnaðir, þannig að það séu

framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, sem séu dragbítar á allar framfarir og alla menningarstarfsemi, en aftur á móti séu það þm. og fylgismenn annarra flokka, sem haldi uppi merkinu. Það hefur nú komið hér fram, að þetta er auðvitað ekkert flokksmál, en hafi einhverjum dottið það í hug, að allir framsóknarmenn væru á móti þessari till., þá hafa þeir ekki lesið sjálfa till., því að ég bendi bara á það í allri hógværð, að einn af flm. till. er Ingvar Gíslason, hv. 3. þm. Norðurl. e., og hann situr á þingi fyrir Framsfl., hvaða skoðanir sem hann kann að hafa, svoleiðis að ég held, að menn ættu, og rithöfundar sérstaklega, algerlega að spara sér það að vera að draga menn í einhverja framfaradilka eða afturhaldsdilka eftir því, hvaða afstöðu þeir halda, að menn hafi til þessa máls. Ég mótmæli því fyrir hönd okkar framsóknarmanna, að við séum nokkrir dragbítar á menningarstarfsemina í landinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 166, n. 725 og 726, 826).

ATKVGR.

Till. á þskj. 725 um að vísa till. til ríkisstj. felld með 41:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslG, GuðlG, HES, IngJ, JJ, HP, KP, LárJ, MG, SV, StH, SteinG, VH, AuA, ÁB, BFB, BJ, SL.

nei: GeirG, GH, GilsG, EKJ, GTh, GÞG, HV, HFS, BK, JónÁ, JÁH, JónasÁ, LJós, MK, MÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PÞ, HJ, PP, PS, RA, RH, StefG, SvJ, SvH, ÞK, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BGuðbj, BGuðn, SM, EggÞ, EÁ, EBS, FÞ, GS, EystJ.

1 þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 826 (ný tillgr.) samþ. með 42:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 939).

42. Menntastofnanir og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Á deildafundum 16. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um dreifingu menntastofnana og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar [140. mál] (A. 203).

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31., 32., 33., 35. og 39. fundi í Sþ., 27. jan., 1., 3., 8. og 17. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessi till. var flutt á þinginu í fyrra. Hún hlaut þá ekki afgreiðslu. Við flm. höfum ráðizt í að flytja hana að nýju, enda er hér um að ræða mikilsvert málefni, sem Alþ. og ríkisstj. ber að taka beina afstöðu til. En till. er svo hljóðandi:

„Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu skóla og hvers kyns mennta- og menningarstofnana um landið og tillit tekið til þeirrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana. Enn fremur lýsir Alþingi yfir því, að sérstaklega skuli að því stefnt, að Akureyri verði efld sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar."

Eins og ljóst má vera af þessum lestri, þá er efni till. tvíþætt. Fyrri liður hennar er almenns eðlis og felur í sér viljayfirlýsingu Alþ. um það, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið og að tillit sé tekið til þeirrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana. Síðari liður till. er sérstaks eðlis. Hann fjallar um það, að Akureyri verði sérstaklega efld sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar, eins og í till. stendur.

Ég vil geta þess, að á þinginu 1964—1965 fluttu þáv. þm. Framsfl. í Norðurl. e. þáltill., sem fjallaði um mjög svipað efni, en var þó með nokkuð öðru orðalagi. Sú till. var rædd hér nokkuð á þeirri tíð og átti margra fylgi innan þings og utan. Alþingi gerði hana að vísu aldrei að ályktun sinni, en málinu var vísað til ríkisstj. samkv. till. allshn. Þó að till. frá 1964 næði ekki lengra en þetta, þá er mér næst að halda, að hún hafi haft veruleg áhrif á skoðanir manna að því er varðar staðsetningu skóla og annarra menningarstofnana.

Menn gera sér þess yfirleitt miklu ljósari grein nú en áður var, að skólakerfið er mjög viðtækur og áhrifamikill þáttur í þjóðlífinu. Menn átta sig á því, að skólakerfið fer mjög vaxandi, bæði að umfangi og sérgreiningu. Sístækkandi hluti þjóðarinnar er bundinn skólum, bæði sem nemendur og kennarar. Þessi þróun heldur áfram, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Það skiptir því miklu máli, að Alþ. og ríkisstj. beini athygli sinni að þessari þróun og leitist við að stýra henni inn á æskilegar brautir í stað þess að láta þessi mál þróast í blindni. Ég ætla ekki að efast um það, að nú sé almennt viðurkennd nauðsyn þess að dreifa skyldunámsskólum, barna- og unglingaskólum o. s. frv. sem víðast um landið. Það er nú talið óhjákvæmilegt réttlætismál, að börn og unglingar geti sótt fasta skyldunámsskóla í heimahéraði. Ég held, að allir hljóti að viðurkenna, að Alþ. hefur lagt sig verulega fram um að fullnægja þessu réttlætismáli, þótt auðvitað séu mörg verkefni þar enn óleyst. En ég vil einnig minna á það, að aukning skólakerfisins er ekki bundin skyldunáminu einu saman. Þessi aukning er ekki heldur bundin við svið hinna venjuhelguðu framhaldsskóla, sem veita almenna menntun, svo sem gagnfræðaskólanna eða menntaskólanna. Skólakerfið er og verður miklu meira en barnaskólar, gagnfræðaskólar og menntaskólar. Sérgreinaskólar eru þegar margir í landinu, og þeim mun auðvitað fjölga stórlega á næstu árum og áratugum. Enginn mannlegur máttur getur komið í veg fyrir það, enda er þeirra mikil þörf. Sérgreinaskólarnir hafa miklu hlutverki að gegna fyrir skynsamlegan og hagnýtan undirbúning undir ýmis nauðsynjastörf í þjóðfélaginu, hvort sem það er á sviði

atvinnulífs og framleiðslu eða þjónustu, sem enginn vill án vera.

Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, fjallar öðrum þræði um það, að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu skóla um landið, þá ekki síður sérgreinaskóla en annarra, og tillit verði tekið til þessarar stefnu í framkvæmd byggða- eða landshlutaáætlana. En till. fjallar ekki eingöngu um dreifingu skóla, heldur einnig um dreifingu annarra mennta- og menningarstofnana. Það, sem fyrir okkur flm. vakir, er, að Alþ. marki ákveðna stefnu í þessa átt. Eins og segir í grg. fyrir till., þá er orðið mennta- og menningarstofnun víðtækt hugtak í þessu sambandi. Það nær að sjálfsögðu til skóla og annarra fræðslustofnana. En hér er einnig átt við söfn, svo sem bókasöfn, náttúrugripasöfn, listasöfn, minjasöfn, leiklistar- og tónlistarstarfsemi og aðra listastarfsemi. Í ýmsum tilvikum yrði framkvæmd þessa atriðis fólgin í stuðningi við stofnanir og starfsemi, sem þegar er fyrir hendi, en þarfnast eflingar á einn eða annan hátt. Þannig eru víða til bókasöfn, en flest þurfa þau eflingar við. Minjasöfn eru einnig víða, en áreiðanlega þurfa þau margs konar eflingar við flest hver, svo að æskilegt væri, að sum minjasöfn a. m. k. efldust svo, að þau mættu með réttu kallast þjóðfræðasöfn og yrðu þannig fræðilegar stofnanir, en ekki aðeins varðveizlu- og sýningarstaðir. Ég skal nú láta útrætt um fyrri lið þáltill., en vísa að öðru leyti til grg. um nánari skýringu á markmiði okkar flm.

Ég vík þá að síðara efnisatriði till. Þar segir, að Alþ. lýsi yfir því, að sérstaklega skuli að því stefnt, að Akureyri skuli efld sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar. Á síðari árum hafa miklar umræður átt sér stað um byggðaþróunina í landinu, og má af ýmsu marka, að flestir séu nú þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að gera beinar ráðstafanir af opinberri hálfu til þess að stjórna þessari þróun. Sérstaklega verður að geta þess, að núv. ríkisstj. hefur markað sér stefnu um þetta atriði, eins og fram kemur í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Frá mínum bæjardyrum séð er þetta eitt af mikilvægustu stefnuskráratriðum ríkisstj. Það er svo aftur umræðuefni, með hvaða hætti sé heppilegast að framkvæma þetta stefnuskráratriði. Í því sambandi ber að hafa eitt og annað í huga. Vissulega er hér um vandasamt mál að ræða, og áhugamönnum um þetta efni ber að sýna fyllsta raunsæi. Ég held a. m. k., að það sé ofætlun að búast við því, að ýtrustu vonir um jafnvægi í byggð landsins rætist á nokkrum mánuðum. Hjá því verður heldur ekki komizt, að í sambandi við slíka stefnumörkun verði að velja og hafna. Við, sem að þessari till. stöndum, höfum flutt hana m. a. í þeim tilgangi, að hún mætti verða framlag til umræðna og ákvarðana í sambandi við byggðajafnvægismál og landshlutaáætlanir. Það á við um báða meginþætti till. Við viljum benda á það, að þróun þjónustustarfsemi og félags- og menningarlífs verður að haldast í hendur við atvinnuuppbygginguna, ef árangur á að verða af landshlutaáætlunum. Nútímafólk mælir lífskjör sín og afkomu ekki á vog atvinnumöguleika og peningatekna einna saman, heldur engu síður á mælikvarða félags- og menningarlífs í víðri merkingu. Nútímafólk unir ekki fásinni og einangrun né lélegri almannaþjónustu á sviði félagslífs og menntunar og heilsugæzlu, að ekki sé minnzt á samgöngur, sem telja verður eitt brýnasta hagsmunamál þjóðarheildarinnar.

Ég sagði áðan, að í sambandi við byggðajafnvægismálin yrði ekki komizt hjá að velja og hafna. Það hefur komið fram í sambandi við umræður um byggðaþróun á Norðurlandi, að skynsamlegt væri að stefna að frekari eflingu Akureyrar til mótvægis hinu sterka aðdráttarafli Reykjavíkursvæðisins. Undir þessa hugmynd taka flm. þessarar till. með þeim fyrirvara, að jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess að styrkja aðra landsbyggð á Norðurlandi og annars staðar, enda getur það ekki orðið keppikefli, að ofvöxtur hlaupi í mannfjöldaþróun Akureyrar á kostnað annarra byggðarlaga norðanlands.

Það er mikið verkefni að vinna að framtíðareflingu Akureyrarbæjar að þessu leyti. Ef Akureyri á að geta orðið mótvægi gegn aðdráttarafli Stór-Reykjavíkur, þá er að mörgu að hyggja. Það þarf að efla atvinnulífið og fjölga atvinnugreinum. Það verður að efla Akureyri sem verzlunarmiðstöð og hafskipahöfn. Opinber þjónusta þarf að verða fjölbreyttari. Gera verður stórátak í heilbrigðismálum, í sjúkrahús- og læknisþjónustu. Mjög aðkallandi er að taka húsnæðismálin til endurskoðunar, því að ónógt húsnæði stendur bænum nú fyrir þrifum. En það þarf einnig, eins og þessi till. gerir ráð fyrir, að efla Akureyri sem skólabæ og menningarmiðstöð. Þegar um þetta er rætt, ber að hafa í huga, að Akureyri er nú þegar tiltölulega öflugur skólabær, fyrst og fremst vegna menntaskólans. Þar er einnig myndarlegur iðnskóli, tónlistarskóli og húsmæðraskóli auk nokkurra barnaskóla og fjölmenns gagnfræðaskóla. Þá starfar í bænum undirbúningsdeild tækniskóla, vélfræðikennsla hefur farið fram á Akureyri nú í nokkur ár, að vísu við ófullkomin skilyrði, sem úr þyrfti að bæta, og stýrimannafræðsla hófst þar s. l. haust. Hefur aðsókn að stýrimannanámskeiðinu verið afar mikil, og hugmyndir hafa komið fram um, að stefna beri að föstum stýrimannaskóla á Akureyri. Ég teldi eðlilegt að stefna jafnframt að frekari eflingu vélfræðikennslunnar. Norðlenzki fiskiskipaflotinn er stór og fer stækkandi. Mér finnst ekkert eðlilegra en að norðlenzkir sjómenn geti hlotið starfsmenntun sína heima í fjórðungnum, og fer ekki á milli mála, að Akureyri er ákjósanlegur skólastaður í því efni.

Þá vil ég nefna, að um nokkurra ára skeið hefur verið uppi hreyfing norðanlands um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri. Það mál hefur einnig verið rætt á Alþ., en ýmsar hindranir hafa verið lagðar í götu þess máls, svo að ekki hefur orðið úr framkvæmdum. Það mál hefur þó ekki verið lagt á hilluna. Að því er unnið að fá ríkisvaldið til þess að beita sér fyrir stofnun garðyrkjuskólans, og er þá haft í huga, að gamla gróðrarstöðin á Akureyri, sem er þjóðkunnur merkisstaður, verði afhent með mannvirkjum í þágu skólans. Ríkið eða Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur umráð staðarins nú. Þar hefur farið fram starfsemi, sem sýnt er, að verður flutt þaðan innan skamms. Því miður hefur umhirða gróðrarstöðvarinnar ekki verið með þeim hætti, sem samboðin er þessum merka stað. Verður ekki hjá því komizt, að ríkið taki ákvörðun um framtíð staðarins í samráði við bæjarstjórn Akureyrar. Engin starfsemi mundi hæfa gróðrarstöðinni betur en garðyrkjuskóli, enda má benda á, að með stofnun garð-

yrkjuskóla væri í rauninni verið að endurvekja fyrri starfsemi gróðrarstöðvarinnar. Einn aðalþáttur í starfi gróðrarstöðvarinnar frá stofnun hennar árið 1904 allt til ársins 1940 var garðyrkjukennsla. Illu heilli var garðyrkjukennslunni hætt, þegar Garðyrkjuskóli ríkisins í Hveragerði tók til starfa.

Þá vil ég nefna, að mjög hefur komið til umræðu, að stofna beri verzlunarskóla á Akureyri. Á nauðsyn þess máls höfum við flm. þessarar till. bent frá fyrstu tíð. Má furðulegt heita, hversu seint miðar í þá átt að efla verzlunarmenntun í landinu, þegar þess er gætt, að aðeins tveir einkaskólar eru starfandi á þessu sviði í landinu öllu. Það mega nú teljast forréttindi, ef unglingar komast í verzlunarskóla. Þessu ástandi verður að breyta. Ríkinu ber að hafa forgöngu um stofnun nýs verzlunarskóla, og ekki er áhorfsmál, að sá skóli væri vel settur á Akureyri. Það kæmi einnig til greina, að samvinnuhreyfingin og samtök einkarekstrarmanna stæðu að stofnun verzlunarskóla á Akureyri með styrk úr ríkissjóði. Raunar mætti einnig hugsa sér, að norðlenzkur verzlunarskóli hefði enn víðtækara starfssvið, m. a. að á hans vegum starfaði félagsmáladeild, sem hefði það hlutverk að þjálfa starfsfólk og trúnaðarmenn verkalýðs- og launþegasamtaka og annarra félags- og stéttarsamtaka.

Ég minntist áðan á það, að á Akureyri starfaði undirbúningsdeild tækniskóla. Slíkt ber sízt að vanmeta. Þess má líka geta, að í gildandi lögum um Tækniskóla Íslands er heimild til stofnunar sjálfstæðs tækniskóla á Akureyri. Þessarar heimildar hefur ekki verið neytt í níu ár, og litlar sem engar líkur eru til þess, að tveir tækniskólar verði starfræktir í landinu í náinni framtíð. Tækniskóli Íslands, sem starfar í Reykjavík, býr þar við ófullkomin skilyrði, og það hefur verið till. Norðlendinga, að ekki sé sagt krafa þeirra, að Tækniskólinn yrði fluttur til Akureyrar og efldur þar á þann hátt, sem þörf krefur. Undir þessa till. hefur ekki verið tekið. Sérstaklega harma ég það, sem nú er fram komið, að núv. ríkisstj. hefur ákveðið að hafa óskir Norðlendinga um flutning Tækniskólans að engu. Með þeirri ákvörðun er glatað tækifæri, sem ekki býðst aftur.

Ég hef nú rætt nokkuð um möguleika þess að efla Akureyri sem skólabæ. Þessu næst ætla ég að víkja að þeirri hugmynd, að Akureyri verði efld sem miðstöð mennta og vísinda, eins og við höfum kallað það. Þegar svo er til orða tekið, þá felst í því það, að menntir ýmiss konar og ekki sízt fræði og vísindi verði aukin svo, að Akureyri verði, áður en langir tímar líða, viðurkennd sem aðsetur æðri mennta- og vísindastofnana, þar sem m. a. væru stundaðar rannsóknir á vísindalegum grundvelli ásamt akademískri kennslu í einu eða öðru formi. Ekki kæmi mér þó á óvart, þótt ýmsir álíti þessa hugmynd í ætt við skýjaborgir. Menn kunna að halda, að í þessu efni sé á litlu að byggja, en ég held, að svo sé ekki. Í fyrsta lagi er gerlegt og skynsamlegt að tengja saman hugmyndina um skólabæ og hugmyndina um miðstöð mennta og vísinda. Skólamiðstöðin mun draga að sér efnilega menntamenn og kennara, sem líklegt er, að vildu stunda vísindastörf að nokkru með kennslu. Slíkt hefur gerzt annars staðar, og slíkt gæti auðvitað gerzt á Akureyri. Raunar höfum við ýmis dæmi fyrir okkur um þetta, bæði fyrr og síðar. Sannleikurinn er sá, að ýmsir merkir vísindamenn, einkum í náttúrufræði, hafa starfað á Akureyri í lengri eða skemmri tíma. Auðvitað varð sú raunin á, að margir þeirra hlutu að hverfa burtu, þegar fram í sótti, því að skilyrði til fullkominna vísindastarfa voru ekki fyrir hendi. Á þessu er þó að verða breyting.

Á undanförnum árum hefur sprottið úr grasi mikilsverður vísir að rannsóknaraðstöðu á Akureyri og nágrenni, einkum á sviði náttúrufræði og raunvísinda. Þetta hefur gerzt tiltölulega hljóðalaust og án allra umbrota, a. m. k. án allrar auglýsingastarfsemi. Ég vil geta í stuttri upptalningu nokkurra atriða.

Náttúrugripasafnið á Akureyri hefur eflzt mikið síðustu ár undir stjórn núv. forstöðumanns, Helga Hallgrímssonar. Þar er gott fuglasafn, en plöntusafnið er einnig mikið að vöxtum og mun fyllilega standast samjöfnuð við söfnin í Reykjavík. Við safnið starfar ásamt safnverði einn af efnilegustu grasafræðingum landsins, dr. Hörður Kristinsson. Í náttúrugripasafninu á Akureyri er m. a. að finna ágætt grasasafn Steindórs Steindórssonar skólameistara, sem unnið hefur að vísindastörfum á Akureyri allra manna lengst. Hinn svo nefndi grasgarður, sem er safn lifandi plantna og á sér skjól innan veggja lystigarðsins, er einstæður í sinni röð hér á landi. Þannig skapar þetta tvennt, náttúrugripasafnið og grasgarðurinn, mikilvæga undirstöðu undir rannsóknir í grasafræði. Því verður a. m. k. ekki á móti mælt, að ofan á þessa undirstöðu mætti byggja og efla þannig aðstöðu til vísindastarfa á Akureyri. Ég vil geta þess, að ríkisstyrkur til þessarar starfsemi hefur verið sáralítill og varla umtalsverður og allt frumkvæði að eflingu náttúrugripasafnsins er verk heimamanna, fyrst og fremst safnvarðarins Helga Hallgrímssonar.

Þá vil ég geta þess, að fyrir nokkrum árum var sett á stofn efnarannsóknarstofa Norðurlands. Hún starfar fyrst og fremst að frumkvæði og á kostnað búnaðarsamtakanna og kaupfélaganna á Norðurlandi, að vísu með styrk úr ríkissjóði, sem nemur ½ millj. kr. nú á ári. Efnarannsóknarstofa Norðurlands nýtur ágætrar stjórnar ungs vísindamanns, Jóhannesar Sigvaldasonar. Hann hefur ekki starfað lengi, en eftir hann liggur merkilegt starf á sviði jarðvegs- og kalrannsókna.

Þá vil ég nefna í þriðja lagi enn eitt athyglisvert framtak Helga Hallgrímssonar safnvarðar og nokkurra félaga hans, en það er stofnun rannsóknarstöðvarinnar Kötlu á Víkurbakka við Eyjafjörð, um það bil 25 km fyrir utan Akureyri. Helgi og félagar hans keyptu fyrir nokkrum árum jörðina Ytri-Vík á Árskógsströnd og smábýlið Víkurbakka, sem þar er í sama túni. Þar hafa þeir félagar komið upp rannsóknarstöð og búið hana tækjum og öðrum búnaði að langmestu leyti á eigin kostnað, þó með stuðningi frá sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu, bæjarstjórn Akureyrar, menningarsjóði Kaupfélags Eyfirðinga og nokkrum einstaklingum. Fram til þessa hefur ríkisstyrkur við þessa starfsemi verið nauðalítill. Að vísu hlaut Helgi og félagi hans, Guðmundur Ólafsson menntaskólakennari, nokkurn styrk úr Vísindasjóði til sérstakra rannsókna fyrir nokkrum árum. Í fyrrasumar brugðu þeir félagar á það ráð að afhenda sem gjöf þessa rannsóknarstöð, þ. e. hús og tæki og nokkurt land, og um þessa gjöf hefur verið sett upp Rannsóknarstöðin Katla, sem rekin er sem sjálfseignarstofnun á vegum sérstaks félagsskapar, sem nefnist Kötlufélagið. Að þessu félagi standa áhuga-

menn á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu. Rannsóknarstöðin Katla mun starfa sem „field-station", eins og það er kallað á erlendum málum. Þar verður fyrst og fremst boðið upp á aðstöðu fyrir áhugasama náttúrufræðinga og náttúrufræðistúdenta til þess að stunda vísindalegar athuganir og rannsóknir á náttúru næsta umhverfis, hvort heldur er á landi eða sjó. Rannsóknarstöðvar af þessu tagi eru algengar erlendis og gegna mikilvægu hlutverki. Með stofnun Rannsóknarstöðvarinnar Kötlu er verið að vinna brautryðjendastarf hér á landi.

Á Akureyri er starfandi eitt af myndarlegustu bókasöfnum landsins, Amtsbókasafnið, sem einnig er með elztu bókasöfnum hérlendis. Að safni þessu er vel búið. Það flutti fyrir nokkrum árum í nýtt og veglegt hús, sem býður upp á góð skilyrði til starfrækslu safnsins sem vísindalegs bókasafns. Minjasafn bæjarins er einnig merk stofnun, sem gæti orðið grundvöllur raunverulegs þjóðfræðasafns, ef rétt er á haldið og vilji væri fyrir hendi. Þar gætu engu síður farið fram rannsóknir í þjóðháttafræði t. d. en í Reykjavík, og þess má geta, að fyrsti og líklega merkasti þjóðháttafræðingur Íslendinga til þessa dags, séra Jónas á Hrafnagili, var einmitt kennari um langan aldur á Akureyri og starfaði sem prestur í Eyjafirði.

Þá get ég ekki stillt mig um að geta þess, að í des. s. l. var stofnað á Akureyri Vísindafélag Norðlendinga, og eru félagsmenn um 8 eða 10 talsins, flestir þeirra búsettir á Akureyri. Þessi hópur á það sameiginlegt að stunda ýmis vísindastörf. Aðalmarkmið félagsins er að stuðla að auknum vísindalegum rannsóknum og öðrum lærdómsiðkunum á félagssvæðinu, sem er Norðlendingafjórðungur, m. a. með því að beita sér fyrir sérstökum rannsóknum, vinna að eflingu vísindastofnana, stuðla að útgáfu vísindarita og koma af stað fundum og umræðum um vísindaleg efni.

Herra forseti. Ég skal nú brátt láta staðar numið. Af því, sem ég hef sagt, mætti ljóst verða, að þegar er fyrir hendi á Akureyri umtalsverður vísir að fræða- og vísindastarfsemi. Sumum kann að þykja sá vísir mjór, og hann er það, ef miða á við þann vöxtulega gróður, sem rækta mætti, ef markvisst og skipulega væri unnið að eflingu rannsókna- og vísindastarfs á Akureyri, en mjór er mikils vísir, segir máltækið.

Það hefði verið ástæða til að minnast á fleiri þætti menningarlífs, sem eru í mótun hjá okkur Akureyringum. M. a. hefði mátt minnast á leiklistarstarfsemina og þær hugmyndir, sem fram hafa komið um eflingu hennar. Að þessu sinni mun ég þó ekki gera því máli skil, en grunur minn er sá, að fyrr eða síðar komi það mál meira til umr.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 18. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 203, n. 719).

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar þáltill. á þskj. 203, um dreifingu menntastofnana og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar. Að fengnum umsögnum Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi, bæjarstjórnar Akureyrar, Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Fjórðungssambands Norðlendinga, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Framkvæmdastofnunar ríkisins mælir allshn. með samþykkt tillögunnar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 942).

43. Endurskoðun stjórnarskrárinnar (till. allshn. Sþ.).

Á deildafundum 10. maí var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar [277. mál] (A. 723).

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Til allshn. hefur verið vísað tveim till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, á þskj. 525 og 531. Það hefur orðið að samkomulagi í n. að afgreiða báðar þessar till. sameiginlega og þannig, að n. flytji sjálf nýja till. um málið, og það er sú till., sem hér er lögð fram á þskj. 723 og sem samkomulag er um við flm. hinna till.

Málið er flutt af n., og legg ég til fyrir hönd n., að því verði vísað til síðari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 723, 943).

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það eru vafalaust allir hv. þm. sammála um, að nauðsynlegt sé orðið að hefjast handa um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Um hitt hefur svo verið og er nokkur ágreiningur, með hvaða hætti sá undirbúningur skuli fara fram. Athugun hefur leitt það í ljós, að sú till. um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá hv. allshn., sem hér liggur fyrir, veldur nokkrum ágreiningi, og þar virðist gæta einkum tveggja atriða. Í fyrsta lagi eru menn ekki sammála um það, hvaða aðila skuli til kveðja til að fást við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sumir vilja kveðja þar til lagaaðila, eins og lagadeild Háskólans og Hæstarétt, aðrir ýmis stéttarsamtök og önnur samtök,

eins og sveitarstjórnarsamtök, og jafnvel fleiri aðila. Um eitt virðast þó allir sammála, og það er, að Alþ. skuli eiga aðild að slíkri endurskoðun. Um það held ég, að sé ekki neinn ágreiningur. Hitt atriðið er svo það, hvort setja eigi ákveðin tímatakmörk, hvenær endurskoðun stjórnarskrárinnar skuli lokið. En það má öllum ljóst vera, að hér er um geysilega umfangsmikið verkefni að ræða, ef fara á fram heildarendurskoðun á stjórnarskránni.

Sú stjórnarskrá, sem nú er í gildi, er að miklu leyti miðuð við þær aðstæður og þann hugsunarhátt, sem ríkti á síðari hluta fyrri aldar. Segja má, að hún sé að mjög verulegu leyti frá þeim tíma. Sú nýja stjórnarskrá, sem við stefnum að að setja og verðum að setja, verður að miðast við aðstæður og hugsunarhátt síðari hluta 20. aldar. Þess vegna koma til athugunar og meðferðar fjöldamörg atriði, sem ekki er að finna í núgildandi stjórnarskrá, og ég vil aðeins í því sambandi minna á nokkur atriði, sem talin eru upp í þeirri grg., sem fylgir þáltill. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem liggur hér fyrir, frá hv. 5. þm. Reykv., Gunnari Thoroddsen. Þar er t. d. nefnt, að hin nýja stjórnarskrá þurfi að ná til atriða eins og þeirra, hver eigi að vera réttur manna til vinnu og ákvæða um vinnuvernd, hún eigi að fjalla um rétt manna til menntunar, opinbera aðstoð í því skyni og jafna menntunaraðstöðu, hún þurfi að fjalla um rétt til trygginga vegna sjúkdóma, slysa, örorku, aldurs, missis fyrirvinnu og réttar til læknishjálpar og sjúkrahúsvistar. Það þurfi að endurskoða ákvæði núgildandi stjórnarskrár um prentfrelsi með hliðsjón af þróun fjölmiðla. Það þurfi að endurskoða öll mannréttindaákvæði auk þeirra, sem talin eru hér á undan, með tilliti til mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Það þurfi einnig að endurskoða í þessu sambandi ákvæði um náttúruvernd, um stuðning við listir og vísindi og síðast en ekki síst um forgangsrétt Íslendinga til allra náttúruauðlinda lands og landgrunns.

Þessi upptalning sýnir það, að í nýrri stjórnarskrá þarf að fjalla um fjölmörg atriði, sem núgildandi stjórnarskrá nær ekki til, og þess vegna hlýtur hér að verða um mjög umfangsmikið verkefni að ræða og þess vegna tæpast rétt að setja ákveðin tímatakmörk um það, hvenær slíkri endurskoðun skuli vera lokið. En ákvæði um þetta atriði er einmitt að finna í þeirri till. frá hv. allshn., sem hér liggur fyrir. Það er með tilliti til þess, að hægt sé að ná samkomulagi um, að hafizt verði handa um endurskoðun á stjórnarskránni og sneitt fram hjá þeim ágreiningsatriðum, sem ég hef nú minnzt á, sem ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnari Arnalds, og hv. 6. þm. Norðurl. e., Birni Jónssyni, að leggja fram svo hljóðandi skrifl. till., sem ég vænti, að samkomulag geti orðið um. Hún hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar, að skipuð skuli sjö manna nefnd til að endurskoða stjórnarskrána. Nefndarmenn skulu kosnir af Alþingi. Forsrh. kveður nefndina saman til fyrsta fundar, en hún skiptir sjálf með sér verkum. Nefndinni ber að leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna, landshlutasambanda sveitarfélaga og landssambanda stéttarfélaga. Hún skal leita álits lagadeildar Háskóla Íslands og Hæstaréttar um lögfræðileg efni. Með opinberri tilkynningu skal þeim, er þess kynnu að óska, gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina skriflegum og skriflega rökstuddum brtt. við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma, sem nefndin tiltekur. Kostnaður við endurskoðun stjórnarskrárinnar greiðist úr ríkissjóði."

Ég leyfi mér að leggja þessa till. fram og óska eftir, að forseti leiti afbrigða fyrir henni. Ég vænti þess, að þessi till. geti orðið til þess, að fullt samkomulag geti náðst um þetta mál hér á hv. Alþ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 943) leyfð og samþ. með 46 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Sú till., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er flutt af allshn. Ég geri ekki ráð fyrir því, að nú sé ráðrúm til þess að kalla n. saman til þess að segja álit sitt á þeirri brtt., sem fram er komin. Þess vegna get ég ekki heldur fyrir hennar hönd sagt neitt um málið. Það, sem ég segi, er því aðeins út frá mínu sjónarmiði sagt.

Ég vil minna á það, að oftar en einu sinni á undanförnum áratugum hafa verið skipaðar nefndir til þess að endurskoða stjórnarskrána og þær hafa jafnan verið skipaðar þannig, að í þeim hafa setið fulltrúar tilnefndir af þingflokkum. Þess vegna hefur mér sýnzt, að það væri ekki vænlegt til árangurs að skipa nýja endurskoðunarnefnd á þennan hátt. Ég tel það því ekki til bóta, sem hér er lagt til, að endurskoðunarnefnd skuli kosin eingöngu af Alþ. Ég tel það ekki til bóta. Hins vegar get ég fyrir mitt leyti vel fallizt á það, að starfstími nefndarinnar sé ekki takmarkaður, svo sem gert er í till. allshn. Ég tel sem sé till., sem fram er komin, ekki til bóta, en eigi að síður er það svo, að ef hún verður samþ., þá mun ég samt fylgja till. um endurskoðun stjórnarskrárinnar með áorðnum breytingum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í s. l. mánuði flutti ég till. um endurskoðun stjórnarskrárinnar á þskj. 525. Samtímis flutti hv. 1. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, aðra þáltill. um sama efni. Við flm. höfðum samráð um málið, bæði áður en till. voru fluttar og ekki síður eftir að þeim var vísað til hv. allshn. í Sþ. Upp úr þeim samtölum og umr. í n. varð niðurstaðan sú, að allshn. flytti þá till., sem hér liggur fyrir á þskj. 723, og varð um það full samstaða innan allshn. hjá öllum nm. og okkur flm. þessara tveggja till. Þessi till. allshn. kom hér til umr. fyrir tæpri viku síðan, til fyrri umr., og mælti formaður n., hv. 1. þm. Norðurl. e., fyrir till. Umr. urðu ekki frekari og virtist alger samstaða um málið.

Síðari umr. gerðum við ráð fyrir, að færi þá fram nú einhvern af síðustu dögum þingsins. Nú er ætlunin að slíta þingi á morgun, og í gær kom það í ljós, óvænt verð ég að segja, að innan ríkisstj. og stjórnarflokkanna var andstaða gegn því að afgreiða málið eins og það lá fyrir. Það var ljóst, að örðugleikar yrðu á því, þó að þingmeirihluti virtist vera fyrir þessu máli eins og það kom frá allshn., þá mundu örðugleikar á því að fá málið afgreitt nema samstaða tækist um það. Það hafa síðan farið fram í dag viðræður milli hæstv. forsrh. og mín og formanns þingflokks Framsfl. og raunar fleiri og

niðurstaðan orðið sú, að samkomulag hefur náðst um að breyta till. hv. allshn. á þá lund, sem hv. 4. þm. Reykv. lýsti hér, og breytingarnar eru í rauninni tvær efnislega. Önnur er sú, að í stað þess, að nefndin samkv. upphaflegu till. skyldi skipuð sjö mönnum, sem kosnir væru hlutfallskosningu af Alþ., auk þess tveir menn frá lagadeild Háskólans, tveir frá Hæstarétti og einn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, skuli nefndin aðeins skipuð sjö mönnum, sem allir skulu kosnir af Alþ. Ég vil taka fram, að ég tel, að hin fyrri tilhögun, eins og er samkv. till. allshn., sé æskilegri, en hef hins vegar fallizt á fyrir mitt leyti þessa skipan.

Hin breytingin er sú, að niður verði felld tímaákvörðun um það, að nefndin skuli miða störf sín við, að unnt verði að leggja stjórnarskrárfrv. nefndarinnar fyrir Alþ. 1974. M. ö. o., um þessa breytingu varðandi nefndarskipunina, að hafa ekki í nefndinni fulltrúa frá Hæstarétti, lagadeild eða Sambandi ísl. sveitarfélaga og að fella niður tímamarkið, hefur samkomulag náðst. Ég tel að vísu, að þessar breytingar séu ekki til bóta, heldur til hins lakara, en aðalatriði málsins er auðvitað það, að endurskoðun stjórnarskrárinnar komist í framkvæmd, og þó að nokkur skoðanamunur sé um skipun nefndarinnar og tímamörk, þá þýðir auðvitað ekki að setja það fyrir sig, ef aðalatriði málsins nást fram.

Ég lýsi því fyrir mitt leyti samþykki við þeirri till., sem hv. 4. þm. Reykv. lýsti, mun greiða henni atkv. og vænti þess, að till., svo breytt, nái endanlegri afgreiðslu nú á þessu þingi, svo að endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem svo lengi hefur verið beðið eftir, geti hafizt sem fyrst.

ATKVGR.

Brtt. 943 (ný tillgr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 944).

44. Efni í olíumöl.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til að leggja olíumöl á þjóðvegi landsins [165. mál] (A. 316).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41., 43., 44. og 48. fundi í Sþ., 22., 24. og 29. febr., 2. og 14. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að flytja hér þáltill. um að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til að leggja olíumöl á þjóðvegi landsins. Með mér flytja þessa þáltill. hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, hv. 6. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, og hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson. Tillgr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að stefna að því að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til þess að leggja olíumöl á þjóðvegi landsins. Verði valdir til þess vegakaflar með breytilegum jarðvegi í tilraunaskyni í öllum fjórðungum landsins. Enn fremur verði gerð skipuleg leit að efni og það rannsakað fyrir þessa starfsemi."

Vegakerfi landsins hefur oft verið nefnt lífæð þjóðfélagsins og er það a. m. k. í vitund íbúa hinna dreifðu byggða. Öll framleiðsla og félagsleg samskipti eru orðin þannig í okkar þjóðfélagi, að það kallar á óhindraðar samgöngur um allar byggðir hvern einasta dag. Spurningin er því: Ætlum við að stefna að því að reyna að viðhalda þeirri byggð, sem nú er í landinu, að mestu eða öllu leyti, eða ætlum við að láta skeika að sköpuðu í því efni? Telji menn, að það sé ekkert aðalatriði, að þjóðin byggi allt landið, þá er ekki óeðlilegt, að þeir hafi ekki áhuga á að hafa afskipti af þessum málum. En viðbrögð okkar, sem erum sammála um, að það sé þjóðfélagsleg nauðsyn, að þjóðin byggi landið allt og nýti þannig gæði þess, viðbrögð okkar hér á hinu háa Alþingi hljóta að verða í samræmi við þá skoðun og við gerum ráðstafanir til þess að verða við frumþörfum byggðarlaganna í þessu efni. Það eru að vísu fleiri frumþarfir en vegakerfið, en sé það skoðun meiri hl. hv. alþm., að vegakerfið sé lífæð byggðanna, þá hljóta þeir hinir sömu að vilja gera ráðstafanir til þess að koma þessum vegum í viðunanlegt horf.

Sú stefna, sem sumir virðast hafa tileinkað sér á undanförnum árum, að láta mælistikuna ráða í þessu efni, þ. e. að þar sem umferðin er mest, þar eigi fyrst og fremst eða einvörðungu að byggja upp vegakerfið, sú stefna hefur leitt til þess, að vegakerfið utan aðalveganna hér í næsta nágrenni höfuðstaðarins hefur verið smám saman að drabbast niður. Ef eftir þessari stefnu verður farið áfram, þá verður það til þess, að hinum ýmsu byggðum verður hætt. Við verðum að gera það upp við okkur, hvort við viljum stuðla að því, að allt landið haldist í byggð, og viðbrögð okkar við viðhald, lagfæringar og uppbyggingu á vegakerfinu verða að miðast við það, en ekki, hvar umferðin er mest. Á næstu árum verður að leggja höfuðáherzluna á það að lagfæra vegi og byggja upp þar sem þess er þörf úti á landsbyggðinni, en ekki láta stórframkvæmdirnar í kringum þéttbýliskjarnana ganga einvörðungu fyrir.

Þeir, sem þekkja á annað borð vegakerfið eins og það er víðast hvar í landinu, hljóta að viðurkenna, að því hafi hrakað á undanförnum árum. Viðhaldið hafi ekki verið nægjanlegt miðað við þá umferð og þá þungu bíla, sem nú verða að fara um vegina. Þegar votviðri er, þá eru þessir vegir í aur og holum, en í sumarveðri er rykský yfir þeim. Það var sérstaklega þurrviðrasamt á Norðurlandi í fyrrasumar og á aðalleiðinni til Akureyrar, t. d. í Kræklingahlíðinni, lá rykský yfir þessum vegi langtímum saman, þannig að stundum sást ekki nema örfáa metra fram fyrir bílinn, þegar maður ók um

þennan veg, enda voru vegirnir á Norðurlandi eftir þetta sumar þannig, að allt það fíngerða var farið úr þeim út í veður og vind og ekkert nema það grófasta eftir. Ég er sannfærður um, að það voru margar millj., ef ekki milljónatugir, sem hafa rokið þannig út af vegunum á þessu eina sumri.

Hefur það verið rannsakað, hve mikið fjármagn fer á þennan hátt í súginn á hverju ári af öllum okkar vegum? Er mönnum ljós sú staðreynd, að mjög víða er ekkert nothæft efni að verða til í ofaníburð í vegina, nema aka því þá mjög langan veg, og stöðugt gengur á það, sem nothæft er í ýmsum héruðum? Það er að vísu hægt að mylja grjót, en hvað kostar það? Og þá vantar bindiefnið. Það getur því verið spurning, hvort það sé fjárhagslega hagkvæmt að mylja grjót eða aka ofaníburði mjög langan veg, sem lengist ár frá ári, láta það svo spýtast út af vegunum eða rjúka út í geiminn. Mér þykir líklegt, að það muni reynast hagkvæmara að binda þennan ofaníburð, t. d. með olíumöl, og e. t. v. er það eina leiðin, er til lengdar lætur, til þess að halda vegakerfinu sæmilega við. Vegirnir eru nú víðast hvar það malarlitlir, eins og hefur komið fram hér á hv. Alþ., að þeir valda ekki þeirri umferð, sem um þá þarf að fara, og þarf ekki að lýsa því hér fyrir hv. alþm.

Sú þáltill., sem hér er til umr., er að vísu ekki um uppbyggingu vegakerfisins, heldur um það að breyta til í vinnubrögðum eða gera tilraunir með nýjar aðferðir í sambandi við efsta lag veganna, slitlagið. Á undanförnum árum hefur töluvert magn olíumalar verið lagt á akvegi, bæði þjóðvegi og vegi í kaupstöðum. Sum byggðarlög, t. d. Garðahreppur og Kópavogskaupstaður, hafa notað olíumalarslitlag í mjög ríkum mæli og gefizt vel. Mér er sagt, að það hafi verið byrjað á þessu fyrir 9—10 árum, og ég held, að það hafi verið árið 1965, sem Kópavogskaupstaður lét leggja olíumöl ofan á sínar götur og án verulegrar undirbúningsvinnu. Má því segja, að þessi möl, sem ég veit ekki betur en hafi gefizt vel, gefi okkur vonir um, að þessi aðferð, að setja olíumöl á okkar gamla vegakerfi, ætti að sýna jákvæða niðurstöðu. Vegagerð ríkisins lét leggja olíumöl á 11 km vegarkafla árið 1970 í Svínahrauni, og í sumar var lagt á veginn í Ölfusi, í Kömbum. Ekki verður annað séð en að olíumölin ætli að standa sig vel á báðum þessum vegarköflum, en þess ber að geta, að undirbygging var gerð á fullkominn hátt. Undirbygging vega er mjög kostnaðarsöm, a. m. k. eins og framkvæmdin hefur verið hjá okkur. Það þarf ekki annað en að kynna sér kostnaðinn við þær hraðbrautaframkvæmdir, sem unnar hafa verið s. l. ár, til þess að sannfærast um það. Eflaust er æskilegasta leiðin að láta undirbyggja alla vegi undir varanlegt slitlag, en þegar athugað er, hvað það fjármagn er takmarkað, sem við getum ráðstafað til vegakerfisins, og hins vegar það, hvað þörfin er mikil á skjótu átaki í þessum efnum, er ljóst, að við verðum að leita annarra úrræða, ef við eigum ekki að búa við svipað ástand í vegamálum um langa framtíð eins og verið hefur, nema aðeins í næsta nágrenni við stærstu þéttbýlisstaðina.

Sagt er, að Norðmenn, Svíar og Finnar noti í ríkum mæli olíumöl á sína gömlu vegi, hafi lítillega lagfært þá áður. Hér á landi er olíublöndunarstöð mjög fullkomin, að því er mér er sagt. Getur hún blandað um 90 tonn á klukkutíma, sem eru um 53 rúmmetrar, en það svarar til 6000 fermetra á 8 klst. vinnudegi miðað við þá venjulegu þykkt, sem höfð er, þ. e. um 5—6 cm þykkt lag. Væri vegurinn 6 metra breiður, eins og flestir vegir okkar eru, þá mundi vera hægt að leggja á um það bil einn km á hverjum vinnudegi. Veðurfar skiptir ekki miklu máli við þessa vinnu, því að stöðin er búin þurrkara, sem skilar efninu hæfilega þurru til blöndunarstöðvarinnar. Stöðin er hreyfanleg og mjög auðvelt að fara með hana milli landshluta. Reikna má með því, að framleiðsluverð olíumalar sé um 40% olíuverðið. Það er því mikilvægt, að olíuinnkaup séu sem hagkvæmust. Verði mikil aukning á notkun olíu til þessarar starfsemi, er sennilegt, að hægt væri að lækka einingarverð hennar til muna með hagkvæmari innkaupum.

Á s. l. ári var kostnaður við olíumöl hjá blöndunarstöðinni um 1000 kr. hver rúmmetri, en áætlað er, að hver rúmmetri sé á um það bil 15—18 fermetra vegar. Gera má ráð fyrir því, að gömlu vegirnir okkar séu misjafnlega vel fallnir til þess að leggja á þá slitlag. En þar sem þeir hafa verið endurbyggðir á s. l. árum, þá má gera ráð fyrir, að á þá kafla mætti leggja olíumöl með tiltölulega litlum undirbúningskostnaði. Hins vegar þarf að fá úr því skorið, hvernig olíumöl reynist á gömlu vegunum okkar, og því telja flm. þessarar þáltill., að ekki megi dragast lengur, að slíkar tilraunir séu gerðar og það á sem breytilegustu landi og jarðvegi og í öllum landsfjórðungum. Ef þessi aðferð gefst sæmilega, þarf að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til þess að setja slitlag á vegina, og við það mundi einingarverð lækka frá því, sem nú er. Mikilvægt er talið að fá sem bezt efni í blöndunina, og er því nauðsynlegt að láta rannsaka efni sem víðast á landinu til þessarar starfsemi, því að talsverður aukakostnaður mundi verða því samfara, ef flytja þyrfti möl langar leiðir. Ryklausir og holulausir vegir eru það, sem við hljótum að stefna að. Það er líka kannske eitt það nauðsynlegasta, ef við ætlum að stefna að því að fá hingað til landsins aukinn ferðamannastraum. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að eitt af því þýðingarmesta, sem við verðum að gera í því sambandi, er að gera vegina ryk- og holulausa. Það verða margir áratugir, þangað til það verður, nema okkur takist að setja slitlag á gömlu vegina okkar, slitlag, sem hefur sæmilega endingu. Því er þessi þáltill. fram borin.

Ég tel það mjög mikilvægt, að þessi tilraun verði gerð á næsta sumri og það helzt í öllum landsfjórðungum. Ég fyrir mitt leyti hef mikinn áhuga á því, að vegurinn í Kræklingahlíð verði einn af þeim vegum, sem fyrst verður lagt á. Hann liggur um mýrarjarðveg, og eins og ég sagði áðan, er í þurrkatíð mjög mikið ryk á þessum vegi, og hann er oft í mjög slæmu ástandi að öðru leyti. Á þessum vegi er mjög mikil umferð og ef olíumöl mundi standa sig þar vel, einmitt á svona vegi, þá held ég, að það mundi gefa okkur vonir um, að þarna sé fundin hin rétta aðferð í sambandi við slitlag á okkar vegakerfi yfirleitt. Ég held, að tækni nútímans hafi fleygt það mikið fram, að ekki sé eins nauðsynlegt og áður var að byggja vegina mjög mikið upp, nema þá helzt í þeim héruðum, þar sem snjóalög eru mest. Nú eru komnir snjóblásarar, og þó að við höfum ekki mjög mikla reynslu af þeim enn, þá höfum við þó haft not af a. m. k. einum snjóblásara síðustu árin, sem gefur vonir um, að þarna muni vera hin rétta aðferð til þess að losa

okkur við snjó af okkar vegum. Þessi blásari er að vísu of lítill að margra dómi til nota í þeim byggðarlögum, sem snjóþyngst eru, en það er hægt að fá miklu öflugri snjóblásara og sjálfsagt að fá meiri reynslu af þessari merkilegu tækni. Það örðugasta, sem verður í sambandi við að setja olíumöl á gömlu vegina, er það að losna við vatnið frá þeim og úr þeim. En það er verkefni, sem þarf að framkvæma, hvort sem á vegina verður sett olíumöl eða ekki.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég legg til, að umr. verði frestað og þáltill. verði vísað til hv. allshn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vona, að það verði virt mér til hins betri vegar, þótt ég tjái mig um þessa till., sem hér er til umr., þrátt fyrir tengsl mín við það fyrirtæki, sem er það eina, sem á vélar til að blanda olíumöl hér á landi. Ég vil fagna þessari till., sem hér var fylgt úr hlaði áðan, og það er sýnilegt, að á þessu þingi er verulegur áhugi fyrir vegamálum. Mér telst til, að það séu komnar einar fjórar till. fram á þinginu núna, sem allar varða vegamál og uppbyggingu þjóðvegakerfisins.

Efni þessarar till. hefur verið rakið hér af hv. 1. flm. Það er í fyrsta lagi að fela ríkisstj. að stefna að því að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til að leggja olíumöl á þjóðvegi landsins. Í öðru lagi, að það verði valdir vegakaflar með breytilegum jarðvegi í tilraunaskyni og í þriðja lagi, að gerð verði skipuleg leit að efni og það rannsakað fyrir þessa starfsemi.

Ég held, að segja megi, að tilraunir með olíumöl hafi nú staðið yfir það lengi, að menn ættu að fara að viðurkenna þetta sem fullgilt efni í slitlag á vegi, vel að merkja, þar sem það á við, þar sem umferðarþungi er ekki of mikill. Ég held, að ég megi segja, að olíumöl hafi fyrst verið lögð á götur og vegi í einhverjum mæli árið 1963. Það eru til vegakaflar frá 1965, sem lítið sem ekkert viðhald hafa þurft. Það er reynsla frá 1963 í Garðahreppi og í Kópavogi frá 1965, eins og hér var drepið á áðan.

Það hefur verið lögð olíumöl á vegi, sem eru fyllilega undirbyggðir fyrir hvaða slitlag sem er, og eins hafa verið gerðar tilraunir með að leggja olíumöl á vegi, sem ekki eru undirbyggðir. Við höfum reynslu af slíkum vegi, svo að ég nefni dæmi, Vífilsstaðaveginn í Garðahreppi. Þar var lagt á 1967. Þar er nú umferð þreföld miðað við það, sem olíumöl á að þola, en þar hefur ekkert viðhald verið síðan olíumölin var lögð. Í Kópavogi hefur verið gert mikið að þessu leyti. Árið 1971 eða á s. l. ári var lögð olíumöl á allmarga km, án þess að nokkuð væri undirbyggt, og þetta virðist gefast vel.

Það fyrirtæki, sem á þessar vélar, var stofnað árið 1970 af 12 sveitarfélögum af 15 í Reykjaneskjördæmi auk þriggja verktakafyrirtækja, sem þar eiga hlut í. Tilgangurinn með stofnun þessa fyrirtækis var sá, að sveitarfélögin, sem að því stóðu, gætu verið viss um það, að þau fengju olíumöl afgreidda, en það var aldrei öruggt áður.

Hér hefur verið lýst þeim tækjum, sem til eru, og afkastagetu þeirra, og ég hef þar engu við að bæta. Það er ljóst, að þau afkasta meira en verður notað hér í náinni framtíð, þ. e. um 100 km á ári. Þrátt fyrir þessa afkastagetu var engu að síður ástæða til að kaupa þessi tæki. Þau fengust á mjög góðu verði, en verðmæti þeirra, ef þau væru keypt ný núna, er örugglega nálægt 40 millj. kr.

Það blasa við mörg verkefni fyrir þessi tæki, bæði fyrir sveitarfélögin og aðra aðila, verktaka á vegum Vegagerðar ríkisins og fyrir Vegagerðina sjálfa og ýmis sveitarfélög. T. d. eru nú sveitarfélög á Austurlandi að ganga frá sínum áætlunum, sem eru í stuttu máli þær, að þau bindast samtökum, sveitarfélögin þar, um að fá keypta olíumöl á flesta þéttbýlisstaði fyrir austan. Eins er hreyfing á Vestfjörðum og víðar. Þrátt fyrir þetta má segja, að nýting þessara tækja sé ekki nægileg, en samt, eins og ég sagði áðan, var verjandi að kaupa þau.

Spurningin, sem mér sýnist liggja hér fyrir, er sú, hvað ríkisvaldið geti gert til þess að tryggja nýtingu þessara tækja, og mér sýnist það nú einfaldlega vera það, að ríkið verji meira fé til vegamála af þeim tekjum, sem það hefur af umferðinni. Það liggja fyrir upplýsingar um, að það eru 4—5 þús. millj., sem hafa farið í annað en vegi af tekjum af umferðinni s. l. 10 ár. Jafnframt gæti ríkisvaldið tekið ákvörðun um það, hvernig að framkvæmdum ætti að standa, og þar á ég fyrst og fremst við það, að ekki verði gerðar of miklar kröfur til undirbyggingar veganna, ef við ætlum að gera eitthvert verulegt átak í þessum efnum. Við getum litið til annarra þjóða og lært af reynslu þeirra, hvernig við eigum að haga okkur í þessum efnum. Svíar hafa langa reynslu af notkun olíumalar, og þeir hafa tiltölulega einfalda formúlu fyrir því, hvernig þeir standa að sínum verkum. Ef ákveðinn vegur er ekki á áætlun um endurbyggingu næstu 5—10 árin, þá leggja þeir á hann olíumöl, og mér sýnist, að slík regla gæti mætavel gilt fyrir okkur líka. En þetta fáum við nú tækifæri til að ræða betur, þegar vegáætlunin verður hér til umræðu.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Þetta fyrirtæki, sem á þessar vélar, þarf ekki á neinum ríkisstuðningi að halda. Það hefur komizt af án þess, en það er vissulega allra hagur, að tækin, sem til eru í landinu, verði nýtt sem bezt, og þar getur ríkisvaldið að sjálfsögðu stuðlað að.

Ég vil svo aðeins ítreka ánægju mína með þessa till. og þann áhuga, sem fram hefur komið á þessu þingi fyrir vegamálum almennt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 316, n. 889).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 316, um að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til að leggja olíumöl á þjóðvegi landsins. En í þessari till. felst jafnframt áskorun um það, að gerð verði skipuleg leit að efni og það rannsakað fyrir þessa starfsemi. Allshn. var þeirrar skoðunar, að í rauninni hefði verið réttara að vísa málinu til hv. fjvn. og þess vegna sendi hún málið

fjvn. til umsagnar, en aflaði jafnframt umsagnar frá Vegagerð ríkisins. Síðan barst allshn. umsögn frá hv. fjvn., þar sem hún leggur til, að till. verði samþ. með tilteknu orðalagi, og er það orðalag í samræmi við till. Vegagerðar ríkisins um það efni. Hér er í raun og veru um það að ræða að samþykkja síðari hluta till. Það varð samkomulag í n. um að afgreiða málið á þennan hátt og mælir hún með því, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, sem orðuð er í nál. á þskj. 889.

ATKVGR.
Brtt. 889,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 889,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 945), með fyrirsögninni:
Þál. um kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl.

45. Upplýsingaskylda stjórnvalda.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um upplýsingaskyldu stjórnvalda [95. mál] (A. 108).

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18., 21., 30., 31. og 32. fundi í Sþ., 30. okt., 7. des., 25. og 27. jan., 1. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Samhljóða till. var flutt á síðasta þingi, og var henni þá fylgt allítarlega úr hlaði, og tel ég ekki þörf á því að rifja það upp hér. En efni þessarar till. er, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða. Það á að sjálfsögðu að vera hlutverk almennings að dæma um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, en til þess að eiga kost á því þarf að sjálfsögðu að eiga aðgang að sem áreiðanlegustum og greinilegustum upplýsingum um störf þessara stofnana og þær ákvarðanir, sem þær taka, og þær framkvæmdir, sem þær hafa með höndum. En mjög hefur skort á það að undanförnu, bæði hér og reyndar annars staðar, að almenningur ætti kost slíkra upplýsinga. Þess vegna er það, að í mörgum nágrannalöndum okkar hefur á undanförnum árum verið sett sérstök löggjöf um þessi efni, m. a. nú nýlega bæði í Noregi og Danmörku, þar sem það er nánar tilgreint, hvaða upplýsingar og skjöl og reikningar það eru, sem eðlilegt er, að almenningur hafi aðgang að, og svo jafnframt, hvað það er í starfsemi og reikningum og bókum þessara stofnana, sem sé eðlilegt, að sé haldið leyndu, a. m. k. um nokkurt skeið, vegna þess að þar sé um upplýsingar að ræða, sem ekki sé heppilegt, að komi fyrir almenningssjónir, a. m. k. að svo stöddu. Ég held, að það væri mjög æskilegt, að svipuð löggjöf væri sett hér og almenningi þannig gefinn betri kostur á því en nú er að fylgjast með störfum umræddra aðila.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta að sinni, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 75. fundi í Sþ., 19. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 108, n. 592).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 108, um upplýsingaskyldu stjórnvalda. N. hefur athugað till. og leitað umsagna, og að athuguðu máli leggur hún til einróma, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða."

Það er sem sé till. n., að till. verði samþ. þannig breytt sem ályktun Alþingis.

ATKVGR.
Brtt. 592 (ný tillgr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 954).

46. Alþjóðlegur varaflugvöllur.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Norðurlandi [216. mál] (A. 439).

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. á þskj. 439 um gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Norðurlandi, og vil ég leyfa mér að lesa till., með leyfi forseta. Hún er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram könnun á gagnsemi þess og hagkvæmni, að gerður

verði alþjóðlegur varaflugvöllur á Norðurlandi, og heimilar ríkisstj. að hefja undirbúning fjármagnsútvegunar og framkvæmda, ef niðurstöður könnunarinnar verða jákvæðar."

Um alllangt skeið hefur verið um það rætt manna á meðal, m. a. hjá íslenzku flugfélögunum, að nauðsyn væri á bættri aðstöðu til flugþjónustu í landinu og þessi bætta aðstaða gæti m. a. komið fram, ef gerður yrði varaflugvöllur fyrir millilandaflug utan Reykjavíkursvæðisins. Það hafa komið fram ýmsar hugmyndir um það, hvar slíkur varaflugvöllur yrði bezt staðsettur, og þess vegna er það, að hér er farið fram á, að það verði kannað hvað Norðurlandi viðkemur. Sá áhugi, sem hefur verið fyrir gerð slíks flugvallar, hefur beinzt einkum að tveim þáttum, annars vegar og raunar fyrst og fremst að auknu öryggi millilandaflugsins, bæði þess millilandaflugs, sem framkvæmt er af íslenzkum aðilum, og þess almenna millilandaflugs, sem fram fer hér yfir norðanverðu Atlantshafi. Í öðru lagi hafa verið uppi hugmyndir um það, að gerð varavallar á norðanverðu landinu mundi auka hina almennu flugumferð um Keflavíkurflugvöll og bæta þannig afkomumöguleika þess vallar. Loks er það ekki sízt nú á síðustu árum, að opnazt hafa augu manna fyrir því, að bættar flugsamgöngur við Norðurland mundu auka á jafnvægi í ferðamálum og gera hlut norðanverðs landsins sterkari gagnvart Suðurlandi í hinni almennu ferðamálaþjónustu.

Eins og mönnum er sjálfsagt yfirleitt kunnugt, þá er nú í undirbúningi athugun á því, hvernig bezt verði fjármögnuð ferðamannaþjónusta í landinu. Þessi athugun fer fram með stuðningi Sameinuðu þjóðanna, sem hafa veitt óafturkræft fé til athugana í þessu efni. Ég tel mikilvægt, að samgöngumál og þá ekki sízt flugsamgöngumál verði einmitt athuguð í sambandi við þessa könnun á fjárfestingu í ferðamálum almennt. Það er gert ráð fyrir því, að þessi athugun nái einkum til fjögurra þátta ferðamála, þ. e. til byggingar heilsuhæla, til ráðstefnuþjónustu, veiðimála og vetraríþrótta. Ef væntanlegri uppbyggingu ferðaþjónustu verður dreift um landið, svo sem gera verður ráð fyrir, að hljóti að verða af ýmsum ástæðum, sem óþarft er upp að telja, þá hlýtur það að liggja í augum uppi, að nauðsynlegt er, að samgöngumál og þá ekki sízt flugmál komi inn í þessa athugun.

Það hefur verið, eins og ég sagði áður, nokkuð rætt um gerð flugvallar annars staðar á landinu en hér á Reykjavíkursvæðinu, og hafa ýmsir staðir verið nefndir í því sambandi. Mun það vafalaust gilda um þetta eins og margt annað, að hverjum sýnist sinn fugl fagur í þessu efni. Ég get ekki neitað því, að einn af þeim stöðum, sem mér finnst mikil nauðsyn, að kannað verði, hvort heppilegt sé að byggja flugvöll á, er Aðaldalur í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar er þegar flugvöllur fyrir innanlandsflug, og mér er kunnugt um, að ýmsir þeir, sem sérfróðir eru um flugmál, hafa litið til aðstöðunnar þar sem líklegrar aðstöðu fyrir millilandaflug. Ástæðurnar fyrir því, að þessi staður hefur mjög komið til greina, eru m. a. þær, að þar er flugvallargerðin sjálf talin auðveld. Þar er flugvöllur gerður á hrauni, sem er þannig, að það er tiltölulega auðvelt að jafna það, án þess þó að undirstaðan sé of veik, og gott um aðdrætti þess efnis, sem þarf að bera ofan í flugbraut. Auk þess eru veðurskilyrði þarna, eftir því sem næst verður komizt, mjög svipuð því, sem þau eru annarsstaðar um norðan- og norðaustanvert landið, þar sem helzt er gert ráð fyrir, að slíkur flugvöllur kæmi.

Þá finnst mér rétt í þessu sambandi að benda á það, að verði slíkur varaflugvöllur fyrir millilandaflug gerður, þá er líklegt, að öðrum þræði verði hann notaður í sambandi við hina almennu ferðamannaþjónustu og þá e. t. v. á þann veg, að ferðir erlendra ferðamanna yrðu skipulagðar, annars vegar komustaðurinn hér á Suðvesturlandi, brottfararstaður í öðrum landshluta eða öfugt, og eins er líklegt, að hópferðir verði skipulagðar til flugvallar, sem kynni að verða gerður t. d. í Aðaldal í Þingeyjarsýslu. Og ástæðan til þess, að ég álít, að slíkur flugvöllur væri mikilvægur í sambandi við ferðamál, er m. a. sú, að einmitt á þessu svæði í Þingeyjarsýslum og Eyjafirði eru ýmsir staðir, sem mjög eru eftirsóttir af erlendum ferðamönnum og full ástæða til að ætla, að grundvöllur sé fyrir skipulagningu á ferðum erlendis frá til þessa landshluta sérstaklega.

Á þessu svæði er nokkur vísir að ferðamannaþjónustu. Þar hafa verið byggð nokkur hótel, önnur eru í byggingu, og ferðamannastraumur á þetta landssvæði er mikill nú þegar, bæði erlendra ferðamanna og innlendra. Með bættum samgöngum yrði flugvöllur í Aðaldal tiltölulega miðsvæðis fyrir þá þjónustu, sem hægt er að veita ferðamönnum, bæði í Þingeyjarsýslu og við Eyjafjörð. Eins og er, mun að vísu vera um 1½ klst. akstur frá þessum flugvelli til Akureyrar, en með þeim vegabótum, sem fyrirhugaðar eru á þessari leið, þá munu í fyrsta lagi samgöngur þangað verða miklu öruggari en verið hefur allan ársins hring, og einnig mun leiðin styttast og verða fljótfarnari.

Ég ætla ekki að tefja hér tímann með langri ræðu um þetta mál. Ég vil endurtaka það og benda enn á, að hér er farið fram á könnun aðstæðna og þá sérstaklega með tilliti til gagnsemi og hagkvæmni. Slíka könnun tel ég sjálfsagt að gera. Ég álít, að könnunin sem slík hljóti að verða einn liður í því að gera sér grein fyrir því, hvernig við byggjum upp atvinnulífið í landinu og undir þessum sérstöku kringumstæðum þann þátt, sem að ferðamálum snýr. Ég tel það mikla og tímabæra nauðsyn, að heildaryfirlit fáist yfir framtíðarskipulagningu ferðamála okkar og heildaryfirlit jafnframt yfir framtíðarskipulagningu samgöngumála okkar innanlands og við önnur lönd. Mér sýnist nauðsynlegt, að það verði enn fremur kannað, hvernig og hvort sé auðvelt að fá erlendis frá fjármagn til slíkra framkvæmda, sem hér er farið fram á, að verði kannaður grundvöllur fyrir. Það kann vel að vera, að af öryggisástæðum þyki mikilvægt að fjármagna slíka framkvæmd, sem hér er talað um, og erlendir aðilar, og á ég þar fyrst og fremst við Alþjóðlegu flugmálastofnunina og þær stofnanir, sem taka tillit til álits hennar, veittu hugsanlega fjármagn til slíkra framkvæmda sem þessara, að einhverju leyti e. t. v. óafturkræft, en annars sem lán.

Um kostnað við flugvallargerð, ef fram færi í Aðaldal, get ég auðvitað ekki nefnt neinar tölur, en eins og ég gat um áðan, er talið, að undirbygging og gerð sjálfrar flugbrautarinnar mundi verða þar sérstaklega hagkvæm fjárhagslega.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja meira um þetta að sinni. Ég vil leyfa mér að fara fram á, að till.

þessari verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og til allshn. Ég læt svo máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Við eigum nokkrir þm. brtt. við þessa þáltill., og hún fjallar um, að tillgr. breytist þannig, að skorað verði á hæstv. ríkisstj. að láta fara fram könnun á því, hvar hagkvæmast sé að gera varaflugvöll fyrir millilandaflug. Niðurstöður þessarar könnunar verði svo lagðar fyrir Alþ. svo fljótt sem verða má. Við erum að sjálfsögðu fylgjandi því, að athugun fari fram á því flugvallarstæði, sem nefnt er í þáltill., eins og hún liggur fyrir. Við álítum, að nauðsynlegt sé, að það fari einnig fram könnun á öðrum möguleikum, sem kunni að vera fyrir hendi, og það sé skynsamlegra fyrir Alþ. að ályktа í þá stefnu, að ríkisstj. láti fara fram könnun á öllum þeim leiðum, sem þarna koma til greina, og gerður verði samanburður á þeim. Vonumst við eftir því, að hv. n. vilji taka þetta viðhorf okkar til skoðunar. Því er ekki að leyna, að það eru þm. af Austurlandi, sem flytja þessa þáltill. og þá með það fyrir augum m. a., að skoðað verði, hvort til greina komi, að slíkur flugvöllur ætti að vera á Austurlandi, á Egilsstöðum, en við viljum, að í þessu efni ráði það, sem bezt verður talið fyrir heildina.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér aðeins hljóðs vegna þess, að sá hv. varaþm., sem flutti þessa till. og þá sat hér á þingi sem varamaður minn, er nú ekki hér. Það er að sjálfsögðu frá mínu sjónarmiði eðlilegt, að ýmsir möguleikar séu athugaðir, en ég hygg, að flm. till. hafi nú einkum haft í huga þann stað, sem mest hefur verið rætt um sem varaflugvallarstæði fyrir millilandaflug, sem er Aðaldalur í Suður-Þingeyjarsýslu. En á þeim stað er talið, að sé mjög hentugt flugvallarstæði, vegna þess að þar er þannig jarðlag. Flugvöllurinn í Aðaldal er á hrauni, föstum grundvelli, og aðstaða til aðflugs er talin mjög góð. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér, því að þetta mun nú einkum hafa vakað fyrir hv. flm. till., og það hefur oft komið fram á Norðurlandi í umræðum um þessi mál og einnig umræðum hér syðra, þar sem málin hafa verið rædd af sérfróðum mönnum, að þessi staður muni vera e. t. v. öðrum stöðum hentugri í landinu sem staður fyrir varaflugvöll fyrir alþjóðaflug. Annað ætla ég ekki um þetta að segja. En ef þetta fer til n., sem ég á sæti í, sem flm. mun hafa lagt til, þá mun hún að sjálfsögðu athuga þá brtt., sem hefur komið fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 439, n. 807, 511).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. á þskj. 439, gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Norðurlandi, og leitað um hana umsagnar flugmálastjóra og flugfélaganna, sem annast millilandaflug, Flugfélags Íslands og Loftleiða. Nefndin hefur einnig kynnt sér brtt., sem fyrir lá á þskj. 511 frá nokkrum hv. þm. Niðurstaðan er sú, að n. leggur til, að till. verði samþ. með nokkurri breytingu á aðaltillögugreininni, þannig að tillögugreinin orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram könnun á því, hverja nauðsyn beri til og hvar hagkvæmast sé að gera hér á landi varaflugvöll fyrir millilandaflug. Niðurstöður könnunarinnar verði lagðar fyrir Alþ. svo fljótt sem verða má.“ Og að fyrirsögnin verði: „Till. til þál. um gerð alþjóðlegs varaflugvallar hér á landi.“

Nefndin er sammála um þessa afgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 19. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil biðja hæstv. forseta og ritarana að athuga, hvort ekki sé búið að afgreiða við fyrri umr. brtt. frá allshn. á þskj. 807, um breytingu á fyrirsögn till. En ég hef veitt því athygli, að á dagskránni er enn þá sú fyrirsögn, sem á till. var. Má vera, að það sé misminni hjá mér, að þessu hafi verið breytt við fyrri umr., frh. fyrri umr., en ef svo er ekki, þá vil ég endurtaka það, að n. leggur til einróma, að till. sé samþ. með þeirri breytingu, sem er á þskj. 807, og með breytingu á fyrirsögn till., þannig að þar sé ekki eingöngu rætt um alþjóðlegan varaflugvöll á Norðurlandi, heldur verði fyrirsögnin: „Till. til þál. um gerð alþjóðlegs varaflugvallar hér á landi.“

Forseti (EystJ): Skýringin liggur í því, að brtt. var borin upp að ófyrirsynju á síðasta fundi og þess vegna verður hún að koma fyrir aftur, og þar með skýrist málið. Þá breytist fyrirsögnin, ef samþ. verður.

ATKVGR.

Brtt. 807,1 (ný tillgr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

— 807,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 51 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 955), með fyrirsögninni:

Þál. um gerð alþjóðlegs varaflugvallar hér á landi.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Fóstureyðingar.

Á deildafundum 20. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fóstureyðingar [27. mál] (A. 27).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Á þskj. 27 hef ég flutt þáltill. þá, sem hér liggur nú fyrir hinu háa Alþingi og er á þá leið, að Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða núgildandi lög um fóstureyðingar og leggja fram frv. þess efnis á næsta þingi. Það fer ekki á milli mála, að núverandi löggjöf um fóstureyðingar er gölluð og úrelt, enda er hún gömul, frá 1935. Í grg. með till. er vikið að nokkrum ágöllum hennar og vísast til grg., en helzt sker í augu réttindaleysi þeirra kvenna, sem í hlut eiga. En hér er sem betur fer rökstuðningur óþarfur, og get ég verið fáorður, þar eð hæstv. heilbrmrh., Magnús Kjartansson, hefur tjáð mér, að forveri hans í embætti, hv. 1. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson, hafi 5. marz 1970 skipað að tilhlutan landlæknis þriggja manna nefnd til að endurskoða fóstureyðingarlög svo og gildandi löggjöf nr. 15 frá 1938, um afkynjanir og vananir. Er það að sjálfsögðu mjög mikið fagnaðarefni, að þessi mál í heild skuli þegar hafa verið tekin til endurskoðunar. Í ofangreinda nefnd voru upphaflega skipaðir þeir prófessorarnir Pétur Jakobsson, Sigurður Samúelsson og Tómas Helgason, en sú breyting hefur á orðið, að prófessor Sigurður hefur horfið úr nefndinni sökum annríkis, en Guðrún Erlendsdóttir lögfræðingur tekið sæti hans. Ég vil beina því til núv. heilbrmrh., hvort ekki væri rétt að fjölga um einn eða tvo í nefndinni, þannig að leikmenn úr hópi kvenna gætu látið að sér kveða. Sérfræðingar eru að sjálfsögðu nauðsynlegir, en fóstureyðingar, afkynjanir og vananir eru ekki eingöngu læknisfræðilegs eðlis, heldur og varða þau almennan rétt þegnanna í þjóðfélaginu og réttindi kvenna og karla til sjálfsákvörðunar í þessum efnum.

Mér hefur skilizt, að störf nefndarinnar séu fremur skammt á veg komin. Að vísu er rétt að kasta ekki höndum til svo veigamikillar lagasetningar sem hér um ræðir, en engu að síður vænti ég þess, að heilbrmrh. muni búa svo um hnútana, að nefndinni reynist unnt að ljúka störfum eins fljótt og kostur er.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að till. þessari verði vísað til allshn. og sýni hið háa Alþingi þannig áhuga sinn á málinu og vilja, enda er gert ráð fyrir því í till., að endurskoðun fóstureyðingarlaganna verði hraðað, svo að frv. geti legið fyrir næsta þingi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Af því að þetta mikilvæga mál hefur hér borið á góma á hinu háa Alþingi, langar mig til að leggja örfá orð í belg. Þessi till. er að vísu ástæðulítil, þar eð upplýst er, að nefnd á vegum rn. vinnur nú að endurskoðun þessara laga, sem um fóstureyðingar fjalla. Það eru nú í raun og veru tvenn lög, lög um fóstureyðingar og lög um, að unnt sé að koma í veg fyrir í viðeigandi tilfellum, að fólk geti aukið kyn sitt. Ákvæði um fóstureyðingar eru í hvorum tveggja þessum lögum. Nú er það svo, að oft er á það bent, að full ástæða sé til þess, að í lögunum sé rýmkuð heimild til að fá framkvæmda fóstureyðingu af félagslegum ástæðum. Margir halda, að þessi heimild sé mjög lítil og jafnvel ekki fyrir hendi í íslenzkum lögum, en hún er þó í íslenzku fóstureyðingarlögunum. Þar er heimilt að taka tillit til félagslegra ástæðna móðurinnar, barnafjölda, efnahags og auk þeirra annarra ástæðna, sem viðurkenndar eru í lögunum, heilsufarsástæðna, siðferðilegra ástæðna o. fl., sem kemur til. Það, sem ég vildi láta hér koma fram og mér finnst verulegu máli skipta í þessu tilliti, er, að þær heimildir, sem nú eru þegar fyrir hendi, séu í raun og veru framkvæmanlegar. Því er stundum haldið fram, að heimild til fóstureyðingar sé mjög illframkvæmanleg á okkar landi, og virðist mér það vera af því, að kona, sem hefur í höndum leyfi til fóstureyðingar, getur átt í erfiðleikum með að fá hana framkvæmda. Ég skal ekki segja, hvað hæft er í þessu, en víst er um það, að hvergi er í lögunum lögð nein skylda á lækni eða tiltekna heilbrigðisstofnun til þess að framkvæma fóstureyðingu, sem þegar hefur verið leyfð af þar til bærri nefnd. Þetta atriði finnst mér skipta verulegu máli og þurfi að athuga, hvort ekki sé unnt að koma inn í löggjöfina.

Annars vil ég, fyrst á annað borð er rætt um þetta mál, taka fram, að þótt ég sé fylgjandi því, að heimild til fóstureyðinga af félagslegum ástæðum sé í lögunum og taka beri tillit til ýmiss konar aðstæðna, heilsufarslegra, andlegra og líkamlegra, þá er ég mótfallin því, að svo nefnd frjáls eða opin heimild til fóstureyðinga sé í íslenzkum lögum. Ég held einmitt, að það sé nauðsynlegt, að heimild til fóstureyðingar sé háð sérstöku leyfi, það þurfi nokkuð fyrir því að hafa að fá leyfi til fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, því að kona, sem

verður þess áskynja, að hún er barnshafandi og á í einhverjum félagslegum örðugleikum, sem kannske stundum eru tímabundnir, veit e. t. v. ekki, hvaða fyrirgreiðslu hún getur fengið hjá samfélaginu til uppeldis barns síns, og henni hættir til í örvæntingu sinni að óska þess, að fóstureyðing sé framkvæmd. Og við vitum ekki, hvaða afleiðingar það kann að hafa fyrir konu, sem lætur framkvæma slíka aðgerð, að hugsa til þess eftir á, að hún hafi látið eyða því lífi, sem með henni hefur kviknað, og eiga e. t. v. ekki kost á því síðar að eignast annað barn. Þetta er, að mér finnst, mjög alvarlegur hlutur. Eftir því sem ég hef leitað mér upplýsinga um í heilbrmrn., þá held ég, að í gangi sé mjög merkileg rannsókn einmitt til þess að renna stoðum undir það, hversu víðtæka heimild þarna getur verið um að ræða. Mér skilst, að fram fari athugun á afdrifum og ýmsum atriðum í lífi þeirra kvenna, sem þegar hafa fengið leyfi til og látið framkvæma fóstureyðingu. Slík rannsókn hlýtur að taka alllangan tíma, virðist mér. Við höfum svo litla reynslu við að styðjast í þessum efnum. Ég vil sérstaklega taka fram, að ég óttast það fyrirkomulag, sem margir eru hrifnir af og tíðkast sums staðar með öðrum þjóðum, að heimild til fóstureyðingar sé mjög rúm og jafnvel alveg opin. Segja má, að það hafi ekki verið svo lengi í gildi slík heimild meðal annarra þjóða, að við vitum nægilega, til hvaða þróunar það er að leiða og getur leitt. Þess vegna hygg ég og vil leggja áherzlu á, að við förum mjög varlega í þessum efnum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, að ég styð þessa till. af heilum hug og geri mér ljóst, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Það, sem ég vildi vekja athygli hv. þd. á, er það, að hér er um mikinn vanda að ræða. Víða um heim eru þessi mál á algeru tilraunastigi og þær þjóðir, sem hafa farið út í það að rýmka mjög heimild til fóstureyðinga, hafa gjarnan snúið til baka á þeirri braut. Hér í grg. er minnzt á Svía sem mjög frjálslynda í þessum efnum, og það er rétt. En Svíar eru búnir að vera með sína löggjöf í fimm ár í endurskoðun, og þeirri endurskoðun er ekki lokið enn. Enda þótt menn vilji fúslega viðurkenna rétt konunnar til slíkrar ákvörðunar, þá verður að taka tillit til þess, að aðstæður eru oft óeðlilegar, þegar slík ósk er borin fram. Það er ekki óeðlilegt, að konu, sem í fyrsta sinn verður barnshafandi, verði hugsað til þeirra örðugleika, sem fylgja meðgöngutímanum. Það er ekki óeðlilegt, að hún sé haldin kvíða við að þurfa nú að fara að annast ungbarn, kvíða við veikindi barnsins og ótalmargt fleira, og þar að auki þarf hún að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, hver áhrif slík breyting á högum hennar hefur á allt hennar félagslega líf. Þegar þessi hugsun verður áleitin, er ekki óeðlilegt, að konan leiti þessara ráða. En þá er úr vöndu að ráða fyrir þá, sem eiga þarna um að fjalla. Þetta getur, eins og komið hefur fram hér, algerlega verið tímabundinn kvíði, tímabundnir erfiðleikar. Og þegar það kemur svo til viðbótar, að læknarnir, sem þetta framkvæma, vita, að þeir eru að skemma heilsu konunnar, þá er ekki óeðlilegt, að mörgum hrjósi hugur við að hafa þetta frjálsræði allt of mikið. Það er viðurkennt, að þessu fylgja dauðsföll, en það er þó öruggara, að þessu fylgja sjúkdómar í margfalt ríkara mæli, þ. e. að margar þessar konur verða meira og minna veikar vegna þessarar aðgerðar. Og nokkur fjöldi þeirra getur ekki orðið barnshafandi á ný, enda þekkjast þau dæmi mjög víða, að konur eignast aðeins eitt barn og eftir þá fyrstu barneign eru þær óhæfar til að eignast barn aftur. Allt þetta verður að koma í huga þeirra manna, sem um þessi mál fjalla, og það er því ekki ástæðulaust, þó að hér sé nokkuð úr vöndu að ráða.

Íslenzka löggjöfin tekur sannarlega tillit til konunnar, í raun og veru til konunnar fyrst og fremst. Það eru hennar sjúkdómar, sem ráða um það, hvort fóstureyðing er heimiluð, og það eru líka aðstæður hennar á heimilinu. Eigi hún við verulega fátækt að búa, eigi hún við það ástand að búa að þurfa að stunda aðra alvarlega sjúka á heimilinu, sé hún búin að fæða mörg börn, þá er heimilt að framkvæma þetta. Íslenzka löggjöfin er íhaldssöm í því efni, að hún vill láta eyða fóstri innan átta vikna meðgöngu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Þetta byggist á þeim staðreyndum, að sýkingarhlutfallið eykst svo mjög eftir því sem vikunum fjölgar. Og ég held, að það sé ekki víða, sem fóstureyðing er framkvæmd, þegar 20 vikur eru liðnar af meðgöngutíma. A. m. k. er það víst, að þeir, sem reynt hafa, telja, að því fylgi mjög mikil sýkingarhætta. Þó að viðurkenna verði, að hún hafi að vísu farið minnkandi nú með þeim lyfjum, sem fyrir hendi eru, liggur þó sú staðreynd fyrir, að það er oft ekki hægt að komast hjá því, að varanlegur skaði hafi verið gerður konunni.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 42, n. 296).

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur tekið til athugunar till. þá, sem er á þskj. 27, um fóstureyðingar, og komizt að niðurstöðu í nál., sem er svo hljóðandi:

„Nefndin hefur tekið málið til athugunar og umr. og leitað umsagnar nokkurra aðila. Þar sem fram hefur komið, að stjórnskipuð nefnd vinnur nú að endurskoðun laga um fóstureyðingar, leggur nefndin til, að málinu verði vísað til ríkisstj."

Í þessu sambandi vil ég bæta því við, að allshn. leitaði umsagna hjá Kvenfélagasambandi Íslands, landlækni og þeirri nefnd, er vinnur að endurskoðun laga um fóstureyðingar og vananir, og þykir mér rétt í því sambandi að lesa upp umsögn frá Pétri Jakobssyni prófessor, sem skrifar undir nál. frá hinni stjórnskipuðu nefnd. Í þessu bréfi Péturs Jakobssonar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur mjög mikilvægt við endurskoðun laganna að kanna, hvernig núgildandi lög hafa reynzt í framkvæmd. Vinnur nefndin því að söfnun ítarlegra gagna um fóstureyðingar og vananir, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum hér á landi, í því skyni að athuga, hvernig konu vegnar heilsufarslega og félagslega eftir þessar aðgerðir. Hefur nefndin snúið sér til kvenna, sem gengizt hafa undir fóstureyðingu og/eða vönun á ákveðnu tveggja ára tímabili á fæðingardeild Landsspítalans, og beðið þær að miðla af

reynslu sinni í þessu efni í viðtali hjá félagsráðgjafa og læknisskoðun. Enn fremur kynnir nefndin sér að sjálfsögðu reynslu annarra þjóða á þessu sviði. Störfum nefndarinnar verður hraðað eftir föngum, og hefur nefndin fullan hug á að vinna að frjálslegri löggjöf."

M. ö. o., niðurstaðan er sú, að þessu máli verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 296 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 32 shlj. atkv.

2. Málefni barna og unglinga.

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um málefni barna og unglinga [47. mál] (A. 48).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10., 12. og 13. fundi í Sþ., 4., 9. og 11. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem fram kemur í upphafi þeirrar þáltill., sem er á þskj. 48 og útbýtt var 28. okt. s. l., og í grg. till., sem hér er flutt, er okkur flm. ályktunarinnar kunnugt um, að um þessar mundir er nefnd, sem skipuð var árið 1967 af heilbr.- og trmrn., sem þá var að vísu í tveimur rn., félags- og heilbrmrn., til þess að gera till. um úrbætur í málefnum aldraðra, um það bil að skila áliti til rn. Þess er að vænta, að till. nefndarinnar birtist í frv.-formi frá ríkisstj. innan ekki langs tíma eftir að það hefur hlotið þar verðuga athugun. Með hliðsjón af þessari vitneskju þykir okkur flm. eðlilegt og sjálfsagt, að málefni barna og ungmenna fái hliðstæða athugun, sem væntanlega gæti framkallað nauðsynlegar endurbætur á þeim. Þessi nauðsyn verður enn ljósari, þegar tekið er tillit til þeirra rannsókna, sem fram hafa þegar farið á vegum ýmissa bæjar- og sveitarfélaga að undanförnu á hinum ýmsu tegundum barnaheimila og þeirri þjónustu- og leiðbeiningarstarfsemi, sem nauðsynlegt er að reka í sambandi við þau. Sé í þessu sambandi tekið sérstakt mið af athugun Reykjavíkurborgar, er augljóst, að enn mun langur tími líða, þar til umtalsverðar úrbætur fást um byggingu slíkra heimila án þess að til komi ríkisstyrkur við sjálfan stofnkostnaðinn, þ. e. við byggingu heimilisins og búnað þess. Mun þó Reykjavíkurborg hafa gert stærstu átökin í þessum efnum til þessa. Til þess að slíkur ríkisstyrkur eigi sér stað, mun eðlilegt, að hið opinbera hafi áður forgöngu um athugun á þörf hinna ýmsu bæjarfélaga fyrir þessa nauðsynlegu þjónustu, fyrir foreldra og yngstu kynslóðina í hinum ýmsu bæjar- og sveitarfélögum. Niðurstaða þeirrar könnunar, sem till., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir, yrði síðar notuð til hliðsjónar við ákvörðun um, hver hluti ríkisins skuli vera og í hvaða röð bæjarfélögum verði úthlutað stofnstyrkjum til slíkra framkvæmda.

Óþarft er að rekja í löngu máli nauðsyn á skipulögðu framhaldi þessara bygginga, svo samsnúin sem þau eru breyttum þjóðfélagsháttum, þá ekki síst í atvinnumálum og félagslegum breytingum þeirra eldri, þ. e. foreldranna, á undanförnum áratugum. Í því efni nægir að benda á, að ungu og dugmiklu fólki, sem vill leggja á sig vinnu, sem býðst, eru nánast allar bjargir bannaðar til að notfæra sér þessa vinnu, hafi það eignazt börn, áður en heimili var fjárhagslega upp byggt, þ. e. þak var komið yfir höfuð fjölskyldunnar, að ekki sé talað um að létta á skuldum í því sambandi. Enn þá er þó lakari aðstaða einstæðra foreldra, karls eða konu, sem bundin eru við heimili vegna barns eða barna sinna. Ástæðurnar eru margs konar og óþarft að rekja hér. Það er nauðsynlegt og gott að auka opinberar tryggingar til þessa fólks, og það hafa verið gerðar tilraunir í þá átt, en það dregur ekki úr nauðsyn þess, að þjóðinni er brýn þörf á að nýta allt það vinnuafl, sem kostur er á í hinum mismunandi starfsgreinum þess, og má þá m. a. benda á heilbrigðisþjónustuna. Tilkoma ríkisins eða lagasetning, sem ekki er til í dag, um þátttöku í stofnkostnaði þessara heimila, er því ekki aðeins nauðsynleg til að tryggja, að fleiri byggingar verði byggðar, heldur og einnig til þess, að möguleikar skapist á því að lækka framlag eða hlutdeild aðstandenda barnanna, sem of mörgum reynist ofviða að bera, þótt þeir séu svo lánsamir að eiga kost á rúmi fyrir barn sitt eða börn á þeim heimilum, sem fyrir eru í landinu. Það gefur því auga leið, að hlutdeild ríkisins í sjálfum stofnkostnaðinum, sem enn þá er ekki til, og e. t. v. aukin þátttaka þess í rekstrarkostnaði slíkra heimila á að létta útgjaldabyrði bæjar- og sveitarfélaganna, sem að sjálfsögðu á að koma fram í lækkuðu framlagi forráðamanna þeirra barna, er vistar njóta á umræddu heimili. En þau vistgjöld hafa á undanförnum árum verið um og yfir helmingur kostnaðar eða frá 48—56%. Nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa í skipulagningu og rekstri hinna ýmsu greina barnaheimila langa og haldgóða reynslu, sem sjálfsagt má margt gott af læra, og væri af þeim ástæðum lærdómsríkt fyrir þá aðila, sem athugun þessi yrði falin, að kynna sér þá reynslu, a. m. k. þau atriði, sem geta átt við íslenzkar aðstæður. Fyrstu almennu áhugamannafélögin um þessi efni á Norðurlöndum munu hafa verið stofnuð á árunum um og eftir heimsstyrjöldina, og enn þá eldri slík félög eru til þar eða allt frá árinu 1837, er fyrst voru mynduð samtök um að hjálpa börnum, sem höfðu orðið brotleg við hin borgaralegu lög og hlotið refsingu fyrir. Af því, sem að framan er sagt, má öllum ljóst vera, að brýna nauðsyn ber til, að þessi málaflokkur félagslegra framfara fái rækilega og gaumgæfilega athugun, sem síðan mætti reisa á framfarastig okkar í þessum málum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til, nema frekari tilefni gefist, að hafa um þessa till. fleiri orð. Hún skýrir sig að öðru leyti sjálf. En ég óska þess, að að loknum umr. um till. á þessum fundi, verði málinu frestað og vísað til hv. allshn.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þegar fjórir hv. þm. Alþfl. með fyrrv. félmrh. í broddi fylkingar flytja till. til þál. um, að könnuð verði þörf landsmanna á auknum barnaheimilisbyggingum, þá liggur beinast við að skilja þá till. sem beiðni um úttekt á dagheimilismálum, eins og þau standa nú, eftir meira en áratugs valdaskeið Alþfl. Ég get ekki dulið þá skoðun mína, að með slíkri beiðni sýna þessir hv. þm. meira hugrekki en ég hefði í þeirra sporum talið skynsamlegt. Ég hef kvatt mér hljóðs til að reyna að koma til móts við flutningsmenn till. að þessu leyti, að svo miklu leyti sem það er unnt, en eins og till. sjálf er ljósastur vottur um, getur sú úttekt ekki verið tæmandi, einfaldlega vegna þess, að fyrrv. ríkisstj. tók engri áskorun um að sinna þessum málum. Þær athuganir, sem gerðar hafa verið, eru frá einkaaðilum komnar, ekki stjórnskipuðum nefndum. Sannleikurinn er sá, að hörmungarástandið í dagheimilismálum er orðið svo langvinnt, vanræksla fráfarandi ríkisstj. í þessum málum svo gegndarlaus, að skaðinn verður seint eða aldrei bættur.

Á síðasta áratug var á þrem þingum lagt fram frv. hér á hæstv. Alþ. um aðstoð ríkisins við byggingu og rekstur almennra barnaheimila og um fóstruskóla. Flm. voru í öll skiptin tveir þm. Alþb., þeir Einar Olgeirsson og hv. 10. landsk. þm., Geir Gunnarsson. Árið 1966, í þriðja skiptið sem frv. kom fram, og í það skiptið komst það lengst áleiðis hér á þingi, lögðu fulltrúar Alþb. og Framsfl. í menntmn. til, að það yrði samþ., enda höfðu þau kvennasamtök, sem fengu frv. til umsagnar, eindregið hvatt til þess. Frv. dagaði uppi. Af einhverjum ástæðum megnaði það ekki að vekja þann áhuga þm. Alþfl., sem nú er nýkviknaður. Af sanngirnisástæðum ber þó að taka fram, að þrír af fjórum flm. þessarar till., sem nú er til umr., áttu þá ekki sæti á Alþ., en hið sama verður ekki sagt um hv. 1. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson.

Eins og nú standa sakir hrannast nöfnin upp á biðlistum dagheimila og leikskóla hér í borg. Í marz síðastliðnum voru 252 börn á biðlista dagheimilanna. Í septemberlok var talan komin niður í 208, en frá því að sú talning var gerð hefur enn fjölgað á biðlistum og fjölgar jafnt og þétt samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér hjá félagsmálaráðgjafa Barnavinafélagsins Sumargjafar. Þann 1. sept. var svo ástatt hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, að 65 börn biðu eftir því, að einhver einkaheimili gætu tekið þau að sér, en þá átti Félagsmálastofnunin völ á níu heimilum, sem tjáðu sig fús til að annast þessi börn. Níu heimili og 65 börn á biðlista, enda var Félagsmálastofnuninni um megn að leysa þessi vandkvæði.

Svo sem fram hefur komið í dagblöðum nýlega, telur Fóstrufélagið, að þetta form dagvistunar hafi ekki náð tilgangi sínum. Á slíkum heimilum verða aðstandendur barnanna að greiða fullt gjald fyrir, og það liggur í augum uppi, að einstæðri móður í láglaunastarfi með kannske 15 000 kr. á mánuði er um megn að greiða 4 000—4 500 kr. á mánuði fyrir dagvistun barnsins. Enn er ótalin hin merka könnun Rauðsokkahópsins í Kópavogi, en niðurstöður hennar voru kynntar á síðastliðnu vori. Sú könnun sýndi, að dagheimilispláss vantar fyrir 250 börn þeirra mæðra, sem þegar vinna úti, eða a. m. k. fimm dagheimili, ef miðað er við fullan vinnudag. Ef taldar eru með mæður, sem gjarnan vildu vinna utan heimilis, ef þær hefðu örugga gæzlu fyrir börn sín, vantar 590 pláss til viðbótar í Kópavogskaupstað. Þeirri könnun, sem Reykjavíkurborg efndi til á síðastliðnu vori, er ekki enn lokið, en niðurstöðu mun að vænta innan skamms.

Tölur af biðlistum segja þó ekki nema hálfa sögu, enda þótt þær segi ljóta sögu. Á biðlista komast aðeins þau börn, sem eru á framfæri einstæðs foreldris, eða þau, sem eiga föður við nám. Giftar mæður eiga þess engan kost að fá inni á dagheimilum fyrir börn sín, nema þá að þær séu að vinna fyrir námskostnaði eiginmanns síns. Dagheimilin hafa þó gert eina undantekningu í þessum efnum. Giftar fóstrur í starfi hafa fengið inni á dagheimilum fyrir börn sín, en það lýsir kannske bezt því ófremdarneyðarástandi, sem nú ríkir, að stjórn Sumargjafar greip til þess örþrifaráðs á síðastliðnu hausti að segja þessum börnum upp plássi og reyna fremur að vista þau á leikskólum til þess að rýma dagheimilisplássin fyrir öðrum börnum, sem samkvæmt reglunum áttu skýlausari rétt. Frá þessu ráði var þó horfið vegna eindreginna mótmæla Fóstrufélagsins. Þessi ráðstöfun hefði orðið til þess, að fóstrurnar hefðu orðið að segja upp starfi sínu, og það liggur í augum uppi, að þegar stjórn Sumargjafar kallar það yfir sig af ýtrustu neyð að missa ómetanlega starfskrafta, þá er ástandið alvarlegra en nokkrar tölur geta gefið til kynna. Þetta dæmi er óvenjulega glöggt, en í því kristallast þau viðhorf, sem Alþfl. hefur lagt blessun sína yfir á undanförnum áratug, að menntun og starfskraftar kvenna verða allt í einu einskis virði fyrir þjóðfélagið um leið og þær ganga í hjónaband, enda þótt hv. 1. landsk. þm. virðist nú kominn á aðra skoðun af ræðu hans að dæma hér áðan, og er það vissulega ánægjulegt.

Stefnan, sem ríkt hefur fram að þessu í dagheimilismálum, hefur beinlínis virt að vettugi jafnan rétt karla og kvenna til náms og starfs, og er þá enn órædd sú hlið, sem snýr að börnunum sjálfum. Það er löngu viðurkennt í þeim menningarlöndum, sem næst okkur eru, að barnaheimili eru hvorki ölmusa eða geymsla, þar sem börn eru geymd eins og bílar í bílskúrum eða fé í rétt, heldur mikilvægar uppeldisstofnanir. Þar er undirstaða lögð að félagslegum og tilfinningalegum þroska þeirra. Þar læra þau að umgangast sér óskylt fólk og taka tillit til annarra, sem koma kannske úr gjörólíku umhverfi, og þar er grundvöllurinn lagður að menningarlegum áhuga með vísum, kvæðum og söng. Allt hlýtur þetta að leiða til þess, að meira jafnræði verði með börnum innbyrðis, er þau síðar setjast á skólabekk.

Herra forseti. Ég ætla ekki að verja lengri tíma til þess að tíunda ástandið eins og það er nú í barnaheimilismálum, sérstaklega þar sem fyrir liggur í grg. þessarar till. viðurkenning flm. á því, að þar hafi ekki verið unnið af myndarskap, en í henni stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Flm. till. þykir af þessum ástæðum brýn nauðsyn á því, að hið opinbera, þ. e. ríkið, láti fara fram heildarendurskoðun á þörf landsmanna í þessum efnum, með hliðsjón af margendurteknum kröfum almennings um að koma betur til móts við þarfir æskunnar í landinu í þessum efnum."

Ég tel mig geta fullvissað flm. um það, að þegar liggja fyrir skýlausar yfirlýsingar núv. ríkisstj. um, að hún

muni koma betur til móts við þarfir almennings í þessum efnum en gert hefur verið fram að þessu. Í málefnasamningi ríkisstj. er skýrt kveðið á um, að sett verði löggjöf um hlutdeild ríkisins í rekstri og byggingu barnaheimila og séð fyrir fullnægjandi menntunaraðstöðu starfsliðs þeirra. Þá er einnig tekið fram í fjárlagafrv. fyrir árið 1972, að löggjöf um ríkisframlag til dagheimila verði lögð fyrir næsta Alþ. Það liggur í augum uppi, að slík löggjöf verður ekki til án þess, að nefnd starfi að undirbúningi hennar og taki um leið mið af þörfum landsmanna, giftra sem ógiftra. Ég tel mig hafa rétt til að upplýsa það, að hæstv. menntmrh. hefur þegar gefið þessum málum gaum. Ég hlýt að líta á þessa till. hv. þm. Alþfl. sem stuðning við þessa ákvörðun ríkisstj., og persónulega fagna ég þessum stuðningi, enda þótt ég geti ekki leynt þeirri skoðun minni, að liðsinni Alþfl. hefði verið vel þegið fyrr en nú.

Ég nefndi málefnasamninginn áðan. Í umr. um annað mál, sem hér var á dagskrá, átaldi hv. 1. landsk. þm. gamla og reynda þm. fyrir að hirta nýja þm. fyrir að sækja mál sín í málefnasamning ríkisstj. Hann lagði hins vegar ekkert bann við því, að nýir þm. áteldu gamla og reynda þm. fyrir það sama. Mér er þó ekki mest í mun að gera aths. við þessa till. vegna þess, að ákvæði um málið standi í málefnasamningnum. Allir eiga sína Bibliu, og það hefur fyrr hent, að menn hafi orðið kaþólskari en páfinn. Öllu alvarlegri er sú hlið, sem að almenningi snýr. Hér er um málefni að ræða, sem bæði ég og fjöldi annarra hef á undanförnum árum reynt að vekja athygli stjórnvalda á, að þyrftu úrlausnar við. Við höfum talað fyrir daufum eyrum, og vinnubrögð af þessu tagi, þegar þessir sömu menn koma nú fram örfáum mánuðum eftir að þeir hafa haft vald til þess að koma til móts við kröfur almennings og lagfæra þetta, verða einvörðungu til þess að rýra þá virðingu fyrir stjórnmálaflokkum og störfum Alþ., sem við viljum þó gjarnan halda uppi.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil nú fagna flestu því, sem hv. þm. hafði um þessa þáltill. okkar að segja. Ég horfi gjarnan yfir það, sem ég tel aukaatriði í hennar máli, eins og upphaf ræðunnar, að við Alþfl.-menn værum sérstakir kjarkmenn. Ég þakka þá yfirlýsingu og vona, að þm. verði ekki fyrir vonbrigðum í þeim efnum, á meðan hún á samleið með okkur hér á þingi, en ýmis önnur atriði mundi ég vilja gera að umtalsefni.

Það virðist vera föst uppistaða hér í ræðum hv. stjórnarliða að benda á loforðalistann, — ég nefni hann einu sinni því réttnefni, — sem núv. stjórnarflokkar gerðu á milli sín, þegar þeir settust að völdum, þar megi finna einhver orð um þetta efni. Í umr. um annað mál hér á undan hefur verið gerð grein fyrir skoðun minni á því, og hún er óbreytt í þessu tilefni. Þó að með loðnu orðalagi megi finna einhverja slíka hluti nefnda í þessum loforðalista, þá hefur það ekki sannfært mig um, að ríkisstj. geri eitthvað raunhæft í þessum efnum. Ég hef nefnilega átt samleið með þeim stjórnmálaflokkum, sem nú sitja á hv. Alþ., á undanförnum árum, og ég hef ósköp vel séð, hvernig þeir hafa staðið að málefnatilbúnaði þar. Þeir hafa líka allir átt sæti í öðrum ríkisstj. á undan og haft aðstöðu til að koma fram málum með meirihlutavaldi á Alþ. En það hefur staðið á þeim að framkvæma það, þegar þeir hafa valdaaðstöðuna.

Nú fer það ekkert á milli mála meðal okkar þm., að menn eru kannske svona heldur frjálsari í samningu till. og frv., þegar þeir eru í stjórnarandstöðu. Það er a. m. k. reynsla okkar frá síðasta kjörtímabili, og það var ekkert sjaldan, sem það kom fyrir, að þegar ríkisstj. eða tiltekin rn. voru að ljúka undirbúningi mála, þá birtist hér á hv. Alþ. till. hliðstæðs efnis, þannig að ég ítreka það, sem ég sagði í minni ræðu, að vísu um nokkuð óskylt mál, hér áðan, að þessi loforðalisti, hann fær okkur ekki til að leggja upp laupana og hætta að gegna okkar þingstörfum. Þó að slíkar till. sem þessi væru ekki til annars en að herða á núv. ríkisstj. að framkvæma þessi loðnu loforð sín, þá hefði till. þegar náð þeim árangri, sem til er ætlazt.

Nú hafði þm. ekkert að athuga við þáltill. sjálfa og staðfesti í meginefni máls síns nauðsyn á þessari rannsókn. Hvort það var að kenna fyrrv. vinstri stjórn, síðustu viðreisnarstjórn eða ríkisstj. undanfarinna áratuga, það verður sagan að sanna. Ég held, að okkur færi það bezt að leggja ekki neinn dóm þar á.

En það var ein tiltekin tala, sem þessum kjörkuðu Alþfl.-mönnum var kennt um, sem þm. minntist á. Ég minnist þess ekki frá því að Kópavogskaupstaður hlaut sín réttindi, að honum hafi verið stjórnað af Alþfl.-mönnum. Ég held, að þeir séu stjórnmálalega skyldari hv. þm. en t. d. mér, sem á að hafa aukizt kjarkur við að hafa farið úr fyrrv. ríkisstj. Að við séum kaþólskari en páfinn og annað slíkt tel ég nú minni háttar atriði í ræðu og óþarft að eyða orðum að því, en í umræddum kaupstað virtust nú flokksbræður hv. þm. ekki hafa staðið betur að hlutunum, úr því að þar vantaði 590 pláss.

Ég held, að það hafi ríkt töluverður misskilningur um efni þáltill. í ræðu hv. þm., því að meginbakgrunnurinn að flutningi þessarar till. er sá, að ríkið hefur til þessa styrkt flestar tegundir barnaheimila, þó ekki allar, eins og þm. gat réttilega um, en vandamálið hefur ekki á öllum tímum verið sjálfur reksturinn, þó að ég skuli sízt úr honum draga og ekki efast um tölur þm. í því efni. En vandinn hefur verið sá, að ríkið hefur ekki styrkt byggingu heimilanna. Ríkið hefur ekki styrkt sjálfan stofnkostnaðinn eða komið þar til og þess vegna haft svo lítið um heildarskipulagningu þessara mála að segja. Með tilkomu ríkisstyrks eykst hlutur ríkisins eða hlutdeild í því að skipuleggja eða hafa hönd í bagga með skipulögðum byggingum í þessu efni, og heilsusamlegar byggingar í þessu efni eru grunnurinn að öllu öðru starfi. Það er ákaflega erfitt, þó að það hafi verið reynt, bæði hér í Reykjavík og utan Reykjavíkur, að aðhæfa gömul hús, sem ekki voru byggð til þessara hluta, slíku þjónustustarfi. Af því er mjög slæm reynsla. Ég mundi þess vegna segja, að ég held, að okkur greini ekki efnislega á um nauðsyn þess, að þessi álvktun sé framkvæmd. Þörfin er fyrir hendi og síaukinn skilningur á því, hygg ég, meðal allra stjórnmálaflokka, að ríkið hafi hönd í bagga með sjálfum byggingunum. Grundvallaratriði, raunverulegt grundvallaratriði er, að til komi framlag ríkisins um sjálfan stofnkostnaðinn.

Ég ítreka svo það, sem ég sagði í upphafi, að ég fagna jákvæðum undirtektum þm. um þáltill., smærri atriði og orðaleik hirði ég ekki um að tína til, enda óþarft.

Aðalatriðið fyrir okkur báðum hlýtur að vera, að málið nái fram að ganga í einhverri mynd og að hið opinbera sýni þessu aukinn skilning.

Umr. frestað.

Á 15., 16. og 17. fundi í Sþ., 18., 23. og 25. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 48, n. 371).

Frsm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 48, um málefni barna og unglinga, en till. var vísað til n. 30. nóv. s. l. Á meðan n. hafði till. til athugunar, ákvað hæstv. menntmrh. að skipa nefnd til að athuga þau mál, sem till. fjallar um, en tilkynnt var um skipun þessarar nefndar 22. des. s. l. Með hliðsjón af þessari nefndarskipun taldi allshn. eðlilegt, að umræddri þáltill. yrði vísað til ríkisstj. En þessi þáltill. er um það að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á:

1. Hver þörf landsmanna er á auknum barnaheimilabyggingum.
2. Hver hlutur ríkisins í stofnkostnaði slíkra heimila á að vera.

Ég vil geta þess, að n. leitaði umsagnar aðila, sem þetta mál snertir, svo sem stjórnar Barnavinafélagsins Sumargjafar, sem var því meðmælt, að umrædd þáltill. yrði samþ., og sagðist „fagna hverri þeirri till., sem ætla má, að verði til góðs í málefnum barna og unglinga", eins og segir orðrétt í umsögn stjórnar félagsins. Sömuleiðis sagði Barnaverndarráð Íslands í þeirri umsögn, sem það lét í té, að það teldi till. athyglisverða og æskilegt væri, að umrædd athugun færi fram.

Fræðslumáladeild menntmrn. segir svo orðrétt um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og kunnugt er, er til löggjöf um fræðslu barna og ungmenna allt frá 6 ára aldri, og endurskoðun þeirra og ýmissa annarra skóla hefur verið á döfinni um nokkurt skeið. Hins vegar er engin heildarlöggjöf um barnaheimili og aðrar uppeldisstöðvar fyrir börn innan skólaaldurs, þ. e. upp að 6—7 ára aldri. Virðist mér því, að með tilliti til breyttra aðstæðna og atvinnuhátta sé rétt, að athugun verði látin fara fram á þeim meginatriðum, sem þáltill. fjallar um. Leiðir sú athugun væntanlega í ljós, hvort þörf er sérstakrar löggjafar um framangreint atriði, til m. a. liðsinnis við stofnun og rekstur barnaheimila o. fl."

Þannig hljóðar hluti af umsögn fræðslumáladeildar menntmrn. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, en það er till. allshn., að þessari umræddu þáltill. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 371 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 38 shlj. atkv.

3. Landgræðsla og gróðurvernd.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um landgræðslu og gróðurvernd [84. mál] (A. 94).

Á 17. og 18. fundi í Sþ., 25. og 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem við hv. 3. landsk. þm. flytjum á þskj. 94, fjallar um eitt hið mesta mál, sem úrlausnar bíður með þjóð vorri. Má raunar segja, að gróðureyðingunni megi jafna til þess, að eyddust fiskistofnar í hafinu umhverfis landið. Eins og segir í grg. fyrir till., hefur gróðureyðingin verið um aldaraðir alvarlegasta vandamálið á sviði náttúruverndar hér á landi. Um stærð þess vandamáls vísast til þess, sem segir í grg. og haft er eftir sérfróðum mönnum um þessi efni. Óþarft er raunar að hafa hér um mörg orð, þar sem öllum hv. þm. mun fullljós knýjandi nauðsyn þess, að hafnar séu stórfelldar framkvæmdir í landgræðslu og gróðurvernd.

Fjórir eru þættir þessa máls og allir samtengdir, sem okkur flm. sýnist, að beri að leggja höfuðáherzlu á. Í fyrsta lagi: Myndun einnar heildarstjórnar þessara mála með skipan fimm manna landgræðslunefndar, sem við svo nefnum. Á það skal lögð áherzla, að með þessu er ekki verið að lýsa vantrausti á þær stofnanir, sem mikil og verðmæt störf hafa unnið á þessum vettvangi á liðnum árum. En augljóst virðist, að stórvirki verða ekki unnin í þessum efnum nema undir einni heildarstjórn. Þá forustu ber Alþ. að veita. Um það má auðvitað deila, hvort skipan í landgræðslustjórn skuli vera með þeim hætti, sem við flm. leggjum hér til, að hver þingflokkur tilnefni mann í nefndina. Þó virðist þessi skipan mála í hæsta máta eðlileg, eigi Alþ. á annað borð að veita þessa forustu, sem við teljum sjálfsagt.

Í öðru lagi leggjum við áherzlu á, að lokið verði rannsóknum á gróðri landsins og gróðureyðingu og þar með gerð heildarúttekt á ástandinu, eins og það nú er. Unnið hefur verið að víðtækum rannsóknum á gróðri landsins til þess að ákvarða beitarþol þess og að finna, hvar gróðureyðing á sér stað eða er yfirvofandi, og enn fremur til þess að reyna aðferðir til þess að auka beitarþol úthagans, græða upp örfoka land og hefta uppblástur. Gerð hafa verið gróðurkort af um ⅔ hlutum landsins. Á allar þessar rannsóknir þarf að leggja aukna áherzlu og ljúka gróðurkortagerð af öllu landinu.

Í þriðja lagi ber að leggja áherzlu á gerð heildarlandgræðsluáætlunar, sem að sjálfsögðu verði byggð á niðurstöðum fyrrgreindra rannsókna. En þótt svo verði að vera, vita menn nægjanlega mikið um, hvar skórinn kreppir mest, til þess að hefjast megi handa um miklar framkvæmdir þegar í stað. Er hér átt við þann þátt sérstaklega að hefja ræktun lands, svo létta megi af ofbeit.

Í fjórða lagi er svo afl hlutanna, sem gera skal, fjármagnið. Fróðir menn telja, að næstu fimm ár þurfi að verja um 150 millj. kr. árlega til að rækta land, svo að létta megi af ofbeit. Þetta er auðvitað mikið fé, en hafi menn í huga, hvað í húfi er, þá þykist ég þess fullviss, að þeim muni ekki ofbjóða þessar fjárhæðir, enda mun vissulega þurfa meira fé til, þegar framkvæmd heildaráætlunar hefst. Gamall þingskörungur hefur raunar kennt mér að láta mér ekki í augum vaxa, þegar tala eins og 150 millj. flýgur fyrir, heldur minnast þess, að hér sé aðeins um eins og eitt skuttogaraverð að ræða.

Til viðbótar því að vísa til þess, sem allítarlega er rakið í grg. til stuðnings þessu máli, vil ég svo að lokum nefna hið mikla afl, sem við þurfum að leysa úr læðingi með því að vekja athygli og áhuga allra landsmanna á landgræðslu og gróðurvernd. Félagsskap áhugamanna um þessi efni hefur á síðustu árum vaxið mjög fiskur um hrygg. En takist að fylkja allri þjóðinni fram til stórsóknar í þessum málum og einnig allri annarri umhverfisvernd, þá munu verkin vinnast bæði fljótt og vel.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að máli þessu verði vísað til fjvn. að þessari umr. lokinni.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðallega til þess að hv. 2. flm. fái dálitla bið, vil ég segja fáein orð um þessa till.

Ég fagna því, að þessu mjög mikilvæga máli er hreyft hér á Alþ., og ég get fyrir mitt leyti tekið undir allan þann rökstuðning, sem kemur fram í grg. með till., rökstuðning fyrir aukinni landgræðslu og gróðurvernd. Það hygg ég, að sé allt rétt og vel fram sett.

Ég get hins vegar ekki varizt þeirri hugsun, að þarna sé verið að setja eina silkihúfuna ofan á aðra. Staðreyndin er nú sú, að þær stofnanir, sem að landgræðslu og gróðurvernd vinna, eru að vísu nokkuð margar, en þær hafa, hygg ég, flestar unnið mjög gott starf. Þar má fyrst nefna Landgræðslu ríkisins, sem hefur aukizt mjög upp á síðkastið og gert margt gott. Þar má nefna starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem vissulega mætti vera meiri og einkum fjallar um undirstöðurannsóknir á gróðurfari landsins. Engu að síður er það staðreynd, að starfsemi þar hefur aukizt verulega upp á síðkastið. Að vísu hefur ekki fengizt eins mikið opinbert fjármagn og æskilegt væri. Að sumu leyti hefur verið unnið og raunar að verulegu leyti fyrir erlenda styrki. Einnig mætti nefna Skógrækt ríkisins, sem vinnur að mikilvægum þáttum þessa máls, og raunar fleiri.

Ég get fallizt á það, að meiri samræmingu þurfi. Sérstaklega þarf þá að auka þessa starfsemi verulega, og ég hygg, að sú fimm manna landgræðslunefnd, sem lagt er til, að sett verði á fót, gerði meira gagn með því að endurskoða skipulag þessara mála og leggja fram till. um bætt skipulag, vitanlega fyrst og fremst með það í huga, að þessar stofnanir vinni sem bezt saman og átakið á þessu mikilvæga sviði verði meira.

Þetta vildi ég láta koma fram. Ég fagna því fyrir mitt leyti, eins og ég sagði í upphafi, að þessu mikilvæga máli er hreyft, en ég efast um, að það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, að á verði haft, sé til bóta.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hygg nú sannast mála, að þetta mál um landgræðslu og gróðurvernd, sem hér liggur fyrir, sé með meiri háttar málum, sem komið hafa hér upp á Alþ. þetta haustið. Það byggist á þeirri forsendu, að við báðir flm. teljum, að þetta sé framhald á sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, á hinni efnahagslegu baráttu þjóðarinnar. Sem betur fer þarf ekki að rökstyðja þessa þáltill. mikið eða fara mörgum orðum um hana. Þessi hin stórfellda gróðureyðing, sem blasir við í flestum byggðum landsins, í uppsveitum þess, örfoka land, foksvæði, uppblásnir melar, auðnir og sandar, allt er þetta lýsandi vitni um, hvernig jarðvegseyðingin hefur lagt gróðurlendið að velli. Hver ferðalangur, sem fer hér um sveitir, kemur auga á rofabörð, stundum tveggja metra há, sem skýra nánar en orð fá lýst, hvernig komið er fyrir gróðrinum, og hvert stefnir. Staðreyndin er sú, og byggi ég þar á sérfræðingum, að helmingur gróðurlendisins er ofnýttur og um 220 þús. ærgildi eru umfram beitarþol gróðurs á öllu landinu, og hallar stöðugt undan fæti. Vafalaust mun engum koma í hug að ráða bót á þessum vanda með því að skera niður búfé landsmanna, því að það er lausn, sem ekki er unnt að fallast á. Hér er því aðeins eitt til úrlausnar og það er að stórauka landgræðslu og gróðurvernd, bæði með auknum fjárveitingum og framlagi einstaklinga og ríkisvalds. Gróðurvernd og landgræðsla er eitt af mestu nauðsynjamálum þessarar þjóðar. Gróður landsins er eins og fiskur hafsins fyrir Íslendinga. Við stöndum frammi fyrir mikilli baráttu fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar til að vernda fiskimið okkar og afstýra gereyðingu fiskistofna. Öllum Íslendingum er ljóst, að hér er háð barátta fyrir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, en þessi sjálfstæðisbarátta, sem ég minntist á í upphafi ræðunnar, lýtur einnig að gróðurverndinni, og hér er ekki einungis um náttúruverndarsjónarmið að ræða, verndun náttúrunnar fyrir sakir uppruna og feguðar, hér er til að dreifa undirstöðu landbúnaðar í landinu. Ég vil taka enn dýpra í árinni og segja, að gróðurinn sé beinlínis ásamt fiskinum uppspretta og grundvöllur íslenzks þjóðlífs og menningar.

Í málefnasamningi ríkisstj. er því heitið að gera heildaráætlun um alhliða landgræðslu, og þessi þáltill. er auðvitað flutt til þess að ýta á eftir framkvæmdum, því að við flm. teljum, að þetta mál þoli enga bið. Landgræðsla er að vísu eilífðarverkefni, en það verður ekki unað við það, að setið verði auðum höndum, á meðan Íslendingar eru að éta sig út á gaddinn.

Að svo mæltu vænti ég þess, að þetta mál fái byr hjá Alþingi.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 27. jan., var fram haldið fyrri umr. um till.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég álít, að þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, sé góðra gjalda verð, eins og allt, sem styður þau mál, sem hún fjallar um, landvernd og gróðurvernd. Ég tel, að margt, sem í grg. þáltill. segir, sé skörulegt innlegg í þetta mál, og sömuleiðis tek ég undir flest af því, sem frsm. till. sögðu. En ég tel rétt að segja nokkur orð almennt um þetta mál af ástæðum, sem ég greini síðar í mínu máli, og þá til íhugunar fyrir þá hv. n., sem mál þetta fær til meðferðar.

Það þarf ekki að draga það í efa, að landið hefur goldið mikið afhroð í skiptum sínum við landsmenn þau tæplega 1100 ár, sem það hefur verið byggt. Þetta mætti t. d. orða þannig, að landið hafi goldið líf þjóðarinnar dýru verði. En ekki hygg ég skynsamlegt að ásaka neinn, því að hér var um líf eða dauða að tefla oftast nær, og víst ekki annarra kosta völ en þeirra, sem til var gripið til þess að bjarga því, sem bjargað varð. Mun okkur hæfa hógværðin bezt, þegar við minnumst þess, sem orðið hefur í þessu efni, og mundi víst hafa vafizt fyrir okkur að finna önnur ráð en þau, sem notuð voru, þótt þau gengju stundum nærri landinu.

Æðimargir áratugir eru nú liðnir síðan verulegur áhugi vaknaði fyrir því að snúa við á þeirri braut, sem fyrri tíðar menn neyddust til að ganga í sambúð sinni við landið, og ekki er um að efast, að stórvirki hafa verið unnin, og hafa bændur landsins verið fremstir í flokki með stórfellda ræktun og ræktunarbúskap í vaxandi mæli, og fyrst og fremst er það breyttum búskaparháttum þeirra að þakka, að betur horfir nú þrátt fyrir allt í þessum efnum en löngum áður, og það þrátt fyrir stóraukna landsnytjar. Þá hafa sandgræðslumenn og skógræktar komið til, bæði áhugalið og sveitir ríkisins. Loks hafa og mest síðustu árin flykkzt að flokkar áhugamanna úr öllum áttum til þátttöku í landgræðslustarfi og gróðurvernd með margvíslegum hætti. Fjölmenn samtök hafa verið mynduð, sem teygja sig um gjörvallt landið og beita sér að landvernd og náttúruvernd, og ungmennafélögin hafa gengið í verkið af mikilli atorku.

Fyrri tíðar menn höfðu mjög óhæga stöðu í þessu tilliti, því að ofan á knýjandi lífsnauðsyn, sem þröngvaði þeim til þess að ganga freklega á landið, bættust erfiðleikarnir á því að gera sér grein fyrir, hvernig raunverulega var ástatt, hvað raunverulega var að gerast, og satt að segja hefur það vafizt fyrir mönnum fram undir þetta að komast eftir því, hvar þjóðin var á vegi stödd í sambúð sinni við landið. Nú vitum við á hinn bóginn, að þrátt fyrir stórsókn síðustu áratuga í rétta stefnu eyðist gróður enn á stórum svæðum, jafnvel sumum, sem við köllum gróin. Vísindamenn okkar vita, að þjóðin hefur mjög miklu af gróðurlendinu tapað á þeim nálega 1100 árum, sem hún hefur búið í landinu. En það, sem mestu skiptir, er þó sú vitneskja, að þetta land, sem tapazt hefur, er hægt að græða og halda því, sem eftir er, og bæta það, og menn vita nú í aðalatriðum, hvernig á að fara að því. En þar er að sjálfsögðu ekki um neina eina aðferð að ræða, heldur mörg úrræði, sem verða að fara saman.

Þó er hér í raun og veru einungis um eitt mál að fjalla, ef rétt er skoðað, þótt margþætt sé, því að landgræðsla og hagnýting landsins verða hér sem sé að einu máli, ef vel á að farnast. Það er undirstaða alls, að okkur skiljist öllum þau grundvallarsannindi, að landgræðsla og skynsamleg og hófleg nýting gróðursins verða að fara saman og þetta verður ekki slitið í sundur.

Enginn ágreiningur er um það, að stórefla verður sóknina í landgræðslu- og gróðurverndarmálum, og er áhugi svo almennur um þau efni, að þjóðarvakningu má nálega kalla. Mest veltur hér á bændastéttinni sem fyrr, og kemur til aukinn ræktunarbúskapur og skynsamleg hagnýting þeirrar vitneskju, sem menn hafa aflað sér og eru að afla sér um hyggilega notkun gróðurlandsins, m. a. og ekki sízt til beitar. En bændur munu ekki standa einir í þessum landgræðslumálum, því að til liðs koma heilir herskarar áhugafólks úr öllum stéttum þjóðfélagsins, sem með margvíslegu móti leggja nú þegar hönd á plóginn og vilja gera meira. Nefna mætti falleg dæmi í þessu efni, hvernig þessi áhugi kemur fram í verki nú, en hér læt ég eitt nægja. Það er þetta, að flugmenn bjóðast nú til að fljúga landgræðsluflugvélum í sjálfboðavinnu. Kannske er það þeim hvatning, flugmönnunum, að þeir sjá manna bezt úr loftinu, hvar skórinn kreppir. Æskilegt væri að nota sér þetta drengilega boð flugmannanna.

Í þessu efni verður tvímælalaust að sækja fram á mörgum vígstöðvum. Það er almenn ræktun, ræktun beitilanda sérstaklega, sandgræðsla, skógrækt, friðun ýmiss konar á mörgum stigum, fyrirhleðslur vatna, svo að nokkuð sé nefnt, og samstarf um skynsamlega notkun beitilandanna. Verkefnið er þá m. a. að búa vaxandi bústofni góð beitilönd og hlífa þeim, sem vægðar þurfa við.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að skýra frá því, þó að það hafi verið gert áður utan þings, og rifja það upp, að í málefnasamningi stjórnarflokkanna er m. a. eitt ákvæði um, að ríkisstj. vilji beita sér fyrir því, að gerð verði heildaráætlun um alhliða landgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða. Og ekkert er á móti því að festa það í þingtíðindunum, að í samræmi við þetta hefur hæstv. landbrh. skipað sjö manna nefnd til þess að gera till. um, á hvern hátt heppilegast muni vera að vinna að gerð slíkrar áætlunar.

Ég tók að mér samkv. beiðni að verða formaður í þessari nefnd, og má vel vera, að ég hafi látið áhugann bera skynsemina ofurliði að gefa kost á slíku. En hvað um það, með mér eru í nefndinni sex úrvalsmenn, sem þessum hnútum öllum eru býsna kunnugir, og úr ýmsum áttum komnir, eins og skynsamlegt er, þegar um slíkt verkefni er að ræða. En þeir eru Jónas Jónsson deildarstjóri í landbrn., Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur, Haukur Ragnarsson tilraunastjóri, Pálmi Jónsson alþm., Sigurður Blöndal skógarvörður og Þorvaldur G. Jónsson fóðureftirlitsmaður.

Nefndin hefur byrjað starf sitt, byrjaði nokkuð fyrir jólin og hefur haldið nokkra fundi í janúarmánuði. Hér er um ákaflega víðtækt og vandasamt verkefni að ræða, og mun verða lögð megináherzla á náið samstarf við þá, sem í fylkingarbrjósti hafa staðið í ræktunarmálum alls konar, landgræðslu og gróðurvernd og bezt þekkja til þeirra mála. Höfuðáherzla verður lögð á að reyna að samstilla krafta þeirra mörgu einstaklinga, félagssam-

taka og stofnana, sem hér koma til, leggja svo niður fyrir sér, hvað aðhafast þarf af þjóðfélagsins hálfu, svo að veruleg stefnuhvörf megi verða. Aldrei má missa sjónar á því, að mestu skiptir, þegar til kemur, að sem flestir leggi hér hönd á plóginn, hver eftir sinni aðstöðu og getu, og einnig verða menn að hafa auga á því, að hér er það fyrst og fremst bændastéttin, sem hefur þýðingarmesta hlutverkinu að gegna, og samstarf við bændur og samtök þeirra verður þess vegna að vera sterkasti þátturinn í öllum undirbúningi þessa máls á öllum stigum þess.

Það mundi vafalaust reynast mjög farsælt, ef menn tækju sig til í öllum héruðum landsins og gerðu sér grein fyrir því með ráði beztu manna heima fyrir og hjálp þeirrar vitneskju, sem vísindamenn okkar hafa aflað og menn eiga aðgang að, hvernig menn eru á vegi staddir í þessum efnum í sínu eigin héraði og hvað þeir teldu vænlegast til úrbóta í því héraði, sem bezt þekkja til málanna þar. Gæti slík úttekt á ástandinu heima fyrir, gerð af heimamönnum í samráði við sérfræðinga, orðið með öllu ómetanlegur leiðarvísir í því starfi, sem fram undan er.

Ég held, að ég megi fullyrða, að þetta sé meginhugsun nefndarinnar, að einmitt á þessa lund sé skynsamlegt að taka upp þessi mál, og nefndin hefur í því skyni ákveðið að fara fram á það við búnaðarsambönd og gróðurverndarnefndir í hverju héraði, að búnaðarsamböndin og gróðurverndarnefndirnar sameiginlega, einmitt sameiginlega, geri úttekt á þessum málum. Með þessu vilja menn leggja höfuðáherzluna á, að hér sé í raun og veru um eitt mál að ræða, landgræðsluna og hagnýtingu gróðurlendisins. Að því leyti, sem nefndin þekkir undirtektir búnaðarsambanda og gróðurverndarnefndanna um þetta, þá hafa þær verið með alveg sérstökum ágætum. Þótt ekki sé komið langt í því að hafa samband við þessa aðila, þá hefur það þegar komið í ljós, að á vegum sumra búnaðarsambanda er nú þegar byrjað að koma í framkvæmd alhliða athugun á þessum málum í þá stefnu, sem ég greindi áðan, og það áður en okkar nefnd hafði nokkurt samband við þau. Þetta sýnir, hvernig menn líta á þessi mál heima fyrir víða og á vegum bændasamtakanna.

Þá hefur nefndin einnig haft nú þegar samband við æðimarga forustumenn þeirra félagssamtaka, sem hér koma mest við sögu, félagssamtaka bændanna og forráðamenn þeirra stofnana, sem mest hafa unnið að þessum málum, og þá náttúrlega fyrst og fremst landgræðslustjóra, sem haft hefur forustu fyrir sjálfu landgræðslustarfinu, sem unnið hefur verið á vegum ríkisins, og svo skógræktarstjóra og aðra, sem vinna í þessum greinum.

Höfuðáherzlu leggur nefndin á að fá þessa vinnu unna heima fyrir á þá lund, sem ég greindi, og hefur farið fram á, að eins konar bráðabirgðaúttekt yrði gerð víðs vegar um landið núna í vetur, sem gæti komið til skoðunar í aprílmánuði eða svo, og vonar nefndin, að þá mundi verða mun auðveldara að átta sig á þessu verkefni með vorinu, þegar þessar bráðabirgðaskýrslur lægju fyrir. Þá hefur nefndin gert ráð fyrir því, að nánari athuganir færu fram heima fyrir og niðurstöður þeirra gætu ekki legið fyrir fyrr en næsta haust. Einnig hefur nefndin farið fram á, að stofnanir þær, sem mest vinna að þessum málum, létu einnig í té álit fyrir vorið, en bættu síðar við eftir því, sem ástæða þætti til.

Mér þótti rétt, að þessar upplýsingar kæmu fram til íhugunar fyrir þá þingnefnd, sem fær þetta mál til meðferðar og skoðunar hér á hv. Alþ.

Fyrst ég er nú farinn að ræða þetta mál hér á annað borð, vil ég einnig minnast á annan þátt þess, sem vafalaust kemur einnig inn í þetta á síðara stigi. Ég tel rétt í framhaldi af því, sem ég hef sagt um landvernd og gróðurvernd og hagnýtingu gróðurlendisins sjálfs, að vekja athygli á þessum öðrum þætti þessara mála, sem ég geri ráð fyrir, að hin stjórnskipaða nefnd telji sér skylt að íhuga. Þar á ég við afnot þjóðarinnar af landinu öllu í víðtækasta skilningi og að hverju stefna beri í því sambandi.

Við Íslendingar lítum vafalaust á okkur sem fátt fólk í stóru landi. Þetta er nú víst rétt, og þó er landið kannske ekki jafnstórt og við höfum haldið miðað við allt, sem við viljum, að fari fram á því.

Til hvers viljum við nota landið? Við viljum nota landið í mörgu skyni. Fyrst og fremst til búskapar. Það kemur auðvitað efst í hugann, því að löngum mun það verða svo, að mestur hluti landsins, hins gróna lands, verður notaður til búskapar. En við viljum einnig nota landið til þess að skemmta okkur á því, til þess að umgangast það, til þess að stunda á því íþróttir og ferðalög, svo að nokkuð sé nefnt. Til þess að reisa á því kauptún, kaupstaði og borgir. Og loks mætti nefna, að menn vilja einnig varðveita ósnortið land.

Nú er spurningin: Er auðvelt verk að koma þessu öllu haganlega fyrir og árekstralítið, búskap, þéttbýli, þeirri umgengni við landið, sem lífsnauðsynleg er almenningi vaxandi þéttbýlisþjóðar og varðveizlu ósnortinna úrvalssvæða? Líklega er tímabært að spyrja sjálfan sig þessarar spurningar, hvort þetta sé auðvelt, jafnauðvelt og við fram að þessu höfum álitið. Líklega er þetta ekki auðvelt, en kleift samt, ef góð ráð eru tekin í tíma.

Reynslan sýnir vaxandi vandamál varðandi skynsamlega tilhögun landsnytjanna í víðtækustu merkingu þess orðs. Þessi vandamál snerta bæði dreifbýlisfólkið og íbúa þéttbýlisins. Jarðir eru lagðar skipulagslaust til annarra nytja en búskapar, svo að til vandræða horfir í sumum byggðarlögum. Sumarbústaðamálið þróast mjög á ringulreið, svo að miklum vandkvæðum veldur víða. Látlaust verður erfiðara og erfiðara fyrir þéttbýlisfólk að lifa eðlilegu ferða- og útilífi og umgangast landið frjálslega, án þess að valda átroðningi. Lengi mætti rekja dæmi um þessi efni, þessi vandamál eða viðfangsefni og aðra skylda þætti. Um þessi vandamál er að vísu fjallað í mörgum lagabálkum með ýmsu móti. Við getum nefnt í því sambandi skipulagslöggjöfina, náttúruverndarlöggjöfina, ábúðarlögin og margs konar lög um lífið í sveitunum. Ég nefni aðeins þessa þrjá lagabálka, svo að eitthvað sé nefnt. Ýmsir kraftar vinna góð störf í rétta átt og til umbóta í þessu efni. Samt er ástandið áreiðanlega talsvert alvarlegt og fer versnandi í þessu tilliti. Heildarstefnuna vantar í raun og veru og samræmingu átakanna og samstillingu þeirra krafta, sem þyrftu að vera að verki til þess að koma þessu vel fyrir.

Til þess að skýra ögn betur, hvað ég á við, þegar ég tala um að nýta landið, mætti gera tilraun til þess að flokka landsnytjarnar. Það má gera með margvíslegu

móti. Ég vil gera eina tilraun með örfáum orðum, en slíkt er með engu móti tæmandi og mætti gera með allt öðru móti og er aðeins gert til þess að vekja menn til umhugsunar um þetta mál, og e. t. v. tekst að varpa ljósi á það með því að setja það þannig upp. Við getum flokkað landið í nokkra flokka í þessu sambandi. Við skulum segja t. d. sex flokka. Við setjum auðvitað efst búskaparlandið. Það er fullræktað land og hálfræktaðir og óræktaðir hagar og afréttir, — búskaparlandið í einum flokki. Síðan gætum við sett land kauptúna, bæja og borga. Í þriðja flokk setjum við þá það land, sem við hugsum okkur, að ætti að vera til skógræktar, bæði nytjaskóga og annarra skóga. Í fjórða flokki höfum við þá útivistarlönd og friðlönd og þjóðgarða, þ. á m. lönd fyrir íþróttir og útilíf með margvíslegu móti að meðtalinni hestamennsku og öllu því, sem er í kringum hestamennsku þéttbýlisins. Í fimmta flokki mætti hafa sumarbústaðalönd. Sumarbústaðir eru ágætir og þurfa að vera til, en skynsamlegt er og aðkallandi að ætla þeim sérstök svæði. Í sjötta lagi mætti hafa sér í flokki það land, sem kalla mætti land í hjúkrun. Það verður alltaf mjög mikið land, sem þarf að vera í hjúkrun. Það eru uppgræðslusvæði og svæði, sem þarf sérstaklega að hlífa til þess að bæta þau og leyfa þeim að gróa.

Ég nefni aðeins þessa sex flokka til þess að reyna að skýra, hvað fyrir mér vakir með því að segja, að þetta málefni, hvernig nýta beri landið í allra víðtækustu merkingu þess orðs, sé orðið að aðkallandi vandamáli, sem þarf að taka skynsamlegum tökum, — mál, sem ekki er einfalt í meðförum, og það efni þarf að ræða meira en gert hefur verið. Ef menn gætu fundið leiðir til þess að gera í stórum dráttum áætlun á einhverjum grundvelli, t. d. líkum þeim, sem ég nefndi, eða einhverjum öðrum, um skynsamlega notkun landsins alls, væri það mikill ávinningur. Þetta verkefni þarf að kryfja til mergjar í samráði við þá, sem mest eiga hér hlut að máli, fyrst og fremst bændastéttina og sveitarfélögin og svo þær stofnanir, sem einstaka þætti hafa með höndum, félagssamtök almennings, sem þessi mál snerta, o. s. frv.

Þá kæmi framkvæmdin, hver hún ætti að verða, ef menn næðu að draga upp höfuðlínurnar í því formi, sem við köllum á nútímamáli áætlun. Tækist mönnum að koma upp slíkri áætlun, þótt í stórum dráttum væri, að sumu leyti mjög stórum, gæti orðið léttara að stýra þessum málum skipulegar framvegis en tekizt hefur til þessa. Kæmi þá til að gera sér grein fyrir, hvers konar lagabætur þurfi að koma til, svo að tökum verði náð á þessum vandasömu viðfangsefnum, og hvaða ráðstafanir til framkvæmda væru síðar nauðsynlegar af hálfu almannavaldsins í framhaldi af slíkum lagabótum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar þetta mál var til umr. fyrir jólin, og ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Austf., sem talaði hér áðan, að þetta mál er þannig vaxið, að það er gott og nauðsynlegt, að um það sé rætt. Till. sú, sem hér er flutt, er vitanlega flutt í bezta tilgangi, til þess að gera þessu máli eitthvað til góðs. Það er svo annað mál, hvort till. út af fyrir sig er í því formi, sem æskilegast væri. Það út af fyrir sig skiptir ekki öllu máli. Hún veldur því, að það verða umr. hér í hv. Alþ. um þetta mál. Till. fer til n. og nánari athugunar, og enginn vafi er á því, að þær umr., sem oft hafa verið um landgræðslu og gróðurvernd, eiga sinn stóra þátt í því, að hér er, eins og áðan var sagt, næstum að tala um þjóðarvakningu. Og það er vel.

Við Íslendingar erum það heppnir að búa í stóru landi, og ég vil nú segja það, að við erum fáir í stóru landi, sem betur fer. Þjóðinni fjölgar, og þá er gott að hafa landrými nóg. Þá erum við betur settir en þær þjóðir, sem hafa áhyggjur af því, ef fólkinu fjölgar og það er ekkert pláss fyrir það. En því er ekki til að dreifa um Íslendinga. Við höfum nóg landrými, og það, sem bezt er, er það, að við höfum möguleika til þess að gera það land, sem við búum í, miklu betra en það er. Og það er vissulega gott að hafa nóg verkefni fram undan til þess að vinna að.

En ég get ekki að því gert, að þegar rætt er um þessi mál, þá finnst mér það stundum gleymast, hvernig löggjöf landgræðslan og gróðurverndin býr við. Það voru sett lög 1965 um þessi mál, sem ég held, að allir hv. alþm. hafi verið sammála um. Mig minnir það. Og þessi löggjöf var sett að mjög góðri athugun lokinni. Og í þessari löggjöf voru mörg nýmæli, sem áreiðanlega voru til bóta frá eldri lögum og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, minna á helztu nýmælin, sem voru í lög tekin 1965.

1. Tekin verði upp skipuleg gróðurvernd til að koma í veg fyrir skemmdir á gróðurlendi sakir ofnotkunar samhliða heftingu uppblásturs og sandgræðslu.

2. Gróðurverndin og sandgræðslan myndi eina stofnun, sem nefnist Landgræðsla ríkisins. Forstjóri hennar verður landgræðslustjóri, en fulltrúi hans annist annað hvort starfssviðið.

3. Skipaðar verði gróðurverndarnefndir í þeim héruðum, sem landgræðslustjóri telur þeirra þörf.

4. Fleiri leiðir verða en áður til samstarfs við hið opinbera um að græða lönd.

5. Styrkur til græðslu er ekki bundinn ákveðnu marki fyrir fram, heldur getur hann orðið samningsatriði.

6. Gert er ráð fyrir, að uppgrædd lönd í eigu ríkisins verði nytjuð af bændum strax og kostur er. Enn fremur að fyrri eigendur og notendur uppgræddra landa geti fengið þau aftur í hendur. Bæjar- og sveitarfélög má skylda til að taka við þeim aftur.

7. Landgræðslustjóra er heimilt að fela Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans að rannsaka beitarþol og krefjast ítölu í lönd, sem eru í hættu.

Þess má geta, eins og öllum er kunnugt, að í staðinn fyrir Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans er nú Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

8. Ákvæði eru um stofnun félaga til landgræðslu.

9. Gert er ráð fyrir, að leitað verði eftir nýjum plöntutegundum til landgræðslu og að setja megi upp gróðrarstöð til að fjölga þeim, sem nothæfar reynast.

10. Þá er ákvæði um, að innan fimm ára skuli gert yfirlit um landskemmdir og áætlun gerð um framkvæmd landgræðslu, þannig að unnt verði að vinna skipulega að henni.

En þessum 10. lið var nú breytt, og þetta var ekki lögfest, heldur var það orðað þannig, að „áður en fimm ár eru liðin frá gildistöku þessara laga, skal landgræðslustjóri hafa látið gera yfirlit um landskemmdir og samið áætlun um, hvernig helzt megi bæta þær, svo og í hverri röð skuli unnið að landbótum."

Ég held, að það sé enginn vafi á því, að í öllum aðalatriðum hefur verið unnið eftir þessum nýmælum, sem voru sett í lögin 1965. Hitt er svo annað mál, að Landgræðslan hefði þurft á meira fjármagni að halda en hún hefur haft undanfarið og allt frá því að lög um sandgræðslu voru sett 1907. Þó verður því ekki neitað, að fjármagn til landgræðslu hefur farið vaxandi með ári hverju, enda þótt allir þm. séu sammála um, að það þyrfti að vera meira. Og ég er alveg viss um það, að allir hv. alþm. eru sammála um það, að það hefði þurft að veita meira fé til Landgræðslunnar árið 1972 en gert er, m. a. vegna þess, að það er í rauninni ekki meira að notagildi en það, sem var á árinu 1971. Og það kemur alltaf að þessu sama, þegar fjárlög eru afgreidd, að það er ekki nægilegt fjármagn fyrir hendi til þess að láta í þær framkvæmdir eins og æskilegt væri að gera.

Unnið hefur verið að kortlagningu samkv. áætlun á öræfum og afréttarlöndum og í byggð einnig, og mun vera lokið við að kortleggja allt að ⅔ af landinu. Þegar kortlagningunni er lokið, er vitanlega fengið yfirlit yfir gróðurlendið og hvernig það er. Í öðru lagi hefur að tilstuðlan Rannsóknastofnunar landbúnaðarins undir forustu dr. Sturlu Friðrikssonar verið að því unnið að gera gróðurtilraunir víðs vegar um landið, m. a. á öræfum allt upp í 700 metra hæð. Þessum tilraunum er vitanlega ekki lokið, þótt það sé orðið nokkuð ljóst, í hvaða hæð gróður er hægt að festa, og nokkuð ljóst, hvar hæðartakmörkin eru, þar sem ekki er um að ræða að koma á samgrónu graslendi. Gróðurverndarnefndir hafa verið skipaðar í sýslunum, og hafa þær unnið samkv. ákvæðum laganna og gert sér grein fyrir hinum veiku blettum, sem eru til staðar víðast hvar, gert sér grein fyrir því, hvort um ofbeit væri að ræða, og gert till. til landgræðslustjóra um aðgerðir. Það má því segja, að eftir að lögin voru sett 1965 hafi verið um nánast samvirkar aðgerðir að ræða og meiri samvinnu en áður á milli almennings og Landgræðslunnar.

Það er vissulega rétt, sem oft hefur verið minnt á, að landið hefur goldið mikið afhroð í samskiptum við íbúa sína í nær 1100 ár. Þó er það vitað, að enginn hefur hugmynd um það, hversu graslendið var stórt á landnámsöld. Það veit enginn nákvæmlega um það. Landnáma segir, að landið hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Við vitum, að sá skógur var náttúrlega ekki stór, en við vitum einnig, að graslendið var miklu meira en það er núna, og vitanlega hefur mikið eyðzt vegna samskipta við þjóðina og einnig og ekki síður vegna eldgosa og flóða. Og það eru ekki fá býlin, sem hafa farið undir hraun á eldgosasvæðunum.

Þegar kortlagningunni er lokið og rannsóknum á gróðurlendinu og hægt er að fullyrða, hver gróðurtakmörkin eru, er fengin aðstaða til þess að gera heildaryfirlit og heildarráðstafanir um nýtingu landsins. Segja má, að það hafi ekkert verið of fljótt að skipa þessa nefnd, sem hér var lýst áðan, og ætla ég ekki að segja það, að hún geti ekki þegar hafizt handa til þess að vinna, þótt þessum rannsóknum hafi ekki verið lokið, sem ætlazt var til, áður en þessi heildaráætlun væri gerð. Ég býst við því, að sú vinna verði það umfangsmikil, að það sé a. m. k. enginn skaði skeður, þótt nefndin hafi nú þegar tekið til starfa, enda þótt það hafi verið ætlunin samkv. lögunum að ljúka fyrst þessum rannsóknum, sem ég hef nefnt.

Það er oft talað um ofnotkun landsins og ofbeit. En menn eru nú ekki alveg sammála um, hvort um það sé að ræða. Í grg. með þessari till. er það alveg fullyrt, að það sé hættulega mikil ofbeit í landinu. Við skulum ekki gera grín að því, og þessar fullyrðingar eru vitanlega fram bornar af góðum hug, og menn, sem fullyrða slíkt, halda, að þeir séu að gera málefninu gagn. Ég tel hins vegar, að eðlilegt sé að mynda sér raunhæfa skoðun um þetta, því að það vinnur ekki málinu gagn til lengdar að vera með fullyrðingar, sem ekki standast. Við vitum, að ræktunin hefur verið mikil á síðustu árum, og þess vegna ætti ofbeitin að vera síður fyrir hendi nú en var fyrir við skulum segja 12—15 árum. Árið 1959 var túnastærðin 61 800 hektarar. Í árslok 1971 hefur hún verið um 115 þús. hektarar. Vélgrafnir skurðir á síðustu 12 árum voru 50 þús. km, en framræslan gegnir miklu hlutverki í ræktuninni, enda þótt landið sé ekki fullræktað, gerir beitilandið miklu notadrýgra. Gróðurinn breytist, og mýrarnar, sem engin skepna vildi áður nýta, eru nú bitnar af góðri lyst, bæði af sauðfé, hrossum og nautgripum. Og nú er heyskapur tekinn nær eingöngu á ræktuðu landi og engjarnar, landið, sem áður var slegið á sumrin, er nú notað eingöngu til beitar. Það er og kunnugt, að margir bændur bera þó nokkuð mikið af erlendum áburði á heimahaga og afréttarlönd til þess að fá betra beitarþol.

Áburðarnotkunin hefur aukizt í samræmi við ræktunina. Þannig voru árið 1960 keypt 34 500 tonn af erlendum áburði, en 1971 65 500 tonn. Þetta segir sína sögu um það að auka beitarþolið. En þegar við tölum um það, hversu ræktunin hefur aukizt mikið og beitarþolið aukizt, bæði í heimahögum og afréttum, þá mundi kannske einhver segja: Ofbeitin getur verið fyrir hendi eigi að síður nú, vegna þess að búfénaðinum hefur fjölgað eins mikið og ræktunin hefur aukizt. En til fróðleiks þykir mér rétt að lesa hér upp, hver búfénaður landsmanna var 1959, og eins hver hann var 1970.

Árið 1959 voru í landinu 49 865 nautgripir, 794 933 sauðkindur og 30 132 hross. Árið 1970 voru hér 53 294 nautgripir, 735 543 sauðkindur og 33 472 hross.

Þegar litið er á þessar tölur, þá er það alveg ljóst, að aukning bústofnsins er tiltölulega lítil miðað við hina auknu ræktun og aukið beitarþol. Því er það út í hött að tala um ofbeit, eins og nú er, hvar sem er á landinu. Minnzt var á það, að ofbeitin væri helzt á Suðurlandi. Það þyrfti að fækka búfénaði landsmanna sem svarar 280 þús. ærgildum. Þetta var ekki allt á Suðurlandi, en mest, var sagt, og nokkuð á Vesturlandi, Miðvesturlandi. En þetta getur ekki staðizt heldur hvað Suðurland snertir, vegna þess að ræktunin hefur verið tiltölulega mest þar. Og afurðaaukningin hjá sunnlenzkum bændum hefur verið mjög mikil í seinni tíð, sem byggist á því, að fénaðurinn er ekki í svelti og hefur nóg að bíta. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta. Ég tel, að þess gerist ekki þörf. Ég veit, að allir vilja kynna sér staðreyndirnar og fara eftir þeim, og það er hægðarleikur í þessu efni. Og það er hægt að tala máli landgræðslu og gróðurverndar, án þess að vera með fullyrðingar eins og þessar.

Í gömlu landafræðinni var alltaf sagt, að landið væri rúmlega 100 þús. km², og það hefur víst ekkert breytzt. Talið er, að nú séu 20 þús. km² gróið land, eða 2 millj.

hektara. Og þetta land er allt undir 400 m hæðarlínu. Þetta land er að mestu nothæft til túnræktar. Þá eru 22 þús. km² auðnir yfir 400 m hæðarlínu, 2 500 km² af þessu svæði eru hraun og jöklar, sem ekkert verður gert við, en 19 500 km² grjót og sandar. Talið er, að 10 000 km² séu ræktanlegir af þessu svæði, eða 1 millj. hektara. Þegar sagt er ræktanlegir, þá er átt við, að hægt sé að klæða það grasi og gera það að beitilandi, þótt það sé tæpast til þess fallið að verða tún.

En þá er spurningin: Hvað er ræktanlegt af þeim svæðum, sem eru ofan við 400 m hæðarlínuna? Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur undir forustu Sturlu Friðrikssonar, eins og ég sagði áðan, gert allmiklar tilraunir í hæðinni milli 400 og 700 m. Það er talið, að innan þessara hæðarmarka megi fá allgott gras, sérstaklega ef túnvingull er notaður. En þegar kemur upp fyrir þessi mörk, þá er tæpast um það að ræða, að unnt sé að klæða það land grasi. Með þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið, bendir margt til, að unnt sé að gera þetta svæði milli 400 og 700 m að graslendi. Það er a. m. k. 10 þús. km², eða 1 millj. hektara, og hafa athuganirnar þá leitt í ljós, að af auðnunum mætti gera 2 millj. hektara að graslendi, án þess að það væri skoðað sem tún, og á láglendinu mætti gera tún sem nemur 2 millj. hektara, eða 4 millj. hektara, sem væri unnt að gera að góðu graslendi, og er það vissulega mikið, þegar við vitum, að nú er aðeins um 115 þús. hektara túnstærð að ræða í landinu. Það er enginn vafi á því, að hér er um mikinn fjársjóð að ræða í gróðurmoldinni, sem núlifandi kynslóð endist vitanlega ekki aldur til að nýta, og ég vil segja, sem betur fer. Það er vitanlega sjálfsagt, að við gerum það, sem í okkar valdi stendur til þess að halda áfram að rækta, bæði til túna og til haglendis. Það eigum við að gera. En það er einnig og ekki síður mikið verkefni og það mikilvægasta að koma í veg fyrir áframhaldandi uppblástur og eyðingu, og gerir minna til, þótt mikið sé eftir að græða upp, ef sandfokið og jarðvegseyðingin verður heft.

Í landinu hafa verið á undanförnum árum um 750—800 þús. fjár. Sauðfénu hefur fækkað nokkuð vegna harðinda síðustu ára, en fer nú sennilega fjölgandi aftur, ef við erum laus við harðindin. En þegar við sjáum möguleikana á hinni miklu ræktun og því mikla landssvæði, sem við eigum, horfum við björtum augum til framtíðarinnar með aukningu búpeningsins í landinu. Kúastofninn vex vitanlega í samræmi við fólksfjöldann, og verði landsmenn um næstu aldamót 350 þús., eins og einu sinni var spáð, þá þyrfti 170 millj. lítra af mjólk til þess að fullnægja mjólkurþörfinni eða 57 þús. kýr í staðinn fyrir 36 þús. til þess að fullnægja mjólkurþörfinni í dag. En ekki sízt ættum við að auka fjárstofninn, og ef haldið verður áfram að rækta í mun stærra mæli en gert hefur verið undanfarin ár, ef meira fjármagni verður varið í þessu skyni, þá gætum við alveg hugsað okkur að hafa 2 millj. sauðfjár um næstu aldamót. Og 2 millj. sauðfjár mundu gefa mikið af sér í þjóðarbúið, og það mundu margar þúsundir Íslendinga fá atvinnu við það að vinna úr búfjárafurðunum, eftir að bústofninn hefur aukizt sem þessu nemur. Það eru mörg þúsund manns í dag, sem hafa atvinnu við það að vinna úr búsafurðunum. Það má segja, að öll ullin sé unnin í landinu í dag, og skinnaiðnaðurinn fer batnandi og mikið af skinnunum unnið í landinu, og þess vegna er það mikils virði, bæði atvinnulega séð og gjaldeyrislega séð, að þróunin verði í þá átt að auka bústofninn í samræmi við aukið beitarþol og aukna ræktun. Og það hefur stundum verið sagt, að jörðin eða gróðurmoldin væri sú verksmiðja, sem þjóðin þyrfti að nýta ekki síður en aðrar verksmiðjur, sem ganga fyrir vélarorku, sem er knúin af rafmagni eða olíu.

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða öllu meira um þessa till. Ég vil benda á, að það hefur áreiðanlega orðið prentvilla hér í grg., þegar talað er um, að undanfarin ár hafi verið ræktaðir aðeins 20—25 km². Það er miklu meira, eins og allir vita, og hlýtur hér að vera um prentvillu að ræða. (**Gripið fram í:** Hvað miklu meira?) Hvað miklu meira? Ja, a. m. k. helmingi meiri túnræktin, 40—50. Þegar það eru 5000 hektarar, eru það a. m. k. 50 km². En það er miklu meiri ræktun en bara túnræktunin. Það er líka ræktun að ræsa fram mýrarnar, þótt mýrarnar séu ekki gerðar að túnum, að gera mýrarnar hæfar til fullra nota, sem þær eru ekki, á meðan þær eru óræstar, og það er líka ræktun, sem Landgræðslan gerir á afréttum og á heiðum uppi. Og ef þetta er ekki prentvilla, þá er það náttúrlega miklu verra en það, sem ég hélt, því að þá er það bara vegna vanþekkingar. Og fleira í þessari till., í grg., eru fullyrðingar, sem ekki fá staðizt, en það er algert aukaatriði. Það skiptir ekki neinu verulegu máli. En það, sem náttúrlega skiptir mestu máli í sambandi við þessa till., er 3. mgr., sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt ályktar Alþingi að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að afla nægilegs fjármagns, svo að fært verði að hefjast handa um nýja, stórtæka landgræðslu þegar á næsta ári."

Það má náttúrlega alltaf deila um það, hvað sé stórtæk landgræðsla. Ég vil jafnvel halda því fram, að það hafi verið stórtæk landgræðsla á undanförnum árum. En ég er innilega samþykkur því, að veitt verði meira fé, ef það þykir fært, og gert enn stærra og fljótara átak í þessum málum en gert hefur verið hingað til. En jafnframt því, að við berum þá ósk fram og undirstrikum það, skulum við gera okkur ljóst, að þeirri kynslóð, sem nú lifir, er ekki ætlað að gera allt fyrir alla framtíð. Verkefni þessarar kynslóðar verður að vera að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir og búa þannig um, að núverandi kynslóð geti lifað við sem bezt lífskjör. En þegar við erum að búa í haginn fyrir komandi kynslóð, þá gerum við landið betra. Við ræktum það og gerum það betra. En fyrir alla muni og það, sem kannske skiptir mestu máli, er að koma í veg fyrir, að eyðingaröflin haldi áfram að spilla landinu. Menn greinir á um það, hvernig reikningur þjóðarinnar stendur við landið, hvort þjóðin hefur nú á árinu 1972 komizt það langt í landgræðslu og gróðurvernd, að við vinnum meira á en það, sem eyðist. Þetta er ákaflega erfitt að sanna, býst ég við. Og vísindamennirnir, sem við berum stundum fyrir okkur, eru ekki sammála um þetta. En okkur, sem ferðumst um landið, bæði byggðir og óbyggðir, og reynum að gera okkur grein fyrir, hvernig þetta stendur, finnst mörgum, að reikningurinn standi nokkuð vel, að við græðum miklu meira upp nú í seinni tíð en það, sem fer forgörðum. Og það er sannfæring mín, að þetta sé þannig. En þótt ég hafi þá sannfæringu, þá dregur það ekkert úr þeirri skoðun minni, að brýna nauðsyn

beri til að halda áfram og hefta eyðingaröflin að öllu leyti.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Náttúruvernd er órjúfanlega tengd því efni, sem er til umr. hér í Sþ. í dag. Öll starfsemi að náttúruvernd hlýtur að fara fram í nánum tengslum við starfsemi varðandi gróðurvernd og landgræðslu. Á s. l. vetri afgreiddi Alþ. ný lög um náttúruvernd. Þau höfðu verið undirbúin af nefnd, þar sem fulltrúar allra þáv. þingflokka áttu sæti og voru, ef ég man rétt, afgreidd með almennu samkomulagi og samþykki þm. Þessi nýja löggjöf um náttúruvernd gerir ráð fyrir stórfelldum breytingum á allri skipan náttúruverndarmála. Þess vegna er mikið nauðsynjamál, að framkvæmd þessara laga sé hiklaus og að þeim sé fylgt eftir í hvívetna. Mig langar því til þess að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. menntmrh., sem er staddur í þinginu í dag, hvað framkvæmd náttúruverndarlaganna líði.

Lögin voru samþ. 3. apríl á s. l. ári. Samkv. þeim áttu sýslunefndir, bæjar- og borgarstjórnir að kjósa náttúruverndarnefndir fyrir 3. des. s. l. Ég hef heyrt, að þetta hafi verið gert á nokkrum stöðum, en fróðlegt væri að vita, hvort það muni almennt hafa verið gert í landinu. Þá gera þessi nýju lög ráð fyrir náttúruverndarþingi, sem á að koma saman þriðja hvert ár, og þar sitji fulltrúar frá margvíslegum starfsgreinum og öllum landshlutum, fulltrúar, sem ætla má, að hafi sérstakan áhuga á þessum málum. Þetta þing á samkv. lögunum að koma saman fyrir 3. apríl n. k., og eru því aðeins fáar vikur til stefnu, en opinberlega hefur lítið heyrzt um undirbúning þessa þings.

Ein meginbreyting laganna frá því fyrirkomulagi, sem áður var og almennt tíðkast, er sú, að náttúruverndarþing, þar sem væntanlega sitja helztu áhugamenn um þau mál í landinu, á að kjósa nýtt náttúruverndarráð, allt nema formanninn. Hér verður veigamikil stofnun kosin utan veggja Alþingis, og er það nokkurt nýmæli og fróðlegt að sjá, hvernig til tekst. Þá gera lögin ráð fyrir því, að náttúruverndarráð fái fasta skrifstofu og fastan starfsmann í fyrsta skipti, og vildi ég gjarnan spyrjast fyrir um það, hvort nokkuð hafi verið gert til þess að framkvæma þessi ákvæði laganna. Ýmislegt fleira er í lögunum, sem aðkallandi er, að komist til framkvæmda, en þetta eru hin skipulagslegu grundvallaratriði, sem ætlazt var til, að væru komin í hið nýja horf innan eins árs frá því, að lögin tóku gildi. Fjárveitingar til náttúruverndarmála á fjárlögum fyrir líðandi ár voru því miður skornar við nögl. Till. um að hækka þær voru miskunnarlaust felldar af meiri hl. ríkisstj. Þessi fjárveiting bar því miður ekki vott um mikla umhyggju fyrir náttúruverndarmálum af ríkisstj. hálfu, þegar þess er gætt, hversu fjárveitingar voru auknar til allflestra starfssviða hins opinbera í hinum háu fjárlögum. Ég vildi vænta þess, að hæstv. ráðh. sæi sér fært að gefa þingheimi einhverja hugmynd um gang þessara mála, en ég stend fyrst og fremst upp til þess að minna á þessi nýju lög og minna á, að það er knýjandi nauðsyn, að framkvæmd þeirra verði sem allra bezt.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt, að framkvæmd hinna nýju náttúruverndarlaga beri á góma í sambandi við það mál, sem nú er rætt hér, og mér er ljúft að veita svör fyrir mitt rn. við fsp. hv. 8. landsk. þm.

Þá er það fyrst, að skipanir héraðanefndanna, sem áttu að eiga sér stað fyrir 3. des., eru upphafið á þeim ferli, sem verður undanfari framkvæmdar hins nýja náttúruverndarkerfis. Menntmrn. sendi sýslunefndum og bæjarstjórnum bréf í haust, ég man ekki dagsetninguna, en minnir, að það væri þó fyrir miðjan okt., þar sem rekið var á eftir, að þessir aðilar kysu héraðanefndirnar. Vitneskja um, hversu almennt þessu erindi hefur verið sinnt, liggur ekki enn fyrir. En þetta er nú í könnun, hverjar sýslunefndir og bæjarstjórnir hafa þegar gert skyldu sína hvað þetta varðar og hverjar kunna að eiga það eftir, því að það er eindreginn vilji minn, að þau tímamörk, sem í lögunum eru sett, verði haldin, fyrirhugað náttúruverndarþing komi saman á tilsettum tíma, og það kýs síðan nýtt náttúruverndarráð.

Hvað það varðar, að ráðstafanir séu gerðar til að koma upp skrifstofu og starfsliði fyrir náttúruverndarráð, þá tel ég, að rétt sé, að þar sé ekki hafizt handa um mannaráðningar fyrr en nýtt náttúruverndarráð kemur til skjalanna, kosið samkv. nýjum lögum. Ég tel ekki rétt, að það náttúruverndarráð, sem nú situr og er skipað með öðrum hætti, geri þar ráðstafanir, sem e. t. v. yrðu á einhvern hátt á annan veg en hin nýja stofnun vildi viðhafa.

Fjárveitingar til náttúruverndarmála voru vissulega auknar verulega á fjárlögum yfirstandandi árs frá því, sem verið hefur undanfarin ár, þótt auðvitað megi ætíð um það deila, hversu miklu fé sé rétt og hægt að verja til þeirra þarfa, eins og margra annarra.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs áðan, veitti ég því athygli, að þessu máli muni verða vísað til n., sem ég á sæti í, og fæ því tækifæri til að fjalla um það, ef ég hef tekið rétt eftir. Ég mun því m. a. af þeirri ástæðu ekki hafa mörg orð um málið, en auk þess hefur síðan ég kvaddi mér hljóðs sumt verið fram tekið af öðrum af því, sem ég hefði viljað segja hér, og m. a. hefur verið borin fram fsp. varðandi framkvæmd nýju náttúruverndarlaganna, sem ég hefði haft hug á að koma hér á framfæri. Því hefur þegar verið svarað af hæstv. ráðh.

Meðal þjóðarinnar og hér á hinu háa Alþingi er náttúruvernd og landvernd mjög á dagskrá, og er það vissulega vel, að svo skuli vera. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið á stefnuskrá sína að gera heildaráætlun um almenna landgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða. Og eins og skýrt var frá í ræðu fyrr á fundinum, þá hefur ríkisstj. þegar skipað nefnd til þess að fjalla um þessi mál og leggja þar á ráð, og nú er hér fyrir þinginu þessi till. á þskj. 94 um landgræðslu og gróðurvernd, þar sem gert er ráð fyrir, að Alþ. feli stjórninni að skipa fimm manna landgræðslunefnd á sérstakan hátt eftir tilnefningu þingflokkanna, en þingflokkarnir eru fimm.

Nú ætla ég ekki að ræða þessa till. eða grg. hennar, m. a. af þeirri ástæðu, að ég fæ tækifæri til að fjalla um hana á öðrum vettvangi, en aðeins minna á örfá atriði. Það stendur í fornum fræðum, og mun það vera Ari fróði, sem sagði frá því í Íslendingabók, að landið hefði, þegar það var numið, verið viði vaxið milli fjalls og fjöru. Nú er það ekki lengur svo. Landið er ekki lengur viði vaxið milli fjalls og fjöru. En menn ræða mikið um

orsakirnar til þess, að svo er ekki, og orsakir þess, að gróður hafi minnkað í landinu frá því, sem var í öndverðu. Í því sambandi er oft minnzt á fyrri tíðar menn og þeirra sögu í þessum málum, að þeir hafi eytt gróðrinum að verulegu leyti, þó að í grg. þessarar till. sé að vísu sagt, að þar séu fleiri orsakir að verki. Ég held, að það sé of mikið úr því gert, of mikið gert úr þeim spjöllum, sem fyrri tíðar menn hafi unnið á gróðri landsins. Það er að vísu rétt, að nokkuð var gert af því að höggva skóga til eldiviðar, og hafði það að sjálfsögðu sín áhrif, en ég held samt, að miklu meira af gróðureyðingunni og meginhluti hennar hljóti að vera af völdum náttúrunnar sjálfrar, af völdum veðráttu, af völdum vinda, vatns og elds. Og það er reyndar auðsætt, og þarf ekki miklar rannsóknir til að gera sér grein fyrir því, að það, sem mestu veldur, er náttúran sjálf, sem hefur eytt gróðrinum, en ekki fyrst og fremst manneskjurnar, sem í landinu hafa búið. Við sjáum þetta glöggt t. d. á Norðausturlandi, þar sem sandar eru á öræfum, hvernig langvarandi þurr sunnanátt yfir upp sandinn, þannig að hann gengur í bylgjum og eyðir gróðrinum, og svo aftur, hvernig sandurinn grær upp á ný í votviðrasumrum. Hann gengur í öldum eins og veðurfarið. Og enginn vafi er á því, að mannvist í landinu hefur einnig orðið til þess að bæta landið, mannvist og tilvera búpenings í landinu orðið til þess að bæta það, a. m. k. graslendið. Í seinni tíð síðan ræktun hófst í stórum stíl, sem hér var nú rætt um allmikið áðan af fyrrv. landbrh., þá hefur, eins og hann sagði, beit minnkað mjög mikið á úthaga, þar sem beitt er nú miklu meira á ræktað land en áður var. Sums staðar er t. d. kúm eða nautpeningi nær eingöngu beitt á ræktað land, en jafnframt hefur að miklu leyti lagzt niður heyskapur á útengjum. Hann hefur að mjög miklu leyti lagzt niður. Við sjáum það glögglega, að því fer fjarri, að graslendið batni við það, að hætt er að heyja á útengjum. Það er síður en svo. Landið fer í sinu, og sinan bælir niður gróðurinn, þannig að þar sem uxu tvö strá, vex nú ekki nema eitt upp í ljósið. Þetta er allt annað land og verra en engjalöndin voru, sem áður voru slegin. Hvernig á að ráða bót á þessu, þar er ég ekki maður til þess að segja fyrir um. Sennilega tökum við ekki upp aftur heyskap á útengjum, en þarna er ekki um neina landbót, ekki um neina gróðurbót að ræða.

Þar sem hér var um það spurt einhvern tíma í þessum umr., hvernig við ættum að nota landið okkar, þá hef ég nú á því fyrst og fremst þá skoðun, að við eigum að nota landið til að byggja það. Við eigum að byggja landið, hafa fólk í landinu og sem víðast í landinu. Og ég held, að okkur takist því betur að vernda gróðurinn sem landið verður betur byggt. Því fleira fólk, sem verður í sveitum landsins, og því meira af búpeningi, hentugum búpeningi, því betur gangi að varðveita gróðurinn. En auðvitað þarf að fara að því öllu með gát og ekki beita þau lönd, sem viðkvæmust eru fyrir beitinni. En það er annað, sem mér kemur í hug og sem ég gjarnan vildi skjóta hér fram, af því að það eru almennar umr. um þetta mál hér á þingi og af því að Austfirðingar standa nú töluvert að þessum umr. núna eða þm. af Austurlandi, þessum umr., sem nú fara hér fram, og það er, hvað menn álíta um það að beita villtum fénaði á öræfi landsins. Ég á þar við hreindýrin, en þau eru nú sem kunnugt er eingöngu á öræfunum upp af Austurlandi. Ég held, að það geti vel átt eftir að koma í ljós við nánari athugun, að tilvist þessa dýrastofns, sem lifir eingöngu á því að eyða viðkvæmum gróðri, sé ekki heppileg fyrir gróðurverndina. En það er atriði, sem væri fróðlegt að athuga, hvort ekki er nauðsynlegt að takmarka mjög fjölda þessara dýra, sem eingöngu lifa á gróðri öræfanna.

Það er eitt atriði enn, sem ekki hefur komið fram hér í umr., en sem oft hefur verið minnzt á hér á Alþ., og það eru þau spjöll, sem síðari tíma menn, ekki fyrri tíma menn, heldur síðari tíma menn, hafa valdið á landinu með mannvirkjagerð og þá sérstaklega einni tegund mannvirkja, vegagerðinni. Með vegagerð er síðan jarðýtan kom til sögunnar búið að valda ákaflega miklum spjöllum á gróðurlandi. Þetta hefur ekki verið gert að nauðsynjalausu. Vegina urðum við að fá og vinna að þeim með hinum stórvirku vélum, en þjóðin hefur ekki tekið afleiðingum af þessari breytingu í vegagerð, sem orðið hefur, á þann hátt, sem þurfti að vera. Og ég vil beina því til manna, sem forustu hafa í þessum málum, hvort ekki væri ástæða til þess að beita sér fyrir því, að annaðhvort Landgræðslan eða Vegagerðin fengi miklu meira fé til umráða en nú er til þess að græða þessi sár, sem hinar stórvirku vélar valda á gróðurlendi með vegagerðinni. Það er svo takmarkað fé, sem varið er til vegagerðar, að þess er varla að vænta og ekki æskilegt, að klipið sé af því á hverjum stað til þess að græða þessi sár. Það verða að koma til aðrir fjármunir að minni hyggju, og þegar talað er um auknar aðgerðir í landgræðslu, þá held ég, að það ætti að vera eitt af því allra fyrsta að gera þarna myndarlegt átak.

Eins og ég sagði, ætla ég ekki að vera fjölorður um þetta mál. Ég fagna því eins og fleiri, að þessi landverndarmál og gróðurverndarmál skuli vera rædd, að þau skuli vera svo mikið á dagskrá sem þau nú eru. Það er vonandi, að framkvæmdir fari þar eftir, en um þessi mál verður að ræða á raunsæjan hátt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það hafa orðið nokkrar umr. hér, sem eðlilegt er, um þessa merku till. til þál., sem er til umr. Ég hef nú ekki hugsað mér að lengja þær umr. mikið, en mér finnst rétt að vekja hér aðallega athygli á einu atriði í sambandi við landeyðinguna, atriði, sem hér hefur ekki enn þá komizt til tals, svo að ég hafi tekið eftir. Annars vil ég taka undir það, sem sagt hefur verið um ofbeitina. Ég þykist vera það vel kunnugur á Suðurlandi a. m. k., að ég geti fullyrt það, að þar sé um ofbeit að ræða á sumum afréttum. Ég hef enn fremur síðan hestaeign jókst mjög í ýmsum kaupstöðum tekið eftir ofbeit af völdum hrossa á vissum svæðum, og er illt til þess að vita, að land skuli vera eyðilagt á þann hátt og algerlega óþarft, því að við höfum nóg land fyrir þessa hrossaeign kaupstaðabúanna, ef þannig væri búið um hnútana, að landinu væri sá sómi sýndur, að það gæti gefið af sér fullan gróður, en það gerir landið ekki nema það fái einhverja örvun með áburði. Mig langar að segja frá því, að ég sá fyrir tveimur árum það, sem mér þótti til fyrirmyndar í sambandi við hestaeign. Það var í Reykjaneskjördæmi, suður í Leiru. Þar sá ég, að hestamannafélag frá þeim í Keflavík hafði tekið land til uppgræðslu og borið þar á og búið þar til mjög ákjósanlega hrossahaga. Þetta

fannst mér vera til fyrirmyndar, og þeir, sem hafa hug á því að eiga hesta sér til yndis og ánægju í bæjunum, þurfa að koma hér til liðs við gróðurverndina og uppgræðsluna í landinu og leggja fram sinn skerf til þess að græða landið upp í staðinn fyrir að leggja ýmis svæði í hálfgerða eða algera örtröð af ofbeit með hrossaeldi. Ég vildi koma þessu að í sambandi við þær umr., sem eru hér um þetta mál.

Nú vil ég einnig vekja athygli á öðru, að búfjáreign landsmanna hefur á síðustu áratugum vaxið allmikið. Það er ekki orðið hægt að búa í sveit og njóta þeirra þæginda, sem við krefjumst, nútímamenn, nema hafa stórbú og mikla framleiðslu. Og þetta kostar það, að þá þarf meira land en áður, jafnvel þó að menn rækti og rækti og búi til stór tún. Búsmalinn þarf líka ræktað land. Það hefur komið í ljós, að það er t. d. ekki hægt að ala íslenzka sauðféð innikróað á ræktuðum túnum allt sumarið. Ég minnist þess, að á Skógasandi undir Eyjafjöllum, sem hefur verið græddur upp og er eitt fyrirmyndartún nú orðið, þar var reynt að ala sauðfé fyrstu árin. Vegna þess að það voru landþrengsli undir Eyjafjöllum, var reynt að ala sauðfé á þessu áborna landi. En það reyndist ómögulegt. Það þreifst ekki á landinu, og það varð að hætta við þetta. Og það hefur víðar komið í ljós, þar sem ég þekki til, að ef nota á ræktað land til sauðfjárbeitar, þá þarf einnig að hafa með óræktað land, fé þarf að hafa aðgang að óræktuðu landi með ræktaða landinu. Þannig er um okkar íslenzka fjárstofn.

Þá ber þess að geta, að á síðustu áratugum hefur meðferð við fóðrun sauðfjár batnað mjög mikið og yfirleitt fóðrun alls fjár eða allra gripa, hvort sem það eru nautgripir, hross eða sauðfé. Bændur fara yfirleitt orðið mjög vel með þessar skepnur í fóðrun, og niðurstaðan er sú, að skepnurnar hafa þyngzt mjög mikið. Þær hafa stækkað og þyngzt. Þegar ég var ungur og að byrja að búa, þá var algengt, að ærnar vigtuðu á haustnóttum 40—50 kg. a. m. k. í lágsveitum á Suðurlandi. Nú er ærþunginn á haustnóttum um 60—65 kg, þar sem ég þekki til. Það sjá allir sjálfir, að eftir því sem skepnan er stærri og þyngri, þess meira land þarf hún, þess meira étur hún. Og þó að ekki hefði vaxið bústofninn að tölu til, heldur bara stækkað og þyngzt eins og hann hefur gert, þá þyrfti hann miklu meira land en hann þurfti bara vegna þess eins, að hann þarf miklu meira að éta og notar miklu meira fóður en hann gerði áður. Til þessa er yfirleitt ekki tekið tillit, þegar verið er að tala um landið, sem bústofninn þarf til beitar. Ég er sannfærður um það, að 100 kindur nú þurfa allverulega meira land til beitar en 100 kindur þurftu fyrir 30—40 árum, vegna þess að þær eru miklu stærri og þyngri nú. En auk þess er það, að féð er miklu frjósamara en það var, og þess vegna miklu fleira í sumarhögum nú en áður var. Þetta var um þennan þáttinn. Ég er allkunnugur flestum afréttum sunnanlands. Ég hef farið um þá flesta og þekki þetta nokkuð, og er sannfærður um, að það er veruleg ofbeit á Suðurlandi og hætta á uppblæstri og jarðvegseyðingu af þeim sökum. En þetta er nú mikið rætt, og ég get ekki lagt þar neitt til mála annað en það, sem aðrir hafa gert.

En mig langaði til þess að drepa á einn þátt enn í þessu máli, og til þess kom ég hér upp í ræðustólinn. Það er sú jarðvegs- og landeyðing, sem verður hér og fer mjög vaxandi af völdum straumvatna. Ég álít, að víða sé mjög mikill háski búinn af þessum þætti landeyðingar á Íslandi og hafi farið í vöxt. Og það er ýmislegt, sem orsakar það, að þetta er að gerast í auknum mæli. Ég hygg t. d., að allbreytt tíðarfar eigi sinn þátt í þessu. Þegar ég var ungur og man fyrst eftir mér, lágu ár og vötn oft undir ísi hreyfingarlaus mánuðum saman yfir veturinn. Síðan grotnaði ísinn af þeim með sólbráð, þegar kom fram á útmánuði og fram undir sumarmál. Nú gegnir allt öðru máli. Tíð er miklu umhleypingasamari að minni hyggju nú orðið en var. Ýmist eru árnar að verða ísilagðar eða það koma þíðukaflar, sem ryðja af þeim ísnum sitt á hvað allan veturinn. Þetta orsakar feikileg umbrot í vatnsfarvegunum og jarðvegseyðingu og landbrot. Og ég hef tekið eftir því á minni ævi, að þar sem ég þekki til, þá hefur orðið alveg feikilega mikil landeyðing af þessum sökum. Þá hef ég einnig komizt í kynni við þetta nú á síðustu árum, sem ég hef setið hér á Alþ., þar sem ég hef verið í fjvn. og hef orðið var við þær síauknu umsóknir og kvartanir hingað og þangað að af landinu, þó sérstaklega af Austur- og Suðurlandi um ágang af völdum straumvatna og beiðnir um fjárveitingar til þess að reyna að hefta þennan ófögnuð. Hér er einn þáttur í náttúruverndar- og landgræðslumálum, sem þarf að gefa mikinn gaum, og ég vildi ekki láta þessar umr. fara svo fram, að ég benti ekki á þennan þátt. Þeir, sem eru nú að starfa í mþn. að landverndarmálum, einnig sú n., sem fær þetta mál til meðferðar hér á hv. Alþ., þeir þurfa, þessir aðilar, að gefa fullar gætur að þessum þætti í landeyðingarmálunum. Og ætla ég svo ekki á þessu stigi að fara fleiri orðum um þetta mál.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég las grein í Tímanum fyrir nokkrum dögum. Ég man ekki nákvæmlega, hvaða dag það var. Það var vit í þeirri grein. En það er nú þannig með dagblöð okkar, ekkert frekar Tímann en önnur, að það er ekki alltaf af miklu viti, sem í þau er skrifað, sem er eðlilegt. Blöðin eru stór og mörg, og ef það væri vit í þessu öllu, mundum við ekki vera færir um að taka á móti allri þeirri vizku. Þetta var um gróður á heiðum, og það var bent á það, að með því að ausa áburði úr flugvélum á kvistlendi, lyng og slíkan gróður, gæti það orðið til að eyða gróðrinum. Öllum, sem eru að tala um þessa gróðurvernd, gengur gott til. Við viljum allir hafa landið okkar sem fegurst og frjósamast. En það þarf bara að vinna að þessu af þekkingu og skynsemi, en ekki óskipulegt fálm út í loftið. Það er mjög virðingarvert af meðlimum ungmennafélaganna að vilja leggja sitt lið fram til að græða upp landið. En þetta hefur bara ekki verið gert á nógu skipulegan hátt. Það er veitt fé í þetta af Alþ., og svo er safnað saman nokkrum áburðarpokum og fræpoka. Svo fara krakkarnir með þetta upp á afréttir, dreifa þessu ofan á mela og þetta fýkur burt og verður að engu. Ég vil engan veginn gera lítið úr því, sem unnið hefur verið í gróðurverndarmálum hér á landi. Það hefur verið gert stórt átak, einkum sunnanlands og jafnvel fyrir norðan líka, þó að það sé ekki í minni sýslu, það er ekki svo mikill uppblástur í henni. En í Þingeyjarsýslum hefur verið gert mikið átak viðvíkjandi uppgræðslu á landi. Og Páll sandgræðslustjóri er viðurkenndur dugnaðarmaður. Ég vil engan veginn gera lítið úr hans starfi eða

þekkingu á þessu sviði. En það er annað. Páll býr í Gunnarsholti, einu stærsta býli á landinu. A. m. k. er heyfengur þar meiri en annars staðar, og maðurinn eyðir allt of mikilli orku í að reka búskapinn, en það er meira en nóg starf fyrir einn mann, hvað duglegur sem hann er, að hugsa um sandgræðslumálin. Ég álít, að þetta sé ekki rétt, Páll eigi ekki að vera að fást við búskap, hann eigi að hugsa um sandgræðslumálin, og það er miklu meira en nóg verk fyrir hann, hvað duglegur sem hann er. Það er hægt að fá einhverja aðra til þess að búa í Gunnarsholti. Enda þegar búið er að græða þetta flæmi upp, þá er ekkert óeðlilegt að skipta þessu niður í býli, og þar gætu verið margir bændur.

Það er verið að tala um það, að við munum geta ræktað upp mikið af þessum gróðurlausu öræfum okkar. Ég skal ekki segja, hvað hægt er að gera. En ég er alveg viss um það, að það er ekki praktískt og við eigum að byrja á að rækta annað fyrr. Ég er búinn að ferðast töluvert um landið, og m. a. fór ég suður Kjöl í sumar. Uppblásturinn virðist mér vera fyrst og fremst af vatnsleysi. Þetta gróðurleysi hefur alltaf verið á öræfunum. Ef við lesum Landnámu, kemur það í ljós, að Goðdala-Eiríkur sendi þræl sinn fram á Kjöl, þá kemur hann þar á sanda. Svæðið fyrir austan Kjalhraun hefur aldrei verið gróið land. Aftur sér maður það á miðheiðinni, að þar eru börð, sem hafa blásið eitthvað upp. Þegar komið er suður fyrir Hvítá, skiptir alveg um. Þar er ekkert nema grjót, a. m. k. það, sem maður sér frá veginum. Það er ekki sandur einu sinni, þetta er bara grjót. Og ég held, að það verði nokkuð seinlegt verk að rækta þetta grjót upp. Hitt er annað mál, þar sem er einhver laus jarðvegur og sandar. Þar er um að gera að vera nógu fljótur að græða upp, áður en sandurinn fýkur í burtu. Þegar ég var að alast upp, bjuggu foreldrar mínir ekki langt frá heiðunum, og ég tók eftir því, að þegar sunnanrok var, var töluvert mikið um mistur, sem ekkert var annað en sandrok. En það hefur borið miklu minna á því á seinni árum. Það er mjög sjaldan, sem við verðum varir við nokkurt sandrok fyrir norðan. Og ég held, að þetta hafi verið af því, að nú sé þessi lausi sandur bara fokinn burt og grjótið eftir.

Fyrrv. ráðh., Ingólfur Jónsson, var að tala um það hér áðan, að hægt væri að rækta tún í 400—700 m hæð. Ég er ekki trúaður á þetta. T. d. um norðurströndina norður á Skaga. Ég hef komið þar oftar en einu sinni að sumrinu. Ég hef séð það, að sáðgresi þrífst ekki hjá þeim. Má vera, að ef þeir hefðu einhliða sterkustu tegundirnar, eins og t. d. túnvingul og kannske fleiri tegundir, að það gæti lifað, en sáðgresið lifir þar ekki. Og meira að segja hjá okkur frammi í dölunum deyr það meira og minna út eftir 2—3 ár, misjafnt eftir því, hvernig jarðvegurinn er og hversu skjólasamt er, en víða deyr það út. Í beztu sveitum landsins eins og sunnanlands og frammi í Eyjafirði, þar sem hlýjast er og beztu ræktunarskilyrðin, þar geri ég ráð fyrir, að sáðgresi lifi þó nokkuð lengi. En undir eins og komið er út að sjávarströndinni, sem er nú raunar grýtt og næðingasöm, og eins þegar komið er í dálitla hæð, t. d. 200 m hæð, þar sem sumir hafa verið að reyna að rækta í minni sveit, hefur sáðgresi dáið út, og þar vex það ekki að gagni nema í hlýrri sumrum. Og hvað haldið þið þá, þegar komið er í 400—700 m hæð? Ég held, að það verði dálítið erfitt að rækta sáðgresi þar. Þess vegna megum við ekki eyðileggja þennan lynggróður, sem er á heiðunum, með óhentugri áburðarnotkun.

Og svo er annað, sem við þurfum mjög að athuga, og það er það að stilla beitinni í hóf. Það er mikið talað um það, að Íslendingar hafi eyðilagt gróðurinn í landi sínu, það sé mönnunum að kenna, hve það hefur blásið upp. Vafalaust eiga þeir einhvern þátt í þessu, en þeim er kennt um of mikið. Í fyrsta lagi hafa þessar auðnir alltaf verið fyrir hendi að meira eða minna leyti. Í öðru lagi eru það á suðurafréttunum fyrst og fremst eldgosin, sem hafa gert þetta. Vikurinn hefur hrúgazt niður, og svo tollir vatnið ekki í gróðrinum eftir það, og hann þornar og blæs upp. Það eru ekki mennirnir, sem hafa eyðilagt heiðarnar fyrir ofan Rangárvallasýslu. Það eru eldgosin fyrst og fremst. Svo hafa hlaupið skriður og ýmislegt gerzt, sem hefur eyðilagt gróðurinn. Það er fleira en maðurinn. Ingólfur Jónsson sagði hér áðan, að landið hefði verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Þetta er ekki að öllu leyti rétt. Það er sagt í Íslendingabók, að það hafi verið viði vaxið, en þetta var að mestu leyti víðir og smákjarr. Nú er það með þennan víði og kjarrið, að þetta er óræktargróður og satt að segja í landi, þar sem er mikil kvikfjárrækt, þá er þetta ekki hentugur gróður.

Hv. 2. þm. Sunnl. var að tala hér um beitina, og það var, held ég, rétt mest af því, sem hann sagði, eða mikið af því a. m. k. Mér er það ljóst, að það verður að takmarka, hve margt fé sé rekið á heiðarnar. Og þessi ítölulög, eins og þau eru nú, eru nær óframkvæmanleg. Í fyrsta lagi verður að takmarka eða taka jafnvel alveg fyrir að reka þessa stóðhópa á afréttirnar. Í öðru lagi verður að stilla því í hóf, hve fé er margt á afréttunum.

Ég held, að sérfræðingar okkar í gróðurmálum telji, að ærin þurfi þrjá hektara yfir sumarið af óræktuðu landi. Ég skal ekki fullyrða, hvort þetta er rétt. En stórt þykir mér sveðið, og vitanlega getum við ekki haft mjög margt fé á afréttunum, ef lambærin þarf um þrjá hektara. En við verðum að rækta beitilandið, og okkur er orðið það ljóst, a. m. k. í Húnavatnssýslu, þar sem sauðfé er margt víða á bæjum og hross líka, að það er ógerlegt að fá dilkana væna, nema beita þeim á ræktað land.

Ég held, að það sé sjálfsagt að reyna að hindra uppblástur og ganga að því af dugnaði, en að fara að ausa fræi og áburði á grjót uppi á öræfum, ég held, að það sé að fleygja fjármunum og eyða orku til ónýtis, en við verðum að reyna að stöðva uppblásturinn, þar sem sandur er eða einhver leirjarðvegur.

Það er ekkert nema gott um þessa þáltill. að segja. Hún sýnir góðan vilja og áhuga á málinu og ástæðulaust að deila um hana. Ég veit ekki, hvort flm. vissu um þessa nefndarskipun hjá landbrh. Stjórnin okkar er dugleg og er ekkert að ráðfæra sig við þingið, ef hún ætlar að gera einhverja stóra hluti. Hún var búin að skipa ágæta menn í þessa nefnd, eins og við heyrðum á ræðu hv. 1. þm. Austf. hér áðan. Hann flutti mjög góða ræðu um þetta mál. Eðlilega er erfitt fyrir mig þess vegna að greiða atkv. með þessari till., því að ég tel það eins og vantraust á fyrrv. formann okkar, og ég kann ekki vel við það, þó að ég viðurkenni, að till. sýni á margan hátt góðan vilja og áhuga á góðu máli. Það er engin vanþörf á því að taka skynsamlega á þessum málum, en ég álít, að það hafi ekki verið gert nægilega

vel. Má vera, að þessar umr. verði þess vegna til góðs, málin skýrist og unnið verði að þessu af meiri fyrirhyggju. En ég er með því, að unnið sé að því að græða landið, eftir því sem skynsamlegt er, en ég álít, að það þyrfti að breyta því þannig, að sandgræðslustjóri gæti gefið sig eingöngu að því. Hann þarf að hafa fjármuni nokkurn veginn nægilega, og svo þarf að vinna að þessu á skipulegri hátt en gert hefur verið og af meiri hagsýni. Að fara upp um öræfi og ausa þar áburði og fræi, án þess að landið sé girt eða valtað, það er hrein fávizka. Ég sá t. d. við Hvítárvatn í sumar, þar var sandgræðslugirðing, og það hafði auðsjáanlega borið árangur. En þar var líka mikill jarðvegur fyrir. Þetta er sandgræðslustjóra allt saman ljóst, og ég býst við, að hann þurfi ekki að fá tilsögn um það. En hann þarf að hafa tíma og aðstöðu til þess að vinna að þessum málum. Allir vita um sandana við suðurströndina, að þeim hefur verið breytt í frjósöm tún. Það er ekkert nema gott um það að segja, og ætti að gera miklu meira af því en gert er að græða þá upp, bæði til beitar og ræktunar. Hitt skulum við gera okkur ljóst, að þeir þurfa miklu meiri áburð en land, sem er frjósamara. Ég fór einu sinni að rækta sendinn móa, og mín reynsla er sú, að hann þarf tvöfaldan áburð, og fæ þó ekki eins mikið gras af honum. Hitt er annað, að það er góð taða af sandjörðinni, og vinnst e. t. v. eitthvað upp þannig. En það er aldrei nema til bóta að hefta sandfok og stöðva uppblásturinn. Svo eigum við að rækta það land, sem ræktanlegast er til nytja og hagkvæmast á allan hátt. Svo gæti komið að því hjá börnum okkar eða barnabörnum, að þau teygi sig upp eftir þessum afréttum og fari jafnvel að rækta það land, sem er orðið að mestu uppblásið. Ég skal ekkert fullyrða um, hvað gerist, en ég held, að eins og sakir standa nú, þá borgi sig ekki að bera á grjótmela í 400–800 m hæð.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að segja, að það er ánægjulegt, að svo miklar og gagnlegar umr. skuli hafa orðið um þetta mikla mál. Á því leikur ekki nokkur vafi, að þetta er eitt mesta mál, sem við höfum nú við að glíma, þetta stóra vandamál um gróðureyðinguna í landinu og um landgræðsluna. Ég vil sérstaklega þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir þær ágætu undirtektir, sem hann hafði við till. þessa. Eins vil ég þakka honum hans ágætu og upplýsandi ræðu.

Hann skýrði frá því, sem raunar var vitað, að ríkisstj. hefði skipað eða landbrh. öllu fremur hefði skipað nefnd sjö manna til þess að hefjast þegar handa um rannsóknir og undirbúning framkvæmda í þessu máli. Ég fagna því, að þessi nefnd hefur þegar tekið til starfa, því að þegar og ef sú nefnd verður kosin, sem lagt er til í þáltill. okkar hv. 3. landsk. þm., munu þau verk, sem nú eru unnin af þessari nefnd, vitanlega koma að fullu gagni, þegar þau yrðu lögð upp í hendur henni. Og eins vil ég taka það fram, að það er sérstaklega ánægjulegt, að maður eins og hv. 1. þm. Austf. hefur tekið við forustu í þessari nefnd, að hann hefur sérstakan hug í þessu máli og hug til þess að hrinda málum fram.

Hv. 1. þm. Sunnl. lét þess getið í upphafi máls síns, og því miður er hann ekki viðstaddur nú, en ég sé nú ekki annað fært samt en að víkja að hans máli, hann lét þess getið í upphafi máls síns, að till. væri kannske góðra gjalda verð, en það væri svo annað mál, hvort hún væri í því formi, sem æskilegast hefði verið. Lét þess svo að engu getið, í hvaða formi æskilegast hefði verið að hafa hana. Hann minnti á, að sett hefði verið ítarleg löggjöf um þetta mál árið 1965, landgræðslulögin. Ég hef kynnt mér þessi lög, og ég verð að segja, að þau eru alltyrfin, og ég held, að reynslan hafi sýnt, að enda þótt þau hafi haft inni að halda allmörg nýmæli, þá hafi reynslan sýnt samt sem áður, að þau hafi ekki í framkvæmdinni orðið til þess, sem þeim kannske var ætlað. Og það er höfuðmál um lög, ekki það, að þau séu til, heldur hvernig þau gagnist í framkvæmdinni, að þau nái tilgangi sínum. Eftir sem áður er það bláköld staðreynd, þrátt fyrir þennan ítarlega lagabálk, að landið heldur áfram að blása undan fótum okkar. Og sjö ára eru þessi lög, og eftir sem áður blasir við sú staðreynd, að enn sígur stórlega á ógæfuhlið í þessu máli. En öll viðbrögð við þessari till. og aðrar umr., sem fram fara um þetta mikla vandamál, benda til þess, að nú verði mjög spyrnt við fótum og jafnvel snúið við frá því, sem stefnt hefur.

Hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að það væri út í hött að tala um ofbeit, og lét þess getið, að því hefði verið haldið fram, að það þyrfti að fækka sauðfé um 280 þús. ærgildi, til þess að um ofbeit yrði ekki að tefla. Ég hef að vísu mitt vit allt úr sérfróðum mönnum. Ég hef talað við allmarga þeirra og hlustað á enn fleiri, og næstum því allir eru sammála um það, að um stórkostlega ofbeit sé að tefla. En ég held, að hv. 1. þm. Sunnl. misskilji þetta að því leyti, að ég veit ekki til, að menn hafi lagt til, að skorinn yrði niður búsmali manna til þess að forðast ofbeitina, heldur verður að vinna málið frá hinni hliðinni, að rækta nægjanlega upp, svo að ofbeitin verði ekki til þess tjóns, sem sérfróðir menn telja, að hún sé, og stuðli e. t. v. meira að gróðureyðingu en nokkuð annað, þar sem mögur jörð er ofbeitt, og verði til þess að myndast rofabörð og uppblástur.

Þegar hafa verið kortlögð um 70% af yfirborði landsins, og eftir þeim upplýsingum, sem sú kortlagning gefur, þá er svo að sjá, sem mjög víða, aðallega á Suður-, Suðvesturlandi og Vesturlandi, sé um verulega ofbeit að tefla. Það vill svo til, að Austurland er einn af fáum landspörtum, þar sem um ofbeit virðist ekki vera að tefla, og því er það, að ég hygg, að við þurfum ekki að gera okkur neinar sérstakar áhyggjur vegna hreindýrahjarðar, sem þar gengur og hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist á, enda er öllum Austfirðingum og auðvitað landsmönnum öllum mjög sárt um þann stofn villtra dýra, enda hefur nú fátt eitt bent til þess, að hann hafi komizt af með þeim hætti, að ástæða sé til að óttast, að honum fjölgi um of. Það verður að gá allra helzt að því, að honum verði ekki útrýmt. En svo heppilega vill til, að á Austurlandi þykjast menn sjá þess glögg dæmi, að um ofbeit sé ekki að tefla.

Hv. 1. þm. Sunnl. vildi meina, að um prentvillu væri að ræða, þar sem segir í grg. með till. okkar, að undanfarin ár hafi verið græddir upp 20–25 km². Ég held mig nú við þessa tölu, þangað til hann leggur fyrir aðrar skýrari sannanir fyrir því, að hér sé um prentvillu að tefla, af því að þetta er sú tala, sem ég hef fengið upp gefna frá þeim mönnum, sem ég hef ástæðu til að treysta líka, því að ég treysti fleirum en hv. 1. þm. Sunnl. En ef það kemur á daginn, að fyrir verða lagðar upplýsingar, sem færa manni heim sanninn um, að þetta sé röng tala, þá mun þetta vitanlega verða leiðrétt,

en ekki á meðan hann lætur við það sitja að lýsa því aðeins yfir, að tvöföldun þessarar tölu sé rétt án þess að færa frekari rök að því máli.

Það er tekið fram hér í grg. með frv., að gróðureyðingin sé með þeim hætti frá landnámstíð, að það hefur glatazt meira en helmingur af gróðri og jarðvegi landsins af svæði, sem svarar til um það bil þriðjungs af heildarflatarmáli þess. Ég rakst á, að Þorleifur Einarsson hefur dregið þær ályktanir af frjókornarannsóknum sínum, að ¾ hlutar landsins hafi verið grónir á landnámsöld og ⅔ hlutar alls gróins lands hafi orðið uppblæstri að bráð. Þetta kemur fram í riti eftir hann, grein eftir hann, Vitnisburður frjógreiningar um gróður, veðurfar og landnám á Íslandi, í Sögu 1962. En hvort sem þetta er rætt lengur eða skemur, þá blasir samt sem áður sú augljósa staðreynd við, að um stórkostlega gróður- og landeyðingu er að tefla. Um það verður ekki deilt.

Miklar rannsóknir hafa farið fram á því, með hvaða hætti land yrði grætt upp, sér í lagi í nokkurri hæð frá sjávarmáli, og mjög fróðlegar tilraunir hafa verið gerðar í þessu sambandi, til að mynda af dr. Sturlu Friðrikssyni.

Björn Pálsson, hv. 3. þm. Norðurl. v., varaði við því, að farið yrði að ausa áburði upp um fjöll og firnindi. Það er alveg rétt. Allt, sem gert er í þessu efni, verður að byggjast á grundvölluðum rannsóknum. Þess vegna er okkar till. fram komin, og þess vegna hygg ég, að landbrh. hafi brugðið við skjótt og skipað menn til þess að hefja undirbúning að því, að lokið verði þeim rannsóknum, með hvaða hætti bezt og skeleggast verði að þessum málum staðið. Og ég verð að segja, að ég fagna því, að ég þykist sjá, að flutningur þessarar þáltill. okkar hv. 3. landsk. þm. muni hafa orðið til þess þegar í stað, að brugðið var svo myndarlega við með skipan þessarar nefndar, sem ég veit, að muni skila góðu starfi, sem verður svo til undirstöðu fyrir framhaldsvinnu að þessu mikilvæga verkefni.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vera má, að það mál, sem síðast var hér til umr. í Sþ., um sölu á kartöflum, hefði getað komið inn í umr. um þessa þáltill., alla vega svar við þeirri fsp. samkv. fullyrðingu hæstv. núv. landbrh. um það, að hægt væri jafnvel að fá upp úr okkar ekrum franskar kartöflur, a. m. k. svar við því, hvað þyrfti að setja niður til þess að fá slíkan ávöxt upp. En til þess að ég snúi mér að því máli, sem er til umr., þá er ástæðan til þess, að ég tek nú til máls um þetta mál, þær umr., sem urðu hér í síðustu viku, og nokkrar fullyrðingar, sem þar komu fram hjá ræðumönnum. Þær fullyrðingar eru ekki nýjar á hv. Alþ., heldur hafa þær komið fram áður. Sérstaklega finnst mér það rétt vegna orða, sem komu fram hjá hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, sem annars flutti skelegga og greinargóða ræðu, eins og hans var von og vísa, en þessar fullyrðingar komu líka fram hjá öðrum ræðumönnum, þegar þetta mál var hér til umr. síðast, og eins og ég hef þegar tekið fram, hafa þær fullyrðingar komið hér fram áður.

Um einstök atriði, sem komu fram í umr., skal ég ekki að þessu sinni ræða. Þó get ég ekki varizt því að geta um staðhæfingu hv. 1. þm. Sunnl., sem var á þá leið, að vegna þess að mikið hefði bætzt við ræktað land og enn mætti segja, að búfjáreign landsmanna stæði í stað, þá væri ekki um gróðureyðingu að ræða. Þessi fullyrðing er auðvitað út í hött, þegar þess er gætt, að ekkert liggur fyrir um það, hver gróðureyðingin var, þegar sú hin fyrri tala var tekin, þannig að þótt mikil viðbót hafi orðið á ræktuðu landi og þurrkuðu, eins og hann orðaði það, eða framræstu, þá segir það ekkert um það, að ekki eigi sér gróðureyðing stað enn þá, þegar jafnframt eru höfð í huga orð hv. 2. þm. Sunnl., Ágústs Þorvaldssonar, um það, að fyrir kannske rúmum tveimur tugum ára eða riflega það, þegar hann var að byrja að búa, hafi ærin vigtað 40—45 kg, en hún vigtaði kannske 60—65 kg í dag. Hann benti auðvitað á það, sem öllum hlýtur að vera ljóst, að sú þyngri þarf á meira fóðri að halda en sú léttari, og þekkjum við það báðir, ég og hv. þm. Hitt var líka réttilega til getið eða á bent af honum, sem ég hef heyrt frá fróðum mönnum, að sú ræktun, sem hefur t. d. átt sér stað undir Eyjafjöllum, hefur ekki orðið að þeim notum, sem menn ætluðu í eina tíð, fyrir beit, og skal ég láta útrætt um það.

Hv. 1. þm. Austf. minntist í sinni mjög fróðlegu ræðu á það, sem rétt er, og reyndar gerðu það, eins og ég hef tekið fram, fleiri þm., að um þjóðarvakningu hefði orðið að ræða á undanförnum árum í sambandi við landgræðslu og gróðurvernd, og má segja um leið, að þar inn í komi líka svo kölluð umhverfisvernd. En hann sagði m. a., að þetta væri að frumkvæði, eða eins og mátti skilja hans orð, að frumkvæði bæði búnaðar- og bændasamtaka, sem ég ætla sízt að draga úr, og benti líka á ungmennafélagshreyfinguna, sem allra sízt skal dregið úr. Hins vegar hefur mér virzt, að þess hafi nokkuð gætt í ræðum manna, þegar þessi mál hafa verið rædd, hvar þeir hinir sömu ættu atkvæða von, og þeir væru kannske að hrósa mönnum um of eða um efni fram fyrir þá hluti, sem þeir ekki eiga. En vegna þess að það er rétt, sem fram hefur komið, að um þjóðarvakningu er að ræða, og vegna þess líka, að hv. 1. þm. Austf. taldi sig skuldbundinn bæði þeirri ríkisstj., sem hann styður, og málefnasamningi ríkisstj. að geta þess, að eitt af þeim fjölmörgu atriðum, sem þar er á drepið, hefði nú verið efnt það vel, að skipuð hefði verið nefnd til þess að vinna að ákveðnu verkefni, þ. e. að vinna að frekari skipulagningu landgræðslu og gróðurverndar, og hann taldi, að rétt væri, að það kæmi fram í þingtíðindum, þá þykir mér líka rétt, að það komi fram í þingtíðindum, hverjir það voru, sem áttu og hófu það merki að vekja þessa þjóðarvakningu. Því miður hefur það ekki verið gert sem skyldi enn þá. Og mér er þetta mjög kært, vegna þess að ég var í þeim félagsskap, en þetta var fámennur félagsskapur Reykvíkinga. Það voru tæpir 50 menn, sem tilheyra svo kallaðri Lions-hreyfingu og voru í klúbb, sem Baldur heitir. Það var strax 1963—1964 eða þann starfsvetur, sem umræður hófust um þetta mál, og 1965 var fyrsta gróðursetningarferð þessara aðila farin. Við höfðum náð sambandi við ekki aðeins bændur, sem áttu afréttarlönd í Biskupstungum, heldur og við landgræðslustjóra, Pál Sveinsson, sem við áttum strax mjög gott samstarf við, og ráðlagði hann þessum mönnum, hvað

gera ætti og hvernig ætti að gera það. En inn í þetta kemur auðvitað ekki aðeins það sjónarmið, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austf. og hann lagði áherzluna á, að afrétturinn yrði þannig úr garði gerður, að hann nýttist betur fyrir búfjáreign landsmanna, heldur var það hjá þessum aðilum sú hugsun jafnframt — og kannske fyrst og fremst — að afstýra frekari gróðureyðingu. Þó að unnið yrði að landgræðslu, þá var jafnframt og ekki sízt sú skoðun á lofti hjá þeim, að það ætti að bæta umgengni almennings við landið sjálft. Og annað aðalatriði var það, að það ætti að koma inn hjá börnum þeirra sjálfra og öðrum börnum og unglingum þessa lands þeirri skoðun, að þau og við, sem nú lifum, ættum að skila betra og fallegra landi til eftirkomenda okkar en við búum við í dag. Og ég tel, að þegar þetta er haft í huga og sú staðreynd, að þjóðarvakning hefur orðið út af þessu starfi, þá hafi vel unnizt.

Við fórum þessa fyrstu gróðursetningarferð og hösluðum okkur völl við Hvítárvatn. Það er eftirtektarvert, að hv. 3. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, taldi réttilega, að ekki þýddi að ganga um afrétti og aðra staði og strá fræi og áburði, án þess að fyrst og fremst væri farið eftir tilsögn kunnugra, vegna þess að það mundi ekki hafa þá þýðingu, sem til væri ætlazt. En hann minntist einmitt á þennan haslaða völl þessara Reykvíkinga við Hvítárvatn sem gott dæmi um það, hvað væri hægt að vinna. Ég minnist þess, að tvö fyrstu sumurin var barizt þangað upp eftir með 3 tonn af áburði og fræi. Síðan var farið með 10 tonn, því næst 16 tonn. Þá var tæknin tekin í þjónustuna, og þá mátti segja, að það væri komin hreyfing af stað meðal almennings. En við girtum þarna 8 km langa girðingu, sem lokar af um 700 ha lands. Og frá þessum fámenna félagsskap komu í þetta um 150 þús. kr., bara girðinguna, en annað fé, sem undir þessu þurfti að standa, kom frá Landgræðslunni. Eins og ég tók fram, var Páll Sveinsson alltaf boðinn og búinn að hjálpa okkur og aðstoða okkur og var með okkur þarna sumar eftir sumar. Við áttum líka því láni að fagna, að í þessum hóp var Sturla Friðriksson, sem hefur látið sig miklu skipta gróðurtilraunir á hálendinu. Það er auðvitað bagalegt, að hv. 3. þm. Norðurl. v. skyldi ekki hafa skoðað þá reiti, ef hann hefði séð sér fært, þegar hann keyrði suður Kjöl í fyrsta skipti á ævinni, að manni skilst, á s. l. sumri, að hann skyldi ekki hafa skoðað þá gróðurreiti, sem má sjá á þessari leið á hálendinu og Kili. Við áttum líka í okkar hópi fyrsta flugmanninn, sem tók að sér áburðardreifingu hér á landi, þannig að margir góðir menn og kunnugir þessu vandamáli lögðu þarna hönd á plóginn.

En starfið var ekki einhliða bundið við þetta, og þá kem ég að því, sem auðvitað kom fram hjá mörgum ræðumönnum í umr. í fyrri viku, og það er, að á margan hátt blandast þetta mál inn í umr. um umhverfisvernd. Ég minnist þess, að þetta sama sumar, sem þetta starf var hafið, voru útbúnir plastpokar, sem voru gefnir í allar bifreiðar hér á bifreiðastöðvum í Reykjavík og víðar, þar sem áskorun var á hverjum poka eða ávarp um það, að umgengni lýsti innra manni. Við vorum að reyna að vekja fólk til umhugsunar um það, að rusl ferðamanna væri blettur á landinu, og þetta var einn liðurinn í þeirri herferð, sem gerð var. Fram til þessa hefur þessi fámenni félagsskapur lagt nokkur hundruð þús. kr. í þetta starf sitt, og ég veit, að hann er ákveðinn í því að halda áfram þessu starfi á þessum stað, og ég held, að það sé athyglisvert fyrir hv. alþm. og aðra ferðamenn að skoða, hvað hefur áunnizt á þessu stóra landssvæði við Hvítárvatn. Það er rétt hjá hv. þm. Birni Pálssyni, að það var ekki allt uppblásið. Hins vegar átti sér þar stað mikill uppblástur. Hann hefur verið stöðvaður, og ég vil leyfa mér að halda því fram, að þar megi finna gróðurvin í þeirri eyðimörk, sem rétt sé að taka eftir.

Eins og ég sagði, var ætlunin að efna til þjóðarvakningar. Þann 12.—13. apríl 1969 var efnt til ráðstefnu um gróðureyðingu og landgræðslu á vegum Hins íslenzka náttúrufræðifélags og Æskulýðssambands Íslands, og seinni dag þeirrar ráðstefnu flutti ég till. fyrir hönd þessa félagsskapar, sem ég hef hér getið um, sem var á þá leið, að stofnuð yrðu landssamtök áhugamanna til sameiginlegs átaks í þessum málum, þ. e. í landgræðslu- og gróðureyðingarmálum, og ættu bæði félagssamtök og einstaklingar aðild að samtökunum. Og síðar í till. tókum við það fram í þessum félagsskap, að við byðumst til þess, ef af slíkri stofnun landssamtaka yrði, að leggja fram sem fjárhagsgrundvöll það fé, sem við höfðum safnað fram að þessu, en það var m. a. fólgið í því að selja fötur, sem áburður var í og fræ, til ferðamanna og annarra. Þegar þessi till. var endanlega samþykkt, eftir að undirbúningsnefnd hafði unnið að stofnun þessara samtaka, sem svo hlutu nafnið Landvernd, þá fengu þau þennan tekjulið.

Ég vildi í framhaldi af orðum hv. 1. þm. Austf., er hann gat um nauðsyn þess, að það yrði skráð í þingtíðindin, að sú nefnd hefði verið skipuð, sem valdið hafi tímamótum í þessum málum, þá vildi ég láta þetta koma fram, ekki sízt vegna þeirra orða hans sjálfs og margra annarra, að hér hefði orðið þjóðarvakning. Ég dreg þetta mál fram hér aðallega vegna þess, að ég viðurkenni það í ræðum þeirra, að það hafi orðið þjóðarvakning. En ég tel rétt, að þeir eigi, sem eiga, og þar á þessi félagsskapur Reykvíkinganna 50 ekki sízt þátt í, og því ber að fagna og reyndar öllu, sem fram kemur frá þeim mönnum, hvort sem þeir eru í borg, bæ eða sveit, sem vilja leggja hönd á plóginn í þessu nauðsynlega og þýðingarmikla máli.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Þar eð þingheimur allur er einhuga um það að efla sem frekast má verða landgræðslu og gróðurvernd, og með því að ríkisstj. hefur þegar skipað nefnd til þess að taka þessi mál föstum tökum, þá er engin ástæða til þess að orðlengja öllu meira um þessa þáltill. Þó er eitt eða tvö atriði, sem ég vil þó sem flm. drepa á að lokum, og hið fyrra varðar afstöðu fyrrv. landbrh., sem kom nokkuð á óvart, og hitt atriðið er það, sem ég vil kalla samvinnu þm. við ráðh.

Fyrra atriðið lýtur að því, að fyrrv. landbrh. dró mjög í efa gildi till., taldi fullyrðingar margar í grg. út í bláinn, taldi, að um enga ofbeit væri að ræða o. s. frv. og lét svo allra náðarsamlegast þau orð falla, að hin nýja nefndarskipan væri líklega ekki til skaða. Þessi afstaða ráðh. fyrrv. mótast ekki af því, að hann hafi ekki áhuga á landgræðslumálum. Um það efast ég ekki og vafalaust enginn þm. Hins vegar mun ástæðan líklega vera sú, að hann telji, að hér sé vegið að honum sem fyrrv. landbrh., að hann hafi ekki sinnt þessum málum sem

skyldi. Ekki er það þannig frá mínum bæjardyrum séð. Í þessari þáltill. felst enginn áfellisdómur um vanrækslu fyrrv. landbrh. í þessum málum, alls ekki. Aðalástæðan er auðvitað sú, að viðhorf manna til þessara mála hafa tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum. Umhverfismál, og ég tel, að landgræðsla sé þáttur í þeim málaflokki, hafa nú komizt mjög á dagskrá hvarvetna um heim, og er það meginmál, sem um er fjallað sem lið í því viðhorfi manna, að jarðarbúar megi ekki sjálfir éta sig út á gaddinn í margvíslegum skilningi. Þannig er ástæðan einmitt sú, að umhverfismálin hafa einmitt á þessum s. l. 3—4 árum komið mjög upp, og það er alls ekki við ráðh. að sakast, þó að ný vakningaralda hafi komið í þessum málum. Hins vegar er alveg ástæðulaust fyrir fyrrv. landbrh. að haga sér eins og Don Quixote og ríða í turniment við myllur og telja, að þekking sé blekking o. s. frv.

Varðandi umhverfismálin vil ég aðeins segja það, að það væri mjög athugandi fyrir ríkisstj. að koma upp einhverri stofnun eða fá aðila, t. d. þá í forsrn., til þess að takast á hendur umhverfismál almennt. Bæði er haldin ráðstefna nú í Stokkhólmi í sumar um umhverfismál, alþjóðleg ráðstefna, og til umhverfismála teljast fjölmargir málaþættir, og ég hygg, að Íslendingar geti ekki sinnt þessum málum rækilega nema einhver ákveðinn aðili fáist við þessi mál. Gæti þá væntanlega sá aðili verið til liðsinnis við þá nefnd, sem er að athuga einmitt ofbeit og gróðureyðingu.

Síðara atriðið, sem ég vil minnast á, er samvinna þm. og ráðh. Ég vil í allri vinsemd rekja það, að þessi till. okkar hv. 4. þm. Austf. kom fram hér töluvert fyrir jól og lá hér í þskj. um mánaðarskeið, áður en hún kom til umr., en svo brá við, þegar till. kom fram, að Tíminn fór mjög að ókyrrast, sá ég var, og birti miklar greinar um landgræðslu, enda hvarflar nú að mér, að Framsfl. teldi sín mál, þegar sleppti malbikinu. En það, sem ég ætla nú einkum að tala um, er, að ég tel ekki æskileg vinnubrögð, að ráðh. skipi nefndir án þess að ræða við þá menn, sem flytja sama mál í þinginu, og það skiptir engu máli, hvort það er stjórnarandstaða eða stjórnarþm. Það segir sig sjálft, að þegar landbrh. skipaði þessa nefnd, hefði hann auðvitað átt að tala við þá þm., sem höfðu flutt sams konar mál í þinginu, ekki aðeins til þess að skýra þeim frá því, að það væri verið að skipa nefnd í málinu, heldur líka til þess að kanna þeirra óskir þar að lútandi, hvort það væru ákveðin viðhorf, sem þm. hefðu. Mér er sagt af reyndari þm., að þetta hafi tíðkazt töluvert á dögum viðreisnarstjórnarinnar, að þm. kæmu með mál, sem svo ráðh. hefði tekið upp og gengið í að koma til framkvæmda, en ég kalla það að hunza sjálfa flm. Og ég tel, að þetta sé ekki heppilegt, og óska eftir því, að þau vinnubrögð séu almennt viðhöfð, að ráðh. ræði við flm. mála, þegar eitthvað er gert í þeim.

En ekki skal ég nú fjölyrða um þetta. Málið er komið í góðan farveg, og sú nefnd, sem fjallar um það, virðist í alla staði hin ágætasta og allur þingheimur hlýtur að fagna því, að nú verði þessi mál tekin fastari tökum en áður var og við hljótum að vænta góðs árangurs.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr. og hefur reyndar alllengi verið, hefur vakið verðskuldaða athygli og í hlutfalli við mikilvægi þess málefnis, sem þar er vakið máls á. Í umr. þessum hefur stærð vandamálsins komið allmikið til umr. Það hefur verið vikið að því, hvort og hve mikil ofbeit eigi sér stað og um orsakir hennar, og nokkuð borið á karpi um orsakir fyrir gróðureyðingu. Ég álít, að í þessu máli sé ekki ástæða til þess að leggja svo mikla áherzlu á slíkt, og ekki ástæða til að karpa um orsakir. Við vitum nógu mikið um þetta til þess að fullyrða, að hér sé mikið vandamál. Og sú þjóðarvakning, sem hér hefur orðið, ber vissulega vitni um þetta. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þessum tillöguflutningi og hef reyndar gert það og endurtek ekki að ástæðulausu, að þetta hefur vakið nokkrar umr.

En í sambandi við það, sem hér hefur komið fram um nefndarskipanina, og það, að flutningur þessarar till. hafi haft áhrif á hana, þá vil ég nú benda á það, að það mun þurfa að grípa til afstæðiskenningarinnar til að sanna það, að nefndin sé afleiðing till., en það er auðvitað ekkert aðalatriði í þessu máli. Ég vil minna á það, sem reyndar hefur komið hér fram, að í stjórnarsáttmálanum eru ákvæði, sem auðvitað var alltaf meiningin að framkvæma, þar sem segir, að gera skuli heildaráætlun um alhliða landgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða. Og nefndarskipunin var sem sagt rökrétt framhald af þessu ákvæði. Það vildi svo til, að till. var flutt áður en nefndin var skipuð. Það var að vísu búið að vinna nokkuð að undirbúningsstarfi til nefndarskipunarinnar áður. En í sambandi við þá kvörtun, sem 2. flm. till. bar hér fram, að ekki hefði verið haft samráð við hann í sambandi við nefndarskipunina, þá get ég aðeins gert grein fyrir því, að haft var samráð við formann flokks hv. flm. í sambandi við till. um mann í nefndina. Það er ekkert að undra, þar sem þetta er málefni, sem mjög margir hafa áhuga á, þó að færri kæmust að en vildu, og það er ekkert við því að segja. Það er fullt af áhugamönnum um þetta málefni, bæði í röðum þm. og utan þings.

En af því að hér hefur líka verið rakin saga, finnst mér rétt, að það komi fram, að ákvæði í stjórnarsáttmálanum var rökrétt afleiðing þess, að stærsti stjórnarflokkurinn var búinn að gera þetta að ákveðnu baráttumáli sínu. Í flokksþingsályktun Framsfl. síðustu stendur svo hljóðandi í kafla um landgræðslumál. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa það. Þar stendur:

„Til minningar um 11 alda byggð í landinu verði á næstu þremur árum gerð heildaráætlun um alhliða landgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða, þar sem m. a. verði stefnt að:

1) endanlegri heftingu allrar gróður- og jarðvegseyðingar,

2) skipulegri nýtingu gróðurlenda og nægri ræktun beitilands, þannig að land verði hvergi ofsetið,

3) græðslu örfoka og eyddra landssvæða,

4) allsherjarúttekt á skógræktarmöguleikum og áætlun fyrir allt skógræktarstarfið í landinu. Síðast en ekki sízt verði gerð drög að heildarskipulagningu allra landsnytja fram til næstu aldamóta."

Mér finnst sérstök ástæða til þess að benda á þetta, vegna þess að á bak við þetta liggur ákveðin hugsun, sem ég held, að megi segja, að nú sé orðin að sameign

þjóðarinnar. Það er þetta, að 11 alda byggðar í landinu verði minnzt með sérstöku átaki í þessum málum. Að eftir 11 alda sambúð, sem sumir hafa kallað stríð við landið, þá verði saminn friður og eftir þann tíma verði það örugglega þannig, að með hverju árinu sem líður, vinnum við á í baráttunni. Það hallist ekki lengur á með þennan reikning, gróðurreikning hjá landinu. Við erum að deila um það núna, hvort meira blási upp en árlega grær, hvort meira eyðist en ávinnst. Það eru ekki til beinar mælingar yfir þetta. En eftir þetta ættum við að vera öruggir með það, að við værum í sókn í þessu máli.

Ég vil þá líka greina frá því, að þessi hugsun á víða stuðning, og þessi barátta er háð á fleiri sviðum, því að á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 1970, sem haldinn var á Akureyri, var gerð ályktun, sem gekk í þá átt, að Skógræktarfélagið beitti sér fyrir því, að gerð yrði allsherjar skóggræðsluáætlun fyrir landið og þessi áætlun yrði gerð í samvinnu við Skógrækt ríkisins. Þessir aðilar beita sér nú fyrir gerð þessarar áætlunar, og hún er hluti, vissulega mikilvægur hluti af þessari heildarlandnýtingar- og landgræðsluáætlun, sem nú er verið að vinna að, og þar sem Skógræktarfélag Íslands hefur lengi verið í fararbroddi á þessu sviði, þá finnst mér rétt, að þess sé getið hérna, að það er þegar verið að vinna að þessari áætlun, og hún fellur vissulega inn í þetta heildarstarf.

Af því að hér í umr. á undan var vikið að landgræðslulögunum frá 1965, sem vissulega mörkuðu tímamót, viss tímamót í þessari baráttu, þar sem tekinn var inn nýr kafli varðandi gróðurvernd, þá get ég nú ekki stillt mig um að minnast á það, að kannske hefur ekki orðið eins mikill árangur af setningu þeirrar löggjafar og efni hefðu getað staðið til, þar sem gróðurverndarkaflinn hefur ekki reynzt eins virkur, vegna þess að löggjafinn þá hafði nú ekki meira viðsýni eða meiri stórhug í þessum málum en svo, að ekki fékkst inn í þau lög, að gróðurverndarnefndir, sem þá voru settar í hverju héraði, í hverri sýslu, yrðu launaðar. Nú, í starfi þeirrar nefndar, sem um þetta mál fjallar, landnýtingar- og landgræðslunefndar, hefur það að vísu komið í ljós, að þessar gróðurverndarnefndir hafa sums staðar unnið ágæt verk, en þetta, að ekki var heimilt að greiða þeim laun fyrir sína vinnu, hefur vissulega orðið til þess, að þær hafa ekki starfað sem skyldi. En það er eitt, sem er öruggt í þessum málum, og það er það, að þau verður að vinna heiman frá í héruðunum. Þetta er bæði ákaflega stórt hagrænt atriði fyrir bændur landsins og þá, sem lifa við landið og lifa af landinu, en það er líka stórt félagslegt atriði, og allar aðgerðir eins og gróðurvernd og annað slíkt verður að byggja á félagslegum grundvelli og í takt við búskapinn og lífið í landinu. Það á ekki að gera það með boðum og bönnum, heldur með jákvæðum aðgerðum, og til þess að það megi verða, þá eru gróðurverndarnefndirnar alveg grundvallaratriði. Það hefur komið í ljós, að sums staðar hafa þær unnið hreint áhugamannastarf, því að þær hafa ekki fengið greitt fyrir störf sín, þar sem ekki er heimild til að greiða þeim fyrir þau.

Nefnd sú, sem minnzt hefur verið hér á, hefur gert sér þetta ljóst. Hún hefur sem sagt snúið sér heim í héruðin og mun vinna þessa áætlun ákaflega mikið í samvinnu við heimamenn. Með þessum orðum er þó engan veginn verið að kasta rýrð á þann mikla áhuga, sem hefur komið fram hjá öllum landsmönnum, bæjarmönnum jafnt og þeim, sem búa úti um landið, og sjómönnum jafnt eins og bændum, á þessu mikla máli, sem vissulega er mál allra landsmanna. Og þá vil ég aðeins geta þess, að þetta mál er auðvitað margþætt og er ákaflega stórt, því að það varðar það í raun og veru, hvernig við ætlum að haga því, sem við getum kallað sambúðina við landið, hvernig Íslendingar ætla að fara með Ísland og nota það í framtíðinni, en það er annar hluti þessarar stóru áætlunar, sem er landnýtingaráætlunin, og hún snertir náttúrlega svo beint alla landsmenn. Það þarf að haga henni þannig, að óskum sem allra flestra sé þar fullnægt, svo að við fáum út úr þessu það land, sem við getum verið ánægðir með að skila til eftirkomenda okkar. Og það hygg ég, að þessar umr. hafi þó sýnt. Hér eru allir sammála um það, að hér þarf að taka á, og þess vegna vonast ég t. d. til þess, að þm. verði nú áfram minnugir þessa við gerð næstu fjárlaga, og ég er viss um það, að þetta getur sem sagt orðið hrein þjóðarvakning og á þessum tímamótum verði öll þjóðin sameinuð um það að skila til eftirkomendanna því landi, sem veitir fólkinu mesta ánægju og velferð í framtíðinni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þetta merka mál hefur verið mjög rætt hér og saga sögð. Það voru aðeins nokkur orð varðandi sandinn og hans eyðileggingarmátt, sem mig langaði til þess að bæta við þær miklu umr., sem hér hafa farið fram.

Þannig vill til, að það var eitt af mínum vorverkum í gamla daga, þegar ég var á unga aldri, að aka sandi í hjólbörum af túninu á hverju vori, aka sandsköflum burtu, sem safnazt höfðu fyrir yfir veturinn. Rúðurnar í íbúðarhúsinu okkar varð að skipta um á nokkurra ára fresti, því að þá voru þær ekki lengur gagnsæjar. Þessi eyðileggingarmáttur var orðinn slíkur, að fyrst og fremst lagðist þessi jörð í eyði, en heilt þorp var einnig í hættu. Hvað var þá tekið til ráða? Jú, það var girt stór og mikil girðing, sem þótti í þá daga, fyrir 40 árum, og þessi girðing, sem forðaði landinu frá bústofninum, olli því, að eftir örfá ár var sandurinn hættur að fjúka. Síðan hefur þessari girðingu verið haldið við, í raun og veru ekkert annað aðhafzt, og landið er nú sæmilega gróið, a. m. k. sandfok skaðar ekki, og þetta tel ég benda svo eindregið til þess, að mikilvægasta aðgerðin til gróðurverndar sé friðunin. En á síðari árum með aukinni tækni og með þeim miklu umsvifum, sem fram fara nú víða um land, bæði í vegagerð, í alls konar tilflutningum á efni og í rannsóknum Jarðborana ríkisins og fleiri aðila, þá er enn ný hætta sköpuð.

Hér hefur verið minnzt á eyðinguna í sambandi við vegagerðina, og það verður að segjast, að Vegagerðin hefur nú á seinni árum mjög bætt ráð sitt hvað það snertir, að þeir hafa grætt mjög þau sár, sem hafa skapazt við vegagerðina. Hins vegar er það augljóst, að slík sár verða ekki grædd nema haldið sé áfram nokkur ár að bera á slíkar skemmdir. En um rannsóknirnar á landinu og rannsóknir á jarðvarma er það að segja, að þar skapast oft gífurlegar landskemmdir. Og mér er kunnugt um það, að á stað, þar sem menguð gufa kemur úr jörðu, hafa margir ferkílómetrar lands beinlínis orðið sviðin jörð á tiltölulega stuttum tíma. Því langaði mig til að vekja athygli á því, að á sama tíma og starfsfólk ríkisins vinnur að því af mikilli kostgæfni að

stöðva gróðureyðinguna og bæta fyrir það, sem skemmt hefur verið, þá er það illa farið, ef aðrir hópar hins sama aðila valda stórfelldum skemmdum, svo að virkilega verulegu landssvæði munar. Þetta á einnig við víða um land, þar sem efni er tekið úr jörðu. Þar er frágangur óskemmtilegur og öllum til skammar og skaða og veldur mjög miklum landspjöllum víða um land. Allt þetta þarf að hafa í huga, þegar áhugi er fyrir hendi og þegar mynda á þjóðareiningu um að bæta landið okkar.

Ég vil svo enda með því að vekja athygli á, að friðun stórra landssvæða er örugglega eitt mikilvægasta tækið, sem við eigum til þess að vernda gróður landsins.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, hefur nú verið rædd mjög á mörgum fundum hér í Sþ. Margir þættir þessa mikilvæga máls hafa verið dregnir fram, og mætti ætla, að ekki væri ástæða til að hafa um það öllu fleiri orð. Ég skal því ekki bæta miklu við.

Það hefur verið rakin hér saga gróðureyðingar, sem ætlað er, að fram hafi farið í landinu allt frá landnámstíð og vitnað til þess, að sagnir herma frá þeim tíma, í Íslendingabók Ara fróða, að þá hafi landið verið viði vaxið milli fjalls og fjöru. Nú hef ég aldrei heyrt skilgreiningu á því, hvað í þessum orðum felst eða hvort unnt sé að gera sér grein fyrir því, hvað þessi viður, sem óx milli fjalls og fjöru, hafi verið vel vaxinn og mikill. Það er þó minn skilningur á því, að hér hafi ekki einungis verið um skóg að ræða, eins og við tölum um hann í daglegu tali í dag, heldur einnig um kjarrlendi og jafnvel kvistlendi. Þetta er atriði, sem auðvitað skiptir ekki máli. Vissulega getum við búizt við því og raunar með nokkuð mikilli vissu, að þá hafi gróður verið hér mun meiri en er í dag. Þar sem gróðurinn hefur beðið afhroð síðan, er sagt, að það hafi orðið í samskiptum við fólkið í landinu, við það, að búseta hófst hér og mannfjölgun varð og þar með, að búsmala fjölgaði. Vissulega er það rétt, að þessi þáttur er sjálfsagt ekki lítill. Hinum þættinum mega menn ekki gleyma, að fleiri öfl hafa þarna að verki verið, náttúran sjálf, bæði á sviði eldgosa og öskufalls, vatna og vinda, og einnig og ekki sízt kólnandi veðurfar síðari alda. Ég hygg, að það sé staðreynd, að á seinni öldum eða a. m. k. á 17., 18. og 19. öld hafi á köflum verið mun harðara veðurfar, meiri kuldi hér á landi en gerðist á landnámstíð og næstu öldum eftir hana.

Ég þykist geta sagt það með fullri vissu, að veðurfarið hefur ekki svo lítil áhrif á gróður, og nægir að vitna til þess, að á hinum síðari árum eða síðari helmingi síðasta áratugs, þó að veðurfar kólnaði eigi mjög, þá var það þó svo, að verulega hefur séð á gróðri í ýmsum landshlutum á þessum árum miðað við það, sem áður gerðist. Því meiri ástæða er til að huga þarna að og standa vel á verði, að ekki fari um of illa fyrir gróðri okkar lands.

Ég vildi draga fram í örfáum orðum þátt veðurfarsins í þessum hlutum. Þótt ekki hafi borið á því í þessum umr., þá vil ég samt minna á, að það er mjög algengt, að fram hjá honum sé litið og bændum landsins og búaliði og þeim atvinnurekstri, sem bændur reka, sé um kennt, hvernig farið hefur. Ég vil einnig láta það koma hér fram, að svo sem ég bezt veit, þá er mjög ríkur skilningur í þessum efnum meðal bænda. Bændur hafa í undirbúningi ýmsar aðgerðir og till. um aðgerðir, er þessi mál varða, og þá ekki sízt gróðurverndarnefndirnar, sem skipaðar hafa verið í hinum ýmsu héruðum á grundvelli landgræðslulaganna frá 1965. En þó að starf þeirra kunni að vera nokkuð misjafnt, þá hafa þær a. m. k. á sumum landssvæðum unnið bæði mikið og gott starf og undirbúið vel þær aðgerðir, sem þurfa að koma með auknu fjármagni til landgræðslumála.

Ég vil geta þess hér, að mér sýnist, að í grg. till. sé í einstaka tilviki nokkuð hvasst að orði kveðið. Þar segir t. d. á þá leið, að enda þótt viðurkennt sé, að mikið hafi verið ræktað á síðustu árum, þá hafi það ekki gert meira en að mæta aukinni gróður- og fóðurþörf fyrir nautgripi. Það hafi hins vegar ekki létt á úthaganum, heldur jafnvel þvert á móti. Ég vil líta svo á, að hérna sé nokkuð um of sagt. Ég lít svo á, að ræktun síðustu ára hafi verið einn sá stórkostlegasti þáttur í því að bæta gróðurlendið og vernda úthagana, vegna þess að í síauknum mæli hefur beit færzt á ræktað land af úthaga og ræktað land hefur gefið af sér heyfóður, sem gert hefur kleift að fóðra búpeninginn á því í miklu meira mæli en áður var og létta vetrarbeitinni af úthaganum. Þetta tel ég nauðsynlegt, að komi fram og einnig það, að einn sterkasti þátturinn, sem vinnur jákvætt að þessum málum, er einmitt aukinn ræktunarbúskapur í þess orðs fyllstu merkingu, og á ég þá bæði við ræktun lands og ræktun búpenings með það fyrir augum, að hver gripur gefi af sér sem mestar afurðir og þess vegna þurfi ekki að hafa jafnmikinn fjölda í högum og áður var.

Í ræðu hv. 3. þm. Reykn. hér áðan lagði hann ríkasta áherzlu á það, að friðunin væri áhrifamest í gróðurverndarmálum. Það má vel vera, að friðunin hafi sitt gildi á vissum svæðum. Friðun getur líka leitt til þess, að land gangi úr sér, ef þannig háttar, en friðun er ekki það, sem við eigum að stefna að, heldur hitt að bæta landið svo, að það þoli þann búsmala, sem á því gengur, og það þoli það, að búpeningi fjölgi.

Í þessum umr. hefur verið vikið að því starfi, sem hingað til hefur verið unnið í þessum málum, og það starf er vissulega mikið. Á því starfi verður að grundvalla allar framtíðaraðgerðir jafnhliða því, sem auknar rannsóknir segja til um. Í þessu starfi, sem til þessa hefur farið fram, má ekki vanmeta starf áhugamanna, sem eru boðnir og búnir að koma til liðs við þá, sem í fremstu víglínu eru, og þetta áhugamannastarf þarf einmitt í framtíðinni að nýta sem bezt og þá með því að beina því í þá farvegi, sem helzt mega til heilla verða.

Ég get tekið undir ýmislegt af því, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., þar sem hann sagði, að lítt stoði að sá fræ korni í grýtta jörð, svo að eigi nái að spretta upp af því blómleg jurt. En það þarf einmitt að beina áhugamannastarfinu í þann farveg, að það starf megi gefa ríkulegan ávöxt, þau sáðkorn, sem áhugamennirnir láta af hendi rakna, falli í frjóa jörð og megi bera ríkulegan ávöxt.

Þessi till. felur í sér, að skipa skuli nefnd til að sinna þessum verkefnum. Nefndin hefur þegar verið skipuð, og eitt af þeim atriðum, sem sú nefnd þarf að hyggja að, er einmitt að fella saman alla þessa þætti, sem að landgræðslu, gróðurvernd og landnýtingu lúta, og beina því starfi öllu í þá farvegi, að sem mest gagn megi af því hljótast og við vinnum ötullega að því að bæta okkar land og gróðurríki þess.

Ég skal ekki fara miklu fleiri orðum um þetta. Ég tel

ástæðulaust að endurtaka það, sem hér hefur komið fram um ýmsar verklegar framkvæmdir, sem fara fram á vegum hins opinbera. Það þarf mjög að gæta þess, að þær leiði ekki til landskemmda umfram það, sem brýnasta nauðsyn krefur, en á þessum sviðum hefur orðið veruleg breyting til batnaðar á hinum síðari árum.

Ég legg höfuðáherzlu á það, að það, sem gert verður í þessum efnum, verði gert í sem nánustu samstarfi við bændur landsins. Bændur eiga hér mest í húfi. Bændur hafa nytjað þetta land frá því að sögur hófust, og það munu ekki vel ganga neinar þær aðgerðir, sem fara í bága við þær skoðanir, sem bændur hafa á þessum málum, og í framhaldi af því vil ég ítreka það, að þeir hafa á þessu efni mjög mikinn skilning, enda eiga þeir mest sjálfir í húfi með það, að gróðurríki landsins og landið sjálft sé verndað fyrir skemmdum og það bætt.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég endurtek það, sem ég sagði hér fyrr í umr., að ég fagna þeim gagnlegu umr., sem hafa orðið um þetta mikla mál. Erindi mitt hingað nú er eiginlega einvörðungu vegna stafsetningar. Hv. þm. Jónas Jónsson orðfærði spurninguna þessa, hvernig við mættum nota landið. Ég þykist þess fullviss, að hann sé mér sammála um þá leiðréttingu, að spurningin sé ekki sú, hvernig við notum landið, heldur hvernig þjóðin og landið megi hlúa hvort að öðru sem bezt.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Ég skal ekki miklu bæta við þær ágætu umr., sem hér hafa farið fram um mjög merkt mál. Hér hefur verið mikið rætt um slæma umgengni okkar Íslendinga við landið okkar á undanförnum áratugum og öldum, og vissulega hefur þar ekki verið ofmælt um margt, og við þekkjum það enn í dag, hvernig ferðalangar, innlendir og erlendir, umgangast íslenzka náttúru á ferðalögum um landið. En það er einnig hægt að segja frá mjög ánægjulegum ferðalögum hópa Íslendinga, sem kunna að meta íslenzka náttúru og umgangast hana með virðingu.

Ég hef átt þess kost undanfarin 10 ár að vera þátttakandi í hópferðalagi ákveðins verkalýðsfélags í Reykjavík, og mig langar að skýra frá því sem smáinnleggi í þessar umr., að þar hefur stjórn þeirra ferðalaga farið þannig fram, að í hverjum áningarstað hefur það verið síðasta verkefni fararstjórnarinnar að mæla svo fyrir, að allir ferðafélagarnir væru drifnir út úr bílum, áður en farið væri úr áningarstað, og áningarstaðurinn væri gersamlega hreinsaður, meira að segja brunnar eldspýtur væru einnig teknar, öllu drasli brennt og það síðan grafið og gengið eins vel frá áningarstaðnum og frekast er hægt. Þetta tel ég vera til mikillar fyrirmyndar og tel ástæðu til þess, að það komi fram í umr., þar sem mikið hefur verið rætt um slæma umgengni við náttúruna. En það er vitanlega eitt af því, sem við þurfum að bæta. Ef við ætlum að hefja hér sókn í því að græða upp landið okkar, þá þurfum við einnig að hefja sókn í því að reyna að koma í veg fyrir þær miklu skemmdir, sem mörg ferðalög og ferðalangar eru því miður allt of oft valdir að.

Á þskj. 142 er rætt um eflingu ferðamannastraumsins, erlends ferðamannastraums til landsins og það þurfi að skipuleggja hann á verðugan hátt. Vissulega erum við sammála um, að við þurfum að efla ferðamannastraum til landsins, en við megum þá ekki gleyma íslenzkri náttúru, þegar um það mál verður fjallað, og megum ekki gleyma því, hvaða áhrif óskipulögð ferðalög útlendinga og stórefling ferðamannastraumsins til landsins getur haft á íslenzka náttúru, því að ég hygg, án þess að ég sé vísindamaður á því sviði, að fullyrða megi, að íslenzkur gróður sé það miklu viðkvæmari en gróður í suðrænni löndum, að hann þoli langtum minni átroðning ferðafólks en í þeim löndum, sem nú eru yfirfull af ferðafólki.

Ég hef einnig orðið vitni að því og sem betur fer lítillega þátttakandi í því að sjá stórkostlegan árangur af landgræðslu. Og ég get ekki látið hjá líða að minnast á það örfáum orðum, það ævintýri, sem skeð hefur í Rangárvallasýslunni eða á Rangársöndum. Að vísu sá ég ekki Rangársanda, þegar þeir voru í sínu fulla veldi á þeim tíma, þegar stór mýraflæmi voru orðin gróðurlaus, vegna þess að þau höfðu fyllzt af sandfokinu. Það þekkja aðrir þm. betur en ég. En þá sögu hef ég heyrt, og ég hef gengið um það land, og ég hef séð mér til mikillar ánægju, hvernig sú landgræðsla, sem þar hefur farið fram, hefur skilað svo miklum árangri, að nánast er ævintýri líkara að sjá en manni fyrir fram þætti það trúlegt, að svo væri hægt að græða upp eyðisanda.

Í þessum umr. hér áður kom það fram, að Lionsklúbbur í Reykjavík hefði kannske verið upphafsaðili að þeirri þjóðarvakningu, sem nú færi fram í sambandi við uppgræðslu íslenzkrar náttúru. Ekki skal ég um það deila, hverjir eru upphafsmenn að þessari þjóðarvakningu, og skiptir kannske ekki öllu máli, en þegar talað er um, hverjir séu upphafsmenn, þá hygg ég, að það væri ekki óeðlilegt, að minnzt væri á nafn Gunnlaugs Kristmundssonar, fyrsta sandgræðslustjórans, sem hóf hið mikla starf Sandgræðslunnar á Rangárvöllum, sem hefur skilað svo gífurlega góðum árangri, og síðar Runólfs heitins Sveinssonar, næsta sandgræðslustjóra, og núv. sandgræðslustjóra, Páls Sveinssonar, bróður Runólfs, sem tók við af honum og hefur haldið því verki áfram af miklum dugnaði og þrautseigju. Fullkunnugt er mér um það, að þeir hafa ekki alltaf verið með fullar hendur fjár og hafa þar unnið mikið og fórnfúst starf og ekki spurt þá alltaf að launum, því að báðir þessir bræður, Runólfur heitinn og Páll, eru slíkir áhugamenn um sandgræðslu og landgræðslu almennt, að til aðdáunar er.

Ég vildi aðeins, að þessi tvö atriði kæmu hér fram, enda þótt þau séu kannske ekki neitt stórt innlegg í þær umr., sem hér hafa farið fram um landgræðsluna, en mér fannst, að það mætti um leið og við ræðum um illa umgengni okkar Íslendinga við íslenzka náttúru einnig minnast á þá umgengni, sem er til fyrirmyndar. Og um leið og við minnumst á það, hverjir séu upphafsmenn að þeim áhuga, sem nú er á þessu, þá mættum við ekki gera það öðruvísi en minnast þá einnig þeirra manna, sem hafa kannske unnið hvað stærst afrekin á þessu sviði.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Í rauninni er óþarfi að fjölyrða meira um þetta mikilvæga mál, því að allur þingheimur virðist vera einhuga um að efla gróðurrækt og gróðurvernd og ríkisstj. hefur þegar tekið þetta mál föstum tökum með því að skipa nefnd ágætra manna,

þannig að búast má við, að undirbúningur málsins sé farsællega til lykta leiddur.

Þó er hér aðeins örlítill agnúi á, sem mér finnst alveg rétt, að komi fram, sem ég vék lítillega að s.l. þriðjudag. Það snertir samvinnu einstakra þm. og ráðh. Hér standa að þessari till. tveir þm., og hún hafði legið í þinginu í einn mánuð eða einn og hálfan mánuð, áður en hún kom til umr. í Sþ. Síðan þegar hún kom til umr. hér einn góðan veðurdag, þá fréttum við um kvöldið í útvarpinu, að skipuð hefði verið nefnd til þess að fjalla um sömu atriði og vakið var máls á í till. til þál. Þetta eru að mínu viti afskaplega óæskileg vinnubrögð, því að ég tel, að þá sé traðkað á þingmönnum.

Nú kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., að haft hefði verið samband við formann þess þingflokks, sem ég á sæti í, og dreg ég það ekki í efa. Hins vegar vil ég benda á, að mér er ókunnugt um, að þingflokksformaðurinn hafi flutt þessa till. Ef það varðar eingöngu að fá menn í þessa nefnd, er kannske eðlilegt að hafa samband við þingflokksformanninn. En hitt er svo það, sem ég er að vekja máls á, að það eru eðlileg og sjálfsögð vinnubrögð að athuga viðhorf flm. slíkrar till. varðandi skipun slíkrar nefndar, hvort þessir þm. hafi einhver ákveðin viðhorf til málsins og hvort þeir hafi eitthvað almennt til málanna að leggja. Hér kemur ekkert inn í þessa mynd þingflokksformaðurinn, enda er dálítið undarlegt, ef ráðherrar geta ekki talað við einstaka þm. nema gegnum millilið, sem heitir þingflokksformaður.

Ég er ekki að vekja máls á þessu út af persónusárindum, heldur bara út af því, að ég hef orðið var við það, að það virðist hafa tíðkazt hérna á Alþ., líka hjá fyrrv. ríkisstj., að þessi vinnubrögð væru viðhöfð. Það er þess vegna, sem ég vil endilega, að hér sé brugðið til betri vegar, þannig að einstakir þm. séu ávallt hafðir með í ráðum, þegar málin þróast á þá lund, sem hér hefur gerzt í þessu tilviki. Þetta er sagt með öllu áreitnislaust af minni hálfu, en í þessum orðum mínum felst augljóslega von um það, að hér verði tekinn upp betri háttur.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, þar sem ég er nú einn nefndarmaður og hef þann heiður að vera ritari í margumræddri nefnd, að það er alls ekki afhættis enn þá með það, að nefndin hafi samráð og samband við flm. þessarar ágætu till., en nefndin þarf, eins og ég hygg, að hafi komið hér fram áður, að hafa samband og samráð við ákaflega marga aðila, ekki aðeins í þinginu og hér í höfuðstaðnum, heldur einnig ákaflega marga aðila í kringum allt land, og næsta verkefni nefndarinnar verður að fara að ferðast um landið. Hún er búin að hafa samráð við þau samtök og þá embættismenn, sem málið er skyldast, og eyddi í það meira en hálfum mánuði. (Gripið fram í.) Já, já, vel kann það að vera, og vel væri það, ef sú nefnd gerði betur. Það er munur á mannsliðinu, og vonandi verður þetta. En þó að ég þurfi nú ekki að fara að svara fyrir gerðir þess ráðh., sem nefndina skipaði hér, þá vil ég benda á, að það er alltaf hægt að hafa beint samband við menn og persónulegt samband er ágætt, og eins hlýtur að vera möguleiki fyrir stuðningsmann eða stuðningsþingmann stjórnarinnar að hafa samband við þann ráðh., sem með málið fer, ef hann hefur sérstakan áhuga á því, að ákveðinn hluti í stjórnarsáttmálanum nái fljótt og vel fram að ganga.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 94, n. 401).

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um þáltill. þá, sem hér kom fram snemma á þessu þingi, um landgræðslu og gróðurvernd. Allshn. lætur frá sér fara svo hljóðandi nál. á þskj. 401:

„Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum og athugað umsagnir, sem borizt hafa frá Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og landgræðslunefnd Landverndar. Þar eð ríkisstj. hefur, frá því að þessi till. kom fram, skipað landgræðslunefnd til að fjalla um þau mál, sem till. gerir ráð fyrir, leggur n. til, að málinu verði vísað til ríkisstj."

Ég sem frsm. hef engu við þetta að bæta.

ATKVGR.

Till. á þskj. 401 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 37 shlj. atkv.

---

4. Jöfnun námsaðstöðu.

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á kostnaði og fjárhagslegri getu æskufólks í strjálbýli til framhaldsnáms og endurskoðun á reglum um úthlutun styrkja til jöfnunar námsaðstöðu [32. mál] (A. 32).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 10., 12. og 13. fundi í Sþ., 2., 4., 9. og 11. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Sú till. til þál., sem við hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, flytjum hér á þskj. 32, skýrir sig að mestu leyti sjálf. Með henni er og grg., sem getur tilgangs okkar með þessum tillöguflutningi. Engu að síður þykir mér hlýða að fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara í samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga eða einstakar sveitarstjórnir athugun á kostnaði og fjárhags-

legri getu æskufólks í strjálbýli til framhaldsnáms og jafnframt, að settar verði nýjar reglur um heildarupphæð og úthlutun námsstyrkja í samræmi við niðurstöður athugunarinnar, þannig að tryggð verði sem jöfnust aðstaða nemenda til framhaldsnáms, hvar sem þeir búa á landinu. Athugunin skal m. a. ná til líklegs fjölda nemenda, sem stunda munu framhaldsnám fjarri heimabyggð sinni næstu ár, ferðakostnaðar nemenda, dvalar- og uppihaldskostnaðar í heimavist eða í leiguhúsnæði, þar sem framhaldsskólar eru reknir, svo og til þess, hvernig einstakar sveitarstjórnir greiða fyrir nemendum til framhaldsnáms. Niðurstöður athugunarinnar skulu lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Svo sem hv. alþm. er kunnugt, hafa umr. um mismunandi aðstöðu æskufólks til framhaldsnáms eftir búsetu verið ofarlega á baugi alllengi. Sá aðstöðumunur er öllum kunnur og öllum augljós, svo að hér skal ekki fjölyrt um það atriði. Á s. l. tveimur árum hafa fyrstu skrefin verið stigin af Alþ. og ríkisstj. í þá átt að koma til móts við þá nemendur, sem þurfa að sækja framhaldsskóla fjarri heimabyggð sinni og hafa því þurft að kosta miklu meira til menntunar sinnar en þeir nemendur, sem í þéttbýli búa. Þessi nýbreytni er fólgin í því, að veitt hefur verið sérstök upphæð á fjárlögum á árunum 1970 og 1971, sem var ætluð til styrkúthlutunar til þeirra nemenda, sem svo er ástatt um, að sækja þurftu framhaldsnám fjarri heimahögum. Þessar fjárveitingar námu árið 1970 10 millj. kr., en árið 1971 15 millj. kr.

Á þeim árum, sem þessi skipan hefur staðið, hefur áþreifanlega sannazt, hversu mikil þörf er á slíkri starfsemi og jafnframt á því að auka hana og endurbæta í ljósi fenginnar reynslu. Milli áranna 1970, þegar þessi háttur var upp tekinn, og yfirstandandi árs hefur fjöldi styrkhæfra umsókna aukizt um 60—70%, eftir því sem ég hef aflað mér upplýsinga um hjá menntmrn., en umsóknir í ár voru milli 2100 og 2200. Þetta sýnir tvennt að mati þeirra, sem gerst þekkja til. Í fyrsta lagi mikla og vaxandi þörf á því að sinna því jafnréttismáli að greiða sérstaklega fyrir æskufólki úr strjálbýli, sem sækir framhaldsnám, og í öðru lagi, sem auðvitað er mergurinn málsins, að með þessu er fleira ungu fólki í landinu beinlínis gert kleift að njóta framhaldsmenntunar. Samkv. upplýsingum menntmrn. hafa undanfarin tvö ár aðallega verið veittir tvenns konar styrkir til framhaldsnáms æskufólki í strjálbýli, þ. e. ferðastyrkir og dvalarstyrkir. Stuðzt hefur verið við þá meginreglu á skilgreiningu nemenda úr strjálbýli, að þeir, sem urðu að dvelja við nám fjarri heimilum sínum vegna þess að þeir áttu ekki kost á sambærilegu námi heima fyrir, væru taldir styrkhæfir. Ferðastyrkirnir voru ákvarðaðir þannig, að áætlað var svo nefnt meðaltalsfargjald milli þeirrar sýslu, sem nemandi bjó í, og þess staðar, sem hann sótti skóla. Styrkupphæð nam á yfirstandandi ári sem svaraði fjórum slíkum meðaltalsfargjöldum, þ. e. ferð haust og vor og í og úr jólaleyfi. Hér virðist því vera um skynsamlega meginreglu að ræða, þótt æskilegt væri að gera nákvæmari könnun en gerð hefur verið á því, hver raunverulegur ferðakostnaður einstakra nemenda er, þannig að ferðastyrkurinn sé hverju sinni sem næst raunveruleikanum.

Meginhluta þessarar fjárveitingar, sem varið hefur verið í framangreindu skyni undanfarin ár, var úthlutað í formi dvalarstyrkja. Dvalarstyrkirnir voru þannig ákvarðaðir bæði árin, 1970 og 1971, að þeir nemendur, sem ekki dvöldust í heimavist, fengu 1200 kr. á mánuði í dvalarstyrk. Þessi styrkupphæð er ekki byggð á neinni athugun um, hversu miklu meira það kostar nemendur í raun að leigja herbergi og kaupa fæði á skólastað fram yfir þá nemendur, sem geta sótt framhaldsskóla frá eigin heimilum. Enn fremur hefur ekki verið kannað, hvort eðlilegt getur talizt, að nemendur í heimavistum ættu að fá hluta úr dvalarstyrk, en einsýnt virðist, að slíkir nemendur hafi nokkurn kostnað af veru sinni þar, sem nemendur í foreldrahúsum þurfa ekki að greiða.

Meginatriði þessarar till., sem hér liggur fyrir, er, að þetta tvennt, dvalar- og ferðakostnaðarstyrkir, sé nánar kannað, svo að raunverulegur umframkostnaður nemenda komi í ljós, sem sækja framhaldsnám fjarri heimabyggð, og unnt reynist að jafna þennan umframkostnað með beinum styrkveitingum eða á annan hátt. Flestum mun ljóst, að þessi umframkostnaður vegna dvalar hlýtur að vera allmiklu hærri en 1200 kr. á mánuði, ekki sízt nú vegna ört hækkandi húsaleigu. Einnig má búast við verulega vaxandi fjölda nemenda, sem koma til með að þurfa að njóta framangreindrar fyrirgreiðslu, ef megintilgangi hennar verður náð, þ. e. ef fleira æskufólk getur eftir en áður sótt framhaldsnám úr strjálbýli.

Hér er komið að kjarna þessa máls og höfuðtilgangi þeirrar þáltill., sem við flytjum um þetta efni. Eini kostur þess að horfast raunsætt í augu við þetta vandamál í heild er að afla sem gleggstra upplýsinga um eðlilegan ferðakostnað nemenda, sem sækja framhaldsnám fjarri heimabyggð, og dvalarkostnað umfram þann, sem hlýzt af námi þeirra nemenda, sem heimili eiga á skólastað, svo og líklegan fjölda nemenda, sem bæta þarf upp þennan aðstöðumun. Svo fremi sem Alþ. og ríkisstj. hafi hug á því að bæta æskufólki upp fjárhagslegan aðstöðumun til framhaldsnáms eftir búsetu, eru framangreindar athuganir, sem hér er gert að till., að gerðar verði, brýn nauðsyn og jafnframt fjáröflun á fjárlögum hverju sinni í samræmi við þær niðurstöður, sem athuganir leiða í ljós. E. t. v. efast menn um, að unnt sé að finna líklegan fjölda þeirra, sem um næstu framtíð þurfi að gera ráð fyrir að bæta framangreindan aðstöðumun. Því er til að svara, að með hliðsjón af nemendaskrám skyldunámsins og fyrri reynslu um sókn nemenda í hina ýmsu framhaldsskóla ætti að vera auðvelt að gera trúverðuga spá um þetta fram í tímann. Heimavistarrými og mötuneytisrými eru einnig tiltölulega fyrirsjáanlegar stærðir í dæminu, þannig að það á að vera hægt að komast nærri því, hversu margir ættu hverju sinni að þurfa að kaupa sér fæði og húsnæði á eigin vegum og hve margir mundu að líkindum komast að í heimavist. Óneitanlega eru margar hliðar á því máli, sem hér er hreyft. Ýmsar sveitarstjórnir hafa styrkt nemendur úr sínu umdæmi til framhaldsnáms. Ástæða er til að kanna, hversu mikið er af þessu gert, þannig að samræmingu sé unnt að koma við á þessu sviði milli ríkisvalds og sveitarstjórna. Þá má og benda á mismunandi fjárhagsgetu nemenda eða foreldra til þess að kosta námsdvöl barna sinna í fjarlægum byggðarlögum. Þannig er auðvitað einnig um fólk, sem sækir framhaldsnám á þeim stað, sem það býr. Æskilegt væri þó að geta gert sér einhverja grein fyrir þeirri hlið

málsins, að því er varðar nemendur úr strjálbýli, þótt slíkt sé augljóslega örðugt og einungis til fróðleiks og leiðbeininga um þau tök, sem æskilegt væri að taka þetta mál í heild. Því er að þessu vikið í till. okkar.

Þá er að lokum ekki úr vegi að drepa á einn mikilvægan þátt framangreinds máls, og þá hef ég í huga þá spurningu, í hvaða formi eigi að greiða fyrir framhaldsnemendum úr strjálbýli, sem sækja skóla fjarri heimabyggð sinni, þannig að fyrirgreiðslan verði sem eðlilegust og komi að sem mestu gagni. Ég tel engum vafa undirorpið, að sumpart eigi að halda áfram þeim beinu styrkveitingum, eins og verið hefur, bæði í fyrra og á yfirstandandi ári. Það er t. d. augljóst að því er varðar endurgreiðslur ferðakostnaðar. Um dvalarkostnað gæti þó sumpart gegnt nokkuð öðru máli. Spyrja mætti, hvort ekki væri skynsamlegt að verja nokkru fé úr ríkissjóði til þess að styrkja starfrækslu mötuneyta eða jafnvel heimavista, t. d. hér í Reykjavík, þar sem hundruð nemenda utan af landi sækja framhaldsskóla, í stað þess að veita beina dvalarstyrki nemenda vegna fæðiskaupa og húsaleigu á eigin vegum. Benda mætti á í því sambandi, að mörg hótelanna í Reykjavík eru illa nýtt yfir vetrarmánuðina. Væri ekki hugsanlegt, að hið opinbera gæti samið við einhver þeirra í þessu skyni og jafnframt greitt þeim beint úr ríkissjóði vegna þjónustunnar í stað þess að greiða nemendum hærri dvalarstyrki? Að sjálfsögðu mun þó reynast nauðsynlegt að greiða bæði ferða- og dvalarstyrki beint til nemenda og e. t. v. bæði til þeirra, sem dvelja í heimavistum og utan þeirra. Í því sambandi vaknar þó sú spurning, hvort ekki sé unnt að finna heppilegra greiðsluform en notazt hefur verið við. Benda mætti t. d. á, hvort ekki væri réttara að greiða styrkina með jöfnum greiðslum mánaðarlega inn á bankareikning hvers nemanda og ákveða með reglugerð, að greiðslur megi einungis fara fram til þeirra aðila, sem viðkomandi kaupir af þjónustu sína. Ég tek það fram, að þessu er hér fyrst og fremst varpað fram sem hugmynd til nánari athugunar, þar sem ég hef ekki átt kost á að kanna, hvort eða hvaða erfiðleikar kynnu að vera á framkvæmd þess máls.

Herra forseti. Ég vænti þess, að í máli mínu og í grg. með þáltill. okkar 9. landsk. þm. hafi komið fram, hversu brýn nauðsyn er á að gera úttekt á því máli í heild, hvernig að skuli staðið af hálfu Alþ. og ríkisstj. að jafna fjárhagslega aðstöðu nemenda úr strjálbýli til framhaldsnáms miðað við þá, sem sótt geta slíka skóla í sínum heimahögum. Ég vænti þess einnig, að gild rök verði færð með framangreindri athugun fyrir því, hversu nauðsynlegt er að afla nægilegs fjármagns, til þess að unnt verði að jafna þennan aðstöðumun að fullu. Ég vil því leggja mjög eindregið að hv. alþm. að samþykkja þá þáltill., sem við höfum hér lagt fram, og að ríkisstj. að láta framkvæma þá athugun sem allra fyrst.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Flutningur þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, sýnir virðingarverðan áhuga á mikilsverðu máli, sem hreyft hefur verið oft áður hér á Alþ. og sem betur fer við vaxandi undirtektir á síðari árum, þótt þær væru því miður dræmari en skyldi í fyrstu. Flutningur þáltill. gefur mér einnig kærkomið tækifæri til að gera þingheimi nokkra grein fyrir, hvernig þetta mál er á vegi statt af hálfu menntmrn. Svo er nefnilega mál með vexti, að sú athugun, sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi þáltill., að fram fari, er að verulegum hluta, ef ekki kannske öllu leyti, þegar að hefjast eða hafin á vegum menntmrn. Ástæðan til þess er sú, eða upphafið að þeirri athugun er það, að Alþ. samþykkti 5. apríl á þessu ári þáltill. um rannsókn á aðstöðu æskufólks til framhaldsnáms, sem ég vil leyfa mér að lesa hér, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að stjórnir sveitarfélaga í landinu rannsaki hver í sínu umdæmi, hvort og þá hversu margir unglingar, sem luku skyldunámi vorið 1970, eru án skólanáms á yfirstandandi skólaári og af hvaða ástæðum það er. Skýrsla um niðurstöður þessarar rannsóknar skal lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Flm. þessarar till. voru þáv. alþm. Vestf. Sigurvin Einarsson og núv. hæstv. utanrrh. Þessi till. kom til framkvæmda í menntmrn., og þar var tekin sú ákvörðun, að athugunin og rannsóknin, sem gert er ráð fyrir þar, yrði allmiklu viðtækari og ítarlegri. Fyrir því liggja ýmis rök, sem ég mun gera stuttlega grein fyrir.

Í ályktuninni er ríkisstj. falið að hlutast til um, að stjórnir sveitarfélaga kanni, hver fyrir sitt umdæmi, hversu margir unglingar hættu námi að loknu skyldunámi vorið 1970 og þá af hvaða ástæðum. Af mörgum ástæðum var talið, að sú málsmeðferð að senda aðeins spurningaskrár til sveitarstjórna væri dæmd til að mistakast, svör mundu berast misjafnlega ört og jafnvel verða misbrestur á, að nokkur kæmu, og erfitt að fá heildargrundvöll, sem sambærilegur væri, varðandi tölu og ástæður til þess, að unglingar hyrfu frá námi. Niðurstöður af slíkri könnun yrðu því mjög örðugar til úrvinnslu. Því var lagt til í menntmrn., að sá háttur yrði hafður á, þó að tímafrekara yrði og dýrara reyndist, að unninn verði úr nemendaskrá Hagstofu Íslands fjöldi nemenda, sem ljúka átti skyldunámi vorið 1970, og hann greindur eftir sveitarfélögum. Unnið verði á sama hátt, hverjir ofangreindra nemenda voru ekki í skólum árið 1970—1971, og listi með nöfnum þeirra skrifaður út fyrir hvert sveitarfélag. Þessi listi verði síðan sendur viðkomandi sveitarfélögum ásamt leiðbeiningum um, hvernig merkja beri á hann, hvaða ástæður séu til þess, að skólagöngu hafi ekki verið haldið áfram. Hugsanlegar ástæður yrðu áður kannaðar og flokkaðar, þannig að úrvinnsla yrði auðveld. Til viðbótar ofangreindu yrði svo bætt við ýmsum upplýsingum beint úr nemendaskrá eða síðar úr þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í menntmrn., t. d. um stærð skóla, lengd skólagöngu, hvort beint framhaldsnám hafi staðið til boða heima fyrir og ýmislegt fleira. Með þessu móti yrði saman dregið efni, sem gefið gæti svör við margvíslegum spurningum, sem ofarlega hafa verið á baugi og eru utan við það afmarkaða svið, sem markað var í þáltill., sem lesin var. Til að mynda mætti þar fá upplýsingar, sem kæmu að haldi við meðferð mála eins og hugmynda um lengingu skólaskyldu, fjölgun nemenda og væntanlega heimavistarþörf vegna lengingar skólaskyldu, gagnsemi litlu skólanna til móts við stærri sameiningarskóla, nemendaáætlanir fram í tímann,

kostnaðaráætlanir um skólahald og einnig margt fleira.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því í þessu sambandi, að nemendaskrá Hagstofu Íslands er líklega fullkomnasta skrá um streymi nemenda innan skólakerfis, sem til er í nokkru landi. Hún nær nú yfir nemendur, sem verið hafa í skólum frá 1967, og gæti, ef rétt er á haldið, veitt margs konar þjónustu, bæði í sambandi við skýrslugerð, einstök rannsóknarverkefni og undirbúning löggjafar. Hún hefur til þessa varla verið nýtt, að telja megi. Þetta verkefni, sem ég hef hér lítillega lýst, getur því orðið mikilvægur prófsteinn á notagildi skrárinnar, gefið vísbendingu um, hvaða not má þegar hafa af henni og hvaða endurbætur unnt er að gera á þessari skrá. Það er ætlun þeirra, sem að athuguninni vinna í menntmrn., að unnt verði að leggja fyrir Alþ. bráðabirgðaskýrslu um það bil tveimur mánuðum hafið á vegum menntmrn. starf að öðrum aðalþætti endanlega skýrslu fyrir lok þessa þings. Þá er einnig eftir að hafizt verður handa, þ. e. í des. eða jan., og þess máls, sem þáltill. fjallar um, sjálfri aðstoðinni við nemendur til að jafna aðstöðu þeirra til skólagöngu.

Því var lýst yfir við stofnun þeirrar ríkisstj., sem nú situr, að eitt meginmarkmið sitt í menntamálum teldi hún vera að vinna að jöfnun aðstöðu til skólagöngu, þar þurfi ekki búseta fjarri skólastöðum eða þröngur efnahagur að hindra nemendur í að ljúka því námi, sem hugur þeirra stendur til. Á síðasta þingi hafði einnig verið flutt frv. um þetta efni. Flm. voru tveir, annar sá sami og að þáltill., sem áðan var lesin, Sigurvin Einarsson, þáv. þm. Vestf. Hinn flm. var Ingvar Gíslason, hv. 3. þm. Norðurl. e. Þegar sýnt var, að þetta frv. næði ekki afgreiðslu á síðasta þingi, varð það að samkomulagi milli flm. þess og þáv. menntmrh., að skipuð yrði á vegum menntmrn. nefnd til að semja frv. til l. um aðstoð við skólanemendur til að jafna aðstöðu þeirra til skólagöngu. Sá háttur var hafður á, að þingflokkarnir voru beðnir að tilnefna hver af sinni hálfu einn mann í þessa nefnd, og síðan skipaði menntmrn. tvo menn í nefndina. Nefnd þessi hefur nú verið skipuð og er tekin til starfa. Í hana voru skipaðir af hálfu þingflokkanna Helgi Seljan alþm. af hálfu Alþb., Ingvar Gíslason alþm. af hálfu Framsfl., Kári Arnórsson skólastjóri af hálfu SF, Kristján J. Gunnarsson skólastjóri af hálfu Sjálfstfl. og Sigurþór Halldórsson skólastjóri af hálfu Alþfl. Síðan skipaði menntmrn. í nefndina Sigurvin Einarsson fyrrv. alþm. og formann Runólf Þórarinsson stjórnarráðsfulltrúa.

Það gefur auga leið, að þar sem rætt er í fyrirliggjandi þáltill. um nýjar reglur fyrir úthlutun styrkja og aukna aðstoð við skólanemendur, þá hljóta þau efni að koma til athugunar þeirrar nefndar, sem þegar er tekin til starfa. Sömuleiðis má gera ráð fyrir, að sú nefnd sinni einnig athugun á námskostnaði og fjárhagslegri getu æskufólks í strjálbýli.

En úr því að farið er að ræða um þessi mál, vil ég nota tækifærið til að drepa á atriði, sem oft og tíðum gleymast. Það eru þau, að efnahagur nemenda, bágur efnahagur, sem kann að varna skólagöngu, er alls ekki bundinn við búsetu eingöngu. Þar eru aðrir þættir einnig mikilsverðir, það er efnahagur nemenda og heimilisaðstæður og efnahagur framfærenda. Og í öðru lagi, það sem kann að valda miklu um að torvelda nemendum að ljúka því námsstigi, sem hugur stendur til og efni standa til, kann æði oft að stafa af því, hvað kennsla er mismunandi í skyldunáminu; undirbúningsmenntunin, sem skyldunámið veitir, er svo misjöfn vegna styttri skólagöngu og verri kennsluaðstöðu á þeim stöðum, þar sem nemendur njóta alls ekki þess kennslutíma og þeirra kennslugæða, sem gert er ráð fyrir í fræðslulögum.

Loks vil ég, úr því að þetta mál er hér á dagskrá, gefa alþm. yfirlit yfir það, hversu þeim styrkjum, þeim fjárhæðum til styrkja, hefur verið varið, sem veittar hafa verið á skólaárunum 1969—1970 og 1970—1971. Árið 1969—1970 voru nemendur í gagnfræðaskólum, menntaskólum, Kennaraskóla og sérnámsskólum, sem um er að ræða, 11 536. Þar af hlutu 1 430 styrki, þ. e. 12.39%. Skólaárið 1970—1971 voru nemendur í þessum skólum 12 330. Þá voru veittir 2 128 styrkir, og hundraðstala nemenda í þessum skólum, sem styrki hlutu, var 17.25%.

Hér hef ég einnig í höndum frekari sundurliðun á þeim fjárhæðum, sem komið hafa í hvers hlut. Skólaárið 1969—1970 voru veittir 1 430 styrkir. Upphæðin, sem til úthlutunar var, nam það ár 10 millj. 8 þús. 350 kr. Meðalstyrkur var því 6 998.85 kr. Skólaárið 1970—1971 lagði menntmrn. til, að veitt yrði 21 millj. kr. til þessara styrkja. Við afgreiðslu fjárlaga varð úr, að 15 millj. voru veittar, en þegar að úthlutun kom, reyndist sú upphæð svo ófullnægjandi, að fengin var 2 millj. 499 þús. kr. viðbótarfjárveiting. Skólaárið 1970—1971 komu því til úthlutunar 17 millj. 499 þús. 250 kr. Það ár voru veittir 2 128 styrkir, og meðalfjárhæð hvers styrks var 8 223.35 kr.

Að síðustu vil ég geta þess, úr því að þetta mál er til umr., að ein af þeim fjárveitingum, sem gert er ráð fyrir verulegri hækkun á í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ., er einmitt fjárveitingin til þessara svo kölluðu dreifbýlisstyrkja. Þar er gert ráð fyrir, að hún hækki í 25 millj. kr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur nú gert hér grein fyrir ýmsu í sambandi við þetta mál. Ég skal því ekki fara svo mikið ofan í þetta. Auðvitað er ekki hægt að neita því, að þetta er mikið málefni, sem þessi till. fjallar um. Það er mjög mikilvægt málefni, og ég skal verða síðastur manna til þess að letja þess, að Alþ. ræði þetta mál. Ég minnist þess, og ég held, að ég fari þar rétt með, að ég átti nokkuð mikinn þátt í því fyrir 6—7 árum ásamt fleiri góðum samflokksmönnum mínum, að þetta málefni var tekið hér til umr. á Alþ. í fyrsta skipti, og á þremur þingum var þáltill. flutt um þetta efni, áður en hún fengi nokkurn hljómgrunn hjá þáverandi ráðamönnum í landinu, sem voru sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn. Hins vegar vakti þessi tillöguflutningur okkar þeim mun meiri athygli úti um byggðir landsins, sem hann var lítils metinn hér í þinginu ár eftir ár af þáverandi valdamönnum. Ég held, að óhætt sé að segja það, að almenningur í landinu og þá alveg sérstaklega í sveitum og sjávarþorpum fagnaði þessu máli, og eftir að við fluttum þetta mál hér, 1965 minnir mig, að það hafi verið, komu ýmsar samþykktir þá þegar og á næstu árum um þetta til stuðnings þessari hugmynd og þessu baráttumáli okkar framsóknarmanna að jafna námsaðstöðu í landinu með beinum fjárframlögum af opinberu fé. Þetta var jafn-

réttis- og réttlætismál, sem höfðaði til réttlætiskenndar almennings og snerti hagsmuni og afkomu þúsunda manna. Enda fór svo að lokum, að jafnvel ráðamenn í landinu fengust til þess að ljá málinu eyra, þó að það væri í litlu. Það tókst a. m. k. að fá þá til þess að leiða hugann að þessu mikilsverða máli, þó að mjög lítið yrði úr framkvæmdum lengi vel, og það, sem gert var, var gert með eftirgangsmunum, sem ég ætla þó ekki að fara að rifja upp sérstaklega hér.

Mér þykir rétt að geta þess og minnast þess alveg sérstaklega í þessu sambandi, að núna tvö undanfarin ár, — raunar hefur það komið fram hér í ræðum manna, — þá hefur verið fjárveiting á fjárlögum, sem er ætluð til þess að jafna námsaðstöðu nemenda úr dreifbýli. Eins og menn hafa greint frá hér, var þessi fjárveiting 10 millj. kr. í fyrra og nú á þessu ári 15 millj. Og það vita allir, að þessar upphæðir eru og hafa alltaf verið of lágar, þær eru ófullnægjandi. En hins vegar er engin ástæða til þess að vanmeta það, sem gert var í þessu, því að þetta er þó fyrsta sporið til þess að koma þessu máli áfram. Og nú á fjárlagafrv., eins og hæstv. menntmrh. var að segja frá, er gert ráð fyrir 25 millj. kr. framlagi, og það er óneitanlega mjög veruleg hækkun frá því, sem er á gildandi fjárlögum, en þó má reikna með, að þessi fjárhæð sé allt of lág. Ég vil geta þess, vegna þess að þetta mál er komið hér til umr., að í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. er kveðið svo að orði, að aðstöðumunur til náms skuli jafnaður. Það er þannig alveg skýrt stefnuskráratriði hæstv. ríkisstj. að vinna að því, að aðstaða til náms verði gerð sem jöfnust, og um þetta eru allir stjórnarflokkarnir sammála, og af því að ég er hér að tala fyrir einn stjórnarflokkinn, fyrir Framsfl., þá er óhætt að segja það, að þetta er eitt af þeim atriðum, sem við framsóknarmenn leggjum mesta áherzlu á í sambandi við stjórnarsáttmálann og í sambandi við fræðslu- og menntamálin.

Nú hefur hæstv. menntmrh. skýrt frá því, að hann hafi skipað nefnd manna, sem hefur það verkefni að semja frv. að lögum um aðstoð við skólanemendur til þess að jafna aðstöðu þeirra til skólagöngu. Þessi nefnd er að störfum, og þess er fullkomlega að vænta, að hún geti lokið störfum svo tímanlega, að hægt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir það þing, sem nú situr. Ég efa það auðvitað ekki, að þessi till. sé flutt af góðum hug, og því ber a. m. k. að fagna, að þessir ungu þm., sem að till. standa, hafa komið auga á mikilvægi þessa máls. Mér finnst þeir a. m. k. taka þar fram ýmsum flokksbræðrum sínum eins og við þekktum þá fyrir 1—2 árum eða kannske lengri tíma, ef lengra er farið aftur í tímann. Hitt er svo annað mál, hversu til þessa tillöguflutnings er stofnað nú og hversu tímabær þessi till. er. Sannleikurinn er sá, að þessi till. er ákaflega síðborin, og það væri a. m. k. synd að segja, að till. væri ýkja frumleg eða tímabær. Nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar allra þingflokka og búið er fyrir nokkru að tilkynna, að sé komin á laggirnar, er að vinna að þessu máli samkv. ákvörðun hæstv. menntmrh. og í samræmi við ákvarðanir Alþ. frá í fyrra. Þess vegna hefur þessi tillöguflutningur hér í rauninni ekkert raunhæft gildi. Það skiptir næsta litlu máli, hvað um þessa till. verður. Ég held, að allir hljóti að verða sammála um það, að ekkert vit sé í því að hrófla frekar við þessu máli hér á hv. Alþ., á meðan námskostnaðarnefnd er að störfum. Þess verður að vænta, að nefndin geti lokið störfum, áður en þessu þingi lýkur, og tími gefizt til þess að afgreiða væntanlegt frv. um þetta efni sem lög á þessu þingi. Ég held, að það eitt sé við hæfi nú, að Alþ. sýni biðlund, á meðan námskostnaðarnefnd vinnur að þessu máli. En hins vegar skal ég ekkert hafa á móti því, að hv. alþm. ræði um þetta efni sín á milli, og það er a. m. k. gleðilegt að verða vitni að því, að þessir ungu og nýju þm. Sjálfstfl. virðast taka hinum eldri fram í áhuga sínum og skilningi á þessu mikilvæga máli.

Þó að mér finnist þessi till. síðborin og fjarri því að vera tímabær, þá get ég ekki haft á móti því, að hún komist til nefndar og verði skoðuð hér í þingnefnd, en ég legg áherzlu á það, að ég held, að Alþ. verði að sýna biðlund í þessu máli. Það er verið að vinna að þessu máli í þeim anda, sem þessi till. gerir ráð fyrir, og þess vegna hefur þessi tillöguflutningur sáralítið gildi.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Ingvar Gíslason hefur farið hér orðum um þessa till. okkar og taldi hana ekki tímabæra og ekki frumlega og ekkert gildi hafa og Alþ. yrði að sýna biðlund í þessu máli, því að það stæði eitthvað í málefnasamningnum um það, að það ætti að laga námsaðstöðu æskufólks í strjálbýli. Ég held nú, eins og hér hefur komið fram stundum áður, að hv. Alþ. hefði lítið að gera, ef það gæti treyst því, að umræddur málefnasamningur væri í einu og öllu framkvæmdur. Ég held, að þá gætu hv. þm. bara tekið sér frí og látið ríkisstj. um þessi mál. Hv. þm. benti á það, að framsóknarmenn legðu á þetta einna þyngsta áherzlu. höfuðáherzlu, að þetta atriði í málefnasamningnum yrði framkvæmt. Á þessum fjárlögum, sem nú liggja fyrir Alþ., eru ætlaðar til þessa máls 25 millj. kr. Það er að vísu veruleg hækkun, eins og hér hefur réttilega komið fram, frá því sem áður var, en hv. þm. hafði á síðasta þingi flutt till., hann hafði flutt frv. til l. um námskostnaðarsjóð, og þar er gert ráð fyrir, að sá sjóður hafi eftirgreindar tekjur, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Leggja skal gjald á allar vörur frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, svo og á hvers konar öl og gosdrykki. Skal gjaldið nema 5% af söluverði nefndra vara. Ráðh. setur nánari reglur um álagningu gjaldsins og innheimtu þess.

2. Framlag ríkissjóðs skal nema 150 kr. á hvern íbúa landsins, samkv. síðasta manntali."

Þetta var mat hv. þm., þegar hann var í stjórnarandstöðu, um það, hvernig þyrfti að búa að nemendum úr strjálbýli. Ég skal svo ekki karpa um það við hann frekar hér, hvort okkar tilgangur með þessum tillöguflutningi sé sá að spenna hér bogann of hátt fyrir ríkisvaldið. Ég held, að þessi till. sé afar hógvær. Hún gerir ráð fyrir því, að mál þetta sé kannað ofan í kjölinn og síðan teknar ákvarðanir, sem leiða af þeirri könnun, þannig að reynt sé að finna það út, hvað í raun og veru þarf mikið fé til þess að jafna þennan mun að verulegu eða öllu leyti.

Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær undirtektir, sem komu hér fram hjá honum í ræðu hans um þetta mál, þó að það virtist vera svo, að hann teldi, að þessi till. væri nánast óþörf, vegna þess að málið væri í athugun. Það kann að vera, að þetta sé að sumu leyti rétt, en að öðru leyti ekki. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá menntmrn., hafa ekki farið fram at-

huganir á því, hver sé raunverulegur ferðakostnaður nemenda. Það hafa ekki heldur farið fram athuganir á því, hver sé raunverulegur dvalarkostnaður nemenda, sem þurfa að sækja skóla utan síns heimahéraðs, og það getur hver sagt sér það sjálfur, að sá kostnaður hlýtur að vera miklu meiri en 1200 kr. á mánuði. Ég tel, að sá kostnaður liggi einhvers staðar á milli 5 og 10 þús. kr. á mánuði.

Það er alveg hárrétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er ekki bundið við strjálbýlið, þetta vandamál. Það er auðvitað til, að foreldrar eiga erfitt með að koma börnum sínum til framhaldsnáms, þó að þeir búi í þéttbýli og þar séu framhaldsskólar. Hitt er svo annað mál, að dvalarkostnaður nemenda úr strjálbýli og ferðakostnaður þeirra er alveg sér á parti fyrir þá foreldra, sem kosta þurfa börn sín til náms úr strjálbýli, og sá kostnaður er orðinn hrikalega hár. Ég held, að enginn geti neitað því.

Að lokum vil ég segja það, að ég fæ ekki séð, þó að þessu máli hafi verið áður hreyft á allt annan hátt en nú með þeirri þáltill., sem hæstv. ráðh. vísaði til og þeirri nefnd, sem nú hefur verið skipuð, að það hafi ekkert gildi, að Alþ. álykti í þessu máli. Ég fæ ekki annað séð en að það sé einungis stuðningur við það starf, sem verið er að vinna í þessum efnum, og ég lít svo á, að í slíkum málum sem þessum eigi að vera sem mest samvinna milli Alþ. og ríkisstj., allra alþm. helzt, um framgang slíkra mála, þannig að ég fæ ekki annað séð en þessi till., sem hér er fram borin, sé stuðningur við þetta starf, sem ráðh. minntist á, hún sé tímabær og hún eigi fyllsta rétt á sér, og ég vil vænta þess, að hún fái hér eðlilega afgreiðslu.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég held, að það sé ekkert ofmælt, þó að ég segi, að þar sem ég þekki til í dreifbýli landsins, þá sé ekkert mál til, sem á undanförnum árum hafi brunnið heitar á fólkinu í dreifbýlinu en aðstaða unga fólksins á þessum slóðum til náms, jafnvel ekki einu sinni rafmagnsleysið í þeim sveitum og byggðarlögum, sem enn þá eru utan við rafmagnsveitusvæðin. Það er þess vegna vissulega mjög mikil ástæða til þess að fagna þessari till., sem nú er fram komin hér og flutt er af tveimur hv. þm. úr Sjálfstfl. Við erum ekki búnir að gleyma því, að það kostaði heilt kjörtímabil að fá samþykkta á Alþ. till. um athugun á þessu máli, sem síðan leiddi fljótlega af sér byrjunarfjárveitingu. Og þótt lág væri upphæðin í fyrstu, var þetta út af fyrir sig mikill sigur í málinu. Brúarsporðinum var náð, og síðan hefur verið auðveldara að bæta við.

Nú eru þessar fjárveitingar hækkaðar verulega, eins og hér hefur komið fram, en það er þó sjálfsagt enginn vafi á því, að hér þarf betur að að vinna, áður en fullt jafnvægi næst. Þess vegna er mikil ástæða til þess að fagna nýjum stuðningi við þetta mál, svo afdráttarlausum sem fram kemur í þessari till. Hitt er svo annað mál, að þessi stuðningur hefði auðvitað komið sér betur á þeim árum, meðan þyngst horfði í málinu, en nú, þegar það liggur fyrir allt í senn, að byrjað er að sinna málinu með fjárveitingum, að Alþ. hefur gert ályktun um skylda rannsókn og þá, sem hér er farið fram á, og menntmrn. hefur í framkvæmd gert þá rannsókn víðtækari og myndarlegri, vil ég segja, en ályktun Alþ. gaf tilefni til. Og svo í þriðja lagi, þó að hv. 1. flm. geri lítið úr því, þá er það yfirlýst í stjórnarsáttmála, að ríkisstj. vilji vinna sérstaklega að úrbótum á þessu sviði. Það má því kannske með nokkrum rétti segja, að till. út af fyrir sig sé ekki ýkja þörf, en eigi að síður er fullkomin ástæða til þess að fagna flutningi hennar og af þeim ástæðum, sem ég greindi.

Þessi till. er um framhaldsnám, og þær athuganir, sem settar hafa verið í gang, miðast við framhaldsnámið, aðstöðu fólks í dreifbýli til þess að kosta börn sín til framhaldsnáms, aðstöðu þess fólks, sem þarf að senda börnin að heiman á meðan þau eru í skóla. En ég kvaddi mér nú alveg sérstaklega hljóðs til þess að vekja athygli á öðru vandamáli, en þó mjög skyldu þessu. Heimansendingar barna, ef svo mætti segja, byrja nefnilega áður en kemur til framhaldsnáms. Þær byrja strax á skyldunámsstiginu. Og þótt á því stigi sé veittur alveg sérstakur viðbótarstuðningur með greiðslu hluta af heimavistarkostnaði við skyldunámsskólana, meiri en við aðra skóla, þá er það þó staðreynd, sem kannske engan þarf að undra, ef hann hugsar málið ofurlítið nánar, að efnalausu fólki — og kannske stundum úrræðalitlu — getur líka orðið það algerlega um megn að kosta 2—3 börn í heimavistarskóla samtímis. Því getur orðið það algerlega um megn.

Stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins gerir ráð fyrir þessum möguleika. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

„Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé."

Þetta stendur í stjórnarskránni og vitanlega er þetta ákvæði stjórnarskrárinnar einnig útfært í lögum. En þar er það útfært á þann hátt, að ef til kemur, að slíkrar hjálpar þurfi að leita, skuli sveitarfélögin veita hana. Í framkvæmd og í huga fólks er hjálp af þessu tagi hjá mörgu fólki metin hliðstæð sveitarstyrk. Þess vegna munu þess dæmi, að börn bókstaflega sitji heima hluta af sínum skyldunámstíma, vegna þess að foreldrarnir veigra sér við því að leita eftir þessari hjálp. Þetta er kannske ekkert óeðlilegt, þessi hugsun. Jafnvel sjálf stjórnarskrárgreinin, sem ég vitna í hér, gefur tilefni til þess, því að hér stendur hlið við hlið „er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé."

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég vek athygli á þessu vandamáli, og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh., hvort nokkur athugun hafi farið fram á því, hversu þetta ákvæði stjórnarskrárinnar sé í raun og veru haldið, hvort það hafi ekki komið fram við rn. neinar beinar óskir um það, að þetta verði athugað. Ég skal geta þess, að ég spyr alveg að gefnu tilefni frá skólamönnum úti í dreifbýlinu, sem hafa innt eftir þessu við mig oftar en einu sinni. Ég skal taka það fram, að ég hef ekki ástæðu til að halda, að þetta sé mjög almennt, að börn fái ekki notið skyldunámsins sökum fátæktar framfærenda. Og það má þess vegna kannske segja, að þetta sé ekki stórmál að fyrirferð. En það er að kjarna mjög alvarlegt mál, ef þetta ákvæði stjórnarskrárinnar er ekki framkvæmt í reynd. Á það verður að líta mjög alvarlegum augum að mínum dómi.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh., hefur þegar verið unnið talsvert að

verið á fjárlögum tvö s. l. ár til þess að jafna aðstöðu nemenda til framhaldsnáms í landinu, og mér er það ljóst, að enda þótt sú nefnd starfaði eftir reglum, sem settar voru að beztu vitund í menntmrn. og síðan nokkuð breytt í samræmi við það, sem í ljós kom af starfi nefndarinnar, þá voru þær reglur alls ekki byggðar á svo föstum grunni sem æskilegt hefði verið. Þess vegna tel ég mig mæla þar af nokkurri reynslu, er ég tel, að það sé full ástæða til að reyna að undirbyggja slíkar reglur á sem allra sanngjarnastan og öruggastan hátt. Og það er einmitt það, sem farið er fram á með þessari tillögu.

Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það er þó athyglisvert, að tveir hv. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hafa hér látið álit sitt í ljós. Hv. 3. þm. Norðurl. e. taldi þessa till. hvorki frumlega né tímabæra og eiginlega að engu hafandi, en flokksbróðir hans, hv. 5. þm. Austf., fagnaði henni og taldi hana gott innlegg til þessara mála. Ég vil hér láta það í ljós alveg tvímælalaust, að ég tek undir með þeim síðarnefnda, hv. 5. þm. Austf. Ég tel, að till. sé tímabær og þess virði, að hún hafi hér komið fram og fái jákvæða afgreiðslu.

Hv. 5. þm. Austf. minnti á það hér, að fram til þessa hefur ekki verið sinnt málefnum þess æskufólks, sem sækir nám á skyldunámsstigi. Þær fjárveitingar, sem veittar hafa verið til þessa, hafa verið bundnar við framhaldsnám, þ. e. þegar skyldunámi sleppir. Hv. þm. benti á erfiðleika ýmissa skyldunámsnemenda úti um land við það að sækja nám í heimavistarskólum og þá fjárhagslegu bagga, sem foreldrar þessa fólks þyrftu að rísa undir við það að kosta börn sín þangað. Þetta er vissulega alveg rétt og tímabær ábending, þegar verið er að leggja drög að því, að samið verði frv. og væntanlega sett lög um þetta efni hér síðar á hinu háa Alþingi. Það hefur þó verið skýring rn. og þar með ríkisvaldsins hvað þetta snertir, að þegar börn eru send til dvalar í heimavistarskólum, eigi þau ekki að bera af því annan kostnað en þann, sem leiðir af efni til matar. Foreldrar þurfa að greiða með þessum börnum eins og efni í fæðið kostar. Annað greiðir ríkið. Og ríkisvaldið hefur sagt, þ. e. menntmrn.: Börnin þurfa að borða, hvort sem þau eru í heimavistarskóla eða heima hjá sér. Nú hef ég ekki að fullu viljað fallast á þessa skoðun og hef talið, að enda þótt heimavistarkostnaður á skyldunámsstigi sé ekki hár, þá sé það þó kostnaðarsamara fyrir foreldra, sem eiga mörg börn, að senda þau þangað til dvalar en að hafa þau í heimahúsum og annast framfæri þeirra þar. Ég sem sagt vil taka undir þá ábendingu hv. þm., að þessi atriði sé þörf á að kanna nánar.

Um það, að seint hafi verið brugðið við með flutningi till. sem þessarar, þá má auðvitað segja það og betra hefði verið, að þeir hv. ungu þm., sem að henni standa, hefðu fyrr átt setu á Alþ. En hitt er þó staðreynd, að nú þegar hafa verið veittir fjármunir frá ríkinu til þessara þarfa í tvö ár. Fráfarandi hæstv. ríkisstj. hafði tekið þetta mál upp og veitt til þess fjármagn, sem varð til þess, að fyrstu skrefin voru gengin til þess að jafna stöðu nemenda úr strjálbýli til náms, og varð þannig til þess, að þessu mikla hagsmunamáli og þessu mikla réttlætismáli var sinnt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal nú ekki karpa lengi um þetta, en ég sé ástæðu til þess að gera svolitla aths. við það, sem hv. flm. sagði hér í síðari ræðu sinni, hv. frsm. málsins. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að ég nefndi till. hans óþarfa og síðborna, en hins vegar taldi ég það ekki meginástæðuna fyrir því, að hún væri svo, að ríkisstj. hefði í málefnasamningi sínum ákveðið að beita sér fyrir þessu máli, heldur benti ég á það alveg sérstaklega, að ég teldi þessa till. óþarfa og síðborna vegna þess, að málið er þegar komið í athugun í stjórnskipaðri nefnd. Þetta vil ég alveg sérstaklega leggja áherzlu á, að mér finnst þetta mál þannig til komið, undirbúningur þess með þeim hætti, tillöguflutningurinn er þannig, að það sé ómögulegt að gefa því aðra einkunn en þá, að þetta sé síðborið og heldur óþarft mál. Það er satt að segja mjög sjaldgæft hér á hv. Alþ., að menn flytji þáltill. um mál, sem allir vita, að eru í undirbúningi í rn. og á vegum ráðh. Þetta gerðum við, held ég, tæpast á þeim tíma, sem við vorum í stjórnarandstöðu. Þetta vildi ég nú minna á. Og það er líka misskilningur hjá hv. flm., að ég hafi talið, að þeir flm. væru að spenna bogann ákaflega hátt fjárhagslega með þessari till. sinni. Og hann fór að vitna til frv., sem ég flutti ásamt hv. þm. Sigurvin Einarssyni í fyrra um námskostnaðarsjóð, þar sem gert er ráð fyrir mikilli fjárútvegun til þessa málefnis, og ég er þess sinnis enn í dag, að það sé þörf á mjög miklu fjármagni í þessu skyni, ef þetta málefni á að nást fram, þannig að nokkurt verulegt gagn sé eða sómi að. Hins vegar er hægt að hugsa sér það, að gera megi þetta námskostnaðarkerfi þannig úr garði, að það geti aukizt stig af stigi og verið framkvæmt í áföngum, en ég er alveg sannfærður um, að það kostar marga tugi millj. kr. að koma þessu kerfi á, og jafnvel mundi mig ekki furða neitt á, þó að það yrði eitthvað á 2. hundrað millj., sem til þessa þyrfti.

Ég hef þá ekkert grunaða um það að spenna bogann fjárhagslega hátt með þessari till., það er síður en svo, en mér finnst hins vegar, að þessi tillöguflutningur þeirra sé mjög einkennilega tilkominn og í rauninni óþarfur. Till. er a. m. k. mjög síðborin, eins og ég hef margtekið fram, og þess vegna og af þeirri ástæðu fyrst og fremst óþörf. Hins vegar hef ég ekkert á móti því, að þessi till. fái þinglega meðferð hér, gangi til nefndar, sé þar skoðuð, en ég held, að það liggi alveg í augum uppi, hvernig málalyktir þar verða, því að þetta mál er í endurskoðun, þetta mál er í athugun hjá stjórnskipaðri nefnd, og ég sé ekki, að það sé eðlilegt eða rétt af Alþ. að sýna ekki biðlund, á meðan þessi nefnd starfar, þegar líkur eru fyrir því, að hún ljúki störfum á þessu þingi. Þetta vildi ég enn ítreka.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. vakti hér athygli á máli, sem skylt er því, sem rætt er, þótt það sé á öðru skólastigi; sem sagt vandamáli þeirra heimila, þar sem efnahagur er svo bágborinn, að torvelt er að greiða fæðiskostnað barna á skyldunámsaldri, sem sækja heimavistarskóla, og beindi til mín þeirri spurningu, hvort það mál hefði verið athugað sérstaklega á vegum menntmrn. og hvort ákveðnar óskir hefðu komið fram til rn. um úrbætur á því sviði. Því er til að svara, að mér er ekki kunnugt um, að rn. hafi gert könnun á því, hversu mikil brögð kunni að því að vera, að börn fari jafnvel á mis við skólagöngu af þessum sökum. Það þarf þó ekki að þýða, að engin

þeim málum, sem um er rætt í þessari þáltill. Það hefur verið skipuð nefnd af hans hálfu til þess að semja frv. til l. um jöfnun námsaðstöðu, og áður hefur verið samþ. hér á hv. Alþ. ályktun, er gengur nokkuð í sömu átt og sú, er hér er til meðferðar. Eigi að síður eru dregnir fram þættir í þessari till., sem lítt hefur borið á góma fram til þessa, og með tilliti til þess tel ég, að sú till., sem hér er til umr., hafi verulegt gildi fyrir svo utan það, að hún styður það mikla nauðsynjamál, sem hér er á ferðinni. Þeir þættir, sem ég gat um, að hér væru dregnir fram, eru fyrst og fremst að efna til rannsókna í samráði við landshlutasamtök og einstakar sveitarstjórnir á kostnaði og fjárhagslegri getu æskufólks í landinu til þess að sækja nám. Ég á sæti í þeirri nefnd, sem hefur fjallað um úthlutun þess fjár, sem veitt hefur athugun hafi verið gerð, því að eins og hv. þm. er kunnugt, er ég ekki búinn að vera svo lengi vistaður í þessu rn., að mér hafi unnizt tími til að kanna þar fyrri athuganir, það sem gert kann að hafa verið. Sömuleiðis er því til að svara um málaleitanir af þessum sökum, að þær hafa ekki fyrir mig komið síðan ég settist í stól menntmrh., en ég mun að sjálfsögðu, eftir að mér hefur verið sérstaklega bent á þetta mál, gera gangskör að því að athuga, hvort þar liggja fyrir erindi eða athuganir, sem ekki hefur borið enn fyrir mín augu.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en mér finnst eins og þegar hafi komið dálítið fram í þeim, að það sé nánast fyrirmunað ungum og nýjum þm. að brydda hér á málum, vegna þess að þau séu ýmist á loforðalista ríkisstj., sem hún setti saman, er hún var mynduð, eða í öðru lagi, að þeir séu málum svo ókunnugir, að þeir megi ekki flytja slík mál, það sé nánast óviðurkvæmilegt, ótímabært, svo að ekki sé meira sagt.

Nú skal ég fyrstur manna viðurkenna það, að unglingar og börn í sveitum eiga við erfiðust kjör að búa í þeim efnum, sem till. þessi fjallar um. En þeim orðum vildi ég mjög gjarnan beina til hæstv. menntmrh., að hann léti þá einnig fara fram könnun á hag þeirra foreldra, sem börn eiga í þéttbýli, en þurfa að senda til náms í strjálbýli, og það gæti orðið útkoma, sem kynni að gera hag þessa fólks ekki ólíkan þeim í mörgum tilfellum, sem í strjálbýli búa. Það er vitað mál, að fjöldi unglinga verður að gjalda þess, að foreldrar þeirra hafa ekki þær tekjur, að þeir geti leitt þá til náms. Og það ástand ríkti hér um tíma vegna t. d. húsaskorts í menntaskólum, að menn urðu að flýja í menntaskóla úti á landi, ef þeir vildu veita börnum sínum brautargengi í þessum efnum. Þessu vildi ég mjög gjarnan koma að, um leið og ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við till. hv. þm. og tel, að þeir hafi vissulega enn einu sinni vakið máls á góðu málefni, en það þýðir ekki, að það hafi ekki verið gert hér áður. Og ég vil beina því til ungra og nýrra þm. hér á þingi að vera alls ófeimnir við að láta til sín heyra um þau vandamál, því að ég trúi því ekki, að loforðalisti hæstv. ríkisstj. hafi verið saminn til þess að varna mönnum máls eða varna mönnum þess hér á þingi, að þeir mættu flytja mál, þó að þeirra væri með loðnum hætti getið á þessum margnefnda loforðalista. Og sízt af öllu kann ég við það, að þeir, sem lengur hafa setið á þingi, séu hálfgert að snupra yngri þm. fyrir að brydda á slíkum málum. Ég tel það Alþ. ósæmilegt.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. frekar en orðið er, vildi rétt aðeins koma fram með örstutta aths. Hv. 3. þm. Norðurl. e. kom hér enn í ræðustól og taldi, að þessi till. væri síðbúin og óþörf, vegna þess að málin væru í athugun í nefnd. Þegar þessi till. kom hér fram á Alþ. fyrir alllöngu síðan, — hún hefur ekki fengizt rædd um nokkurt skeið, vegna þess að ýmislegt hefur komið inn í það, menn hafa verið fjarverandi ýmsir, sem hafa viljað vera hér við, þegar till. átti að koma hér fram, o. s. frv., en hún er búin að liggja hér nokkuð lengi fyrir Alþ., — þá var þessi nefnd ekki fullskipuð, sem ráðh. hefur nú sagt hér, að væri starfandi. Auk þess sagði hæstv. ráðh. í ræðu sinni: Það má gera ráð fyrir, að þessi nefnd kanni þá hluti, sem fram koma í till. Ég fæ ekki skilið, að Alþ. geti ekki ályktað í slíku máli, sem þannig er um háttað, og ég fæ ekki séð annað en að það sé stuðningur við málið í heild, stuðningur við starf þessarar umræddu nefndar, stuðningur við hæstv. ríkisstj., ef hún vill vinna að þessu máli, að þessi till. verði samþ. hér á Alþingi.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. 1. landsk. þm. hérna áðan, þá get ég ekki stillt mig um að taka það fram, að ég hef litið svo til þessara nýju þm., að hvorki þessi hv. þm. né við aðrir, sem hér höfum verið einhver ár, þurfum að taka að okkur einhvers konar fóstruhlutverk þeirra vegna.

Ég kann ekki við annað en að leiðrétta lítils háttar misskilning hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. Ég ætlaði að láta það koma fram í máli mínu hér áðan, að þó að ég fagni þessari till., þá er það ekki fyrst og fremst vegna áhrifa hennar á gang þess máls, sem nú er unnið að fullum fetum. En ég fagna till., vegna þess að ég tel hana bera vott um straumhvörf í Sjálfstfl., með henni sé rekið smiðshöggið á þá þróun, sem þar hefur verið að gerast frá því að fyrst var hafin barátta fyrir því, að þetta mál yrði athugað, og þangað til nú. Afstaða þess flokks hefur farið batnandi, en með þessum tillöguflutningi álít ég, að teningunum sé kastað. Og ég vil bara segja það, að það munar um minna en stuðning Sjálfstfl. með þessa ungu og vösku þm., hv. flm. þessarar till., í fararbroddi, jafnvel þó að flokkurinn sé í stjórnarandstöðu.

Ég vil þakka svör hæstv. menntmrh. við þeirri fsp., sem ég beindi til hans áðan í sambandi við vanda efnalítilla varðandi skólagöngu barna á skyldustiginu. Mér þykir vænt um það, að hann ætlar að huga að því, hvort einhverjar umkvartanir af þessu tagi liggja fyrir hjá rn. Og ég vil segja það, að ef einhver hv. þm. kann að efast um réttmæti þeirra orða, sem ég sagði áðan og sagði að gefnu tilefni, þá minni ég á það, að það fer oft afskaplega lítið fyrir þeim, sem lakast eru settir í þjóðfélaginu, svo að það er kannske ekki þess að vænta, að menn hafi svo mjög orðið varir við það, þó að svona kunni að vera ástatt í einstökum tilfellum. En jafnvel þó að þau tilfelli séu fá, þá er það mjög alvarlegt mál, ef þau eru nokkur til.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 32, n. 382).

Ég skal að öðru leyti ekki tefja þessar umr., en ítreka þau tilmæli mín til hæstv. menntmrh., að jafnframt þeirri könnun, sem fer fram á hag og kjörum fólks og nemenda, sem í strjálbýli búa og vissulega eiga við mun erfiðari kjör að búa að vera svo fjarri, svo almennt fjarri, eins og unglingar eru á þessum stöðum, fjarri ýmsum menntastofnunum, verði þó eitt látið gilda um landsmenn alla og þeir ekki flokkaðir eftir því, hvar þeir búa, heldur eins og í till. segir: „Athugunin skal m. a. ná til líklegs fjölda nemenda, sem stunda munu framhaldsnám fjarri heimabyggðum sínum næstu ár", o. s. frv., sem skilja ber að mínu viti þannig, að athugunin eigi einnig að ná til fólks eða nemenda, þótt í þéttbýli búi.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um athugun á kostnaði og fjárhagslegri getu æskufólks í strjálbýli til framhaldsnáms og endurskoðun á reglum um úthlutun styrkja til jöfnunar námsaðstöðu. Nál. allshn. hljóðar svo:

„Nefndin hefur athugað till. á nokkrum fundum og sent hana til umsagnar viðkomandi aðila. N. er sammála um nauðsyn þess, að sú athugun fari fram, sem í till. felst. Á hinn bóginn skipaði ríkisstj. nefnd hinn 1. nóv. s. l., sem á að fjalla um þau mál m. a., sem till. fjallar um, og enn fremur mun vera væntanlegt frv. til l. á þessu þingi um jöfnun námsaðstöðu. Af þessum sökum leggur n. til, að þáltill. verði vísað til ríkisstj."

Við þetta hef ég einungis því að bæta, að umrædd nefnd var skipuð nokkru eftir að þáltill. kom fram, og hæstv. menntmrh. hefur tjáð mér, að lögð verði fram á þessu þingi, eins og í nál. stendur, frv. til l. um jöfnun námsaðstöðu.

ATKVGR.

Till. á þskj. 382 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 33 shlj. atkv.

5. Verðtrygging lífeyrissjóða verkafólks.

Á 10. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks [61. mál] (A. 66).

Á 11. fundi í Nd., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Nd., 15. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarnfríður Leósdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks. Eins og ég tók fram í grg. með nefndri till., voru lífeyrissjóðir verkafólks stofnaðir samkv. samningum milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga frá 19. maí 1969. Iðgjaldagreiðslur hófust frá og með 1. jan. 1970. Með tilkomu þessara lífeyrissjóða var stigið skref til aukins réttlætis, eða svo virtist vera. Þá þegar höfðu ýmsar stéttir í þjóðfélaginu átt hlutdeild í lífeyrissjóðum, sem bættu þeim, mökum þeirra og börnum upp tekjumissi, er þeir höfðu orðið fyrir vegna elli, örorku eða dauða. Lífið er áhættusamt, en við tökum þátt í því, og á vegi okkar verða ýmsar hættur, svo sem slys og sjúkdómar, og enginn veit, hvenær hann missir starfsorku sína til tekjuöflunar langan eða skamman tíma. Elli fylgir nær alltaf lækkun vinnutekna eða alger missir þeirra. Þá er fráfall fyrirvinnu fjárhagslegt áfall fyrir þá, sem notið hafa framfærslunnar. Einstaklingar hafa löngum reynt að tryggja sig fyrir slíkum áföllum með því að eignast varasjóð á einn eða annan hátt, en tekizt misjafnlega eftir ástæðum. En skilningur fólks á samhjálp og samábyrgð hefur aukizt. Almannatryggingar voru stofnaðar til þess að taka við verstu áföllunum, tryggja ellilífeyri, örorkulífeyri, makabætur, fjölskyldubætur, mæðralaun og barnalífeyri fyrir þau börn, sem misst hafa foreldri sitt, annað eða bæði. Því miður hafa almannatryggingar ekki valdið þessu hlutverki sínu til fulls. Við viljum skapa okkur meira öryggi, og hver hópurinn á eftir öðrum stofnar sinn lífeyrissjóð, og er hlutverk þeirra á margan hátt náskylt hlutverki almannatrygginga.

Um 40 þús. manns munu vera í lífeyrissjóðum landsmanna, þegar lífeyrissjóður bænda er tekinn með. Samkv. upplýsingum frá Efnahagsstofnuninni munu vinnutekjur þjóðarinnar, þar með taldar tekjur atvinnurekenda, hafa numið árið 1970 um 23 milljörðum kr., og árið 1971 eru þær áætlaðar um 25.5 milljarðar. Nú er ekki greitt iðgjald til lífeyrissjóða af öllum þessum tekjum. Hjá flestum lífeyrissjóðum eru greidd 10% af fastalaunum. Ef gert er ráð fyrir, að einungis sé greitt af 70% af heildarvinnulaunum þjóðarinnar, er ekki óraunhæft að gera ráð fyrir, að eftir 3—4 ár verði heildargreiðslur til lífeyrissjóða árlega um 2 milljarðar kr. Og þá er ekki reiknað með frekari verðþenslu. Á nokkrum árum mun því ráðstöfunarfé þeirra nema tugum milljarða kr. Þetta sýnir, hve gífurlegt fjármagn er á þennan hátt sparað saman til þess að gegna því hlutverki, sem lífeyrissjóðunum er ætlað, og um leið mikilvægi þess að ávaxta þetta fjármagn á þann veg, að sjóðirnir verði færir um að standa við skuldbindingar sínar. Þeir verða að verðtryggja sig á einn eða annan hátt.

Lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna eru verðtryggðir af ríkinu, sjóðir bæjarstarfsmanna af viðkomandi bæjum og bankamanna af viðkomandi bönkum. Auk þess er gerð þessara sjóða á þann veg, að þeir gegna hlutverki sínu mjög vel, eins og vera ber. Greiðsla til lífeyrisþega í þessum sjóðum ákvarðast sem hundraðshluti af launum þeim, sem fylgja því starfi, sem sjóðfélagar gegndu síðast, eins og þau eru á hverjum tíma. Augljóst er, að verðtryggðir lífeyrissjóðir eru, meðan verðbólga stendur yfir, öðrum sjóðum mun hagstæðari fyrir sjóðfélaga, enda bera þar allir skattgreiðendur þjóðarinnar allar viðbótargreiðslur vegna verðbólgu. Hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins námu þær árið 1969 37.5 millj. kr. eða 47.2% af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðsins, árið 1970 nær 68 millj. og árið 1972, þegar síðasti samningur starfsmanna ríkis og bæja verður framkvæmdur að fullu, er áætlað, að ríkið verði að greiða 140 millj. eða

nálægt 70% af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðsins eða 115% miðað við það, sem sjóðurinn sjálfur getur greitt. Sjóðurinn sjálfur mun geta greitt 65 millj. það ár. Í verðtryggðum lífeyrissjóðum er áætlað, að séu um 8 þús. manns í mjög misjöfnum launaflokkum, og þar af leiðandi greiðir ríkið þeim mesta uppbót vegna verðbólgu og raunverulegra kauphækkana, sem hæstu launaflokkunum fylgja.

Verkafólk hefur oftast orðið að sækja rétt sinn með harðri baráttu í hendur atvinnurekenda og óvinveittra valdhafa. Það hefur ávallt orðið að slá af kröfum sínum í samningum, og eru lífeyrissjóðir eitt dæmi um það. Þeir eru óverðtryggðir, og gerð þeirra fullnægir ekki kröfunni um upprunalegan tilgang. Greiðslur eru miðaðar við meðaltal grundvallarlauna næstu fimm ár áður en taka lífeyris hefst og breytist ekki eftir það, þó að kauphækkanir verði í því starfi, sem lífeyrisþegi hafði síðast. Hann fær því hvorki bættar raunverulegar kauphækkanir eða verðbólgu. Það fé, sem sparað var til þessa lífeyris, getur orðið lítils virði. Með því að bera saman greiðslur úr verðtryggðum lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og óverðtryggðum lífeyrissjóði verkafólks munum við sjá óréttlætið blasa við okkur. Við skulum taka dæmi. Félagi í lífeyrissjóði verkafólks er með 300 þús. kr. í árstekjur við upphaf töku ellilífeyris. Hann hefur aflað sér 30 ára réttinda. Þá fær hann 60% af meðaltali grundvallarlauna síðustu fimm ára, sem mundi verða 150 þús. á ári og breytist ekkert eftir það, hvernig sem kaupgjalds- og verðlagsmál verða. Ríkisstarfsmaður, sem einnig hefur sömu árslaun við töku ellilífeyris eða 300 þús. kr. og hefur aflað sér 30 ára réttinda, fær í upphafi 60% af þeim launum, sem hann hefur, þegar greiðslan hefst, eða 180 þús. kr. á ári. Kaupþensla er áætluð 8%, sem er mun lægri en verið hefur s. l. 8 ár. Þá var hún um 13%. Eftir 14 ár verður lífeyrir þessa félaga í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna orðinn 450 þús. kr. á ári. Lífeyrir hins, sem er í óverðtryggða lífeyrissjóðnum, verður eftir þessi 14 ár eins og í upphafi, 150 þús. kr. á ári. Það verður orðinn 300 þús. kr. mismunur á ári á lífeyri þessara tveggja manna, sem hófu töku lífeyris á sömu launum, og þennan mismun greiða allir skattgreiðendur þjóðarinnar.

Með því að sýna fram á þennan mismun vil ég benda á það óréttlæti, sem látið er ríkja í þessum málum, að þeir, sem standa undir þjóðarframleiðslunni, skuli ganga með svo skarðan hlut frá borði. En þá komum við að spurningunni, hver á að greiða verðtryggingu þessa sjóðs? Ég er búin að geta þess, hve gífurlegar fjárupphæðir eru sparaðar hjá þjóðinni með tilkomu allra þessara lífeyrissjóða. Atvinnuleysistryggingasjóður er einnig sparnaður af launatekjum verkafólks, og þetta er þegar orðinn voldugur sjóður, og þegar tekst að halda uppi blómlegu atvinnulífi, vex þessi sjóður hröðum skrefum. Í sjóðum launafólks mun vera saman kominn stærsti hluti af sparnaðarfé þjóðarinnar, og ég veit ekki, hvort það er fjarstæða að hugsa sér, að þessi sparnaður af launatekjum landsmanna muni í framtíðinni eiga stærstan hluta í uppbyggingu þjóðarinnar. Lífeyrissjóðirnir taka þegar stóran þátt í uppbyggingu húsnæðis landsmanna, en til að halda í við þá uppbyggingu er áætlað, að þurfi 2.5 milljarða á ári. Launafólk á þessa sjóði. Það hefur samið um þá við atvinnurekendur í samningum um kaup og kjör, og það er mikils um vert, að það hafi sjálft ráðstöfunarrétt yfir þessu fjármagni og hið pólitíska vald sé í höndum fulltrúa þeirra á Alþ. Ef tekst að ávaxta þetta fjármagn til arðbærrar uppbyggingar landsins, ætti að vera hægt að verðtryggja lífeyri allra launþega.

Eins og ég hef áður tekið fram, eru um 40 þús. manns í lífeyrissjóðum landsins, þar af um 8 þús. í verðtryggðum sjóðum. Við vitum þegar, hvað ríkið verður að greiða til verðtryggingar á lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. En það er ekki raunhæft að reikna út frá þeim greiðslum. Í fyrsta lagi hafa nýgerðir samningar þeirra þar mikil áhrif, þar sem laun vissra hópa hækka gífurlega, svo að í þessum hópi eru langtekjuhæstu einstaklingar þjóðarinnar, og einnig þeir, sem hafa nú þegar lífeyrisgreiðslur upp á nokkur hundruð þús. á ári, þeir hæstu með yfir 600 þús. Í öðru lagi er enn þá svo langt þangað til verulegar greiðslur hefjast úr lífeyrissjóðum verkafólks, og við skulum vona, að það takist að hafa meiri hemil á verðþenslu hér eftir en hingað til. Í þriðja lagi er ekki ólíklegt, að skilningur fari vaxandi á jöfnuði á meðal þegnanna, og þá e. t. v. að sameina alla lífeyrissjóði í einn sjóð með sömu réttindum til allra.

Ég held, að hv. alþm. muni við nánari athugun skilja, að það misræmi, sem í þessum málum ríkir, verður ekki til lengdar þolað og þess vegna þurfi að fara fram alvarleg athugun á lausn þessa vanda. Ég tel ekki óeðlilegt, að ríkið og þá e. t. v. Atvinnuleysistryggingasjóður verðtryggi hlut launþega eða 4%, en atvinnurekendur sinn hlut eða 6%. Ég veit, að þetta eru gífurlegar greiðslur. En þó tel ég óhjákvæmilegt, að við stefnum að því að samræma verðgildi lífeyris allra landsmanna og stuðla að því, að allir mætist á jafnréttisgrundvelli, því að hvar annars staðar getum við mennirnir mætzt?

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að þessari þáltill. verði vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50., 51. og 52. fundi í Nd., 13., 15. og 16. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 66, n. 424).

Frsm. (Bjarnfríður Leósdóttir): Herra forseti. Í nál. heilbr.- og félmn. um verðtryggingu lífeyrissjóða er lagt til, að till. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún láti fara fram athugun og undirbúning að frv.-gerð um verðtryggingu allra þeirra lífeyrissjóða landsmanna, sem enn þá eru óverðtryggðir. Umsagnir hafa borizt frá eftirtöldum aðilum: Seðlabanka Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Landssambandi lífeyrissjóða, nefnd, sem er að endurskoða almannatryggingalögin. Þessar umsagnir bera í sér viðurkenningu og skilning á nauðsyn þess, að verðtryggja lífeyrissjóði allra landsmanna á einn eða annan hátt. Í umsögn Seðlabankans segir, með leyfi forseta:

„Bankastjórn Seðlabankans getur tekið undir þá skoðun, að núverandi ávöxtunarmöguleikar á höfuðstól óverðtryggðra lífeyrissjóða verkafólks hljóti með tímanum að rýra getu þeirra til að rækja tilætlað hlut-

verk. Á þetta ekki aðeins við um lífeyrissjóði verkafólks, heldur einnig alla óverðtryggða lífeyrissjóði. Í árslok 1970 voru heildareignir lífeyrissjóða samtals 3 milljarðar 612 millj. kr., en þar af eru 1 milljarður 681 millj. kr. eða tæplega 47% í höndum óverðtryggðra lífeyrissjóða. Rýrnun á raunvirði höfuðstóls sjóðanna stafar fyrst og fremst af því, að sjóðirnir hafa ekki átt völ á eða kosið að nota sér þá ávöxtunarmöguleika, sem nægt hefðu til að verja höfuðstólinn fyrir verðbólgurýrnun. Útlánsvextir sjóðanna hafa almennt verið 8—10%, en þar eð verðbólga hefur á undanförnum árum oft verið meiri en þetta, hafa raunvextir sjóðanna oftast verið neikvæðir."

Þetta er hluti úr áliti Seðlabankans. Í þessari umsögn Seðlabankans kemur í ljós, að í árslok 1970 var meira en helmingur af heildareign lífeyrissjóða í höndum verðtryggðra lífeyrissjóða, sem í eru um 7—8 þús. manns. En aftur á móti eru yfir 30 þús. manns í óverðtryggðum lífeyrissjóðum, sem í árslok 1970 áttu tæplega helming heildarfjármagns lífeyrissjóðanna. Við gerum okkur náttúrlega grein fyrir því, að þessir sjóðir eru ungir og eiga eftir að vaxa að miklum mun. En þó vil ég í ljósi staðreynda um núverandi eign þeirra minna á, hvort ekki sé bezt að taka þetta strax til athugunar, á meðan sjóðirnir eru þó svona líkir að stærð.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í ræðu minni, þegar ég fylgdi þessari þáltill. minni eftir, að í sjóðum launþega muni vera saman kominn stærsti hlutur af sparnaðarfé þjóðarinnar, og þar munu þeir með tímanum eiga stærstan hlut í uppbyggingu þjóðarinnar. Þess vegna held ég, að ríkisstj. þurfi að athuga þann möguleika, á hvern hátt hún geti komið til móts við stjórnir hinna óverðtryggðu lífeyrissjóða með það fyrir augum að fá hluta þeirra að láni gegn verðtryggingu og nota þetta fé til uppbyggingar, t. d. í húsnæði almennings eða til annarra framkvæmda. Ég gat þess einnig í ræðu minni, að óverðtryggðir lífeyrissjóðir mundu ekki geta gegnt hlutverki sínu, og einnig benti ég á það, að slíkt óréttlæti sem er ríkjandi í þessum málum, yrði ekki til lengdar þolað, að ríkissjóður verðtryggði lífeyri nokkurs hóps þegna sinna, sem yrði eins og útvalin hjörð, sem dafnaði þeim mun betur, sem hinir yrðu aumari. Ég benti einnig á mismuninn á gerð þeirra, sem speglar á svo raunsæjan hátt stöðu þegnanna í þjóðfélaginu.

Ég stend hér og ávarpa yður, heiðruðu alþm., til þess að minna á ábyrgð ykkar á því að stuðla að réttlátu þjóðfélagi. Ég legg nú mitt fyrsta mál, sem ég hef flutt hér á hinu háa Alþingi, í hendur ríkisstj. í fullkomnu trausti þess, að hún muni afgreiða það fljótt og vel sjóðeigendum í hag.

ATKVGR.

Till. á þskj. 424 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 25 shlj. atkv.

6. Leigugjald fyrir íbúðir.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um að tryggja hóflegt leigugjald fyrir leiguíbúðir og koma í veg fyrir húsaleiguokur [109. mál] (A. 131).

Á 20. fundi í Nd., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 21. fundi í Nd., 3. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 6. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður E. Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 131 ályktunartillögu þess efnis, að ríkisstj. verði falið að láta fram fara könnun á því, með hverjum hætti tryggja megi, að leigugjaldi fyrir íbúðir verði í hóf stillt og komið í veg fyrir húsaleiguokur. Um þörfina fyrir þessa könnun o. fl. vil ég því leyfa mér að fara nokkrum orðum.

Ekki liggur ljóst fyrir, svo að óyggjandi sé, hve margar íbúðir eru nú fyrir hendi í landinu. Er könnun á því jafnan gerð á 10 ára fresti, og er hin síðasta, sem miðuð er við skattframtal fyrir árið 1970, ekki enn tilbúin. Fróðustu menn um þessi mál hafa þó tjáð mér, að gera megi eindregið ráð fyrir því, að íbúðafjöldinn í landinu sé nú samtals u. þ. b. 53—54 þús. Þeir sömu vísu menn telja, að þar af séu því sem næst 80% eignaríbúðir eða 43 þús. talsins, en 20% leiguíbúðir eða u. þ. b. 10—11 þús. talsins. Ekki er vitað, hve stór hluti leiguíbúðanna er í opinberri eða félagslegri eigu, en ólíklegt þykir mér, að þær séu öllu fleiri en 1000 samtals. Á þar langstærstan hlut að máli borgarsjóður Reykjavíkurborgar, sem átti um s. l. áramót 536 íbúðir. Virðist mér, að við þá tölu þurfi að bæta a. m. k. 140 íbúðum, er fullgerðar hafa orðið á árinu við göturnar Yztafell og Norðurbrún í Reykjavík. En sjálfsagt er einnig nokkuð um það, að önnur sveitarfélög eigi íbúðir, sem leigðar eru, þótt eigi muni vera mikil brögð að því. Þá mun ríkið einnig eiga leiguíbúðir, einkum embættisbústaði, og loks eiga ýmsar stofnanir og félagasamtök íbúðir, sem leigðar eru. Meðal þeirra eru elliheimilin og Öryrkjabandalag Íslands, svo að dæmi séu tekin. Síðast en ekki sízt eru leiguíbúðir í eigu einstaklinga, og er það sýnilega langstærsti hluti þeirra. Fáir einstaklingar munu þó eiga margar íbúðir, sem eru leigðar með samfelldum hætti, þótt dæmi séu þess. Reglan er sú, að mikill fjöldi manna á íbúðir, sem þeir þurfa ekki að nota í eigin þágu og eru því leigðar öðrum. Ekki veit ég, hvort það kemur mönnum á óvart, hve fjöldi almennra leiguíbúða virðist vera mikill, þ. e. um 10—11 þús. íbúðir, fimmtungur allra íbúða í landinu. Hins vegar kemur það á óvart, hvernig samfélagið hefur langtum of lengi látið næstum sem það sæi ekki vanda þeirra, sem þarna eiga hlut að máli. Mikið vantar á, að hann hafi verið tíðræddur í sölum Alþingis á umliðnum árum, og er svo enn. Það er því fyllsta ástæða til þess að gefa því máli nokkurn gaum nú og verja nokkrum mínútum af dýrmætum tíma hv. Alþingis í því skyni.

Vafalaust munu allir samsinna þeirri skoðun, að yfirleitt geri menn vel við eigin íbúðir, haldi þeim vel við og láti fram fara nauðsynlegar viðgerðir svo fljótt

sem við verður komið. Þetta kemur vissulega fram í því, að eftir því sem bezt er vitað, eru eignaríbúðir yfirleitt í góðu ásigkomulagi. Á hinn bóginn get ég ekki neitað því, að með mér býr grunur um, að eigi sé á það lögð jafnmikil áherzla af hálfu eigenda leiguíbúða að halda þeim í betra ásigkomulagi en nauðsyn krefur, oft og tíðum a. m. k. Væri málið skoðað niður í kjölinn, er ég sannfærður um, að leiguíbúðir eru upp til hópa í lakara ástandi en eignaríbúðir eru almennt. Ég er líka sannfærður um, að í hópi leiguíbúðanna eru hlutfallslega mun fleiri íbúðir, sem hvorki hafa verið byggðar með samþykki hlutaðeigandi byggingaryfirvalda né heilbrigðisyfirvalda. Og í framhaldi af þessu þykist ég einnig fullviss þess, að lélegar og heilsuspillandi íbúðir séu mun fleiri meðal leiguíbúða en meðal eignaríbúða. Á hinn bóginn tel ég svo fullvíst, að menn muni verða sammála því, að þeir, sem eiga fleiri en eina íbúð, búi sjálfir í þeirri beztu, en leigi hinar lakari. Lélegar íbúðir taka hins vegar ekki þeir á leigu, sem hafa efni á öðru betra. Á þessu sviði sem svo mörgum öðrum verður því reyndin sú, að þeir, sem eru verst efnum búnir, neyðast til að lúta því, sem lakast er. Í flestum tilfellum er þar um að ræða láglaunafólk, oft með stórar fjölskyldur, aldrað fólk með lágar tekjur, ungt fólk við nám eða með stórar fjölskyldur, sjúkt fólk og fleira. Fæst þessa fólks á þess kost að fá leigðar íbúðir, sem ætlaðar eru sérstaklega handa því. Þvert á móti verður flest að sæta því að leita á náðir hinna, sem eiga fleiri en eina íbúð og leigja út í ábataskyni, þ. e. á hinn almenna markað. Þar er barizt hart á báða bóga og í fæstum tilfellum miskunn sýnd. Að vísu gildir þar ekki lögmálið um peningana eða lífið, þótt stundum sé að vísu mjótt á þeim munum, heldur lögmál einkaframtaksins í allri sinni dýrð, lögmálið um peningana eða húsnæðið. Sá, sem ekki getur boðið nógu hátt leigugjald, skal ekkert húsnæði fá, sama hvað fjölskyldan er stór. Þess í stað skal hinn fá íbúðina leigða, sem bezt býður, sama hvort hans fjölskylda er lítil eða stór.

Öll þessi mál hafa verið óvenju mikið í sviðsljósinu í haust, einkum hér á Reykjavíkursvæðinu. Stafar það af því, að er hausta tók, komu í ljós mikil dulin húsnæðisvandræði, er menn höfðu ekki vitað af. Síðan hefur margt komið fram, er sýnir, hvílíkt ófremdarástand ríkir í þessum efnum. Hefur það einkum verið í Reykjavík og næsta nágrenni, en raunar er einnig vitað um mikil húsnæðisvandræði í mörgum kaupstöðum og öðrum sveitarfélögum annars staðar í landinu.

Engin almenn eða opinber skýrslugerð er til um þetta ástand, svo að mér sé kunnugt, þegar undan er talin skýrslugerð Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hafa enn á þessu ári, þ. e. frá síðustu áramótum fram til 1. des., borizt 409 umsóknir um leiguíbúðir. Mjög margar þeirra hafa fengið afgreiðslu með ýmsum hætti. Enginn vafi er þó á því, að húsnæðisvandræðin í Reykjavík og byggðarlögunum í nágrenninu hafa verið miklum mun meiri í haust en þessi tala segir til um, því að eflaust hafa ekki aðrir látið skrá sig eða leitað til Félagsmálastofnunarinnar en þeir, sem við mestu vandræðin hafa búið. Er því ljóst, að vandinn hefur verið gífurlegur og er enn að þó nokkru leyti fyrir hendi. Ég skal ekki fara út í að skýra orsakir hans, þótt ljóst sé, að meðal hans er mikil fjölgun ungs fólks á giftingaraldri, svo og óvenjugóð efni alls almennings. En ég vil ekki láta hjá líða að rekja nokkur dæmi þess, hvílíkum kostum menn hafa mátt sæta, því að einmitt þau sýna betur og sanna en flest rök, hve mikil þörf er á að hafa uppi nokkrar aðgerðir á þessu sviði, svo að verði og öðru sé í hóf stillt og forðað okurleigu.

Fyrsta dæmið og hið skaplegasta segir frá fimm manna fjölskyldu, sem leigir fjögurra herbergja íbúð í Fellsmúla í Reykjavík. Leigugjaldið er 9 þús. kr. á mánuði, og voru 50 þús. kr. greiddar fyrir fram. Ekki er mér kunnugt um, hvort einhver hluti leigugjaldsins er svikinn undan skatti eður ei.

Næsta dæmi segir frá fimm manna fjölskyldu, sem leigir þriggja herbergja íbúð í Breiðholti í Reykjavík. Hún greiðir 8500 kr. á mánuði í leigugjald, gerir það mánaðarlega og þurfti ekki að greiða neitt fyrir fram. Samið var um, að leigutaki gefi upp til skatts, að hann greiði aðeins 4 þús. kr. á mánuði í húsaleigu.

Þriðja dæmið og hið versta segir frá einstæðri móður með barn, sem leigir tveggja herbergja íbúð í miðborg Reykjavíkur. Fyrir hana greiðir hún 10 þús. kr. á mánuði, 70 þús. kr. mátti hún greiða fyrir fram, en jafnframt að undirgangast að gefa ekki upp til skatts einn eyri af þessu leigugjaldi, að því er heimildarmaður minn sagði mér.

Auðvitað eru til fjöldamörg dæmi þessu lík. Þetta er ekki skemmtilegt til frásagnar, en er samt nauðsynlegt að rekja, slíkt ófremdarástand sem þetta á fullt erindi inn í hina virðulegu sali Alþingis.

Í framhaldi af þessu vil ég ekki láta hjá líða að rekja með nokkrum orðum könnun, er fram fór fyrir u. þ. b. 3—4 vikum á vegum áreiðanlegs, opinbers aðila í Reykjavík á leigugjaldi því, er 86 láglaunafjölskyldur í Reykjavík greiða nú í ár fyrir leiguíbúðir. Könnunin leiddi það í ljós, er nú skal greina. Fyrir eitt herbergi og eldhús greiddu fjölskyldur að meðaltali 36 þús. kr. á ári auk rafmagns og hita. Fyrir tvö herbergi og eldhús voru greiddar að meðaltali 59 788 kr. á ári auk rafmagns og hita. Fyrir þriggja herbergja íbúð og eldhús voru greiddar að meðaltali 73 004 kr. á ári auk rafmagns og hita. Fyrir fjögur herbergi og eldhús voru greiddar að meðaltali 87 680 kr. á ári auk rafmagns og hita. Og fyrir fimm herbergja íbúð og eldhús voru greiddar að meðaltali 117 þús. kr. á ári auk rafmagns og hita. Verðið reyndist svo nokkru lægra, þegar í hlut áttu íbúðir, sem ekki voru á hæð, þ. e. í kjallara, í rishæð eða í öðrum slíkum stöðum. Í slíkum tilfellum var ársleigugjald fyrir tveggja herbergja íbúð 41 300 kr. að meðaltali, fyrir þriggja herbergja íbúð 55 333 kr. að meðaltali og fyrir fjögurra herbergja íbúðir reyndist ársleiga 54 þús. kr. Í síðasta tilfellinu náði könnunin aðeins til tveggja íbúða og niðurstaðan því ekki byggð á nógu víðum grundvelli.

Nú er skemmst frá því að segja, að áðurgreindar meðaltalstölur bera sem slíkar ekki keim af húsaleiguokri, þótt sumum kunni jafnvel að þykja þær fullháar. En þá er á það að líta, að hér er aðeins um meðaltalstölur að ræða. Sýnilega eru fjöldamargar íbúðir leigðar á mjög skaplegu og hóflegu verði, og er sannarlega gott til þess að vita. En sýnilega eru líka mjög margar íbúðir leigðar allt of dýru verði. Í umræddri könnun reyndist t. d. leigugjaldið fyrir þriggja herbergja íbúðirnar vera á bilinu 42 þús. kr. til 100 þús. kr. á ári, en meðaltalið fyrir

þá íbúðarstærð reyndist, eins og áður sagði, kr. 73 004 kr. Í könnun þessari kom einnig fram, að sáralítill munur er á leigugjaldi í Kópavogi og Reykjavík. Það kom líka fram, að leigugjald hefur sterka tilhneigingu til að fara hlutfallslega lækkandi, því lengur sem leigutakinn leigir íbúðina. Aðrar athuganir ásamt þessari benda til þess, að söluverð íbúða hafi á tímabilinu frá 1970 hækkað að meðaltali um 20%, en á sama tíma hafi leiguverð samkv. nýjum leigusamningum hækkað um 8—10%. Og talið er, að leigugjald sé nú almennt séð u. þ. b. 6% af samningsbundnu söluverði íbúða. Þessi könnun, er ég hef nú greint hv. Alþ. frá, er mjög svo ný af nálinni og gerð af traustum aðila eftir eins áreiðanlegum heimildum og fáanlegar voru. Í framhaldi af því vil ég nú leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. félmrh., ef hann hefur tök á að svara því svona snarhendis, hvort verðstöðvunarlögin hafi ekki átt að ná til íbúðaverðs og leigugjalds fyrir íbúðarhúsnæði og hvort því hafi þá verið framfylgt af þessari hæstv. ríkisstj. eða hinni fyrri.

Þeir, sem um húsnæðismál hafa fjallað á undangengnum áratugum, hljóta að viðurkenna, að þar hefur verið lögð yfirgnæfandi áherzla á sjálfseignarstefnuna í húsnæðismálunum, og það svo rækilega, að leiguíbúðirnar og íbúðarleigjendur hafa orðið nær alger hornreka, gleymd börn, tröllum gefin. Samt sem áður er hér um mjög fjölmennan hóp að ræða. Áður hefur komið fram, að telja má víst, að leiguíbúðirnar séu u. þ. b. 10—11 þús. talsins. Búi nú 3—4 í hverri þeirra, eiga hér hlut að máli u. þ. b. 30—40 þús. manns. Þetta er ekki lítill fjöldi. Samt nýtur hann engrar verndar og engra lögverndaðra réttinda gagnvart leigusölum, sem í flestum tilfellum eru eignamenn, sem leitast við að varðveita gildi fjármuna sinna með því að hafa þá fólgna í íbúðarhúsnæði. Þeim er veittur allur réttur gagnvart hinum, sem eftir leiguíbúðum leita. Þar gildir réttur hins sterka gagnvart hinum veika. En það er ekki aðeins, að eigendur leiguíbúða eigi þar verðtryggða fjármuni, heldur selja þeir afnotaréttinn einnig að jafnaði hæstbjóðanda, sem jafnframt verður að skuldbinda sig til að veita leigusalanum umtalsverð skattfríðindi, ef almannarómur segir satt. Er það eitt alvörumál út af fyrir sig, ef satt er, að almenn skattsvik þróist í skjóli 10—11 þús. leiguíbúða í landinu. En upp á þetta er þeim boðið, sem minnsta hafa burðina, lágtekjufólkinu, barnmörgu fjölskyldunum, sjúklingum, öldruðu fólki og ungu. Ég álít, að hér sé um svo mikið félagslegt vandamál að ræða, að með öllu sé óhjákvæmilegt, að hið opinbera komi til skjalanna til tryggingar því, að hinn réttindalausi skari 30—40 þús. Íslendinga, sem í leiguíbúðum búa, verði ekki að sæta hverjum þeim kjörum eða afarkostum, sem gróðaöflum þóknast að bjóða þeim, eigi þeir að geta notið þess frumskilyrðis fyrir heilbrigðu fjölskyldulífi, sem sómasamlegt íbúðarhúsnæði á skaplegu verði og með skaplegum kjörum er. Því er þáltill. flutt.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, víkja nokkrum orðum að öðrum atriðum þessara mála. Einkum langar mig að ræða nokkrum orðum það viðhorf eignamanna, að leigugjald fyrir íbúðarhúsnæði skuli og eigi að öllu eðlilegu að svara til vaxta af þeirri fjárhæð, sem fengist fyrir íbúðina á frjálsum markaði, eða a. m. k. duga til þess að borga vexti og afborgun af þeim lánum, er á henni hvíla. Þessa kröfu setur íbúðareigandinn gjarnan fram til viðbótar því, að hann nýtur í raun verðtryggingar á fjármunum sínum í viðkomandi íbúð, og krefst svo gjarnan í ofanálag skattfríðinda. Í mínum augum er þetta viðhorf beinlínis fáránlegt. Það getur e. t. v. gilt um skrifstofur og verzlunarhúsnæði, vöruskemmur og fleira þess háttar, en það getur ekki gilt um íbúðarhúsnæði. Það er svo sérstaks eðlis, að lögmál peningamarkaðarins geta engan veginn gilt um það í einu og öllu. Þvert á móti. Húsnæðismál eru fyrst og fremst félagsmál og verða því í öllum meginatriðum að meðhöndlast sem slík. Íbúðarhúsnæði á því að lúta félagslegum lögmálum, svo sem framast er unnt, að því er varðar kerfisbyggingu, fjármögnun og notkun. Íbúðarhúsnæði, sem lýtur peningalegum lögmálum í öllum meginatriðum, eins og of stór hluti alls leiguhúsnæðis sýnilega gerir, er íbúðarhúsnæði á villigötum, angi af því auðvaldsþjóðfélagi, sem tekur fjármagnið fram yfir manninn í stað þess að láta fjármagnið lúta þörfum og hamingju mannsins og fjölskyldunnar, eins og gert er, þar sem félagshyggjan ræður ríkjum í húsnæðismálunum. Það er líka meira en tími til kominn, að menn átti sig á því, að íbúðir eru ekki hlutir til að braska með, og auðvitað eiga menn ekki að þurfa að braska til þess að komast yfir svo sjálfsagðan hlut sem íbúðarhúsnæði fjölskyldunnar er. Fjármagn, sem á að skapa eigendum sínum gróða, á ekki erindi og á ekki að vera fyrir hendi í íbúðarhúsnæði. Fjölskylduíbúðir eru ekki hlutur fyrir menn til að græða peninga á, en þannig virðast fullmargir hafa hugsað fulllengi, og því hefur slíkt svo sannarlega viðgengizt of lengi í því þjóðfélagi gróðahyggjunnar, sem við búum í.

Herra forseti. Mér er ljóst, að hér er um að ræða mikið vandamál, sem erfitt er að leysa. Ég get ekki með neinu móti fallizt á þá skoðun, að vandann eigi að sniðganga, láta sem menn sjái hann ekki og þá muni hann gleymast. Mér er ljóst, að á honum eru margar hliðar og engan veginn verður hann leystur á einni nóttu. Auðvitað hefur margur miklu meiri vandi verið leystur, og meira að segja þessi verður ekki stór hjá mörgum þeim, sem hv. Alþ. mun fást við á þessu kjörtímabili. Aðalatriðið er að kanna hann til fulls og ráðast síðan til atlögu við hann eftir ýmsum leiðum. Einmitt það er efni minnar till., sem ég leyfi mér að vona, að hv. þm. taki vel.

Að umr. loknum geri ég till. um, að henni verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu hef ég ekkert á móti því, að fram fari sú könnun, sem um ræðir í þáltill., tel það raunar æskilegt og vafalaust nauðsynlegt að vita, hvernig mál eru þar í reynd. Hinu er ekki að leyna, að þessi mál verður að skoða út frá réttargrundvelli húseigenda, sem hafa sinn rétt verndaðan samkv. stjórnarskránni, en jafnframt má í þessu tilfelli svo sannarlega fara fram gæzla á því, að ekki sé farið út yfir þann rétt. Og það er vissulega gildur þáttur félagsmála að gæta þess.

Út af fsp. hv. þm. um það, hvort verðstöðvun hafi átt að ná til leiguhúsnæðis og hvort fyrrv. eða núv. ríkisstj. hafi framfylgt því, að húsnæði lyti verðstöðvunarlögunum, þá þyrfti að fara fram könnun á því, til þess að hægt væri að svara því, og ég er ekki við því búinn að

svara því nú, en get gefið hv. þm. upplýsingar um það undir eins og sú könnun hefur farið fram.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50., 51., 52., 54., 55. og 56. fundi í Nd., 13., 15., 16., 20., 22. og 23. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 131. n. 426).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um þetta mál og hefur orðið á einu máli um að leggja til, að því verði vísað til ríkisstj. Þegar n. hóf að kynna sér málið, varð henni ljóst, að athugun fer þegar fram á efni till., og af hálfu hæstv. félmrh. eða hans rn. var n. kunngert, að sú athugun, sem fjallað er um í till., muni verða leidd til endanlegra lykta, og n. dró af því þá ályktun, að hæstv. ríkisstj. teldi hér vera um athyglisvert mál að ræða, sem hún vonar, að fái hina rækilegustu athugun, sem síðan verði birt hinu háa Alþingi, þegar henni er endanlega lokið, sem okkur var tjáð, að ætti að geta orðið á næsta Alþingi. Það er því samhljóða till. n., að málinu verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 426 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 24 shlj. atkv.

7. Handbók fyrir launþega.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um útgáfu handbókar fyrir launþega [68. mál] (A. 74).

Á 13. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarnfríður Leósdóttir): Herra forseti. Meginrök mín fyrir þeirri þáltill., sem hér er nú á dagskrá, koma að sjálfsögðu fram í grg. þeirri, sem till. fylgir. En auk þess, sem þar er getið, vil ég bæta nokkru við.

Nokkrum sinnum hafa verið fluttar till. á þingi Alþýðusambands Íslands um, að Alþýðusambandið gefi út handbók fyrir launþega með upplýsingum, er vörðuðu rétt þeirra. Munu vera a. m. k. 10 ár frá því að þessu máli var fyrst hreyft á þingi Alþýðusambandsins, en af fjárskorti hefur það ekki getað ráðizt í útgáfu slíkrar handbókar sem hér er um rætt. Nú nýlega hefur miðstjórn ASÍ falið Menningar- og fræðslusambandi alþýðu að freista þess að gefa út handbók fyrir launþega. Hefur Menningar- og fræðslusamband alþýðu sett á fót nefnd, sem er skipuð forsvarsmönnum verkalýðsfélaga, til þess að vinna að þessu verkefni. Menningar- og fræðslusamband alþýðu er jafnfélítið og Alþýðusambandið til þess að kosta útgáfu slíkrar handbókar, þó að eðlilegt og sjálfsagt sé, að sú stofnun móti gerð hennar og innihald. Vafalaust þarf einnig við gerð slíkrar handbókar sem hér er höfð í huga að fá til starfa lögfræðing til þess að vinna að samningu handbókarinnar, einkum til að raða saman lögum, hæstaréttar- og félagsdómum, sem skýra túlkun ákveðinna laga.

Ég tel það skyldu stjórnvalda að gefa út á aðgengilegan hátt lög og reglugerðir, sem almenning varða. Einstaka lög hafa verið sérprentuð, og launþegar hafa getað fengið þau þannig í hendur. Þessar sérprentanir hafa verið á einu eða tveimur blöðum og ekki einu sinni af sömu blaðstærð. Þess vegna er ekki gott að halda þeim saman, og þau glatast fljótlega, þannig að sérprentun einstakra laga og reglugerða er alls ófullnægjandi. Af þessum ástæðum m. a. er þessi þáltill. flutt um, að félmrn. gefi út handbók launþega með því efni, sem um er getið í till. Þá á ég við, að félmrn. kosti útgáfu bókarinnar, en eins og áður segir, að haft verði samráð við Menningar- og fræðslusamband alþýðu og starfsnefnd þeirrar stofnunar um efni og samningu handbókarinnar. Ég vil ekki dylja það, að þessi þáltill. er flutt til þess að auðvelda verkafólki að gæta réttar síns. En handbókin getur líka komið að gagni í samskiptum atvinnurekenda og verkafólks, a. m. k. komið í veg fyrir árekstra. er stafa af vanþekkingu á lögum og reglugerðum. Við flm. þessarar þáltill. væntum þess, að hv. alþm. séu okkur sammála um, að nauðsynlegt og þarft sé, að félmrn. kosti útgáfu þessarar handbókar og samþykki því þáltill. okkar.

Herra forseti. Ég tel, að þessi till. þurfi ekki langrar athugunar við, en tel samt eðlilegt, að henni verði vísað til heilbr.- og félmn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi mínum við þá þáltill., sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur nú mælt fyrir, og taka eindregið undir þau rök, sem flutt voru fyrir þáltill., því að hér er um mikið vandamál að ræða, sem nauðsynlegt er að reyna að bæta úr svo sem í mannlegu valdi stendur. Mér er kunnugt um það af langri reynslu minni í störfum fyrir verkalýðsfélög, að á slíkri handbók sem till. fjallar um er mikil og brýn nauðsyn, og það er ekki hvað sízt nauðsyn á, að í slíkri handbók mætti a. m. k. finna allar almennar meginuppistöður í gildandi kjarasamningum, þannig að ég hygg, að handbók af þessu tagi yrði að vera með nokkuð öðrum hætti en venjulegar handbækur, svo mjög breytileg sem bæði lög og reglugerðir settar af hálfu hins opinbera eru annars vegar og svo hins vegar hinum síbreytilegu kjarasamningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. En allt eru þetta atriði, sem nauðsynlegt er að íhuga við samningu slíkrar handbókar, sem ég vona, að ekki verði ágreiningur um hér á Alþ. að stofna til, svo nauðsynlegt sem málið er. Ég held, að það sé erfitt að gera því fólki skiljanlegt, sem á aðgang daglega að lagasöfnum og kjarasamn-

ingum, hve miklum erfiðleikum slík gagnasöfnun fyrir einstaka félagsmenn veldur starfsfólki verkalýðsfélaga og forustumönnum þeirra nánast á hverjum degi og oft á dag. Ef þessi bók mætti að einhverju leyti leysa þann vanda, þá hefði hún áreiðanlega sannað gildi sitt. Ég ítreka því samstöðu mína með þessari till. og vænti þess, að hv. Alþ. afgreiði hana á jákvæðan hátt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 44., 48., 50., 51. og 54. fundi í Sþ., 2., 14., 17. og 21. marz, 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 74, n. 372).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till., sem hér liggur fyrir til framhaldsumr., á þskj. 74, um útgáfu handbókar fyrir launþega, hefur verið til meðferðar hjá allshn. N. leitaði umsagnar nokkurra aðila um þetta mál. Í umsögn frá Alþýðusambandi Íslands kom það fram, að á vegum þess eða Menningar- og fræðslusambands alþýðu væri starfandi nefnd, sem ynni að útgáfu handbókar slíkrar sem till. fjallar um, og væri að því stefnt, að bókin gæti komið út á næsta hausti. Að athuguðum þessum upplýsingum virtist n., að allvel mundi vera fyrir þessu máli séð og að það væri í góðum höndum, þar sem er Alþýðusamband Íslands, og varð n. sammála um það að leggja til, að málinu yrði vísað til ríkisstj., og kemur þá að sjálfsögðu til mála, eins og stundum á sér stað, þegar gefin eru út rit í almannaþágu, að einhver stuðningur yrði veittur til þessarar útgáfu Alþýðusambandsins eða Menningar- og fræðslusambands alþýðu. N. leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 372 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 37 shlj. atkv.

8. Íslenzkt sendiráð í Kanada.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um stofnun íslenzks sendiráðs í Kanada [53. mál] (A. 55).

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 13., 14., 15., 16. og 17. fundi í Sþ., 9., 11., 16., 18., 23. og 25. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Efni þeirrar till. til þál., sem hér er til umr., er, að Alþ. skori á ríkisstj. að staðsetja nú þegar íslenzkt sendiráð í Kanada.

Um það hefur verið rætt á opinberum vettvangi, að tímabært sé orðið að taka til endurskoðunar staðsetningu íslenzkra sendiráða á erlendri grund. Í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir, að utanríkisþjónustan verði endurskipulögð og staðsetning sendiráða endurskoðuð. Í fljótu bragði kann hv. alþm. að finnast, að eðlilegt sé, að sú hugmynd, sem í till. felst, komi til athugunar við þá endurskoðun. En það er nú svo með þá loforðalista, sem ríkisstjórnir gefa út, þegar þær koma til valda, að þeir bera fyrst og fremst vitni um góðan ásetning. Reynslan af efndum á slíkum loforðum hjá þeim ríkisstj., sem ósparastar hafa verið á þess háttar yfirlýsingar á liðnum áratugum hér á landi, er nefnilega sú að mínum dómi, að öruggast sé að taka slíka óskalista með hæfilegri varúð og vera við því búinn, að bið geti orðið á ýmsu því, sem þar stendur skrifað, svo að ekki sé meira sagt. Mér sýnist örlætið í fyrirheitum um hvers konar aðgerðir og framkvæmdir í stefnuyfirlýsingu núv. hæstv. ríkisstj. vera á þann veg, að tryggilegast sé að gera ráð fyrir, að dráttur geti orðið á ýmsu, sem þar er fyrirhugað að gera, án þess að ég vilji vera með nokkrar hrakspár í því efni. Svo mikið er víst, að það hefur ekki tekið hæstv. utanrrh. langan tíma að afgreiða þá hugmynd, sem felst í þessari þáltill. um sendiráð Íslands í Kanada og hér kemur til umr., án þess að hafa heyrt gerða grein fyrir málinu í framsögu hér á hinu háa Alþingi, en neikvæð afstaða hans til þess kom fram í umr. hér á þessum vettvangi fyrir skömmu. Afgreiðsla þess í huga hæstv. utanrrh. hefur ekki þurft mikillar umhugsunar eða athugunar við. Sýnir þetta é. t. v. betur en margt annað, hversu mikil alvara og áhugi eða hitt þó heldur hefur legið að baki fjálglegu tali og skrifum framsóknarmanna í stjórnarandstöðu um nauðsyn þess að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna með það fyrir augum að gera hana virkari og öflugri í þágu útflutningsatvinnuveganna. Því að það eru einkum vissir sameiginlegir hagsmunir Íslands og Kanada, sem tengdir eru fiskveiðum og sölu sjávarafurða, sem valda því, að mikilvægt er að staðsetja nú þegar sendiráð Íslands í Kanada, að áliti flm. þessarar till., svo sem nánari grein verður gerð fyrir hér á eftir. Það mál getur ekki beðið þeirrar endurskoðunar, sem ríkisstj. segist ætla að láta gera og óhjákvæmilega tekur sinn tíma, ef hún verður þá framkvæmd.

Af og til hefur verið vakin athygli á utanríkisþjónustunni á opinberum vettvangi í sambandi við ýmiss konar bollaleggingar um sparnað í ríkisrekstri. Munu slíkar umr. hafa átt sér stað hér á hinu háa Alþingi. Jafnframt slíkum sparnaðarhugmyndum hafa komið

fram kröfur á hendur utanríkisþjónustunni um stóraukið starf og vinnu að viðskiptamálum í íslenzkum sendiráðum. Ég vil taka fram í þessu sambandi, að mér hefur virzt á umr. og blaðaskrifum um þessi mál, að fjölmargir geri sér alls ekki grein fyrir því, hversu ákaflega umfangsmikil störf utanríkisþjónustunnar eru. En þetta stafar nú sjálfsagt fyrst og fremst af ókunnugleika. En með hliðsjón af þeim sparnaðaranda, sem ríkt hefur í hugum manna gagnvart utanríkisþjónustunni, og því viðhorfi hjá sumum, að nær væri að fækka sendiráðum en fjölga þeim, er tekið fram í grg. með till., að ekki beri að skoða hana sem áskorun til ríkisstj. um fjölgun sendiráða. Þeir, sem eru andvígir fjölgun íslenzkra sendiráða af sparnaðarástæðum, geta því ekki verið andstæðir þessari till. á þeim grundvelli. Auk þess eru þau rök, sem liggja að baki þessu máli, á þann veg, að forsvaranlegt er að færa til staðsetningu eins af sendiráðum okkar, þannig að það hafi aðsetur í Kanada.

Áður en ég kem að því að gera grein fyrir þeim röksemdum, sem liggja til grundvallar mikilvægi þess að staðsetja íslenzkt sendiráð í Kanada nú þegar, skal með örfáum orðum drepið á, hvernig staðsetningu íslenzkra sendiráða er nú háttað. Þau eru nú 11 talsins og eru í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, Washington, London, Bonn, París, Moskvu, Brüssel, New York og Genf, en í tveimur hinum síðastnefndu borgum er um að ræða fastar sendinefndir Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Samtals mun Ísland nú hafa stjórnmálasamband við 42 ríki og margar alþjóðastofnanir. Sendiherrarnir annast því stjórnmálasamband við fleiri ríki en það land, sem þeir eru búsettir í. Þannig er sendiherra Íslands í Bandaríkjunum með búsetu í Washington jafnframt sendiherra Íslands í Kanada og sendiherra Kanada á Íslandi staðsettur í Noregi, en þar er hann jafnframt sendiherra lands síns. Ísland hefur verið í stjórnmálasambandi við Kanada frá því árið 1947, og hefur það ávallt heyrt undir sendiráðið í Washington, þar sem ekki hefur verið talið unnt að hafa sérstakt sendiráð í Kanada.

Í Kanada er talið að séu a. m. k. 40 þús. einstaklingar af íslenzku bergi brotnir. Eru þetta að mestu leyti afkomendur um 7 þús. manna, er fluttust af Íslandi árið 1874 og næstu árin á eftir, en þá var fólksfjöldi hér á landi talinn um 80 þús. Tildrög þessara miklu mannflutninga munu hafa verið þau, að landstjóri Kanada á árunum 1872—1878 að nafni Dufferin lávarður lagði til við Kanadastjórn, að hún sendi fulltrúa sína til Íslands í því skyni að hvetja menn til vesturferða, en lávarðurinn hafði alllöngu áður en þetta gerðist gist Ísland og eignazt þar fjölda vina og orðið kunnugur sögu landsins og bókmenntum. Fögur fyrirheit sendimanna Kanadastjórnar um frjálsræði og ónotuð tækifæri í Kanada fengu góðan hljómgrunn hjá mörgum hér á landi á þeim árum, sem ekki var óeðlilegt, eins og högum þjóðarinnar hafði þá verið háttað allt frá því um miðbik 19. aldar a. m. k. og fram til þess tíma, sem hér um ræðir. Miklir erfiðleikar höfðu steðjað að íslenzkri þjóð á þessu tímabili, einkum þeim, sem byggðu norðanvert landið. Hafís hafði verið landfastur jafnvel um hásumarið og hamlað fiskveiðum. Óvenjulega kaldviðrasöm tíð og oft ákaflega rýr grasspretta olli því, að fénaður féll unnvörpum, bæði af völdum fóðurskorts og sjúkleika, eldgos höfðu einnig þjarmað að þjóðinni og öskufall lagt byggðir í auðn. Þá var verzlunin í landinu að miklu leyti í höndum danskra með þeim óheillaafleiðingum, sem því voru samfara. Það var því ekki að undra, þótt margir yrðu til þess að ljá eyra gylliboðum fulltrúa Kanadastjórnar og flytjast vestur um haf.

En hvers konar fólk skyldi það hafa verið, sem yfirgaf ættjörð sína til búsetu í Kanada á þessum árum, kynnu einhverjir að spyrja. Nokkrar vísbendingar er hægt að fá um það m. a. af eftirfarandi orðum Dufferins lávarðar í ræðu, sem hann hélt í Gimli, höfuðborg nýlendunnar Nýja Ísland við Winnipegvatn, 14. sept. 1877. Honum fórust þá svo orð m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn þjóðflokkur verðskuldar fremur búsetu vor á meðal en þér, því að það er e. t. v. harðfengi íslenzkra sjógarpa að þakka, að þetta meginland var uppgötvað.“ Og enn fremur sagði Dufferin lávarður: „Ég hef hvergi þar komið hér í nýlendunni, ekki í eitt einasta hús eða einn einasta kofa, að ekki blasti við augum 20 eða 30 binda bókasafn, enda þótt veggskrauti væri ekki til að dreifa og húsbúnaður í fátæklegra lagi. Mér hefur og verið tjáð, að naumast sé það barn til yðar á meðal, að ekki sé bæði læst og skrifandi.“ Á öðrum stað í þessari ræðu hafði landstjórinn einnig sagt: „Ég treysti því, að þér munið ætíð meta og virða hinar ágætu bókmenntir yðar og að mann fram af manni muni þeir hinir yngri í yðar hópi halda áfram að sækja þangað djörfung og dug og styrkja þannig þann eiginleika sinn, sem ég vildi nefna þrákelknislega þrautseigju, en sá eiginleiki hefur einmitt verið höfuðeinkenni hins ættgöfuga íslenzka kynstofns.“

Af því, sem hér hefur verið haft eftir landstjóra Kanada um Íslendinga og íslenzka landnema í Kanada, má segja, að ekki þurfi að koma á óvart, þótt þessir landnemar og afkomendur þeirra hafi látið sig miklu skipta viðhald íslenzkrar tungu, sögu landsins og bókmenntir, svo og efling gagnkvæms skilnings og samvinnu milli Íslendinga austan hafs og vestan. Ég mun ekki rekja hér margháttað starf, sem kanadískir Vestur-Íslendingar hafa unnið í þágu Íslands í heimalandi sínu á liðnum árum. Í því efni er af miklu að taka. Mætti í því sambandi benda á starfsemi Þjóðræknisfélagsins, sem stofnað var árið 1919, Íslenzka-kanadíska félagið, útgáfustarfsemi þess, en það var stofnað á fjórða tug þessarar aldar, blaðaútgáfu Vestur-Íslendinga á liðnum árum og menningarfélagið „Canada-Iceland Foundation“, svo að nokkuð sé nefnt. Ég skal heldur ekki ræða hér, hvað gert hefur verið af hálfu Íslendinga hérna megin hafsins til að viðhalda og efla tengslin við þjóðbræður og systur í Kanada, né leggja dóm á, hvernig að því hefur verið staðið, en vil hvetja til þess, að enn meira verði gert af okkar hálfu, Íslendinga austan hafs, til þess að treysta þau bönd menningar, vináttu, skilnings og bræðraþels, sem tengja okkur Kanadamönnum af íslenzkum ættum. Staðsetning íslenzks sendiráðs í Kanada væri ákaflega mikilvægur þáttur í slíkri viðleitni af Íslands hálfu og mundi vafalaust mikils metinn af Vestur-Íslendingum. Og þó ekki væru önnur veigamikil rök fyrir staðsetningu sendiráðs á vegum Íslands í Kanada en gildi þess að efla samskiptin við Vestur-Íslendinga í Kanada, þá væri það út

af fyrir sig fullnægjandi til þess, að mjög réttlætanlegt og eðlilegt væri að setja niður slíka starfsemi þar í landi sem hér um ræðir, og ekki ætti að telja eftir þá fjármuni, sem í það færu. En það eru einnig fleiri gild rök, sem liggja að baki þeirri till., sem hér er til umr., og mun ég nú víkja að þeim örfáum orðum.

Ég hygg, að á liðnum árum hafi Kanadastjórn reynzt að ýmsu leyti einn öflugasti talsmaður þeirra sjónarmiða, sem Íslendingar hafa barizt fyrir í sambandi við ráðstafanir gegn ofveiði og rányrkju á fiskimiðum og útfærslu fiskveiðilandhelgi. Má segja, að Kanadamenn og Íslendingar hafi að ýmsu leyti staðið saman í þeim málum á erlendum vettvangi. Það er mikilvægt fyrir Íslendinga að styrkja þá samstöðu, sem í þessum efnum hefur verið á milli Íslendinga og Kanadamanna, og ekki hvað sízt er þetta knýjandi um þessar mundir og á næstu mánuðum, þegar Ísland stendur á örlagaríkum tímamótum í baráttu sinni fyrir verndun fiskistofna og útfærslu fiskveiðilandhelgi. Öflug liðveizla Kanadamanna við málstað Íslendinga á komandi mánuðum gæti haft talsvert að segja um það, hvernig um þessi mál fer. Af þessum ástæðum fyrst og fremst legg ég áherzlu á, að ekki dragist, að íslenzkt sendiráð verði staðsett í Kanada. Eitt meginhlutverk þess á næstu mánuðum yrði væntanlega, ef til kæmi, að skýra sjónarmið Íslendinga í landhelgismálum og afla stuðnings við málstað okkar á því sviði svo sem frekast væri kostur. Á það hefur verið lögð áherzla í umr. um þau mál hér á hinu háa Alþingi, að okkur beri að vinna með þeim þjóðum, sem stefndu að stækkun landhelgi eða hefðu fært landhelgi sína út og miðað að þeirri þróun í þjóðarétti, sem styddi málstað okkar. En þjóðarétturinn er fyrst og fremst skapaður af hinum eldri og voldugri þjóðum. Eitt þeirra ríkja, sem gæti orðið okkur einn öflugasti bandamaðurinn að þessu leyti, er einmitt Kanada.

En á fleiri sviðum hafa Íslendingar og Kanadamenn haft gott samstarf, sem báðum hefur orðið til ávinnings. Í því sambandi skal bent á samskipti, sem Kanadamenn höfðu frumkvæði að og snerti markaði fyrir helztu útflutningsvöru okkar, freðfiskinn. Að þeim eiga einnig aðild Norðmenn og Danir, en þau byggja á upplýsingaskiptum og öðru, sem að gagni má koma til að stuðla að traustum og öruggum freðfiskmarkaði. Aðdragandi þessara samskipta var sá, að Kanadastjórn gerði ráðstafanir til að rétta við hag freðfiskiðnaðarins þar í landi, sem var illa á vegi staddur eftir verðfall á Bandaríkjamarkaði á árunum 1967 og 1968. Til þess að reyna að fyrirbyggja slík skakkaföll í framtíðinni, ákvað Kanadaþing að leggja fram talsvert fjármagn úr ríkissjóði, sem nota skyldi, ef á þyrfti að halda, til uppkaupa af birgðum af kanadiskum freðfiski, þegar útlit væri fyrir tímabundið offramboð á mörkuðunum, sem kynni að geta valdið verðfalli. Slíkar birgðir yrðu svo settar á sölumarkað síðar, þegar framboð væri minna. Hefur þetta fyrirkomulag Kanadamanna reynzt með miklum ágætum og alveg vafalaust stuðlað að styrkari og traustari freðfiskmarkaði. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé skoðun þeirra, sem til þekkja og hafa með höndum sölu á freðfiskafurðum á vegum Kanadamanna, Íslendinga, Norðmanna og Dana, að samskipti þessara aðila um sölumál freðfisks hafi orðið til mikils gagns, svo að ekki sé meira sagt, þó að ekki megi að sjálfsögðu gleyma því, að hér er um að ræða keppinauta á freðfiskmörkuðunum.

Til skamms tíma hafa Íslendingar verið mikils ráðandi á Norður-Evrópumörkuðunum fyrir saltsíld, grásleppuhrogn og þorskhrogn. Það er staðreynd, sem ekki er unnt að líta fram hjá og útflytjendur hafa gefið gaum, að Kanadamenn reyna nú að koma sér fyrir á þessum mörkuðum. Söltuð grásleppuhrogn eru nú seld í samkeppni við íslenzk í Þýzkalandi og Danmörku, en svo var ekki til skamms tíma. Þá hófu Svíar kaup á saltsíld frá Kanada árið 1969 og hafa verið að athuga um kaup á sykursöltuðum þorskhrognum undanfarið þaðan. Þá skal einnig vakin athygli á því, að Kanadamenn eru í vaxandi mæli að reyna að hasla sér völl á rækjumörkuðum Evrópu í samkeppni við íslenzka rækju. Hugsanlegt er, að í náinni framtíð geti Íslendingar átt að mæta samkeppni Kanadamanna einnig á saltfiskmörkuðum, en svo hefur ekki verið til þessa.

Í framhaldi af því, sem ég hef hér sagt um samkeppni við Kanadamenn á fiskmörkuðum og samskipti við þá á því sviði, vil ég undirstrika, að það er afar mikilvægt og gagnlegt að hafa sem allra bezt og vinsamlegust samskipti við þær þjóðir, sem átt er í samkeppni við á sviði verzlunarviðskipta. Íslenzkt sendiráð í Kanada gæti unnið ómetanlegt starf í þessum efnum, ef rétt er á málum haldið. Það ætti þar að fylgjast náið með öllu, er snerti fiskveiðar, vinnslu sjávarafurða, með söluverði, kjörum og samningum, sölumálum og öðrum atriðum, sem að gagni mættu koma til samanburðar á Íslandi og til upplýsinga fyrir íslenzka sölumenn hérlendis og erlendis. Þá gæti skipulagt og öflugt starf sendiráðs í Kanada orðið að góðu liði til frekari markaðsöflunar fyrir íslenzkar iðnaðarvörur í Kanada, en þar hefur opnazt slíkur markaður fyrir skömmu.

Að lokum vildi ég benda á, að sendiráð Íslands í Bandaríkjunum sinnir nú stjórnmálasambandi við þau ríki, sem Ísland hefur haft slíkt samband við í Suður-Ameríku, með einni undantekningu, en þessi lönd munu nú vera átta talsins. Það verður alveg vafalaust í auknum mæli að leggja áherzlu á að efla góð samskipti við þjóðir Suður-Ameríku með viðskipta- og fiskveiðihagsmuni fyrir augum á komandi tímum. Ef íslenzkt sendiráð yrði staðsett í Kanada, lægi beint við, að það sinnti stjórnmálasambandi við Suður-Ameríkuríki ásamt sendiráðinu í Washington, enda væri það í alla staði eðlilegur hlutur, m. a. með hliðsjón af því, að sendiráð í Kanada mundi væntanlega, ef til kæmi, hafa að meginverkefni fyrsta kastið a. m. k. að sinna fiskimálum og verkefnum þeim skyldum, en þar er landhelgismálið að sjálfsögðu efst á blaði, eins og sakir standa. Það eru einmitt þau málefnin, sem mest kalla að í samskiptum við Suður-Ameríkuríkin á næstu árum, ef að líkum lætur.

Herra forseti. Ég hef farið nokkrum orðum um þær röksemdir, sem liggja til grundvallar þeirri till., sem hér er til umr., en þær byggjast einkum á þremur meginatriðum, sem eru:

1. Mikilvægi þess að efla tengslin við kanadíska Vestur-Íslendinga.

2. Aðkallandi þörf fyrir aukin samskipti við Kanadamenn á sviði landhelgis- og viðskiptamála.

3. Nauðsyn þess að efla góð samskipti við þjóðir Suður-Ameríku með viðskipta- og fiskveiðihagsmuni

fyrir augum. Slík verkefni væri heppilegt að sendiráð Íslands, staðsett í Kanada, hefði með höndum ásamt sendiráði okkar í Washington.

Ég leyfi mér að svo mæltu að leggja til, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Mér heyrðist vera svolítill urgur í hv. 1. flm. þessarar till. yfir því, að ég skyldi leyfa mér að gera hana að umtalsefni hér á þriðjudaginn var, að gefnu tilefni. En hér var á þriðjudaginn, eins og hv. þm. er kunnugt, flutt skýrsla um utanríkismál og þar á meðal um staðsetningu sendiráða, sem til stendur að endurskipuleggja, og í tilefni af þeim kafla ræðunnar mun hv. 8. landsk. þm., að mig minnir, hafa rætt um það, að til greina kæmu ýmsar breytingar, sem hann gat um, t. d. stofnun sendiráðs í fjarlægari Austurlöndum eða stofnun sendiráðs í Kanada. Þetta var ástæðan til þess, að ég gerði þetta mál að umtalsefni með örfáum orðum.

Ég vil ekki kannast við, að það sé neitt óeðlilegt, að utanrrh. hverju sinni hafi skoðun á þeim till., sem fram koma um breytingar á utanríkisþjónustunni, og ég vil nú segja það, að sú framsöguræða, sem hv. 5. landsk. þm. flutti, kom ekki með nein ný rök fyrir því að stofna sendiráð í Kanada. Þau rök, sem hann flutti, sem vissulega eru til athugunar, eru öll í grg. með frv., og ég leyfði mér að minnast á þau nokkrum orðum um daginn og sagði sem svo, að það væri vissulega allt rétt, sem í grg. segir um gott samband við Kanada og mikinn fjölda íslenzkættaðra manna í því landi, og þess vegna væri Kanadaþjóðin alls góðs makleg frá okkar hálfu. En ég leyfði mér að bæta því við, og við það mun ég standa fyrir mitt leyti, að ég tel, að fyrir hagsmunum okkar í Kanada sé vel séð, bæði vegna þess að við höfum nú þegar tvö sendiráð í Norður-Ameríku, hjá Sameinuðu þjóðunum í New York og í Washington, og svo líka vegna hins, að við höfum mjög mikið af duglegum konsúlum í Kanada, sem flestir eru af íslenzkum ættum og eins og ég leyfði mér að segja hér á þriðjudaginn var, spara hvorki fé né fyrirhöfn til þess að halda uppi merki Íslands. Auk þess er Kanadaþjóðin okkur mjög vilhöll í alla staði.

Það er vissulega vel hugsað, og ég er ekki að bera á móti því, að það geti verið heppilegt að sýna vinveittum þjóðum, sem standa með okkar málstað, þann sóma að opna þar sendiráð, og ef sú verður niðurstaða hv. alþm., að verja beri meira fjármagni til utanríkisþjónustu en verið hefur um skeið, þá er það sjónarmið, sem vissulega kemur til athugunar. En meðan svo er farið, að fjárveitingar til utanríkismála eru skornar svo við nögl sem raun ber vitni, þá finnst mér, að það sé ríkari ástæða til þess að stofna sendiráð annars staðar en í Kanada. Ég hef ekkert á móti því, að einstakir þm. reyni að hafa áhrif á það, hvernig utanríkisþjónustunni er breytt, það tel ég sjálfsagt. Þess vegna hef ég síður en svo neitt á móti þessari till., að hún komi fram og þeirri hugsun, sem hún býr yfir, sé lýst hér og hún verði athuguð í utanrmn. Það finnst mér sjálfsagt. En það er náttúrlega ekki nægilegt að mínum dómi til þess að gera grein fyrir því, að svona till. auki ekki útgjöld til utanríkisþjónustu, að segja bara það, að hún eigi ekki að auka útgjöld til utanríkisþjónustu og það eigi bara að leggja niður eitthvert sendiráð í staðinn. Ég vil mjög mælast til þess, að flm. geri það upp við sig og geri þm. grein fyrir því þá, hvaða sendiráð það er, sem á að leggja niður í staðinn fyrir það, sem opnað verður í Kanada, því að það skiptir vissulega verulegu máli. Ég hef að vísu bent á það hér við umr. fyrr, að vegna hugsanlegra breytinga á Fríverzlunarsamtökum Evrópu geti komið til þess, að sendiráð okkar eða skrifstofa okkar í Genf verði óþörf og henni verði lokað. Það má vel vera, að það sé þessi skrifstofa eða það fjármagn, sem fer til þessarar skrifstofu, sem hv. flm. till. um sendiráð Íslands í Kanada ætla að greiða kostnaðinn af sendiráðinu með, en þá held ég, að væri mjög nauðsynlegt, að þeir í fyrsta lagi gerðu grein fyrir því, að það væri það fjármagn, og í öðru lagi tjáðu sig þá um það ákveðið, að það sé fyrst og fremst sendiráð í Kanada, sem Ísland þurfi á að halda til viðbótar sinni utanríkisþjónustu. Það er sjónarmið út af fyrir sig, eins og ég sagði hér áðan, og ég hef síður en svo á móti því, að utanrmn. og Alþ. geri það upp. Kannske er það skoðun Alþingis, en það er ekki mín skoðun, eins og sakir standa, að það, sem íslenzkum utanríkismálum liggi allra mest á í svipinn, sé sendiráð í Kanada, og ég verð að biðja þm. að virða mér það til vorkunnar og hv. 1. flm. þá líka, þó að ég láti þessa skoðun í ljós við 1. umr.

Flm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Það hefur komið ákaflega skýrt fram af því, sem hæstv. utanrrh. hefur hér sagt, hver afstaða hans er til þeirrar till., sem hér er til umr. Hann hefur sína skoðun á þessu máli, og það þjónar ekki neinum góðum tilgangi að fara að pexa við hann hér um þá skoðun hans. En ég er ekki talsmaður þess, eins og raunar kom fram í mínum orðum hér áðan, að það eigi að fara að skera niður utanríkisþjónustu okkar. Ég tel, að það beri miklu fremur að efla hana til stærri átaka á því sviði, þar sem hún á að starfa og helzt að beita sér. Það reyndi ég að taka skýrt fram hér í orðum mínum áðan. Og þegar það kemur fram í grg. með þessari till., að hún sé ekki hugsuð til aukningar á útgjöldum á þessu sviði, þá er það fyrst og fremst vegna þess, að ég hygg, því miður, að hv. þm. geri sér almennt ekki grein fyrir mikilvægi þess starfs, sem utanríkisþjónustan vinnur. Mér hefur fundizt það koma fram hér á undanförnum árum í umr. á Alþ. Þess vegna töldum við kannske vænlegra til árangurs til þess að fá málið fram, eða það sem fyrir vakir með till., að gera ekki ráð fyrir fjölgun sendiráða, heldur hinu að eitthvert þeirra, sem þegar er fyrir hendi, verði fært til.

Ég veit ekki, hvort það er eðlilegt, að ég fari að úttala mig á þessum vettvangi um það sendiráð eða þau, sem ég hef í huga og mætti kannske fella niður eða flytja til Kanada, en hæstv. ráðh. minntist á eitt sendiráð í því sambandi, og það gæti virkilega komið til álita, að einmitt það flytti til Kanada. Ég sé annars ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um það, sem fram hefur komið hér hjá hæstv. ráðh.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 55, n. 468).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 468 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 42 shlj. atkv.

9. Sjómælingar.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sjómælingar [107. mál] (A. 128).

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 128 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um sjómælingar ásamt þrem öðrum hv. þm. Sjálfstfl.

Till. hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að sjómælingum við Ísland verði hraðað svo sem unnt er. Jafnframt verði stefnt að því að afla sem gleggstrar alhliða vitneskju um landgrunnið allt, svo sem víðáttu þess, dýpistakmörk, botnlag og hvers konar notagildi.

Kostnaður sá, er af ályktun þessari leiðir, greiðist úr ríkissjóði."

Till. þessari fylgir allítarleg grg., svo að ekki er þörf á langri framsögu. Ég vil aðeins geta þess, að aðalmarkmið sjómælinga er gagnasöfnun á hafinu umhverfis landið. Allt þetta starf miðar að því m. a. að auka öryggi sjómanna bæði á fiskiskipum og farskipum, við sjóróðra og siglingar við strendur landsins og á hafi úti. Það er, eins og bent er á í grg., skylda hverrar sjálfstæðrar þjóðar að þekkja land sitt sem bezt, en hún verður einnig að leggja áherzlu á að kanna umhverfi þess og þekkja það. Þess vegna eru sjómælingar og þær rannsóknir, sem á þeim byggjast, unnar í þágu alþjóðar, ekki síður en t. d. landmælingar.

Þegar á það er litið, að aðeins lítill hluti af hafsvæðinu kringum Ísland hefur verið nákvæmlega mældur, má gera sér í hugarlund, hve stórt verkefni er hér fyrir höndum. Ég ætla ekki að rekja sögu íslenzkra sjómælinga hér í þessum orðum. Að þeim er fyrst unnið af dönsku sjómælingastofnuninni, en síðan koma til skjalanna Íslendingar, og ber þar hæst nöfn þeirra Friðriks V. Ólafssonar skipherra og síðar skólastjóra og Péturs Sigurðssonar forstjóra Landhelgisgæzlunnar. En eins og menn vita, eru Sjómælingar Íslands nú sjálfstæð stofnun, sem lýtur dómsmrn., og er forstöðumaður þeirra Gunnar Bergsteinsson. Geta má þess, að Ísland er aðili að Alþjóðasjómælingastofnuninni, en um þetta efni eru ekki til nein lög eða reglugerðir hér á landi. Einu lagaákvæðin, sem að þeim lúta, eru ákvæði fjárlaga frá ári til árs, þar sem fé hefur tíðast verið veitt í mjög litlum mæli.

Aðalmarkmið sjómælinga er að sjálfsögðu að kanna dýpi sjávarins, en á því byggist svo fjöldamargt annað, eða eins og núverandi forstöðumaður hefur sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt af brýnustu verkefnunum í náinni framtíð er gagnger nýmæling á öllu landgrunninu, ekki aðeins með tilliti til siglinga og fiskveiða, heldur einnig athugun á botni landgrunnsins til þess að kanna möguleika á hagnýtingu þess, sem þar kann að finnast."

Ég hygg, að það sé almennt viðurkennt, að sjómælingar séu nauðsynlegar, og hirði því ekki að telja upp öll þau rök, sem þar að lúta. Þó get ég aðeins nefnt í viðbót við það, sem segir í grg., að það er heldur óviðkunnanlegt, þegar útlendingar fara fram á að mæla sjódýpi og rannsaka hafið allt upp í landsteina, að þeir geti skírskotað til þess, að það verk sé svo illa unnið af landsmönnum sjálfum.

Verkefni Sjómælinga Íslands eru mörg og mikilvæg. Fiskimenn þurfa góð fiskikort og sjófarendur góð hafnarkort til þess að auka öryggi þeirra við siglingar inn á hafnir landsins. Það eru ýmis tæki, sem Sjómælingar Íslands vanhagar um. Ég vil minnast á jafnsjálfsagðan hlut og nýjan dýptarmæli, en erindi um það mun nú liggja fyrir fjvn.

Sjómælingar Íslands hafa notið góðs af samvinnu við starfsmenn vita- og hafnarmála og landhelgisgæzlu og hafa getað notað skip þessara aðila við mælingarnar. En á árunum 1946—1961 áttu Sjómælingar eigið skip. Það var um 30 smálestir að stærð og var notað í þágu mælinganna árlega. Nú er það löngu ónothæft og úr sögunni. Þess vegna vil ég leggja ríka áherzlu á það, að eitt af því brýnasta, sem Sjómælingar þurfa á að halda nú, er lítið skip til að geta stundað mælingar með ströndum fram með öryggi strandsiglinga og sjómanna í strandsiglingum í huga.

Það er svo rétt að minnast á það, að við erum búnir að samþykkja lög um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir öllu landgrunninu og útfærsla fiskveiðimarkanna liggur í loftinu. Bætast þá enn stórverkefni á herðar Sjómælinga, þ. e. staðsetning fiskiskipa í stækkaðri fiskveiðilandhelgi.

Af því, sem hér hefur verið drepið á og nánar er rakið í grg., má ljóst vera, að ríka nauðsyn ber til þess að hraða sjómælingum hér við strendur landsins svo og á gervöllu landgrunninu. Að sönnu er svo með þetta viðfangsefni, eins og svo mörg önnur, að það krefst fjár til framkvæmda. Þá staðreynd verður að horfast í augu við. Þess vegna er lagt til, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn. Ég leyfi mér að vænta þess, að hún hljóti þar gaumgæfilega athugun og góða afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 128, n. 538).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 128 er till. til þál. um sjómælingar. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að sjómælingum við Ísland verði hraðað svo sem unnt er. Jafnframt verði stefnt að því að afla sem gleggstrar alhliða vitneskju um landgrunnið allt, svo sem viðáttu þess, dýpistakmörk, botnlag og hvers konar notagildi. Kostnaður sá, er af ályktun þessari leiðir, greiðist úr ríkissjóði."

Till. þessari var vísað til fjvn., og hefur n., eins og fram kemur í nál. á þskj. 538, rætt málið á fundum sínum. Eins og fram kemur í grg. fyrir till., beinast sjómælingar fyrst og fremst að gagnasöfnun á hafinu umhverfis landið, sem á megi byggja við útgáfu sjókorta og annarra upplýsinga í þágu sjófarenda. Till. þessi til þál. um sjómælingar var send til umsagnar Sjómælingum Íslands, sem nú er sjálfstæð stofnun. Í svari forstöðumanns stofnunarinnar koma fram margvíslegar upplýsingar varðandi þetta mál. Svo sem kunnugt er, byggjast þau sjókort, sem fyrir hendi eru og ná yfir hafsvæði við strendur landsins allt út á 200 metra dýpi, á sjómælingum, sem danska sjómælingastofnunin gerði upp úr síðustu aldamótum, en hafa síðan verið aukin og endurbætt. Samt sem áður vantar enn mikið á, að sjómælingar og sjókortagerð yfir svæði við strendur Íslands séu komin í viðunandi horf. Þvert á móti má segja, að hér sé um ótæmandi verkefni að ræða.

Með stækkun landhelginnar og yfirlýsingum Íslendinga um óskoraðan rétt sinn yfir öllu landgrunninu og hvers konar auðæfum þess ber okkur vissulega skylda til að kanna þau verðmæti, sem hér getur verið um að ræða, en án nákvæmra sjómælinga verður ekki unnt að aðhafast neitt í þeim efnum. Það kemur fram í grg. sjómælingastofnunarinnar, að þau sjókort, sem nú eru fyrir hendi, byggjast að langmestu leyti á mælingum, sem gerðar voru af Dönum eftir síðustu aldamót og þá við mjög frumstæð skilyrði miðað við þá tækni, sem hægt væri að beita í dag. Fjárveitingar til sjómælinga hafa á undanförnum árum verið af allt of skornum skammti til þess, að þar væri hægt að gera nokkurt átak, sem um munaði. Í fjárlögum yfirstandandi árs er fjárveitingin 5 millj. 875 þús. kr., en auk þess hefur stofnunin um 1.5 millj. kr., sem eru áætlaðar tekjur vegna sölu á sjókortum eða öðru því skyldu. Það er álit forstöðumanns Sjómælinga, að sú könnun landgrunnsins, sem fram undan er, sé ekki aðeins nauðsynleg vegna sjókortagerðar, heldur einnig til þess að afla jarð- og jarðeðlisfræðilegrar vitneskju um sjávarbotninn. Þá væri eðlilegt, að verkið væri skipulagt með samvinnu fleiri aðila í huga. En til þess að bæta aðstöðu Sjómælinga frá því, sem nú er, telur forstöðumaðurinn m. a. nauðsynlegt:

1. Að fjölga starfsfólki við stofnunina til þess að flýta fyrir kortagerð og útgáfustarfsemi.

2. Hann telur bráðnauðsynlegt, að stofnunin fái til umráða lítið skip, 40—50 smálestir, sem væri sérstaklega byggt fyrir þessa starfsemi. Byggingarkostnaður slíks báts er talinn vera um 10—12 millj. kr., og gert er ráð fyrir, að á þessum sjómælingabát verði sex manna áhöfn og séu það sjómælingamennirnir, svo að útgerðarkostnaður yrði þá í lágmarki.

3. Þá telur forstöðumaðurinn nauðsynlegt að fá til afnota færanlegt radíóstaðsetningarkerfi, sem mundi auðvelda mælingar og flýta fyrir, þar eð framkvæmd mælinganna yrði þá ekki eins háð skyggni og veðri eins og nú á sér stað. Auk þess mundi mögulegt að nýta nýjustu tækni til mælinga, sem er notkun rafeindareiknis, en með því er um mjög mikinn tímasparnað að ræða. Heildarathuganir á landgrunninu eru varla taldar framkvæmanlegar án þess að hafa til notkunar slík staðsetningarkerfi. Verð þeirra tækja, sem hér um ræðir, er að sjálfsögðu nokkuð mismunandi eftir notagildi eða 4—10 millj. kr.

Við athugun fjvn. á þessu máli kom það einnig fram, að ríkisstj. væri nú með mál þetta í sérstakri athugun. M. a. var upplýst, að til boða stæði að fá fullkomin mælitæki frá Bandaríkjunum til þess að vinna að mælingum með, en þá vantar það, sem enn skiptir miklu máli, hentugt skip til að vinna með, en þess verður að vænta, fyrst þessi mælitæki standa til boða án nokkurs kostnaðar, að þá muni hæstv. ríkisstj. sjá sér fært að ráða bót á því, sem á vantar, þ. e. að útvega Sjómælingum skip til starfseminnar. Ég veit ekki betur en að t. d. skip eins og Albert gæti verið mjög hentugt í þessu skyni, og það er einmitt núna ekki við nein sérstök störf. Þess vegna væri hentugt og heppilegt að ráðstafa því skipi nú sumarlangt til þessarar starfsemi, sem er brýn nauðsyn á, að verði hraðað sem fyrst, eins og fram kemur reyndar í nál. fjvn., því að þar segir, eftir að skýrt hefur verið frá þeim umsögnum, sem n. bárust: „Fjvn. telur, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, sem hraða beri framkvæmdum á." En með hliðsjón af því, sem ég hef hér sérstaklega vikið að varðandi það, að hæstv. ríkisstj. hefur verið með þetta mál til sérstakrar athugunar og þá með tilliti til þess, hvað hér er um brýnt verkefni að ræða, þá er það till. fjvn., að þessu máli verði vísað til hæstv. ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.
Till. á þskj. 538 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 38 shlj. atkv.

---

10. Rekstraraðstaða félagsheimila.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rekstraraðstöðu félagsheimila [36. mál] (A. 37).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 10., 12. og 13. fundi í Sþ., 2., 4., 9. og 11. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Till. sú til þál., sem ég hef leyft mér að flytja um bætta rekstraraðstöðu félagsheimila, þarfnast ekki langrar skýringar umfram það, sem segir í grg. Það er staðreynd, að rekstrarafkoma margra félagsheimila er afar bágborin, þó að til komi oft verulegur stuðningur af hálfu viðkomandi sveitarfélaga. Félagsheimili þau, er ég þekki til, berjast mörg hver í bökkum, og m. a. vegna erfiðleika þeirra er þessi till. flutt. Þetta eru glæsilegar byggingar, stolt sinna byggðarlaga, og það er í senn metnaðarmál og sanngirnismál, að þau geti starfað við sem eðlilegastar aðstæður. Félagsheimilin byggja rekstur sinn öðru fremur á almennu skemmtanahaldi. Ber þar hæst dansleiki og kvikmyndasýningar, og skal síðar en svo út á það sett, þó að gjarnan mættu þær samkomur nú sumar hverjar vera með örlítið meiri menningarblæ. En það er önnur saga. Allt skemmtanahald er hins vegar orðið kostnaðarsamt, svo kostnaðarsamt, ef taka á góða skemmtikrafta héðan úr borginni, að með ólíkindum má telja. Þó virðist hér vera um að ræða nauðsyn, ef nokkur ábatavon á að vera. Unga fólkið, sem t. d. yfir sumartímann ber uppi aðsókn að þeim félagsheimilum, sem ég þekki til, vill einfaldlega ekki una öðru en því bezta, þ. e. því bezta að þeirra dómi. Þetta vita svo hljómsveitarmeðlimir og aðrir skemmtikraftar og spenna bogann óspart hærra, enda er eftirspurn og samkeppni mikil. Ágóðinn af slíkum samkomum er svo að vísu oftast nokkur, en þó hverfandi hluti af t. d. heildarsölu á fjölsóttum dansleik. Sá þáttur, sem lýtur að kvikmyndasýningum, er vissulega mikill í rekstri húsanna, en eftir tilkomu sjónvarpsins er orðin þar mikil breyting til hins verra. Fólk sækir ekki kvikmyndasýningar í nándar nærri jafnríkum mæli og áður, og þessi tekjulind hefur því skerzt stórlega, að vísu mjög misjafnlega eftir stöðum, að ég hygg. Við þessa þætti starfseminnar, skemmtanahaldið, einskorða félagsheimilin sig svo af þeirri einföldu ástæðu, að þar er þó helzt um ábata að ræða.

Eftir að farið er að reka félagsheimili sem sjálfstæðar stofnanir, eins og víðast er gert nú, a. m. k. á þéttbýlisstöðum, þá fer ekki hjá því, að til þeirra verði einnig að gera kröfur um beint frumkvæði á hinu menningarlega sviði, en þá verður líka að vera tryggt, að rekstrarafkoman leyfi slíka starfsemi, sem í flestum tilfellum hlýtur að vera kostnaðarsöm, en gefa lítinn arð. Félagsheimilin hafa líka oft í viðleitni sinni til fjáröflunar orðið að víkja til hliðar ýmiss konar annarri starfsemi, beinlínis neyðzt til þess. Þess eru t. d. dæmi, að leikstarfsemi, sem hiklaust telst til meiri háttar menningarviðburða í hverju byggðarlagi, hefur orðið út undan vegna kvikmyndasýninga og annarrar fjármunastarfsemi. Þetta er ekki sagt viðkomandi aðilum til hnjóðs, því að hér hefur sú eina ástæða legið til, að tekjuþörfin, eðlileg og sjálfsögð tekjuþörf, hefur þar knúið á. Það segir sig nefnilega sjálft, að því betri rekstraraðstaða og rekstrarafkoma sem reynist hjá félagsheimilunum, þeim mun betur geta þau sinnt sínum félagslegu verkefnum og hlúð beinlínis að hinum menningarlega þætti starfseminnar.

Nú er ég síður en svo að leggja til, að félagsheimili taki einvörðungu að sér menningarlegt framtak eða það sé þeirra hlutverk einna. Hér hljóta félagasamtök á viðkomandi stað að koma til, en þeim verður varla gert það kleift að neinu gagni, ef fjárhagsleg afkoma félagsheimilanna leyfir ekki nauðsynlega og réttláta fyrirgreiðslu í þessu efni. Ekki efa ég það, að ýmislegt þarfnist lagfæringar hvað rekstur hinna ýmsu félagsheimila snertir, en því mætti þá kippa í lag eða reyna að kippa í lag um leið og athugun sú fer fram, sem till. gerir ráð fyrir.

Það getur eflaust verið, að aðstaða hinna ýmsu félagsheimila og afkoma þeirra sé mjög misjöfn, og það kann meira að segja að vera, að sums staðar séu þau rekin sem hrein gróðafyrirtæki, þó að ég þekki ekki til slíks. Þetta breytir hins vegar engu um þá staðreynd, að til eru allt of mörg félagsheimili sem í þessum efnum búa við mjög þröng kjör, og þeim þarf og á að liðsinna, svo að þau megi halda uppi sem þróttmestum og fjölbreyttustum rekstri. Að því má ekki koma, að rekstur húsanna dragist saman að verulegu leyti, svo nauðsynlegur sem hann er hverju byggðarlagi, bæði hvað snertir almennt skemmtanahald og beina menningarlega starfsemi. Það væri líka ömurlegt, ef fjárhagsgeta húsanna yrði svo bágborin, að allt viðhald og endurbætur á þeim drægjust saman, ef þeim yrði kannske lítið sem ekkert sinnt. Það er ekki nóg að byggja glæsileg hús, þau þarf að reka sem allra bezt, og þau þurfa sitt eðlilega viðhald, til þess að þau drabbist ekki niður.

Hjá því verður ekki komizt að minna hér á eitt veigamikið atriði, sem mjög fléttast inn í rekstur húsanna. Þar á ég við hlut Félagsheimilasjóðs, sem rekja mætti í löngu máli og ítarlegu, þ. e. hversu vanmegnugur hann hefur reynzt til þess að standa við skuldbindingar sínar, félagsheimilum, félagasamtökum og sveitarfélögum til hinna stórfelldustu erfiðleika. Það skal ekki tíundað hér, enda hefur þetta víst oft komið til umr. hér á hinu háa Alþingi. Hins vegar skal ekki úr því dregið, að þar er að leita veigamikilla orsaka fyrir erfiðleikum húsanna með rekstur sinn, og það ber að hafa í huga, að úr því verði bætt hið fyrsta og öll skil og skuldbindingar sjóðsins tekin til rækilegrar athugunar, þó að ugglaust þurfi þar til mjög aukið fjármagn.

En varðandi þau félagsheimili, sem ég hef haft kynni af, vil ég aðeins segja þetta: Framkvæmdastjórar þeirra félagsheimila, sem ég þekki til, félagsheimila á Austurlandi, hafa rætt ýmsar leiðir til að bæta reksturinn, m. a. með aukinni samvinnu um allt skemmtanahald og með bættu skipulagi. Ég veit, að þeir hafa fullan vilja á að gera það, sem í þeirra valdi stendur, til að bæta ástandið, en því ber ekki að neita, að hjá þeim ríkir töluverð svartsýni varðandi allan rekstur, að ekki sé nú minnzt á lítt ábatasama menningarstarfsemi. Þessir aðilar hafa óskað eftir því, að tekið sé til gaumgæfi-

legrar athugunar, á hvern hátt hið opinbera gæti komið til móts við þá og hafa einna helzt haft í huga, að félagsheimili fengju söluskattinn endurgreiddan að mestu eða öllu leyti. Hvort þessi hugmynd er raunhæf eða á fullan rétt á sér, skal ósagt látið, en vissulega er hér um hugsanlega leið að ræða, sem allrar athygli er verð. Það eru býsna drjúgar upphæðir, sem félagsheimilin þurfa að greiða á þennan hátt, og eflaust væri endurgreiðsla eða niðurfelling söluskattsins í einhverju formi mikil hjálp, þó að jafnframt yrði sjálfsagt, að hún yrði einhverjum skilyrðum háð. En fyrst og fremst vil ég óska þess, að þessi mál verði öll grandskoðuð, og af þeim ástæðum er till. flutt.

Félagsheimilin eiga að vera menningarmiðstöð hvers staðar. Slíkt hef ég ætíð talið þeirra meginhlutverk, og ekki skal dregið úr þýðingu þeirra á undanförnum árum á hinu félagslega og menningarlega sviði. Ég vil hins vegar fullyrða, að víða mætti enn betur gera, og ég held, að það væri fyllilega tímabært, að ýmsar menningarstofnanir hér syðra, sem ríkið stendur undir að meira eða minna leyti, styddu félagsheimilin til þessa hlutverks. Eystra hefur a. m. k. lítt orðið vart við þessa starfsemi. Meira að segja Þjóðleikhúsið hefur dregið stórlega úr leikferðum sínum þangað, sú stofnun, sem ætti þó að hafa þarna eðlilega forgöngu.

Varðandi athugun þá, sem hér er lagt til að gera, væri það fyllilega íhugunarvert, hvort stjórn Félagsheimilasjóðs gæti ekki að einhverju leyti annazt hana, a. m. k. eru þeir málunum kunnugri en ýmsir aðrir. En framar öllu vona ég, að í þessum málum verði eitthvað aðhafzt, svo að séð verði til þess, að rekstrarafkoma húsanna verði að öllu eðlilegu tryggð, og ef till. þessi mætti þar einhverju fá áorkað, þá er það vissulega vel.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum leggja til, að málinu verði frestað að lokinni umr. og því vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 37, n. 591).

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa till. til athugunar, og það er skemmst frá að segja, að hún hefur orðið sammála um að mæla með henni á þá leið, að þessu mikla nauðsynjamáli, sem n. telur, að hér sé um að ræða, verði vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 591 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 35 shlj. atkv.

11. Stóriðja á Íslandi.

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um stóriðju á Íslandi [30. mál] (A. 30).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fylgja úr hlaði með nokkrum orðum till. þessari til þál. um stóriðju á Íslandi á þskj. 30, sem nú er til umr. Fyrst í stað vil ég víkja almennum orðum að eðli og tilgangi stóriðju í landinu.

Það er ekki nýtt af nálinni, að Íslendingar tengi framtíðarvonir við stóriðju í tengslum við stórvirkjanir í fallvötnum landsins. Hugtakið stóriðja er í sjálfu sér nokkuð óljóst. Við getum talað um stóriðju í iðjuverum okkar, sem hafa svo mikla framleiðslugetu að geta allt að því fullnægt okkar eigin innlenda markaði, eins og Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins gera. Fiskiðnaður okkar Íslendinga hefur verið og er í vaxandi mæli stóriðja miðað við hin miklu framleiðsluverðmæti, sem þaðan streyma í þjóðarbúið. Sú tegund stóriðju, sem þessi þáltill. tekur til, er öðru fremur bundin við orkufrekan iðnað í tengslum við stórvirkjanir í fallvötnum landsins eða aukna hagnýtingu jarðvarmaorku til vaxandi iðnþróunar, eins og fram kemur í 1. tölulið tillögunnar.

Hinn 5. maí 1961 skipaði þáv. iðnrh., Bjarni Benediktsson, stóriðjunefnd til athugunar á vegum ríkisstj. á því, hvort unnt væri og hagstætt að koma upp hér á landi álvinnslu eða öðrum orkufrekum iðnaði, er byggði á hinni miklu ónotuðu vatnsorku landsins. Athuganir fóru jafnframt fram á vegum raforkumálaskrifstofunnar, sem svarar til Orkustofnunar nú. Á þessum árum höfðu farið fram hagfræðilegar athuganir á hugsanlegri þróun atvinnu- og efnahagsmála næstu ára. Þóttu þær benda til þess, að ef efnahagsþróun hér á landi ætti að geta haldið í horfinu við ráðgerða efnahagsþróun í iðnþróuðum þjóðfélögum Evrópu, væri vísast fyrir okkur að freista þess að renna fleiri stoðum undir einhæft atvinnulíf. Yrði það í senn til þess að draga úr áhættu af okkar sveiflukennda atvinnulífi, einkum sjávarútvegi, og skapa um leið grundvöll aukinnar þjóðarframleiðslu með stóraukinni hagnýtingu auðlinda landsins í tengslum við nýjan efnaiðnað í landinu í stórum stíl. Mætti slíkt einnig leiða til vaxandi almennrar iðnþróunar, sem líklegust væri til þess að skapa meira atvinnuöryggi þeim mörgu, sem vænta mætti, að bætast mundu við á vinnumarkað þjóðarinnar, sem væri í örum vexti. Stefnumótun fyrrv. ríkisstj. í samræmi við framangreind sjónarmið var áréttuð af mér við ýmis tækifæri, eftir að ég hafði tekið við meðferð iðnaðarmála í ríkisstj. og m. a. á fundi í Félagi ísl. iðnrekenda þann 5. febr. 1966, en þá sagði ég eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefnt er að virkjun stórfljóta landsins, byggingu stórra orkuvera, sem verði grundvöllur og orkugjafi fjölþættrar iðnvæðingar í landinu. Orkuver landsins séu eign Íslendinga, en til þess að virkja megi í stórum stíl og undir lántökum verði risið á sem hagkvæmastan

hátt, er tryggi ódýrari raforku, og til þess að styrkari stoðum sé rennt undir atvinnulíf landsmanna, verði erlendu fjármagni veitt aðild að stóriðju, ef hagkvæmt þykir samkv. mati hverju sinni og landsmenn brestur fjárhagslegt bolmagn eða aðstöðu til framkvæmda."

Eftir að störfum stóriðjunefndar miðaði áfram þótti einsýnt, að Alþ. ætti að geta fylgzt náið með framvindu mála. Hinn 14. nóv. 1964 skilaði stóriðjunefnd ítarlegri skýrslu til ríkisstj. um álverksmiðju og stórvirkjun, en þar eru störf nefndarinnar og gangur viðræðna við erlend álfyrirtæki rakin fram til þess tíma. Skýrslu þessari fylgdu allmörg fskj., er einkum fjölluðu um raforkumál og stórvirkjanir. Skýrsla þessi ásamt fskj. var afhent öllum alþm. sem trúnaðarmál skömmu síðar. Einnig var þm. afhent framhaldsskýrsla stóriðjunefndar um málið, dags. 6. febr. 1965. Loks var útbýtt á Alþ. þann 5. maí 1965 skýrslu ríkisstj. til Alþ. um athugun á byggingu álverksmiðju á Íslandi. Fóru síðan fram umr. um þá skýrslu á Alþ. Þá er einnig þess að minnast, að skipuð var þingmannanefnd til þess að fylgjast með framvindu mála. Í þessari nefnd áttu sæti tveir fulltrúar allra þingflokka. Þingmannanefndin hóf starfsemi sína í byrjun febr. 1965, en frá ársbyrjun 1965 má segja, að byrjað hafi undirbúningur þess að semja uppköst að samningi milli ríkisstj. og Swiss Aluminium ásamt fylgisamningum, rafmagnssamningi, hafnar- og lóðarsamningi og fleiri samningum og fskj.

Þessi þingmannanefnd hélt 26 fundi. Hún hafði á hverjum tíma aðgang að öllum gögnum málsins, bæði varðandi orkumál og álbræðslu. Hún kynnti sér eðli og rekstur álbræðslu, bæði í Noregi og Sviss. Sömuleiðis gat hún kynnt sér uppbyggingu og starfsemi hins svissneska álfyrirtækis. Hún yfirfór öll samningsuppköst aðalsamningsins, og henni var kynnt efni fylgisamninga. Hún starfaði eins og hver önnur þingnefnd að undirbúningi málsins án hliðsjónar af afstöðu þm. í grundvallaratriðum til þess, hvort þeir teldu æskilegt, að samningar um álbræðslu í tengslum við stórvirkjun við Búrfell næðu fram að ganga eða ekki. Nefnd sérfræðinga var til aðstoðar við samningagerðina.

Ég hef nú rifjað upp fyrri þætti stóriðjumála til þess m. a. að réttlæta í ljósi reynslunnar þann tillöguflutning um stóriðju á Íslandi, sem nú er á dagskrá. Sú stefna hefur verið mörkuð og er mér vitanlega ekki umdeild, að Alþ. hafi jafnan úrslitaráð í þessum mikilvægu málum. Þess vegna er talið tímabært, sbr. grg. fyrir till., að Alþ. setji á laggirnar stóriðjunefnd til þess bæði að fylgjast með framvindu mála og eiga frumkvæði að tillögugerð á Alþ., þegar þess er talin þörf. Með þessum hætti skapast náin tengsl við Alþ. um framvindu iðnþróunarmála í landinu.

Freistandi er að víkja nokkrum orðum nánar að þjóðhagslegu gildi stóriðju í samanburði við annan atvinnurekstur, ef það kynni að styrkja rökin fyrir nauðsyn sérstakrar stóriðjunefndar, eins og hér er lagt til, að Alþ. kjósi. Álfélagið ÍSAL greiddi til innlendra aðila eftirfarandi árið 1970: Framleiðslugjald 54.5 millj. kr., raforkukostnað 160.6 millj., vexti og afborganir 21.1 millj., launagreiðslur 180 millj. og ýmsar greiðslur 50 millj., eða samtals 466.2 millj. kr. Útflutningur (fob) var um 1708 millj. kr. Hreinar gjaldeyristekjur geta því talizt um 460 millj. kr. og nema því um 27% af útflutningi. Á hinn bóginn er áætlað, að heildargreiðslur ÍSALs til innlendra aðila muni nema á ári, þegar verksmiðjan er fullgerð, en það er á árinu 1972, á 9. hundrað millj. kr., nánar tiltekið líklega um 812 millj. á verðlagi ársins 1970.

Í fiskiðnaðinum eru frystihúsin gullæð okkar Íslendinga, þegar vel gengur. Meðaltal 71 frystihúss árið 1970 er talið um 64.5 millj. kr. í framleiðsluverðmæti. Lauslega áætlað fer um 35% af framleiðsluverðmætinu til greiðslu á erlendum kostnaði í framleiðslukeðjunni. Hrein gjaldeyrisöflun er því u. þ. b. 42 millj. kr. á frystihús. Í samanburði við álið árið 1970 þyrfti því 11 frystihús til þess að afla sama gjaldeyris nettó, en meira en 20 meðalfrystihús miðað við framleiðslu álbræðslunnar á næsta ári, þegar hún nær fullum afköstum.

Sé gjaldeyrisöflunin íhuguð miðað við fjárfesta krónu annars vegar í álframleiðslu og hins vegar í sjávarútvegi, fæst einnig fróðlegur samanburður. Stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar fullgerðrar er um 40 millj. dala, eða um 3 520 millj. kr. á núgildandi gengi. Miðað við fullnýtingu fara um 63% orkunnar til ÍSALs, en 37% til innanlandsnotkunar. 63% stofnkostnaðar, en það er okkar fjárfesting vegna álversins, er um 2 243 millj. kr. Nú þarf einnig að hafa í huga, að hefðum við þurft að byggja minni virkjanir í fleiri áföngum, mundi aukakostnaður til innanlandsnotkunar sennilega hafa orðið a. m. k. 40% meiri. Þessi þáttur samsvarar um 521 millj. kr., sem að réttu lagi ætti að dragast frá stofnkostnaði Búrfellsvirkjunar vegna orkunotkunar álversins, og er því fjárfesting okkar þess vegna eða vegna álversins um 1 722 millj. kr. Fyrir þessa fjárfestingu fáum við um 812 millj. kr. í nettógjaldeyristekjum á ári, þegar álverið í Straumsvík er fullgert. Hrein gjaldeyrisöflun á fjárfesta krónu af okkar hálfu vegna álbræðslunnar er því um 47% á ári, en stofnkostnaðurinn að sjálfsögðu í eitt skipti.

Sé sjávarútvegsdæmið tekið til samanburðar, lítur það í stórum dráttum þannig út: Stofnkostnaður um 20 frystihúsa, um 50 millj. kr. hvert, væri um 982 millj. kr. Til þess að fiska fyrir þessi frystihús þyrfti mjög varlega reiknað um 20 skuttogara, sem kosta mundu um 1 888 millj. kr., og stofnkostnaður 80—90 105 tonna báta, ef þeir ættu að afla frystihúsunum hráefnis, yrði enn meiri. Hrein gjaldeyrisöflun þessara frystihúsa og togara, sem að stofnkostnaði næmu sömu upphæð og stofnkostnaður álversins, yrði aðeins 28% af fjárfestingarupphæðinni á móti 47%, þegar áldæmið var reiknað. Þetta sýnir okkur, að hrein gjaldeyrisöflun á hverja fjárfesta krónu í álbræðslu með þeim hætti, sem af okkar hálfu var um samið, er allt að því 67% meiri en í sjávarútvegi, aðalatvinnuvegi okkar. Vissulega getur skakkað einhverju í slíkum útreikningi, en varlega held ég, að mætti áætla, að hrein gjaldeyrisöflun á fjárfesta krónu vegna álframleiðslunnar sé a. m. k. helmingi meiri en í aðalatvinnuvegi okkar, togaraútgerð og frystihúsarekstri.

Stundum er rætt um Kísiliðjuna við Mývatn í sambandi við stóriðju, ekki vegna þess, að um svo mikið stórfyrirtæki sé að ræða, fremur vegna hins, að hér er um nýjan efnaiðnað að ræða í hlutafélagi með erlendu áhættufjármagni, en ríkið á þar meiri hluta hlutafjár. Kísiliðjan er vissulega athyglisvert iðnfyrirtæki, og jafnframt er rekið sérstakt sölufyrirtæki í tengslum við hana með aðsetri á Húsavík. Þessi fyrirtæki hafa haft

margháttaða þýðingu fyrir héraðið, sérstaklega Mývatnssveit og Húsavík. Brúttótekjur Kísiliðjunnar í erlendum gjaldeyri munu hafa numið um 150 millj. kr. árið 1970. Áætlað er, að hreinar gjaldeyristekjur séu um 100 millj. kr., en það svarar til tveggja til þriggja meðalstórra frystihúsa eða tveggja til fjögurra togara í hreinni gjaldeyrisöflun nú, þegar verðlag á sjávarafurðum er hins vegar í hámarki. Það er því sízt ástæða til þess að gera lítið úr gildi slíks iðjuvers, eins og stundum hefur verið gert. Þá má ekki gleyma því, að hrein gjaldeyrisöflun leiðir að jafnaði til aukinna þjóðartekna hjá okkur Íslendingum, sem nemur nálægt fjórfalt því, sem hinum auknu gjaldeyristekjum nemur. Hver ný iðnvæðing í landinu leiðir líka að jafnaði til örvunar í annarri iðnþróun, bæði beint og óbeint.

Rekstrarform stóriðjunnar getur að sjálfsögðu verið með mismunandi hætti. Slíkt er ákvörðunaratriði hverju sinni, sem Alþ. ætti úrslitaákvörðun um. Við gerð álsamninganna var það form valið, að við værum ekki eignaraðilar að álbræðslunni og rekstraráhættan þar af leiðandi öll á höndum svissneska álfélagsins. Okkar hagur liggur svo í umsömdu framleiðslugjaldi, sem fyrirtækið greiðir, í rafmagnssamningnum, sem lánsfé til Búrfellsvirkjunar og lægra rafmagnsverð til almennings grundvallast á, í höfninni í Straumsvík, sem fyrirtækið ber kostnaðinn af, í vinnulaunum til Íslendinga, bæði á byggingartíma og við rekstur, en við álbræðsluna vinna nær eingöngu Íslendingar. Að öðru leyti höfum við svo annan hag af beinum og óbeinum viðskiptum fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga við ÍSAL, í málmiðnaði, rafmagnsiðnaði, skipaflutningum og mörgu fleira. Á þetta allt ber að líta í heild, þegar metnar eru samningagerðir og samskipti við ÍSAL.

Oft var deilt hér á Alþ. um ýmis atriði þessara samninga, og skal ég ekki fara að rifja það upp nú. Rafmagnsverðið þótti ekki nógu hátt, framleiðslugjaldið var talið of lágt o. s. frv. Rafmagnið er greitt í dollurum, og álverið er skuldbundið til þess að greiða rafmagnið, hvort sem það notar það eða ekki. Þetta er nú ástæðan til þess, að þegar offramleiðsla er á hrááli á heimsmarkaði og víða er dregið úr framleiðslu álbræðslna eða þeim lokað í bili, heldur stöðug framleiðsla áfram hér. En einmitt svissneska álfélagið hefur dregið úr álframleiðslu sumra af sínum álbræðslum annars staðar. Gjaldið á hvert framleitt tonn kemur því einnig til greiðslu, en það er, eins og kunnugt er, aðaltekjulind Atvinnujöfnunarsjóðs, sem gegnir því mikilvæga hlutverki að renna stoðum undir atvinnulífið um gjörvallt land með lánveitingum til kaupa atvinnutækja þar, fiskiskipa og annars, sem til uppbyggingar leiðir og jafnar aðstöðu fólksins í landinu. Það hefur verið áætlað, að tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs frá álverinu yrðu strax á árinu 1973 100 millj. kr. af framleiðslugjaldinu og færi síðan ört hækkandi á næsta áratug og yrði um og yfir 200 millj. kr. árlega með núverandi gengi dollars. Við Íslendingar eigum ekki annan sjóð, sem byggir sig örar upp með árlegu eigin framlagi. Vitaskuld hefur svo Hafnarfirði verið álbræðslan og Straumsvíkurhöfnin ómetanleg. Hafnarfjörður fær, eins og kunnugt er, fyrst í stað 25% framleiðslugjalds ÍSALs, en síðan 20%, og Straumsvíkurhöfn fær Hafnarfjörður í sinn hlut.

Á sínum tíma töldu sumir hér í þinginu, að Norðmenn hefðu búið betur um viðskipti sín við Svisslendinga við byggingu og rekstur svipaðrar álbræðslu í Husnes í Noregi. Við vitum nú um skattgreiðslurnar í Noregi, eftir að rekstur hófst þar, og höfum nú samanburð hér. Skattgreiðslur í Husnes voru árið 1969 um 765 kr. á hverja lest af framleiddu áli. Á tímabilinu frá 1. okt. 1969, en þá var rekstur ÍSALs að hefjast hér, og til 31. des. 1970 greiddi ÍSAL 1 343 kr. á hverja framleidda lest af áli, sem er 75.5% hærra en í Noregi. Mér er tjáð, að skattgjald ÍSALs þetta ár sé um fimm sinnum hærra pr. tonn en skattar verksmiðjunnar í Noregi, því að árið 1970 munu skattgreiðslur í Noregi hafa orðið sáralitlar vegna óhagstæðs rekstrar. Þessi ár, 1969, 1970 og eins í ár, liggur fyrir, að þegar saman er talið skattgjald og greiðsla fyrir rafmagn á framleitt tonn af hrááli, þá eru greiðslurnar samtals verulega hærri hér en hjá hliðstæðri álbræðslu í Noregi.

Segja mætti, að fyrr hefði verið ástæða til að setja slíka nefnd á laggirnar á vegum Alþingis, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Á það get ég fúslega fallizt, og má þá telja til minnar yfirsjónar að hafa ekki beitt mér fyrir því sem iðnrh. Ég dreg ekki í efa, að slík nefndarskipan fyrr hefði komið að góðum notum. Þegar heimildarlög til stórframkvæmda í orkumálum voru afgreidd á síðasta þingi, hlaut að því að koma, að efnt yrði til slíkrar nefndarskipunar eða frekari aðgerða til undirbúnings frekari stóriðju. Ég fann sárt til þess oft og einatt, hversu litlum mannafla við höfðum á að skipa til þess að ryðja veginn áfram til frekari stóriðju í tengslum við stórvirkjanir. Ég vil því leyfa mér að vona, að ekki þurfi að koma til ágreinings um þetta mál nú, er hindri framgang þess í þinginu.

Sagt hefur verið frá því opinberlega, að hæstv. iðnrh. hafi skipað sérstaka nefnd til ráðuneytis í stóriðjumálum. Ég fagna því sérstaklega, að dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri er formaður þeirrar nefndar, eftir því sem sagt er, en á honum hvíldi langmestur þungi við undirbúning fyrstu stóriðjunnar hér á landi. Slík ráðunautanefnd ráðherra á fyllsta rétt á sér, en dregur á engan hátt, nema síður sé, úr nauðsyn skipunar þeirrar stóriðjunefndar Alþingis, sem þáltill. á þskj. 30 lýtur að.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessari till. verði að lokinni fyrri umr. vísað til hv. allshn.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Núv. ríkisstj. hefur verið legið á hálsi fyrir það, að hún hafi verið nokkuð mikilvirk við að skipa nýjar nefndir, og um það hefur verið farið allmörgum háðulegum orðum í sumum blöðum stjórnarandstæðinga. Þó er svo að sjá sem Sjálfstfl. finnist ekki nóg að gert. Nú þegar liggja hér fyrir till. um nýjar nefndarskipanir á vegum Alþingis. Fyrri till., sem kom fram, hafði þann tilgang að taka tiltekin verkefni af hæstv. utanrrh., og sú till., sem hér liggur fyrir, á að hafa sama verkefni að því er snertir iðnrh. Þarna er lagt til, að kosin sé sérstök nefnd á Alþ., sem hafi það hlutverk að kanna möguleika til aukinnar stóriðju í landinu í tengslum við stórvirkjanir og hafa samráð við aðila eins og Orkustofnun, Landsvirkjun, Iðnþróunarsjóð, Iðnþróunarstofnun Íslands og Rafmagnsveitur ríkisins, gefa Alþ. skýrslur um málin o. s. frv. Þetta eru þau verkefni, sem Alþ. felur ríkisstj. hverju sinni. Ríkisstjórnin er fram-

kvæmdastofnun Alþingis, og það er verkefni ráðherra að gegna þeim störfum, sem þarna eru tilgreind. Báðar þessar till. frá Sjálfstfl. eru í rauninni mjög dulbúnar vantrauststillögur á ríkisstj., og ég á svolítið erfitt með að skilja það, hvers vegna Sjálfstfl. fer þessar krókaleiðir, hvers vegna hann flytur ekki vantraust hreinlega. Mér fyndist það vera miklu mannalegar að verki staðið.

Í þessum aths. er það engan veginn fólgið, að ég telji, að Alþ. eigi ekki að fylgjast mjög gaumgæfilega með öllum þessum málum. Það tel ég, að Alþ. eigi að gera. Hér á þingi eru samkv. þingsköpum starfandi iðnaðarnefndir í báðum deildum, og þær hafa það verkefni að fjalla sérstaklega um öll þau vandamál, sem snerta iðnað, og þessar nefndir hafa oft orðið að fjalla um mjög mikilvæg mál. Ég tel það einnig sjálfsagt, að ef upp koma sérstök vandamál af stóru tagi, þá séu settar í það sérstakar nefndir af hálfu Alþingis eða af hálfu þingflokkanna, til þess að hægt sé að fylgjast sem gaumgæfilegast með þeim. Þannig tel ég, að verði að vera samskipti ríkisstjórnar og Alþingis, og ég mun, meðan ég er ráðh., vinna að því að hafa sem bezt samskipti við Alþ. á þessum sviðum.

En meginhlutinn af ræðu hv. þm. Jóhanns Hafstein var nú raunar ekki rökstuðningur fyrir þessari till., heldur enn ein varnarræða fyrir samningi þeim, sem var gerður á sínum tíma við Swiss Aluminium. Ég skil það ákaflega vel, að hv. þm. finnist nauðsyn á því að halda varnarræður fyrir þann samning, því að ég hygg, að það sé flestra manna mál á Íslandi, að slíkur samningur verði aldrei framar gerður. Ég efast um, að nokkur stjórnmálaflokkur mundi leggja til að gera slíkan samning aftur eða taka upp mál á slíkum forsendum við erlenda eignaraðila. Við höfum núna á þessu hausti fengið ákaflega skýrt dæmi um það, hversu óhagstæður þessi samningur var. Nýlega er Landsvirkjun búin að hanna nýjar virkjanir eða gera áætlanir um nýjar virkjanir í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss. Þetta eru ákaflega hagkvæmar virkjanir á okkar mælikvarða. En engu að síður er framleiðslukostnaður af raforku um 35 aurar á kwst. Í samningi þeim, sem við gerðum við svissneska álfélagið og gildir óbreyttur í 25 ár, felst 22 aura verð á kwst. Og fyrir þetta verð fær auðhringurinn raforkuna í 25 ár. En við verðum núna aðeins örfáum árum seinna að sætta okkur við virkjanir, þar sem það kostar 35 aura á kwst. að framleiða raforkuna. Þetta eru ákaflega glöggar og skýrar staðreyndir.

Það hefur oft verið á það minnzt, að þessi raforkusala til álbræðslunnar færði okkur miklar gjaldeyristekjur á löngum tíma, og það er alveg rétt. Ég held, að sú tala, sem nefnd hefur verið, sé 6 500 millj. á 25 árum. En ef samið hefði verið um það, sem nú kostar að framleiða raforku á Íslandi, þá hefði þessi summa komizt yfir 10 milljarða. Það vantar eina 4 milljarða upp á, og það er engin smáupphæð, vegna þess að hún mundi nægja til að greiða allan kostnað af nýrri virkjun við Sigöldu. Og það eru engar skýjaborgir, þegar ég segi, að þetta verð, 35 aurar á kwst. eða 4 mill, væri raunsætt verð. Hingað hafa komið að undanförnu fjölmargir erlendir aðilar og verið að spyrjast fyrir um verð okkar á orku og ýmsar aðstæður til orkufreks iðnaðar á Íslandi. Þeim hefur verið frá því sagt, að lágmarksverð á raforku, framleiðslukostnaðarverð, væri 35 aurar á kwst. eða 4 mill, og þeim hefur öllum fundizt þetta eðlilegt verð. Þetta er gangverð núna. En samt erum við bundnir við það í 25 ár að selja erlendum aðila raforku á 22 aura. Þetta eru svo óhagkvæmir samningar, að ég staðhæfi aftur, að slíka samninga mun engin ríkisstj. gera, og ég er sannfærður um það, að hv. þm. Jóhanni Hafstein mundi ekki detta í hug að leggja til slíka samninga, þó að hann fengi aðstöðu til einhvern tíma síðar.

Mér þótti það allfurðulegt að heyra hv. þm. margsinnis bera saman orkufrekan iðnað og sjávarútveg og tala ævinlega í þeim dúr, að sjávarútvegur væri nú ómerkileg atvinnugrein í samanburði við orkufrekan iðnað. Ég á þess ekki kost að fara ofan í þær tölur, sem hv. þm. birti hér. En hitt hygg ég, að sé staðreynd, sem öllum birtist, sem kanna málin, að það er ekki til nein stóriðja í víðri veröld, sem er eins arðsöm fyrir þjóðarbúið og sjávarútvegur okkar hefur verið. Það er hvergi um eins mikla framleiðni að ræða og í íslenzkum sjávarútvegi. Og það er einmitt ástæðan til þess, hvað íslenzkt þjóðfélag hefur lyfzt á þessari öld. En því miður var það svo, þegar Sjálfstfl. var uppfullur af draumórum í sambandi við samninga við erlenda aðila, að einmitt þau árin var sjávarútvegurinn á Íslandi afræktur. Það fór ekki fram eðlileg endurnýjun. Okkur vantaði nútímalega togara m. a., og af þessu tapaði þjóðarbúið stórfelldum upphæðum, og ef á að fara að reikna hér ávinning og tap, er ég hræddur um, að þar yrði að reikna æðistórar upphæðir á móti. Ástæðan var m. a. sú, að sérfræðingar ríkisstj. höfðu reiknað það út, að það yrði að sjá fyrir nægilegum mannafla í þágu hinnar erlendu stóriðju og þess vegna þyrfti að draga þann mannafla frá atvinnugreinum Íslendinga sjálfra.

Hv. þm. taldi það samningunum til lofs, að álverið væri skuldbundið til að greiða fyrir raforkuna, jafnvel þó að það hefði ekki notað hana. Þetta er alveg rétt. En þetta er ekkert einsdæmi. Orkusölusamningar erlendis eru víðast hvar á þessum forsendum. Orkukaupendur verða að gera samninga við orkuseljendur fyrir tiltekinn tíma og skuldbinda sig til að greiða alla orkuna, hvort sem þeir nota hana eða nota hana ekki. Þetta er ekkert, sem íslenzk ríkisstj. hefur fundið upp á. Þetta er almenn aðferð í orkusöluviðskiptum í löndunum allt umhverfis okkur.

Hann taldi það einnig fram, að framleiðsla hér á Íslandi héldi áfram, þó að framleiðsla væri takmörkuð annars staðar. Einnig þetta er rétt. En hvernig stendur á þessu? Það stendur þannig á því, að það er hagkvæmara fyrir auðhringinn að starfrækja álbræðsluna hér en í öðrum löndum, vegna þess að hér fæst raforkan á miklu lægra verði. Hún dregur saman seglin, þar sem framleiðslan er óhagkvæmari, vegna þess að raforkan er dýrari m. a. En hér heldur hún áfram framleiðslu af þessum ástæðum.

Ég ætla nú ekki að fara mörgum orðum um þetta eða fara að hefja neinn allsherjar eldhúsdag um þessi efni. Við hv. þm. höfum æðioft rætt þessi mál, og það er kannske ekki ástæða til þess, að maður sé æ ofan í æ að endurtaka sömu röksemdirnar. En á hitt vil ég leggja áherzlu, að með tilkomu núv. ríkisstj. hefur verið tekin upp gerbreytt stefna á þessum sviðum. Það var stefna Sjálfstfl., að Íslendingar gætu ekki ráðizt í nýjar stórvirkjanir af eigin rammleik. Það yrði að tengja slíkar

stórvirkjanir við samninga við erlenda aðila. Þegar ríkisstj. tók ákvörðun um að ráðast í Búrfellsvirkjun, þá var sú ákvörðun algerlega bundin við samninga við Swiss Aluminium. Ríkisstj. hefði ekki ráðizt í þessa virkjun án þess að tengja hana við þennan samning við þennan svissneska auðhring. Og umsóknin til Alþjóðabankans var einnig tengd þessari forsendu. Og á sama hátt sagði hv. þm. Jóhann Hafstein, þáv. hæstv. iðnrh., margsinnis í kosningabaráttunni, að það væri ekki hægt að ráðast í virkjanirnar í Tungnaá nema tengja þær á sama hátt við samninga við erlenda aðila. Núv. ríkisstj. er á þveröfugri skoðun. Við teljum, að Íslendingar eigi að taka slíkar ákvarðanir sjálfir og meta sínar eigin forsendur, hvort það er hagkvæmt fyrir þjóðarbúskap Íslendinga eða ekki. Og þessi ákvörðun hefur þegar verið tekin. Ríkisstj. hefur ákveðið að ráðast í stórvirkjun við Sigöldu. Forsendur þeirrar ákvörðunar eru orkumarkaðurinn innanlands. Landsvirkjun hefur gert áætlanir, sem sýna, að þessi markaður er nægilega stór, ef möguleikarnir á húshitun eru hagnýttir, þannig að þessi ákvörðun um stórvirkjun er ekki tengd erlendum aðila. En þegar erlendir aðilar vita það í samningum við Íslendinga, að það kann að vera undir þeim komið, hvort við dirfumst að ráðast í stórvirkjun eða ekki, þá fá þeir samningsaðstöðu, sem er algerlega óþolandi. Það liggur í hlutarins eðli.

Annað atriði, sem einnig er breytt frá því, sem áður var, er það, að núv. ríkisstj. er algerlega andvíg því, að erlendir aðilar fái að reisa á Íslandi verksmiðjur, sem þeir eiga einir. Við teljum sjálfsagt, að það séu teknar upp viðræður við erlenda aðila, sem hafa áhuga á því að taka þátt í orkufrekum iðnaði á Íslandi. Og eins og hv. þm. tók fram, hef ég beðið fjóra menn að vera iðnrn. til ráðuneytis um viðræður við þessa aðila. Þetta er ekki nein stóriðjunefnd, þetta eru menn, sem hafa tekið að sér að vera mér til ráðuneytis. Og sú stefna, sem mótuð er í viðræðum við erlenda aðila, er sú, að Íslendingar vilji sjálfir hafa yfirráð yfir slíkum fyrirtækjum, þ. e. eiga meiri hluta í þeim eða eignast hann á tilteknu árabili eða hafa einhverja aðra slíka tilhögun, sem tryggi það, að slík fyrirtæki séu hluti af efnahagskerfi okkar sjálfra. Einnig þetta er ákaflega veigamikið atriði, og því fer mjög fjarri, að menn gangi út og skelli hurðum, þegar þeir heyra hugmyndir af þessu tagi. Þannig hafa aðilar allt í kringum okkur samið við erlenda aðila um slíkar verksmiðjur. Það eru fjölmargar slíkar verksmiðjur starfandi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku með slíkri eignaraðild, þar sem heimamenn tryggja sér meirihlutaeign. Þannig er yfirleitt samið núna í nýfrjálsu ríkjunum í Afríku t. d., sem mjög þurfa á því að halda að hafa samvinnu við erlenda fjármagnsaðila og erlenda tækniaðila sér til aðstoðar. Og það er sannarlega tími til kominn, að Íslendingar hefji könnun á þessum forsendum sem sjálfstæðir aðilar, sem geri það að skilyrði, að þjóðin hafi sjálf vald á efnahagskerfi sínu og atvinnulífi. Ég tel, að þetta tvennt séu ákaflega veigamikil umskipti, og ég veit, að það á eftir að koma í ljós, að þessi umskipti eiga eftir að verða þjóðinni til ómetanlegs gagns.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Við höfum nú heyrt erkibiskups boðskap. Hæstv. iðnrh. olli mér sannarlega miklum vonbrigðum með því að byrja sitt mál með því, að hann teldi þessa till. vantraust á sig. Það á að vera vantraust á hæstv. iðnrh., að lagt er til, að Alþ. kjósi sérstaka stóriðjunefnd, um leið og ég undirstrika það, að mér finnst mjög eðlilegt, að hæstv. ráðh. hafi sett á laggirnar ráðuneytisnefnd í stóriðjumálum. Það fer náttúrlega eftir því, hvernig ráðh. finna til sín, hvort þeir telja tillöguflutning vantraust eða ekki vantraust. Á sama hátt á það að vera vantraust á hæstv. utanrrh., að borin er fram till. um það, að þeir menn, sem vilja vinna og standa að því að vera aðilar að lýðræðislegri vestrænni samvinnu gegn ofbeldinu, þeir bjóða fram að starfa með utanrrh., að tilnefna mann, þá á það að vera vantraust á ráðh. Sumum finnst það nefnilega dálítið meira og raunverulegt vantraust á ráðh., ef ráðh. á í þessum öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar ekki að geta farið ferða sinna nema spyrja fyrrv. og núv. kommúnista ráða í þeim efnum. En það mál verður sérstaklega rætt hér, og ég skal ekki eyða tíma í það nú.

Hæstv. iðnrh. talar svipað eins og hann gerði svo oft og einatt hér í þinginu, og hv. þm., sem þá voru hér í þingsölum, kannast við, en reyndar hefði mátt búast við því, að hann talaði með nokkuð öðrum hætti, þó að hann væri ekki búinn að vera iðnrh. nema skamman tíma. Hann talar um, að slíkur samningur verði aldrei gerður eins og samningurinn við svissneska álfélagið. Það er náttúrlega hægt að taka svona upp í sig og fullyrða slíkt. En sannast að segja væri nú eðlilegra, a. m. k. þegar af hálfu ráðh. er talað, að það væri reynt að finna einhverjum slíkum stóryrðum stað. Það á að vera dæmi um það, hversu samningurinn er háskasamlegur, að það er samið um hærra en framleiðsluverð, þegar samið er. Ég legg einnig áherzlu á það, að raforkusamningar við stóriðjufyrirtæki eru ekki það eina, sem líta ber á, heldur yfir samningana í heild. En hæstv. iðnrh. segir hér nú og hefur sagt í Þjóðviljanum: „Ég hef verið að bjóða erlendum aðilum framleiðslukostnaðarverð fyrir rafmagnið, 35 aura, þegar rafmagnið kostar 35 aura.“ Og þeim finnst það ekkert merkilegt. En svissneska álfélaginu var boðið verð, sem er undir framleiðslukostnaðarverði, og það hefði hvorki verið samið við svissneska álfélagið né nokkur önnur álfyrirtæki um 35 aura rafmagnsverð á kwst. 1966 eða á þeim tíma, sem um var samið. Það veit þessi hæstv. ráðh. alveg fullkomlega. Þess vegna er þetta barnalegt dæmi að vera að segja: Ef það hefði verið samið um verð, sem útilokað var að semja um þá, ættum við núna nokkrum milljörðum kr. meira fyrir rafmagnið eftir svo og svo mörg ár. — Nei, það var spurning um það að sjálfsögðu, og sérstaklega var vandi á höndum við fyrstu stóriðjuna hér að geta boðið þau kjör, sem aðilar vildu ganga að, og auðvitað verður það jafnan svo, að aðilar meta aðstöðu sína, erlendir aðilar, til þess að semja um raforku eða annað hér miðað við aðstöðuna að öðru leyti. Og er líklegt, að þeir vilji frekar borga hærra verð fyrir raforku, þar sem þeir sitja við sjálfan markaðinn á framleiðsluvörunni, en að fara hér norður undir Ísahaf og stunda þar framleiðslu sína.

Ef við hefðum átt að byggja fyrir innanlandsmarkaðinn, eins og hinn stórhuga iðnrh. nú vill eingöngu takmarka sig við, þá hefðum við ekki verið búnir að byggja Búrfellsvirkjun núna, og það mundi bíða lengi, að henni yrði lokið í þeim mæli, sem hún er. Það mundi

muna a. m. k. 10—15 árum, og á sama tíma höfum við stórkostlegan hagnað af rafmagnssölunni við Búrfell. Og á árinu 1970 hefði raforka með áfangavirkjunum, 35 mw, eins og reiknað var út, kostað fimm sinnum meira fyrir Íslendinga frá Búrfellsvirkjun í því formi en hún gerði árið 1970, og á næstu árum þremur til fjórum sinnum meira. Og þó að við förum allt fram til ársins 1980 með því háttalagi, hefði hún kostað 75% meira en eins og virkjað var í stórum áfanga og á þann hátt að semja við stórfyrirtæki. Ég held, að annar eins spekingur hafi sjaldan komið fram í sölum Alþingis og hér birtist áðan, sem hælir sér af því að leggja í stóra virkjun og hafa engan orkunotanda. Það er aðalvinningurinn. Og það er þetta nýja, sem ríkisstj. leggur á borð með sér, og fólk á að falla fram og tilbiðja ríkisstj. fyrir að leggja í virkjanir, án þess að hafa notanda. Það má ekki semja um notandann fyrir fram. Ég sé, að Björn á Löngumýri, sem er góður bóndi, brosir.

Hæstv. ráðh. hefur eftir mér þau orð eftir mína ræðu, að ég hafi talið sjávarútveginn ómerkilegan atvinnurekstur. Var nokkur annar hv. þm., sem heyrði þetta í minni ræðu? Það held ég ekki, ekki einn einasti, enda var ekkert orð um það. Ég hef hins vegar verið að reyna að gera mér grein fyrir, eins og hæstv. ráðh. þarf sýnilega að gera, hvernig mismunandi atvinnugreinar verka á þjóðarbú okkar efnahagslega miðað við það, hvaða áherzlu ber að leggja á eina atvinnugrein öðrum fremur. Mér er það alveg fullkomlega ljóst, að sjávarútvegurinn er og hefur verið aðalatvinnugrein okkar og verður um langa framtíð, og það er fráleitt, að það finnist nokkurs staðar nokkru sinni, hvorki í þessari ræðu, sem ég flutti áðan, né endranær nokkurt orð af minni hálfu um það, að sjávarútvegurinn sé ómerkilegur atvinnuvegur, fjarri því. Hins vegar hefur hæstv. iðnrh. sem fyrrv. ritstjóri verið að reyna að segja fólki ósatt um þetta mörg undanfarin ár og er nú farinn að trúa þessum ósannindum sjálfur.

Hann segir, að sjávarútvegurinn hafi verið afræktur af fyrrv. ríkisstj., af því að hún hafi ekkert séð nema stóriðju. Og það hafi verið reiknað út, að hann yrði að vera afræktur, af því að við þyrftum mannafla úr sjávarútveginum í stóriðju. Stóriðja var einmitt valin til þess að renna fleiri stoðum undir okkar atvinnulíf, m. a. vegna þess, að hún er þess eðlis, að í sjálfu sér þarf hún hlutfallslega lítinn mannafla. Hins vegar spinnur hún á ýmsan hátt utan um sig og hefur hliðarverkandi áhrif, þannig að í raun og veru hefur hún miklu meiri þýðingu fyrir efnahagskerfi þjóðarinnar en mannaflinn, sem vinnur við hana beint, segir til um.

Það er ekki í annan tíma, sem meiri vöxtur hefur verið í sjávarútvegi en á síðasta áratug. Ég er ekki með tölur núna fyrir framan mig um það. En það var geysilegur vöxtur í fiskiskipaflota okkar Íslendinga. Við gersamlega byggðum hér spánnýjan fiskiskipaflota með betri tækjum og betur búinn með betri veiðarfæri en nokkurs staðar annars staðar þekktist. Hins vegar er það rétt, að sjómennirnir, útgerðarmennirnir og einstaklingarnir, sem réðu ferðinni, ákváðu fyrst og fremst að miða þennan fiskiskipaflota við síldveiðina, eins og hún var þá, og gerðu ráð fyrir, að hún mundi haldast. Þar af leiðandi óskuðu þeir ekki, sem að þessum atvinnuvegi stóðu, eftir því að endurnýja á þessu tímabili með neinum hraða, síður en svo, togaraútgerð og nýbyggingar togara á Íslandi. En það var ekki ríkisstj. sök. Við eignuðumst á þessum tíma flota, sem er, þó að hann hafi verið byggður upp einmitt með það fyrir augum að vera á síldveiðum, það vel úr garði gerður, að mikið af þessum skipum veiða sem togskip eins og togarar og eru í þeim efnum miklu afkastameiri en eldri togarar á sínum tíma voru hjá okkur, ekkert sambærilegt við togara af sömu stærð, eins og allir þekkja til. Að öðru leyti hefur svo þessi mikli floti sótt á fjarlægari mið, þegar síldin brást hér, og þeir menn, sem að rekstri hans hafa staðið, bæði útgerðarmenn og sjómenn, hafa sýnt einstaka atorku og dugnað við að laga sig að breyttum kringumstæðum, bæði með því að sækja á fjarlægari mið, sem þeir sóttu ekki á áður, til síldveiða, og eins hafa menn að miklu leyti umskapað veiðiaðferðir og lagt rækt við aðrar fiskveiðar en áður var til stórkostlegs hags fyrir þjóðarbúið í heild.

Ég hef svolítið vikið að, hvernig þessi gerbreytta stefna núv. hæstv. ríkisstj. er í orkumálunum, en það er fyrst og fremst að hafa ekki markað fyrir raforkuna, sem á að framleiða. Hæstv. iðnrh. segir hér, að við Sigöldu fáist raforkan á 35 aura kwst. Er þetta rétt? Við hvað er þá miðað? Er þá miðað við Sigölduvirkjun framkvæmda í einum áfanga, 150 megawött og fullnýtingu 150 megawatta, eða við hvað er miðað? Kostar rafmagnið 35 aura kwst. frá Sigöldu, ef hún er byggð í smááföngum, þremur áföngum? Og hvenær verður fullnýting jafnvel í smááföngum, og eru ekki þessir 35 aurar miðaðir við fullnýtingu á orkunni, þeirri orku, sem framleidd er á hverjum tíma? Þetta er mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar um. Það er kannske erfitt að átta sig á slíku eða ætlast til þess, að menn svari því í umr., en þetta er auðvitað verulega mikið atriði fyrir þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að fá allar upplýsingar um það, hvað það er, sem fram undan er. Fólk heldur nefnilega, almenningur í þessu landi, að það geti fengið á næstu árum nægjanlega raforku til húsahitunar fyrir 35 aura kwst. Ég veit ekki, að hve miklu leyti er sambærileg virkjunaraðstaðan við Sigöldu og við Búrfell á sínum tíma. Auðvitað var stórátakið við Búrfell, byrjunarátakið, miklu erfiðara. Sigölduvirkjun er auðveldari núna í mjög ríkum mæli, vegna þess að Búrfellsvirkjunin er til og vegna þeirrar vatnsmiðlunar, sem þegar er orðin til í Þórisvatni. En miðað við það, sem raforkan hefði orðið dýrari frá Búrfellsvirkjun, ef hún hefði verið byggð í smááföngum, þá eru það engir 35 aurar á kwst., sem fólkið getur hitað hús sín upp við á næstu árum, verði virkjað í smááföngum við Sigöldu.

Í sumar kom hæstv. iðnrh. fram í útvarpi, eins og flestallir ráðh. Ég man ekki, hvort Magnús Torfi Ólafsson, hæstv. menntmrh., var einn í kippunni, en hann er þá sá eini, sem ekki kom í júlímánuði, þegar sjónvarp var ekki, og það voru sífellt viðtöl við þessa hæstv. ráðh. Út af fyrir sig skal ég ekkert hafa við það að athuga. Ef stjórn er mynduð, þegar þing situr ekki, þá virðist manni að vísu, að eðlilegt sé, að hæstv. forsrh. geri grein fyrir stjórnarmynduninni og það er sá háttur, sem hér hefur áður verið hafður á, en það þurfti nú hver að gera grein fyrir sér. Það var að vísu aldrei sagt frá þrífætinum með þessari ráðherranefnd í öryggismálunum í sumar. En þá sagði hæstv. iðnrh., að það fengist sönnun fyrir því, hvað raforkusamningurinn við álfélagið hefði verið óhagstæður, vegna þessa 35 aura

kwst. kostnaðar á virkjuninni frá Sigöldu. Auðvitað sannar það ekki neitt, hvað hinn raforkusamningurinn var óhagstæður, vegna þess að sú orka, það verð, sem samið var um, var fyrir ofan kostnaðarverð þar, en hérna er kostnaðarverðið 35 aurar, rétt og slétt kostnaðarverð. En þá sagði hæstv. ráðh. annað og meira. Hann sagði það og lýsti því yfir, að ég sem fyrrv. iðnrh. hefði margoft sagt það, að það væri ekki hægt að virkja Sigöldu nema með stóriðjusamningi, samningi um stóriðju. Þetta hefur svo Þjóðviljinn síendurtekið, og í viðtali við Þjóðviljann sagði hæstv. ráðh. ekki alls fyrir löngu, — ég man ekki, hvaða dag það var, — þá endurtók hann þessi ósannindi, og ég leiðrétti þau þá. Og ég leiðrétti þau enn, og mér þykir vænt um, að hæstv. iðnrh. hefur komið hér einmitt í Alþ. og sagt þessi ósannindi, því að ég lýsi hann hér ósannindamann að þessu. Það er ekki orð um þetta í umr. um Sigölduvirkjun á Alþ. á s. l. vetri. Það var vitnað í viðtal, sem ég átti við Morgunblaðið. Spurt var, hvort það væri skilyrði fyrir Sigölduvirkjun, að það yrðu samningar um stóriðju. Ég sagði, að ef virkjunin ætti að ganga hratt og virkja ætti stóran áfanga, þá þyrfti auðvitað stóriðju. En það er ekki orð um það, að það sé ekki hægt að virkja Sigölduvirkjun án þess að stóriðjusamningur sé. Það er hægt að gera það eins og við gerðum á undanförnum árum, virkjuðum smám saman fallvötn okkar, en þá er það með miklu dýrari raforku en ella. Og það er þetta, sem ég lagði áherzlu á. Með stóriðju er hægt að framkvæma stórvirkjanir í slíkum stíl í fallvötnum landsins, að það verður bæði til stórkostlegra hagsbóta fyrir þjóðarbúið og almenningur í landinu fær miklu ódýrari orku. Hitt eru alger ósannindi, að ég hafi marglýst því yfir, að það væri ekki hægt að virkja Sigölduvirkjun nema með samningi um stóriðju. Hins vegar var ég sömu skoðunar og Landsvirkjunarstjórnin, þegar hún bað ráðh. um leyfi til þess að mega hagnýta lög frá Alþ. um virkjun við Sigöldu, að það væri hagkvæmara að hafa raforkusamning um stóriðju, því að stjórn Landsvirkjunar lagði mikla áherzlu á það, að hún mundi freista þess að reyna að ná samningum um orkufrekan iðnað til þess að gera okkur Íslendingum betur kleift að ráðast í þessa virkjun og rísa undir kostnaðinum og fá ódýrari raforku sjálfir. Það skilur þess vegna ekki á milli mín og stjórnar Landsvirkjunar í þessu máli, en það skilur svolítið á milli mín og hæstv. iðnrh.

Hæstv. ráðh. segir, að það muni aldrei verða samið aftur þannig, að útlendingar einir eigi fyrirtæki hér, og það á að hans mati eða eftir hans ræðu áðan að vera eitthvað nýtt, að nú vilji ríkisstj. semja við erlenda aðila. Jú, að vísu. Einu sinni voru þeir nú óalandi og óferjandi, og þá mátti ekki hafa neina erlenda aðila hér með einu móti eða öðru. Nú er þó sagt, að það megi semja við erlenda aðila, ef við erum með í fyrirtækinu og eigum meiri hluta í fyrirtækjunum. En þetta er bara ekkert nýtt, alls ekki neitt nýtt. Ég hef látið í ljósi á opinberum vettvangi, að langflestar af þeim marghátt-uðu viðræðum, sem fóru fram við erlenda aðila, meðan ég veitti iðnrn. forstöðu, byggðust á sameiginlegri eignaraðild okkar og þeirra og eftir atvikum annaðhvort þannig, að útlendingarnir ættu minni hl. í fyrirtækjunum eða e. t. v., ef aðstæður væru þannig, að þeir ættu meiri hl., en Íslendingar eignuðust smám saman meiri hl. eða fyrirtækin öll í heild. Hér er þess vegna ekki neitt nýtt á ferðinni. En hins vegar varð að meta aðstöðuna í sambandi við álbræðsluna, og það kom til álita, að við værum eignaraðilar að álbræðslu, bæði í sambandi við samningagerðarumleitanir við Svisslendingana og eins við önnur álfyrirtæki, sem við áttum aðild að. Ég man t. d. eftir einu álfyrirtæki, sem sagði: Þið byggið álbræðsluna, eigið hana sjálfir, 100% íslenzk eign. Það er eins og stendur Dansk ESSO á einhverju stóru ESSO-fyrirtæki í Danmörku. Það vita allir, að Danir eiga ekki neitt í því. Alíslenzkt álfyrirtæki, við látum ykkur fá alla peningana, sem til þess þarf, við fjármögnum verksmiðjuna, og þið borgið okkur svo með því, að við fáum alla álframleiðsluna frá ykkur með því verði, sem um semst hjá okkur. Þetta er ein leiðin til þess að semja við aðila. Það er hægt að gera þetta svona. Í fyrsta lagi með því að eiga ekkert í fyrirtækinu sjálfu, en fá lánað fé eingöngu frá öðrum álfyrirtækjum, sem tryggja sér svo alla hráálsframleiðsluna. En það er nú ekki búið til hráál úr engu, svo að það þarf hráefnið. Það er ekki til hér á landi. Bauxítinu þarf að breyta í súrál, sem er svo flutt hingað núna, og þetta er stór slagur um gervallan heim á milli stóru álfyrirtækjanna að eignast bauxítnámur í Afríku og Ástralíu og öðrum stöðum utan Evrópu og Ameríku, þar sem fyrirtækin eru þegar búin að nota svo og svo mikið af þessu bauxíti eða þessu hráefni, og í þessa glímu gat verið nokkuð erfitt fyrir okkur að ráðast, ekki stærri en við erum og með eina álbræðslu. Hitt var svo líka, að það er ekki nóg að framleiða hráálið, það þarf að selja það. Þar eru stórir risar einnig á heimsmarkaðinum varðandi söluna og kaupin á hráálinu, og ég hef sagt frá því, að ég held, hér í þinginu á sínum tíma, að við hefðum einmitt og ég hefði gert mér sérstakt far um það að leita ráða hjá Norðmönnum, sem var nú vitnað til hér áðan, um það, hvort þeir teldu ráðlegt fyrir okkur að vera aðilar að verksmiðjum, hluthafar í verksmiðjum með einhverjum aðilum eða taka þann hátt, sem við gerðum í álsamningunum, að erlendi aðilinn ætti allt fyrirtækið, allt hlutaféð í fyrirtækinu, eins og ég sagði áðan, en við hefðum svo það hagræði, sem við að öðru leyti teldum, að við gætum skapað okkur af því í sambandi við skattgreiðslu fyrirtækisins hér, raforkusölu og önnur viðskipti, bein og óbein.

Það voru ráðleggingar góðra manna og mjög reyndra í Noregi, sem ég átti viðræður við, og ekki sízt vegna þeirrar reynslu, sem þeir þá nýverið höfðu haft af viðskiptum um stofnun hlutafélags í Husnes með Svisslendingunum, að það væri miklu ráðlegra fyrir okkur með eina slíka verksmiðju og öruggara að fara þannig að eins og við gerðum. Nú getur þetta í sjálfu sér verið matsatriði, og ég skal ekki gera mikið veður út af því eða fara að deila um það hér. En auðvitað er þetta matsatriði á hverjum tíma, og þó að hæstv. iðnrh. segi núna, að það yrði aldrei gerður samningur á svipuðum grundvelli aftur hér, þá veit ég ekki, ef honum á eftir að verða langra lífdaga auðið í stóli iðnrh., nema sú tíð kynni að renna upp, að honum sýndist nú kannske þetta snjallræði, hvernig þeir fóru að Jóhann Hafstein og félagar hans í gamla daga, og ætli það sé ekki bezt, að ég semji bara á þeim forsendum.

Við skulum bara taka eitt lítið dæmi. Við getum byggt eitt stærsta orkuverið á Austurlandi með því að veita vötnum, ef menn vilja það — nú er ég ekki endi-

lega að segja það, því að þá verða nú kannske sumir ekki glaðir hér, — veita vötnum austur í Fljótsdalshéraðið og nýta það mikla fall, sem þar fengist. Og það væri hægt að fá mjög ódýra orku, sem væri nægjanleg fyrir við skulum segja, eins og 5—6 álbræðslur af þessari stærð, sem við höfum hérna. Eða 14, segir þm. Austf., segjum 14, já. Aðalatriðið er það, að þarna væri hægt að virkja stórkostlega, en auðvitað ekki til húsahitunar. Ég býst við, að þeim hv. þm., sem greip fram í, sé það líka alveg ljóst. En það væri hægt með stórkostlegri álframleiðslu t. d. eða kannske annarri efnavinnslu. Og mér þætti mjög ólíklegt, ef menn ættu þess kost, að menn teldu þá ráðlegt, að Íslendingar settu sig í þá stórkostlegu áhættu, sem því væri samfara að eiga svo og svo mikinn hluta af eða vera meðeigendur í slíkum álbræðslum og teldu sig þá miklu öruggari að geta fengið sjálfir ódýrustu orku, sem þeir eiga völ á, samið til tiltekins tíma, jafnvel þótt það væru 25 ár, og gætu þá skrúfað fyrir orkuna fyrir hin erlendu álfyrirtæki, þegar þar að kemur, því að það getum við gert við álbræðsluna.

Því hefur stundum verið haldið fram, að okkur liggi ekkert á og við eigum ekki að vera að selja útlendingum orkuna, því að við þurfum sjálfir á henni að halda eftir 60—70 ár, allri virkjanlegri orku í fallvötnum okkar. Hvað sem því nú líður, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, að við gerum slíka orkusölusamninga til takmarkaðs tíma, til 25 ára. Þá breytast þeir, e. t. v. einhverja framlengingu o. s. frv., en allra lengsti tími í orkusölusamningnum við Svisslendingana eru 25 ár + endurskoðaðir samningar til 10 ára + 10 ára eða 45 ár. En þá erum við lausir allra mála. Þá getum við hagnýtt þessa orku með einhverjum öðrum hætti, ef okkur finnst það hagkvæmara, samið okkur inn í álbræðsluna þá, vegna þess að þeir standa nú ekki vel að vígi, þegar við getum skrúfað fyrir rafmagnið og látið storkna í öllum kerunum á einni nóttu. Svisslendingarnir vildu semja við okkur um, hvernig ætti að fara að að þessum tíma liðnum. Ég sagði, að við skyldum ekkert vera að hugsa um það. Það væri nóg, að þeir menn, sem tækju við af okkur þá, stæðu við kranann og semdu við þá upp á þau býti eða með þeirri aðstöðu að geta sjálfir skrúfað fyrir rafmagnið. Og ég öfundaði þá ekkert að standa í slíkri samningagerð og það væri miklu betra, að við semdum ekkert nú. Þeir voru ekkert ánægðir yfir því, en við það varð að sitja.

Nei, ég held, að við séum allir sammála um það, að í langflestum tilfellum væri mjög æskilegt að geta samið um eignaraðild okkar í fyrirtækjunum og sennilega oftast langæskilegast, að við gætum haft meirihlutaaðild eða a. m. k. eignazt hana. En ég vil aðeins vekja athygli manna á því, að menn ættu vel að hugsa um, að álframleiðsla er að þessu leyti ákaflega sérkennileg og einkennileg, vegna þess að hér er aðeins um framleiðslu á hrááli að ræða, sem er liður í langri framleiðslukeðju, ótrúlega langri, frá því að námurnar eru nýttar og bauxítið unnið og þangað til hinar ótrúlega margvíslegu framleiðslueiningar á álinu eða framleiðsluvörur koma á markaðinn, eins og nú er orðið, því að það er farið að nýta þetta efni í miklu fleiri hluti en áður var. Auk þess er þarna við mikla erfiðleika að glíma á erlendum markaði, samkeppni, eins og ég vék að, og þetta mundi sjálfsagt allt koma til athugunar. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði mikill ágangur á okkur, að erlend álfyrirtæki óski eftir álbræðslum hér alveg á næstu árum, vegna þess hvernig álmarkaðurinn er. En við skulum vona, að við getum gert samninga við erlenda aðila um orkunotkun hjá okkur, hagkvæma orkunotkun, og þess vegna fagnaði ég því, að hæstv. ráðh. hefur fengið sér ráðunauta til þess að stuðla að því. Hann segir að vísu, að þetta sé engin stóriðjunefnd. Ég geri ráð fyrir því, að þetta sé þó fyrst og fremst nefnd, sem á að athuga möguleikana á því og ráðleggja hæstv. ráðh. um það, hvernig hægt sé að ná hagkvæmum samningum um nýjan, orkufrekan iðnað á Íslandi, sem geri okkur betur kleift en ella að framkvæma á skemmri tíma stórvirkjanir og með hagkvæmari raforku í fallvötnum okkar en ella væri.

Ég sagði í upphafi máls míns, að það hefðu verið mér vonbrigði, að hæstv. ráðh. skoðaði þessa till. sem vantraust á sig. Eins og hann sagði sjálfur, höfum við oft deilt um þessi mál fyrr og síðar hér í þinginu og erum að gera og eigum sjálfsagt eftir að gera. En ég flyt ekki þessa till. sem vantrauststillögu á hæstv. iðnrh., og ég vil biðja hann að endurskoða hug sinn, því að mér hefði þótt vænna um, að hann hefði tekið því með glöðu geði, að það er lagt til, að Alþ. leggi til í þeirri baráttu, sem við eigum fram undan, fasta stóriðjunefnd, sem kosin er, eins og lagt er til, reglulega að afloknum hverjum þingkosningum og sem ætti að geta orðið bæði þessari hæstv. ríkisstj. og öðrum ríkisstj. til styrktar í þessum þýðingarmiklu málum, bæði nú og í framtíðinni. Út frá þessu sjónarmiði óska ég eftir, að hæstv. iðnrh. líti á þennan tillöguflutning, og ég bið hv. þm. að taka tillöguflutninginn frá þessu sjónarmiði, þannig að við megum gera okkur vonir um, að slík till. eins og þessi fái góðan byr í gegnum Alþ., og hún er engan veginn vantraust á ráðh. Till. á að styrkja þann aðila, sem hefur forgöngu í þessum málum nú, sem er hæstv. iðnrh., og það hefur aldrei hvarflað að mér, að slík nefnd, ef hún kæmist á laggirnar, yrði neinn hemill á hæstv. iðnrh., heldur yrði hún honum til styrktar. Sjálfur fann ég oft til þess, að okkur var mjög áfátt. Við höfðum litlu liði á að skipa, og það mundi vera til styrktar að fá Alþ. strax með í spilið, ekki á síðara stigi málsins, sem ég þó stuðlaði að í sambandi við álsamningana, heldur að það væri hér á hverjum tíma fastanefnd, sem bæði getur fylgzt með því, sem er að gerast, og haft frumkvæði að því að gera hluti, sem ella væru ekki gerðir. Ég vil leyfa mér þess vegna að vonast til þess, eins og ég sagði í minni frumræðu, að þessi till. geti fengið afgreiðslu í þinginu og þurfi ekki að valda ágreiningi, því að henni er engan veginn ætlað að verða vantraust á einn eða annan.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta er nú orðin ákaflega almenn stjórnmálaumræða, og ég ætla nú ekki að lengja mál mitt mjög mikið. En í tilefni af því, að hv. þm. lýsti mig hér ósannindamann, þá vil ég láta þess getið, að ég hef ekki tiltækar tilvitnanir, en ég minnist þess mjög glöggt, að Morgunblaðið vitnaði margsinnis í kosningabaráttunni í ræðu, sem þessi hv. þm. hélt um væntanlegar virkjanir í Tungnaá. Og þar lýsti hann yfir því, að hann teldi sjálfsagt að tengja þessar virkjanir við samninga við erlendan aðila. Þessar tilvitnanir eru mjög auðfundnar.

Í þessu felst náttúrlega ekki, að það sé ekki hægt að virkja án slíkra samninga, eins og hv. þm. var að orða hér áðan. Mér hefur aldrei dottið í hug, að hann hafi sagt neitt slíkt. En hans stefna var sú, að það ætti að tengja ákvörðun um virkjun í Tungnaá við samninga við erlendan aðila. Og það er þarna, sem okkur greinir á um stefnuna. Ef þessi hv. þm. hefði verið áfram í ráðherrastóli, hefði hann áreiðanlega tengt þetta tvennt saman. Hann var búinn að lýsa því yfir margsinnis, að það væri hans stefna. En ég held, að það liggi mjög greinilega í augum uppi, að slík samtenging er ákaflega óskynsamleg. Erlendur aðili, sem veit, að það er undir honum komið, hvort smáþjóð eins og við getur ráðizt í virkjun, fær samningsaðstöðu, sem er algerlega óþolandi, og hann gengur þá örugglega á lagið. Við sáum, hvernig það var gert í sambandi við Búrfellsvirkjun. Þar var sannarlega gengið á lagið. Þar var gengið á lagið að því er varðar raforkuverð. Það verð, sem þá var samið um, var að sögn aðalframkvæmdastjóra Alusuisse það lægsta, sem hringurinn greiddi nokkurs staðar í heiminum. Og það var meira gengið á lagið. Það var gengið þannig á lagið, að þetta fyrirtæki er ekki einu sinni undir íslenzkum dómstólum. Ég er sannfærður um það, sem ég sagði áðan, að slíkir samningar verða aldrei gerðir af Íslendingum oftar.

Hv. þm. minntist á raforkuverð frá Sigölduvirkjun og spurði, hvort 35 aura verð væri ekki miðað við fullnýtingu. Það er alveg rétt, það er miðað við fullnýtingu. Og ef þarna verður virkjað í áföngum, verður raforkuverðið mun hærra í fáein ár. Þetta er alveg rétt. Og að sjálfsögðu er það mikilvægt, að við reynum að haga iðnvæðingu okkar þannig, að við getum ráðizt í þessa virkjun í einum áfanga. Sá vandi hvílir á íslenzkum stjórnvöldum og Alþingi Íslendinga að reyna að láta orkuframleiðslu og orkunotkun haldast þannig í hendur, að þessi virkjun verði sem hagkvæmust og raforkan nýtist sem bezt. Þennan vanda verður að sjálfsögðu að leysa. En það er hægt að leysa hann á margvíslegan annan hátt en gerður var með samningum við álbræðsluna í Straumsvík.

Hv. þm. sagði, að það væri ekkert nýtt að tala um að semja við erlendan aðila á þeim forsendum, að Íslendingar tryggðu sér meirihlutaeign í slíku fyrirtæki. Það má vel vera, að hv. þm. hafi stundum látið slík ummæli uppi. Mig rekur nú ekki mjög minni til þess. Hitt man ég, að þegar gyllingarnar voru hvað mestar um samningana við álbræðsluna, þá var talað um það, að þarna væri braut, sem yrði haldið áfram að fara eftir. Meira að segja var talað um það í draumsýn, að hér þyrftu að rísa einar 20 álbræðslur á örfáum árum. Og það voru fjölmörg önnur fyrirtæki af smávaxnara tagi, sem talað var um, að útlendingar ættu að reisa og reka á Íslandi. Þetta var hinn almenni áróður. Þetta var sú mynd, sem brugðið var upp fyrir þjóðinni.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er erfitt fyrir Íslendinga að komast inn í framleiðsluferil eins og álframleiðslu. Þarna er um að ræða mjög öfluga auðhringa, sem ráða yfir öllum stigum framleiðsluferilsins, allt frá námunum og upp úr. Og það er ákaflega erfitt fyrir veikan aðila eins og Íslendinga að ætla að koma fram sem sjálfstæður aðili gagnvart slíkum auðhringum. Þetta er alveg ljóst. Og þarna er eitt af þeim vandamálum, sem við verðum að gera okkur grein fyrir. Hvers erum við megnugir? Hvað getum við? Á hvaða sviðum treystum við okkur til þess að standa á rétti okkar að fullu og á hvaða sviðum getum við þetta ekki? Þetta verður örugglega mikill vandi. En þetta er eitt af þeim vandamálum, sem hvíla á hverri smáþjóð, sem reynir að halda rétti sínum í veröldinni. Og það er hlutverk okkar að reyna að leysa vandamál af þessu tagi.

En í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um raforku, þá er það eitt, sem ég held, að sé ástæða til að leggja áherzlu á. Það er oft talað um raforku sem það stóra einkenni í iðnaðarþjóðfélagi. En raforkuframleiðsla er í sjálfu sér mjög takmörkuð verðmætasköpun. Verð á hráorku er tiltölulega mjög lágt. Það, sem raforkan gerir, er, að hún skapar grundvöll að iðnvæðingu. Það er hægt að koma upp iðnaði á grundvelli þess að fá raforku, og það er þar, sem gildið liggur. Og einmitt þess vegna er það keppikefli okkar að koma upp iðnaði í eigu landsmanna sjálfra fyrst og fremst til þess að hagnýta þá miklu raforkuframleiðslumöguleika, sem við höfum í landinu. Ef við eftirlátum þetta verkefni útlendingum, þá erum við um leið að afsala okkur stórfelldum möguleikum og gefa hinum erlendu aðilum einnig tækifæri til þess að flytja arðinn af raforku okkar að verulegu leyti úr landi. Á okkur hvílir sá vandi að leysa þessi vandamál sjálfir, að iðnvæðast sjálfir af eigin rammleik og tryggja það, að iðnaðurinn verði hluti af efnahagskerfi íslenzku þjóðarinnar.

Hv. þm. minntist lauslega á húshitun með raforku og talaði nú ekki um hana af neinni sérstakri virðingu. Ég held, að við eigum ekki að gera neitt lítið úr þessum markaði. Samkv. bráðabirgðaskýrslu frá húshitunarnefnd Landsvirkjunar, þá er gert ráð fyrir því, að raforka til húshitunar á Landsvirkjunarsvæðinu geti verið komin upp í 380 gwst. á ári árið 1982. Og þetta er mjög verulegt magn, og þetta er aðeins á svæði Landsvirkjunar. Utan þess svæðis er einnig um mjög mikla möguleika á húshitun með raforku að ræða. Og auðvitað jafngilda slík umskipti frá innfluttum hitagjafa yfir til raforku, sem við framleiðum sjálfir, verulegum iðnaði og meira að segja gjaldeyrisiðnaði. Þarna erum við að spara gjaldeyri með framleiðslu í landinu sjálfu. Ég hygg nú, að fáum detti það í hug, að verð það, sem bjóðist til húshitunar, verði 35 aurar á kwst., jafnvel þótt talað sé um það sem framleiðslukostnaðarverð frá Sigölduvirkjun. En ég vil láta þess getið til fróðleiks, að í þessu áliti er talað um, að heildarkostnaður rafveitna vegna húshitunar sérstaklega sé áætlaður 15—20 aurar á kwst. og ef Landsvirkjun sjái sér fært að selja rafmagn til húshitunar á 45 aura kwst., þýði þetta, að rafveiturnar ættu að geta boðið 60—65 aura á kwst. til sömu nota. Þetta hygg ég, að sé býsna hagkvæmt verð og muni geta ýtt undir mjög verulega húshitun með rafmagni á Íslandi í framtíðinni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mér þykir leitt, að ég missti af fyrri hluta þessara umr., þar sem ég áleit, að það væru mörg önnur dagskrárefni, sem yrðu fyrr tekin fyrir, og var bundinn við önnur skyldustörf hér áðan. En þótt svo hafi verið, vil ég aðeins rifja upp nokkur atriði í sambandi við þær umr., sem ég hef hlýtt á, og bið þá afsökunar, ef ég endurtek eitthvað, sem hér hefur áður verið sagt.

Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að það komi fram að gefnu tilefni ummæla hæstv. iðnrh., að þegar Landsvirkjunarstjórn stendur frammi fyrir því, hvaða virkjun hún á að velja og biðja um leyfi til að fá að bjóða út, þá eru valkostirnir annars vegar 150 mw. virkjun í Sigöldu og hins vegar 150 mw. virkjun í Hrauneyjafossum. Nokkrum vikum áður en þessi ákvörðun var tekin í Landsvirkjun um Sigölduvirkjun, barst tilkynning um það á stjórnarfund Landsvirkjunar, að hæstv. iðnrh. ætlaði sér að láta endurskoða eldri virkjunarvalkosti í virkjunarmálum og m. a. þann valkost, sem hann flutti till. um á síðasta þingi, um virkjun í Brúará, 22—30 mw. Landsvirkjunarstjórn fékk ekkert að heyra um niðurstöðu af þeirri endurskoðun á smávirkjanaleiðinni, enda var það skoðun í stjórninni, að smávirkjanaleiðinni hefði verið hafnað þegar á Alþ. 1966 og það, að engar fréttir bárust frá hæstv. iðnrh. til Landsvirkjunarstjórnar um niðurstöðu af endurskoðun á smávirkjanaleiðinni, hefur í mínum huga verið sönnun þess, að Alþ. valdi rétt 1966, þegar stórvirkjanaleiðin var farin að frumkvæði fyrrv. ríkisstj., og að nú með endurskoðuðum áætlunum væri það enn svo, að rétt væri að halda stórvirkjunum áfram.

Það er rétt, að Landsvirkjunarstjórn tekur ákvörðun um stórvirkjun, um Sigölduvirkjun í þessu tilviki, án þess að full vissa sé um orkusölusamning til stóriðju. En valið á Sigöldu umfram Hrauneyjafossa er vísbending um, að í huga Landsvirkjunarstjórnar er þetta tengt saman, að samningar takist um stóran orkusölusamning við erlendan aðila. Það liggur alveg ljóst fyrir, að jafnvel þótt húshitun aukist að mun, getur hún ekki orðið til þess að bera uppi Sigölduvirkjun með óbreyttu rafmagnsverði. Hún getur aukið markaðinn að einhverju leyti, en þó ekki fyrr en eftir allmörg ár. Og hefði það verið svo, að ekki væri hugsað til annars en virkja annaðhvort Sigöldu eða Hrauneyjafossa og þá annan hvorn staðinn í áföngum, t. d. 50 mw. áföngum, sem er auðvitað langtum dýrara, þá hefði verið rökrétt og var samhljóða álit í Landsvirkjunarstjórn, að velja fremur Hrauneyjafossa á undan. Þetta veit hæstv. iðnrh. Ég er ekki að gagnrýna hann fyrir það að hafa ekki gripið í taumana. Ég er honum þakklátur og virði, að hann gerði það ekki, því að þessi ákvörðun Landsvirkjunarstjórnar og eftirfarandi leyfi iðnrh. til þeirrar virkjunar er í raun og veru yfirlýsing um það, að sækjast verður eftir sölusamningum raforku í stórum stíl við erlendan notanda. Hvort það er svo hagkvæmara eða aðstaða Íslendinga betri að sækjast eftir slíkum samningi eftir að virkjun er ákveðin eða á undan, um það vil ég fullkomlega draga í efa, að nokkur regla sé undir öllum kringumstæðum til, því að svo getur auðvitað farið, ef við höfum þegar ákveðið og hafið framkvæmdir við stórvirkjun, að við getum lent í þeirri aðstöðu, að við þurfum fyrir hvern mun að leita samninga og við verðum þá, þegar út í framkvæmdina er komið, að sætta okkur við lélegri samningsskilyrði en ef við gengjum frá samningum fyrir fram.

Í þessu tilviki var ekki um það að ræða, að unnt væri að ganga frá raforkusölusamningum við erlenda aðila fyrir fram, og það er þess vegna ekkert gagnrýnisefni af minni hálfu gagnvart hæstv. iðnrh. eða ríkisstj. í heild. En ég ítreka og legg áherzlu á, að ég trúi ekki öðru en hæstv. iðnrh. hafi gert sér grein fyrir því, að höfuðröksemd í ákvörðun Landsvirkjunarstjórnar fyrir vali á Sigöldu umfram Hrauneyjafossa var einmitt sú, að takast mætti að selja raforkuna með stórum orkusölusamningi, þannig að þá tækist ekki eingöngu að virkja við Sigöldu 150 mw. í einum áfanga, heldur mætti í beinu áframhaldi halda áfram með virkjun Hrauneyjafossa á eftir, annarra 150 mw. Ef takast á að virkja 300 mw. í beinu áframhaldi á næstu árum, þá liggur í augum uppi, að við þurfum á stórum raforkusölusamningum að halda. Þetta ætti hæstv. iðnrh. að vera ljóst, og þess vegna er ég mjög ánægður, að hann hefur óbeint lagt blessun sína á slíka stefnu, sem er Íslendingum mjög mikið hagsmunamál.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þessum ummælum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar. Landsvirkjun bjó til fjóra valkosti, þegar hún lagði fyrir áætlanirnar um virkjanir í Tungnaá. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. segir, að tveir af valkostunum gerðu ráð fyrir samningum við erlendan aðila. En það voru tveir aðrir valkostir, sem ekki gerðu ráð fyrir slíkum samningum. Og þegar verkfræðingar Landsvirkjunar eru að gera upp það dæmi, hvort ráðast eigi fyrst í Sigöldu eða Hrauneyjafossa, sem var nú ekkert meiri háttar vandamál, eru röksemdir þeirra fyrst og fremst verkfræðilegar. Og vegna þess að verkfræðingar Landsvirkjunar komust að þessum niðurstöðum á verkfræðilegum forsendum, þá taldi ég að sjálfsögðu engin rök til þess, að ég færi að breyta þeirri niðurstöðu.

Hv. þm. minntist á það, að ég hefði óskað eftir því, að fyrri áætlanir um smávirkjanir yrðu endurskoðaðar með tilliti til dagsins í dag. Þetta er alveg rétt. Þetta gerði ég. Ég gerði þetta af þeirri einföldu ástæðu, að ég var að taka við störfum sem nýr ráðh. og ég vildi kynna mér þá valkosti, sem um væri að ræða. Ég vildi ekki hafa orð annarra fyrir því, hvað væri hagkvæmast, heldur vildi ég kanna þetta sjálfur. Og ég vænti þess, að þetta verði ekki talin neitt óeðlileg vinnubrögð.

Það kom í ljós, að þessar smávirkjanir voru óhagkvæmar, tvær þeirra a. m. k. En það hefði vissulega verið freistandi að ráðast í varmaorkuveitu í Hveragerði. Það hefði verið ákaflega freistandi. Það var hagkvæm virkjun, og hún hefði getað fært okkur mikla nýja reynslu. En ástæðan til þess, að ég taldi engu að síður rétt að ráðast í stóra virkjun, var sú, að núv. ríkisstj. er í málefnasamningi sínum með áform um mjög verulegar iðnvæðingarframkvæmdir á Íslandi, og ef þær framkvæmdir eiga að ná fram að ganga, eins og er ætlun ríkisstj., þá þurfum við að sjálfsögðu á verulegri raforku að halda, og þá raforku vildum við tryggja með þessari ákvörðun.

Hv. þm. sagði, að það gæti verið álitamál, hvort það væri skynsamlegra að gera samninga við orkukaupaaðila í sambandi við virkjun eða síðar. Það gæti vel skeð, að ef menn tækju ákvörðun um virkjun, þá lentu þeir í þvílíkum vanda, að þeir yrðu að gera lélega samninga að lokum, vegna þess að þeir sæju ekki alla hluti fyrir. En þetta er ekki rétt í þessu tilviki. Það liggur fyrir á óumdeilanlegan hátt, að á Íslandi er nægur raforkumarkaður fyrir alla raforku frá Sigölduvirkjun. Við þurfum ekki að lúta að neinum nauðungarsamningum. Þessi samningur er tiltækur í landinu. Mark-

aðurinn fyrir orkusölu til húshitunar er meira en helmingurinn af orkumagninu frá Sigölduvirkjun, sem hægt er að verja til slíkra hluta á þessum áratug fram til 1980, þannig að við þurfum ekki að lenda í neinum vanda. En að sjálfsögðu þurfum við að kanna það mjög gaumgæfilega, hvort það er í okkar hag að koma hér upp orkufrekum iðnaði til þess að flýta þessum framkvæmdum, og að því mun að sjálfsögðu verða unnið. Við munum safna öllum tiltækum upplýsingum um þau mál, og síðan verður það metið á sjálfstæðan hátt út frá hagsmunum okkar, hvort það er skynsamlegt að ráðast í slíkar framkvæmdir, ekki vegna þess, að við séum tilneyddir, eins og fyrrv. ríkisstj. taldi sig vera, þegar hún þóttist ekki geta ráðizt í Búrfellsvirkjun nema semja við erlendan aðila. Við viljum kanna það á málefnalegan hátt, hvort slíkar framkvæmdir séu hagkvæmar, og séu þær það, verður ráðizt í þær.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég vil aðeins taka það fram, að valið milli Sigöldu og Hrauneyjafossa var ekki byggt á verkfræðilegum ástæðum fyrst og fremst nema að því leyti til, að verkfræðilegt álit sagði sem svo, að það væri að öðru jöfnu alltaf eðlilegra að virkja ofar í á en neðar. En Hrauneyjafossvirkjun var hagkvæmari fjárhagslega og í framkvæmd, ef önnur hvor virkjunin átti ein að standa um lengri tíma, og það er þetta, sem gerir það að verkum, að Sigalda var valin, að það er vísbending um, að við verðum að leggja áherzlu á að tengja þessar tvær stórvirkjanir saman.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 41 shlj. atkv.

Á 62., 63. og 65. fundi í Sþ., 28. apríl, 2. og 5. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 12. maí, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 30, n. 617).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er um að ræða, er á þskj. 30 og hefur legið lengi fyrir hv. Alþ. Allshn. hefur rætt till., en hún gat ekki orðið sammála um að samþykkja till. óbreytta. Till. er flutt af sjálfstæðismönnum og er um það, að Alþ. kjósi sjö manna stóriðjunefnd. Hlutverk nefndarinnar skal vera í fyrsta lagi að kanna möguleika til aukinnar stóriðju í landinu í tengslum við stórvirkjanir í fallvötnum landsins eða aukna hagnýtingu jarðvarmaorku. Í öðru lagi að hafa samráð við þá aðila, sem tengzt gætu verkefnum nefndarinnar eða vinna að skyldum málefnum, svo sem Orkustofnun, Landsvirkjun, Iðnþróunarsjóð, Iðnþróunarstofnun Íslands og Rafmagnsveitur ríkisins. Í þriðja lagi skal nefndin gefa Alþ. skýrslur um framvindu mála og aldrei sjaldnar en í upphafi þings og fyrir þingslit og leggja fyrir Alþ. till. til framkvæmda.

Eins og kunnugt er, hefur hæstv. ríkisstj. skipað viðræðunefnd í stóriðjumálum. Það var það, sem stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. vitnuðu til, og töldu m. a. af þeim ástæðum ekki eðlilegt að samþykkja þá till. óbreytta, sem hér er um að ræða. Það er og vitað mál, að stuðningsflokkar ríkisstj. höfðu afl til þess að fella þessa till. Við fulltrúar Sjálfstfl. í allshn. gengum þess vegna til samkomulags í n. um það, að n. vísaði till. til ríkisstj. með því fororði, sem segir í nál. á þskj. 617. Þar segir þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur rætt till. á þskj. 30 um stóriðju á Íslandi og kosningu sjö manna stóriðjunefndar, eins og gert er ráð fyrir í till. Nefndin felst á þau sjónarmið, að Alþ. hafi jafnan úrslitaáhrif um stóriðju í tengslum við stórvirkjanir. Gæti því verið hagstætt, að stöðug athugun þeirra mála verði til meðferðar hjá ríkisstj. og Alþ. Slíkt þyrfti hins vegar að samræma sambærilegum nefndarstörfum og aðstæðum, sem á döfinni eru hjá ríkisstj."

Í þessu nál. er það viðurkennt, að eðlilegt sé, að Alþ. sé jafnan með í ráðum og hafi úrslitaáhrif um stóriðju í tengslum við stórvirkjanir. Þá er enn fremur viðurkennt það sjónarmið, að eðlilegt sé, að ríkisstj. hafi stöðugt samband við Alþ. um þau mál, sem á döfinni eru í stórvirkjunar- og stóriðjumálum. Þetta er sameiginlegt álit allshn. Ég mun þess vegna ekki orðlengja þetta miklu meira og ekki haga orðum mínum sem frsm. í þetta sinn á annan veg en þann, sem allir nm. gætu sætt sig við.

Það er viðurkennt af hæstv. ríkisstj. og Alþ., að það sé ekki unnt að ráðast í stórvirkjanir á Íslandi, nema því fylgi stóriðja, að því fylgi orkufrekur iðnaður, sem kaupir orkuna. Það virðist einnig vera álit hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, að nauðsynlegt sé að beita sér fyrir stóriðjuframkvæmdum. Hins vegar er nokkur skoðanamunur um það, hvernig að þessum málum skuli standa og hvernig aðgerðum skuli hagað. Skal ég ekki fara nánar út í það að þessu sinni. Við sjálfstæðismenn höfum oft lýst því, hvernig beri að standa að þessum málum, en við höfum fengið gagnrýni fyrir það, og skal ég ekki í þetta sinn fara nánar út í það, en ég tel eftir atvikum, að það sé nokkurs virði, að allshn. gat sameinazt um nál. fyrir þessari till., þótt það leiði ekki af sér samþykkt á till. í því formi, sem hún var flutt.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að mótmæla að neinu leyti þessari till. eða afgreiðslu hennar. En úr því að hér ber á góma stóriðju og þá um leið rafvirkjanir í landi okkar, sem að mínum skilningi hljóta að fylgjast að, vil ég minna á það, að allsnemma á þessu þingi flutti ég þáltill. og í henni fólst áskorun á ríkisstj. að láta fara fram þegar á þessu ári ítarlega athugun á virkjunarmöguleikum í Jökulsá eystri í Skagafirði. Ég veit, að allshn. hefur haft mikið að gera á þessum vetri og það bólar ekki enn þá neitt á afgreiðslu n. hvað þessa till. áhrærir, og má vera, að nál. komi ekki fram. Hins vegar hefði mér þótt vænt um, að það kæmu þá fram í þinginu einmitt upplýsingar t. d. frá þeim, sem hafa lítillega athugað virkjunarmöguleika í þessari á, að upplýsingar frá þeim kæmu fram og yrðu birtar hér í skjölum, sem liggja fyrir Alþingi.

Ég minnist þess í vetur, að ég las Morgunblaðið. Vitaskuld geri ég það á hverjum degi, það þarf ekki að taka það fram. En ég man eftir því, að það var einhvern tíma í vetur, — það er ekki svo ýkja langt síðan, — að ég las viðtal, sem einn af beztu blaðamönnum Morgunblaðsins, að mínu áliti, Elín Pálmadóttir, átti við, — ég

man nú ekki nafnið á manninum, — mann, sem vinnur hjá orkumálastofnuninni og hefur mikið vit á orkumálum. Og það var í sambandi við það, að hann hafði tekið þátt í ráðstefnum, sem höfðu verið haldnar um rannsóknir á hinum svo nefnda Atlantshafshrygg, sem liggur norður eftir öllu Atlantshafi eins og við vitum, og þannig er, að Ísland er á þessum hrygg. Og með þessari grein birtist mynd af Íslandi og einmitt þeim hluta hryggjarins, þar sem jarðfræðingurinn var að tala um, að sprungurnar lægju, sprungurnar í Atlantshafshryggnum. Það kom fram hér í vetur í umr. á Alþ. út af till. eða fsp. frá hv. 1. þm. Norðurl. e. í sambandi við rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Jökulsá við Dettifoss, og hæstv. orkumrh. upplýsti það, að við þær rannsóknir hefði það komið fram, að þar væri um að ræða sífelldar hræringar í jarðskorpunni.

Ég átti tal við kunningja minn, skagfirzkan, sem hefur einmitt unnið við Þjórsárvirkjanir, við þau stóru verk, sem verið er að vinna á Þjórsársvæðinu, og hann sagði mér, að einn morguninn, þegar hann hefði komið út, sáu þessir verkamenn, að það hafði myndazt sprunga í jarðveginn. Hann sagðist ekki vita hversu löng. Hann sagðist hafa hent steini ofan í hana og hann hefði ekki heyrt neitt til þess steins, hvar hann lenti.

Sem sagt, ég ætla ekki að fara í neinn meting. Ég ætla ekki að fara að halda því fram, að við eigum að hætta við að rannsaka virkjunaraðstæður við Dettifoss og Jökulsá eystri. En ég vil bara benda á það, að allar þær stórvirkjanir, sem við höfum í huga, eru byggðar á þessu sprungubelti, sem liggur yfir Ísland. Allar stórvirkjanir, sem unnið er að í dag, eru byggðar á þessu belti. Vitaskuld væntum við þess, að hér verði ekki neinar hamfarir í náttúrunni, hvorki eldgos né jarðskjálftar, en það eru hlutir, sem við vitum ekkert um og ráðum engu um, og þess vegna ber ég fram þessa spurningu: Væri ekki hyggilegt, að við Íslendingar byggðum eina stóra virkjun fyrir utan þetta jarðskjálftasvæði? Möguleikarnir til að byggja þessa virkjun eru einmitt í Jökulsá eystri í Skagafirði. Þar getum við virkjað á milli 200 og 300 megawött.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 617 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 34 shlj. atkv.

12. Staðarval ríkisstofnana.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land [191. mál] (A. 365).

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44., 50. og 54. fundi í Sþ., 2. og 17. marz, 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 365 till. til þál. um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land. Meginefni till. er, að Alþ. kjósi nefnd til að gera heildarúttekt og könnun þessa máls, og þar með, að grundvöllur skapist fyrir því, að löggjafarsamkunda þjóðarinnar geti mótað sér heildarstefnu á þessu sviði. Því miður hefur það verið svo fram til þessa, að fram hafa eingöngu komið tillögur og hugmyndir um staðarval einstakra stofnana úti um land. Þær hafa verið ræddar hér á hv. Alþ. og menn hafa skipzt á skoðunum um gildi þeirra, en árangurinn hefur því miður orðið sáralítill, og jafnvel þótt sumar þær tillögur yrðu samþykktar, er lítil trygging fyrir því, að þær fælu í sér þá leið, sem að athuguðu máli yrði talin heppilegust fyrir heildarþróun byggðar í landinu, og um leið tryggt, að umræddar stofnanir þjónuðu jafnframt upprunalegu hlutverki sínu með hliðstæðum árangri og þær væru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.

Flestar nágrannaþjóðir okkar hafa þegar valið veigamiklum ríkisstofnunum stað utan höfuðborganna til þess að hafa með þeim hætti áhrif á þróun byggðar í viðkomandi löndum. Þar má m. a. benda á Norðurlöndin, t. d. Noreg og Svíþjóð. Viðtækar athuganir hafa farið fram í þessum löndum á því, hvernig ná megi sem mestum árangri í þessu efni án þess að veikja um leið hæfni stofnananna til þess að veita öllu landsfólkinu þjónustu sína. Ég tel einsætt að kynna sér sem bezt þá reynslu, sem fengizt hefur af þessari viðleitni meðal þjóða, sem okkur eru skyldastar og eiga við mjög hliðstæð vandamál að glíma og við í byggðamálum. Þess vegna er sérstaklega að þessu vikið í tillögunni.

Ég vil vekja sérstaka athygli hv. þm. á því, að vandamál byggðaröskunarinnar og úrræði til þess að bæta þar úr eru víðast efst á baugi í nágrannalöndum okkar við hliðina á svo nefndum mengunarvandamálum. Hér á landi hefur skilningur aukizt mjög á því, að við Íslendingar þurfum einnig að hyggja að þessum málum, og fyrstu mikilvægu skrefin í þessa átt hafa þegar verið stigin hér á landi með gerð og framkvæmd byggðaáætlana og stofnun Atvinnujöfnunarsjóðs, sem nú hefur hlotið nafnið Byggðasjóður og vonandi ber það nafn með rentu. Allt um það er ég þeirrar skoðunar, að fáir geri sér ljóst, hver þáttaskil eru nú í byggðamálum á Íslandi. Fyrr á árum var okkur nauðsyn á að eignast öfluga höfuðborg. Þótt fólksflutningar hingað til Reykjavíkur hafi verið mikil blóðtaka fyrir landsbyggðina á þessum árum, má til sanns vegar færa, að þeir flutningar hafi stuðlað að því, að við eignuðumst nægilega fljótt öfluga miðstöð atvinnulífs, menningar og lista, viðskipta og þjónustu fyrir allt landið, sem auðvitað er grundvallarskilyrði fyrir sjálfstæða þjóð, sem lifir nútímalífi. Nú býr á hinn bóginn rúmlega helmingur þjóðarinnar hér á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni.

Þótt dregið hafi úr aðflutningum frá landsbyggðinni s. l. áratug frá því, sem áður var, halda þeir samt áfram með geigvænlegum hraða. Nú skapa þessir aðflutningar og hraðstækkun þéttbýlisins verulegan vanda hér á höfuðborgarsvæðinu, sem er dýr úrlausnar. Má þar m. a. nefna umferðarvanda, eins og t. d. á Kópavogshálsi. Fleira mætti nefna, svo sem skort á bílastæðum í miðborginni, frárennslis- og vatnsöflunarvandamál, sem fara ugglaust að vaxa mjög með meiri vexti borgarsvæðisins. Úti um land skapar svo brottflutningur fólksins þaðan einnig vandamál, sem eru þjóðfélaginu dýr. Mannvirki og auðlindir þjóðarinnar nýtast verr en skyldi vegna þeirra, og það, sem enn þá alvarlegra er, aðstaðan til blómlegs atvinnulífs, félags-, heilbrigðis- og menningarlífs versnar, eftir því sem byggðin grisjast af fólki í viðkomandi landshlutum. Það er því orðin bláköld staðreynd fyrir alla þá, sem gera sér grein fyrir, hvað er að gerast í íslenzkum byggðamálum, að verði ekki að gert, mun áframhaldandi byggðaröskun kosta þjóðina óhugnanlega mikið. Hún kostar mikið í beinhörðum peningum og ekki síður í félagslegum og menningarlegum verðmætum, sem ekki verða metin til fjár. Þetta eru sannindi, sem aðrar þjóðir hafa opnað augu sín fyrir. Þetta sama er að gerast meðal þeirra, og fyrir þessu þurfum við Íslendingar að opna augu okkar enn betur en orðið er í verki, áður en það er orðið of seint. Við skulum minnast þess, að áður fyrr var eins konar varaforði af fólki í sveitum landsins, ef svo mætti að orði komast. Með vélvæðingunni í landbúnaðinum losnaði þaðan vinnuafl, sem fluttist m. a. til bæja og þorpa úti um land og stuðlaði að vexti þeirra, þótt margir hyrfu á brott til höfuðborgarsvæðisins. Nú er enginn slíkur fólksforði í sveitum landsins. Þvert á móti skortir þar víða nægan fólksfjölda til þess að mynda þar félagslegt samfélag, sem nútíma mannlíf krefst. Þetta er ekki ómerkasta röksemdin fyrir því, að nú eru sannarlega óvefengjanlega þáttaskil í byggðamálunum á Íslandi, sem bregðast þarf hart við næstu ár, ef það á ekki að verða um seinan.

Ástæðan fyrir því, að flestar þjóðir hafa lagt sig í framkróka um að velja ríkisstofnunum stað utan höfuðborgarsvæðisins, er fyrst og fremst sú, að viðkomandi stjórnvöld gera sér grein fyrir einni meginorsök byggðaröskunarinnar. Hún er sú, að vélvæðingin leysir vinnuafl af hólmi í frumframleiðslugreinum, en sú aukna verkaskipting, sem nauðsynleg er í nútíma þjóðfélagi, krefst stóraukinnar þjónustu, sem bæði einkaaðilar láta í té og einnig opinberir aðilar. Því er reynslan sú, að í öllum þjóðfélögum, sem eru í framþróun, fækkar fólki hlutfallslega í frumframleiðslugreinum, en fjölgar í iðnaðar- og þjónustugreinum atvinnulífsins. Áhrifin af þessari óhjákvæmilegu atvinnuþróun á byggð í löndum, sem eru á framfarabraut, eru augljós. Frumvinnslugreinarnar eru eðlilega fyrst og fremst stundaðar í strjálli byggðum, en iðnaður og þjónusta þurfa helzt sem öflugast þéttbýli til þess að þrífast.

Þær breytingar, sem framfarirnar krefjast í atvinnuháttum, hafa því í för með sér óumflýjanlega byggðaröskun, ef ekki er að gert. Ein þeirra ráðstafana, sem koma til greina til þess að vega hér upp á móti og stuðla að eðlilegri þróun fólksfjölgunar á byggðasvæðum úti um land, er að auka vaxtarskilyrðin fyrir þjónustuatvinnugreinar á þeim stöðum í viðkomandi landshlutum, sem vel eru til þess fallnir. Því skiptir það auðvitað miklu máli fyrir þróun byggðarinnar, hvar opinber þjónustufyrirtæki eru staðsett í landinu.

Það er í rauninni kaldhæðni örlaganna, að séu ríkisstofnanir, sem blása út, eins og hv. þm. er bezt kunnugt, allar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu, þá stuðlar jafnvel landsbyggðarfólkið sjálft að því að auka byggðaröskunina. Allir landsmenn borga ríkisstarfsmönnum laun. Hið viðamikla og vaxandi ríkisbákn tekur ekki bara til sín fólk, sem sumpart flyzt til höfuðborgarinnar til þess að njóta þess fjölbreytta starfsvals og öryggis, sem þetta bákn veitir, heldur eru því líka greidd laun að hluta af því fólki, sem enn byggir önnur svæði landsins, stundum við kröpp kjör á sviði samgangna, félags- og menningarmála. Út úr framangreindum vítahring byggðaröskunarinnar, sem öllum landsmönnum er til stórtjóns, ætti að vera samstaða bæði þm. landsbyggðarinnar og Reykjavíkur að brjótast. Þetta verður m. a. að gerast með því að velja sumum ríkisstofnunum stað úti um land og stuðla með þeim hætti að aukinni fjölbreytni þar í atvinnu- og menningarlífi og traustari byggð, eins og í till. segir. Slíkar stofnanir efla þá staði, sem þeim er valinn staður á, og nærliggjandi byggðir um leið sakir þeirra heildaráhrifa á samgöngu-, félags- og heilbrigðismálakerfi landshlutans, sem þessar ráðstafanir hefðu í för með sér.

Að mínum dómi þarf að framkvæma slíka stefnu um staðarval ríkisstofnana úti um land að athuguðu máli, þannig að sem beztur heildarárangur náist. Finna þarf samtímis þá lausn, sem tryggir, að staðarval ríkisstofnana hafi sem mest heildaráhrif á byggðaþróun landshlutans og landsins alls, en jafnframt, að þær þjóni vel upprunalegu hlutverki sínu fyrir alla landsmenn. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika, að ríkisstofnanir eru mjög misjafnlega fallnar til flutnings út um land, ef svo mætti að orði kveða. Gát þarf að hafa á, að viðkomandi stofnun slitni ekki úr tengslum við aðrar stofnanir hins opinbera eða einkaaðila, sem brýn þörf er á, að hafi sem nánasta samvinnu. Þótt hér sé um að ræða staðreynd, sem sjálfsagt er að horfast í augu við, er ekki þar með sagt, að ekki séu fjölmargar stofnanir, sem almenningur á Íslandi kostar og geta verið staðsettar á hagkvæmum stöðum úti á landsbyggðinni. Samt sem áður er hér vikið að atriði, sem enn styður þá till., að málið fái heildarkönnun í þar til kjörinni þingnefnd, sem leggi till. sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Herra forseti. Ég tel vart ástæðu til þess að lengja fremur en orðið er framsögu fyrir þessari till., ekki sízt vegna þess, hve mörg mál hafa komið hér fyrir þetta þing á þessu sviði. Ég vil þó leggja áherzlu á, að eðli málsins samkv. hef ég fjallað eingöngu um staðarval ríkisstofnana úti um land sem aðgerð til þess að hafa áhrif á búsetuþróun í landinu. Það merkir að sjálfsögðu ekki, að hér sé um að ræða einu mikilvægu ráðstöfunina, sem stjórnvöld geta gripið til í þessu skyni. En nú er hér vart staður né stund til að fjalla um aðrar veigamiklar aðgerðir, sem hafa orðið og geta orðið í auknum mæli til þess að stuðla að hagfelldri byggðaþróun fyrir alla landsmenn, hvar sem þeir búa á landinu.

Að lokum vil ég endurtaka, að það, sem fyrir mér vakir með þessum tillöguflutningi, er fyrst og fremst að hvetja til þess, að Alþ. kanni í heild, hvaða rök hnígi að

staðarvali ríkisstofnana úti um land og hverjar þær ríkisstofnanir séu, sem hagkvæmt væri að velja þar stað eða flytja þangað. Í kjölfar þeirrar könnunar vænti ég þess, að Alþ. hafi eigi síðar en á næsta þingi tækifæri til að samþykkja staðarval ákveðinna ríkisstofnana á ákveðnum stöðum sem lið í þeirri viðleitni að stýra á hagkvæman hátt byggðaþróun í landinu. Það yrðu fyrstu tilraunirnar hér á landi til þess að hafa heildaráhrif á byggðaþróunina með staðarvali eða flutningi ríkisstofnana út um land á hliðstæðan hátt og nágrannaþjóðir okkar hafa þegar gert.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér nú eiginlega ekki hljóðs til þess að ræða sérstaklega um þessa till., sem hér er til umr., en margt af því, sem hv. frsm. sagði, get ég gert að mínum orðum. En ég vil spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvort hann leyfi það, að 20. mál á dagskrá, sem er till. um svipað efni, verði rætt með þessari till. Ég teldi rétt, að þær færu báðar til sömu nefndar og yrðu ræddar í einu. (**Forseti:** Já, það er heimilt.)

Þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að mæla hér með nokkrum orðum fyrir till., sem ég hef flutt á þskj. 370 um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna með tilliti til landsbyggðar. Þessar till., sem flutt hafa hv. samþm. minn, 5. þm. Norðurl. e., og ég, komu fram svo að segja samtímis, en það hefur ekki orðið úr því, að við ræddum saman um þetta mál áður, en ella má vel vera, að við hefðum getað orðið samferða um það að flytja eina till. En till. mín er þess efnis, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta fara fram og hraða endurskoðun á lagaákvæðum og ákvörðunum stjórnarvalda um aðsetur opinberra stofnana og embættismanna og leggja fram rökstuddar till. til breytinga með það fyrir augum að auka dreifingu starfseminnar um landið með hverju sem tök eru á og stuðla með því að viðhaldi og eflingu landsbyggðar. Enn fremur segir svo:

„Gefa skal fulltrúum tilnefndum af landshlutasamtökum sveitarfélaga og Sambandi ísl. sveitarfélaga, einum frá hverjum þessara aðila, kost á að taka þátt í endurskoðuninni."

Í till. minni er sem sé ekki gert ráð fyrir þingkjörinni nefnd, heldur að stjórninni verði falið að láta fara fram endurskoðun og að það verði gert í samráði við landshlutasamtökin, sem í reyndinni mundi að líkindum þýða það, að skipuð yrði nefnd tilnefnd af landshlutasamtökunum til þess að endurskoða þessi mál. Þessa till., sem ég nú flyt á þskj. 370, hef ég raunar flutt áður hér á hinu háa Alþingi. Það gerðist fyrir 14 árum eða árið 1958, og hún var mjög svipuð að efni til þessari till., sem hér liggur fyrir. En að því leyti sem hún er nú frábrugðin því, sem hún var fyrir 14 árum, stafar það af því, að landshlutasamtökin hafa nú tekið á sig fastara form en þau þá höfðu gert. Í sambandi við þessa till., sem samþ. var á Alþ. 30. maí 1958, þá seint á árinu, skipaði þáv. hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, nefnd til þess að framkvæma það, sem í till. fólst, og voru í hana valdir menn úr ýmsum landshlutum. Þessi nefnd, sem almennt var kölluð Staðsetningarnefnd ríkisstofnana, kom alloft saman á næstu árum, og ég ætla, að það hafi verið snemma á árinu 1962, sem hún skilaði áliti til þáv. ríkisstj. um málið. Í þessu áliti staðsetningarnefndarinnar voru nokkrar till. um flutning ríkisstofnana eða athugun á flutningi ríkisstofnana, og í nál. var einnig lagt til, ekki ósvipað og hv. 5. þm. Norðurl. e. gerir nú, að sett verði föst nefnd til þess að vera ráðgefandi um þessi efni. Það var nú á áratugnum sem leið heldur lítið um framkvæmdir í þessum efnum, en á undanförnum árum höfum við tveir úr staðsetningarnefnd, sem sæti áttum á Alþ., hv. 2. þm. Sunnl. og ég, flutt sum af þessum málum í frv.-formi, sem nefndin gerði till. um í áliti sínu árið 1962. Þau mál hafa ekki hlotið afgreiðslu enn þá. Eitt af þeim málum var t. d. frv. til l. um verkfræðiráðunauta ríkisins í einstökum landshlutum, sem oftar en einu sinni hefur legið fyrir Alþingi.

Þessi till., sem ég flyt nú, er sem sé í raun og veru endurtekning á till., sem flutt var fyrir 14 árum. En síðan hefur margt verið rætt um þessi mál og kannske vaxandi skilningur á nauðsyn þess að byggja landið, og vil ég nú vænta þess, að árangur verði meiri á næsta áratug en hann var á hinum síðasta. En ég vil leggja til, að þessari till. minni verði vísað til allshn. Ég tók ekki eftir, hvort hv. 5. þm. Norðurl. e. gerði till. um nefnd í sambandi við sína till., en eðlilegt fyndist mér, að þeim væri báðum vísað til sömu nefndar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 365, n. 788).

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 365, um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land. Nefndin hefur gefið út svofellt nál.:

„Allshn. hefur athugað till. til þál. á þskj. 365, um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land. Nefndin er samþykk því, að nauðsyn beri til, að slík heildarathugun fari fram, eins og ráð er fyrir gert í till. Á hinn bóginn hefur nefndinni borist vitneskja um, að ríkisstj. hafi skipað nefnd til þess að gera athuganir og till. um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land. Því leggur nefndin til, að málinu verði vísað til ríkisstj."

Umr. (atkvgr.) frestað).

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 788 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 53 shlj. atkv.

13. Aðsetur ríkisstofnana og embættismanna.

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna með tilliti til landsbyggðar [194. mál] (A. 370).

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. og 54. fundi í Sþ., 17. marz og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 370, n. 789).

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 370, um aðsetur ríkisstofnana og embætta með tilliti til landsbyggðar. Nefndin hefur gefið út svofellt nál.:

„Allshn. hefur athugað till. til þál. á þskj. 370, um aðsetur ríkisstofnana og embætta með tilliti til landsbyggðar. Nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til, að slík endurskoðun fari fram, eins og ráð er fyrir gert í till. Á hinn bóginn hefur nefndinni borizt vitneskja um, að ríkisstj. hafi skipað nefnd til þess að gera till. um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land. Því leggur nefndin til, að málinu verði vísað til ríkisstj."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 789 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 53 shlj. atkv.

---

14. Virkjun Jökulsár eystri í Skagafirði.

Á 36. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á aðstæðum til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði [174. mál] (A. 334).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41. og 44. fundi í Sþ., 22. og 24. febr., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um rannsókn á aðstæðum til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði. Till. er að finna á þskj. 334, og er hún á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara þegar á þessu ári rækilega könnun á aðstæðum til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði."

Ég þarf ekki að flytja itarlega framsöguræðu fyrir þessari till. umfram þau fáu orð, sem fylgja henni í grg. Till. er einföld í sniðum og þarf ekki mikilla skýringa við. Raforkumálin koma oft til umræðu bæði manna á milli og á fundum og hér á hv. Alþ., því að segja má, að þau komi hér til umr. í meira eða minna mæli á hverju þingi, og á síðasta fundi í Sþ. voru til umr. tvær þáltill. mjög svipaðar að efni og þessi, sem voru fluttar af þm. úr Vesturlandskjördæmi, og á fundi í Sþ. þar áður svaraði hæstv. orkumálarh. fyrirspurn frá hv. 1. þm. Norðurl. e. varðandi það, hvort hæstv. ríkisstj. mundi halda áfram fullnaðaráætlun um virkjun í Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss. Og hæstv. ráðh. svaraði því á þá lund, að svo mundi gert. Ég fagnaði þessu svari hæstv. ráðh., því að satt að segja hafði flögrað að mér og ég hygg mörgum öðrum, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki í huga stór áform um virkjanir á Norðurlandi. En hvað sem um það er, þá vænti ég þess, að haldið verði áfram athugunum á virkjunaraðstæðum í þessum landshluta, og geri mér vonir um, að þessi þáltill. fái góðar undirtektir.

Á Norðurlandi er yfirvofandi skortur á raforku, svo sem kunnugt er, og raunar má segja, að þessi skortur sé þegar fyrir hendi. Í mínu kjördæmi er svo komið, að um helmingur eða jafnvel fullur helmingur þeirrar raforku, sem til nota er, er fenginn með rekstri dísilstöðva. Og þessar dísilstöðvar munu nú að miklu leyti vera nýttar til fulls. Það er því ekki seinna vænna, að að því sé alvarlega hugað, með hvaða hætti megi leysa úr raforkuþörf þessa landshluta. Ekki með því að auka sífellt notkun dísilstöðvanna, heldur með því að virkja vatnsaflið, sem við athugun kemur í ljós, að hagkvæmt sé að virkja. Í þessu sambandi leyfi ég mér að minna á, að það mun hafa verið á þingi 1963—1964, að við þm. Norðurl. v. fluttum hér frv. til l. um virkjun Svartár í Skagafirði. Þetta frv. náði ekki fram að ganga, en hefði verið ráðizt í þessa virkjun þá, má ætla, að hún hefði tekið til starfa á árinu 1966. Þessi virkjun hefði leyst dísilstöðvarnar á þessu orkusvæði fyllilega af hólmi fram að þessum tíma, og nú hefði, að ég hygg, stofnkostnaður Svartárvirkjunar verið greiddur með mismuninum á framleiðsluverði rafmagns frá virkjuninni og þess rafmagns, sem á sama tíma hefur verið framleitt

með dísilafli á þessu orkuveitusvæði. Þetta dæmi virðist mér sýna glögglega, hvernig fjármunum er í raun og veru á glæ kastað með rekstri dísilstöðvanna. Á síðasta þingi voru samþykkt heimildarlög fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að láta virkja Svartá, en nú hefur það boð verið látið út ganga, að þessi heimild verði ekki notuð, og má vissulega á það fallast, að virkjun Svartár ein nægir ekki til þess að svara til frambúðar raforkuþörfinni á þessu orkuveitusvæði.

Ég sagði áðan, að rafmagnsmálin kæmu oft til umræðu, og þarf engan að undra það, því að segja má, að alhliða uppbygging alls atvinnulífs í nútíma þjóðfélagi grundvallist á orkuframleiðslu, og ég vil segja allt daglegt líf okkar og heimilishald byggist mjög á því, að við eigum kost á nægri og ódýrri raforku.

Dagana 9. og 10. sept. á s. l. ári hélt Fjórðungssamband Norðlendinga fund á Ólafsfirði, og þar komu þessi mál mjög til umræðu, og um þau var samin ítarleg ályktun. Á þessum fundi var skýrt frá athugunum, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa látið fram fara á möguleikum til virkjunar í Norðurlandskjördæmi vestra. Þar á meðal var minnzt á virkjun eða virkjanir í Jökulsá eystri í Skagafirði. Þar var talað um, að virkja mætti í fyrsta áfanga 16 mw. og kostnaðurinn mundi ekki verða meiri en sem svarar 36 aurum hver kwst. Nú vil ég taka það fram, að ég leit svo á, að þessi athugun og þessir útreikningar hafi verið algerlega á frumstigi, og mér er kunnugt um, að nokkrar meiri athuganir hafa farið fram á virkjunaraðstæðum í þessari á, en ég veit ekki, hvað þær athuganir hafa leitt í ljós, og þætti mér vissulega vænt um, ef hæstv. orkumálarh. gæti upplýst mig og hv. þingheim um það, hvað þessar athuganir hafi leitt frekar í ljós. Ég get sem sagt ekki lýst virkjunaraðstæðum í Jökulsá eystri í Skagafirði, og m. a. þess vegna óska ég eftir því, að frekari athuganir fari fram.

Þegar við ræðum um raforkumálin, einkum nú á síðari tímum, þá hafa mjög blandazt inn í þær umræður náttúruverndarsjónarmið. Þetta tel ég vel farið, og það ber að athuga hverju sinni mjög gaumgæfilega, þegar ráðizt er í virkjanir, að til sem minnstra spjalla komi á landi okkar og náttúru. Ég fullyrði náttúrlega ekkert um það, hvort ekki kunni að koma til einhverra náttúruspjalla við virkjun Jökulsár eystri í Skagafirði, en þó hygg ég, að þau spjöll verði þar miklu minni en e. t. v. víða annars staðar. Það hagar svo til, að Jökulsá eystri rennur langan veg eftir Austurdal í djúpu gljúfri. Og ef hafizt væri handa um að virkja t. d. við Merkigil, eins og ég hef heyrt talað um, þá get ég ekki búizt við því, að sú virkjun mundi leiða til neinna náttúruspjalla. Fiskveiði er lítil sem engin í Jökulsá eystri.

Á fundinum, sem ég gat um áðan, sem haldinn var á Ólafsfirði, var samþ., eins og ég sagði, ítarleg ályktun. Í þeirri ályktun stendur m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþingið leggur áherzlu á, að orkuöflun verði innan fjórðungsins sjálfs, þar sem fjöldi hagkvæmra virkjunarmöguleika bíður nýtingar, og slíkar framkvæmdir sitji fyrir orkuflutningi frá stórvirkjunum á Suðurlandi."

Ég held, að í þessari ályktun komi greinilega fram sá vilji, sem er fyrir hendi hjá okkur Norðlendingum allflestum, þ. e. að það verði kannað til hlítar, áður en ráðizt verður í það að flytja raforkuna frá Suðurlandi norður, hvort ekki sé fullt eins hagkvæmt eða jafnvel hagkvæmara að ráðast í virkjanir fyrir norðan.

Það er mikið rætt um jafnvægi í byggð landsins, og það er talað um byggðastefnu. Í byggðastefnunni skilst mér, að það hljóti fyrst og fremst að felast, að nýtt verði þau náttúrugæði, sem eru til staðar í hverju byggðarlagi. Þess vegna er það, að við Norðlendingar leggjum mjög mikið upp úr því, að þessi fallvötn okkar verði könnuð og það ítarlega athugað, hvort það eigi ekki að vera fyrsta skrefið í raforkumálum þar nyrðra að virkja eitthvert af þessum fallvötnum. Við höfum hins vegar ekkert á móti því og teljum það alveg sjálfsagt, að að því komi, að virkjanir sunnan fjalla verði tengdar virkjunum fyrir norðan og raunar allt rafkerfið í landinu verði tengt saman.

Herra forseti. Ég hefði nú raunar óskað þess, að þessi till. færi til hv. fjvn., því að vissulega hefur hún í för með sér kostnað, ef hún verður samþ., en þar sem till. þeirra hv. þm. Vesturl., sem ég sagði frá áðan, var vísað til allshn., þá hygg ég, að það sé rétt, að þessi till. fari einnig til þeirrar hv. nefndar.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í tilefni af þessari till. og fsp., sem hv. frsm. beindi til mín, þá þykir mér rétt að greina hv. flm. og öðrum þm. frá því, hve þessar athuganir eru á vegi staddar, sem hv. frsm. minntist hér á. Á s. l. sumri létu Rafmagnsveitur ríkisins gera frumáætlun um virkjun í Jökulsá eystri í Skagafirði. Þessi frumáætlun hefur nú verið send Orkustofnun til frekari athugunar. Að því er orkustofnunarmenn tjá mér, er þess tæpast að vænta, að þarna sé um að ræða mjög álitlega virkjun, einkum ef hún hefur Norðurland eitt sem markað. Þó þykir sjálfsagt, að það mál verði kannað nánar, og því vinnur stofnunin nú að kerfisathugun á rekstri Jökulsárvirkjunar eystri í samrekstri við aðrar virkjanir á Norðurlandi inn á sameiginlegt raforkukerfi Norðurlands, en einmitt þannig yrði rekstri virkjunarinnar háttað, ef hún verður framkvæmd. Enn fremur verður kannað, hvaða áhrif það hefur á hagkvæmni Jökulsárvirkjunar, að samtenging við Suðurland væri komin á, þegar virkjunin væri gerð. Þegar þessum athugunum er lokið, þykir rétt að meta, hvort efni þykja til að kosta til ítarlegri rannsóknar á Jökulsárvirkjun eystri.

Fyrir nokkru setti Orkustofnun síritandi vatnshæðarmælistöðvar í báðar skagfirzku Jökulsárnar, þá eystri og vestari, til þess að fylgjast með rennsli þeirra. Einnig gerði stofnunin út á s. l. sumri leiðangur mælingamanna að norðanverðum Hofsjökli, er mældi upptakakvíslar Jökulsánna reglubundið um tveggja mánaða skeið, þegar leysing á jöklinum var sem mest. Þess má að lokum geta, að Orkustofnun vinnur nú að sams konar athugun á virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn og þeirri sem nú var lýst á Jökulsá eystri.

Eins og hv. frsm. vék að, var á síðasta þingi samþ. heimild til virkjunar í Svartá, en frá þeirri hugmynd hefur nú verið fallið, vegna þess, að sérfræðingar telja, að þar yrði ekki um virkjun að ræða, sem leysti þessi vandamál í héraðinu, og auk þess kom það í ljós við sérstaka könnun, að um það mál var uppi mikill ágreiningur innanhéraðs, sem gerði það engan veginn fýsilegt, að áfram yrði haldið á þessari braut. Hins

vegar er það alveg rétt hjá hv. frsm., að raforkumálin í Norðurl. v. eru mikið og aðkallandi vandamál og að lausn þeirra mála verður að vinna mjög ötullega. Og fyrst þau mál í heild ber hér á góma, þá þykir mér rétt að greina frá því, að Rafveita Siglufjarðar hefur látið gera áætlun um 1.6 mw. virkjun í Fljótaá nokkru fyrir neðan núverandi virkjun. Og þessa áætlun hefur Orkustofnun einnig fengið í hendur og látið reynda verkfræðistofu gera umsögn um hana. Niðurstaðan er sú, að virkjun þessi í Skeiðsfossi mundi kosta um 66 millj. kr. Í sjálfu sér er ekki þörf fyrir orku þessarar virkjunar á svæðinu Siglufjörður—Fljót—Ólafsfjörður. Til þess að nýta hana nú á næstunni þarf því samtengingu við raforkukerfið í Skagafirði. Vissan hluta af kostnaðinum við þá samtengingu er að dómi Orkustofnunar rétt að telja til virkjunarinnar, en hinn hlutinn er í rauninni endurbót á innanhéraðskerfinu í austanverðum Skagafirði. Sú viðbót, sem þarna er um að ræða, er 13—16 millj. kr. eftir því, hversu mikið er í samtenginguna borið. Virkjun ásamt hluta virkjunar í samtengingu mundi því kosta 79—82 millj. kr. Helzti annar valkostur til öflunar orku fyrir Norðurl. v. er lögn háspennulínu milli Akureyrar og Sauðárkróks. Fyrir liggur lausleg áætlun um þá línu, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa látið gera, og er kostnaður af henni áætlaður 80 millj. kr. Sú áætlun hefur ekki verið endurskoðuð enn þá, en Orkustofnunin telur nauðsynlegt, að það sé gert og mun láta gera það nú á næstunni.

Ég vil bæta því við, að ég er þeirrar skoðunar, að það sé sjálfsagt sem næsta verkefni í samtengingarmálum að tengja saman bæði Norðurl. v. og Norðurl. e., og ég tel, að það þurfi að ráðast í slíka samtengingu helzt á þessu sumri og að nauðsynlegt fjármagn í því skyni þurfi að komast inn á framkvæmdaáætlun þessa árs. Með því móti mundi í bili verða leystur mjög verulegur vandi fyrir Norðurl. v., og þetta mundi falla inn í það samtengingarkerfi, sem ég tel, að nú verði að vinna skipulega að á næstunni. Ég hef nýlega á opinberum vettvangi gert grein fyrir hugmyndum mínum um það, hvernig við eigum að marka stefnuna að því er varðar skipulagningu raforkumála á Íslandi á næstu árum og áratugum, og ég geri mér vonir um að geta lagt till. um það efni fyrir Alþ., helzt áður en þessi mánuður er á enda, og þá væri hægt að fjalla í ítarlegra máli um þessi vandamál í heild. Hitt er mér fullkomlega ljóst, að vandi Norðurl. v. er langsamlega brýnastur af þessum landshlutum, eins og nú standa sakir, eins og ég sagði áðan, og ég tel, að að lausn þessa vanda verði að vinna helzt nú þegar á þessu sumri.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 334, n. 811).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 811 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 53 shlj. atkv.

15. Endurskipulagning sérleyfisleiða.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskipulagningu sérleyfisleiða [45. mál] (A. 46).

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 8. fundi í Nd., 1. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Með þeirri till., sem hér er til umr., fer ég þess á leit við hv. Nd., að deildin samþykki, að ríkisstj. verði falið að láta athuga, hvort ekki sé tímabært að taka til rækilegrar endurskoðunar og endurskipulagningar sérleyfisleiðir langferðabifreiða í því skyni m. a. að koma á betri samgöngum milli byggðarlaga og landshluta.

Samkv. lögum nr. 42 1956 og lögum nr. 73 1966 er skipuð nefnd til að annast skipulagningu fólksflutninga með sérleyfisbifreiðum. Nefnd þessi heitir Skipulagsnefnd fólksflutninga. Skipunartímabil þeirrar nefndar, er nú situr, mun nú svo gott sem á enda runnið, en ekki mun vera búið að skipa í nefndina á ný. Gildistími sérleyfa rennur út á fyrri hluta næsta árs. Mér finnst því, að nú sé um heppilegan og eðlilegan tíma að ræða til að taka þessi mál til sérstakrar athugunar.

Eins og ég tek fram í grg. þeirri, sem fylgir till. minni, hefur skipulag sérleyfisbifreiða lítið breytzt frá því, að áætlunarferðir langferðabifreiða hófust hér á landi. Það er því ekki nema eðlilegt, að víða sé úrbóta þörf. Ég mun taka sem dæmi hluta sérleyfanna um Vesturland, þ. e. leiðina Reykjavík—Borgarnes—Snæfellsnes, þá leið, sem mér sjálfum er kunnugust. Ég vil svo undirstrika, að ég tel, að sú leið sé sízt verr skipulögð en flestar aðrar sérleyfisleiðir. Samkv. leiðabókum um áætlanir sérleyfisbifreiða eru í gildi á þessari leið fimm sérleyfi. Leiðin Reykjavík—Borgarnes, tvö sérleyfi, leiðin Reykjavík—Stykkishólmur, leiðin Reykjavík—Grundarfjörður og leiðin Reykjavík—Ólafsvík—Hellissandur, eitt sérleyfi hver leið. Grundarfjarðar- og Stykkishólmssérleyfið er nú raunverulega eitt sérleyfi, þar sem sami sérleyfishafi hefur þau bæði. Brottfarartími Snæfellsnessérleyfanna á tímabilinu 1. okt. til 31. maí er sá sami, kl. 10 frá Reykjavík og kl. 9 frá Hellissandi og Grundarfirði. Rúturnar verða því samferða leiðina milli Vegamóta í Miklaholtshreppi og Reykjavíkur á báðum leiðum. Þegar til Borgarness kemur á suðurleið, bætist ein rúta sérleyfishafa við í hópinn, því að burtfarartími annars Borgarnessérleyfisins er kl.

12.30, þ. e. á svipuðum tíma og Snæfellsnesrúturnar eru á ferðinni. Þessar þrjár rútur verða svo næstum samferða til Reykjavíkur. Fyrir kemur, að farþegafjöldi er ekki meiri en svo, að ein rúta mundi nægja fyrir alla farþegana.

Þess ber að geta, að það dæmi, sem ég hef tekið hér, miðast við vetraráætlunina, 1. okt. til 31. maí, átta mánuði ársins. Sumaráætlunin er breytilegri hvað viðkemur brottfarartíma að vestan, og er sú breyting mjög til bóta, þótt sá breytilegi brottfarartími lagi að litlu höfuðgalla skipulagsins.

Annmarkar á skipulagi þessara ferða koma fram á því, að það er ekki hægt að nota þær sem samgöngutæki innan landshluta til styttri ferða en tveggja daga. Ef við á utanverðu Snæfellsnesi þurfum að reka erindi í Borgarnesi og tökum okkur far með sérleyfisrútu, komumst við ekki heim fyrr en á öðrum degi. Ferðalag milli endastöðva, t. d. milli Reykjavíkur og Hellissands, tekur a. m. k. þrjá daga, ef viðkomandi þarf að reka erindi, sem útrétta þarf á venjulegum afgreiðslutíma opinberra stofnana, þ. e. það fara tveir dagar í ferðalög og einn dagur í erindisrekstur. Það skiptir ekki máli, hve fljótlegt er að koma erindinu af. Viðkomandi verður að bíða næsta dags eftir því, að ferð falli. Farþegi með nefndum rútum hefur ekki möguleika til þess að nota ferðina á Snæfellsnes í Borgarfjörð sem áfanga á leið til Norðurlands, Stranda, Vestfjarða eða Dala, þótt þessar leiðir skerist allar við vegamótin vestan Hvítár. Slíkir farþegar þurfa að fara til Reykjavíkur og gista þar eina nótt. Þá býður skipulag sérleyfisbifreiða upp á ferð til Norðurlands og hinna staðanna. Það ber ekki mikið á því í samgöngukerfinu, að eini kaupstaðurinn á Vesturlandi og þar með stærsti þéttbýlisstaðurinn, er Akranes, svo gersamlega er Akranes slitið úr samgöngukerfi umhverfisins. Farþegar sérleyfisbifreiða á Snæfellsnesi komast ekki til Akraness nema með sérstökum ráðstöfunum, láta sækja sig frá Akranesi eða að svokölluðum Akranesvegamótum eða komast þaðan til Akraness á puttanum, eins og kallað er. Ég mun ræða frekar um samgöngur við Akranes hér á eftir.

Með því skipulagi sérleyfisferða, sem nú er í gildi, virðist það eitt ráðandi að koma farþegum að og frá Reykjavík. Skipulagið gerir ekki ráð fyrir öðru, og er þó nógu illa séð fyrir því, eins og ég nefndi í sambandi við endastöðvarnar. Engar áætlunarferðir eru á milli kauptúna á norðanverðu Snæfellsnesi, og við það bætist, að heilir hreppar á Snæfellsnesi njóta ekki þessara samgöngutækja, Skógarstrandarhreppur alls ekki og Breiðuvíkurhreppur að mjög takmörkuðu leyti.

Þeir annmarkar á skipulagi ferða sérleyfisbifreiða, sem ég hef hér minnzt á, leiða ótvírætt í ljós, að hér er úrbóta þörf. Það er mjög langt frá því, að sú viðleitni, sem felst í því að halda uppi þeim sérleyfisferðum, sem nú eru farnar um landið, fullnægi á viðunandi hátt þeirri nauðsyn, að þess sé kostur að ferðast á milli byggða og landshluta án þess að það kosti of mikið og án þess að ferðalagið taki allt of langan tíma. Ríkjandi skipulag hindrar eðlilega og sjálfsagða þróun þjónustu mennta- og heilbrigðismiðstöðva í landshlutum. Með því að taka enn dæmi af Vesturlandi, bendi ég á, að í Stykkishólmi er sjúkrahús. Það er mjög vel búið tækjum, og í Stykkishólmi eru starfandi tveir læknar. En ástandið í samgöngumálum á Snæfellsnesi er þannig, að það er auðveldara fyrir okkur á Hellissandi að komast til Reykjavíkur til læknisskoðunar en til Stykkishólms og mun ódýrara. Kauptúnin á Snæfellsnesi hafa hvert fyrir sig upp á ýmsa þjónustu að bjóða, en það, sem er fyrir hendi í einu kauptúninu, er kannske ekki til í hinu, en samgönguleysi milli kauptúnanna hindrar það, að um gagnkvæma og eðlilega verkaskiptingu sé að ræða milli þeirra. Og því verður það oftast, að sú þjónusta, sem fyrir hendi er í næsta kauptúni, er undir flestum kringumstæðum fengin frá fjarlægari stöðum. Það mætti geta þess svona innan sviga, að póstleiðin milli kauptúnanna á Snæfellsnesi liggur um Reykjavík.

Næststærsti kaupstaður landsins utan Reykjanessvæðisins og Vestmannaeyja, Akranes, er skilinn eftir eins og eyja í úthafi án nokkurra samgangna við það svæði, sem kaupstaðurinn ætti og þyrfti að vera í samgöngutengslum við. Á Akranesi er fullkomið sjúkrahús og mjög góð heilbrigðisþjónusta. Þar er og margs konar iðnaður. Akranes býður upp á fjölbreytta verzlun, fjölbreyttari en á nokkrum öðrum stað á Vesturlandi. Með bættum samgöngum og þar með stækkuðu viðskiptasvæði gæti þessi verzlun orðið fjölbreyttari og söluumsetningin aukizt. Sama er að segja um iðnað o. fl. Slík þróun er mjög æskileg og hagstæð fyrir íbúa Akraness og alla Vestlendinga. Þrátt fyrir samgönguleysið hafa læknar á Akranesi hjálpað fólki af Vesturlandi í ótalmörgum slysa- og veikindatilfellum, og það má kannske segja, að það hafi verið fyrst og fremst undir slíkum kringumstæðum, að við þar vestra gerðum okkur grein fyrir og vitum, að það er staðreynd, að Akranes er ekki eyja. Það er ótrúleg staðreynd, að á meðan lækna- og heilbrigðisþjónustu vantar um land allt, er ekkert gert til þess að gera fólki í nærsveitum Akraness og Stykkishólms kleift að komast til þessara staða, þar sem þessi þjónusta er fyrir hendi, nema með miklum kostnaði og fyrirhöfn. Þetta margnefnda skipulag sérleyfisleiða vinnur gegn þeirri stefnu, sem kölluð er byggðaþróunarstefna, vinnur gegn eðlilegri samvinnu byggðarlaga og landshluta og kemur í veg fyrir, eins og ég hef hér áður sagt, uppbyggingu heilbrigðisþjónustu og menntamiðstöðva í landshlutum og skapar kröfur um uppbyggingu slíkra stöðva í hverju byggðarlagi.

Þótt ég hafi tekið hluta af Vesturlandi sem dæmi um ófullnægjandi skipulag þessara mála, þá vil ég nú aftur ítreka það, að ég tel, að úrbóta sé engu síður þörf á þessu sviði í öðrum landshlutum. En ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt með dæmum þar um. Ég vil og taka það fram, að gagnrýni minni er ekki beint til sérleyfishafanna, hinna svokölluðu rútubílstjóra, sem í mörgum tilfellum eru sömu mennirnir. Sérleyfishafar sýna í mörgum tilfellum sérstakan dugnað við það að halda uppi ferðum við erfiðar aðstæður og oft og tíðum litla eftirtekju.

Herra forseti. Ég ætla nú að setja fram dæmi um breytt fyrirkomulag sérleyfisleiðanna Reykjavík—Borgarnes—Snæfellsnes. Dæmið er þannig:

Svæðinu yrði skipt í fjögur sérleyfi:

1. Borgarnes—Reykjavík. Farnar yrðu fjórar ferðir á dag báðar leiðir. Ferðir hæfust snemma morguns frá Reykjavík og Borgarnesi. Hér gæti verið um tvö sérleyfi

að ræða, eins og nú er. Áætlanir sérleyfisbifreiða til Norðurlands, í Dali, á Vestfirði og Strandir yrðu samræmdar áætlun Borgarnessérleyfis, þannig að farþegar geti skipt um bíla við vegamót vestan Hvítár eftir því, hvert ferð þeirra er heitið.

2. Akranes — vegamót Vesturlandsvegar. Fjórar ferðir á dag í beinum tengslum við Borgarnes—Reykjavík.

3. Borgarnes—Ólafsvík—Hellissandur. Tvær ferðir á dag, báðar leiðir í beinum tengslum við Borgarnes—Reykjavík.

4. Vegamót—Stykkishólmur—Grundarfjörður. Tvær ferðir á dag í beinum tengslum við Borgarnes—Ólafsvík—Hellissandur. Þetta sérleyfi annaðist auk þessa áætlunarferðir um Snæfellsnes. Fjöldi áætlunardaga yrði sá sami og nú er. Fækkun ferða á leiðinni Reykjavík—Borgarnes gæti því verið eðlileg þá daga, sem Snæfellsnesleiðin heldur ekki uppi ferðum.

Ég set þetta fram sem dæmi, ekki sem till., og mér finnst, að útkoman úr dæminu sé góð. Með því hverfa þeir annmarkar á fyrirkomulagi sérleiðanna, sem ég hef hér rætt um, og komið yrði á fullkomnu samgöngukerfi innan landshlutans sjálfs, um leið og samgöngur við Reykjavík og aðra landshluta yrðu stórbættar. Vegalengdin, sem ekin yrði samkv. þessu dæmi, er sú sama og nú er farin. Það er raunverulega ekki um aðra breytingu að ræða en þá, að í stað þess, að nú verða tvær eða þrjár rútur samferða, fer ein rúta fleiri ferðir. Inn í þetta dæmi kemur þó sú breyting, að gert er ráð fyrir sérstöku sérleyfi um Snæfellsnes og Akranes að Vesturlandsvegi. Þar yrði um viðbótarvegalengdir að ræða. En hvað sem verður um aðrar breytingar, þá held ég, að bæði þessi sérleyfi verði að koma nú þegar með tilliti til sjúkrahúsanna á Akranesi og í Stykkishólmi. Ef skipulag sérleyfisferða um Vesturland yrði svipað því dæmi, sem ég hef sett hér fram, mundi í Borgarnesi verða umferðarmiðstöð fyrir Vesturland. Í Borgarnesi er góð aðstaða til þjónustu við ferðamenn í Hótel Borgarnesi. Ég tel þó, að sú aðstaða sé ekki fullnægjandi. Eðlilegra væri, að í Borgarnesi yrði byggð umferðarmiðstöð með svipuðu sniði og í Reykjavík. Bygging umferðarmiðstöðvar í Borgarnesi byggist þó fyrst og fremst á því, að byggð verði brú yfir Borgarfjörð við ósa Hvítár og um leið og þeirri framkvæmd yrði lokið yrði öllum sérleyfisleiðum norður og vestur frá Reykjavík breytt þannig, að í Borgarnesi verði skiptistöð og síðan veitt sérleyfi þaðan um Dali, Vestfirði, Strandir og Norðurland. Borgarnes yrði þá tengistöð fyrir alla þessa landshluta.

Herra forseti. Ég hef dregið hér upp nokkra grófa drætti bæði í dæmi mínu um hugsanlega endurskipulagningu og þá annmarka, sem eru á skipulagi sérleyfisferða. Hér er ekki um neina fullkomna lýsingu að ræða á hvorugan veg. Takmark mitt er fyrst og fremst það að fá um þetta mál umræður og athugun. Ég vænti þess, að hv. þm. veiti till. minni stuðning, og ef svo fer, sem ég vona, að till. verði samþ. hér í deild, þá muni ríkisstj. láta kanna þessi mál rækilega og sjá svo um, að ýmsar lagfæringar verði gerðar.

ATKVGR.

Till. vísað til samgmn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 79., 80., 82. og 83. fundi í Nd., 15. og 17. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 18. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 46, n. 761).

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál. Samgmn. hefur fjallað um þá till., sem hér er um að ræða, en hún er frá Skúla Alexanderssyni, sem sat um skeið hér í hv. d. í vetur, og er um endurskipulagningu sérleyfisleiða. Það var áskorun til ríkisstj. um að láta athuga, hvort ekki sé tímabært að taka til rækilegrar endurskoðunar og endurskipulagningar sérleyfisleiðir langferðabifreiða. N. komst að þeirri niðurstöðu, að enda þótt hún hafi jákvæða afstöðu gagnvart till., þá telur hún samt réttast eftir atvikum, að henni sé vísað til ríkisstj. N. hafði leitað nokkurra umsagna um málið, fyrst til Skipulagsnefndar fólksflutninga, sem mælti með því, að till. yrði samþ., í öðru lagi Sambands ísl. sveitarfélaga, sem einnig mælti með því, að till. yrði samþ., og í þriðja lagi til Félags sérleyfishafa, sem ekki voru jafnánægðir með till. og töldu í nokkuð löngu máli, að nánast væri ósköp lítið að. En við komumst að þeirri niðurstöðu, að með því að till. bar með sér athugun á þessu og að vísa till. til ríkisstj. er nokkurn veginn það sama, að okkur fannst, þá varð n. einhuga um þessa afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Till. á þskj. 761 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 24 shlj. atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign o.fl. [13. mál] (A. 13).

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þm. Alþfl. hafa leyft sér að flytja till. til þál. um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign og nokkuð fleira í því sambandi. Till. er þess efnis, að Alþ. álykti að leggja fyrir ríkisstj. að láta sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarrétt yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu. Í till. eru taldir upp sex liðir, sem taka þyrfti til athugunar í þessu sambandi, en sá fyrsti og lang mikilvægasti er á þá lund, að allt hálendi landsins og óbyggðir skuli lýst alþjóðareign, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila liggja ekki fyrir. Þarf þá jafnframt að kveða á um, svo að glöggt sé, hver verði mörk þessarar ríkiseignar. Þá er og fjallað um ýmis önnur landsins gæði, not afrétta, veiði og fiskiræktarrétt, um hagnýtingu fallvatna, um eignarrétt yfir jarðhita og öðrum verðmætum í jörðu. Er í þessum liðum að jafnaði bent á þá leið, að hlutur þjóðarheildarinnar vaxi, en réttindi einstaklinga til þessara gæða minnki sem því nemur.

Með síauknum afnotum og umferð um hálendi landsins verður með hverju ári nauðsynlegra að setja skýr ákvæði um eignarrétt á því svo og ýmsum öðrum óbyggðum, sem þó teljast ekki beinlínis til hálendis. Liggur þá beinast við, að það verði lögtekið í eitt skipti fyrir öll, að slíkt land sé ríkiseign, ef önnur eignarheimild liggur ekki skýlaus fyrir. Gæti slík ákvörðun, ef hún yrði tekin áður en mörg ár líða, orðið til þess að firra þjóðina miklum vandræðum, sem vafalaust verða þegar frá líður á þessu sviði, ef ekkert verður aðhafzt. Það er alkunna, að ýmis mál, sem þessu eru skyld, hafa þegar orðið mikil deilumál. Virðist því vera rík ástæða til, að hafið verði það starf, sem ég veit, að verður langt og mikið, að undirbúa löggjöf, er kveði afdráttarlaust og skýrt á um eignarrétt á því landi og þeim verðmætum, sem hér er um fjallað. Ég tel, að þetta sé stórmál, sem okkar kynslóð beri skylda til að leysa komandi kynslóðum í hag.

Á þessu máli eru margar hliðar. Við upplifum einmitt nú, að það gerist æ algengara, að efnaðir menn og auðug félög nota fjármagn sitt til þess að sölsa undir sig land. Oft eru þetta jarðir, jafnvel hlunnindajarðir, ýmist í byggð eða farnar úr byggð, eða annað land, sem einhver ástæða er til að ætla, að muni vaxa að verðgildi, t. d. ef það liggur vel við því að verða að útivistarsvæði í framtíðinni, að ekki sé talað um hugsanlega möguleika á einhverjum atvinnurekstri. Ég tel þýðingarmikið fyrir Íslendinga að reyna sem fyrst að forðast það, að hér verði mikið um jarðabrask í framtíðinni. Einstaklingar, sem ekki búa á landi, er þeir eignast, kaupa það með annað í huga, og það er fyrst og fremst fjárgróðavon. Ég tel stórhættulegt, ef mikil svæði komast í einkaeign á þennan hátt, því að það leiðir til jarðabrasks, sem getur valdið ótrúlegum erfiðleikum við framtíðarhagnýtingu á landinu.

Á síðustu árum hefur mannkyninu orðið ljósara en nokkru sinni fyrr, að á stórum svæðum jarðarinnar hefur umhverfi þegar verið spillt með mengun vatns og lofts, svo að heil lönd geta eftir nokkrar kynslóðir orðið illbyggileg, ef ekki verður spyrnt við fæti hið bráðasta. Þjóðunum er að verða ljóst, að óspillt land, ómengað vatn og loft er nú talið til hinnar verðmætustu eignar hverrar þjóðar. Í þessum skilningi eru Íslendingar enn mjög auðugir, en verða þó að gæta fyllstu varúðar til að varðveita þessi gæði, jafnframt því sem þeir nýta auðlindir sínar á skynsamlegan og hagkvæman hátt. Samfara vaxandi skilningi á þessum staðreyndum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi, að sem mest af landinu, ekki aðeins hálendi og óbyggðir, vötn og ár, heldur og jafnvel byggilegt land, eigi að vera þjóðareign. Einkaeign slíkra auðæfa og brask með þau er hættulegt fyrirbrigði, og reynsla annarra þjóða ætti að verða okkur til varnaðar.

Ég vil ítreka það, að ég tel þetta eitt stærsta óleysta verkefnið í íslenzkri löggjöf, og ég tel nauðsynlegt, að þegar verði hafið starf til að undirbúa löggjöf um þessi efni. Ég geri ráð fyrir, að slíku starfi og niðurstöðum þess muni fylgja miklar umr., en ég tel, að því fyrr sem þær umr. hefjast, því betra og því fyrr sem niðurstöður fást og löggjöf verður sett, því farsælla fyrir þjóðina.

Bragi Sigurjónsson flutti þessa till. lítt breytta á síðasta þingi, en hún varð ekki útrædd. Við þm. Alþfl. leggjum hana fram aftur í þeirri von, að menn fallist á að þessi mál þurfi að rannsaka gaumgæfilega.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. frestað.
Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Áður en þetta mál gengur til n., langar mig að segja örfá orð um það. Ég hef orðið var við nokkurn áhuga í sambandi við hálendi landsins á undanförnum árum. Það hafa verið fluttar hér fyrr á þingi till., sem stefna í þá átt, að Alþ. lýsi yfir eign ríkisins á öllu hálendi landsins. Þessi till. gengur öllu lengra en aðrar till. hafa áður gengið í þessa átt, og ef efni hennar yrði lögfest, þá sýnist mér, að hér væri gerð alger bylting á sviði eignarréttarins. Í raun og veru boðar till. slíka byltingu, því að ef gengið væri inn á það, sem hér er farið fram á í sambandi við hálendið og í sambandi við veiðirétt í vötnum í byggð og óbyggðum, þá er ekki víst, hvar staðar yrði numið. Komið gæti þá til síðar, að ríkið vildi eignast fleira en þetta, þessi auðæfi, og hvar ætti þá að nema staðar?

Svo er það annað, sem ég undrast nokkuð mikið í sambandi við svona tillögugerð. Það er það, hvað ætlar ríkið að gera við eignarrétt á þessum svæðum? Hvað ætlar það að hafa upp úr honum, og til hvers eru slíkar till. fluttar? Ég hef orðið var við, að ein af þeim rökum, sem flutt eru fyrir þessu, séu þau, að hálendið eigi að vera öllum frjálst til umferðar. Ég hef aldrei orðið var við það, að það væri nokkurs staðar nokkurt ferðafrelsi takmarkað á afréttum eða hálendi landsins. Ég veit ekki betur en víða um óbyggðir landsins séu nú ýmis félög búin að byggja sér sína skála, þar sem þau hafa bækistöð. Það var byggður skóli uppi í Kerlingarfjöllum og virkjað vatnsfall fyrir hann, og mér er ekki kunnugt um neina árekstra við viðkomandi sveitarfélag.

Enn er annað, að um hálendi landsins er það þannig, og það er nú raunar tekið hér fram í þessum l. lið, að það skuli taka fyrst og fremst það af hálendinu, sem ekki liggi fyrir skýlausar eignarheimildir um, en það er dálítið einkennilegt um eignarréttinn á eftir, þegar þetta væri búið, því að víða er það þannig, að sérstakar jarðir eiga óvefengjanlega lönd allt inn í jökla. Ég t. d. man eftir einni jörð í Árnessýslu, sem á land inn í Langjökul. Það er það forna höfuðból Úthlíð í Biskupstungum. Hún á land alla leið inn í Langjökul. Og ég veit, að hér á nærliggjandi svæðum, t. d. Ölfusingaafrétti, þar eru vissar jarðir, sem eiga geilar í gegnum afréttinn, en aðrir partar hans eru svo í eigu sveitarfélagsins, þar sem jarðirnar í sveitarfélaginu eru taldar eiga hver sinn hlut í til nytja. Sama er að segja um ýmsa aðra afrétti. Það hefur staðið svo lengi sem ég veit til í fjallskilareglugerðum á Suðurlandi, að þeir eigi afrétt, sem að fornu hafi átt. Og þar er átt við jarðirnar, hverja jörð. Hún á sinn vissa part í afréttinum. Það eru hlunnindi, sem fylgja jörðinni og hún má nota. Og meira að segja var svo áður ákveðið, að það var skylt að nota þessi hlunnindi, það var skylt að reka fénað í afrétt. Nú er það að vísu ekki lengur. Mikið af afréttum á Suðurlandi er þannig að mínu viti eign jarðanna sjálfra. Svo eru enn aðrir afréttir, sem eru eign sveitarfélaga, sérstakra sveitarfélaga, og í þriðja lagi eru svo afréttir og afréttarhlutar, sem eru eign einstakra jarða. Það mun t. d. vera mjög mikið um það hér á afréttum Borgfirðinga, að sérstakar jarðir eða sérstök sveitarfélög eiga þar afrétti, sem skýlausar heimildir liggja fyrir um, að sveitarfélögin hafa keypt af stórum jörðum, sem ekki þurftu á þessu landi að halda og gátu ekki nýtt sér það. Þess vegna seldu þær sveitarfélaginu þetta land. Mér sýnist þess vegna, að hér sé boðuð mjög mikil og róttæk bylting á sviði eignarréttar í landinu, sem ég sé ekki fyrir endann á, til hvers muni geta leitt. Og verkefnið hlýtur að vera alveg gífurlegt, ef hér á að ráðast í þetta fyrirtæki, því að ég hygg, að enn sé það svo, að víða í landinu séu mörk ekki glögg, bæði á milli afrétta og heimalanda og eins innbyrðis milli afrétta. Þar séu merki óglögg, en venjur hafa skapazt um smalamennsku á þessum svæðum. Nú er það þannig, að í lögum um afréttarmálefni er það skýlaus skylda að smala þessi lönd, hvort sem þau eru nytjuð til upprekstrar eða ekki. Og sú kvöð er lögð á jarðeignirnar. Bóndi, sem býr á jörð eða á jörð eða hefur jörð til umráða, þó að hann hafi enga sauðkind, er skyldur til þess að leggja fram fé til þess að smala afréttinn, og hann er skyldur til þess að leggja fram fé til þess að hreinsa afréttinn af refum. Hann er skyldur að leggja fram fé eða sveitarfélagið til þess að refaveiðar séu stundaðar, svo sem lög mæla fyrir um. Allt eru þetta skyldur, sem eru vitanlega bundnar þeim réttindum og þeim eignarrétti, sem hlutaðeigendur hafa á þessum svæðum.

Þá kem ég að 3. liðnum í þessari till., sem hljóðar þannig:

„Hvort veiði- og fiskiræktarréttur í stöðuvötnum og fallvötnum í byggðum skuli ekki fremur bundinn viðkomandi sveitarfélögum en einkaeigendum jarða.“

Það er spurningin um það í þessum lið, hvort ekki sé rétt að taka allan þennan veiðirétt af eigendum hans og færa hann í eign sveitarfélaga. Ég man nú ekki fyllilega og hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér það, en mig minnir, að það sé eitthvað á sjötta hundrað jarðir á Íslandi, sem eiga veiðirétt í ám og vötnum. Og það er að færast sífellt í vöxt, að þessi réttindi, þessi eignarréttur sé að verða meira og meira virði, og við höfum það í lögum, að það má ekki selja veiðiréttinn undan jörðunum. Hann verður að fylgja þeim. Og ég tel það rétta stefnu, að þessi veiðiréttur eigi að fylgja jörðunum. Ef veiðiréttirnir væri tekinn undan ýmsum jörðum, væru þær mjög lítils virði á eftir. Sumar jarðir yrðu svo að segja einskis virði, þegar veiðiréttirnir væri skilinn frá þeim. Nú skal ég játa það, að sveitarfélögunum ríður mikið á að afla sér tekna og nýta allt, sem hægt er, sér til tekna. En víða er það þannig, að veiðibændurnir, mennirnir, sem eiga veiðiréttinn, eru duglegustu gjaldendurnir í sveitarfélaginu, af því að þeir hafa þessi hlunnindi eða hafa tekjur af þessum hlunnindum. Áður var það svo, að þessi hlunnindi voru eins konar matarbúr fyrir þær jarðir, sem þetta áttu. Lax- og silungsveiði var stunduð og hefur verið stunduð allt frá því að landið var byggt til þess að afla búsílags handa heimilunum og ekki aðeins þeim heimilum, sem áttu réttindin, heldur einnig til þess að bjarga öðrum frá sulti. Um þetta höfum við öflugar og öruggar heimildir fornar og raunar nýjar. Nú er þetta að vísu breytt, og þessi réttindi eru nú meira notuð til tekjuöflunar á annan hátt, með því að selja veiðiréttinn á leigu og hafa upp úr honum peningatekjur. Og mér er kunnugt um það, að hjá ýmsum bændum er þetta meginstofninn í þeirra tekjum, því að jörð getur verið góð veiðijörð og mikilsverð veiðijörð, þó að hún sé léleg búskaparjörð að öðru leyti. Mér þykir þess vegna vera hugsað til að seilast langt til eignarréttar manna, og ég trúi því ekki, að það eigi fylgi

að fagna, hvorki með þjóðinni og þá enn síður hér á hinu háa Alþingi, að þetta eigi fylgi að fagna.

Ég ætla ekki að ræða mjög um aðra liði í þessari þál. Ég get verið sammála því, að það sé eins og hv. 1. flm. sagði í sinni frumræðu, að það sé nauðsynlegt að koma sem mest í veg fyrir jarðabrask í landinu, og ég get fallizt á, að það þurfi ýmislegt að gera í því efni, og ég hygg, að ef Alþ. hefur hug á því og getur náð samstöðu um skynsamlegar leiðir að því marki, þá verði það mjög þarft verk að koma á einhvern hátt í veg fyrir það, að jarðir gangi í braski og verð þeirra fari það mikið hækkandi, eins og nú lítur út fyrir, a. m. k. á sumum svæðum landsins, að ungir menn eigi orðið ómögulegt með að taka jörð til búskapar, og það er ekki orðið hægt að búa á ýmsum jörðum, vegna þess hve landið sjálft er orðið dýrt. Þetta er málefni, sem þarf sérstakrar athugunar við. En sú athugun á að mínu viti að byggjast á allt öðrum forsendum en þeim, sem hér eru lagðar til í þessari till. Ég tel t. d., eins og talað er um í 5. lið, að athuga þurfi um jarðhitann. Ég tel, að það sé eðlilegt, að það sé athugað að setja einhver takmörk fyrir því, hvað eignarréttur viðkomandi jarðar nái djúpt í jörðu niður á því sviði hvað hitann snertir. Eins er um það, sem hér er rætt nokkuð um, ýmis verðmæt efni, sem kunna að finnast í landinu, en um þetta höfum við nú skýr lög. Við höfum lög frá árinu 1909 minnir mig, námulög, og það er ekki hægt að gera neitt í sambandi við námugröft hér eða námuvinnslu eða námuréttindi öðruvísi en að hafa til þess fullt leyfi frá viðkomandi stjórnarvöldum hér, svo að ég hygg, að við séum að því leyti vel settir. Ég tel eðlilegt, að ef gull eða málmar finnast hér í jörðu, þá njóti ríkið verulegra hlunninda af því. En þá tel ég um leið eðlilegt, að eigandi jarðar, þar sem slík hlunnindi eða verðmæti fyndust, hefði þó eitthvert gagn af.

Ég verð að segja það, að ég hef ekki séð boðaða hér á hinu háa Alþingi síðan ég kom hér þvílíka byltingu á sviði eignarréttarins eins og mér finnst felast í þessari till. Ég vil sérstaklega vara við þeirri stefnu, sem fram kemur að þessu leyti í till., en ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð nú, en vildi aðeins segja þetta, áður en málið gengi til nefndar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Till. sú á þskj. 13, sem hér er til umr., gefur mér tilefni til nokkurra aths. vegna þess, hversu margs konar áhrif hún mundi hafa á ýmsum sviðum, ef hún yrði samþ. og ef hinir sérfróðu menn, sem hún gerir ráð fyrir, að kvaddir verði til starfa við gerð frv., teldu rétt að leggja til, að ákvarðanir yrðu teknar, sem hnigju í sömu átt og tillögumenn gefa bendingu um, að rétt sé að gera.

1. flm. till., hv. 8. landsk. þm., lét svo um mælt í framsöguræðu, að till. stefndi að því, að hlutur þjóðarheildarinnar í landsréttindum vaxi, en hlutur einstaklinganna fari minnkandi. Þessa sjónarmiðs verður vart nokkuð víða, en þótt ég aðhyllist það ekki og telji það raunar fráleitt, þá ætla ég ekki á þessu stigi málsins að gera það að umræðuefni. Ég fæ ekki betur séð en slík lagasetning, sem gert er ráð fyrir í till. að efna til, mundi hafa í för með sér gróflega breytingu frá almennum og hefðbundnum skilningi á eignarráðum og eignarrétti á afréttum, eins og ég þekki þann skilning á Suðurlandi. Til sönnunar því, að ég sé ekki einn um þann skilning, þykir mér rétt að koma að því, að á síðasta Alþ. var lagt fram frv. til námulaga. Það varð ekki útrætt, en vegna þess frv. barst mér bréf dags. 9. júlí s. l. frá sýslumanninum í Árnessýslu, og með leyfi hæstv. forseta vil ég kynna þingheimi efni bréfsins, en það er svo hljóðandi:

„Á nýafstöðnum aðalfundi sýslunefndarinnar í Árnessýslu var gerð svofelld samþykkt:

Sýslunefndin lýsir sig mótfallna ákvæðum 2. gr. í frv. til námulaga, sem lagt var fyrir síðasta Alþ., þar sem stefnt er að því að rýra rétt eigenda afréttarlandanna."

Til glöggvunar skal ég geta þess, að í frv. til námulaga er gert ráð fyrir því, að í landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgi réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna, en í 2. gr. segir aftur á móti: „Á öðrum landssvæðum en í 1. gr. segir, svo sem á afréttarlöndum, sem eru ekki í einkaeign, almenningum og öræfum, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna."

Og það er þessi skilningur, sem sýslunefnd Árnessýslu var að mótmæla í þessu bréfi.

Þessu til viðbótar vil ég láta það koma hér fram, að við Sunnlendingar þekkjum ekki þau landssvæði sunnan jökla, sem kalla mætti almenninga eða land, sem einstaklingur eða sveitarfélag teldi sig ekki fullan eiganda að. Ég tel, að ekki þurfi um það að deila, að afréttir eru eign sveitarfélaganna, full og ótakmörkuð, og vil ég styðja þá skoðun mína nokkrum rökum, þar sem allmargir virðast vera í vafa um þetta atriði. Fyrst nefni ég hér tilvitnun í grein, sem Páll Líndal, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, skrifar í 6. hefti tímarits sambandsins, og fjallar greinin um eignarrétt að almenningum og afréttum, en þar segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur verið könnuð töluvert eldri löggjöf um eignarrétt að almenningum. Hefur verið bent á, að samkv. bæði þjóðveldislögunum, þ. e. Grágás, og Jónsbók hafa almenningar verið taldir eign fjórðungsmanna, þ. e. bænda í hverjum landsfjórðungi. Er mjög vafasamt, hvort þessum fornu ákvæðum hefur nokkurn tíma verið breytt, en það þýðir, að landsfjórðungarnir eða væntanlega sveitarfélögin í hverjum landsfjórðungi eru sameigendur allra almenninga í hverjum fjórðungi fyrir sig. Kemur því mjög til álita, að landshlutasamtök sveitarfélaganna séu réttur aðili til að ganga fram fyrir skjöldu til að viðhalda þessum forna rétti fjórðungsmanna."

Þá vil ég einnig geta þess, að á árunum 1914 og 1916 stóð hreppsnefnd Gnúpverjahrepps að því að selja rétt til virkjunar fallvatna á afrétti hreppsins og landspildur smærri og stærri úr afréttarlandinu. Hreppsnefndin var ekki í neinum vafa um rétt sinn til þess. Hún var ekki í vafa um rétt sinn til þess að ráðstafa þessum eignum, og voru færustu lögfræðingar og dómarar á sömu skoðun. Því til sönnunar vil ég, með leyfi hæstv. forseta, kynna þetta úr kaupsamningunum, sem gerðir voru:

Árið 1914 var gerður samningur við h. f. Titan um réttindi til virkjunar í fossum og seldar nokkrar landspildur meðfram þeim. Liður d. og e. í 1. gr. samningsins er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Eignarhluti seljanda í Hjálparfossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi, 200 faðma upp ána frá fossinum og 200 faðma niður ána frá fossinum, svo og með 300 faðma breiðri landspildu af landi hreppsins milli téðra

endimarka fyrir ofan og neðan fossinn.“ Og e. „Geldingaárfoss í Geldingaá ásamt öllu vatni og árfarvegi. Í kaupinu er undanskilinn allur námaréttur hvers kyns, sem er í ofannefndum landssvæðum hreppsins.“

Sem sagt, í samningnum er ekkert hik á því, að hreppnum bar réttur til námagraftar á þessu svæði, og er hann undanskilinn þar með. Undir afsal vegna þessa samnings er ritað:

„Reykjavík 16. júlí 1914 fyrir hönd hreppsnefndar Gnúpverjahrepps samkv. viðfestu umboði dags. 13. júlí 1914 með Eggert Briem skrifstofustjóra sem lögfræðilegum ráðunaut.

Gestur Einarsson.“

Og enn fremur undirskrifað: „Gert í samráði við mig. Eggert Briem.“

Þá vil ég kynna hér einnig samning, sem gerður var árið 1916 við Einar Benediktsson, og fjallaði hann um sölu á landspildu, sem er í næsta nágrenni við núverandi virkjun við Búrfell. 3. gr. samningsins hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hreppurinn áskilur sér rétt sinn til skógarhöggs í Búrfellshálsi óskertan og endurgjaldslausan. Þó skal þetta skilyrði ekki mega koma í bága við starfrækslu eða afnot kaupandans af því selda, en gjalda skal hann fullar bætur eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna fyrir tjón það, sem þá kann að verða á skógarhögginu. Sömuleiðis áskilur hreppurinn sér rétt til uppreksturs og afréttarnotkunar á hinni seldu landspildu endurgjaldslaust, svo lengi sem það kemur ekki í bága við starfrækslu kaupanda eða þeirra, sem hann framselur rétt sinn á landinu.“

Þetta er um rétt hreppsins, sem þarna er tryggður og er ekki vefengdur. Á þennan samning er ritað: „Samningur þessi er gerður í samráði við undirritaðan eftir ósk hreppsnefndarinnar. Reykjavík, 3. okt. 1916. Eggert Briem yfirdómari.“

Ég hygg, að þessar tilvitnanir sýni það, að skilningur manna á Suðurlandi er sá, eins og ég lýsti hér í upphafi, að sveitirnar hafi átt óskoraðan rétt til þessa lands og það hefur verið þeirra skýlaus eign, og mér sýnist, að áskrift Eggerts Briem síðar yfirdómara sanni það, að almúgamaðurinn var ekki einn um þessa skoðun á þeim árum.

Þá þykir mér rétt að geta þess, að vikurnám hefur viðgengizt í afrétti Gnúpverjahrepps frá því 1932, þ. e. a. s. frá þeim tíma, að hægt var að nýta vikurinn vegna flutninga. Ef ég man rétt, mun það hafa verið frá 1932 og allt til þessa dags, og tekur sveitarsjóður að sjálfsögðu gjald fyrir hann.

Þessum aths. hef ég viljað koma á framfæri hér, svo að það liggi strax fyrir, að ég tel eignarrétt sveitarfélaganna á afréttunum óvefengjanlegan, og þær upplýsingar, sem ég hef gefið, sýna, að ég er ekki einn um þá skoðun, heldur hefur hún verið ráðandi um ráðstöfun landsins um langan aldur, og hefur einn af færustu dómurum landsins staðfest þann skilning sem hinn rétta með undirskrift sinni undir þá samninga, sem ég var að lýsa hér. Ég fæ því ekki betur séð en bein yfirlýsing Alþingis um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign væri eignaupptaka og mundi draga þann dilk á eftir sér, að um stórvægilegar greiðslur skaðabóta yrði að ræða, ekki einvörðungu vegna eigna einstaklinga, heldur og fyrir eignir sveitarfélaganna í landinu. Ég vara við því, að þetta spor verði stigið. Með það fyrir augum hef ég gert þessar aths.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. 2. þm. Sunnl. sagði, að till. þessi boðaði róttæka byltingu á sviði eignarréttarins. Ég get tekið undir þetta. Flm. er fullkomlega ljóst, eins og fram kom í orðum mínum, er ég mælti fyrir till., að hér er um mjög stórt og veigamikið mál að ræða. Hins vegar vil ég benda á, að við höfum hvorki í þessari till. eða annars staðar lagt til breytingar á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar og við höfum ekki í huga neina eignaupptöku, eins og hv. 6. þm. Sunnl. sagði hér áðan. Honum hefur sézt yfir þá setningu í 1. lið í till., að það eigi að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila liggja ekki fyrir.

Ræða hv. 6. þm. Sunnl., þar sem hann sýndi fram á viðhorf, sem ríkt hefur hjá mörgum aðilum á Suðurlandi, var um leið glöggt dæmi um það, hversu óljóst þetta mál er og hversu nauðsynlegt er að fá úr því skorið, hvort þessi skilningur á eignarrétti er réttur og þá hve langt hann nær. Eins og hann sagði sjálfur, er þetta deilumál. Þetta deilumál er þess eðlis, að ef við látum það vera óútkljáð lengi enn, geta af því skapazt í framtíðinni vandamál, sem verða þyngri og þyngri eftir því sem tíminn líður. Ef hann er jafnviss í sinni sök og mér virtist af ræðu hans, þá ætti hann ekki að þurfa að óttast slíkt uppgjör, en hlýtur að geta verið mér sammála um það, að æskilegt væri að fá staðfestingu á því, hvort hans skilningur er réttur eða ekki.

Kjarninn í þessu máli er sá, að talið hefur verið mjög vafasamt um langan aldur, hver væri raunverulegur eignarréttur á stórum hlutum landsins. Menn tala um, að þeir eigi afrétti, en það hafa margir lögfróðir menn efazt um, að þetta þýði, að þeir eigi landið. Úr þessu viljum við fá skorið. En við bendum jafnframt á það, að einmitt nú á síðustu árum er mjög vaxandi ásókn þeirra manna og félaga, sem hafa yfir fjármunum að ráða, að komast yfir jarðir, sem þeir ætla sér ekki að búa á eða nytja, heldur kaupa sem fjárfestingu til að græða á þeim og til þess að skapa sér aðstöðu.

Tilgangurinn með því, að ríkið eigi sem mest af landinu, er auðvitað sá, að þjóðin þurfi ekki að borga stórkostlega fjármuni fyrir land, sem hún kann að þurfa að nota síðar, annaðhvort til atvinnufyrirtækja eða til að geyma svæðin, taka þau frá, þannig að þjóðin geti síðar átt aðgang að þeim.

Hv. 2. þm. Sunnl. sagði, að hálendið væri allt opið, við gætum farið um það eins og við vildum, það væri meira að segja leyfilegt að byggja skóla uppi undir jöklum. Þetta er rétt í dag. En hversu lengi verður þetta svo? Ef nokkuð er að marka þróun í öðrum löndum, sem við getum mikið lært af, þá getum við búizt við því, að það verði breytingar í þessum efnum og girðingunum muni fjölga, ekki aðeins girðingum bændanna, heldur girðingum, þar sem stendur á, að óviðkomandi sé bannaður aðgangur. Það gæti verið, að það yrði fleira bannað en berjatínsla á stórum hlutum þessa lands, svo að hagur þeirra, sem búa í þéttbýlinu geti þrengzt allverulega — og ég vil taka fram aftur: ekki vegna aðgerða eða atvinnu bændanna, heldur ýmissa

aðila, sem eru að seilast til landa og leggja þau undir sig til allt annars en að búa á þeim sjálfir.

Það er fróðlegt að heyra merkisbónda segja það hér á Alþingi, að ungir menn geti varla hafið búskap á Íslandi í dag, vegna þess hve landið er orðið dýrt. Það skyldi þó ekki vera, að það væri vandamál, sem þjóðfélagið ætti að gefa gaum, hvort ástæða er til þess að láta hverja kynslóð kaupa landið upp á nýtt til að hagnýta það. Ég veit, að þetta eru gamlar og byltingarkenndar hugmyndir, en það sakar ekkert að taka þær fram og athuga þær upp á nýtt við nýjar aðstæður. Og þær breyttu aðstæður eru nýr skilningur á því, hve landið er verðmætt og miklu meira fjármagn en áður hefur verið til seilist til þess að ná yfirráðum yfir landinu í þeim tilgangi að græða á því, braska með það á einn eða annan hátt.

Mér þótti heldur leiðinlegt að heyra hv. 6. þm. Sunnl. segja, að hann teldi fráleitt að setja hag þjóðarheildar fram fyrir hag einstaklinga. Ég vil taka það fram, að ég er algerlega á öndverðum meiði við hann um þetta. Ég tel, að þar sem hagur þjóðarheildarinnar rekst á hag einstaklingsins, eigi þjóðarheildin að ganga fyrir. Það eru 205 þúsund á móti einum. Og það er einmitt á þessu sviði, sem slíkir árekstrar geta orðið margir í framtíðinni.

Ég vil endurtaka það, að okkur flm. er ljóst, að hér er um að ræða mjög viðamikið mál, sem mun taka langan tíma og feiknalega vinnu. En við teljum, að það verði að byrja á þessu verki, og því fyrr sem byrjað er á því, því fyrr munum við ljúka því og koma þessum málum í fastara og betra horf. Það mun verða þjóðinni til mikillar farsældar í framtíðinni að koma þessum málum í fastara form, áður en meira tjón verður gert og málin verða gerð mun flóknari, eins og ég hygg, að þau muni að öðrum kosti verða með hverju ári sem líður.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Á s. l. þingi kom hér till. fram frá einum þáv. þm. Sjálfstfl., sem í stórum dráttum gekk inn á sama sjónarmið og hér er lýst í 1. gr. og að nokkru leyti inn á sjónarmið, sem síðar eru nefnd hérna í þáltill. Þá tók ég til máls um þetta efni og tók undir orð ræðumanns. Þessi ræðumaður er dómari hér í borg. Hann sagði réttilega frá því, eins og hefur komið fram hér áður, að þetta væri mikið og erfitt vandamál, með eignarréttinn á landinu. Það er erfitt vegna þess, að það skortir skýlausar heimildir á pappír, sem sanna það, að viðkomandi aðilar eða sveitarfélög eigi landið. Það væri ekki svo flókið vandamál, ef þessi skjöl væru til. En það kom líka fram hjá hinum ágæta bónda og 2. þm. Sunnl., að mikið væri byggt á hefð og það hefði gengið svo mann fram af manni. Þetta er líka rétt.

Ég man nú ekki, hvernig Grágás orðar það, en í lögum um gang fisks upp til lands er sagt, að hann skuli eiga frían gang upp, ella gæti sá, sem ætti vatn við ósa, veitt þar sem hann lysti. Menn sáu þegar í fornöld, að það þyrfti að tryggja eignarrétt eða skiptingu landsgæða á milli aðila. Það er ekki víst, að lögformleg skil hafi verið gerð önnur en Grágás segir frá, en við í dag þurfum að hafa þetta skýlausara en þar stendur og verið hefur í gegnum hefð. Það er einmitt þess vegna, sem málinu var hreyft á síðasta þingi og er hreyft enn þá, og Bragi Sigurjónsson, sem sat líka á síðasta þingi, hreyfði málinu í svipuðum anda og við gerum hér.

Það er nauðsyn tímans að fá úr því skorið, með hvaða hætti afnotaréttur af landi skal tryggður. Enginn okkar flm. ætlar sér þá dul að svipta þá, sem setið hafa á jörðunum, afnotarétti, og er mikill munur þar á. En það má benda á í leiðinni, að eignarréttur á fallvötnum og veiðivötnum er víða í ríkiseign og meira að segja í hinu hákapítaliska landi Norður-Ameríku, á Norðurlöndunum og víðar. En réttur bóndans er tryggður fyrir því, og hann er það vel tryggður, að hann er miklu betur tryggður en hér á landi. Hann er tryggður þannig, að bóndinn verður ekki ofurliði borinn af fjármagninu, og það er grundvallaratriði í þessari till. líka. Þeir hefðu mátt minna á það báðir bændurnir, sem hér stóðu upp á undan, að síaukin ásókn er í vissar jarðir og á hverju einasta ári eru þær keyptar upp af fjársterkum mönnum, sem kaupa þær á margar milljónir. Og ef svo heldur fram sem horfir, þá er það mín spá, að um aldamótin verði þeir taldir í hundruðum eigendur að slíkum jörðum, sem búa í borg. Þá væri betra að hafa tryggt í tæka tíð rétt ábúandans á jörðinni, eins og var gert í vatnalögunum í dag og í lax- og silungsveiðilöggjöfinni, að veiðiréttur fylgi staðnum, en lendi ekki í braskinu.

Þetta er auðvitað viðkvæmt mál. Sá staður, þar sem þetta er langviðkvæmast, er Árnessýsla. Allt vatnasvæði landsins, eins og mætur maður í búnaðarstétt hefur sagt við mig, væri eiginlega ekkert vandamál, væri Árnessýslu sleppt. Þar er hver höndin upp á móti annarri og hefur verið í langan tíma. Það þekkja margir, því miður. Þar hefur ekki náðst samstarf sem víða annars staðar um að gera eitt sameiginlegt átak til hagsmuna, vegna þess að veiðiréttur manna fer þar á mis, þannig að sumir veiða í net og aðrir hafa hagsmuni af stangarveiði. Það er nauðsyn að taka þessi mál alvarlegum tökum. Þar sem eignarrétturinn liggur skýlaust fyrir, verður hann auðvitað tryggður. Engum dettur annað í hug. En ein jörð á Norðurlandi telur sig eiga svæði, sem er stærra en Árnessýsla. Uppi eru raddir um stórkostlega virkjun á Austfjörðum, breytingu fallvatna, stórkostlega rannsókn á hálendi landsins og borun eftir hitaorku. Hvað gerist nú, ef í þetta er eytt tugum milljóna og allt í einu skapast þarna hreyfing á dulinni eign eða dulinni orku, sem er metin á mörg hundruð milljónir, að tilstuðlan ríkisins? Hver á þetta? Bóndinn, sem segist samkv. gamalli hefð eiga landssvæði, sem er stærra en Árnessýsla? Er ekki kominn tími til þess, að hv. Alþ. setji um þetta einhver lágmarkslög og eitthvert lágmarksöryggi um það, að nokkrir aðilar geti ekki fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins skyndilega orðið milljónerar eða tugmilljónerar? Málið verður alltaf viðkvæmt, það er ekkert nýtt. En til þess erum við kjörnir að tryggja rétt hins almenna borgara og leysa ákveðin vandamál. Við getum líka sagt, að það sé viðkvæmt að mega ekki fiska hér ýsu í soðið handa Reykvíkingum með vissum veiðarfærum. Þeir verða að fara suður í Garðsjó og koma með ýsu merkta GK. Til hvers er það gert nema í þágu almenningsheilla? Það verður alltaf þannig, að við verðum að taka af skarið í vissum tilfellum, það er ekki hægt að komast hjá því. En það snertir þá hagsmuni einhverra. Þessi till. mun ekki svipta neinn bónda þeim afnotarétti, sem hann hefur haft. En hann gæti kannske ekki braskað frjálst með jörð sína. Ég vil ekki fullyrða á þessu stigi neitt um

löggjöfina, en svo gæti farið, að slíkt yrði látið fara eftir ákveðnum reglum.

Það var fyrst og fremst 3. liður og svo sá andi, sem var í 1. lið, að lýsa allt hálendi landsins alþjóðareign, sem virtist ekki koma heim við hugsanir þessara ágætu manna, er töluðu hér áðan. En þetta er sett fram í athugunarskyni og sem viðmiðunarsjónarmið. Veiðiréttur inn er mjög viðkvæmt mál, og um hann þarf að fjalla af mjög færum mönnum, en það er óeðlilegt að tryggja hann ekki í umráðarétti þeirra manna, sem búa á jörðunum. Það er óeðlilegt, og undir það hljóta þessir ágætu málsvarar bændastéttarinnar að taka. En í dag er það ekki tryggt, því miður. Það er ekki tryggt í dag.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég tel, að málið sé þess virði, að því sé hreyft hér á Alþ. æ ofan í æ og Alþ. taki afstöðu um það, hvort öll lög og réttur um afnotarétt hálendisins eigi áfram að vera í jafnmikilli óvissu og verið hefur. Það var sagt hér, að menn hefðu frjálsan aðgang að landinu, en það er nú svo. Á hverju einasta hausti koma tilkynningar um, að þetta og þetta sé bannað, bæði berjatínsla, rjúpnaveiði og ýmislegt annað, á landi, sem er þó í hreinum óbyggðum og enginn fer um nema gangandi. Samt sem áður telja margir sig geta bannað slíka umferð, en margir vildu ganga um landið, þó að ekki sé til veiða.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna aths., sem gerðar hafa verið við mál mitt áðan. Ég vil nú, áður en ég kem að því að svara því, lýsa ánægju minni yfir því, að flm. þessarar till. skuli ekki vera einir við að setja lög á Íslandi, því að ekki litist mér á það. En ég ætla ekki að taka það aftur, sem ég sagði áðan, að mér fyndist raunar fráleitt að aðhyllast þau sjónarmið, sem fram kæmu í þessari till. Það var ekki rétt, sem hv. 8. landsk. sagði hér áðan og hafði eftir mér, að ég hefði sagt, að þegar um hag þjóðarinnar væri að ræða, þá ætti einstaklingurinn að ganga fyrir þjóðarheildinni. Ég þóttist hafa tekið það rétt upp eftir frsm. sjálfum, sem hann sagði, að hlutur þjóðarheildarinnar í landsréttindum ætti að vaxa, en hlutur einstaklinganna að fara minnkandi, og það er nokkuð annað. Þetta taldi ég fráleitt.

Ég þarf ekki í raun og veru að segja meira. En þó þykir mér rétt að undirstrika það, að hann vildi halda því fram, 1. flm., að ég hefði misskilið, hvað í till. fælist, og ég hefði ekki þurft að halda mína ræðu, þar sem getið væri um það í 1. lið till., að ekki ætti að lýsa annað alþjóðareign en það, sem skýlausar eignarheimildir væru ekki fyrir um. En eftir mínum skilningi eru skýlausar heimildir til fyrir því, að óbyggðir landsins og afréttir eiga sinn eiganda, og eftir þeim skilningi veit ég ekki, hverju á að lýsa þjóðarheildina eiganda að, ef það eru ekki eignir annarra aðila.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það eru nú aðeins tvær eða þrjár setningar. Það er nú í fyrsta lagi um rjúpnaskytterí og berjatínslu. Ég held, að það væri nú full þörf á því að koma í veg fyrir það, að þessir menn úr bæjunum — því að það eru nú aðallega bæjarmenn, sveitamenn hafa nú orðið ekki tíma til að fást við rjúpnaveiði, — fari nú eitthvað varlegar í sitt skytterí hér eftir en hingað til, því að þeir eru nú næstum því búnir að eyða rjúpunni. Þær fáu rjúpur, sem eftir eru, eru að skjótast á milli húsa suður í Rangárvallasýslu, þar í þorpunum, og hér á Suðurlandi. Þær telja sig betur verndaðar þar undir húsveggjunum en á fjöllum uppi, því að þar eru þær eltar af ýmsum bæjarbúum, sem gera sér þetta til skemmtunar.

Ég hef nú ekki orðið var við, að það væri amazt við berjatínslu yfirleitt á afréttum. Ég hef sjálfur séð fólk vera í friði og makindum að tína ber víða á afréttum, og sannarlega má það fyrir mér njóta þess. Ég öfunda það ekkert af því og óska eftir því einmitt, að það geti fengið að njóta þessarar ánægju að safna sér berjum uppi í afréttum, og ég hef hvergi orðið var við, að það væri bannað. Hins vegar er þetta bannað víða í heimalöndum, og það er ósköp eðlilegur hlutur, að menn vilji sitja að því sjálfir, sem er næst þeim.

Um eignarheimildina, sem hér hefur verið rætt um, á afréttunum vildi ég minna á það, sem ég gleymdi í raun og veru áðan að segja, að þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín fóru um allt Ísland og lýstu hverri einustu jörð á landinu nákvæmlega, — það geta menn lesið sjálfir í jarðabókum þessara merku manna, — þá er tekið fram um hverja einustu jörð, að þarna og þarna eigi hún afrétt. Og af hverju er það gert? Það er gert, af því að afréttirnar eru taldar hluti af jörðinni. Og ég tel, að þetta sé einhver sterkasta heimild, sem nú er fyrir hendi um það, hver eignarréttur sé á afréttum landsins.

Um þessa stóru jökla, Vatnajökul, Hofsjökul, Langjökul og slíkar jökulbreiður, þá tel ég, að þeir séu þjóðareign. Þetta eru forðabúr, sem geyma orkuna fyrir okkur og miðla henni gegnum fallvötnin til sjávar. Þetta eru einhverjar dýrmætustu orkulindir okkar, jöklarnir. Þó að okkur hafi nú stundum þótt nóg um kuldann frá þeim, þá eru þeir einhverjar dýrmætustu orkulindir okkar. Og ég held, að það hafi nú enginn bóndi hug á því að fara að eiga part í þessum jöklum að öðru leyti en því, sem þeir eiga þá eins og aðrir landsmenn. Og ég hef aldrei heyrt talað um það, að bændur hafi verið að ágirnast þessar miklu orkulindir og þessi miklu forðabúr, þar sem jöklarnir eru. Þess vegna má hv. síðasti ræðumaður og aðrir ágætir Íslendingar eiga þá í friði með okkur öllum hinum. Ég hef engan áhuga fyrir, að bændur hafi eignarrétt sérstaklega á þeim pörtum landsins. En þar sem um er að ræða verðmæti eins og afréttina, sem geyma að mínu viti geysilega mikil verðmæti, þar sem eru beitilöndin og sums staðar veiðiréttur, veiðiskilyrði allmikil, sem hafa bjargað heilum sveitarfélögum stundum frá hungri, ég álít, að þetta, sem búið er að vera eign jarðanna síðan landið byggðist, verði að fylgja áfram og það megi ekki taka þetta undan jörðunum. Það sé rangt og það sé hrein bylting að ætla sér að breyta þessu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 65., 71. og 74. fundi í Sþ., 9., 16. og 18. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en nefndaráliti frá minni og meiri hl. allshn., á þskj. 559 og 669, var útbýtt 17. apríl og 5. maí.

2. Samgönguáætlun Norðurlands.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um öflun fjár vegna samgönguáætlunar Norðurlands [14. mál] (A. 14).

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. og 9. fundi í Sþ., 26. okt., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það munu nú vera nær tveir áratugir síðan raddir fóru að koma fram um það hér á hinu háa Alþingi, að nauðsynlegt væri þjóðfélagshagsmuna vegna að gera sérstakar ráðstafanir til þess að stuðla að því, sem kallað hefur verið jafnvægi í byggð landsins, þ. e. að koma í veg fyrir það, að um óeðlilegan tilflutning fólks yrði að ræða í landinu og reynt yrði að stuðla að þeirri meginstefnu, að hvarvetna þar sem búsetuskilyrði og atvinnuhættir leyfðu, gæti fólk dvalizt áfram og ekki yrði um óeðlilega tilflutninga að ræða nema það, sem þjóðfélagsþróunin hverju sinni hlýtur að sjálfsögðu að leiða af sér og verður jafnt í okkar þjóðfélagi sem annars staðar. En ástæðurnar til þess, að þessar raddir komu fram hér á Alþ., voru þær, að bæði var við að stríða atvinnuerfiðleika á ýmsum stöðum úti um land og einnig ekki hvað sízt vegna hins, að þróunin hafði verið þannig undanfarinn áratug eða áratugi, að tilflutningur fólks hafði verið mjög óeðlilegur og stórkostleg umframfjölgun hafði orðið hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa vegna atvinnuástæðna. Þá sögu þekkja allir, og skal ég ekki rekja hana. En það þótti nauðsynlegt af Alþ. að gera vissar ráðstafanir í þessu sambandi. Það var að vísu ekki í stórum stíl, sem hafizt var handa. Það mun hafa verið fyrst í fjárlögum ársins 1954, að ríkisstj. þáv. beitti sér fyrir því, að veitt var 5 millj. kr. heimild til að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, sem hún teldi heppilegast. Um rúmlega 10 ára bil voru síðan sérstakar fjárveitingar veittar í fjárlögum, sem ráðstafað var allt til ársins 1959 af ríkisstj. sjálfri og varið til þess að styðja ýmis sveitarfélög og atvinnufyrirtæki víðs vegar á landinu, þar sem við atvinnuörðugleika var að stríða. Það var 1959, sem ákveðið var, að Alþ. sjálft tæki þessa úthlutun að vissu leyti í sínar hendur með kosningu sérstakrar nefndar. Þetta þótti þá ekki heppileg skipan og þyrfti að koma á þetta fastara formi, og því var það nokkrum árum síðar, að sett voru lög um Atvinnubótasjóð, og síðan nú fyrir nokkrum árum í sambandi við framkvæmdirnar í Straumsvík, þá voru sett lög um Atvinnujöfnunarsjóð, þar sem eðlilegt þótti með hliðsjón af því, að þarna reis á einum stað á landinu stórkostlegt atvinnufyrirtæki, að hluti af tekjum þjóðarbúsins af rekstri þess rynni einmitt til sérstaks sjóðs, er hefði það markmið að stuðla að atvinnujafnvægi í öðrum byggðarlögum landsins.

Með þessum hætti hefur allt frá árinu 1954 í vaxandi mæli verið séð fyrir fjármagni til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og hefur þessu fé verið varið til alls konar atvinnurekstrar, uppbyggingar margvíslegra fyrirtækja og til aðstoðar sveitarfélögum og þá fyrst og fremst og ekki hvað sízt þar, sem þannig hefur verið ástatt, að ekki hefur verið auðið að koma við almennri lánafyrirgreiðslu lánastofnana, vegna þess að aðstæður hafa ekki verið slíkar eða örðugleikarnir meiri en svo, að það væri hægt að fylgja þar almennum lánareglum, heldur var um veruleg áhættulán að ræða. Þessa sögu skal ég ekki rekja nánar, en taldi nauðsynlegt að rifja þó þetta mál upp.

Það kom fljótlega í ljós, að menn gerðu sér grein fyrir því, einnig hér á Alþ., að það væri ekki nóg að afla fjár í þessu skyni, heldur yrði að vinna að þessum umbótamálum með kerfisbundnum hætti, og voru um þetta fyrst gerðar hér ályktanir, en upphaf að sérstakri áætlanagerð, gerð svokallaðra byggðaáætlana, er að finna í svokallaðri Vestfjarðaáætlun, sem hafin var snemma á síðasta áratug, og voru það norskir sérfræðingar, sem unnu að gerð þeirrar áætlunar á vegum Framkvæmdabankans að tilstuðlan ríkisstj. Þá kom í ljós, að hér var um stórfellt viðfangsefni að ræða, en tilgangurinn með því var að reyna að stuðla að því, að fólksstraumur væri ekki jafnmikill og verið hafði brott frá þessum landshluta, en það hefur verið um einna mestan tilflutning að ræða á fólki einmitt frá Vestfjörðum. Því þótti rétt að byrja á því svæði, enda hafði Alþ. gert um það sérstaka ályktun. En til þess að þetta væri auðið, þá komust menn að þeirri niðurstöðu eða þessir sérfræðingar, að hér væri um svo umfangsmikið mál að ræða, að það yrði að gera það í áföngum. Og niðurstaðan varð því sú, til þess að þetta rynni ekki út í sandinn, heldur væri hægt að taka það föstum tökum, að hafizt var handa um gerð samgönguáætlunar Vestfjarða, og mun það hafa verið nokkuð samdóma álit manna, að það væri eðlilegt, vegna þess að Vestfirðir ættu við mesta erfiðleika að stríða einmitt vegna samgönguörðugleika. Að þessari áætlun var svo unnið með sérstakri fjáröflun. Ekki var notað til þess það fé, sem var til ráðstöfunar til atvinnujöfnunar almennt í landinu, heldur var þetta gert með sérstakri fjáröflun frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins og að þessu unnið um sex ára skeið. Þeirri áætlun var þá lokið, og hefur hún tvímælalaust orðið til stórfelldra hagsbóta fyrir Vestfirðinga.

Síðan gerist það á árunum 1964 og 1965, að hafizt er handa um gerð næstu áætlunar í samvinnu við og í framhaldi af samkomulagi milli verkalýðsfélaganna og ríkisstj. og vinnuveitenda á Norðurlandi og Norðausturlandi. Var samkvæmt því samkomulagi ákveðið að gera þar áætlun um atvinnumál, þróun atvinnumála á Norðurlandi, vegna þess að það var einnig, að ég hygg, samdóma álit allra, eins og sakir stóðu um það leyti, að enginn landshluti væri eins illa staddur atvinnulega og Norðlendingafjórðungur. Að þessari áætlun var unnið af innlendum sérfræðingum, fyrstu byggðaáætlun, sem unnin var af þeim á vegum Efnahagsstofnunarinnar, og tók það að vonum alllangan tíma, eða ein 3—4 ár, að ganga endanlega frá

atvinnumálaþætti þeirrar áætlunar, en áður en því væri að fullu lokið, þá þótti brýna nauðsyn bera til þess að afla einnig sérstaks lánsfjár, tryggja það í tæka tíð, þannig að áætlun þessi yrði ekki pappírsgagn, og var það gert. Ríkisstj. hafði forgöngu um að tryggja fé til framkvæmda á atvinnumálaþætti Norðurlandsáætlunar.

Það var strax talið sjálfsagt og eðlilegt, þegar hafizt var handa um gerð áætlunar sem þessarar, að ekki yrði haft það margt í takinu, að þetta yrðu aðeins pappírsgögn, heldur væri ein áætlun látin taka við af annarri, þannig að hægt væri að framkvæma þær með raunhæfum hætti. Á allra síðustu árum hefur þó verið nokkru meiri hraði hafður á þessu. Eftir að Atvinnujöfnunarsjóður tók til starfa var þetta verkefni fengið honum í hendur eða gert ráð fyrir því í lögum sjóðsins, að hann gæti látið gera sérstakar byggðarþróunaráætlanir fyrir einstök byggðarlög eða héruð eða landssvæði. En áður hafði þetta verið gert fyrir tilstuðlan ríkisstj., bæði Vestfjarðaáætlun og Norðurlandsáætlun.

Fyrsta áætlunin, sem ákveðið var að gera á vegum Atvinnujöfnunarsjóðs, var samgönguáætlun fyrir Austurland, og var samkomulag um það, til þess að takmarka viðfangsefnið og gera það enn þá viðráðanlegra og raunhæfara, að takmarka sig þar við vegáætlun. Tókst að ljúka þeirri áætlun á mjög skömmum tíma. Í sambandi við þá áætlun, sem hafizt var handa um framkvæmd á nú á þessu ári, sá ríkisstj. einnig til þess, að áður en áætluninni var lokið var tiltækt fjármagn til þess, að hægt væri að hefjast handa um framkvæmd áætlunarinnar samstundis og frá henni hafði verið gengið. Og því er það, að fyrsti áfangi vegáætlunar Austurlands er nú kominn í framkvæmd á þessu ári, að séð var fyrir fé til þess á s. l. vetri.

Næsta skrefið í þessari áætlunargerð til byggðaþróunar og til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins var síðan ákvörðun stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs að gera samgönguáætlun fyrir Norðurland, en mjög hafði verið óskað eftir því, að það yrði næsta skrefið í jafnvægismálum eða byggðaþróunarmálum Norðlendinga, að slík áætlun yrði gerð, enda má raunar segja, að samgönguáætlun fyrir Austfirði gagni ekki nema að hálfu leyti, ef ekki er komið á viðhlítandi samgöngum á Norðurlandi. Að þessari áætlun hefur verið unnið nú að undanförnu, og það má gera ráð fyrir því, að auðið verði að ljúka a. m. k. vissum þáttum þeirrar áætlunar í vetur, og þá stöndum við andspænis þeirri sömu nauðsyn og áður, að stuðla að því, að fjármagn verði til staðar, til þess að framkvæmd áætlunar þessarar þurfi ekki að stöðvast vegna fjárskorts.

Ég hef talið rétt að greina frá, hvernig unnið hefur verið að þessum áætlunum og hvernig séð hefur verið fyrir fé til þeirra, til þess að menn skyldu ekki ætla, að þessi till., sem nú liggur fyrir og fjallar einmitt um öflun lánsfjár nú þegar, til þess að hægt verði að gera samgönguáætlun Norðurlands að veruleika þegar eða hefjast handa um framkvæmdina þegar á næsta sumri, að ekki væri hægt að segja, að þar væri um einhverja yfirboðstillögu að ræða. Hygg ég, að öllum hv. þm. sé ljóst, eftir að ég hef rakið það, hvernig þetta hefur gerzt með aðrar áætlanir, sem unnið hefur verið að, að hér er ekki um annað að ræða en að óskað er eftir því, að nákvæmlega eins verði að farið varðandi þennan þátt framfaramála á Norðurlandi, því að það hefur verið séð fyrir sérstakri fjáröflun, enda ekki annað auðið, því að Atvinnujöfnunarsjóður sem slíkur hefur ekki nægilegt fé til umráða til þess, að hann geti risið undir framkvæmdum samkvæmt slíkum áætlunum. Og það er einnig rétt að geta þess, svo sem átti sér stað samkvæmt vegáætlun Austurlands, að það er auðvitað ætlazt til þess, að hér komi til viðbótarfjármagn. Þegar aflað var 60 millj. nú í ár til framkvæmda á Austurlandi, þá var á engan hátt dregið úr hinum almennu vegaframlögum til Austurlands, enda hefði þá þessi áætlanagerð verið ónýt. Á sama hátt verður auðvitað að gera ráð fyrir því, að venjulegum fjárveitingum verði haldið uppi með eðlilegum hætti til Norðlendinga, þ. e. til kjördæmanna beggja á Norðurlandi, sem hér er um að ræða, enda þótt áætlunargerð sem þessi verði unnin og framkvæmdir hafnar samkvæmt henni, sem ég tel brýna nauðsyn, að verði á næsta ári. Hér er auðvitað ekki eingöngu um vegamál að ræða, þó að það sé einn allra mesti og ég vil segja fremsti þátturinn í samgöngubótunum hvað mikilvægi snertir, heldur samgöngurnar almennt. En eins og lítillega er drepið á í grg., þá hefur þegar verið hafizt handa á þessu svæði um mikilvægar vegaframkvæmdir, aðrar eru hvað athugun snertir á lokastigi. Það er nauðsynlegt, að hægt verði að hefjast handa um þær framkvæmdir, svo sem veg yfir Vaðlaheiði, — sem hefur auðvitað grundvallarþýðingu fyrir Austurland, — eftir að vegarstæðið hefur verið athugað og sú nefnd, sem að því vinnur, hefur lokið störfum. Einnig er nauðsynlegt, að þær framkvæmdir, sem unnið hefur verið að á öðrum svæðum á Norðurlandi á þessu ári, fyrir lánsfé af brýnni nauðsyn, að þær stöðvist ekki, heldur verði hægt að halda samfellt áfram á næsta sumri.

Ég vona, herra forseti, að þessi orð mín og skýringar á þróun byggðamálanna og hvernig að áætlanagerðum hefur verið unnið að undanförnu stuðli að því, að menn geti sameinazt um að fallast á ályktun þá, sem hér er um að ræða, því að í þeirri ályktun felst ekki á nokkurn hátt vantraust á hæstv. ríkisstj., að hún hafi ekki skilning á þessu máli, en það þótti þó rétt að hreyfa þessu strax í upphafi þessa þings til þess að vekja athygli á, að hér er um viðfangsefni að ræða, sem er nauðsynlegt að hefjast handa um þegar í stað, vegna þess að það getur vitanlega tekið sinn tíma að afla þess lánsfjár, sem hér er um að ræða. Ég skal svo aðeins geta þess að lokum, að óskað hefur verið eftir, að unnið yrði á vegum Atvinnujöfnunarsjóðs að atvinnumálaáætlun fyrir Vesturland og Vestfirði, sem hlýtur að sjálfsögðu að koma í framhaldi af þessari áætlunargerð. En það eru áætlanir, sem taka áreiðanlega lengri tíma, og enn fremur er ljóst, að ekki verður öllum þessum áætlunum hrundið í framkvæmd samtímis, en þær áætlanir hafa auðvitað einnig mikla grundvallarþýðingu til að stuðla að atvinnujafnvægi í þeim landshlutum.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal nú ekki verða ýkja langorður um þetta mál. Það má kannske segja, að þessi till. sé góðra gjalda verð, ef maður vill vera

kurteis. En hins vegar vekur það furðu mína, að aðalflm. hennar skuli vera fráfarandi fjmrh. Ég býst við því, sem ekki er óeðlilegt, það vil ég segja, að hann telji sig eiga verulegan þátt í því að hafizt var loks handa um gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland, og það er ekki ætlun mín að gera hlut hans lítinn í því máli. En ég vil þó minna á í þessu sambandi, að upphaf þess, að hafizt var handa um gerð áætlunar um samgöngur á Norðurlandi, má helzt rekja til bréfs, sem einir 15 þm. úr Norðurlandskjördæmum báðum skrifuðu Atvinnujöfnunarsjóði fyrir u. þ. b. ári síðan.

Sem sagt það, sem vekur eiginlega alveg furðu mína í sambandi við þetta mál, er það, að það skuli vera fráfarandi fjmrh., sem er rétt nýstaðinn upp úr ráðherrastólnum, að hann skuli þá á fyrsta eða öðrum degi þingsins gera þá kröfu til ríkisstj., sem ekki er vitað til, að hann hafi sjálfur fullnægt, meðan hann var ráðh., og er þó búið að vinna að þessari samgönguáætlun alllengi og þ. á m. á þeim tíma, þegar hann fór með ráðherravöld. Og ég vil spyrja, hvort þessi hv. þm. hafi gert eitthvað til þess að tryggja fjármagn til samgönguáætlunar á Norðurlandi, á meðan hann sat í ríkisstj. Það má vel vera, að hann hafi haft uppi einhvern viðbúnað í því efni, en þó er ekki vitað til þess almennt, að hann hafi skilið þannig við, að núv. hæstv. ríkisstj. geti notið þess á nokkurn hátt. Það er a. m. k. alveg víst, að almennur viðskilnaður fráfarandi ríkisstj. er ekki með þeim hætti, að það sé við því að búast, að hæstv. ríkisstj. geti nú strax á fyrstu dögum þingsins lagt fram fjármagn í þessa ágætu Norðurlandsáætlun um samgöngumál, sem á döfinni er. Því miður er arfurinn frá fyrrv. ríkisstj. ekki á þann veg í fjárhagsefnum og efnahagsmálum yfirleitt, að núv. ríkisstj. geti sérstaklega notið þess. Þvert á móti er viðskilnaður fráfarandi ríkisstj. þannig í fjárhagsmálum og efnahagsmálum, að núv. ríkisstj. er dæmd til þess að gjalda fyrir hann. Sá arfur, sem fráfarandi ríkisstj. skildi eftir sig, var hrúga af ógreiddum reikningum, sem nú kemur í hlut ríkisstj., sem nú fer með völdin, að ráða fram úr, hvernig með skuli fara. Það kemur mér og ýmsum öðrum ekki út af fyrir sig neitt á óvart, þó að fráfarandi ríkisstj. hafi gleymt því að útvega fé í samgöngumálaáætlun Norðurlands, en ég átti ekki von á því, að fráfarandi fjmrh. þeirrar ríkisstj., nú hv. 2. þm. Norðurl. e., ætti eftir að gerast sá merkisberi sýndarmennskunnar, sem lýsir sér í því að sjóða saman þessa till. á fyrsta degi þingsins. Því að ég ætla þessum hv. þm. annan hlut en þann að halda hér í þingsölunum á loft merkjum sýndarmennskunnar. Þetta mál, eins og flest önnur mál, sem sjálfstæðismenn hafa uppi nú á hv. Alþ., er með skýru merki sýndarmennskunnar. Ég ætla ekki að svara fyrir hönd ríkisstj., það gera viðkomandi ráðherrar, vona ég, en ég vil láta það í ljós sem mína skoðun og sannfæringu, að hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, geri sér fulla grein fyrir þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir varðandi vegamál og önnur samgöngumál, hvort heldur er á Norðurlandi eða annars staðar.

Ástandið í vegamálum Norðurlands er vægast sagt hörmulegt og að vissu leyti verra en í öðrum landsfjórðungum. Hefur Norðurland orðið svo út úr í vegamálum á síðustu 10—12 árum, að róttækra aðgerða er þörf, ef úr á að bæta. Að vísu gjalda allir landsfjórðungar utan Reykjavíkursvæðisins að meira eða minna leyti hinnar röngu og hinnar ranglátu stefnu í vegamálum allt frá því að Sjálfstfl. tók við stjórn þeirra mála fyrir rúmum áratug. En þessi öfugsnúna stefna hefur ekki sízt komið niður á Norðurlandi. Þar eru nú einna verstir vegir á öllu landinu. Þeir eru illa lagaðir fyrir hina miklu sumarumferð og þungaflutninga, og þeir eru yfirleitt alóhæfir á vetrum, vegna þess að þeir eru ekki gerðir í samræmi við snjóalög á Norðurlandi, en allir vita, að á Norðurlandi eru mikil og langvarandi snjóþyngsli svo að segja á hverju ári. Auk þess kemur það til, að vegir á Norðurlandi eru gamlir og illa upp byggðir miðað við nútímaaðferðir, þeir eru niðurgrafnir á löngum köflum, malarlausir og undirlagðir holklaka margar vikur á hverju vori. Ástandið er þannig t. d. í kringum Akureyri, að þar er ekki fært nema á torfærubílum til næstu sveitarbæja, þó að ekki séu þeir nema steinsnar frá bæjarmörkunum. Samgöngur milli Akureyrar og Húsavíkur hljóta að liggja niðri svo að vikum skiptir vegna aurbleytu á þjóðvegunum, sem tengja þessa aðalkaupstaði á austurhluta Norðurlands. Sama er að segja um samgöngurnar á milli Akureyrar og Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Þar er ekki fært nema fuglinum fljúgandi langtímum saman á vorin vegna holklakans á illa gerðum vegum. Og á vetrum fennir allt í kaf vegna þess, að umferðaræðarnar eru niðurgrafnar rásir á löngum köflum í stað þess að vera upphlaðnir vegir eins og vegir eiga að vera og orðið sjálft vísar á. Allt stjórnartímabil fráfarandi ríkisstj., í 11—12 ár, voru Norðlendingar sviknir í vegamálum, og það mun koma í hlut hinnar nýju ríkisstj. að bæta úr því, hvort sem það nú verður á fyrstu dögum yfirstandandi þings eða eitthvað síðar. Miðað við vegamálastefnu fráfarandi ríkisstj. er þessi till. eintóm sýndarmennska og til þess eins fallin að rifja upp þá eymd, sem ríkt hefur í vegamálum landsbyggðarinnar allt stjórnartímabil fráfarandi ríkisstj. og þá alveg sérstaklega aumt ástand vegamálanna á Norðurlandi.

Jóhannes Guðmundsson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., er áskorun á ríkisstj. um útvegun fjár til samgöngubóta á Norðurlandi. Eins og fram kom í ræðu 1. flm. till., hv. 2. þm. Norðurl. e. Magnúsar Jónssonar, er unnið að samgönguáætlun fyrir Norðurlandsfjórðung hjá Efnahagsstofnuninni. Standa vonir til, að því verki ljúki fyrir næsta vor. Brýn nauðsyn er því að afla nægilegs fjármagns í tíma, svo að framkvæmdir geti hafizt án tafar á næsta sumri. Öllum, sem til þekkja, hvernig ástand vega er víða á Norðurlandi, er ljóst, að það þolir enga bið að gera stórátök í vegaframkvæmdum þar, eigi íbúar þess landshluta að fá þá þjónustu, sem nauðsynleg er talin. Lélegt vegakerfi, sem lokast í fyrstu snjóum og er svo ófært vegna aurbleytu langtímum saman á vorin, skapar svo mikið öryggisleysi á mörgum sviðum, að fólk, sem býr við slíkar aðstæður, hlýtur fyrr eða síðar að leita til þeirra staða, sem betur eru settir í þessum efnum. Að hægt sé að halda uppi greiðum samgöngum innan héraðs og til höfuðstaðarins, Reykjavíkur, er forsenda þess, að héruðin úti á landi geti talizt byggileg og afkomuskilyrði til búskapar og atvinnumöguleikar séu þar sæmilegir, enda byggjast ýmsar atvinnugreinar á því, að samgöngur haldist truflanalítið sem flesta daga ársins. En

því miður er langt frá því, að svo sé, a. m. k. þar sem ég þekki bezt til.

Ég vona, að alþm. í Norðurl. v. sé enn í fersku minni útlit og ástand veganna í Húnavatnssýslu á s. l. vori, þegar þeir sem frambjóðendur flokka sinna fóru um sýsluna fyrir alþingiskosningarnar. Þá lögðust allir þungaflutningar niður um Norðurlandsveg í Húnavatnssýslu um 2—3 vikna skeið, og Hvammstangi, verzlunarstaður V.-Húnvetninga, var jafnlangan tíma nær vegasambandslaus sökum aurbleytu á vegum. Það er ekkert óeðlilegt, þó að illa gangi að halda þessum vegum við, því að langir kaflar í þeim eru 40—50 ára gamlir. Og undirbygging þeirra var alls ekki gerð með það fyrir augum, að jafnþung flutningatæki færu um þá og raun hefur orðið á og fer sífellt vaxandi. Þá liggur einnig það orð á, að viðhald vega í V.-Húnavatnssýslu sé í lágmarki sökum þess, hvað fé til þeirra framkvæmda hefur verið skorið við nögl sér. Það er því engin furða, þótt íbúar þessa héraðs vonist eftir auknum vegabótum á næstunni.

Mikið hefur verið rætt og ritað um það á undanförnum árum, að koma þyrfti á jafnvægi í byggð landsins. Ýmislegt hefur komið fram í umr., sem ekki er til þess fallið að auka á skilning manna, að réttlæti geti talizt, að fjármunum sé varið til þeirra hluta. En fyrrv. ríkisstj. tók upp nýja stefnu í þessu máli, sem verulega þýðingu hefur haft fyrir viðkomandi byggðarlög. Þar á ég við t. d. Vestfjarðaáætlun í samgöngubótum og Norðurlandsáætlun og stofnun Atvinnujöfnunarsjóðs. Í kjölfarið fylgir svo samgönguáætlun fyrir Norðurland, sem Norðlendingar binda miklar vonir við, svo framarlega sem fjármagn fæst til þeirra framkvæmda, sem sú áætlun kemur til með að gera ráð fyrir.

Aðstaða til menntunar barna og unglinga í sveitum landsins hefur verið mjög bágborin, en hefur þó tekið stórfelldum framförum s. l. áratug. Sveitahrepparnir hafa viða sameinazt um byggingu heimavistarskóla fyrir börn og unglinga á skyldunámsstigi, en þó held ég, að stefna þessi hafi ekki að öllu leyti verið rétt. Með því að verja því fjármagni til vegabóta, sem til heimavistanna við skóla þessa hefur farið, hefði mátt stórbæta vegakerfið á viðkomandi stöðum, og um leið hefði fengizt aðstaða til að flytja börnin daglega milli heimila og skóla í stað þess að hafa þau mánuðum saman og ár eftir ár fjarri heimilum sínum. En meðan vegakerfið er ekki betra er ekki um annað að ræða.

Læknaskortur í strjálbýli er vel þekkt dagskrármál hér á landi um þessar mundir og raunar búið að vera áhyggjuefni mörgum, sem búa úti á landsbyggðinni og hafa átt við það að stríða. Eygðir hafa verið þeir möguleikar til lausnar þessu vandamáli, þ. e. að fá lækna til að setjast að úti á landsbyggðinni, að koma upp svonefndum læknamiðstöðvum. Er þá gert ráð fyrir stækkun læknishéraða með fleiri lækna starfandi á sama stað. Til þess að ráðstafanir sem þessar komi að gagni þeim héruðum, sem verst eru sett með læknaþjónustu, verður að stórbæta samgöngukerfið á viðkomandi stöðum, ekki aðeins vegina, heldur einnig að gera íbúum þessara héraða kleift að nota flugvélar að og frá læknamiðstöðvunum, þegar vegir teppast. Ég er þess fullviss, að á meðan samgöngukerfið er í jafnslöku lagi og nú er víða, þá fæst engin viðunandi lausn á þessu mikla vandamáli. Það er ekki nóg að vita af 2—3 læknum á Hvammstanga og 3—4 á Húsavík, ef viðkomandi læknishéruð sjá enga möguleika til að nálgast læknana vegna erfiðra samgangna.

Herra forseti. Ég hef viljað með þessum orðum benda á það, hve öruggar og greiðar samgöngur úti á landsbyggðinni hafa mikla þýðingu fyrir það fólk, sem þar býr. Aðallega hef ég nefnt þau dæmi, sem snerta hin félagslegu vandamál íbúanna. Öllum er það löngu ljóst, að til þess að atvinnulíf sé í lagi og framleiðsluvörur komist á markað, þarf tryggar og góðar samgöngur, enda eru mörg dæmi þess, að ekkert hefur verið til þess sparað að byggja varanlega vegi, þar sem þannig hefur staðið á. Hitt hefur frekar gleymzt, að maðurinn lifir ekki á einu saman brauði. Því hafa þeir landshlutar orðið út undan hvað samgöngur snertir, sem hafa haft möguleika á að koma framleiðsluvörum sínum á markaðsstaði sjóleiðina eða þá þann tíma ársins, sem allir vegir eru taldir færir, hversu erfiðir sem þeir eru í eðli sínu. Þess vegna er því mjög fagnað norðanlands, að unnið skuli vera að gerð samgönguáætlunar fyrir Norðlendingafjórðung. Fólk norðan heiðar fylgist einnig vel með því, hver viðbrögð hæstv. ríkisstj. og alþm. verða við þeirri málaleitun, sem þáltill. sú, sem hér er til umr., felur í sér. Við Norðlendingar höfum enga ástæðu til þess að ætla, að samgönguvandamál okkar verði ekki leyst á farsælan hátt, því eins og ég hef áður sagt, eru bættar samgöngur forsenda þess, að önnur mikilvæg mál fái farsæl endalok.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 11. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þegar ég sá þessa þáltill., sem hér liggur nú fyrir til umr., þá trúði ég eiginlega ekki mínum eigin augum, og ég las hana hvað eftir annað, því að ég átti von á allt öðru en að sjá þessa till. nú á þessu þingi fyrir jólin fyrst og fremst vegna þess, að í málefnasamningi þeim, sem ríkisstj. gerði, þegar hún kom til valda, þá er því heitið að vinna að því að gera meira átak í vegamálum en áður hafði verið gert. Ríkisstj. hefur haft svo skamman tíma til þess að vinna, og þetta mál er ekki komið á neitt athugunarog umræðustig, eins og hv. þm. vita, og þess vegna fannst mér, að svona till. og sérstaklega flutt af þeim, sem fyrstur skrifar undir hana, hv. 1. flm., Magnúsi Jónssyni, ég átti ekki von á slíkri till. úr þeirri átt.

Ég ætla að rifja upp svolítið, hvernig þetta hefur gengið til í þessum málum og sérstaklega frá því í fyrravetur. Þá reyndum við, þm. Framsfl. í Norðurl. e., að fá fjármagn, fá lánsheimild til þess að fara að byggja upp eitthvað af vegum í okkar kjördæmi. Ég hef haldið því fram hér á þingi, að ástand veganna í kjördæmi okkar í Norðurl. e. væri bágbornara en víðast hvar á landinu og sérstaklega í sambandi við þá umferðarþörf, sem þar er. En til þess að sýna, hvernig það var á s. l. vori, þá mun ég koma að því betur síðar. Þegar farið var að ræða um það við hv. 2. þm. Norðurl. e., páv. fjmrh., þá eiginlega hló hann að barnaskap mínum, að það væri hægt að fá lánsheimild til vegarins, áður en

Norðurlandsáætlun væri gerð í vegamálum. Þetta þróaðist nú þannig, að á endanum skrifuðum við allir þm. og líka hv. þm. undir beiðni um það, að í tiltekinn veg, Dalvíkurveginn, yrði heimilt að taka lán upp á 20 millj. kr., og var það sent fjvn. En þegar kom að fjvn., afgreiðslu þess þar, þá var þessi fjárhæð skorin niður um helming. En þegar átti að útvega féð, þá var útvegað af hendi fyrrv. ríkisstj. aðeins helmingurinn af þessu fjármagni, þ. e. 5 millj., sem var beint lánsfé. Hitt varð sá aðili, sem framkvæmir verkið, að lána. Þetta var nú það, sem hægt var að gera á meðan hv. 1. flm. þessarar till. var fjmrh.

Hér segir í grg.: „Er að því stefnt, að þessari áætlunargerð verði lokið í vetur.“ Á fjórðungsþingi Norðlendinga, sem var haldið s. l. haust á Ólafsfirði, spurði ég forstöðumann Efnahagsstofnunarinnar, Bjarna Braga Jónsson, að því, hvenær væri hugsanlegt að ljúka þessari áætlun. Hann sagði, að það tæki a. m. k. þrjú misseri. Það eru þá nýjar upplýsingar, ef hægt er að ljúka þessari áætlun í vetur, eins og segir hér í grg., og mér þykir það furðulegt, ef sá maður, sem veitir Efnahagsstofnuninni forstöðu, hefur ekki farið þar með rétt mál.

Nú er það ákaflega gleðilegt, að þessi hv. þm., Magnús Jónsson, er kominn á þá skoðun, sem ég hélt fram í fyrravetur og var þá talin barnaleg, að það þurfi ekki að ljúka þessari áætlun, það væri hægt að taka einhverja af þessum vegum og fara að byggja þá upp.

En það voru líka fleiri mótbárur gegn því, að útvegað væri fé. Það væri ákveðið að fara að gera stórt átak á Austurlandi í vegamálum, sem mundi taka fimm ár, og það væri ekki hægt að hafa margar framkvæmdir í gangi á sama tíma. Nú er mér tjáð, að það sé aðeins búið að útvega 50 millj. af 300 í þá framkvæmd. Hitt er allt eftir. Mikið hlýtur nú hv. þm. að hafa meira álit á getu núv. ríkisstj. en hinnar fyrrverandi, ef hann ætlast til þess, að nú sé hægt að gera miklu meira og allt annað en áður var hægt, og ég fagna því, að hann hefur þetta álit. Ég vona, að það reynist þannig, að hægt verði að útvega þetta fé, þó að ekki væri hægt að útvega nema 5 millj. í þessar framkvæmdir á s. l. ári.

Þegar ég var að ferðast og við frambjóðendurnir í Norðurl. e. um vegina í vor, þá fór ég t. d. einu sinni út á Dalvík og ég var fastur þar í pytti langa lengi. Mátti fá dráttarvél til þess að draga mig þar upp. Við fórum austur frá Akureyri, og þar hittum við á trukka, þríhjóla trukka fasta í pyttunum. Við urðum að fara utan brautar. Það var betra að fara í skurðunum um Tjörnesið en á veginum sjálfum. En þegar við komum svo austan að úr þessari ferð, þá hittum við bíl uppi við Vaðlaheiði, rétt hjá Mógili, sem merktur var með S, og bílstjórinn fór að spyrja okkur um veginn. Við vorum svo undrandi, að við gátum ekki svarað honum. Við segjum: Hvaðan kemur þú? Við fórum frá Reykjavík eftir hádegið. Hvernig er vegurinn? segjum við. Það er á einum stað á Hrútafjarðarhálsinum, sem voru hjólför, við flugum yfir þau. Það var ekki fyrr en við komum í Öxnadalinn, sem fóru að verða örðugleikar. En þarna vorum við að koma úr þessu ferðalagi um okkar kjördæmi, eins og ég var að lýsa. En það er ánægjulegt, — þetta er nú 21. þingið, sem hv. 1. flm. þessarar till. situr, hann er búinn að vera í sex ár fjmrh., — að nú fyrst virðist hann vilja fara að gera stórt átak í þessum málum. Og hann sér þá, hvernig hefur verið unnið á því tímabili, sem hann hefur setið hér á þingi.

Ég verð nú að segja það, að ég held, að svona tillöguflutningur sé ekki til mikils. Ég vil benda á það í sambandi við þetta mál, að það er mikið verk, sem þarf að vinna, eins og ég var að lýsa áðan, og ég vona, hvernig sem verður á næstu árum, að það verði hægt að gera stórt átak í þessum málum, eins og hæstv. ríkisstj. er búin að heita að gera.

En það er auðvitað ekki nóg að byggja upp vegina. Það er ekki nóg að lagfæra þá, eins og þarf að gera. Það er þannig núna t. d. í okkar kjördæmi, hv. þm. Magnúsar Jónssonar, að það hefur ekkert viðhald verið á vegunum á undanförnum árum. Ég var að tala við vegaverkstjórann í S.-Þingeyjarsýslu nú á dögunum, og ég get ekki komið með svo sterk lýsingarorð sem hann notaði til þess að lýsa því, hvernig ástand veganna er eftir sumarið í sumar og eftir viðhaldsleysi undanfarin ár. Við þurfum að gera átak, og það þarf að skipuleggja það að holufylla þessa vegi og rykbinda þá. Það var nú þannig t. d. í Kræklingahlíð í sumar í þurrkunum, að það var eins og þoka yfir allri hlíðinni, þannig var rykmökkurinn, og svo voru hvörfin hér og þar, og maður sá þau ekki fyrr en maður kom alveg að þeim fyrir rykinu.

Ég held, að það þurfi að gera tilraun með þessa gömlu vegi okkar, hvort það er ekki hugsanlegt að setja olíumöl ofan á þá. Það verður að reyna það, og það má ekki bíða. Það verður að gera það sem allra fyrst eða eins fljótt og hægt er. Það eru til tæki í landinu, og með því að nota þessi tæki, þá er þetta ekki ákaflega mikill kostnaður. Það væri hægt að leggja olíumöl á meira en 100 km á ári með þessum tækjum, og sennilega væri hægt að gera það fyrir svona 700 þús. kr. á km miðað við rúmlega 7 metra breiðan veg. Þetta er það, sem við þurfum að vinna að, en auðvitað þarf fyrst og fremst að byggja upp þá vegi, sem nú eru aðeins troðningar. Ég var að lýsa, hvernig þeir eru í okkar kjördæmi á hverju vori og hvernig þeir eru líka að vetrinum, því að þetta eru vegir, sem eru allir sokknir ofan í mýrarnar, því að þetta eru eins og þið vitið snjóþyngstu héruð landsins, en vegirnir verða strax ófærir, þegar fyrstu snjóar eru, nema þá að fara með tæki á þá til þess að hreinsa þá.

Ég vil nú ekki vera að halda hér langa tölu um þetta mál. Ég vildi þó beina því til þeirrar n., sem fær þessa þáltill. til meðferðar, hvort það væri ekki rökrétt og við hæfi að vísa svona till. frá með rökstuddri dagskrá. Hitt er svo annað mál, að mér finnst, að það sé ekki ótímabært af hv. þm. Magnúsi Jónssyni að hefja baráttu fyrir umbótum í vegamálum í okkar kjördæmi.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég verð nú sannast sagna að segja, að ég hafi hlustað með nokkurri forundrun á þá hv. tvo þm., sem talað hafa hæði hér í dag og svo við fyrri umr. um þessa till. hér á hinu háa Alþingi. Ég hef satt að segja verið að íhuga það, sérstaklega eftir að fyrri ræðumaðurinn, hv. þm. Ingvar Gíslason, flutti sína ræðu, hvað væri að mönnunum og hvað hér væri eiginlega að gerast, sem væri svona óskaplegt, að menn misstu nánast á sér alla stjórn, því að sá hógværi maður, sem þar á hlut að máli, er hv. þm. Ingvar Gíslason. Ég hef sjaldan heyrt hann sletta eins

úr klaufunum og í sambandi við þetta mál, þegar hann ræddi það hér síðast. Það er nú með minn ágæta vin, hv. 4. þm. Norðurl. e., að hann á það dálítið til að hvessa sig, svo að mér kemur það ekki svo mjög á óvart, en það var líka enginn smáræðis gustur, sem frá honum kom núna yfir þeim ósköpum, að ég skyldi leyfa mér að eiga hlut að flutningi þessarar till. Ég þakka honum nú fyrir það, að hann taldi, að ég mundi hafa verið, að því er mér skildist, helzti ráðamaður um öll málefni kjördæmisins, a. m. k. vegamálin, í þessi 20 ár, sem ég hef verið hér á þingi, eða 21 ár. Því miður er það ekki svo. Það hafa nú fleiri komið þar við sögu, og ég dreg ekkert í efa, að þeir hafa viljað leggja þar gott til málanna, sem ég held, að ég hafi fyrir mitt leyti viljað gera líka. En látum það nú vera, og ég skal ekki heldur fara að rekja ástand vega í kjördæminu. Það var mjög vinsælt kosningamál í vor af hálfu þessara hv. þm. og raunar af fleirum, af því að það vildi svo til, að vegir urðu ófærir á ýmsum stöðum í okkar kjördæmi sem annars staðar vegna holklaka, sem kemur nú æði oft í vegi að vorinu og er ekkert nýtt, hefur gerzt áður á Íslandi en í vor. Það þótti þá mjög hentugt að halda því fram, að þetta stafaði allt af því, hvað við hefðum vondan fjmrh., sem ekki hefði séð fyrir fé til þess að lagfæra þessa vegi. Og mér skilst, að þessir hv. þm. séu nú að innleiða hér þessar umr. á ný. Ég vil minna þá á, að það er nú ekki framboðsfundur hér núna, en hef að öðru leyti ekkert á móti því að ræða þessi mál.

Sannleikurinn er sá, að þó að auðvitað sé ótal margt ógert í vegamálum í okkar kjördæmi, og þess vegna er nú verið að tala um samgönguáætlun m. a., þá er það ekki vegna þess, að það hafi ekki margt verið gert þar á undanförnum árum, og ég vil jafnframt vekja athygli á því, sem þeir vita jafnt eins og aðrir hv. þm., að það er ekki fjmrh., sem hefur skipt fé til vega hér á Alþ. Það hefur verið samstaða hér á Alþ. um langan aldur um skiptingu vegafjár, og það hefur verið aflað sérstaks fjár til vegagerðar í gegnum Vegasjóð, og það hefur verið samstaða um það innan okkar þingmannahóps, hvernig við ráðstöfuðum því fé, sem þar féll í okkar hlut. Á þessu tímabili hefur vissulega fé til vegaframkvæmda í landinu vaxið stórkostlega. Og ég held ekki, að við höfum verið þar sérstaklega afskiptir, og ég man ekki til þess, að þessir hv. þm. hafi haldið því fram, að við höfum verið órétti beittir af þingbræðrum okkar úr öðrum kjördæmum. Það hafa vissulega verið gerð stærri átök í vegamálum á Norðurlandi á síðustu 10 árum en nokkru sinni áður hefur verið gert. Ef við tökum bæði þessi kjördæmi, sem þessi áætlun á við, þá hafa verið gerð þar stórkostleg átök, sem hafa tengt heil byggðarlög, sem áður voru einangruð. Má þar nefna bæði Múlaveg og Strákaveg og í þriðja lagi Kísilveg. Þó að hann hafi verið lagður í sérstöku skyni, þá er hann stórkostleg samgöngubót í Þingeyjarsýslu, og í Þingeyjarsýslum sérstaklega hefur verið um að ræða stórfelldar umbætur í vegamálum.

En það er ekki þetta, sem er kjarni málsins, heldur spurningin um afstöðu til þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir, og forundrun þessara hv. þm., að ég skuli leyfa mér að vera 1. flm. að henni. Það er mál út af fyrir sig, hvort hv. þm. og stjórnarliðar hér vilja láta vísa þessari till. frá. Því verður kannske veitt athygli. En sleppum því. Það sýnir, að ekki virðist vera sérlega mikill áhugi á því, að málið nái fram að ganga. En að halda því fram, sem ég tel vera meginatriði málsins og vil leggja sérstaka áherzlu á, að ég hafi hér sýnt einhverja sérstaka viðleitni til skrumkennds málflutnings með því að flytja þetta mál, eins og ég hef hér gert, og sé að ætlast til meira af núv. ríkisstj. en fyrrv. ríkisstj. hafi gert, þá er það algerlega rangt. Ég treysti núv. ríkisstj. þá betur en þessir hv. þm., því að ég er ekki að fara fram á nokkurn hlut annan en það, sem fyrrv. ríkisstj. hefur gert í sambærilegum tilvikum. Það liðu ekki nema tvö ár á milli þess, að útvegað var fé til atvinnumálaáætlunar Norðurlands, mjög veruleg fjárhæð í einu lagi, og þangað til hafizt var handa og framkvæmd fjáröflun til Austurlandsáætlunar. Það er rétt, að hún á að vinnast á fimm árum, og eru áætlaðar 60 millj. á ári. Fyrstu 60 millj. voru útvegaðar á þessu ári. Þá lá þessi áætlun fyrir, en þær voru útvegaðar áður en áætlunin lá fyrir. Það var hins vegar gert ráð fyrir því, að hún yrði tilbúin það snemma, að hægt væri að vinna eftir henni nú í ár, og það hefur verið gert ráð fyrir því, að áætlunin varðandi Norðurland yrði það langt komin á þessum vetri, að það væri fyllilega auðið að byrja á fyrsta áfanga hennar á næsta ári, þannig að hér er ekki verið að gera annað en það að fara fram á, að hæstv. núv. ríkisstj. og hæstv. núv. fjmrh. geri nákvæmlega það, sem féll í minn hlut að gera og með sama hraða, þannig að mér er óskiljanlegt, hvernig það á að teljast einhver dæmalaus sýndarmennska að hreyfa því máli nú og leyfa sér að gera það strax í byrjun þings. Það lá svo sem ekki á þessu. Þetta var allt saman geymt í stjórnarsáttmálanum. Ég held, að það sé nú allt milli himins og jarðar í þeim sáttmála, þannig að manni gæti nú dottið í hug, að eitthvað af því yrði að geymast til næstu ára og yrði ekki allt framkvæmt í vetur. Og ég man ekki til þess, að þar standi nokkur skapaður hlutur um það, að það eigi að framkvæma sérstaka vegáætlun fyrir Norðurland. Það er talað um ráðstafanir í byggðamálum, og það mál er ekki enn farið að sjá dagsins ljós. Og það er ekki í fjárlagafrv. a. m. k. að finna nokkra einustu fjárhæð í sambandi við ráðstafanir í því skyni. Ef menn telja, að það sé hneyksli, ef þm. leyfa sér að hreyfa málum, sem hafa grundvallarþýðingu fyrir þeirra kjördæmi, af því að það standi einhvers staðar í þessum dæmalausa stjórnarsáttmála, að einhvern tíma eigi að vinna að þessum málum, þá held ég, að það sé eins gott fyrir þm. að fara heim, vegna þess að ég held, að öll hugsanleg mál, sem geta komið til kasta Alþingis, sé að finna í þessum stjórnarsáttmála. Hitt er svo allt annað mál, hvort nokkrum manni dettur í hug, að hann verði nokkurn tíma framkvæmdur. Það á sagan eftir að sýna. En ég verð að biðja þessa hv. ágætu samþingismenn mína og vini að afsaka það, þó að ég geti ekki tekið það gott og gilt og kyngt því alveg og beðizt afsökunar, að ég hafi leyft mér að hreyfa þessu máli, af því að það standi til, að ríkisstj. ætli einhvern tíma að gera þetta.

Furðan yfir því, að ég hafi ekki hreyft þessu máli fyrr, það er atriði út af fyrir sig. Ég hef talið í sambandi við áætlanir, sem gerðar hafa verið, — að vísu er það rétt, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að ég hef oft áður sagt, að það mættu ekki vera allt of margar áætlanir í gangi í einu, — en ég hef talið, að það ætti að reyna að hraða þeim, og einhvers staðar hef ég séð í stjórnarsamningnum, að talað sé um, að það eigi að raða verkefnum

eftir mikilvægi þeirra. Ég held, að ég muni þetta rétt. Það eru ekki höft, það er röðun. Það hefur verið reynt að gera þetta með þær áætlanir, sem gerðar hafa verið í sambandi við byggðaþróunina. Það var sammæli allra á sínum tíma, að vegasamgöngur væru verstar á Vestfjörðum. Og ég held, að það hafi verið rétt. Þess vegna var byrjað á samgöngubótum fyrir Vestfirði. Það var líka samdóma álit manna, að atvinnuástand væri verst á Norðurlandi, þegar atvinnumálakafla Norðurlandsáætlunar var hrundið af stokkunum. Um það var samstaða hér. Og þó að ég sé algerlega sammála um það, að það þurfi að gera mikið í vegamálum Norðurlands, þá verða mínir ágætu samþm. að virða mér það til vorkunnar, að ég var þeirrar skoðunar, að það væri rétt, að ástand vega væri verst á Austurlandi og samgöngubætur þar í vegamálum brýnastar og þar væri erfiðast ástand í þeim efnum. Þess vegna var samgönguáætlun Austurlands tekin, enda í rauninni ekki hægt af okkur Norðlendingum að ætlast til þess, að tvær norðlenzkar áætlanir væru teknar í röð, atvinnumálaþáttur Norðurlandsáætlunar og samgönguáætlunin, heldur yrði þar eitthvað inn á milli að koma. Hins vegar er það ljóst, og ég skal ekki fullyrða um það, sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði hér, í hvaða mánuði þessi áætlun verður til. En ég hef kynnt mér það nokkuð, og það er ekki ástæða til að halda, að það þurfi að taka mjög langan tíma, a. m. k. ekki vegáætlunin, vegna þess að margvíslegar athuganir voru gerðar á nauðsynlegum vegasamgöngum einmitt í sambandi við Austfjarðaáætlun, því að eins og ég gat um í frumræðu minni um þetta mál, þá er auðvitað grundvallaratriði fyrir Austfirðinga, að viðunandi samgöngubætur verði einnig á Norðurlandi, til þess að hafa tengsl hér suður á bóginn. Ég hygg því, að það sé ekkert óraunhæft að tala um það, að þessi mál geti verið komin það langt áleiðis, að hægt sé að vinna að upphafi þessarar áætlunar á næsta sumri.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, að ég hefði nánast hlegið að sér, þegar hann hefði orðað við mig í fyrra lántökuheimild fyrir Norðurland, fyrir Dalvíkurveg. Ég man nú ekki eftir þessum hlátri mínum, en ég sagði hins vegar þessum hv. þm. það, að ég þekkti það vel til mála, að ég hefði ekki trú á því, að hægt væri að fá lántökuheimild fyrir Dalvíkurveg einan, nema það kæmu vegir í öðrum kjördæmum líka, m. a. á Norðurlandi. Og það kom líka á daginn. Það var ekkert samkomulag í fjvn. um annað, og þó að ég sé nú voldugur og hafi verið, eftir því sem halda má eftir orðum þessara tveggja ágætu þm., sem ég met auðvitað mikils og er stoltur yfir að heyra, og hefði átt að geta ráðið flestu, þá ræð ég bara ekki öllu hér á Alþ. og ekki yfir vinum mínum í fjvn. Það kom auðvitað á daginn, að það þurfti að leggja fé í einn veg í hverju kjördæmi. Hitt er svo allt annað mál, sem ég benti á þá, að ef farið er að vinna eftir áætlun, alveg eins og átti sér stað um Austfjarðaáætlun núna í sumar, þá er hægt að fá samstöðu um það. Það var aflað sérstaks fjár til þeirrar áætlunar, og þeir fengu að auki sitt venjulega vegafé. Þannig hlýtur það að verða, þegar áætlun er komin. Þá er það aukaframlag, sem menn hafa hingað til alltaf viðurkennt, að yrði að afla, og aðrir hafa ekki gert kröfu til að fá sambærilegt í sinn hlut. Þetta er munurinn á að vinna eftir áætlun eða að biðja um lántökuheimild í einn og einn veg, ef hv. þm. skilur þann mun, sem ég vona, að hann geri.

Að þetta hafi allt komið eftir dúk og disk, eins og hv. þm. Ingvar Gíslason sagði, og ekkert hafi nú gerzt í þessum málum fyrr en 15 þm. skrifuðu bréf, þá skulum við nú láta það liggja á milli hluta. Ég var ekki í minni frumræðu að þakka einum né neinum þetta mál, og ég held, að ég hafi aldrei orðað það í minni frumræðu, að ég hafi unnið nein sérstök afrek í þessu máli. Ég gerði grein fyrir því þar áreitnislaust við alla, hvernig unnið hefði verið að byggðaáætlunum hér, og að þessi áætlun væri sú næsta í áætlanaröðinni og að Atvinnujöfnunarsjóður hefði ákveðið, að þessi áætlun yrði gerð og yrði næsta verkefnið. Ég orðaði það ekki svo, að þetta væri mér að þakka einum í Atvinnujöfnunarsjóði. Ég veit ekki betur en þar sitji minn ágæti þingbróðir og samþingismaður Ingvar Gíslason, hv. þm., og hann stóð einnig að þessari samþykkt. Ég held, að við höfum ekki þurft neitt bréf 15 þm. né annarra til þess að hvetja okkur í því efni. Og hafi ég staðið mig svona dæmalaust illa að vera ekki búinn að gera þetta fyrr, af hverju höfðu þá ekki aðrir flutt till. um þetta fyrr, eða var ómögulegt að gera neitt í þessum málum nema ég hefði þar frumkvæði? Ég þakka traustið.

Nú skal ég ekki, herra forseti, lengja þessa umr. öllu meira. Ég neyddist þó til þess að taka til máls, sem ég hélt þó satt að segja, að ég mundi ekki þurfa að gera, vegna þess að ég taldi, að það væri naumast grundvöllur í jafnáreitnislausri till. og hér er um að ræða til þess að fara að efna hér til kosningafunda og endurtaka ræður, sem fluttar voru á fundum s. l. vor. En úr því að þessir hv. samþingismenn mínir kusu það, þá afsaka menn vonandi, að ég segi hér nokkur orð til svars, eins og ég hef gert.

Það hryggir mig mjög, ef það er skoðun þessara hv. þm., að þessi till. sé svo óraunhæf, að það eigi að víkja henni til hliðar í trausti þess, að ríkisstj. hefjist einhvern tíma handa um að hrinda þessu í framkvæmd. Það hryggir mig mjög. Og það verður að sjálfsögðu að koma á daginn á sínum tíma, hvort Alþ. fellst á slíka meðferð málsins. En ég mótmæli tvennu sérstaklega og ítreka það í þessu efni, annars vegar því, að hér sé verið að sýna eitthvert yfirboð eða sýndarmennsku. Hér er um að ræða fullkomið samræmi við það, sem gert hefur verið og sem ég treysti hæstv. núv. ríkisstj. til að hafa sama áhuga á að framkvæma og fyrrv. stjórn. Það er ekki verið að ætlast til meira, og ég hef það traust á mínum eftirmanni, að það verði honum ekki neinn fjötur um fót að leysa þennan vanda. Hitt er svo annað mál, sem ég líka mótmæli, að mínum hv. eftirmanni sé sýnt það vantraust, sem kom fram hjá hv. þm. Ingvari Gíslasyni í hans ræðu, er hann taldi, að það hefði verið svo dæmalaus viðskilnaður í fjármálum ríkisins, að þar væri ekki af neinu að taka. Ef sá viðskilnaður hefði verið slíkur, þá væri ábyrgðarleysi hæstv. núv. fjmrh. með eindæmum, að hafa ausið út 650 millj. kr. án þess að útvega eyri í tekjur. Og ég vil ekki halda því fram, að slíkt ábyrgðarleysi sé til staðar. En það væri sannarlega, ef það væri rétt, sem hv. þm. Ingvar Gíslason sagði, að arfurinn hefði eingöngu verið ógreiddir reikningar. (**Gripið fram í:** Þeir eru margir.) Eru þeir margir, já? En hvernig er þá hægt að auki að eyða 650 millj., ef engin króna var til og ekkert nema ógreiddir reikningar í

skúffunni? Það væri fróðlegt, ef hv. þm. Stefán Valgeirsson gæti búið búi sínu á þann hátt og fengið út úr því góða útkomu.

Ég skal svo ekki ræða meira um sýndarmennskuna. Ég vil aðeins óska hv. samþingismanni mínum, 3. þm. Norðurl. e., þess, að það eigi ekki eftir að sannast, að þau ágætu mál, sem hann hefur flutt hér á Alþ. á undanförnum árum, eigi eftir að daga uppi eftir að hann hefur fengið aðstöðu til að hafa áhrif á að koma þeim í framkvæmd í ríkisstj. Þetta er duglegur maður, og hann hefur borið fram ýmis eftirtektarverð mál, sem ekki hafa náð fram að ganga, vafalaust fyrir skilningsleysi okkar stjórnarliða. Er það ekki fyrst og fremst vegna þess? Varla hefur vantað áhuga þm. sjálfs til þess að koma þessu fram. Nú vildi ég vona hans vegna og ekki á neinn hátt saka hann um sýndarmennsku, eins og hann leyfir sér að gera við mig fyrir það, að ég hreyfi þessu máli hér, að það eigi ekki eftir að sannast á honum, að þessi mál gleymist, eftir að hann hefur fengið aðstöðu til þess að koma þeim í framkvæmd, eins og hann vissulega hefur nú.

Herra forseti. Ég skal ekki þreyta þolinmæði forseta meira. Ég býst við, að hann telji ræðu mína þegar vera orðna nógu langa, en tilefni hefur vissulega gefizt, og vonast ég svo til að þurfa ekki að taka frekari þátt í þessum framboðsfundi hér. Ég er alveg fús til þess að mæta þessum ágætu vinum mínum þar sem það á við.

Halldór Kristjánsson: Herra forseti. Við heyrðum hér áðan lýsingu á vegunum í Norðurl. e. á s. l. vori, og við heyrðum hér um daginn lýsingu hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., Jóhannesi Guðmundssyni, á vegunum í Húnavatnssýslu á s. l. vori, og mér dettur ekki í hug að efast um réttmæti þessara lýsinga. En við verðum bara að varast það að ímynda okkur, að þetta sé eitthvað sérstakt fyrir þessa vegi. Því miður er svo ekki, því að þetta er raunverulega ástand íslenzkra vega víða um land og í flestum kjördæmum, þar sem annað en hraun er undir, og ég held, að þeir hv. Suðurnesjamenn, sem kunna að halda, að verstu vegir og torfærustu á landinu hafi legið frá Hafnarfirði til Keflavíkur, hefðu gott af því að sitja einhvern tíma fastir í forarvilpum íslenzkra þjóðvega í öðrum landshlutum, því að íslenzkir alþm. eiga óneitanlega að vita, hvernig ástatt er í samgöngumálum þjóðarinnar. Vegakerfið þolir ekki það, sem á það er lagt. Gamlir vegir, sem gerðir voru fyrir hesta og hestakerrur, eiga að bera þungaflutninga eins og þeir gerast í dag, og þessir vegir eru víða það slitnir, að þeir eru heflaðir niður í mold og stórgrýti. Ég ætla ekki að fara að endurtaka lýsingar hv. þm. á vegum á Norðurlandi, enda er nú fyrri ræðan komin á prent, en þar sem sú lýsing á við vegi í öllum landshlutum, þá verða hv. alþm. að líta á þessi mál ekki sem héraðsmál heldur sem landsmál, sem þjóðmál. Ísland er vanþróað land í vegamálum, og því verður það að vera menningarstarf íslenzkra stjórnarvalda á komandi árum m. a. að afla fjár, draga fé frá daglegri eyðslu og binda það í uppbyggingu varanlegra vega í enn ríkara mæli en gert hefur verið undanfarið.

Svokölluð Vestfjarðaáætlun hefur nokkuð dregizt inn í þessar umr. Mig langar ekki til að innleiða hér karp og brigzl um liðna tíð, því að meira þykir mér nú vert að horfa til þess, sem fram undan er. En þó held ég, að saga þess máls geymi nokkurt hugleiðingarefni, sem hagnýtt geti orðið við samningu og framkvæmd byggðaáætlana framvegis og hvernig að þeim málum er staðið.

Það var árið 1963 hinn 19. apríl, að Alþ. samþykkti svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdabanka Íslands að semja fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við stjórn Atvinnubótasjóðs og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórnir til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi. Einkum skal miða áætlunina við það, að framkvæmdirnar verði liður í uppbyggingu þeirra staða, sem fólksfækkunin gerir illkleift að halda í byggð, þótt öll skilyrði séu þar til góðra lífskjara, ef búið væri að þeim á borð við aðra staði. Skal áætluninni lokið fyrir lok þessa árs og hún þá lögð fyrir Alþ. ásamt till. um fjáröflun."

Þarna var Alþ. að segja til um röð á áætlunum. Framkvæmdir gengu svo, að eftir nokkur ár, ég held, að þau hafi verið fjögur, vitnaðist, að búið væri að setja saman samgöngumálakafla þessarar Vestfjarðaáætlunar, og hann hefur að verulegu leyti verið framkvæmdur. Þó mega menn vita það, að meðal þeirra vegaframkvæmda, sem áætlunin tók til, voru jarðgöng gegnum efsta hrygginn á Breiðadalsheiði milli Ísafjarðarkaupstaðar og Önundarfjarðar. Gerðu menn ráð fyrir því, að eftir tilkomu þeirra yrði bílfært yfir heiðina allan ársins hring nema rétt dag og dag í verstu vetrarbyljum. Þegar svo farið var að athuga málið betur, virtist verkfræðingum, að jarðgöngin mundu verða miklu dýrari en ráð hafði verið fyrir gert, og það var horfið frá gerð þeirra, svo að í stað þess, að þarna sé bílfært flesta daga ársins, var heiðin ófær öllum bílum sjö mánuði næstsíðasta vetur. Og hún er ófær snjóbílum líka, því að landslag og snjóalög eru þannig. Þarna finnst mér, að hafi orðið verulegt frávik frá gerðri áætlun, verulegar vanefndir á ráðagerðum. Og vegna þess að ég hef orðið var við það, að sumir menn, sem búa fjarri Vestfjörðum, halda, að þar sé búið að gera allt, sem gera þarf í vegamálum, skal ég bæta því við, svona til að fylla upp í lýsingar á þjóðvegum á Íslandi, að í Skutulsfirði, Önundarfirði og Dýrafirði urðu vegir ófærir öllum bílum s. l. vor, þó að oftast nær væri böðlazt yfir þá á jeppum, og hið sama átti sér stað miklu víðar.

Eins og menn heyra á þeirri þáltill., sem ég las áðan og á níu ára afmæli 19. apríl n. k., var ætlazt til þess, að Vestfjarðaáætlun yrði fyrst og fremst um atvinnumál, og hún átti að vera samin árið 1963, lögð fyrir Alþ. 1964 ásamt till. um öflun fjár til framkvæmda hennar. Framkvæmdinni átti svo að ljúka á næstu fimm árum. Þessi atvinnumálaáætlun er ósamin enn, og fólki á Vestfjörðum fækkar ár frá ári. Hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, sagði hér, að þessar áætlanir fyrir Vestfirði og Vesturland í öðru lagi mundu verða unnar einhvern tíma síðar meir, en annað yrði látið ganga fyrir. Samkv. því verður þessi margnefnda og langþráða Vestfjarðaáætlun tæpast samin fyrir 10 ára afmælið. Ég veit, að unnin hefur verið atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland, og ég veit það líka, að t. d. fræðimaður frá Veiðimálastofnuninni hefur ásamt verkfræðingi ferðazt um Norðurland til að athuga skilyrði til fiskeldis og fiskræktar, en enginn tími verið aflögu til

að gera slíka athugun nokkurs staðar á Vestfjörðum. Ég vil ekki telja eftir það, sem gert hefur verið af viti fyrir Norðlendinga, en ég sé ekki, að það sé nokkur dyggð að sitja hér þegjandi, þegar talað er um Vestfjarðaáætlun, að öðrum þræði í þjóðsögustíl, en að öðrum þræði eins og hún geti beðið eitthvað fram eftir öðrum áratugnum frá því að ákveðið var að gera hana, þó að Vestfirðingum fækki um 100 manns á ári hverju.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. 3. og 4. þm. Norðurl. e. í umr. um þetta mál, sem nú er til umr. hér í þingsölum, tel ég rétt að upplýsa eftirfarandi í viðbót við það, sem komið hefur fram hjá hv. 1. flm. þeirrar till., sem hér er til umr.

Byrjað var að framkvæma atvinnumálaþátt Norðurlandsáætlunar árið 1969. Til þess stórátaks í atvinnumálum Norðlendinga var aflað sérstaks fjár. Samtímis voru atvinnumálanefndir að störfum, eins og kunnugt er, og í hlut Norðlendinga kom hlutfallslega mikið fé af ráðstöfunarfjármagni þeirra og að auki verulegt ráðstöfunarfjármagn Atvinnujöfnunarsjóðs. Ég hygg, að enginn, sem þekkir til atvinnusögu Norðlendinga síðustu árin og þ. á m. hv. 3. og 4. þm. Norðurl. e., geti haldið því fram í alvöru, að hér hafi ekki verið rétt að unnið. Í kjölfar síldarbrestsins og verðfalls á sjávarafurðum árin 1967—1969 komu greinilega í ljós veikleikar norðlenzks atvinnulífs. Það er alkunna, að síldveiðar og síldariðnaður voru einir meginburðarásar þess um langt skeið. Útgerðarhættir voru með þeim hætti, að norðlenzkir bátar sóttu síldveiðar á sumrum, en jafnframt sóttu allir stærri bátar á vetrarvertíð við Suðvesturland. Þegar síldin færði sig fjær Norðurlandi og sókn báta jókst á vetrarvertíð við Suðvesturland, fór svo, að sáralítill síldarafli barst til Norðurlands, og sum árin eftir 1960 skipuðu norðlenzkir bátar meiri þorskafla á land til fiskiðjuvera á Suðvesturlandi yfir vetrarvertíðina en þeir lönduðu allt árið á Norðurlandi. Það gefur því auga leið, að þróun norðlenzkra útgerðarhátta annars vegar og síldarbresturinn hins vegar og þau samdráttaráhrif, sem hann hafði fyrir atvinnulíf allra landsmanna, komu alveg sérstaklega illa niður á atvinnulífi Norðlendinga. Þetta má raunar sýna fram á með beinhörðum tölum. Árin 1969 og 1970 varð að meðaltali fimm sinnum meira atvinnuleysi hlutfallslega á Norðurlandi en í öðrum landshlutum. Ég vil því fullyrða, að þegar svo var komið vegna óhagstæðra ytri aðstæðna, hafi engum manni til hugar komið, að ekki bæri að leggja höfuðáherzlu á að gera stórátak til eflingar norðlenzku atvinnulífi. Um þetta varð alger samstaða milli samtaka Norðlendinga og ríkisvaldsins. Áríðandi er sá, að nú er ástandið gerbreytt. Ótvírætt er, að áfangasigur er unninn í norðlenzku atvinnulífi. Nú er verkefnið að fylgja þeim áfangasigri til áframhaldandi framfarasóknar.

Það er ekki rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvari Gíslasyni, að samgönguáætlun Norðurlands eigi rætur sínar að rekja til bréfs þm. til stjórnvalda. Það bréf kom í kjölfar aðgerða heima fyrir.

Enda þótt öll megináherzla væri, eins og áður segir, á því að efla atvinnulífið, var strax á árunum 1969 og 1970 tekið að undirbúa það innan Fjórðungssambands Norðlendinga, að næsta stórátak til eflingar byggðar í fjórðungnum skyldi vera samgönguáætlun Norðurlands, og á árinu 1970 var þess formlega farið á leit við stjórnvöld og þm. beggja kjördæma, að þeir beittu sér fyrir því, að slík samgönguáætlun yrði gerð. Á árinu 1970 var á hinn bóginn unnið að vegáætlun fyrir Austfirði, og kom þá í ljós við ítrekaðar óskir af hálfu Fjórðungssambands Norðlendinga, að Vegagerð ríkisins treysti sér ekki til að vinna að báðum áætlununum í einu. Af hálfu forráðamanna Fjórðungssambands Norðlendinga kom fram, að þeim þótti eðlilegt og sanngjarnt, að vegáætlun fyrir Austfirði hefði forgang í þessu efni, þar sem atvinnumálaþáttur Norðurlandsáætlunar var í framkvæmd, og því ekki eðlilegt, að byggðaáætlun fyrir tvo þætti á Norðurlandi sæti fyrir fyrstu byggðaáætlun á Austfjörðum. Það varð því að samkomulagi, að unnið skyldi að því að koma vegáætlun fyrir Austfirði í framkvæmd árið 1971, en Vegagerð ríkisins tjáði sig fúsa til þess að vinna að gerð samgönguáætlunar Norðurlands árið 1971, sem kæmist í framkvæmd á árinu 1972. Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs samþykkti síðan formlega, að slík samgönguáætlun fyrir Norðurland yrði gerð, svo sem komið hefur fram í þessum umr., og sú ákvörðun stendur.

Þegar vegáætlun Austurlands var komin í burðarliðinn á síðasta hausti, kom það í hlut fyrrv. ríkisstj. að afla sérstaks fjármagns í því skyni. Á framkvæmdaáætlun hennar var því aflað 60 millj. kr. í þessu skyni umfram eðlilegar fjárveitingar á venjulegri vegáætlun. Það er ætlun okkar flm. þeirrar till., sem nú er til umr., að núv. stjórnvöld geri slíkt hið sama, þau afli fjármagns til þess að framkvæma samgönguáætlun Norðurlands, sem verður tilbúin til framkvæmda á næsta vori. Það er því einfaldlega krafa okkar, að núv. stjórnvöld standi sig ekki lakar en fyrrv. ríkisstj. á þessu sviði. Þetta kallar svo hv. 3. þm. Norðurl. e. sýndarmennsku. Það er vonandi, að fleiri hv. stjórnarsinnar á Alþ. séu honum ekki sammála í því efni.

Vegna ummæla hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefáns Valgeirssonar, um að í stjórnarsáttmálanum standi, að hæstv. ríkisstj. ætli að beita sér fyrir stórauknu fé til vegaframkvæmda og þess vegna sé þessi till. nánast hlægileg, þá vil ég segja, að hér er um grundvallarmisskilning að ræða. Norðurlandsáætlunin í samgöngumálum er byggðaáætlun, og fé til hennar er til viðbótar því fjármagni, sem veitt er á vegáætlun, sbr. Austfjarðaáætlun.

Út af þeim ummælum hans, að forstjóri Efnahagsstofnunarinnar hafi sagt, að áætlun væri ekki til, svo að framkvæmdir gætu ekki hafizt á næsta vori, þá vil ég upplýsa hann um, að framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga hefur símann 2 16 14 á Akureyri og hann getur fengið þar nýjustu upplýsingar um það mál. En spurningin er sú, hvort hv. þm. Framsfl. í Norðurl. e. vilja í raun fresta framkvæmd samgönguáætlunar Norðurlands til vorsins 1973. Það væri gott að fá úr því skorið, og mér er nær að halda, að þeir sýni hug sinn í verki í þá veru, ef þeir láta handjárna stjórnarlið og vísa þeirri till. frá, sem hér liggur fyrir, að sérstaks fjár sé nú aflað til samgöngubóta á Norðurlandi.

Kjarni þessa máls, sem hér er til umr., er sá, að fyrrv. stjórnvöld stuðluðu að stóreflingu atvinnulífsins á Norðurlandi einmitt þegar mest á reyndi í því efni þar. Í kjölfar þess var strax hafizt handa af hálfu heima-

manna að gera áætlun um sérstakar samgöngubætur, en fullnaðarvinna í því efni var ekki framkvæmd af tæknilegum ástæðum samtímis Austfjarðaáætlun. En nú er komið að því að framkvæma Norðurlandsáætlun í samgöngumálum. Þá er spurningin sú, sem ég vil að síðustu beina til hæstv. samgrh.: Ætlar ríkisstj. að afla fjármagns til framkvæmda samgönguáætlunar Norðurlands á þessu hausti, eða ætlar hún ekki að gera það? Ætlar ríkisstj. að fella niður þann mikilvæga þátt í eflingu landsbyggðarinnar, sem er gerð og framkvæmd byggðaáætlana?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ekki skal ég blanda mér í það, þó að hv. þm. Norðurl. e. hnybbist svolítið, þeir um það. Aðeins vil ég segja nokkur orð um þá till., sem hér er til umr.

Ég get sagt það strax, að mér finnst till. ekki óeðlileg frá stjórnarandstæðingum. Ég lít á það sem nokkuð eðlilegan hlut, að þeir minni á sín mál og skori á ríkisstj. að gera góða hluti, og það ber ríkisstj. líka að taka vel upp fyrir þeim. Það hafði nú hæstv. fyrrv. ríkisstj. ekki alltaf skilning á að gera. Það voru flest mál drepin frá stjórnarandstöðu þá. En þannig á nú ekki að taka á málum.

Í till. segir, að skorað sé á ríkisstj. að gera í tæka tíð ráðstafanir til að afla nægilegs fjármagns, svo að hægt verði þegar á næsta sumri að hefjast handa um framkvæmd samgönguáætlunar fyrir Norðurland. Þarna er auðvitað beðið um hið fyllsta, nógu mikið fjármagn til þess að framkvæma þessa áætlun á næsta sumri. En það er bara þetta, að það er ekki búið að ganga frá neinni Norðurlandsáætlun, og ég veit ekki, hvort það verður búið fyrir næsta sumar. Eftir því sem ég veit bezt, hefur verið unnið að þessari áætlun að undanförnu, og ég held, að starfinu sé ekki komið lengra en það, að í vegamálum séu komnir, miklir óskalistar, sem ýmsir telja æskilegt, kannske nauðsynlegt í mörgum tilfellum, að komist inn á áætlunina. Þetta eru sem sé fyrstu drög að, þeim þætti, sem gæti heitið vegamálaáætlun Norðurlands, en engan veginn, að það sé komið nokkurt sköpulag á þann þáttinn. Þar er mikið starf áreiðanlega eftir. En hins vegar mun ekkert vera farið að líta á þáttinn um hafnarmál eða flugmál, sem eru tveir aðrir þættir, sem ættu auðvitað að vera í samgöngumálaáætlun Norðurlands. Ég held því, að það sé sannast mála, að samning samgönguáætlunar Norðurlands sé mjög skammt á veg komin. Á þessu stigi málsins er því ákaflega erfitt að mynda sér skoðun um það, hve mikils fjármagns þurfi að afla til framkvæmda henni. En hitt er alveg rétt, að þegar þessi áætlun liggur fyrir, þá er það verkefni ríkisstj. að sjá fyrir fjáröflunarleiðum til framkvæmda samkv. niðurstöðum hennar í tæka tíð. Og ætti varla að þurfa um það tillöguflutning, það tek ég fram, en mér finnst það ekkert óeðlilegt, að stjórnarandstöðuþm. beri það fram og taki munninn fullan. **(LárJ:** Það þarf ca. 150 millj. á næsta ári.) Þarf það? Er það sameiginleg niðurstaða? Ég held, að sumir hafi nú talið, að óskalistinn bara í vegunum einum væri upp á einn milljarð og 600 millj. **(Gripið fram í:** Það er rétt.) Það er rétt, já. En eitthvað þarf nú kannske að taka utan af því, til þess að við komumst niður á jörðina. Austfjarðavegáætlunin er upp á 300 millj. alls á fimm árum, 60 millj. framlag á ári. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að það er hægt að koma fyrir 1 milljarði og 600 millj. kr. í vegaumbætur á Norðurlandi. En hvort hægt verður að rúma það á skynsamlegan hátt innan fjögurra eða fimm ára áætlunar, það læt ég ósagt og þykir ekki líklegt. Sem sagt, ég veit ekkert um það á þessari stundu, hvort samgöngumálaáætlun Norðurlands liggur fyrir fullmótuð og fullsköpuð á næsta sumri, en færi svo, þá þarf ríkisstj. að hafa fyrirhyggju til fjáröflunar, til þess að hægt sé að hefja framkvæmdir samkv. henni. Það kemur mér ekkert á óvart, og því lýsi ég yfir, að ríkisstj. telur það hlutverk sitt að afla fjár til vegaframkvæmda á áætlun Norðurlands, þegar frá henni hefur verið gengið.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég er um eitt atriði alveg sammála hv. 2. þm. Norðurl. e., og það er það, að við förum ekki að gera þetta að neinum framboðsfundi fyrir okkar ágæta kjördæmi, enda stóð það nú aldrei til af minni hálfu, þó að ég leyfði mér að segja nokkur orð um þessa till., þegar hún kom fram. Og sannleikurinn er sá, að ég hef ekki neinu sérstöku við það að bæta, sem ég sagði þá. Ég hef ekkert breytt um skoðun á till. eftir að hafa heyrt ágæta ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. um þetta efni nú aftur.

Ég benti á viss atriði, sem mér fundust vera ágallar við þessa till., og sérstaklega þótti mér áberandi sýndarmennskublærinn á henni. Mér finnst það koma úr hörðustu átt, að fráfarandi fjmrh. skyldi á fyrsta degi þingsins flytja till. um þetta efni, á fyrsta degi þingsins. Ég held, að allir, sem annars hafa rétta hugsun, hljóti að sjá, að slíkt sem þetta lýsir hreinni sýndarmennsku. Og ég fékk ekki svar við því hreint og klárt, hvort þessi hv. þm., meðan hann var ráðh., hvort hann hafi unnið nokkuð sérstaklega að því að afla fjár til Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum. Það kom ekki fram. Og hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, lýsti því, hvernig það gekk af okkar hálfu að fá fé í þann veg í okkar kjördæmi, sem við lögðum megináherzlu á, að endurbættur væri skjótar en ýmsir aðrir vegir.

Annað atriði í minni örstuttu ræðu hér um daginn var lýsing á ástandi veganna í Norðurl. e., og ég ætla ekki að fara að endurtaka það. Þeir segja hér, ýmsir þm. úr öðrum kjördæmum, að ástandið í vegamálum annars staðar sé ekki betra. Þetta má vel vera. Þó er ég annarrar skoðunar. Ég hef farið nokkuð mikið um vegi landsins, a. m. k. á þjóðleiðinni frá Akureyri suður til Reykjavíkur og raunar austur um land líka, og mér er til efs, að það séu öllu verri samgönguleiðir annars staðar heldur en einmitt í okkar kjördæmi. Og það kemur m. a. af því, að við búum í ákaflega snjóþungum héruðum. Og það er eitt af því versta, að vegirnir fara snemma undir snjó, og svo kemur líka hitt til, hvað vegirnir eru gamlir og illa gerðir, þannig að holklakinn hefur þar meiri áhrif en víða annars staðar. Þessu lýsti ég öllu um daginn, og ég sé enga ástæðu til þess að fara að endurtaka það. Og ég benti einnig á það, að ég teldi, að á undanförnum árum hefði of lítið áunnizt í vegamálunum, þrátt fyrir mikið fjármagn, sem í vegamálin hefur farið, og ég leyfði mér að halda því fram, að það hefði verið haldið uppi rangri vegamálastefnu og ranglátri vegamálastefnu, vegna þess að það hefur verið lögð of mikil áherzla á að byggja upp hraðbrautakerfið í stað þess að leggja áherzlu á hina almennu

þjóðvegi, þjóðbrautir og landsbrautir, sem eru aðalstofninn í vegakerfi landsmanna og náttúrlega flestir landsmenn verða að búa við og skiptir landshlutana í heild langmestu máli. Þetta voru þau atriði, sem ég nefndi hér í ræðu minni um daginn, og ég sé enga ástæðu til þess að fara að endurtaka það frekar.

Ég er sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. í því, að það er ekki vert, að við förum að gera þetta að neinum framboðsfundi hér okkar í milli. Við getum tekið brýnu annars staðar um þessi efni, svo að ég get þess vegna lokið máli mínu, enda er nú komið að fundarlokum. En ég vil segja það enn um þessa till., að hún kemur mér undarlega fyrir, sá mikli hraði, sem var á því að koma henni út, og ég sé enga ástæðu til annars en vekja athygli á því atriði. Ég veit ekki annað en að unnið sé að þessari vegáætlun fyrir Norðurland, og þegar henni er lokið, hlýtur að koma að því, að hún verði framkvæmd með því fjármagni, sem frekast er tiltækt til þessa sérstaka málefnis.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var enn fram haldið einni umr. um till.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er nú óþarfi að tefja mikið umr. út af þessari till. frekar en orðið er, en ég vil þó aðeins athuga hér nokkur atriði, sem komu fram í síðustu ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. hér á dögunum. Hann þakkaði sérstaklega fyrir það, að það hefði komið fram í minni ræðu, að hann mundi hafa verið helzti ráðamaður kjördæmisins um málefni þess. Ég held, að það liggi nú í augum uppi, að fjmrh., eini ráðh., sem var í þm.-hópnum, muni hafa haft betri aðstæður til að koma fram málum en a. m. k. þeir, sem voru í stjórnarandstöðunni. Ég held, að það liggi nú í augum uppi, enda heyrðist mér á honum, þegar hann fór að ræða þetta frekar, að það mundi vera betra fyrir okkur að koma málum fram en t. d. stjórnarandstöðuþm. Ég held, að það hafi ekki verið út í hött að telja það, að ef hæstv. fjmrh. hefði beitt sér, þá hefði hann haft betri aðstöðu en við hinir.

Hann gat um það, að þetta hefði verið mjög vinsælt kosningamál í okkar kjördæmi. Hvers vegna var það vinsælt kosningamál? Það var vegna þess, hvernig samgöngurnar voru. Það hefði ekki verið það, ef þessi mál hefðu verið í lagi. Og svo bætir hann við: Það vildi þannig til, að vegirnir voru ófærir. Það vill bara til á hverju einasta vori. Þetta var ekkert verra eða betra en hefur verið undanfarin vor nema frammi í Eyjafirðinum. Þar var það heldur skárra s. l. vor, vegna þess að sumarið áður voru þar stórir kaflar malarbornir. Það voru einmitt vegirnir, sem héldu nokkurn veginn umferðinni, það voru þeir vegir, sem höfðu fengið ofaníburð sumarið áður. En hinir voru í sama svaðinu eins og þeir hafa verið undanfarin ár. **(Gripið fram í:** Hvers vegna ekki að laga þá?) Hvers vegna ekki að laga þá? Já, það er nú það. Það hefði hv. þm. Lárus Jónsson kannske getað haft áhrif á, ef hann hefði barizt mjög fyrir því, því að hann átti mjög góðan aðgang að fjmrh., á meðan hann var framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga. En hann hefur kannske ekki vaknað nógu vel, á meðan hann var í starfi.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það er auðvitað ekki fjmrh., sem skiptir vegafénu, og það hefur alltaf verið góð samstaða á milli þm. í kjördæminu um skiptinguna á því litla vegafé, sem hefur verið fyrir hendi. Það er alveg rétt, og ég vil sérstaklega undirstrika það. Það er ekki um það, sem er deilt. Það er deilt um það, hvernig viðhorf þessara manna var í þessum málum áður. Það var ekki hægt að útvega féð. Það mátti ekki óska eftir lánsheimildum til þess, og það var ekki knúið á með það að afla nægilegs fjármagns til veganna. Það hefur komið fram annars staðar, að um 4 milljarðar af því fé sem umferðin gefur af sér, hefur farið beint í ríkissjóðinn. Það er þetta, sem við höfum átalið.

Það er alveg rétt, sem þm. sagði hér, að a. m. k. krónunum hefur fjölgað, sem hefur verið varið til þessara mála. Ef við förum nú að líta á fjárlögin, þá hefur krónunum alls staðar fjölgað, en framkvæmdamátturinn ekki aukizt að sama skapi og stefnan, sem upp var tekin, var að láta meginfjármagnið hér við þéttbýlið suðvestanlands. Ég var á tveimur fundum, fjölmennum fundum, norður í Þingeyjarsýslu núna um helgina. Þar stóð upp maður, sem sagðist hafa verið 21 ár atvinnubílstjóri í Þingeyjarsýslu eða jafnmörg ár atvinnubílstjóri og hv. þm. hefur verið hér á þingi. Og hann sagðist fullyrða það, að ástand veganna í Suður-Þingeyjarsýslu hefði aldrei verið eins slæmt og í sumar og hefði farið hraðversnandi á undanförnum árum. Og það var dálítið athyglisvert á þessum fundum, þar sem margir tóku til máls, að það var eitt atriði fyrst og fremst, sem allir komu inn á, og það var, hvernig samgöngurnar eru á Norðurlandi, að þær séu það, sem við þurfum fyrst og fremst að huga að. Þetta er sá dómur, sem sú stefna, sem fylgt var á viðreisnarárunum, fær hjá íbúum þessara héraða.

Þm. sagðist ekki muna eftir því, að við hefðum fundið að því, að við hefðum verið afskiptir. Ég man nú ekki betur en við töluðum um það, hæstv. fyrrv. samgrh. og ég, í fyrravetur eða tvo undanfarna vetur, og ég hélt því fram, að við værum þar afskiptir, sem er allra álit, sem þekkja vegina í Norðurl. e.

Ég ætla nú ekkert að fara inn á það, sem þm. sagði, að það mundi verða tekið eftir því, hvernig við afgreiddum þessa till. Það er allt annað mál. Mér þykir það, sem þm. sagði svo enn fremur, eiginlega dálítið einkennilegt í þessu sambandi, þ. e. að það hefði ekki staðið á fjármagni við Austfjarðaáætlun, þegar áætlunin lá fyrir, eins og hann tók fram. Það var það, sem hann tók einmitt fram og það liggur nú fyrir, eða a. m. k. sagði Bjarni Bragi Jónsson það, að þessi áætlun mundi ekki liggja fyrir fyrr en í fyrsta lagi eftir þrjú misseri, og þetta sagði hann um mánaðamótin ágúst—sept., og það eru nú ekki þrjú misseri síðan. Hitt er svo annað mál, að ég hef verið á þeirri skoðun, ég var það í fyrra, og það breytist ekkert, þó að við höfum nú stjórnaraðstöðu, að það sé hægt að útvega fé í þessa vegi, það megi raða verkefnunum og það þurfi ekki endilega að bíða eftir þessum áætlunum. Það hef ég talið, en hv. þm. var á þeirri skoðun í fyrra, en er það ekki lengur, hvernig sem á því stendur.

Annars er óþarfi að karpa um þessi málefni meira hér. Ég vona það, að ef svo ólíklega vill til, að hv. þm. eigi eftir að fá stjórnaraðstöðu, breyti hann ekki aftur skoðun sinni og standi að þessum málum á sama hátt og

hann gerir núna, en ekki eins og hann gerði hér s. l. vetur.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs hér undir umr. um þetta mál fyrir nokkrum dögum, vegna þess hve mjög ég undraðist málflutning tveggja hv. þm. Framsfl. úr Norðurl. e. Það hefur verið orðað hér af fleiri en einum þm. úr því ágæta kjördæmi, að ekki væri nú ástæða til þess að halda lengi áfram þessum framboðsfundi þeirra hér á hinu háa Alþingi, en ég vona, að hv. þm. misvirði það ekki við mig, þó að ég leyfi mér að blanda mér í þessar umr., þar sem ég er einn af flm. þessa máls.

Hv. þm. Framsfl., hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, og hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, hafa talið flutning þessarar þáltill. einstakt dæmi um sýndarmennsku okkar flm. hér á hv. Alþ. Ég verð að segja það, að með þessum ummælum sínum lýsa þessir hv. þm. algeru vanmati á þessari þáltill., að ég ekki segi hreinni glópsku sinni varðandi þetta mál, því að flutningur þáltill. felur það í sér, að stutt er að því, að þessi mál renni í sama farveg og gerðist í tíð fyrrv. ríkisstj., að sinnt sé því verkefni að útvega fjármagn til framkvæmdaáætlana, bæði varðandi samgöngumál og aðra þætti byggðaáætlana, þegar er þær eru tilbúnar. Það var sá háttur, sem fráfarandi hæstv. ríkisstj. hafði, og ef það er merki um sýndarmennsku hér á hinu háa Alþingi að ætlast til þess, að núv. hæstv. ríkisstj. sinni verkefnum með líkum hætti, þá hef ég skilið orðið sýndarmennska á allt annan veg en þessir hv. þm.

Ég ætla ekki að ræða mikið þá þætti í ræðum þessara hv. þm., er fjalla um ástand vega í þeirra kjördæmi eða ástand vega á Norðurlandi í heild. Það hygg ég, að öllum sé ljóst, að í því efni eru mörg verkefni óleyst, mörg verkefni kalla að og gera það brýnna og nauðsynlegra en ella, að þessi þáltill. verði afgreidd með jákvæðum hætti. Ég get þó ekki varizt því, að mér fannst það hálft í hvoru broslegt, þó að það væri að hinu leytinu sorglegt, þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. lýsti því, á hvern hátt hann hefði setið sjálfur tímum saman fastur í pytti á ákveðnum vegi, og svo í annan stað, hvernig þríhjóla trukkur, sem ég kann nú ekki að greina, hvaða verkfæri er, hafi setið fastur í pytti á öðrum stað.

Í þriðja lagi lýsti þessi hv. þm. því yfir, að skurðir í Norðurl. e. væru betri en vegirnir á vissum árstímum. Þó að ýmislegt hafi nú verið vel unnið við vegagerð á Norðurl. v., þá er þar vissulega mjög margt óunnið, sem og ég hygg, að sé annars staðar. En við erum nú ekki komnir á það stig í þeim landshluta, að skurðirnir séu með þeim hætti, að þeir séu betur fallnir til aksturs en vegirnir.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði í ræðu sinni hér fyrir nokkrum dögum, að mál þetta væri ekki komið á athugunar- eða umræðustig. Mér þóttu þessi ummæli kynleg og benda til þess, að hv. þm. væri þessu máli harla lítið kunnugur. Nokkrir þættir af undirbúningi þessa máls hafa verið raktir af fyrri ræðumönnum úr hópi flm. þessarar till. Ég vil þó bæta því við, að málið hefur verið undirbúið allt frá árinu 1969 af Fjórðungssambandi Norðlendinga, en á fjórðungsþingi sambandsins 1969 var skipuð mþn. til þess að gera frumdrög að till. um slíka áætlun. Sú mþn. skilaði áliti á næsta fjórðungsþingi árið 1970, og þau drög voru samþ. þar lítið breytt. Síðan hefur málið hlotið framhaldsathugun. Það er tekið upp í Efnahagsstofnuninni eftir ósk Atvinnujöfnunarsjóðs á yfirstandandi ári, og ýmsar athuganir hafa verið gerðar nú, bæði af heimaaðilum, af aðilum frá Vegagerð ríkisins, vita- og hafnamálaskrifstofunni og yfirstjórn flugmála í landinu. Hitt er svo annað mál, að þó að ég telji, að með þessu sé sannað, að málið sé á athugunar- og umræðustigi, þá er það ekki komið á framkvæmdastig. Og þó að hv. þm. hafi það eftir forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, að ekki séu líkur á því, að þessari áætlunargerð verði lokið fyrr en að einu eða einu og hálfu ári loknu, þá er að því stefnt, að fyrsti þáttur þessarar áætlunar verði tilbúinn það snemma, að unnt sé að hefja framkvæmdir þegar á næsta vori. Það er gert ráð fyrir því, að þá sé tilbúin eins konar bráðabirgðaáætlun, a. m. k. fyrir árið 1972. Fram verði síðan haldið að fullgera þessa áætlun, og það er vitaskuld engin vissa fyrir því, að þeirri áætlunargerð verði lokið fyrr en t. d. næsta vetur, svo að þarna skilur nokkuð á milli. Að því er einmitt stefnt með flutningi þessarar till. að beina því til hæstv. ríkisstj., að hún sinni því verkefni að tryggja fjármagn, til þess að unnt sé að framkvæma þann fyrsta hluta þessarar áætlunar, sem væntanlega verður tilbúinn á komandi vori.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að halda um þetta mál langa ræðu hér, þó að margt mætti vissulega um það segja. Það hafa sagt mér þeir menn, sem nú vinna að þessari áætlun, að meðal þeirra verkefna, sem efst séu í þeirra huga í sambandi við vegagerð á næsta sumri, séu t. d. kaflar á Norðurlandsvegi frá Stað að Melstað og í Langadal og á Dalvíkurvegi og kafli á Siglufjarðarvegi á Ytra-Eylendi. Það er öllum ljóst, að þessir vegakaflar allir eru í því ástandi, að brýn þörf er á að endurbyggja þá, og hvort sem þeir verða nú allir teknir inn í þá bráðabirgðaáætlun, sem ætlað er að vinna eftir á næsta sumri, eða ekki, þá er ljóst, að þarna er nægilegt verkefni til þess, að það sé a. m. k. réttlætanlegt að beina því nú til hæstv. ríkisstj. að útvega fjármagn til þessa verks.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að svona tillöguflutningur væri nú ekki til mikils, það væri eins gott að láta það eiga sig að vera að flytja svona till. Og hann beindi því til þeirrar hv. þingnefndar, sem þetta mál fær væntanlega til meðferðar, hvort ekki væri rétt að vísa þessu máli frá með rökst. dagskrá. Þá höfðu menn það. Þetta var vissulega í samræmi við tóninn í þeirra ræðum og allan þeirra málflutning, þessara tveggja hv. þm. Á undanförnum árum hefur þessi hv. þm. og raunar þeir tveir hv. þm., sem ég hef hér beint máli mínu til, viljað láta telja sig í hópi þeirra, sem bæru hagsmunamál strjálbýlisins fyrir brjósti. Þegar flutt er hér á Alþ. till., sem miðar að því að hrinda í framkvæmd einu af þeim verkefnum, sem hvað brýnust eru fyrir Norðlendingafjórðung, þá snúast þessir hv. þm. við með þeim hætti, að rétt sé að athuga það fyrir hv. þm., hvort ekki sé rétt að vísa málinu frá. Ja, skjótt hefur sól brugðið sumri.

Ég vil nú vænta þess, að þó að þessir tveir hv. þm. úr Norðurl. e. séu þessarar skoðunar eða a. m. k. hv. 4. þm. Norðurl. e., þá ráði það ekki úrslitum um afgreiðslu þessa máls. Ég vænti þess, að hv. þm. almennt geri sér ljósa grein fyrir því, hve hér er um þýðingarmikið mál að ræða og stuðli að framgangi þess í samræmi við það.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mál öllu fleiri orð, en

vil þó minnast á ummæli í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. hér áðan, er hann sagði, að meginefnið væri, að deilt væri um það, hvert viðhorfið hefði verið áður til framkvæmda við vegagerð í okkar landsfjórðungi. Þetta er auðvitað merkilegt viðfangsefni, að skoða það með sögulegum hætti, hvert viðhorfið hefði verið á hverjum tíma. En það er fyrst nú, sem um það er að ræða, að hægt sé að skoða málið í því ljósi, að til verði á komandi mánuðum framkvæmdaáætlun til að vinna eftir. Það er því hægt að skoða málið í ljósi framtíðarinnar. Og þegar við tölum um það, hvert viðhorfið sé nú, þá er það þetta: Það er brýn nauðsyn, að nú sé hafizt handa um fjármagnsútvegun, til þess að þessari áætlun megi hrinda í framkvæmd, og það vænti ég, að hæstv. ríkisstj. geri, þrátt fyrir úrtölur þessara tveggja hv. þm. Ég vil um leið þakka hæstv. samgrh., sem tók til máls hér um þetta mál í umr. um daginn, hvernig hann tók á því með allt öðrum hætti en hv. þm. Norðurl. e. úr röðum stjórnarsinna. Það gefur mér vonir um það, að hæstv. ríkisstj. sé reiðubúin að taka á þessu máli með raunhæfari hætti en þessir hv. stuðningsmenn hennar úr viðkomandi kjördæmi vilja, að gert verði.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þó að gaman gæti nú verið að eiga dálítil orðaskipti við samþingismann minn, hv. 4. þm. Norðurl. e., þá skal ég nú reyna að stilla mig um það hér. Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Norðurl. v., skýrði í ræðu sinni í rauninni meginatriði þess, sem ég vildi sagt hafa hér í þessum orðum, og get ég því verið mjög stuttorður. Hann svaraði því í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., þar sem hann hélt því fram, sá hv. þm., að ekki væri hægt að ætlast til þess, að hægt væri að framkvæma neitt varðandi samgönguáætlun Norðurlands á næsta ári, þar sem undirbúningi hennar væri svo skammt á veg komið, og það bryti algerlega í bága við það, sem gert væri t. d. með Austurlandsáætlun, að fara að ætlast til fjáröflunar, þegar ekki væri lengra komið. Þetta er alger misskilningur. Þó að ekki sé hægt að ljúka áætluninni endanlega, þá er, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. benti réttilega á, búið að vinna mikið í þessu máli, vegna þess að það er búið að gera margvíslegar athuganir, það er búið að raða t. d., sérstaklega á sviði vegamála, vegaframkvæmdum eftir mikilvægi þeirra samkv. áliti heimamanna. Það var einnig í sambandi við Austurlandsáætlun haft mjög náið samband við heimamenn, þannig að það er þegar hægt að flokka inn í þessa áætlun mjög veigamiklar framkvæmdir. Hins vegar er alveg rétt, að það er ekki víst, að hægt sé að ljúka henni, öllum þáttum hennar, samgöngum á sjó, landi og í lofti. En það má vel hugsa sér að taka hana í þremur áföngum, ef svo þykir henta, enda hafa þessar áætlanir aldrei verið unnar nema á nokkurra ára bili. Það hefur tekið nokkur ár að framkvæma þær.

Í sambandi við Austfjarðaáætlun vil ég láta það koma skýrt fram, að hafnar voru um það viðræður bæði við fjmrn. og samgrn., hvað hugsanlegt væri að fá af fé til þessara framkvæmda samkv. áætlununum, áður en gengið var frá áætlununum endanlega. Og það er auðvitað alveg nauðsynlegt, mjög fljótlega eftir að lauslegur rammi hefur verið gerður af veigamestu viðfangsefnunum í sambandi við samgönguáætlun Norðurlands, að gera sér einhverja hugmynd um það, hvað þau muni kosta. Það er alveg brýn nauðsyn að gera sér einnig grein fyrir því, hvað hæstv. ríkisstj. telur auðið að verja miklu fé til þessarar áætlunargerðar. Það er auðvitað hægt að búa til áætlun upp á 1500 eða 2000 millj. kr. Hugmyndirnar varðandi Austfjarðaáætlun voru upphaflega miklu hærri eða óskalistinn í sambandi við þá áætlun en endanlega varð samkomulag um. Það varð samkomulag um það að lokum, áður en endanlega var lögð hönd á áætlunina, milli þeirra rn., sem ég gat um, og þm. Austurlands allra saman og fjórðungssambands Austfirðinga, hvað miklu fé yrði varið til áætlunargerðarinnar. Raunverulega taldi Efnahagsstofnun sér ekki fært að ganga frá áætluninni, fyrr en nokkurn veginn væri öruggt, hvað mætti ætla mikið fé til framkvæmdanna í einstökum atriðum, þannig að það er auðvitað alveg brýn nauðsyn að gera sér grein fyrir því allverulega áður en lokið er áætluninni, hvað ríkisvaldið hugsar sér að standa að baki miklum framkvæmdum á þessu sviði. Þannig er það því fullkomlega tímabært, og það er í fullu samræmi við það, sem gert var í sambandi við samgönguáætlun Austurlands, að vinna að þessu máli eins og hér er lagt til. Og ég hygg, að ég viti nokkurn veginn eins vel um það eða betur en hv. 4. þm. Norðurl. e., hvernig að þeim málum var unnið.

Ég skal svo ekki ræða frekar um ástand vega í Norðurl. e. Hvort það hafi verið vinsælt kosningamál, það skal ég ekkert um segja, ég man nú ekki, hvort ég orðaði það á þann veg, en það var vinsælt hjá þessum hv. þm., af því að það vildi svo til, að það hittist svo á, að vegir voru þá mjög illa farnir, eins og hér hefur verið upplýst af fleiri þm., að þekkist víðs vegar um land, þar sem malarvegir eru. Það er holklaki í vegum á vorin, hann kemur mismunandi snemma, svo að þessir hv. þm. voru það heppnir að hafa versta ástand veganna rétt fyrir kosningar. Og það var sérstaklega vinsælt kosningamál hjá þeim, af því að þeir höfðu ekki úr svo miklu að spila í kosningunum, að reyna að tala um illa farna vegi. En nóg um það. Ég get þó ekki stillt mig um að lýsa furðu minni yfir því, að talað hafi verið um sérstaklega slæma vegi í Suður-Þingeyjarsýslu á einhverjum fundi, sem hv. þm. var á, því að ég held, að hvergi í okkar kjördæmi hafi verið jafnmikið unnið að vegaframkvæmdum eins og í Suður-Þingeyjarsýslu á undanförnum árum. Ég skal svo láta ósagt, hvort það reynist svo, sem mér skilst helzt á hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að hann væri í miklum vafa um, að þetta mál leystist í tíð núv. ríkisstj., og hann vonaðist til, að ég skipti ekki um skoðun, þegar kæmi ný stjórn. En ég skal láta það alveg liggja á milli hluta. Það getur verið, að hann kvíði því eða vonist til þess, ég veit ekki hvort heldur, kannske vonast hann til að þurfa ekki að fást við þetta vandamál. En mér fannst það þó furðulegast af öllu hjá hv. þm., þegar hann sagði það í sambandi við umr. um tiltekin mál, að það skipti ekki máli í sambandi við málið að ræða um afgreiðslu þess. Það fannst mér þó slá öll met, ef það skiptir ekki máli, hvaða aðstöðu menn hafa til máls, sem verið er að ræða.

Svo vil ég aðeins að lokum taka undir þakkir hv. 5. þm. Norðurl. v. til hæstv. samgrh. Hann talaði efnislega mjög skynsamlega um þetta mál og tók á því með þeim hætti, sem gleður mig að heyra. Hann talaði mjög jákvætt og alls ekki með úrtölublæ og vandræðum eins og

þessir hv. þingbræður mínir úr Norðurl. e. Hann taldi ekkert vandamál, að hægt væri að hefjast handa um athugun þessa máls af hálfu stjórnvalda og það mundi ekki standa á sér að reyna að hrinda þessu máli áleiðis. Og ég vona, að hv. þingbræður mínir úr Norðurl. e. verði ekki til að draga úr honum í því efni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er nú auðséð, að það er kominn nokkuð mikill móður í þessa síðustu hv. þm., meiri en var á s. l. vetri, til þess að sýna það í sínum kjördæmum, að nú vilji þeir fara að vinna vel að því að láta byggja upp vegina í okkar fjórðungi, og ég verð að segja það, að það gleður mig, því að betra er seint en aldrei. Í sambandi við það, að hv. 5. þm. Norðurl. v. þakkaði hæstv. samgrh. fyrir ummæli hans um þetta, vil ég benda honum á það, að ráðh. bætti einu við, sem þm. hefur ekki viljað taka tillit til eða lesa. Hann sagði, að þessi þáltill. væri alveg óþörf. Og þar er ég ráðh. sammála.

Ég má nú ekki annað, eins og herra forseti sagði, en bera af mér sakir, og þess vegna vil ég taka það fram, sem ég gerði í minni frumræðu, að ég taldi þessa þáltill. algerlega óþarfa, vegna þess að þessi hæstv. ríkisstj. væri búin að heita því að vinna að þessum verkefnum, þ. e. að hefja framkvæmdir meira en áður við uppbyggingu vegakerfisins í landinu, og þess vegna væri þessi till. algerlega óþörf. Að ég hafi verið með úrtölur um það, að farið væri í að byggja upp vegakerfið á Norðurlandi, það er náttúrlega hreinn útúrsnúningur, og það, sem verra er, það er vísvitandi útúrsnúningur.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég kem hér upp í ræðustólinn einungis til þess að bera sakir af hæstv. samgrh. Ég hygg, að hvergi í hans ræðu standi, að flutningur þessarar þáltill. sé óþarfur.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Afnám fálkaorðunnar.

Á deildafundum 20. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um afnám fálkaorðunnar [26. mál] (A. 26).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Á þskj. 26 hef ég flutt till. til þál., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að öll ákvæði um hina íslenzku fálkaorðu og orðunefnd verði numin úr gildi. Þeir, sem hafa hlotið fálkaorðuna, haldi henni."

Þetta er ekki í fyrsta sinni, sem till. um afnám fálkaorðunnar í einni eða annarri mynd hefur verið flutt hér á Alþ., enda er till. mín í verulegum atriðum samhljóða þeirri, er Skúli Guðmundsson flutti hér fyrir nokkrum árum. En nú virðist syrta mjög í álinn fyrir þessu heiðursmerki, því að tvær till., sem ganga að vísu ekki jafnlangt, liggja nú fyrir Alþ. til afgreiðslu og stefna báðar að því, að látið sé af þeim ósið að sæma Íslendinga fálkaorðunni. Þegar það endurtekur sig, að einstakir þm. vilja fálkaorðuna feiga, má vera sýnt, að eitthvað er bogið við veitingu hennar og tilveru alla.

Ég er sannfærður um, að þetta opinbera heiðursmerki horfi ekki til heilla fyrir land og lýð og hef því staðið að þeirri till., sem hér liggur fyrir. Skal ég nú reyna í sem skemmstu máli að styðja þetta rökum.

Til fálkaorðunnar var stofnað með konungsbréfi Kristjáns X. 1921, og var henni síðan fram haldið með forsetabréfi 1944 eftir stofnun lýðveldisins. Það er því ljóst, að fálkaorðan er erlend að uppruna og raunar erlendur ósiður, sem borizt hefur hingað til lands. Rætur hennar liggja í lénsskipulagi miðalda, þar sem hans konunglega tign dubbaði dyggustu þjónustumenn sína til riddara. Fálkaorðan er því afsprengi krossa, sem ætlaðir voru yfirstéttinni, stríðsmönnunum og embættismönnunum. Þetta eðli orðunnar og uppruni hefur, eins og gefur að skilja, sett verulegt mark sitt á úthlutun hennar, svo sem dæmin sanna.

Í 2. gr. fyrrnefnds forsetabréfs segir svo um þá menn, er orðuna eiga að hljóta:

„Orðunni má sæma þá menn innlenda og erlenda og þær konur, sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður fósturjarðarinnar eða unnið afrek í þágu mannkynsins."

Svo mörg eru þau orð. Í Ríkishandbók Íslands frá 1965 er m. a. skrá um þáv. íslenzka stórriddara með stjörnu, og er það miðað við 31. okt. 1964, og hygg ég, að hún sem einhvers konar þverskurður gefi allgóða hugmynd um veitingu orðunnar almennt, og les ég þessa skrá, með leyfi hæstv. forseta:

Agnar Kl. Jónsson, ráðuneytisstjóri,
Árni Tryggvason, ambassador,
Björn Ólafsson, fyrrv. ráðherra,
Friðjón Skarphéðinsson, fyrrv. forseti Sþ.,
Gizur Bergsteinsson, hæstaréttardómari,
Guðmundur Í. Guðmundsson, utanríkisráðherra,
Guðmundur Hlíðdal, fyrrv. póst- og símamálastjóri,
Guðmundur Vilhjálmsson, fyrrv. framkvæmdastjóri,
Gunnar Thoroddsen, ráðherra,
Gunnlaugur E. Briem, ráðuneytisstjóri,
Helgi P. Briem, ambassador,
Henrik Sv. Björnsson, ambassador,
Jón Árnason, fyrrv. bankastjóri,
Jón Ásbjörnsson, hæstaréttardómari,
Jón Pálmason, fyrrv. ráðherra,
Jónatan Hallvarðsson, hæstaréttardómari,
Jörundur Brynjólfsson, fyrrv. forseti Sþ.,
Kristinn Guðmundsson, ambassador,

Pétur Benediktsson, bankastjóri,
Richard Thors, forstjóri,
Vilhjálmur Þór, bankastjóri,
Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari.

Nú má enginn taka orð mín svo, að ég dragi í sjálfu sér í efa, að þessir menn hafi allir maklega verið dubbaðir til stórriddara með stjörnu. Aðalatriðið er, að hér eru nær eingöngu taldir upp ráðuneytisstjórar, sendiherrar, bankastjórar, hæstaréttardómarar og ráðherrar. Brennt virðist fyrir það, að aðrir en háttsettir embættismenn geti eflt hag og heiður fósturjarðarinnar, svo að þeir verði sæmdir stjörnu stórriddara fálkaorðunnar, og allra sízt þeir, sem halda um pál og reku. Í ríkishandbókinni er einnig riddaratal, og það ber með sér, að uppistaðan í því er embættismenn í rn. eða utan. Vitaskuld fljóta með einstaklingar úr öðrum stéttum, enda er það óhjákvæmilegt, ef unnt á að vera að halda uppi þessu miðaldafyrirbæri á tímum aukins jafnaðar og lýðræðis. Sannarlega fer ekki mikið fyrir ófaglærðum verkamönnum, iðnaðarmönnum, prenturum, múrurum, ég tala nú ekki um húsmæður, hárgreiðsludömur og skrifstofustúlkur. Það verður að álíta sem svo út frá veitingu fálkaorðunnar, að múrarar, sem vinna að því að koma þaki yfir þjóðina, efli miklu síður hag og heiður þjóðarinnar en embættismenn í háum launaflokkum hjá hinu opinbera.

Samkv. fyrrnefndu forsetabréfi er mælt svo fyrir um að sæma menn og konur orðunni. Það er sérstaklega tekið fram um konur, eins og konur séu ekki menn, en það er nú út af fyrir sig. Það er táknrænt, að engin kona hefur í ríkishandbókinni þótt makleg þess að vera sæmd stjörnu stórriddara. Það má vel vera, að þetta hafi breytzt. Og í riddaratalinu íslenzka í sömu bók kemur í ljós við lauslega talningu, að um 280 karlmenn hafa verið dubbaðir til riddara, en aðeins 30 konur. Hér er helzt um að ræða ekkjur þjóðkunnra manna, en heilsteyptasti hópurinn er sendiherrafrúrnar, sjö að tölu. Verða því vart bornar brigður á, að þær hafi öðrum konum fremur eflt hag og heiður fósturjarðarinnar eða unnið afrek í þágu mannkynsins. En svo kynlega bregður við, að meðal hinna 30 kvenriddara hefur slæðzt með ein saumakona, og hlýtur orðunefnd að hafa orðið þarna á í messunni, því að hér er allt í einu kominn eir á meðal gullsins. En hvort sem menn velta þessu fyrir sér lengur eða skemur, blasir þó við sú staðreynd, að íslenzkar konur hafa ekki eflt hag og heiður fósturjarðarinnar í jafnríkum mæli og karlmenn, og má því draga þá ályktun, að það sé vænlegast fyrir hag og heiður þjóðarinnar að fækka verulega kvenfólki, en fjölga karlmönnum að sama skapi. En skýringin á þessu riddaraleysi kvenþjóðarinnar er ekki langsótt. Fáar konur hafa í þessu karlmannaþjóðfélagi gegnt háum embættum og því ekki þótt ástæða til að krossa þær. Er þá vikið að einu meginatriði þessa máls, að fálkaorðan er fyrst og fremst veitt háttsettum embættismönnum, sem gegna starfi sínu með sóma eða stóráfallalítið. M. ö. o., fjölmörgum embættum fylgir orða sjálfkrafa. Embættin fá orðu, en ekki mennirnir. Hvað er þá verið að verðlauna, þegar fálkaorðan er að uppruna, eðli og úthlutun verulega embættisorða, en ekki afreksorða?

Nútímahugmyndir um jafnrétti og manngildi eru ólíkar þeim hugmyndum, er tíðkuðust á tímum embættismanna einvaldskonunga. Við lítum nú svo á, að allar stéttir þjóðfélagsins séu jafnar að manngildi og allar séu jafnnauðsynlegar í nútímaþjóðfélagi. Engin ein stétt er annarri æðri. Bóndinn, sem yrkir jörðina, sjómaðurinn, sem dregur bein úr sjó, trésmiðurinn, sem smíðar hús, skrifstofumaðurinn, sem reiknar út laun, og ég tala nú ekki um skatta, allir eru þeir jafnþarfir. Og hvaða gagn væri í því að hafa ráðuneytisstjóra, ef enginn væri bakarinn? Satt að segja hlýtur heiðursmerki af því tagi, sem fálkaorðan er, að vekja andstyggð jafnaðarmanna og raunar allra réttsýnna manna.

Hér að ofan var talað um jafngildi stétta. En kemur það nokkuð fálkaorðunni við, þar sem hún á að veitast einstaklingum, eins og segir í forsetabréfi? Það mætti því ætla, að þetta væri óskylt mál, en svo er vissulega ekki. Fálkaorðan er stéttarlegs eðlis, eins og fyrr segir. Eftir gildismati þessarar orðu vinnur bakari væntanlega svo lítilmótlegt starf, að hann hefur ekki eflt öðrum fremur hag og heiður fósturjarðarinnar, enda munu bakarar illfinnanlegir meðal riddaranna. Orðunefnd vinnur í kansellístíl og tekur á móti ábendingum um orðuþega. Þessi vinnubrögð leiða að sjálfsögðu til þess, að engin allsherjarkönnun er gerð hverju sinni um það, hverjir séu í raun og veru maklegastir til að vera dubbaðir. En þetta er í sjálfu sér algert aukaatriði. Jafnvel þótt orðunefndin ynni sýknt og heilagt að mati á verðlaunahæfi allra Íslendinga, kæmist hún aldrei að neinni óhrekjanlegri niðurstöðu. Henni er búið þannig verk í hendur, að henni er um megn að leysa það. Það er því ekki við hana að sakast um glámskyggni eða rangt gildismat. Því skal sízt neitað, að sumir einstaklingar skara fram úr öðrum að elju og farsæld í lífinu, og án efa hafa margir verið með réttu krossaðir. En hitt er líka jafnljóst, að meðal þeirra, er aldrei eru sæmdir fálkaorðunni, eru margir, sem eiga engu síður eða jafnvel miklu fremur skilið að vera dubbaðir til riddara en þeir, sem fálkaorðuna hljóta. Og illar tungur segja, að sumir, sem hafa verið sæmdir orðu, gerðu bezt í því að láta aldrei sjá sig með hana. En hversu sem því er farið, er meginatriði, að mér vitanlega er ekki til neinn algildur mælikvarði til að vega og meta starf þegnanna fyrir samfélagið. Það er ekkert „system í galskabet“ og verður aldrei til. Svíar hafa t. d. verið með einhverja tilburði í þá átt að veita orður eftir starfsaldri, — að sjálfsögðu embættismönnunum. Er þá talað um orðuregn með Svíum. En vitaskuld er þetta sama hringavitleysan.

Það fer ekki hjá því, að fálkaorðan elur á tildri, hégómaskap og snobbi með Íslendingum. Ég léti þessa orðu mig litlu varða, ef þetta eitt kæmi til, því að mönnum er vissulega í sjálfsvald sett, hvort þeir gera sig spaugilega. En það er annað og meira, sem veldur því, að ég læt þetta ekki afskiptalaust. Sjálft forsetaembættið og íslenzk stjórnvöld standa að baki orðunni. En það kann að valda spjöllum á hugarfari þjóðarinnar og læða inn hjá henni alröngu og viðsjárverðu gildismati á einstaklingum og stéttum þjóðfélagsins. Og ekki sakar að geta um það, þar sem Alþ. fjallar nú mikið um fjármál, að afnám fálkaorðunnar sparar ríkissjóði hálfa millj. kr. árlega. Ég set ekki fyrir mig, þótt erlendir menn yrðu sæmdir fálkaorðunni, eins og þáltill. hv. 4. þm. Reykv. gerir ráð fyrir, svo framarlega sem við Íslendingar losnum við þennan ófögnuð.

Herra forseti. Ég legg til, að till. minni verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Fálkaorðan.

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um fálkaorðuna [31. mál] (A. 31).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 10., 12. og 13. fundi í Sþ., 2., 4., 9. og 11. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessari till. fylgir grg., sem er ekki nema þrjár línur, og ræðan þarf ekki að vera öllu lengri, þegar ég fylgi henni úr hlaði. Reynslan af fálkaorðunni hefur orðið sú, að það hefur komið í ljós, að Íslendingar eru slíkt ágætisfólk, að það er ákaflega erfitt að velja einstaka út úr til þess að hengja þessa orðu á þá, og þess vegna er það vafalaust heppilegt fyrirkomulag, að hætt sé að veita íslenzkum mönnum þessa orðu, nema það sé þá hægt að veita hana flestum eða öllum.

Annað mál er svo það, að þægilegt getur verið að hafa slíka orðu til að veita útlendingum, sem kunna líka að meta þetta betur en við, og með tilliti til þess getur verið eðlilegt að halda henni áfram á þann hátt, að það séu eingöngu útlendingar, sem fái hana eða sé veitt hún. Ég get að öðru leyti sagt það sem mína skoðun, að ef þessi meðalvegur, sem ég bendi hér á, nær ekki fram að ganga, þá get ég vel sætt mig við þá till. um fálkaorðuna, sem er á þskj. 26.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð öllu fleiri, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 62., 63. og 65. fundi í Sþ., 28. apríl, 2. og 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 31, n. 582 og 616, 615).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Á öndverðu þingi komu fram tvær till. varðandi fálkaorðuna. Önnur fól í sér afnám fálkaorðunnar með öllu, hin fól í sér, að hana skyldi eingöngu veita útlendingum. Allshn. fjallaði um þetta efni, og málið fór þannig í allshn., að hún klofnaði. Meiri hl. lagði til, að þeirri till., sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson hafði borið fram, þ. e. að veita eingöngu útlendingum orðuna, skyldi framfylgt, en minni hl. lagði hins vegar til, að þessu máli skyldi vísað til ríkisstj. til nánari athugunar, eins og segir þar.

Þó að ég hafi náttúrlega mikið traust á okkar ágætu ríkisstj., þá eru sum mál, sem ég vil fá fljótlega úr skorið, og þetta er eitt af þeim. Ég get nú ekki sagt allt, sem ég hefði viljað segja um þetta mál. Ég gerði það í framsöguræðu minni, og hér er stuttur tími, eins og herra forseti minntist á, en það eru örfá atriði, sem ég vil, að fram komi. Í fyrsta lagi þetta: Ég hygg, að það sé almennt viðhorf hv. þm., að veiting fálkaorðunnar hafi ekki tekizt ávallt með bezta móti, og ég hygg, að það sé skilningur hv. þm., að þar megi verða einhver bót á. Hins vegar vandast málið, þegar menn vilja gera sér grein fyrir því, hver sé lausnin. Í raun og veru eru til þrjár leiðir í þessu máli: 1. Að afnema fálkaorðuna með öllu, 2. að veita hana eingöngu útlendingum og 3. að hafa svipaðan hátt og verið hefur. Hins vegar er sá gallinn á við veitingu orðunnar til Íslendinga, að það er mér vitanlega enginn mælikvarði til, sem menn geta haft við veitingu orðunnar. Og ég þarf ekki að taka fram, að úthlutun orðunnar til Íslendinga hefur verið með því móti, að ég hygg, að vert sé að koma þessari orðu út úr íslenzka þjóðfélaginu.

Sú leið að veita hana eingöngu útlendingum hefur að vísu sætt nokkurri gagnrýni. Sumum þykir, að það sé of mikið djásn til þess að veitast eingöngu útlendingum. Ég er ekki á þeirri skoðun. Álit meiri hl., þar sem að nokkru leyti var vikið frá minni upphaflegu till. um algert afnám fálkaorðunnar, stafaði af tvennu. Í fyrsta lagi taldi ég, að ef vera mætti, að fleiri hv. þm. vildu fylgja því að veita eingöngu orðuna útlendingum, þ. e. að fjarlægja hana úr íslenzku þjóðfélagi, þá væri mikið á unnið. Svo kom einnig hitt til, að Svíar munu núna frá næstu áramótum, 1. jan. 1973, taka upp mjög svipaðan hátt. Framvegis munu orður eins og Vasaorðan, Norðurstjörnuorðan og Serafimerorðan ekki verða veittar Svíum, heldur eingöngu útlendingum, og mér hefur borizt til eyrna, að svipuð sé ætlunin hjá Dönum. Meginatriðið hjá mér var það að fjarlægja orðuna úr íslenzku þjóðfélagi, og ég læt mér á sama standa, þó að þeir hengi þetta á skreiðarkaupmenn í Nígeríu.

Hins vegar áskildi meiri hl. n. sér rétt til að fylgja brtt., sem fram mundu koma, og það hefur komið fram till. frá hæstv. ráðh. Magnúsi Kjartanssyni, sem er shlj. þeirri till., sem ég flutti upphaflega, og ég fagna, að þessi till. skuli komin fram, og ég hvet alla þm., hvar í flokki sem þeir standa, að ganga nú rösklega til verka og styðja þá till., sem ég flutti hér upphaflega og hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson hefur endurnýjað af skynsemi. (Gripið fram í.) Já, nál. líka. Nál. hljóðar svo:

„Allshn. hefur haft til meðferðar tvær till. á þskj. 26

og 31, er báðar varða íslenzku fálkaorðuna, afnám hennar eða breytingar á fyrirkomulagi orðuveitinga. Nefndin hefur fengið umsögn orðunefndar um till. og formaður hennar setið fund allshn. Hann hefur veitt ýmsar upplýsingar, m. a. um breytingar á orðuveitingu, sem eru á döfinni í Svíþjóð og víðar og ganga mjög í sömu átt og till., sem fyrir liggja. Það hefur orðið að samkomulagi hjá meiri hl. allshn. að afgreiða till. á þann hátt að mæla með því, að samþ. verði till. á þskj. 31 um fálkaorðuna, en nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt. Minni hl. n. mun skila séráliti um málið."

En ég vil bæta því við, að álit minni hl. n. var álit hæstv. ráðuneytisstjóra í utanrrn.

Að lokum vil ég hvetja alla þm. að sýna nú, að það sé dugur í þeim.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. lýsti hér, varð ekki samkomulag í allshn. um afgreiðslu þessa máls. Ég held nú samt, að það hafi enginn hiti verið í nm., þegar var verið að ræða þetta mál, því að minni hl., þótt hann gæti ekki fallizt á álit meiri hl., hann saknaði þess ekkert út af fyrir sig, þó að þeir fengju ekki orðu sjálfir, en minni hl. vildi vekja athygli á því, að þetta er ekki alveg vandalaust mál, ekki alveg vandalaust.

Það hafa komið hér fram ýmsar brtt. við þetta mál. Ég ætla ekki að gera þær að umtalsefni, vegna þess að álit minni hl. er á þá leið að vísa till. til hæstv. ríkisstj. til nánari athugunar. Og minni hl. telur eðlilegt, að þær reglur, sem farið hefur verið eftir um úthlutun, verði endurskoðaðar. Ég vil vekja athygli á því, að ef orðuveitingin er bundin aðeins við útlendinga, þá gæti verið, að útlendingum þætti lítið varið í að fá þetta heiðursmerki, sem Íslendingar sjálfir vilja ekki þiggja. En það getur verið nauðsynlegt og mikils virði að heiðra útlendinga, sem leggja mikið upp úr því að fá þetta, sem oft er kallað „húmbúkk". En þetta er ekki „húmbúkk" í augum þeirra, og mér hefur verið sagt, að sendiráðsmenn ýmsir hafi orðið fyrir því að vera ekki eins mikils metnir í augum ýmissa, vegna þess að þeir höfðu ekki orðu. Þetta er hlægilegt í okkar augum. En það er bara öðruvísi litið á þessi mál víða annars staðar en hér. Orður eru veittar bæði í lýðveldum og konungsríkjum, og það er gert í ákveðnum tilgangi. Okkur finnst þetta mörgum hreinn hégómi. En ég held, að það sé eðlilegt að líta með raunsæi á þetta eigi að síður. Orðunefnd er skipuð, hún gerir till. til forseta Íslands um orðuveitinguna. Eigi að síður hefur forseti Íslands vald til þess að veita orður án þess að hafa fengið till. um það. Þetta hefur þótt þægilegt og þótt borga sig oft og tíðum að veita orður mönnum, sem þykir þetta mikils virði. Og minni hl. telur eðlilegt og sjálfsagt, þar sem orðan er hjá orðunefnd og orðunefnd heyrir undir forsrh., að till. verði vísað til ríkisstj. og forsrh. og ríkisstj. gefist tækifæri til að ræða þetta mál við forseta Íslands og hafa þann hátt á þessu, sem heppilegastur er fyrir Ísland. Ég get alveg litið sömu augum á þetta mál og margir hv. alþm., sem eru á móti fálkaorðunni. En ég tel eðlilegt og minni hl. telur eðlilegt, að ríkisstj. og forseti Íslands hafi þennan möguleika í hendi sér, ef heppilegt þykir að nota hann.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 18. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 31, n. 582 og 616, 615, 855).

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er, eins og þegar hefur verið tekið fram, ekki langur tími til ræðuhalda hér, en mig langar samt til þess að segja örfá orð, ekki sízt af því, að þannig stendur nú á, að ég get ekki látið í ljós skoðun mína um þetta með atkv. mínu nú á eftir, ef það er virkilega meiningin að fara að afgreiða þetta mál nú á þessari stundu á Alþ.

Ég vil segja það, að ég álít, að veiting heiðursmerkja, að málefni fálkaorðunnar sé fyrst og fremst málefni forseta Íslands. Það eru engin lög til um hina íslenzku fálkaorðu. Hún er ákveðin með forsetabréfi, og það er forsetinn, sem hefur í sinni hendi öll ráð varðandi orðuna. Að vísu er það rétt, að samkv. þessu forsetabréfi er skipuð orðunefnd. Það er forseti, sem skipar hana, að vísu eftir till. forsrh. En ríkisstj. kemur hvergi nærri, þegar um orðuveitingar er að ræða, og það er alger undantekning frá því, sem er um starf forseta Íslands, þar sem allir hv. alþm. vita það, að hann gerir ekkert nema með uppáskrift ráðh., nema þegar um orðuveitingar er að ræða. Og þetta byggist á því, að ég hygg, að samkv. hefðbundinni venju hér og annars staðar er litið á þessar heiðursmerkjaveitingar, þar sem þær tíðkast, sem eins konar sérréttindi þjóðhöfðingjans, sem hann hefur í sinni hendi. Þess vegna álít ég, að það sé naumast viðkunnanlegt fyrir Alþ. að afgreiða mál eins og þetta, án þess að haft sé samráð áður við forseta Íslands um það. Það má að vísu segja og hefur verið gert af n. að hafa viðtal við formann orðunefndar. En ég veit ekki, hvort hann hefur haft nokkurt umboð þar til þess að túlka skoðanir forseta Íslands á þessum efnum. Og eins og ég áðan sagði, þá er þetta í raun og veru ekkert málefni ríkisstj. Þess vegna er það, að ef Alþ. hefði talið rétt að lýsa yfir vilja sínum varðandi fálkaorðuna, þá hefði það átt að grípa til þess ákvæðis, sem er í 38. gr. stjórnarskrárinnar, og senda forseta Íslands beint ávarp um það, en ekki láta það fara um hendur ríkisstj. Það hefði verið sá rétti eðlilegi farvegur í þessu tilfelli.

Þetta er nú um formið, og ég vil undirstrika það, að ég hefði talið eðlilegt, að áður en svona mál er afgreitt, þá hefði verið haft beinlínis samráð við forseta Íslands um það milliliðalaust af Alþ. hálfu.

Svo eru það efnisatriðin í þessu máli. Ég get ekki sagt, að ég sé neinn sérstakur fylgismaður orðuveitinga, og ég mundi svo sem ekkert blikna við, þó að það væri samþ. hér að afnema allar orðuveitingar. En það verð ég að segja, að það þykir mér miklu verri kostur, ef á að banna það, að Íslendingar beri orðu eða Íslendingum sé veitt orða, en það eigi að hafa hana svona sem stáss eða glingur, sem eigi að veifa framan í útlendinga. Já, hvort sem eru hvítir, gulir eða svartir. Ég met þá svörtu eins mikils eins og þá hvítu. Það er alveg óþarfi að tala um það í einhverjum glannalegum tón, að það sé hengt á einhverja menn frá Nígeríu. Ég álít, að það sé naumast boðlegt að bjóða útlendingum upp á heiðursmerki, sem Íslendingar vilja ekki eða mega ekki bera. Þá fer heiðurinn að verða lítill. Þess vegna verð ég að segja það, að ef á að greiða atkv. um þetta nú, þá vil ég fyrir mitt leyti skora á menn að ganga hreint til verks og lýsa vilja sínum um það, hvort þeir vilja hafa nokkrar orðuveit-

ingar. Það tíðkast í sumum löndum, að það eru alls engar orðuveitingar. Ég er nú ekki svo kunnugur í Svíþjóð, en þó veit ég það, að þar hafa orðuveitingar talsvert tíðkazt. En það má vera, að nú sé í undirbúningi þar að afnema þær. En það er nú gott í sumum tilfellum að vera alveg sjálfstæður og vera ekkert að apa of mikið eftir útlendingum, hvorki á þessu sviði né öðrum, svoleiðis að þeir mega afnema sína orðu, án þess að það hafi nokkur sérstök áhrif á afstöðu mína til þess máls, hvort Íslendingar eigi að veita orðu. Ég tel að vísu, að sú brtt., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur gert við till. þá, sem hefur komið frá allshn., sé til bóta, þar sem það er þó ekki lokað fyrir það, að Íslendingar geti a. m. k. í undantekningartilfellum fengið orðu, þó að aðalreglan sé sú, að útlendingar einir eigi að bera hana. Ég vil minna á í þessu sambandi, að meðal heiðursmerkja er ekki aðeins um að ræða fálkaorðuna, heldur er líka um önnur heiðursmerki að tefla, a. m. k. eitt, sem ég man eftir í svipinn, afreksmerki íslenzka lýðveldisins. Ætli það ætti þá ekki að afnema það líka? En forseti veitir það einnig, ef ég man rétt.

Það er áreiðanlegt, að það er erfitt að úthluta orðu og það verður aldrei gert, án þess að mörgum mönnum finnist, að einhver annar hefði alveg eins vel átt skilið að fá orðu eins og sá, sem hefur fengið hana. En hitt tel ég nú engan ljóð á, að þjóðfélagið sýni það bæði t. d. mönnum á gamals aldri, sem hafa unnið þjóðnytjastörf, að þau séu einhvers metin, og ég vil líka segja ungum mönnum, sem unnið hafa afrek, sem hafa kannske kynnt nafn Íslands út um víða veröld. Ég sé ekkert athugavert við það. Þetta er svona smekksatriði. En sem sagt, ég skora á hv. alþm., ef það er meining hæstv. forseta að láta fara að greiða atkv. nú um þetta mál, að taka hreina afstöðu til þess, og þá verð ég að taka undir það með hv. þm. Bjarna Guðnasyni, að það sé miklu hreinlegra að segja alveg beint til um það, hvort það eigi að vera hér nokkrar orðuveitingar eða ekki, en að fara að binda það við útlendinga.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

5. Öryggismál Íslands (till. GH o. fl.).

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands [46. mál] (A. 47).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 12., 16., 17., 18., 32., 35. og 43. fundi í Sþ., 9., 23., 25. og 30. nóv., 1., 8. og 29. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Forseti (EystJ): Ég skal geta þess, áður en hv. 1. flm. tekur til máls, að það er algerlega ámælislaust af forseta, að 7. málið sé rætt í leiðinni, og munu flm. þess máls vera ásáttir um það.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Við 10 þm. Sjálfstfl. flytjum á þskj. 47 till. til þál. um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands, þar sem við leggjum til, að Alþ. álykti að fela hverjum þeirra þingflokka, sem styðja þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, að tilnefna fulltrúa, sem skuli starfa með utanrrh. í viðræðum við Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir bandalagsins um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, þátttöku Íslands í störfum bandalagsins og skipan öryggismála landsins. Þessi till. var flutt hér á Alþ. snemma á þingtímanum, og ég gerði fyrir hönd okkar flm. nokkra grein fyrir till. í umr. um skýrslu ráðh. um utanríkismál 23. nóv. s. l. Þá var búizt við því, að umr. um þessa till. svo og till. þá til þál. um athugun á öryggismálum Íslands, sem þm. Alþfl. flytja, yrðu fljótlega. Þess vegna var ætlunin, að framsaga með þessari till. okkar yrði ekki til muna meiri en fram kom í umr. um skýrslu um utanríkismál.

Ég verð þó líklega að reifa till. ítarlegar nú en ég ætlaði, þar sem svo langur tími hefur liðið sem raun ber vitni, áður en till. þessi kom til umr., en ýmsar ástæður hafa valdið því, sem við engan er um að sakast.

Það vakti strax kvíða, óhug og andúð, þegar í ljós kom, að í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. var komizt svo að orði:

„Ágreiningur er á milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Að óbreyttum aðstæðum skal þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstj. mun kappkosta að fylgjast sem bezt með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður."

Í þessum orðum gat falizt, að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu væri raunar tímaspursmál og reynt yrði að sæta færi að finna ástæðu til þess í þróun alþjóðamála að segja skilið við varnarsamstarf vestrænna þjóða, þótt sagt væri, að núgildandi skipan skyldi þó haldast að óbreyttum aðstæðum. Þá var tekið fram í málefnasamningnum, að varnarsamningurinn við Bandaríkin skuli tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skuli að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu.

Að vonum voru aðstandendur hæstv. núv. ríkisstj. að því spurðir, hvernig skilja bæri þessi ákvæði málefnasamnings ríkisstj., og kom í ljós, að þeir voru ekki á eitt sáttir um, hvað í þeim ákvæðum fólst. Hér skal ekki rifjað upp, að hæstv. utanrrh. þótti í skýringum sínum ósamkvæmur sjálfum sér eða þeir flokksbræðurnir, hann og hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, voru sín á milli ekki sammála um túlkun stjórnarsáttmálans, svo að stjórn Sambands ungra framsóknarmanna taldi sér skylt að skerast í leikinn. Óhjákvæmilegt er þó að minna á, að málsvarar Alþb. lögðu á það áherzlu, að ákvörðun væri endanleg um það, að varnarliðið hyrfi af

landi brott, en skynsamari málsvarar stjórnarinnar héldu því fram, að það færi eftir niðurstöðu athugana þeirra á vörnum landsins, sem fram ætti að fara, hvort varnarliðið skyldi hverfa af landinu eða ekki. Málsvarar Alþb. töldu þá nauðsynlegt að gera heyrinkunnugt, að innan ríkisstj. hefði verið skipuð sérstök ráðherranefnd til þess að fjalla um öryggis- og varnarmál Íslands og framkvæmd á ákvæðum stjórnarsáttmálans að þessu leyti. Og í nefndina hefðu verið skipaðir ásamt hæstv. utanrrh. þeir hæstv. iðnrh. Magnús Kjartansson og hæstv. menntmrh. Magnús Torfi Ólafsson. Ekki þótti slík ráðherranefnd traustvekjandi, enda algert einsdæmi, og var ekki vitað til þess, að önnur mál innan ríkisstj. hefði verið höfð slík málsmeðferð.

Í umr. um utanríkismál 23. nóv. s. l. bar þessa ráðherranefnd mjög á góma sem og þann tvískinnung og mismunandi túlkun, sem uppi var varðandi ákvæði stjórnarsáttmálans um endurskoðun varnarsamningsins og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu. Eins og hv. þm. muna, sagði hæstv. utanrrh., að könnun á varnarmálum færi fram. Niðurstaða þeirrar könnunar yrði lögð fyrir Alþ. og Alþ. tæki ákvörðun um, hvort varnarliðið væri látið fara. Hæstv. viðskrh. sagði, að ef endurskoðun varnarsamningsins leiddi ekki til þess, að varnarliðið færi, yrði samningnum sagt upp undir öllum kringumstæðum til að tryggja brottför varnarliðsins fyrir lok kjörtímabilsins. Óskað var eftir því, að forsrh., sem farinn var af fundi, úrskurðaði, hvor túlkunin væri í samræmi við stjórnarsamninginn sjálfan, en forseti Sþ. vildi ekki fresta fundi til að ná í forsrh. og afsakaði sig með því, að tækifæri gæfist til þess við umr. um þessa till., sem nú er á dagskrá, að fá úr því skorið, hvor *ráðherrann hefði rétt fyrir sér*. Vil ég því ítreka þessa spurningu hér og biðja hæstv. forsrh. að svara.

Þótt umr. þessum lyki þannig, að málin skýrðust ekki eins og æskilegt hefði verið og svör hefðu ekki fengizt við mörgum spurningum, sem varpað var fram um afstöðu stjórnarinnar og stefnu í varnar- og öryggismálum landsins, þá hafa síðar komið fram nokkur atriði, sem eru þó fremur í jákvæða átt og rétt er að rifja upp. Um afstöðu einstakra þm., einkum stuðningsmanna stjórnarinnar, hafa málin skýrzt m. a. með viðtölum við þá í stúdentablaði Vöku 1. des. s. l., en þar segir hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, með leyfi forseta:

„Það er mín persónulega skoðun, að nú sé óheppilegt að veikja Atlantshafsbandalagið með því að svipta það þeirri aðstöðu, sem það hefur hér, aðallega vegna þess, að nú fara fram samningaumleitanir milli ríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um að minnka spennuna í Evrópu og semja um öryggiskerfi í þessum heimshluta."

Hv. 3. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, segir þar, með leyfi forseta:

„Álíti meðlimir Atlantshafsbandalagsins það nauðsynlegt að hafa hér gæzlustöð svipaða og verið hefur, tel ég ógerlegt að neita því. Miðað við það ástand, sem ríkir í heimsmálunum í dag, er ég á móti því, að gæzlustöð sú, sem hér er nú, verði lögð niður."

Loks segir hv. 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson:

„Ég er mjög hlynntur vestrænu samstarfi og því samstarfi, sem við höfum haft við ríki Atlantshafsbandalagsins. Ef könnun leiðir það í ljós, að varnarliðið þurfi að vera hér til öryggis og frelsis Íslendinga og bandamanna þeirra í NATO, tel ég sjálfsagt, að svo verði."

Þá hefur hæstv. utanrrh., Einar Ágústsson, aðspurður í sjónvarpsþætti um öryggismál, svarað játandi spurningunni um það, hvort endurskoðun varnarsamningsins og könnun, sem fram færi í tengslum við þá endurskoðun, gæti leitt til þess, að ákveðið yrði, að varnarliðið yrði hér um kyrrt.

Þá er rétt í þessu sambandi og að geta þess, að hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, hefur sagt í viðtali við málgagn Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, með leyfi forseta:

„Aðeins virðist um þrennt að velja. Vilja Íslendingar taka áfram þátt í varnarsamtökum vestrænna þjóða, vilja þeir leita undir verndarvæng Sovétríkjanna, eða vilja þeir láta skeika að sköpuðu og treysta á vernd hlutleysis, ef til átaka kæmi milli risanna tveggja í austri og vestri? Eins og nú standa sakir, virðist flest benda til þess, að mikill meiri hluti þjóðarinnar velji fyrsta kostinn, þótt enginn þyki að öllu góður."

Ég hef talið nauðsynlegt að rifja upp hér nokkur þessara ummæla til þess að gera okkur ljóst, hvert er stefnt í þessum málum. Þrátt fyrir þessi ummæli og þrátt fyrir það, að þau beri vitni meiri yfirvegun ýmissa stjórnarsinna upp á síðkastið en áður var um að ræða, þá er því miður margt óljóst enn í þessum efnum.

Hæstv. utanrrh. hefur áður lýst því yfir, að athugun á endurskoðun varnarsamningsins yrði vönduð, og er komizt svo að orði: Enginn óeðlilegur hraði verður viðhafður í þessum vinnubrögðum, og hefur það verið ásetningur ríkisstj. að rasa ekki um ráð fram og nota fyrstu 6—8 mánuðina til þessarar athugunar.

Nú eru meira en 8 mánuðir liðnir, en síðar hefur komið fram, að enn frekari frestun niðurstaðna sé líkleg. Væntanlega kemur því málið ekki til ákvörðunar á Alþ. fyrr en næsta vetur, og bið ég hæstv. ráðh. að leiðrétta, ef sú ályktun mín er ekki rétt.

Með tilvísun til þess, að Alþ. hlýtur að fjalla um öryggismálin og taka endanlega ákvörðun um varnir landsins, teljum við sjálfstæðismenn eðlilegt og sjálfsagt, að Alþ. hafi aðstöðu til þess að fylgjast með og hafa hönd í bagga með þeirri könnun, sem fram fer, svo að auðveldara sé fyrir alþm., þegar málið kemur til kasta Alþ., að fjalla um málið og taka afstöðu til þess. Við bendum á, að eðlilegt hefur verið talið, að samráð sé með þingflokkunum í landhelgismálinu með tilvísun til þess, hve landhelgismálið er mikilvægt, og þótt það samráð, sem þar var lofað, að haft yrði við stjórnarandstöðuna, hafi ekki verið slíkt sem æskilegt hefði verið að öllu leyti, þá hefur það þó verið mjög til bóta við meðferð landhelgismálsins.

Við teljum öryggismál Íslands vera grundvöll sjálfstæðis landsins og því engu síður mikilvægt en landhelgismálið sjálft og því ekki óeðlilegt að ætla Alþ. og þingflokkunum aðild og samráð einnig í þeim efnum. Tillöguflutning okkar ber að skoða sem tilraun af Sjálfstfl. hálfu til þess að bjóða samstarf um öryggis- og sjálfstæðismál landsins. Að því hefur verið fundið, að till. geri ekki ráð fyrir því, að allir þingflokkar eigi fulltrúa í þeirri nefnd, sem starfi með utanrrh. að endurskoðun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, heldur eingöngu þeir, sem fylgjandi eru þátttöku

okkar í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Ástæðan til þess er fyrst og fremst sú, að við höfum ekki talið, að sá þingflokkur, sem andvígur er aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, hafi áhuga á að fjalla um, hvernig þátttöku okkar innan þess skuli háttað. Hins vegar vil ég taka það fram, að við viljum gjarnan við meðferð málsins í utanrmn. taka til athugunar allar till. um breytta skipun slíkrar nefndar, er fjalli um endurskoðun varnarsamningsins.

Í því sambandi vil ég minnast á till. þm. Alþfl. um athugun á öryggismálum Íslands. Okkar till. byggist á þeirri forsendu, að við höldum áfram aðild að Atlantshafsbandalaginu og ekki sé bein nauðsyn að kanna sérstaklega gildi þeirra varnarsamtaka fyrir öryggi landsins. Við höfum samt sem áður ekkert á móti því, að aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu sé einnig tekin til meðferðar og málið í heild sinni kannað ofan í kjölinn, m. a. með það fyrir augum, að um öryggis- og varnarmál Íslands í samfélagi þjóðanna megi takast umr., er gerðu Íslendingum almennt ljóst, hvar þeir stæðu og hvert stefna bæri til þess að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins. Við teljum þessar tvær till., till. okkar á þskj. 47 og till. þm. Alþfl. á þskj. 62, geta vel farið saman og viljum gjarnan, að utanrmn. fjalli um þær báðar, hvort heldur niðurstaðan yrði sú að sameina þær í eina till. eða samþykkja þær í breyttu formi hvora um sig.

Herra forseti. Margt bendir nú til þess, að nauðsynlegt sé, að við Íslendingar höfum meira samráð um mótun utanríkisstefnu okkar en nokkru sinni áður. Það er lífsnauðsyn fyrir litla þjóð sem hina íslenzku, að sem mest samstaða takist um utanríkisstefnu hennar. Það er því nauðsynlegt, að við fylgjumst vel með öllum þeim breytingum á alþjóðavettvangi, sem skipta okkur Íslendinga mestu. Það er einkum atburðarásin í Evrópu, sem máli skiptir. Og það er vert að rifja upp, að nú eru tímamót í þeim efnum. Fyrst skal það nefnt, að ríkisstj. Vestur-Þýzkalands hefur gert ákveðna tilraun til þess að bæta sambúðina við nokkur Austur-Evrópuríki, sérstaklega Sovétríkin og Pólland, með samningum við þau lönd. Þessir samningar hafa enn ekki verið staðfestir af sambandsþinginu í Bonn, og raunar er nokkur óvissa um og jafnvel vaxandi, hvort þeir verði staðfestir. En þeir gerðu mögulegt samkomulag milli fjórveldanna um stöðu Berlínar, þótt staðfesting milliríkjasamninganna í Bonn sé forsenda fyrir því, að Berlínarsamkomulagið komi til framkvæmda.

Þá er í öðru lagi þess virði að minna á, að á fundi utanrrh. NATO-ríkjanna í Reykjavík sumarið 1968 var samþykkt, að hafnar skyldu viðræður við Sovétríkin um gagnkvæman samdrátt herafla í Mið-Evrópu. Innrásin í Tékkóslóvakíu í ágúst 1968 stöðvaði frekari viðleitni í þessa átt, en á s. l. sumri lét Bréznev hins vegar í það skína, að Sovétríkin kynnu að vera reiðubúin til þess að ræða þessa till. við aðildarríki Atlantshafsbandalagsins. Var ástæðan talin sú, að Sovétríkin vildu bæta ástandið á vestur-landamærum sínum, svo að þau gætu eflt varnarmátt sinn á landamærum Sovétríkjanna og Kína sökum versnandi sambúðar þessara tveggja ríkja. Á fundi aðstoðarutanrrh. NATO-ríkjanna í Brüssel í okt. var ákveðið að tilnefna sérstakan sendimann, Manlio Brosio, páv. framkvæmdastjóra samtakanna, til þess að fara til Moskvu og kanna vilja Sovétstjórnarinnar í þessum efnum. Enn hefur Sovétstjórnin þó ekki verið tilbúin til að taka á móti þessum sendimanni Atlantshafsbandalagsins.

Í þriðja lagi má svo minnast á þær umræður, sem fram hafa farið í Evrópu um hugsanlega öryggismálaráðstefnu í Evrópu með þátttöku Bandaríkjanna og Kanada, þar sem reynt yrði að ná samkomulagi um nýskipan í öryggismálum álfunnar. Ísland hefur eins og önnur Atlantshafsbandalagsríki lýst yfir stuðningi við slíka ráðstefnu og tjáð sig reiðubúið að taka þátt í henni.

Í fjórða lagi eiga sér stað hinar svokölluðu SALT-viðræður stórveldanna um gagnkvæma afvopnun sérstakra vopnategunda. Þegar þessi þróun mála í Evrópu er höfð í huga, verður ljósara en ella, að á þessu stigi málsins er ákaflega óhyggilegt og raunar mikið fljótræði af Íslendingum að gera róttækar breytingar á skipan öryggismála landsins einhliða, meðan þau mál eru í deiglunni í Evrópu, sem geta ráðið miklu um stöðu Íslands og varnarþörf á næstu árum, enda er forsenda allra þessara viðræðna og væntanlegra breytinga á skipan öryggismála í Evrópu, að þær eigi sér stað með gagnkvæmum samdrætti vígbúnaðar stórveldanna eða bandalaganna tveggja, Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins. Á slíkum tímum er það nauðsynlegra en ella, að þeir stjórnmálaflokkar, sem hingað til hafa stutt og styðja enn aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, hafi náið samráð sín á milli og þannig verði stuðlað að sem mestri samstöðu og einingu um utanríkisstefnu Íslands á örlagatímum. Öryggismál Íslands eru og verða aldrei einangrað fyrirbrigði, sem okkur einum kemur við. Auk þess sem þau skipta miklu önnur Atlantshafsríki í heild og þeirra öryggi, er ljóst, að fyrirkomulag á þessum málum hér hefur mikil áhrif á öryggi hinna Norðurlandanna. Í Noregi hafa t. d. komið fram alvarlegar áhyggjur vegna hugsanlegra breytinga á skipan öryggismála Íslendinga. Eins og kunnugt er, hafa Norðmenn miklar áhyggjur af vörnum Noregs á landamærum Sovétríkjanna og Noregs vegna aukinna athafna sovézka flotans við Norður-Noreg. Vitað er, að sovézki flotinn hefur haldið æfingar rétt utan við norska landhelgi, þar sem æfð hefur verið innrás í Noreg. Ef hugsanlegur brottflutningur varnarliðs frá Íslandi hefði t. d. þau áhrif, að Norðmenn teldu nauðsynlegt að efla varnir sínar, t. d. með erlendu varnarliði, mundi það hafa áhrif á stefnu Svía í varnarmálum og ekki síður Finna. Ein af ástæðunum fyrir því, að Norðmenn tóku strax 1949 þá afstöðu, að þeir vildu ekki hafa erlent herlið í landi sínu, var sú, að þeir töldu líklegt, að þá mundu Sovétríkin krefjast herstöðva í Finnlandi. Slíkar herstöðvar í Finnlandi mundu að sjálfsögðu gera Finnland enn háðara Sovétríkjunum en það er nú, og um leið mundu þær einnig veikja varnir Noregs og Svíþjóðar.

Afstaða okkar til öryggismálanna er því ekki einkamál okkar. Hún getur haft víðtækar afleiðingar. Þess vegna er eðlilegt, að einn þáttur í þeirri athugun, sem utanrrh. segir nú, að fari fram á varnarmálunum, beinist að stöðu hinna Norðurlandanna og Íslands. Um leið og það er sjálfsagt að leita álits aðildarríkja í Norður-Atlantshafsbandalaginu og þar á meðal ekki sízt Norðurlandaþjóðanna Dana og Norðmanna, þá er það ljóst, að ákvörðunin sjálf er okkar einna í samræmi

við hagsmuni Íslands í bráð og lengd, og því verðum við að gera okkur far um að kynna okkur alla málavöxtu sem bezt. Á það er að vísu bent, að við Íslendingar höfum aldrei haft her og þess vegna eigum við að láta öll slík mál lönd og leið og deilur þjóða á milli afskiptalausar. Það getur verið gott og blessað, en gallinn er bara sá, að aðrar þjóðir láta okkur Íslendinga ekki afskiptalausa. Við verðum því öryggis og sjálfstæðis okkar sjálfra vegna að gera upp hug okkar, hvernig vörnum landsins er bezt fyrir komið á hverjum tíma.

Þótt við Íslendingar höfum aldrei haft her og hugsum ekki til þess, þá eigum við eins og aðrar þjóðir að geta gert okkur grein fyrir, hvernig öryggi landsins er bezt borgið. Það er alkunna, að þótt aðrar þjóðir hafi her á að skipa og hernaðarsérfræðinga, þá fellur það fyrst og fremst í hlut stjórnmálamanna og alls almennings meðal lýðræðisþjóða að kveða á um þessi mál. Að þessu leyti hvílir sú hin sama skylda á okkur Íslendingum, stjórnmálamönnum á Íslandi og öllum almenningi, eins og með öðrum þjóðum. Aðrar þjóðir geta að vísu staðið betur að vígi en við að því leyti, að þær hafa á að skipa innlendum, hernaðarlegum sérfræðingum, en við ættum að geta fengið sérfræðilega aðstoð okkur til leiðbeiningar að þessu leyti.

Það má til sanns vegar færa, að við höfum ekki hugað nógu vel að þessum málum á undanförnum árum, þótt fyrrv. ríkisstj. hafi gert tilraun til þess að fá hlutlausa, sérfræðilega könnun öryggismála landsins. Sannast bezt að segja verðum við að leggja áherzlu á, að Íslendingar sjálfir kynni sér þessi mál betur en verið hefur, og bezt væri, að ekki væri eingöngu nauðsynlegt að treysta á erlenda ráðunauta í þessum efnum, heldur væru til staðar Íslendingar, sem hefðu lagt sérstaka stund á að kynna sér þessi mál og gætu veitt sérfræðilegar upplýsingar um þau. Heyrzt hefur, að núv. ríkisstj. hafi fengið sér til liðsinnis sænskan ráðgjafa í þessum efnum, sem kynnir sér nú öryggismál Íslendinga almennt og eigi að gefa skýrslu um þau til hæstv. utanrrh. Ég nefni þetta hér ekki til þess að gagnrýna það, heldur eingöngu til að spyrjast fyrir um, hvort rétt sé hermt og hvort eigi sé þá rétt, að nefnd alþingismanna hafi aðstöðu til þess að fjalla um slíka grg. erlends sérfræðings og hafi þá aðstöðu til þess að óska eftir viðbótarskýrslum og upplýsingum.

Þá greindi hæstv. utanrrh. frá því í umr. 23. nóv. s. l., og hæstv. forsrh. staðfesti það síðar, að leitað hefði verið álits Atlantshafsbandalagsins í Brüssel um nauðsyn varna á Íslandi, þótt ekki væri þar um formlega álitsgerð að ræða samkv. 7. gr. varnarsamningsins. Í umr. í haust var einnig bent á nauðsyn þess að hafa sérstaklega samráð við Dani og Norðmenn, og tók utanrrh. vel í það, að því er mig minnir. Nú leyfi ég mér að spyrja, hvort álitsgerð hafi borizt frá Brüssel eða Norðurlöndum og hvort ekki væri æskilegt, að nefnd þingmanna hefði aðstöðu til að fjalla um slík álit, áður en þau væru höfð til viðmiðunar við ákvörðunartöku.

Við sjálfstæðismenn teljum einsýnt, að Íslendingar haldi áfram þátttöku sinni í Norður-Atlantshafsbandalaginu, og bendum á þá góðu reynslu, sem af starfsemi þessa bandalags hefur orðið, en það hefur tryggt frið í okkar heimsálfu nú um meira en aldarfjórðungsskeið. Við teljum eðlilegt, að fram fari endurskoðun á varnarsamningnum við Bandaríkin, ekki með fyrirframtekinni ákvörðun um brottflutning varnarliðsins, heldur með það fyrir augum, að öryggi Íslands verði áfram tryggt og eigi verði af Íslands hálfu gerðar einhliða ráðstafanir, sem spilla þeim friði í álfunni, sem við með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og vörnum á Íslandi höfum átt þátt í að skapa. Þótt við teljum æskilegt, að hér dvelji ekki erlent varnarlið, þá teljum við það litla fórn af okkar hálfu, ef við með þeim hætti treystum öryggi okkar sjálfra og þess heimshluta, sem við búum í.

Við sjálfstæðismenn gagnrýnum það ekki út af fyrir sig, þótt hæstv. ríkisstj. ætli sér góðan tíma til að kanna öryggis- og varnarmál landsins, en bendum þó á, að málefnasamningur ríkisstj. og orðalag hans um varnarmálin hafa skaðað Ísland út á við og engum blöðum er um það að fletta, að nauðsynlegt er að skýra stefnu okkar í öryggismálum sem allra fyrst, svo að grannþjóðir og vinaþjóðir okkar viti, hvar við stöndum og við hverju megi af okkur búast. Það er lágmarkskrafa, sem hægt er að gera til okkar og við hljótum að vilja fullnægja og standa við sæmdar okkar sjálfra vegna.

Að svo mæltu, herra forseti, vil ég leggja til, að till. þeirri til þál., sem hér er til umr., verði vísað til utanrmn. að aflokinni þessari umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir það, að leyft er að ræða tillögurnar á sama tíma, vegna þess að þær fjalla um sama mál. Á þskj. 62 berum við allir þm. Alþfl. fram till. til þál. um athugun á öryggismálum Íslands. Till. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela utanrmn. að gera ítarlega athugun á öryggismálum Íslands. Nefndin skal m. a. athuga:

1. Gildi varnarsamtaka Atlantshafsbandalagsins fyrir öryggi Íslands.
2. Gildi Íslands innan þessara varnarsamtaka.
3. Áhrif hinnar miklu aukningar á flotastyrk stórvelda á Norður-Atlantshafi á stöðu Íslands og nágranna þess.
4. Viðhorf næstu nágrannaþjóða til eftirlitsstöðvanna á Íslandi með sérstöku tilliti til Grænlands, Færeyja og Noregs.
5. Gildi radarstöðva og orustuflugsveitar á Íslandi fyrir öryggi landsins og varnarkerfið í heild.
6. Starf varnarliðsins með tilliti til hlutverka þess.
7. Möguleika Íslendinga til að taka meiri þátt í eftirlitsstarfi yfir Atlantshafi, a. m. k. yfir landgrunninu eða að 100 mílna mengunarlögsögu.
8. Kostnað við varnir landsins og efnahagslega þýðingu þeirra fyrir Íslendinga.

Utanrmn. er heimilað að ráða starfslið til að vinna að rannsókn þessari og senda fulltrúa til næstu landa til gagnasöfnunar. Nefndin skal gera ítarlega skýrslu um öll þessi mál og leggja hana fyrir Alþ. svo fljótt sem unnt er."

Í margumræddum málefnasamningi hæstv. ríkisstj. segir svo um utanríkismál, með leyfi forseta:

„Stefna Íslands í alþjóðamálum verði sjálfstæðari og einbeittari en hún hefur verið um skeið, og sé jafnan við það miðað að tryggja efnahagslegt og stjórnarfarslegt fullveldi landsins. Haft skal fullt samráð við utanrmn. Alþ. um öll meiri háttar utanríkismál og um mótun utanríkismálastefnu landsins. Á hverju Alþ. skal gefin

skýrsla um utanríkismál, og fari þar fram almennar umr. um þau.“ Síðar segir: „Ríkisstj. telur, að vinna beri að því að draga úr viðsjám í heiminum og stuðla að sáttum og friði með auknum kynnum milli þjóða og almennri afvopnun, og telur, að friði milli þjóða verði bezt borgið án hernaðarbandalaga. Ágreiningur er milli stjórnarflokkanna um afstöðu til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu að óbreyttum aðstæðum. Skal þó gildandi skipan haldast, en ríkisstj. mun kappkosta að fylgjast sem bezt með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Ríkisstj. er samþykk því, að boðað verði til sérstakrar öryggisráðstefnu Evrópu.“ Svo segir: „Varnarsamningurinn við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu.“

Eins og sjá má af þessum orðum, er stefnan engan veginn ákveðin, þótt í fyrra tilvikinu sé talað um sjálfstæðari og einbeittari stefnu en verið hefur undanfarin ár. Það er beinlínis tekið skýrt fram, að um ágreining sé að ræða. Boðar það einbeitni og stefnufestu? Því fer auðvitað víðs fjarri. Það boðar togstreitu og mistúlkun, eins og þegar hefur komið greinilega í ljós í umr. um utanríkismálin í sambandi við skýrslu hæstv. utanrrh. hér áður á hv. Alþ., og mun ég ekki fara fremur út í þá sálma.

Á andartaki árla morguns hinn 10. maí 1940 urðu þáttaskil í sögu íslenzku þjóðarinnar, þegar brezkur flugbátur sveimaði með fyrstu hermennina yfir höfuðstað landsins í býtið þann dag. Á eftir fylgdi svo landgöngulið. Rétt í sama mund lýsti nýbakaður forsrh. Englands, Winston Churchill, því yfir, að engum þýzkum her yrði leyft að stiga á land á Íslandi órefsað. Frá þessum degi hefur líf þjóðarinnar verið með öðrum brag en áður var, og svo mun verða. Íslendingar voru í einni svipan komnir inn í ægilegustu átök mannkynssögunnar og gátu engu þar um breytt. Þetta hafði misjöfn áhrif á hug og hönd margra. En eitt er augljóst, að enn verra hefði skeð, ef fyrirætlun undir nafninu Ikaros hefði heppnazt. Þá hefðu nazistarnir vaðið hér yfir, og sú saga hefði verið mjög svo blóði drifin og full af hörmungum, en frá þessum hernámsdegi hefur verið hér á Íslandi.

Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja hér gang mála í sambandi við brottför brezka hersins og komu þess ameríska. Hitt er staðreynd, að meiri hl. alþm. og þjóðarinnar hefur samþykkt að hafa hér varnarstöð og nokkur þúsund hermanna til gæzlu í stöðinni. Sú ákvörðun að hverfa frá margyfirlýstri hlutleysisstefnu og sætta sig við varnarliðið í landinu hefur jafnan átt sér harða andstæðinga, og með ýmsu móti hefur fremur fámennur hópur baksað við að vinna þeirri stefnu fylgi meiri hl., að fásinna væri að vera innan Atlantshafsbandalagsins og að herinn ætti sem skjótast að hverfa á brott. Þessi hópur hefur komið fram undir safnheitinu „hernámsandstæðingar“. Ég tel það hins vegar staðreynd, að almennt hafi fólk það enn á tilfinningunni, að ekki sé grundvöllur fyrir þeirri stefnu vegna gersamlega breyttra aðstæðna í heiminum, bæði hvað snertir hernaðartækni og möguleika til allra samgangna. Þetta breytta viðhorf almennings táknar auðvitað ekki, að við eigum ævarandi að vera í hernaðarbandalögum. Það er að mínu mati aðeins viðurkenning á staðreyndum í heiminum í dag, og ekki verði um sinn komizt hjá því að starfa með vinveittum þjóðum til þess að tryggja öryggi þjóðar okkar ásamt þeirra samtímis. Þessi stefna leggur þó kvaðir nokkrar á okkur. En eru þær kvaðir svo þungbærar, að við getum ekki borið þær?

Í samningi okkar við Bandaríkjastjórn um hernámið var ákvæði þess efnis, að þegar að stríðinu loknu skyldi herinn hverfa af landi brott, en þegar til átti að taka, fóru þau fram á lengingu samningsins og aðstöðu í 99 ár. Þessu var einróma mótmælt, sem eðlilegt var. Alls staðar í heiminum voru hinir stríðandi hermenn að undirbúast til heimgöngu, og menn væntu friðartímabils um ókomin ár. Þessi ægilega styrjöld var háð til þess að tryggja frið, en ekki ofsóknir og kúgun hinna minni máttar. Það var von allra hér á landi, að við gætum verið fjarri stríðsaðilum að lokinni styrjöldinni. Þessi tilmæli um langvarandi herstöð komu því sem reiðarslag yfir þjóðina. En ef þetta eitt sér hefði verið einangrað mál út af fyrir sig, má gera ráð fyrir, að lausn þess hefði skjótlega verið sú, að herinn hefði farið af landi brott. En því var alls ekki svo farið. Því miður kom brátt í ljós, að Rússar kærðu sig ekki um að kalla heri sína frá mörgum Evrópulöndunum og vildu halda dauðahaldi í þá aðstöðu, sem sigurinn hafði fært þeim. Þeir komu upp leppstjórn í hverju ríkinu á fætur öðru á næstu árum og komu fram þá sem bein ógnun við heimsfriðinn. Þetta er staðreynd, hvað sem hver segir hér í aðra átt.

Upp úr þessu umróti eftirstríðsáranna fram til ársins 1948 kom sú hugmynd, að vestrænar þjóðir yrðu að standa saman móti ásælni Rússa, og með byltingunni í Tékkóslóvakíu 1948 kom smiðshöggið á mótun samtaka í þessu skyni. Undirbúningur var hafinn að stofnun Atlantshafsbandalagsins, sem jafnan er kallað NATO. Nánari atvik að inngöngu okkar í NATO og umr., sem af því spunnust, tel ég ekki ástæðu til að rekja hér. En hvað er þá þetta margumrædda Atlantshafsbandalag eða NATO? Rétt er að fara um það nokkrum orðum. Því hefur oft verið haldið fram, að NATO væri varnarbandalag. Það er friðarbandalag. Í öðru lagi er NATO millirikjastofnun. Það er ekki yfirþjóðleg stofnun í neinum skilningi. Í þriðja lagi fá herir einstakra bandalagsríkja eingöngu fyrirmæli frá eigin ríkisstj. á friðartímum, þótt þeir haldi sameiginlegar heræfingar. En hernaðarlegt verkefni NATO á friðartímum er að gera sameiginlegar varnaráætlanir, sem tryggi tafarlausa og beztu hugsanlega notkun herliðs aðildarríkjanna, skyldi til styrjaldar koma. Þessi hernaðarlega árvekni miðast framar öðru við það að koma í veg fyrir stríð. Stjórnmálalegt verkefni bandalagsins er að vera vettvangur athugunar og ráðfærslu um öll stjórnmálaleg vandamál, sem varða einstök aðildarríki eða bandalagið í heild. Menn sjá af þessu, að Atlantshafsbandalagið er eitthvað nýtt og raunar einstakt í sögunni. Það er kunnugt, að mörg hafa bandalögin verið í gegnum aldirnar og haft misjöfnu hlutverki að gegna. Aldrei hefur samstarf þjóðanna verið svo náið eins og er í NATO. Á því byggist raunverulegur styrkur samtakanna. Þetta er þeim þjóðum kunnugt um, sem utan NATO standa. Það er grjóthörð staðreynd, sem sumir vilja ekki muna eftir, að frá stofnun NATO hefur útþenslustarfsemi þjóðanna í austri, og á ég þá við

Rússa, verið stöðvuð. Þau hafa ekki náð þumlungi lands, eftir að tilvera NATO kom til.

Upp úr síðari heimsstyrjöldinni kom nýtt valdajafnvægi til í Evrópu og völd Sovétríkjanna jukust óðfluga. Þýzkaland og Ítalía voru sigruð og féllu úr leik um lengri eða skemmri tíma. Það er staðreynd, að þegar Rússar beittu herafla sínum til þess að tryggja sér og sínum flokksmönnum, kommúnistum, valdaaðstöðu í ýmsum ríkjum, þrýsti þetta vestrænum þjóðum saman í eina heild til þess að mæta þessari útþenslustefnu. Og meira en það. Nauðsyn var á að stöðva hana alveg. Það hefur tekizt, og vonandi mun svo verða um ókomin ár. Ef sigurvegararnir hefðu getað varðveitt góða samvinnu og samheldni frá stríðsárunum, var engin þörf á stofnun NATO. En gamli maðurinn, hann Stalin, barnavinurinn mikli, eins og segir í grein um hann í Þjóðviljanum á sínum tíma og stúdentablaðinu þeirra kommanna, rauf samvinnuna til þess að koma fram sínum eigin áformum. Að vísu höfðu komið fram á stríðsárunum brestir í einlægri samvinnu, og hin nýja alþjóðastofnun, Sameinuðu þjóðirnar, hafði ekki sýnt getu sína, þótt hún væri sett á stofn til verndar friði og öryggi. Sameinuðu þjóðirnar voru á þessum tíma að ýmsu leyti vanmáttugri en vonir höfðu staðið til. Það hefur sýnt sig, að þegar ágreiningur kom upp innan Sameinuðu þjóðanna, var öryggisráðið enn ekki svo sterkur aðili í þessum samtökum, að það gæti gegnt hlutverki sínu, eins og menn höfðu gert sér vonir um. Það er staðreynd, að Rússar höfðu náð yfirráðum yfir landssvæði að styrjöldinni lokinni, sem var um 475 þús. km², heldur minni en Frakkland og með rúmlega 23 millj. íbúa. Þó átti eftir að gerast hér meira. Raunverulega hafði Sovétstjórnin yfirráð yfir Póllandi, Austur-Þýzkalandi, Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi, Rúmeníu, Búlgaríu og Albaníu, vegna þess að Sovétríkin í skjóli herstyrks síns komu til valda valdhöfum og ríkisstjórnum, sem voru þeim vinveittar, kommúnistum. Þetta er staðreynd. Það er staðreynd, að á þessum árum var þetta meira eða minna sem ein heild, er laut yfirstjórn frá Moskvu. Allt þetta landssvæði var um 1 millj. km² og með hátt í 100 millj. íbúa eða fast af því helmingur á móti íbúafjölda Sovétríkjanna sjálfra. Þessa þróun litu Vesturveldin óhýru auga eðlilega, og mótmælin voru borin fram, en hrukku hvergi. Frammámenn þessara ríkja gerðu sér grein fyrir, að eitthvað varð að gerast til þess að þessi þróun héldi ekki áfram og hinn rússneski bjarnarhrammur teygði sig ekki áfram hægt og bítandi vestur yfir Evrópu. Þetta var skuggi, sem enginn þessara manna, sem stóð að stofnun NATO, kærði sig um að sitja í. Einnig reyndu Rússar að ná víðar áhrifum en hér í Evrópu, en ég skal ekki fara út í þá sálma.

Vegna alls þessa var mönnum enn ljósara, að nauðsyn var á að mynda samstarf þeirra þjóða, er gátu borið traust hver til annarrar, samstarf, sem væri svo sterkt og heilbrigt, að það gæti heft þessa þróun, er átti sér stað í hinum kommúnistíska heimi. En Evrópuþjóðirnar voru í rústum eftir hina ægilegu styrjöld. Raunverulega voru það Bandaríkin ein, sem gátu skapað valdajafnvægi í heiminum, og það var útþenslupólitík Rússa á þeim tíma, sem knúði Bandaríkjamenn til þess að taka hina heimssögulegu ákvörðun að ganga í varnarbandalag Evrópu á friðartímum. Með þessari stefnu rufu Bandaríkin raunverulega hefðbundna utanríkisstefnu, sem hafði verið við lýði allt frá dögum George Washington, frá einangrun og hlutleysisstefnu, sem hið mikla lýðveldi hafði fylgt að undanskildum árunum 1917–1918 og 1941—1945, þegar Norður-Ameríkumenn drógust inn í fyrri og síðari heimsstyrjöldina. Að mati Bandaríkjamanna var yfirvofandi hætta það mikil, að þeir hófu viðræður við Kanada og Vesturbandalagslöndin og síðan Danmörk, Ísland, Ítalíu, Noreg og Portúgal. Niðurstaðan af þessum viðræðum var sú, að þessi 12 ríki gerðu með sér samtök og undirrituðu Atlantshafssáttmálann, The North-Atlantic Treaty. Þetta gerðist í Washington 4. apríl 1949. Síðan bættust Grikkland, Tyrkland og Vestur-Þýzkaland í hópinn.

Þýðingarmesta ákvæði sáttmálans er í 5. gr., þar sem segir m. a.: „Það er álit Atlantshafsríkjanna, að líta skuli á vopnaða árás gegn einu eða fleiri aðildarríkjum, ríkjunum í Evrópu eða Norður-Ameríku, sem árás á öll aðildarríkin.“ Ef slík árás verður gerð, skulu aðildarríkin „aðstoða það eða þau ríki, sem fyrir árásinni verða, hvert fyrir sig og gera jafnframt þær ráðstafanir í samráði við hin aðildarríkin, sem það telur nauðsynlegar til að koma aftur á öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu, þar með talin beiting vopnaðs valds.“

Þá er það mjög undirstrikað í sáttmálanum, að bandalagið sé eingöngu varnarbandalag. Aðildarríkin heita Sameinuðu þjóðunum og sáttmála þeirra fullum stuðningi og trúnaði og lýsa því yfir, að þau vilji búa í friði við allar þjóðir og ríkisstjórnir. Þau eru ákveðin í „að tryggja frelsi þjóða sinna, sameiginlegan menningararf og siðmenningu, sem byggist á grundvallaratriðum lýðræðisstjórnar, einstaklingsfrelsis og réttarríkis.“

Raunverulega er langþýðingarmesta atriði Atlantshafssáttmálans það atriði, sem fjallar um samábyrgðina. Þar segir, að allir skuli standa sem einn fyrir alla og allir fyrir einn. Með þessu á að hindra, að varnarlaus lönd verði árásarríki að bráð hvert af öðru á sama hátt og átti sér stað í Austur- og Mið-Evrópu fyrstu árin eftir stríðið og í lok 4. tugs aldarinnar, þegar Hitler einangraði fórnarlömb sín og yfirbugaði þau hvert út af fyrir sig.

Ég mun ekki rekja í lengra máli aðdraganda að stofnun NATO og með hvaða hætti bandalagið varð til. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því, að innan þessa bandalags eru nokkur smáríki, sem hafa um aldaraðir lýst yfir hlutleysi og aldrei orðið þátttakendur í styrjöld nema út úr neyð. En nú hafa þau af fúsum vilja gengið inn í svo víðtækt hernaðarbandalag sem NATO er. Er ekki rétt að staldra við og hugleiða, hvers vegna slík ákvörðun er tekin? Getur það verið, að stjórnendur þessara ríkja séu svo skyni skroppnir, að þeir geri sér ekki grein fyrir því, hvaða áhætta fylgir því að vera í NATO? Er það svo, að með því að vera aðili að NATO hafi þessi smáríki glatað möguleika sínum á því að verða utan stríðsátaka, ef til heimsstyrjaldar kemur? Slíkar spurningar geta komið í hug manns, þegar hugleidd er staða og geta hjá smáþjóð sér til varnar á móti stórveldunum og hvað nútíma hernaðartækni felur í sér mikla möguleika á því að tortíma jafnvel heilli þjóð og stóru landssvæði. Getur það verið, að forsvarsmenn smáþjóðar stígi slíkt skref inn í hernaðarbandalög að ástæðulausu? Er ekki einmitt augljóst, að þátttaka í NATO feli í sér nokkra áhættu? Ég tel, að svo sé. Því miður eru tímarnir þannig, að það er óhugsandi fyrir

nokkurt ríki, stórt eða smátt, að fylgja áhættulausri utanríkisstefnu. Mér virðist sá einn kostur að velja á milli áhættu í einni eða annarri mynd. Það er staðreynd, að styrjaldir verða æ umfangsmeiri og einstaka þjóðir ráða litlu um það, hvort styrjöldin nær til þeirra eða ekki. Einhliða hlutleysisyfirlýsingar hafa dugað mörgum skammt. Það sannar sagan. Þetta gildir um þjóð, hversu friðelsk sem hún er og vill vera. Og liggi landið á hættusvæði eða mikilvægu hernaðarlega séð, þá er ekki að sökum að spyrja, sá sterki gerir það, sem hann telur sér koma að notum, og spyr engan að því, hvað er rétt eða rangt í því sambandi. Hin hernaðarlega aðstaða getur beinlínis skapað kapphlaup milli hinna stríðandi aðila um að ná svæðinu sem fyrst.

Ef við lítum til baka, þá getum við séð, hvernig heimsstyrjöldin breiddist út eins og eldur í sinu á ýmsum stöðum og hvernig áætlun hefur verið gerð fyrir fram um að hagnýta sér viss hernaðarleg landssvæði. Þá var ekki spurt um utanríkisstefnu viðkomandi þjóðar, hvort hún hefði verið friðelsk á undanförnum árum, jafnvel öldum. Spurningin var: Er það stórveldinu, hinum sterka, til aðstöðubótar að ná þessu landi eða ekki, svo að hann geti heldur sigrað óvininn að sínu eigin mati? Þá er ekki spurt um eitt eða neitt. Heraflinn er sendur til þess að hertaka landið eins fljótt og nokkur kostur er á. Hér er ekki heldur spurt um mannslíf hjá viðkomandi þjóð. Má ég benda á örlög landa eins og Hollands, Belgíu, Danmerkur og Noregs í síðustu heimsstyrjöld. Þessi lönd voru hernaðarlega mikilvæg og einnig með hráefni til styrjaldarreksturs. Getum við gert ráð fyrir því, að ný stórstyrjöld, jafnvel heimsstyrjöld, geti verið umfangsminni og mannúðlegri en styrjöldin 1940—1945? Getum við gert ráð fyrir því, að það skipti máli, að smáþjóð hafi löngun og vilja til þess að standa utan við deilurnar, að það skipti máli fyrir þá þjóð, hvað hún segir, ef stórveldið og forustumenn þess eru sannfærðir um það, að lega þess landssvæðis, þar sem smáþjóðin er, hafi mikið hernaðarlegt gildi og það verði að ná landinu til varnar eða sóknar gegn óvininum? Er það ekki gefið mál, að lítið, einangrað land má sín lítils nú á tímum í hernaði, og smáríki, sem er vanmáttugt til varnar, myndar eins konar tóm í valdabaráttu stórveldanna? Undir flestum kringumstæðum er bráð hætta á, að styrjaldaraðilar hefji kapphlaup til þess að hertaka það, þótt ekki sé til annars en að koma í veg fyrir, að andstæðingurinn verði fyrri til þess.

Í ályktun okkar Alþfl.-manna fjallar 2. liður um gildi Íslands innan þessara varnarsamtaka. Eins og að framan hefur verið sagt, er augljóst, að aðstaða smáþjóðar er erfið í dag. Það hefur sýnt sig, að hlutleysisyfirlýsingar eru ekki mikils metnar af stórveldunum, þegar til stórátaka kemur. Valið virðist því vera, eins og ástandið er í dag, aðeins það að velja á milli hinna stóru aðila, vera með í samstarfi þeirra þjóða, sem næstar manni standa í sögu- eða menningarlegu tilliti, eða reyna að sýnast óháðir og vita ekkert um, hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir eigið öryggi eða nágrannaþjóða. Það hefur verið öruggur meiri hluti hjá íslenzku þjóðinni fyrir því að standa við hlið þeirra þjóða, þótt því fylgi nokkrar kvaðir, sem næstar okkur eru að menningu og hugsun í lýðræðisskipulagi. Þess vegna höfum við gerzt aðilar að NATO. Við munum aldrei hafa her hér sjálfir. Það er margyfirlýst, og það dettur engum manni í hug, að til slíks verði stofnað af okkur sjálfum. Það, sem við höfum getað gert, er að skapa hér aðstöðu á takmörkuðu landssvæði fyrir nokkurt setulið, sem hér er til gæzlu og til þess að fylgjast með í lofti og á sjó, hvernig aðrar þjóðir haga sínum könnunarferðum, bæði gagnvart Íslandi og öðrum nágrannaþjóðum. Örugglega má segja, að þetta tryggi okkur nokkra vernd fyrir hugsanlegum óvini, hvaðan svo sem hann kæmi og færi að leita eftir aðstöðu hér á landi sér til handa óboðinn.

Eins og áður var á minnzt, var hið uggvænlega ástand á næstu árum eftir heimsstyrjöldina orsök myndunar NATO. NATO er meira en hernaðarbandalag. Í sáttmálanum er ekki aðeins lögð áherzla á samstöðu á hernaðarlega sviðinu, heldur er mjög mikilvægt talið að stuðla að menningarlegum og félagslegum framförum þjóðanna og kröfum um, að frjálsum stofnunum borgaranna í aðildarríkjunum séu veitt skilyrði til vaxtar og viðgangs. Það kemur skýrt fram í stofnsamningnum, að það sé ekki hafið yfir þjóðirnar. Það skipar ekki fyrir verkum. Bandalagið á að vera tæki til samvinnu milli frjálsra og sjálfstæðra ríkja og er þannig í eðli sínu algerlega andstætt við Varsjárbandalagið. Þar ræður aðeins einn vilji, sem hin aðildarríkin verða að hlýða möglunarlaust svipað og ánauðugir þrælar hlýða herra sínum. Þessi þáttur, sem fjallar um menningarleg samskipti, hefur farið mjög vaxandi undanfarin ár, og mun meira gildi er í þessum þætti en ljóst er við fyrstu yfirsýn. Fari svo, sem er von okkar allra, að Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið lognist út af í náinni framtíð sem hernaðarbandalag, er einmitt mjög mikilvægt, að þessum þætti sé vel sinnt, hinum menningarlega og hinum efnahagslega. Til þess ber einnig brýna nauðsyn, að þessir þættir séu efldir, því að innri styrkur samtakanna er fólginn í þessu samstarfi, ef takast á að skapa samfélag sjálfstæðra Atlantshafsríkja og samhentra.

Varla getum við átt von á því, að sífellt hættuástand ríki hér í Evrópu eða annars staðar í heiminum, en eðlileg, frjáls viðskiptaleg og menningarleg samskipti skyldra þjóða eiga að vera tryggð um óákveðinn tíma og þurfa að eflast. Gildi samtakanna á hernaðarsviðinu á að fara minnkandi, en hinir tveir þættirnir að sama skapi að eflast og aukast á komandi árum. Að þessu leyti er NATO ólíkt Varsjárbandalaginu, að sívaxandi áherzla er lögð á menningarleg og viðskiptaleg tengsl aðildarríkjanna, en hinn hernaðarlegi þáttur Varsjárbandalagsins er hinn eini og sanni rauði þáttur í starfsemi þess, og því miður er ekki sjáanlegt, að hann rýrni á næstunni. Þessu til staðhæfingar vil ég leyfa mér að vitna í nýlegt hefti af tímaritinu Time, dagsett 31. jan. s. l., en þar er grein um flotastyrk Rússa og gerður góður samanburður á flota stórveldanna beggja, Rússa og Bandaríkjamanna. Greinin lýsir á ótvíræðan hátt, hversu Rússar hafa aukið gífurlega flota sinn núna síðustu árin, og augljóst er, að ef svo heldur áfram um nokkurn tíma enn, þá muni rússneski flotinn von bráðar verða sá langstærsti í heiminum. Ég ætla mér ekki þá dul að spá neitt um það, hvað þetta þýðir fyrir Ísland og Atlantshafsbandalagið, það verða aðrir að gera, en hitt er víst, að þessi aukning veldur manni áhyggjum og er því miður ekki til þess fallin að draga úr þeirri spennu, sem er á milli bandalaganna tveggja, að hernaðarmátturinn fari dvínandi og fjari sem fyrst út,

sem við þó vonum allir. Það kemur fram, að Rússar muni nú eiga 90 kafbáta með kjarnorkuskeytum og 260 aðra kafbáta, auk þess um 100 landgönguskip og um 560 minni stríðsskip. Einnig liðlega 200 tundurspilla og stærri beitiskip. Áhöfn þessa flota er fast að 500 þús. manns, og mega allir sjá, að hér er ekki um neina smámuni að ræða. Hluti af þessum flota siglir nú um meira og minna á hafinu, sem umlykur Ísland. Mikilvægi fyrir NATO er ótvírætt fólgið í því að hafa hér eftirlitsaðstöðu með þessum siglingum rússneska flotans og gefa nánar gætur að því, hvernig hann hagar siglingum sínum umhverfis landið. Ólíklegt er, að Rússar auki svo flota sinn að gamni sínu einu saman, en ég ætla ekki að gera ráð fyrir því, að þeir séu að undirbúa flotastyrk sinn svo með ákveðna árás í huga, heldur sér til varnar einungis.

Það er óumdeilanlega mikilvægt að hafa aðstöðu til að fylgjast með flotaæfingum og siglingum eins vel og kostur er á, þótt skjóta megi flugskeytum jafnvel 1000 mílna vegalengd. Bækistöð, sem er eins vel í sveit sett og hér á Íslandi, er óneitanlega eftirsóknarverð, þar sem allar vegalengdir til eftirlits styttast um helming eða jafnvel meira fyrir stórveldin tvö. Þessi hagkvæma lega til eftirlits skapar þann möguleika, að gera má viðvart um árás með mun styttri fyrirvara og koma þannig til varnar á tiltölulega skömmum tíma, ef nauðsynlegt er. Þessum aðstöðumun til eftirlits og áhrifa gerðu stríðsaðilar sér grein fyrir í síðustu heimsstyrjöld. Þess vegna vildu báðir aðilar ná landi okkar undir sín yfirráð. Það var gæfa okkar, að bandamenn urðu á undan hingað. Þótt ég hafi stiklað hér á stóru í röksemdum fyrir aðstöðu til eftirlits, er augljóst mikilvægi þess að hafa hér eftirlitsstöð. Fimmti liður í ályktun okkar fjallar einmitt um að athugun fari sérstaklega fram á gildi radarstöðvar og orustuflugsveitar á Íslandi fyrir öryggi landsins og varnarkerfið í heild.

Sjötti liðurinn er um athugun á störfum varnarliðsins með tilliti til hlutverka þess í þessu sambandi.

Í sjöunda lið okkar till. bendum við á nauðsyn þess, að möguleikar okkar Íslendinga sjálfra til að taka meiri þátt í eftirlitsstarfi, a. m. k. yfir landgrunninu og hugsanlegri mengunarlögsögu, séu athugaðir. Hér er um mjög mikilvægan þátt í öryggismálum okkar að ræða, og virðist mér persónulega hugsanlegt, að í framtíðinni geti landhelgisgæzlan okkar tekið að sér veigamikil verkefni í þessu sambandi. Á vegum landhelgisgæzlunnar mætti hugsa sér flugsveit, sem færi í reglubundið eftirlitsflug yfir hafsvæðið, sem umlykur Ísland. Þetta flug gæti verið sem einn þáttur í varnar- og eftirlitsflugi annarra NATO-landa, sem næst okkur liggja og halda uppi reglubundnu eftirlitsflugi. Auðvitað mun þetta kosta okkur verulegar upphæðir, en getum við, vil ég spyrja, sloppið endalaust við útgjöld í sambandi við ytri varnir landsins?

Áttundi og síðasti liður í till. okkar Alþfl.-manna fjallar um, að athuga skuli kostnað við varnir landsins og hins vegar efnahagslega þýðingu þeirra fyrir Íslendinga. Ef það verður niðurstaðan, að nauðsynlegt verði talið, að erlent varnarlið annist alla starfsemi í varnarstöðinni hér á landi, má gera ráð fyrir því, eins og verið hefur, að um fjármagnsstraum af þessari starfsemi verði að ræða inn í ríkissjóð. Ekki hef ég handbærar nákvæmar tölur um tekjur ríkissjóðs frá varnarliðsmönnum og starfsemi, sem fylgir í kjölfar dvalar þeirra hér á landi, en talað hefur verið um gjaldeyristekjur kringum 1300 millj. króna. Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir, að athugun sé þegar hafin á þessum þætti, og vonandi greinir hann frá einhverju nú í þessu sambandi.

Leiði athugun á öryggismálum Íslands til þeirrar niðurstöðu, að ekki verði talin nauðsyn á dvöl erlends varnarliðs hér, þá er augljóst mál, að um aukin bein ríkisútgjöld verður að ræða, þar sem varnarstöðin verður ekki lögð niður, a. m. k. ekki alveg á næstu árum. Þetta segi ég hér vegna þess, að sjálfur forsrh. hefur lýst því yfir í sjónvarpsviðtali í norska sjónvarpinu, að varnarstöðin verði áfram. Hins vegar kom ekki fram í viðtalinu, með hvaða hætti eða hvernig starfsemin yrði í varnarstöðinni. Þessu sjónvarpsviðtali var sjónvarpað í byrjun okt. s. l. í Noregi í þætti, sem stóð yfir í u. þ. b. 1 klst. og fjallaði um auknar siglingar rússneska flotans í Norðurhöfum og könnunarferðir rússneskra eftirlitsflugvéla. Ég vil leyfa mér hér sem innskot að mælast til þess, að þessi þáttur verði sýndur í íslenzka sjónvarpinu sem allra fyrst.

Freistandi væri að rekja hér margar tilvitnanir úr blöðum undanfarna mánuði, sem sýna, svo að ekki verður um villzt, hversu djúpstæður ágreiningur er í stjórnarliðinu í afstöðu til varnar- og öryggismála Íslands. En þar sem ég reikna með, að margir muni taka til máls og fjalla meira og minna um þennan ágreining og vitna í því sambandi í einstök viðtöl við ráðh. og þm. stjórnarliðsins, er birzt hafa í blöðum undanfarnar vikur, leiði ég hjá mér þennan þátt, þótt stórmerkur sé. Þó vil ég undirstrika alveg sérstaklega, svo að ekki verði um villzt, að hér á hv. Alþ. er í dag ekki meiri hl. fyrir þeirri stefnu að skilja Ísland eftir varnarlaust og í öryggisleysi meðal vestrænna vinaþjóða. Það eru því sáralitlar líkur á því, að efndir verði á þeim þætti málefnasamningsins hjá ríkisstj., að varnarliðið hverfi á brott á næstu þremur árum. Fróðlegt verður að sjá, hver viðbrögð hins kommúníska arms í Alþb. verða, þegar þessi staðreynd rennur upp fyrir þeim. Ef að líkum lætur, verður þeim ekki svarafátt, þótt þeir sitji í ríkisstj. áfram og varnarliðið í landinu. Þeirra rök verða einfaldlega sem fyrr: Við vildum herinn alltaf burt, en höfðum ekki mátt til þess gegn andstöðu hinna.

Herra forseti. Ég læt nú senn lokið máli mínu í þessu viðkvæma og umdeilanlega máli um varnir og öryggi Íslands. Það er von mín, að þessari till. verði vísað til utanrmn. og nefndin taki þessi mál til alvarlegrar meðferðar og alþm. fái þar með glögga yfirsýn yfir varnarmálin og einnig komi fram nýjar hugmyndir um betri skipan þessara mála en er í dag. Við þm. Alþfl. teljum það réttan gang mála að fela utanrmn. þessa athugun og allt það, sem nokkur leið er að skýra frá í þessu sambandi, komi sem trúnaðarmál í hendur utanrmn. Ég treysti því, að nefndin geti farið með trúnaðar- og öryggismál ríkisins á þann veg, að ekki hljótist tjón af og hver nm. sé trúnaðartraustsins verður. Það á að vera óþarfi að taka það fram, að við ætlumst til þess, að utanrmn. vinni auðvitað í fullu samráði við hæstv. utanrrh. Ég tel, að til fastanefnda þingsins eigi einmitt að vísa oftar stórmálum til sérstakrar athugunar og tillögugerðar og í þessum nefndum eigi allir flokkar sinn fulltrúa. Þetta eru þingleg og lýðræðisleg vinnu-

brögð. Við skulum hafa slíkan hátt á í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar.

Herra forseti, að svo mæltu legg ég til, að hlé verði gert á umr. og málinu vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef auðvitað ekkert við það að athuga, að þessar tvær till. séu ræddar undir einum dagskrárlið. Það rifjast að vísu upp fyrir mér, að þeir sögðu það í frönsku stjórnarbyltingunni, að þeir óskuðu þess, að sem allra flest höfuð væru á einum hálsi vegna verkahagræðingar, en það er nú ekki þess vegna, sem ég lít svona til, því að hér er vissulega um mjög misjafnar till. að ræða, eins og ég mun kannske koma að í þessu sambandi. Ég held, að ég muni þó kjósa að gera að umtalsefni framsöguræður beggja flm. hvora fyrir sig, og ég mundi þá leyfa mér að byrja á framsöguræðunni um till. til þál. um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands, sem flutt er af allmörgum þm. Sjálfstfl.

Það er rétt, sem hv. frsm. þeirrar till., hv. 2. þm. Reykv., sagði hér áðan í sinni ræðu, að þessi till. var nokkuð rædd við umr. hérna 23. nóv. 1971, og ég er honum alveg sammála um það, að það er svo sem við engan einstakling að sakast um það, þó að þessi umr. hafi dregizt eins og raun ber vitni. Það vildi alltaf eitthvað til, ýmist voru flm. ekki tiltækir eða ráðh. ekki tiltækir eða önnur þingstörf meira aðkallandi. Ég tel æskilegt, að við komum þessum till. áfram í dag og mun ekki þess vegna tefja fyrir því með löngum ræðuhöldum, heldur segja hér aðeins örfá orð um þessa till. Í þeim umr., sem fram fóru þarna í nóv., þá lýsti ég afstöðu minni til þessarar till. þm. Sjálfstfl., og hún var í stuttu máli þannig, að ég teldi þessa till. algjört vantraust á mig sem utanrrh., þar sem í tillgr. er sérstaklega farið fram á það, að Alþ. tilnefni einn fulltrúa frá sumum þingflokkanna, þó ekki öllum, til þess að starfa með utanrrh. í viðræðum við Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins um endurskoðun á varnarsamningi, eins og þar segir. Ég held og veit raunar, að það mundi vera algjört einsdæmi í þingsögunni, ef Alþ. sæi sig knúið til að samþykkja till. eins og þessa. Ég minnti á það hér í nóv. s. l., að einu sinni áður hefur alþm. eða hluta þeirra dottið í hug að viðhafa sams konar málsmeðferð. Það var 1956, þegar Sjálfstfl. var, eins og hann er núna, utan við stjórn, og taldi þá, eins og nú, að enginn gæti með nokkru móti farið með málefni Íslands annar en þeir. Þessi till. var þá felld, og ég vonast til þess, satt að segja, að þessi till., sem hér er fram komin, verði einnig felld. Þó voru þessar till. ekki eins, vegna þess að 1956 var þó gerð till. um hlutfallskosningu í nefnd, en nú er ekki einu sinni verið að hafa slík ákvæði, heldur berum orðum tekið fram, að hluta af alþm. skuli haldið utan við hluta af málefnum þjóðarinnar. Ég tel það ekki lýðræðisleg vinnubrögð. Annars gleður það mig að heyra það hjá hv. 2. þm. Reykv., að hann hefur haft tíma til þess að endurskoða þessa till. og er nú ekki eins hrifinn af henni, skildist mér, eins og hann var í nóv., því að hann gerir því núna skóna, að henni verði breytt, jafnvel að till. Alþfl. komi þarna í staðinn. Ég ætla að víkja að till. Alþfl. á eftir, en aðeins að gera ræðu hv. 2. þm. Reykv. örlítið meira að umtalsefni.

Ég ætla nú ekki að fara út í þessa túlkun á stjórnarsáttmálanum og þá mismunandi túlkun, sem mjög var gerð að umræðuefni hér 23. nóv., en ég fullyrði það, að hvernig sem bæði hv. 2. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykn. leita í því, sem ég hef sagt um túlkun á þessu tiltekna ákvæði málefnasamningsins, þá munu þeir ekki finna þar ósamræmi, ef undan er skilin frásögn í dagblaðinu Vísi 15. júlí s. l., sem ég gerði hér sérstaklega að umtalsefni, þegar þessi mál voru hér síðast til umr. Þess vegna er mér alveg ósárt um það, þó að þeir hv. þm. geri leit í mínum ummælum. Ég bara vorkenni þeim þá fyrirhöfn, sem ekki leiðir til neins árangurs, og vil segja þeim þetta í góðu skyni til að spara þeim vinnu. Það var enn fremur rætt hér um þá vinnunefnd, sem sett hefur verið í utanríkismálin og tveir ráðh. með mér skipaðir í. Það hefur ekki heldur verið gert hér að meginmáli, og ég skal þá ekki heldur gera það, aðeins endurtaka það, sem ég sagði að gefnu tilefni snemma á þingi og aftur 23. nóv., að það hefur engin breyting orðið á verkaskiptingu í ríkisstj. Utanríkismálin heyra eftir sem áður og hafa alltaf gert í tíð þessarar ríkisstj. undir utanrrh., og svo er enn.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði að því, hvort vænta mætti þess, að samningsviðræðurnar við Bandaríkjamenn yrðu lagðar fyrir Alþ. á þessu þingi, — ég tók það svo, — eða ekki fyrr en næsta haust. Því get ég algjörlega þegar í stað svarað neitandi, eða játandi líklega, ég man ekki, hvernig setningin byrjaði, en ég skal þá bara lýsa því yfir, að þessi mál verða ekki lögð fyrir Alþ. á þessu þingi, þannig að menn geta alveg verið rólegir fyrir því.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að samráðið í landhelgismálinu hefði ekki verið eins og það ætti að vera. Mér þykir nú leitt að heyra þetta, þar sem ég hef nú fyrir mitt leyti og ég held flestir, ef ekki allir, sem að þessum málum hafa unnið fyrir ríkisstj. hönd, gengið mjög langt og gert það, sem í þeirra valdi stóð, finnst mér nú, til þess að ná samstöðu um landhelgismálið, og hún náðist. Ég hef áður flutt stjórnarandstæðingum þakkir fyrir þau vinnubrögð, sem þeir hafa viðhaft í landhelgismálinu, og ég get alveg endurtekið það hér, en þess vegna finnst mér nú ekki alls kostar rétt að lýsa því hér yfir úr ræðustóli, að samráðið í landhelgismálinu hafi ekki verið eins og skyldi, en samt tók hv. þm. það fram, að það hefði verið til bóta, — ég er út af fyrir sig ánægður með þá umsögn, — og hann sagði, að þingflokkarnir ættu að vera með í ráðum. Þetta vil ég líka taka alveg undir, en till. hv. 2. þm. Reykv. gengur ekki út á það, að þingflokkarnir eigi að vera með í ráðum. Hún gengur alveg í þveröfuga átt. Hún gengur út á það, að tiltekinn þingflokkur eigi ekki og megi ekki vera með í ráðum um tiltekið stórmál. Ég hygg, að hv. sjálfstæðismenn hefðu talið samráðið í landhelgisnefnd miklu síðra en vera ætti, ef þannig hefði verið staðið að því, að þeim hefði verið haldið þar fyrir utan. Það kom vitanlega aldrei til greina að gera það, því að um það mál þurfti að nást og náðist þjóðarsamstaða, en mér finnst till. hv. sjálfstæðismanna á þskj. 47 síður en svo benda til þess, að það sé þeirra raunverulega hjartans meining, að þingflokkarnir skuli hafa samráð um mikilsverð mál. Till. verður þá að lesast öðruvísi en hún er prentuð á þskj. 47, ef sú á að verða niðurstaða hennar.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að meiri samstaða innanlands um utanríkismál væri nauðsynlegri nú en nokkru sinni fyrr. Af hverju skyldi vera að hans mati

enn þá meiri ástæða til þess nú en nokkru sinni fyrr, að innlend samstaða sé um utanríkismál? Hann nefndi eina ástæðu. Hann nefndi þá ástæðu, hvernig umhorfs er í heiminum. Það eru sömu ástæður, það eru nánar tiltekið fjórar ástæður, sem hann nefndi, og þær ástæður nefndi ég allar, þegar ég gaf skýrslu til hv. Alþ. um utanríkismál. Það eru viðræðurnar í Berlín, sem virðast benda til þess, að nú í fyrsta skipti eftir styrjöldina náist samvinna og samstarf milli Austur- og Vestur-Þýzkalands. Hann nefndi fyrirhugaða ferð Brosios til Rússlands, sem er árangur viðræðna, sem byrjuðu hér í Reykjavík. Hann nefndi öryggismálaráðstefnu Evrópu, sem þessi ríkisstjórn, sem nú situr, hefur sérstaklega tjáð sig samþykka og gert nokkrar tilraunir til þess að koma á ásamt öðrum þjóðum, sem áhuga hafa fyrir henni, og hann nefndi SALT-viðræðurnar, sem fara fram til skiptis í Helsinki og Vín. Þessar ástæður nefndi ég líka 23. nóv., en ég dró bara af þeim aðrar ályktanir en hv. 2. þm. Reykv. gerði hér. Ég dró þær ályktanir af því, að friðvænlegar horfir í heiminum en gert hefur um langt skeið, að það væri einmitt núna tækifæri til þess að endurskoða varnarsamninginn við Bandaríkin, en hv. 2. þm. Reykv. dregur þá ályktun, að því er mér virtist, af því, að friðvænlegar horfir í heiminum en gert hefur um skeið, að ekki megi hrófla við neinu og það sé þess vegna ekki hægt að endurskoða neitt eða breyta neinu í varnarsamningnum. Menn verða að hafa á þessu þær skoðanir, sem þeim sýnist, ekki ætla ég að segja mönnum fyrir verkum um það, en það er mín bjargföst sannfæring, að ef við getum ekki endurskoðað varnarsamninginn, þegar friðvænlega horfir í veröldinni, þá getum við það miklu síður, þegar ófriðvænlega horfir. Þess vegna held ég, að það tækifæri, sem nú er að koma, sé það, sem við höfum kannske ýmsir verið að bíða eftir, tækifæri, sem gerir það kleift að fá endurskoðun á varnarmálum Íslendinga, þannig að við getum losnað við herinn án þess að rjúfa samstarf við NATO-þjóðirnar og vestrænar þjóðir, en því takmarki hafa allir nú lýst sem sínu. Nú stendur enginn maður hér lengur upp til þess að segja það, að við viljum ekki losna við herinn. Það viljum við allir, og fyrst við allir viljum það, eigum við þá ekki að sameinast í því að gera þessa könnun, gera þessa endurskoðun og stefna að því að losna við herinn t. d. á kjörtímabilinu? Ef einhverjir vilja fyrr, þá verður sjálfsagt samkomulag um það.

Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að sú ákvörðun, sem verður tekin um hermálin og þessi mál, hún er okkar sjálfra. Við verðum að taka hana, við eigum að taka hana, það er okkar réttur, og það er okkar skylda. Ég er alveg sammála því, sem kom fram í máli hans hér áðan, að það gerir náttúrlega málið erfiðara fyrir stjórnarvöld, fyrir Alþ. og fyrir almenning að átta sig á því, að engir innlendir sérfræðingar eru, sem við getum stuðzt við, og það er vissulega atriði, sem vel er til athugunar, hvort hér ætti ekki að koma á fót einhvers konar stofnun, sem hefði þá það verkefni öðru fremur og kannske eingöngu að fylgjast með í veröldinni frá sambúðarlegu sjónarmiði séð og jafnvel hernaðarlegu, þó að við hefðum hér ekki neina hernaðarsérfræðinga. Það er náttúrlega mjög þungt að byrja slíka athugun sem þá, sem hafin er, með nánast tvær hendur tómar og takmarkað starfslið, þannig að ég tek alveg undir það, að það væri mjög gott bæði fyrir almenning og fyrir þá, sem sérstaklega eru falin þessi mál, að einhver slík stofnun væri til. Hún er nú ekki til, og þá er það spurning, sem menn verða að svara, hvort koma eigi henni upp. Ég tel fyrir mitt leyti, að það geti verið mjög til athugunar, annaðhvort að það yrði starfsmaður í einhverju tilteknu rn., sem hefði það með höndum, eða eins og tíðkast t. d. hjá Norðmönnum og reyndar Svíum líka og ég held Dönum einnig, að þar eru sjálfstæðar stofnanir, sem vinna þessi verk. Þær eru að einhverju leyti kostaðar af ríkinu, en þær eru samt ekki beint undir stjórn ríkis eða ráðuneyta, heldur hafa þær sjálfstæða stjórn og vinna sjálfstætt.

Ég vil svo segja það um þær grg. erlendra sérfræðinga og álitsgerðir frá NATO, sem gerðar voru hér að umtalsefni, að ég mun, þegar þær hafa borizt, — nokkuð hefur borizt, annað ekki, — en ég mun gera ráðstafanir til þess að gera utanrmn. grein fyrir því, sem borizt hefur. Ég hef ekki talið, að það væri tímabært eða þörf á því að gera það alveg strax, vegna þess að þessi mál hafa, eins og hér hefur komið fram, nokkuð dregizt, nokkuð verið lögð til hliðar vegna landhelgismálsins, sem aðallega hefur verið starfað að í ríkisstj. og þá í utanrrn. alveg sérstaklega, en ekki mun þó á löngu líða, þar til samningaviðræður við Bandaríkjamenn verða upp teknar, og þegar meiri upplýsingar liggja fyrir hjá rn., þá mun ég fúslega láta utanrmn. þær í té. Flest af því er þannig vaxið, á þessu stigi a. m. k., að ég tel heppilegra og eðlilegra að útbýta því meðal utanrmn.-manna en skýra frá því hér í heyranda hljóði, a. m. k. að svo stöddu.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi, að ákvæði málefnasamnings ríkisstj., sem lúta að þessum varnarmálum, hefðu mjög skaðað Ísland út á við. Þessu vil ég algjörlega mótmæla, og satt að segja veit ég ekki, hvaðan hv. 2. þm. Reykv. hefur þær upplýsingar. Það hefur enginn af þeim útlendu valdamönnum, sem ég hef átt tal við, og þeir eru margir, þó að ríkisstj. hafi ekki setið nema í 8 mánuði, látið að því liggja með svo mikið sem einu orði, að þeir teldu óeðlilegt, að íslenzk ríkisstj. færi fram á endurskoðun á varnarsamningi, sem gilt hefur nær óbreyttur í 20 ár, og ég hef ekki þá trú, að erlendis, þar sem ég þekki til a. m. k., væri það talið landi til vanvirðu að vilja hafa sjálfstæða skoðun á því, hvaða varnir og hvaða fyrirkomulag sé haft á utanríkismálum og reynt sé að mynda sér sjálfstæða skoðun um það, hvernig utanríkismálunum eigi að haga, en taki ekki við því annars staðar frá og framkvæmi óbreytt og óathugað. Þetta hef ég ekki orðið var við, og ég mótmæli því, og ég lýsi þá eftir þeim sönnunum, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur fyrir þessari fullyrðingu sinni.

Þá vil ég segja það, að ég álít, að af þeim atriðum, sem fram eru sett í grg. fyrir till. á þskj. 47 og eru fjögur, séu þrjú þeirra ekki rétt. Þess vegna sé till. að verulegu leyti byggð á röngum forsendum. Þar segir í fyrsta lagi, að allt frá því að Ísland hafi gerzt aðili að Atlantshafsbandalaginu hafi verið leitazt við að hafa sem nánast samráð milli lýðræðisflokkanna um framkvæmd varnarmála og starfsemi Íslands í bandalaginu. Ég segi það, að ef Framsfl. er talinn til lýðræðisflokka, sem stundum hefur nú verið, þá hefur þetta samráð ekki verið haft við hann. Samráðið í varnarmálanefnd við Framsfl. var

þannig, að tveir af hans fulltrúum, Tómas Árnason og Hannes Guðmundsson, sem þá voru starfandi í varnarmáladeild, voru látnir víkja úr varnarmálanefnd og enginn framsóknarmaður hefur þar nálægt komið, þar til nú í vetur, að ég setti þar inn menn. Þetta er því ekki rétt.

Þá segir í öðru lagi, að eðli málsins samkv. sé útilokað, að þeir, sem eru andvígir áframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, taki þátt í viðræðum við það og Bandaríkjamenn um varnarmál. Þeir hafi sjálfir lýst því yfir, að um þau mál hafi Íslendingar ekkert að ræða við Atlantshafsbandalagið, því að það eigi þegar að slíta öll tengsl við það og hverfa úr samtökunum. Þetta er ekki heldur rétt, vegna þess að í málefnasamningi ríkisstj. margnefndum er einmitt sérstaklega tekið fram: Að óbreyttum aðstæðum skal þó núgildandi skipan haldast. Núgildandi skipan er sú, til upplýsingar fyrir þá, sem ekki vita, að Íslendingar séu áfram í NATO. Þess vegna er þetta ekki rétt, að það sé flokkur á þingi og hluti af ríkisstj., sem telji, að við eigum ekkert vantalað við NATO.

Í þriðja lagi segir, að það hafi verið upplýst, að ríkisstj. hafi ákveðið að setja tvo ráðh. við hlið utanrrh. til að fjalla um endurskoðun varnarsamningsins. Þetta er ekki heldur rétt. Ég upplýsti í byrjun þings, — ég man ekki dagsetninguna, því miður, þegar hv. 1. þm. Reykv. gerði fsp. utan dagskrár, af því að mikið lá nú við að vita hið rétta, — þá upplýsti ég það, að ég mundi fara með þessa endurskoðun og þessa samningsgerð ásamt starfsmönnum utanrrn. Það gildir enn. Það hafa nú hv. sjálfstæðismenn ekki tekið gilt og flutt þessa till. og slegið þessu föstu.

Um fjórða atriðið hef ég svo sem ekkert að segja. Ber að líta á það sem tilboð af hálfu Sjálfstfl. um að taka þátt í samstarfi við utanrrh. um endurskoðun varnarsamningsins og heilbrigða skipan varnarmála Íslands, segir þar. Ég er þakklátur fyrir það að fá að hafa samstarf við þessa ágætu menn, og þetta tilboð mun ég áreiðanlega nota mér í gegnum utanrmn. Það eru tveir valinkunnir fulltrúar sjálfstæðismanna, sem eiga þar sæti, og við þá er ágætt að hafa samstarf hér eftir eins og hingað til, og það mun verða gert, hvort sem Alþ. telur ástæðu til þess að samþykkja þessa till. eða ekki.

Þá er það till. Alþfl., sem er auðvitað með allt öðrum blæ. Já, mig minnir, að Mannkynssaga fyrir byrjendur eftir Stein Steinarr endi svona: „7000 árum síðar komst þú, komst þú.“ Ég vona nú, að þennan mannkynssögufyrirlestur hv. 5. þm. Reykn. beri ekki að skilja svo, að með NATO sé sá kominn, þar sem mannkynssagan geti endað. En mér fannst á honum, að við ættum að halda áfram að vera í NATO, — hann nefndi nú ekki tímasetningu, — en löngu eftir að það hefði nokkurt hernaðarlegt gildi, vegna þess að það væri svo margt annað, sem þeir hefðu gott á sinni stefnuskrá. Þó að ég sé nú NATO-sinni og hafi alltaf verið, þá er ég ekki svo mikill NATO-sinni, að ég geti hugsað mér það, að við þurfum á NATO að halda um eilífð alla og eftir að hernaðargildi þess er úr sögunni. Þegar hernaðargildi NATO er úr sögunni, þá eru ýmis ríki, sem ég gæti mjög vel hugsað mér að eiga fremur bandalag með heldur en sum þau ríki, sem eru í NATO. Ég tek það fram, að ég hef alltaf verið hlynntur því, að Íslendingar stæðu nærri Vestur-Evrópuþjóðunum, Norðurlöndunum og engilsaxnesku þjóðunum og Beneluxlöndunum og Frakklandi. Þetta læt ég allt saman vera. En svo ætla ég ekki að telja upp fleiri, sem mig langi sérstaklega til þess að hafa um aldur og ævi bandalag með. Og ég geri mér þá von og el þá von í brjósti, að hernaðarbandalög geti orðið óþörf, en ég hygg, að sú stund sé ekki runnin upp nú. Þess vegna er ég hlynntur því, að við verðum áfram í NATO, en ég meina það, sem segir í málefnasamningi ríkisstj., að ég óska þess, að sú stund geti komið, að hernaðarbandalög verði óþörf og þjóðir geti skipað sínum málum öðruvísi. Þess vegna er nú það, að enda þótt ég, eins og ég segi, sé hlynntur NATO og dvöl Íslands þar að svo stöddu, þá vil ég ekki skuldbinda mig til þess um aldur og ævi.

Það er aðeins eitt atriði í þessari upprifjun Jóns Árm. Héðinssonar, hv. 5. þm. Reykn., sem ég vil gera hér að umtalsefni í örstuttu máli. Annars ætla ég ekkert að fara út í þessa sögu. En það er það, að hann sagði, að frá hernámsdegi hefði verið her á Íslandi. Ég held, að þetta sé nú ekki rétt, og ég rifja þetta upp vegna þess, að það vill oft gleymast, að þegar NATO-samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 1949, þá var það einmitt alveg sérstaklega tekið fram, að Íslendingar vildu ekki hafa her og þyrftu ekki að hafa her, og það varð líka þannig, a. m. k. 1949—1951, þá var hér ekki her. En árið 1951 gerðist það, sem hér hefur oft verið rifjað upp og allir sjálfsagt muna, að styrjöld brauzt út í Kóreu og NATO-þjóðirnar sannfærðu þáv. íslenzk stjórnvöld um það, að vegna ófriðlegs útlits í veröldinni væri óhjákvæmilegt að hafa her á Íslandi. Og þá var þessi varnarsamningur gerður, samningurinn um það, að Bandaríkin tækju að sér varnir Íslands og varnir NATO á Íslandi, og það er það lið, sem hér hefur verið til þessa dags. Það er það lið, sem þessar umr. allar spinnast út af.

Mér fannst rétt að gera þessa aths., vegna þess að það hefur svo oft viljað brenna við, að menn gerðu ekki greinarmun á NATO-sáttmálanum annars vegar frá 1949 og varnarsamningnum við Bandaríkin frá 1951 hins vegar, en þetta eru vitanlega tveir sérstakir og aðskildir samningar. Þetta eru tvö aðskilin mál, og það er vegna þess, sem ýmsir, þ. á m. ég, höfum þá skoðun og þá trú, að við getum uppfyllt upphaflegar skyldur okkar við NATO án þess að þurfa að hafa hér her á friðartímum.

Hv. 5. þm. Reykn. gerði að umtalsefni nokkuð þá endurskoðun eða þá upplýsingasöfnun, sem yfir stendur á vegum utanrrn., og talaði um efnahagsleg áhrif af dvöl varnarliðsins og beindi til mín áskorun um að upplýsa tölur í því efni. Ég bjó mig nú ekki undir það hér við þessar umr., þegar til umr. eru till. um fyrirkomulag á endurskoðun varnarsamnings, að ræða þá upplýsingasöfnun, sem fram hefur farið, og ég er þess vegna ekki með neinar upplýsingar eða tölur í þessu efni. Ég sé heldur kannske tæpast ástæðu til þess að fara að greina frá því hér á hv. Alþ. nú eins og stendur, en nokkur athugun hefur farið fram á þessu, og hún stendur raunar enn þá yfir, þ. e. endurskoðun á þeim tölum, sem komið hafa til mín, og ég get sagt, eins og ég sagði áðan, að það er velkomið að upplýsa utanrmn. um það á t. d. næsta fundi, hvaða tölur hafa verið nefndar í þessu sambandi. Ef ósk um það kemur fram í utanrmn., þá mun ég að sjálfsögðu reyna að verða við

henni. Ég vona, að hv. þm. geti fellt sig við þessa tilhögun, ekki sízt þar sem hans skoðun er sú, að hv. utanrmn. eigi helzt að hafa þessi mál öll með höndum.

Hv. þm. sagði svo í lok ræðu sinnar, og það fannst mér nú eiginlega vera framsagan fyrir till., að það væri réttur gangur mála, að utanrmn. vinni þessi verk, sem till. greinir. Ég get strax mjög vel fallizt á það, að það sé sjálfsagt, að þessi till. fari til utanrmn. og hún fái þar gaumgæfilega skoðun. Og vissulega er það fyrirbrigði, sem mjög er þekkt frá ýmsum grannlöndum okkar og ýmsum löndum, að þingnefndir vinni sjálfstæðar en verið hefur hér. Og það getur vel verið, að hv. Alþ. vilji taka það fyrirkomulag upp, ekki einungis í varnarmálum, heldur í fjölmörgum öðrum málum, að þingnefndir starfi allt árið og þær hafi ákveðin verk að vinna, þær hafi starfslið og fleira, sem auðvitað þarf til þess, ef slíku fyrirkomulagi á að vera hægt að koma við. Þetta er auðvitað til athugunar. Þetta væru þá breyttir starfshættir Alþ. Það er talað um það, að breyta þurfi störfum Alþ. á ýmsa vegu. Og ég vil ekkert að óathuguðu máli neita því, að þetta gæti verið hugsanleg tilbreytni í störfum Alþ. En ég álít þá, að það þurfi að athuga það á breiðari grundvelli, þannig að það sé ekki bara í einhverju tilteknu máli, af því að menn eru óánægðir með, hvernig að því er unnið, þá sé breytt starfsreglum Alþ., til þess að menn komist þar að með sínar athuganir.

Ég hef alltaf sagt það frá því að ég byrjaði í því starfi, sem ég gegni nú um stundarsakir, að ég vildi hafa gott samstarf við utanrmn., enda er mér það fyrirlagt í málefnasamningi ríkisstj. Ég hef leitazt við að hafa þetta góða samstarf við utanrmn., og ég hygg, að því verði tæpast haldið fram af utanrmn.-mönnum, að utanrrn. hafi ekki fúslega veitt þær upplýsingar, sem um hefur verið beðið, meira að segja reynt að koma til utanrmn. upplýsingum, sem ekki hefur þó enn þá unnizt tími til að taka við, þannig að ég á ekki von á því, að hv. utanrmn.-menn beri mér það á brýn að hafa viljað sniðganga þá nefnd. Og ég get enn þá endurtekið þá yfirlýsingu, að ég vil ekkert frekar en að hafa mjög gott samband og samstarf við utanrmn., og ég hef áður sagt það, að ekkert spor yrði stigið í endurskoðun þessara samninga, án þess að umsagnar Alþ. yrði um það leitað. Það mun ég standa við. Og ég mun auðvitað gera það á þann hátt að bera málin undir utanrmn. fyrst og sýna henni það, sem um er að tefla. Ef hins vegar nefndin sjálf og meiri hl. Alþ. er ekki ánægður með það fyrirkomulag, heldur vill setja upp sjálfstætt skrifstofuhald, sjálfstæða starfsemi til þess að rannsaka þessi mál í átta liðum, sem hér er sérstaklega frá greint, þá hef ég út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Það er þá Alþ. að ákveða það, og undir þá ákvörðun mun ég að sjálfsögðu beygja mig. En þá finnst mér ekki nema eðlilegt, að þessi mál yrðu, eins og ég áðan sagði, skoðuð í miklu stærra ljósi, þannig að það yrði ekki bara tiltekinn þröngur málahópur, sem yrði tekinn út úr og unninn af sérstöku starfsliði utan við rn., heldur yrði það þá upphafið að því a. m. k., að þingnefndir Alþingis yrðu miklu sjálfstæðari og ynnu miklu meira en þær fram að þessu hafa gert. En eitt get ég fullyrt, og það er það, að fjárhagslega verður þetta ekki hagkvæmara en það fyrirkomulag, sem verið hefur, að rn. reyni að vinna málin með því starfsliði, sem þau hafa, og niðurstöðurnar verði á einum og öðrum tíma sýndar utanrmn. og lagðar fyrir þar til skoðunar.

Mikil breyting hefur nú orðið í Alþfl. á undanförnum átta mánuðum, þegar hann er nú kominn að þeirri niðurstöðu, að öll þessi varnarmál og öryggismál eigi auðvitað að vinnast fyrir opnum tjöldum af fulltrúum allra flokka í utanrmn. Þetta er þó flokkurinn, sem hefur farið með utanríkismálin undanfarin 15 ár, þar af í 9 ár þannig, að utanrmn. var aldrei kölluð til og ekki sýnt eitt einasta plagg, sem utanríkismálum viðkom. Það hefur oft verið sagt, og það má gjarnan rifja það hér upp, að fyrrv. utanrrh., Emil Jónsson, bætti samstarfið við utanrmn. og starfsemi hennar varð miklu meiri í hans utanrrh.-tíð en verið hafði í tíð fyrirrennara hans. Og ég vil endurtaka þá yfirlýsingu hér og rökstyðja hana með títtnefndu ákvæði í stjórnarsáttmála, að þetta samstarf á að auka. Það er okkar meining að auka þetta samstarf, og ég meina, að það höfum við gert. Utanrmn. hefur komið á föstum fundum, að vísu ekki nema einu sinni í mánuði, en þó reglulega einu sinni í mánuði, þar sem ráðuneytisstjóri utanrrn. og ráðh. hafa mætt til þess að gera nm. grein fyrir því, sem verið er að vinna í utanrrn. á hverjum tíma, til þess að svara þeim fsp., sem nm. hafa gert um þessi störf, og til þess að efla það samstarf, sem á að vera milli þessara tveggja aðila.

Ég hef ekkert nema gott um það að segja, að Alþfl.-menn hafi áttað sig á því, að undanfarin ár og áratugi hafi verið óeðlileg leynd og hula yfir utanríkismálum og þá varnarmálum alveg sérstaklega. Það er vissulega alveg rétt, sem Alþýðublaðið benti á hér í haust, að svo hefur það verið, og það er æskilegt, að sú hula þurfi ekki að vera yfir þessu áfram. En mín skoðun er sú, að sú hula þurfi ekki að vera yfir þessum málum og sé ekki lengur, jafnvel þó að utanrmn. fari ekki að ráða sér starfslið og vinna sjálfstætt að þeirri athugun, sem nú fer fram í utanrrn., heldur gæti hún látið sér nægja að fá aðgang að þeim gögnum, sem þar er aflað, og fá vitneskju þar í gegn. En eins og ég segi, það er auðvitað meiri hl. Alþ., sem hefur úrskurðarvaldið um það, hvernig þessum málum verður fyrir komið. Ég legg þess vegna til og ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, að báðar þessar till. fái nú skoðun í utanrmn., en ég undirstrika það að lokum, að á þeim tel ég mjög mikinn mun, því að till. Alþfl.-manna er um breytt fyrirkomulag, sem að mínu viti kemur vissulega til greina, en till. sjálfstæðismanna er þannig, að ég álít hana ódulbúið vantraust á mig sem utanrrh.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér fyrr á árum var sunginn gamanslagari, að vísu með alvarlegum bakgrunni, sem hét: „Það er draumur að vera með dáta“, og muna sennilega flestir, hverjar það voru, sem þótti þetta draumur. Í hvert sinn, sem hin svokölluðu varnarmál hefur borið á góma hér á hinu háa Alþingi, hefur mér dottið þessi slagari í hug, því að ekki er annað sýnilegt en sérstökum þjóðfélagshópum þyki líka draumur að vera með dáta áfram á Vellinum, svo mikill draumur, að forustumenn íhaldsaflanna hér á landi hafa í tíma og ótíma verið að blaðra um þau atriði stjórnarsáttmálans, sem fjalla um brottför hersins af okkar landi. Svo langt hefur þetta gengið, að einn hv. þm. kvaddi sér hljóðs utan dagskrár í tilefni af frétta-

flutningi útlendra blaðasnápa, þar sem rangtúlkuð voru ummæli ráðh., blaðasnápa, sem aldrei geta haft eitt eða neitt rétt eftir um íslenzk málefni, og kannast flestir Íslendingar við fréttaflutning útlendinga af landhelgismálinu hér um árið, það, sem ekki var bjagað, var lygi. Samt gat þessi hv. þm. verið þekktur fyrir að tala um þetta bull langt mál. Kannske hefði maður getað haldið, að ekki væri þörf langrar umr. um þessa till., sem hér liggur fyrir, og þar á ég við till. sjálfstæðismannanna, einfaldlega vegna þess, að þeir hv. íhaldsmenn ættu að hafa fengið tækifæri til að rasa út í áðurnefndum síbyljuköstum um varnarmálin. En þeim sýnist ekki enn nóg að gert. Þeir vilja nú sýnilega fá sig dæmda endanlega fylgjendur ólýðræðislegra vinnubragða með þessu dæmalausa plaggi. Mér er nær að halda, að flestum sæmilegum mönnum hafi fyrir löngu þótt nóg komið af svo góðu.

Þessir 10 hv. þm. Sjálfstfl., sem telur sig lýðræðisflokk, bera hér fram á hinu háa Alþingi till., sem er ólýðræðisleg í sjálfu sér. Með þessu framferði hafa þeir í fyrsta lagi gert sig hlægilega í augum alþjóðar, einkum með tilliti til ýmissa atriða í grg., ef höfð er hliðsjón af fyrri frammistöðu þessa flokks í utanríkismálum. Í öðru lagi gera þessir 10 þm. sig bera að ólýðræðislegum þankagangi, og síðast en ekki síst er virðingu hins háa Alþingis stórlega misboðið með því að láta þennan ólýðræðislega þankagang birtast í tillöguformi í sölum þingsins. Í ályktuninni er beinlínis farið fram á, að til athugunar ákveðins máls skuli einvörðungu valdir fulltrúar þeirra flokka, sem fyrir fram er vitað að hafa öldungis sömu stefnuna í málinu, að því er manni skilst. Allir sjá, hvert stefndi, ef slík vinnubrögð yrðu ráðandi í öllum öðrum málum, sem þinginu ber að fjalla um. Þetta plagg er að mínu mati ekki síður lágkúrulegur pappír vegna þeirra fullyrðinga, sem grg. er samsett úr. Þar er hlutum slegið föstum, sem vægast sagt eru vafasamir, ef ekki beinlínis rangir. Tímenningarnir virðast slá því föstu, að einungis þeir flokkar, sem fylgjandi eru aðild að NATO, séu lýðræðisflokkar. Hvaðan og hvernig í ósköpunum geta þeir fengið þá útkomu? Öðrum þm. er síðan ætlað að lesa þetta í málið, eins og þeir hefðu nú tileinkað sér þann hugsunarhátt, sem svífur yfir ofstækisfullum áróðursvötnum Morgunblaðsmanna á borð við Eyjólf Konráð Jónsson.

Hæstv. utanrrh. flutti hér áðan ágæta ræðu. Hann fer með utanríkismálin. Það vita flm. þessarar till. ofur vel, og ekki veit ég betur en Framsfl. sé lýðræðisflokkur. Hins vegar hafa hv. þm. Sjálfstfl. verið ákaflega taugatrekktir yfir viðræðunefnd um utanríkismál, sem komið var á laggirnar innan ríkisstj., þar sem auk hæstv. utanrrh. eru tveir hæstv. ráðh., einn úr hvorum hinna stjórnarflokkanna. Þessir hæstv. ráðh. eru auðvitað einnig fulltrúar lýðræðisflokka. Auk þess man ég ekki betur en hæstv. utanrrh. hafi gert aths. við einn stað a. m. k. í grg., þar sem fullyrt er, að þessir þremenningar eigi að fjalla um endurskoðun varnarsamningsins. Hæstv. ráðh. leiðréttir mig þá, ef mig misminnir. Ef einhver flokkur verðskuldaði það að teljast ekki til lýðræðisflokka, þá er það að mínu áliti Sjálfstfl. Það getur verið, að hv. þm. þessa flokks geti kinnroðalaust kallað sig fulltrúa lýðræðisflokks, eftir að hafa borið fram till. til þál. um ólýðræðisleg vinnubrögð, sem þeir hafa nú reyndar áður stundað. Ber það vitni sérstakri lýðræðisást að hafa uppi málflutning hér í þinginu varðandi það réttlætismál, að Pekingstjórnin fari með umboð Kína hjá Sameinuðu þjóðunum, þess eðlis, að ef farið hefði verið að ráðum hv. sjálfstæðismanna, hefðum við skipað okkur á bekk með örgustu fasistastjórnum Evrópu, í Portúgal og Grikklandi, eða þá lent í hópi hreinna taglhnýtinga Bandaríkjanna við atkvgr.? Í þeim hópi höfum við raunar haldið okkur á undanförnum árum og ekki þótt meiri menn fyrir vikið og sízt í Bandaríkjunum. En jafnvel þótt ég kæmist að þeirri niðurstöðu eftir þessum leiðum eða öðrum, að Sjálfstfl. væri ekki lýðræðisflokkur, þá dytti mér ekki í hug að reyna að útiloka hann á einn eða annan hátt frá áhrifum eða störfum að utanríkismálum í hæstv. utanrmn., svo sem þeim ber samkv. þeim þingstyrk, sem þeir hafa, og eins og sjálfsagðar lýðræðis- og þingræðisreglur krefjast. Slíkt væri ekki lýðræðisleg afstaða og ekki í samræmi við skoðanir okkar Alþb.-manna. Hins vegar kæmi okkur sennilega bezt á erlendum vettvangi að láta ekki bera allt of mikið á fyrri ráðamönnum. Menn gætu þá í útlöndum ályktað automatiskt, að við værum enn við sama heygarðshornið og áður.

Hinn eðlilegi aðili að utanríkismálum er auðvitað utanrmn. þingsins. En hæstv. utanrrh. tekur síðan ákvarðanir í málunum, eins og hann hefur verið kjörinn til. Til þess treysti ég hæstv. utanrrh. fullvel, en einu aðilarnir, sem ekki sýna honum traust hér í þingsölum, eru einmitt hv. þm. Sjálfstfl. Hv. þm. þessa flokks virðast ekki enn hafa skilið, hver fer með þessi mál og hafa haldið uppi allra handa málþófi með margendurteknum spurningum, þrátt fyrir ítrekuð svör og skýr. Slíkar aðferðir eru ekki óþekktar í umr. um pólitík á Íslandi. Þær eru greinilega kenndar í stjórnmálaskóla Heimdallar. Jafnvel hafa þeir gengið svo langt að þykjast vera ólæsir eða skilningsvana, þegar þeir taka til við að lesa stjórnarsáttmála núv. stjórnarflokka. Síðan hefur Morgunblaðið tekið til við að snúa út úr orðum andstæðinga sinna hér á þingi á hinn herfilegasta hátt, svo sem mörg dæmi sanna.

Í umr. hér á Alþ. um utanríkismálin, einkum í þeim spurningaþáttum, sem sjálfstæðismenn hafa sett á svið, hefur sífellt verið klifað á orðunum varnarlið, varnarmál og öryggismál Íslands, þótt hverjum viti bornum manni sé augljóst, að liðið hér á vellinum er ekki nein vörn okkur Íslendingum, nema síður sé, í hugsanlegri stórstyrjöld, heldur aðeins hlekkur í aðvörunarkerfi Bandaríkjanna. Þá hefur ekki síður heyrzt orðasambandið „vestrænar lýðræðisþjóðir“, og það glumdi í eyrum hv. þm. hér áðan. En það hefur engum dottið í hug að skilgreina með nokkrum hætti það orðasamband nánar, auk þess sem þessu hefur verið stillt upp þannig, að látið er að því liggja, að þær þjóðir, sem ekki eru í NATO eða styðjandi NATO, séu einfaldlega ekki í þeim hópi. Svíar og margar aðrar þjóðir eiga greinilega ekki upp á pallborðið hjá málpípum Morgunblaðsins né hv. þingliði því, sem endurómar ofstækisskrif þess hér í þingsölum.

Tyrkir t. d. teljast auðvitað lýðræðislegir með því að berja niður raunverulegt lýðræði í landi sínu og ofsækja róttæka námsmenn með fleirum. Og vestrænir, þó að í Asíu séu, verða þeir um leið og þeir leyfa Könum að hafa vopnaðar eldflaugar í landinu með gínandi trjónu sína í átt til Sovétríkjanna.

Portúgal stendur sig býsna vel í hlutverkinu með því að reka stórstyrjöld gegn þjóðfrelsishreyfingum í Angóla og Mósambík auðvitað með bandarískum dollurum og vopnum frá Washington. Þar með eru þeir líka í hópi vestrænna lýðræðisþjóða.

Vagga lýðræðisins stóð í Grikklandi, en henni hefur nú verið hrundið af Papadapoulosi og félögum hans. Valdataka herforingjaklíkunnar í Grikklandi er nákvæmlega sama eðlis og innrásin í Tékkóslóvakíu að öðru leyti en því, að í Grikklandi fundust lepparnir fyrir fram og voru látnir framkvæma skítverkið, en í Tékkóslóvakíu fundust þeir ekki fyrr en eftir á. Valdatakan var framkvæmd með vitund og tilstyrk Bandaríkjanna. Hvað sagði Papadapoulos sjálfur í íslenzka sjónvarpinu? Þrátt fyrir þetta eru þeir taldir með vestrænum lýðræðisþjóðum að mati þeirra hv. sjálfstæðismanna, auðvitað vegna þess, að þeir eru undirdánugir sínum herra.

Um hernaðaryfirgang Bandaríkjamanna mætti flytja langt mál, t. d. um árásarstríð Bandaríkjamanna í Víetnam, aðstoð við Frakka í styrjöld þeirra í Indó-Kína og síðar í Alsír, yfirgang þeirra í Dominiku og þrælahald þeirra í Suður-Ameríku, og mörg fleiri atriði mætti telja í þessum efnum og í sama anda, t. d. um herstöð NATO á Spáni, þar sem enn ræður ríkjum Francisco Franco, sem studdur var til valda af hernaðarofbeldismönnum þess tíma, pólitískum flokksbræðrum sínum, þeim Mussolini og Hitler þeim, sem Mogginn varði með oddi og egg á sínum tíma, þegar einn ágætur íslenzkur rithöfundur brigzlaði nefndum Adolfi um pólitískar ofsóknir og kynþáttaofsóknir. Gott ef rithöfundurinn var ekki dæmdur fyrir vikið. Sennilega nægir samvinnulipurð Francos til þess, að hann teljist í senn vestrænn og lýðræðislegur í augum þessara hv. 10 sjálfstæðismanna.

Það er ljóst af því, sem ég hef hér sagt, að ég er eins og aðrir Alþb.-menn á móti NATO-aðild. Á hinn bóginn verðum við áfram í NATO, og hljótum við Alþb.-menn að bíta í það súra epli, en vonandi verður þar um stefnubreytingu að ræða, þótt síðar verði, og vott af þeirri stefnubreytingu mátti heyra í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan. Hins vegar get ég engan veginn séð, að sú afstaða okkar geti komið í veg fyrir, að við ræðum til jafns við aðra við útlendinga um herstöðvamálið og önnur skyld mál, ef viðræðufundirnir eiga ekki fyrir fram að verða eins konar hallelújasamkomur áðurnefndra vestrænna lýðræðisþjóða, og alls ekki að hún geti skaðað málstað landsins, nema málstaður landsins sé að þeirra dómi sama og málstaður íhaldsins.

Ekki getur nokkur maður komizt hjá því að brosa, með tilliti til þess, hverjir flm. eru, þegar lesin er þessi setning í grg., með leyfi hæstv. forseta: „að skaða mjög orðstír landsins á erlendum vettvangi.“ Hvernig var nú þessi orðstír, áður en núv. stjórn tók við völdum? Það voru sjálfvirk viðbrögð erlendra sendimanna hjá Sameinuðu þjóðunum að reikna atkvæði Íslands með fylgiríkjum USA, viðbrögð, sem voru studd margfaldri reynslu, enda var sama, hvar maður kom til útlanda, þá varð vart þeirrar skoðunar, að Íslendingar væru hreinir leppar Ameríkana, annað væri ekki sjáanlegt og auk þess amerísk herstöð í landinu. Margir vissu næstum ekkert um Ísland annað en það, að hér væri amerísk herstöð.

Viðreisnarstjórnin kórónaði vitleysuna í utanríkismálum með samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja 1961, eftir að fullur sigur var unninn í landhelgismálinu. Þennan samning kalla þeir sinn stærsta stjórnmálasigur, og hefur víst öðru eins verið logið. Bretar viðurkenndu sjálfir réttmæti útfærslunnar, þegar þeir höfðu vitkazt nokkuð, með því að færa sjálfir út í 12 mílur einhliða, eins og við, og höfðu þar ekki samninga við einn eða neinn og afsöluðu sér engum réttindum, eins og viðreisnin sáluga gerði. Vonandi verður sá draugur aldrei vakinn upp á ný í íslenzkum stjórnmálum.

Orðstírnum var sem sagt ekki fyrir að fara. En nú hefur hækkað hagur Strympu. Nú hefur í raun verið tekin upp sjálfstæðari stefna í utanríkismálum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar hafa okkar lágu hlutabréf nú hækkað í verði, enda kominn tími til. Enn á ný er ráðizt í stórvirki í landhelgismálinu, og þarf greinilega vinstri stjórn til, eins og fyrr, en landhelgismálið hefur fengið að sofa værum svefni undir undansláttar- og þægðarrauli viðreisnarinnar. Svo leyfa þessir herrar sér að koma með yfirboðstillögur um landhelgismál, rétt eftir að búið er réttilega að reka þá frá stýrinu. Þvílíkur móral!

Því miður er ekki samstaða innan ríkisstj. hvað snertir aðild að hernaðarbandalaginu NATO. Hins vegar er afstaðan til hersetunnar sameiginleg og ljós, eins og þeir geta lesið, sem læsir eru, í stjórnarsáttmálanum margnefnda eða vilja skilja hann. En það er víðar en í ríkisstj., sem afstaðan til hersetunnar er skýr og ótvíræð. Unga fólkið í landinu, meiri hluti þess, lítur svo á, að hersetið land sé ekki sjálfstætt land. Íslenzkir stúdentar stóðu löngum í fremstu röð þeirra, sem börðust gegn erlendri ásælni og fyrir sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar. Hátíðisdagur þeirra 1. des., fullveldisdagurinn, hefur verið haldinn hátíðlegur og minnzt þeirra manna, sem börðust til sigurs í fullveldismálinu. Íslenzkir stúdentar minntust fullveldisins nú s. l. haust sem fyrr, en samþykkt yfirgnæfandi meiri hluta stúdenta var fyrir því að helga daginn baráttunni fyrir brottför hersins. Þeir líta svo á, að sjálfstæðismál smáþjóðar sé sílifandi barátta og ekki nóg að minnast afreka forfeðranna í því efni og það væri skilyrði fyrir fullkomnu sjálfstæði að hafa ekki erlendan her hér á Íslandi. Mig langar í tilefni af þessum síðustu ummælum að rifja upp orð tveggja stjórnmálamanna frá þeim tíma, þegar Keflavíkursamningurinn var samþykktur 5. okt. 1946 með margumtöluðum 32 atkv. á móti 19 eftir mikinn þrýsting frá Bandaríkjamönnum, sem sviku það loforð að fara með herinn burt að styrjöldinni lokinni. Þá sagði einn þeirra, sem vörðu gerð Keflavíkursamningsins, Ólafur heitinn Thors forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar töldu Íslendingar, að réttur til herstöðva á Íslandi erlendu ríki til handa væri ekki samrýmanlegur sjálfstæði Íslands og fullveldi.“

Annar stjórnmálamaður, hv. þm. Gunnar Thoroddsen, sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég taldi og tel, að herstöðvar erlends ríkis í landi voru væru ósamrýmanlegar sjálfstæði þess.“

Sex dögum áður en Ísland var drifið af mikilli skyndingu og að mínum dómi með mjög hæpnum aðferðum, svo að vægt sé að orði komizt, inn í NATO,

sagði Bjarni heitinn Benediktsson í blaðagrein, með leyfi hæstv. forseta:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf, og mundum því aldrei samþykkja, að erlendur her né herstöðvar væru á landi okkar á friðartímum." Og síðar í sömu grein: „Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus."

Þetta sagði Bjarni heitinn Benediktsson. En allt þetta reyndist blekking. Allt var svikið. Herinn sat og sat og situr enn. Áróðurinn fyrir því magnaðist stöðugt í Morgunblaðinu. Að lokum var svo hörmulega komið, að baráttufundur stúdenta á fullveldisdaginn var í Morgunblaðinu kallaður landráð. Blaðinu hefur sem sagt algerlega verið snúið. Þessi þróun er hörmuleg og sérstaklega ömurleg með tilliti til þess, að allir Íslendingar hafa lesið af áhuga um aldalanga frelsisbaráttu, sem lauk með sigri þeirra, sem vildu sjálfstæði þessa lands og lýstu á fullveldisdaginn yfir hlutleysi Íslands. Nú hefur hin gamla barátta verið eyðilögð, og þeir, sem muna lýðveldisdaginn, geta ekki litið á þjóðina sem sjálfstæða fyrr en við erum laus við erlendan her úr landinu. Svo er a. m. k. farið um þá, sem eru raunverulegir sjálfstæðismenn. Þeir vilja herinn burt, og unga fólkið vill herinn burt.

Mig langar til að gera orð hv. þm. Gunnars Thoroddsen að mínum, sem eru þess efnis, að herstöðvar erlends ríkis í landi voru séu ósamrýmanlegar sjálfstæði þess. Vonandi komast menn með slík viðhorf til nokkurra umtalsverðra valda í Sjálfstfl. Þá gæti sá flokkur borið nafn sitt með sóma, en ekki skömm. En því miður eru slíkir tímar ekki enn upp runnir, heldur þvert á móti, svo að til viðræðna um varnarmálin svokölluðu vilja hinir flokksþægu tímenningar velja einhverja fulltrúa lýðræðisflokkanna, sem þeir nefna, eins og ég vék að í byrjun. En slík nefnd manna er til, utanrmn. Samkv. því er till. algerlega óþörf, og fyndist mér réttast að vísa henni frá með rökstuddri dagskrá á þeim forsendum. Ég legg þess vegna til, að þessi fáránlega till. um ólýðræðisleg vinnubrögð á Alþingi Íslendinga fái þá afgreiðslu eða verði kolfelld. Það sýndi þó, að meiri hl. þingheims fyndist ekki slagarinn „Það er draumur að vera með dáta" eiga við sig í dag.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það var eftirtektarvert við framsöguræðu hv. 2. þm. Reykv., 1. flm. till. á þskj. 47, að hann ræddi þar um ákvæði málefnasamningsins um brottför hersins og um alþjóðamál almennt. Hið eiginlega efni till., þ. e. það fyrirkomulag viðræðna, sem þeir leggja til, að komið verði á, renndi hann sér yfir fámáll og mjúkmáll og virtist nú minna vilja ræða um það en í umr. 23. nóv. s. l. Í þeim umr., sem urðu þá um þessa till., fór ekki á milli mála, að hv. þm. Sjálfstfl. telja, að þessari till. sé fyrst og fremst stefnt gegn Alþb. og einum ráðh. þess, og hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir, bæði í nóv. og eins nú, að hann telji þessa till. vantraust á sig.

Ég vil segja það strax í upphafi máls míns, að þessi till. er ekki fyrst og fremst árás á einn ráðh. í ríkisstj. Hún er heldur ekki fyrst og fremst árás á Alþb. sem stjórnmálaflokk, enda þótt hún feli þetta hvort tveggja í sér. Hún er fyrst og fremst árás á lýðræðislega stjórnarháttu á Íslandi. Á þetta var bent í umr. í nóv. s. l., og verður ekki hjá því komizt í ræðu minni hér að rifja upp ýmislegt af því, sem þá var sagt.

Efni till. þarf raunar ekki að koma þeim á óvart, sem fylgzt hafa með skrifum Morgunblaðsins síðan vinstri stjórn kom til valda. Þar skaut upp þeirri hugmynd strax á s. l. sumri að útiloka einn stjórnarflokkanna, Alþb., frá öllum áhrifum og afskiptum af mikilvægum þætti utanríkismála, þeirri endurskoðun og uppsögn herstöðvasamningsins, sem boðuð var í málefnasamningi ríkisstj. Þessum skrifum var þá strax mótmælt í öðrum dagblöðum og a. m. k. í einum umræðuþætti í Ríkisútvarpinu á þeim forsendum, að þau vinnubrögð, sem Sjálfstfl. legði til, að væru viðhöfð, væru andlýðræðisleg. Öllum rétt hugsandi mönnum mun hafa dottið í hug, að Morgunblaðsskrifin væru fljótfærnisskrif ritstjóra, sem hefði andartak misst fótfestuna, þegar flokkur hans missti völdin, og að það dagblað hér á landi og sá stjórnmálaflokkur, sem harðast og oftast ber sér á brjóst í nafni lýðræðis og frelsis, mundi sjá að sér og leiðrétta villu sína. En svo kom á daginn, þegar till. þessi var lögð fram af 10 hv. þm. Sjálfstfl., að hér var ekki um fljótfærni að ræða né mistök, heldur vísvitandi, þaulhugsaðar aðgerðir, gerðar í fullri vitund þess, að hér er stefnt að því að brjóta eina af grundvallarreglum allra lýðræðisríkja. Og til slíks ætlar Sjálfstfl. að nota sjálft Alþ., þá stofnun, sem öðru fremur er tákn og trygging lýðræðislegra stjórnarhátta.

Í till. þessari er lagt til, að Alþ. álykti að fela hverjum þeirra þingflokka, sem styðja þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, að tilnefna fulltrúa, sem skuli starfa með utanrrh. í viðræðum um varnarsamninginn. Þessa till. hefði auðvitað mátt orða á þá leið, að Alþ. álykti, að útiloka skuli fulltrúa Alþb. frá viðræðum um varnarsamninginn. En beint orðalag hefði fyrr komið upp um hið rétta eðli tillögunnar. Orðalagið sjálft er skóladæmi um heilaþvott, þar sem lesandanum er gefin sú forsenda, sem hann á að nota til grundvallar hugsun sinni. Viðmiðunin er stuðningur við Atlantshafsbandalagið. Án þeirrar viðmiðunar skal engin hugsun komast að.

Nú er það staðreynd, að varnarsamningurinn svonefndi er samningur milli íslenzka ríkisins og Bandaríkjastjórnar. Það er líka staðreynd, að Alþb. á aðild að ríkisstjórn Íslands að undangengnum lýðræðislegum kosningum. Hv. flm. þessarar till. eru því að fara fram á, að ríkisstj. landsins sé gerð ómyndug og fulltrúum eins stjórnarflokkanna sérstaklega sé meinað að fjalla um og hafa áhrif á einn mikilvægan þátt landsmála. Í þessari till. er því lagt til, að Alþ. nemi burt áhrif og vilja tæps fimmtungs allra kjósenda í landinu á grundvelli stjórnmálaskoðana, á grundvelli stjórnmálalegrar afstöðu þeirra í einu ákveðnu máli. Málflutningur sjálfstæðismanna í umr. í nóv. s. l. var næsta undarlegur. Þeir fjölluðu þar mikið um ráðherranefndina svonefndu og töldu hana sönnun þess, að utanrrh. væri að afsala sér æðsta valdi í utanríkismálum. En í þessari till. sinni gera þeir þó ráð fyrir alveg sams konar vinnubrögðum. Eftir sem áður á að skipa nefnd, sem skuli starfa með utanrrh. í viðræðum við Bandaríkjamenn, eins og það er orðað. Röksemdir þeirra um óeðlileg vinnubrögð utanrrh. og ríkisstj. eru því fallnar með þeirra eigin tillögu. Spurningin er því ekki um vinnu-

brögðin, heldur um það, hver eigi að vinna með utanrrh. Og þegar sjálfstæðismenn reyndu að sannfæra þingheim um það hér fyrir jólin, að þeir ættu að vinna með hæstv. utanrrh., en ekki samráðh. hans, varð málflutningur þeirra næsta hjartnæmur. Till. var í þeirra augum góðgerðarstarf til styrktar utanrrh., hjálp í nauðum, og einn meðlimurinn í þessu nýja ráðherravinafélagi, hv. 12. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, sá meira að segja ástæðu til að taka fram, að þetta væri hjálp veitt af góðum hug.

Nú skal ég síður en svo verða til þess að gera lítið úr hjálp, sem veitt er af góðum hug. En slíkar yfirlýsingar verða að skoðast í samhengi, eins og allar aðrar yfirlýsingar. Ef utanrrh. ætlaði sér að útiloka einn stjórnarflokkanna frá mikilvægum stjórnarathöfnum, þá gæti vel verið, að honum veitti ekki af hjálp til að verja þær gerðir sínar. En hjálp boðin til þess eins að brjóta grundvallarreglur lýðræðis í landinu bendir til þess, að góðhugurinn sé á villigötum, og þess eru dæmi, að góðhugur hafi ratað af réttri leið. Ég man ekki betur en innrás Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu hafi átt að vera hjálp veitt af heilum hug. Ég man ekki betur en innrás Bandaríkjamanna í Víetnam hafi átt að vera hjálp til handa öllum hinum lýðfrjálsa heimi. Nú hefur það að vísu síðan gerzt, að hæstv. utanrrh. hefur fengið að reyna það, að náðarfaðmur Sjálfstfl. er heldur ótryggur. Annan daginn er honum tekið sem hinum glataða syni, hinn daginn er honum varpað út í yztu myrkur, allt eftir því, hvort sendiboðar Morgunblaðsins rata í réttar möppur í útlöndum.

Þá vil ég víkja nokkuð að vörnum hv. 2. þm. Reykv. í umr. 23. nóv. s. l., þegar honum var bent á, að till. þessi væri ólýðræðisleg. Þá var helzt á honum að skilja, að till. gæti talizt lýðræðisleg, ef viðræðunefndin yrði skipuð með þeim hætti, sem Alþ. sjálft ákvæði, eins og hann tók til orða, þ. e. með meirihlutasamþykkt. Það er auðvitað engan veginn rétt, að till. þessi verði sjálfkrafa lýðræðisleg við það eitt að hljóta meirihlutasamþykkt hér á hv. Alþ. Það eina, sem þá væri hægt að fullyrða, væri það, að afgreiðsla málsins væri lýðræðisleg, væri samkv. leikreglum hér á Alþ. En till. sjálf, efni hennar og inntak væri eftir sem áður jafn ólýðræðisleg. Það eina, sem hefði gerzt, væri það, að lýðræðisreglur Alþingis hefðu orðið mönnum tæki til þess að skerða lýðræði á öðrum sviðum.

Þess eru dæmi úr mannkynssögunni, að þjóðþing hafi verið notuð á þennan hátt, og ég þykist vita, að hv. flm. þessarar till. mundu hugsa sig betur um fremur en vilja láta telja sig til þess félagsskapar.

Þá taldi hv. 2. þm. Reykv., að till. þessi eða sú nefnd, sem hún gerði ráð fyrir, að sett yrði á fót, væri engu ólýðræðislegri en ýmsar nefndir, sem hann tiltók, þar sem stjórnarandstaðan ætti ekki fulltrúa. Ég get vel fallizt á það með hv. 2. þm. Reykv., að nefndir, sem eru eingöngu skipaðar fulltrúum meiri hl., geta auðvitað talizt ólýðræðislegar, ef þær eru notaðar til þess að þegja skoðanir minni hl. í hel. En till. hv. sjálfstæðismanna er af allt öðru sauðahúsi. Hún gerir ráð fyrir því, að viss stjórnmálaskoðun eða stjórnmálaleg afstaða sé bannfærð sem slík, án tillits til þess, hvort það er meiri hl. eða minni hl., sem heldur henni fram. Það er þetta atriði, sem talsmenn lýðfrelsis og lýðræðis telja hættulegast og vítaverðast af öllu. Í augum sjálfstæðismanna er það nægileg ástæða til þess að svipta menn stjórnmálalegum afskiptum af utanríkismálum eða a. m. k. vissum hluta þeirra, séu þeir þeirrar skoðunar, að aðild að NATO sé óæskileg og Íslendingum hættuleg.

Grg. fyrir þessari till. er einkar fróðleg og vel þess virði, að þar fari fram nokkur textagreining. Í fyrsta lagi er tekið fram, að flm. telji eðlilegt, að þeir þingflokkar, sem styðja aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, fái aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á viðræður við Bandaríkjamenn. Þessi klausa blekkir auðvitað ekki hv. þm., svo sem komið hefur fram hér í ræðum hæstv. utanrrh. og annarra þm. Þessi klausa er samin eingöngu í því skyni að skírskota til þeirra, sem skortir nægilega þekkingu á starfsháttum Alþ. til þess að geta tekið afstöðu til þeirra röksemda, sem hér eru fluttar. Auðvitað er þegar séð fyrir því, að þeir flokkar, sem styðja aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, fái aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á viðræður við Bandaríkjamenn. Þeir hafa þá aðstöðu nú þegar. Stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins í stjórnarandstöðu hafa þá aðstöðu í virkri utanrmn., og þeir sitja þar við sama borð og aðrir með fullum vilja og stuðningi Alþb.

Í öðru lagi vil ég sérstaklega vekja athygli hv. þm. á þeirri setningu í grg., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eðli málsins samkv. er útilokað, að þeir, sem andvígir eru áframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, taki þátt í viðræðum við það og Bandaríkjamenn um varnarmál Íslands.“

Hér er því haldið fram, að í viðræðum um uppsögn varnarsamningsins svonefnda skuli ekki aðrir taka þátt en þeir, sem fyrir fram má ætla, að séu sömu skoðunar. Fyrst skal kanna skoðanir manna, áður en þeim er hleypt að viðræðuborðinu. Í lýðræðisþjóðfélögum tíðkast það hins vegar, að talsmenn allra skoðana hafa málfrelsi, þó að ekki sé til annars en lýsa andstöðu sinni í einhverju máli.

Við skulum sérstaklega gefa gaum að þeim ástæðum, sem hv. flm. till. færa fyrir svo andlýðræðislegum vinnubrögðum, hvernig þeir réttlæta till. sínar um vinnubrögð, sem hvergi tíðkast nema í einræðisríkjum austan tjalds og vestan, þar sem stjórnmálaskoðanir manna ráða því hvort þeir fá að koma nálægt ríkismálefnum eða ekki. Í grg. stendur: „eðli málsins samkv.“ Nú er að vísu engan veginn nægilega skýrt, hvað fyrir flm. vakir með þessu orðalagi. En það má þó reyna að gera sér nokkra grein fyrir, hvers eðlis þetta mál er. Í augum Alþb. og stjórnarflokkanna snertir það sjálfstæðismál þjóðarinnar. Það er spurningin um það, hvort við eigum að beygja okkur undir það að hafa erlendan her í landi okkar til frambúðar. Það er spurningin um það, hvort á að efna það loforð, sem þjóðinni var gefið á sínum tíma, að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. Og svo segir hv. 2. þm. Reykv., að sér komi á óvart að heyra um áhuga Alþb.-manna á því, hvernig þátttöku okkar Íslendinga í NATO sé háttað. Honum kemur það á óvart, að Alþb. skuli láta sig það einhverju skipta, hvort hér er her í landi eða ekki. Áhugi Alþb.-manna kemur honum á óvart. Allt annað fremur hélt ég nú, að ætti að koma mönnum á óvart.

En eðli málsins er auðvitað annað jafnframt, og það fer nokkuð eftir afstöðu manna almennt og af hvaða sjónarhóli þeir líta á alþjóðamál og dvöl hersins hér á

landi sérstaklega, á hvað þeir leggja áherzlu í þessu máli. Hv. flm. þessarar till. hafa tekið fram, að forsenda hennar sé stuðningur þeirra við NATO, og það vill auðvitað svo til, að þessi mikilvægi þáttur íslenzkrar sjálfstæðisbaráttu er á hinn óhugnanlegasta hátt þrælbundinn hernaðarlegum upplýsingum frá Pentagon og NATO, og þeir, sem tala út frá sjónarmiðum og hagsmunum þessara aðila, víla ekki fyrir sér að grípa til auðvirðilegasta og óhugnanlegasta málflutnings. Ég vil leiða til vitnis málgagn þeirra hv. þm. Sjálfstfl. Í Reykjavíkurbréfi þann 31. okt. s. l., þar sem einmitt er fjallað um till. þá, sem hér er til umr., og ráðherranefndina títtnefndu, stendur eftirfarandi klausa, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef niðurstaðan yrði sú, að tilboði Sjálfstfl. yrði hafnað, hlyti afleiðingin að verða tortryggni allra lýðfrjálsra þjóða í garð okkar Íslendinga. Þá yrði vissulega erfitt fyrir utanrrh. og raunar hvern annan sem væri að ræða við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið um varnarmál. Þá væri ekki unnt að treysta því, að upplýsingar, sem gefnar væru, færu ekki beint til sovézkra yfirvalda, því að naumast getur það verið hugmyndin, að einn hinna þriggja nm. dylji aðra þess, sem hann kynni að verða áskynja."

Hér er um að ræða skýlausa staðhæfingu um, að innan ríkisstjórnar Íslands sé ráðh., sem sitji á svikráðum við land og þjóð. Hér er fullyrðing um, að einhver ráðh. sé þess albúinn að fremja landráð. Þm. og forustumenn Sjálfstfl. hafa ekki andmælt þessari staðhæfingu í málgagni sínu. Öllu fremur hafa þeir ýtt undir hana með dylgjum og með þeirri till., sem hér er til umr. En séu þessi ummæli Morgunblaðsins sönn, þá fer ekki milli mála, að hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að forustumönnum Sjálfstfl. ber tvímælalaust skylda til að krefjast opinberrar rannsóknar. En þessi sjálfskipaði vörður lýðræðis, sjálfstæðis og frelsis hefst ekki að. Það er full ástæða fyrir almenning í landinu að hugleiða þetta hátterni sjálfstæðismanna.

Samkv. skrifum Morgunblaðsins mætti ætla, að kominn væri svo skýlaus grundvöllur fyrir raunhæfum aðgerðum, að ekki mætti bíða. En sannleikurinn er auðvitað sá, að þeir trúa þessu ekki sjálfir. En samt vaknar spurningin, fyrir hvern eru svona klausur skrifaðar? Kannske er þetta skrifað fyrir einhverja aðila erlenda. Ég veit það ekki. Kannske skrifar Sjálfstfl. þetta einvörðungu fyrir sjálfan sig. Kannske er hér um að ræða áróður af auðvirðilegasta tagi, vegna þess að Sjálfstfl. veit, að tilvera hans stendur og fellur með NATO og hernum. Sjálfstfl. er kominn í herkví. Þannig hefur hann komið sér fyrir í stjórnmálasögu landsins. Einn ungur Heimdellingur hefur orðað þetta svo í plaggi, sem birtist í Tímanum fyrir skömmu og var raunar tekið upp í forustugrein þess blaðs einmitt í dag og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sjálfstæðismenn halda fast við hina opinberu kenningu sína um, að Ísland megi aldrei varnarlaust verða, gæti farið svo, að þeir vöknuðu upp einn daginn við það, að þeir væru orðnir að athlægi fyrir að vera kaþólskari en páfinn."

Nú kann að vera skiljanlegt, að ungur sjálfstæðismaður óttist það mest, að flokkur hans verði að athlægi. En það, sem þjóðin þarf mest að óttast, er till. af því tagi, sem 10 hv. þm. Sjálfstfl. hafa lagt fram hér á Alþ., till., sem skerðir lýðræði og frelsi, ef samþ. verður. Sjálfstfl. veit, að slíkar till. getur hann ekki borið fram nema í skjóli órökstuddra landráðabrigzla í garð ráðh. og með því að ala á tortryggni gagnvart Alþb. Sjálfstfl. reynir að koma því svo fyrir, að Alþb. og aðrir, sem andvígir eru aðild að NATO og andvígir hersetu á Íslandi, þurfi að verja þá skoðun sína öðrum skoðunum fremur og umfram það, sem stjórnmálaflokkar yfirleitt þurfa að gera í sambandi við afstöðu sína til mála. Slík áróðursbrögð duga ekki lengur. Það er ekki lengur unnt að telja íslenzku þjóðinni trú um, að öryggi hennar, sjálfstæði og frelsi sé bezt tengt andvaralausri auðsveipni við erlent hervald. En það er rétt, og það skal ítrekað hér, að Alþb. er andvígt aðild Íslands að NATO. Alþb. og fjölmargir úr öðrum stjórnmálaflokkum eru andvígir því, að hér sé erlendur her, og enn hefur Sjálfstfl. ekki eignazt þau ítök, að menn neyðist til að þegja yfir þeim skoðunum sínum eða verða gerðir stjórnmálalega óvirkir ella.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Hér liggja nú fyrir til umr. tvær þáltill., sem báðar lúta að öryggismálum landsins. Báðar þessar till. eru þannig úr garði gerðar, að þær túlka sjónarmið hersetumanna, og þegar ég tala um hersetumenn, þá á ég við þá menn, sem vilja fyrir alla muni hafa kyrran þann her, sem nú er í landinu. Ástæðan er sú, að í báðum þessum till. er gert ráð fyrir rannsóknum í sambandi við endurskoðun varnarsamningsins og þessar rannsóknir eru svo einhliða, að þær geta ekki leitt nema til einnar niðurstöðu, til neikvæðrar niðurstöðu. Í báðum þessum till. er fyrst og fremst spurt um það, hverjir séu hagsmunir stórveldanna. Leita á til Atlantshafsbandalagsins um röksemdir, og það eiga ekki aðrir að tala við Atlantshafsbandalagið en þeir, sem vilja vera í Atlantshafsbandalaginu, m. ö. o., það er þannig gengið frá rannsókninni, sem fara á fram, að niðurstaðan getur ekki orðið nema á einn veg. Hvernig væri nú fyrir þessa herramenn að taka inn í þennan málflutning sinn einhver rök, sem varða Ísland sérstaklega? Hver eru t. d. efnahagsleg, menningarleg og félagsleg áhrif varnarliðsins á Íslandi? Það væri t. d. einhver ástæða til að geta þeirra. Ég skal aðeins víkja að þessu nánar.

Það er barnalegt að heyra það hjá fullorðnum mönnum, eða það er nú kannske sérstaklega að vænta þess af þeim, að tala þannig, að Varsjárbandalag og Rússar séu ófriðarbandalag og NATO sé eingöngu friðarbandalag. Við þekkjum þá menn, sem afsaka allar aðgerðir Rússa og kommúnista, innrás í Tékkóslóvakíu og Ungverjaland. Á slíkum mönnum er ekki mark takandi. En það gildir líka alveg sama um þá menn, sem afsaka allar aðgerðir Bandaríkjamanna og NATO-bandalagsins í ýmsum málum. Hér er ekkert, sem heitir hvítt og svart. Hér er um að ræða tvö stórveldi, annars vegar Rússa og hins vegar Bandaríkin, sem hafa tvær hernaðarblokkir, og þetta er hvort tveggja í senn tryggingakerfi fyrir þessi tvö stórveldi. Og það er barnaskapur að tala um þetta sem svart og hvítt, engla og djöfla. Auðvitað skapar það ugg og ótta í mönnum, þegar Rússar haga sér þannig að ráðast með herlið inn í Tékkóslóvakíu og Ungverjaland. En við skulum bara líta á, hvernig er í NATO-löndunum og hvernig er með forustuland vestræns lýðræðis, Banda-

ríkin. Hafa ekki Bandaríkin háð stríð í Víetnam, sem er alveg með eindæmum? Þeir hafa hellt yfir landið meira sprengjumagni en bandamenn hentu yfir allt Þýzkaland í síðasta stríði. Þeir þurrka út mannfólk, dýralíf og gróður. Bandaríkjamenn taka afstöðu með hernaðareinræði eins og í Pakistan mót þjóð eins og Bangla Desh, sem er að berjast fyrir sjálfstæði sínu. Bandaríkin greiða 400 millj. dollara leigu fyrir skika af Azoreyjum til að gera Portúgölum kleift að halda uppi nýlendustríði í Angóla og öðrum nýlendum. Ég verð nú að segja, að það að tala um svona hluti sem svart og hvítt, það eru bara bjánar, sem gera það. Og það er alls ekki réttur málflutningur að halda því fram og afsaka veru varnarliðsins á svo undarlegum forsendum.

Eða hvernig er með ýmis ríki í NATO? Hvernig er með Portúgal? Við þurfum ekkert að fjalla nákvæmlega um það. Við þekkjum nýlendupólitík Portúgala. Við þekkjum hernaðareinræðið í Grikklandi, sem hefði ekki komizt á án stuðnings og vitundar Bandaríkjamanna. Og hafa ekki Bandaríkjamenn sérstaka samvinnu við Franco á Spáni? Og ég vil spyrja hérna hv. þm. eins og Jón Árm. Héðinsson, hver sé eðlismunur á valdaráni vinstri manna og hægri manna. (**Gripið fram í:** Hann er enginn.) Já, þá sérðu það, Jón Árm. Héðinsson, það þýðir ekki að tala um þetta sem svart og hvítt. (Gripið fram í.) Nei, sannleikurinn er sá, að stórveldi allra tíma hafa ákveðið „mentalitet", útþenslupólitík, og það skiptir engu máli, hvort stórveldið er keisaradæmi, kommúnistiskt stórveldi eða kapítalistiskt stórveldi. Þetta er gangur mála. Þeir, sem þekkja til, vita, að þetta var í rómverska keisaradæminu, þetta var Alexander mikli, þetta var England á 18. og 19. öld og þetta er bara ákveðið „mentalitet" og útþenslustefna hjá stórveldum. Og þannig er líka hjá Bandaríkjamönnum. Þeir reka ákveðna útþenslupólitík, alveg eins og Rússar. Og þetta vita menn. Í þessum baráttuaðferðum stórveldanna tíðkast bara, að tilgangurinn helgar meðalið. Þeir gera samkomulag við hvaða einræðisherra sem er. Það skiptir engu máli, ef það þjónar málefnum þeirra. Og að stilla upp tveimur hlutum, annað er friðarbandalag, hitt er ófriðarbandalag, það *nær ekki nokkurri átt.*

Ég hygg nefnilega, að smáþjóðirnar þurfi að taka upp þann háttinn að reyna að hugsa út frá sínum veika mætti og taka ekki upp ómengað hugarfar og drottnunarstefnu stórveldanna. Við eigum ekki að hugsa alveg eins og Bandaríkjamenn óska, að við hugsum. En því miður, þá kemur fram í þessum báðum till. það hugarfar, sem stórveldin, og þá í þessu tilfelli Bandaríkjamenn, óska að fá fram hjá smáþjóðum. Það er sú dindilmennska og leppmennska, sem kemur fram í þessum till., að það er alveg dæmalaust. Ég óska eftir því, að það sé tekið tillit til íslenzkra viðhorfa í varnarmálum.

Það er mikil viðhöfn höfð í tillöguflutningi sjálfstæðismanna. Það eru 10 þm. Mér datt nú í hug 10 litlir negrastrákar og hafði þann skilninginn á, að þeir mundu smám saman heltast úr lestinni og fyrst sá tíundi. En hvað um það, þar er fyrst og fremst sá skilningur, að endurskoðun eigi að miðast við þarfir Atlantshafsbandalagsins. Það á að útiloka menn, sem eru í andstöðu við Atlantshafsbandalagið, og eingöngu á að ræða um hernaðarlegt gildi Íslands, og niðurstaðan verður miðuð við það, hvað þessir herforingjar í Atlantshafsbandalaginu álíta, að sé mikil þörf fyrir her á Íslandi. Þurfum við bara nokkra endurskoðun? Það þarf bara enga endurskoðun. Niðurstaðan er alveg ljós. Að öðru leyti er alveg grátbroslegt að lesa í þessari grg. með þessari till. um það, að við eigum að halda, eins og hingað til, reisn okkar á erlendum vettvangi. Mér er ókunnugt um, að viðreisnarstjórnin hafi haft reisn á erlendum vettvangi. Og skaða málstað, — takið eftir þessu, þm. góðir — „að skaða málstað landsins í viðræðum við Atlantshafsbandalagið". Eru þetta Íslendingar, sem tala? „Að skaða málstað landsins", ég veit ekki betur en við eigum að koma með vor íslenzku viðhorf og ræða þau og síðan sjá, hver niðurstaðan verður. Að öðru leyti hefur utanrrh. vikið að þeim rangfærslum, sem eru í þessari grg. á þskj. 47, svo að ég vík ekki nánar að henni.

En það er varðandi till. á þskj. 62. Sú till. er miklu hófsamari, og þar er reynt að taka skynsamlegar á hlutunum. En ég segi fyrir mig, ég sakna algerlega íslenzkra viðhorfa. Hér er átt við, að það eigi að taka varnarsamninginn til endurskoðunar. Hvað er þá endurskoðað? Er eingöngu endurskoðað eða reynt að fá fram álit Atlantshafsbandalagsins eða hið hernaðarlega viðhorf þessara manna? Skiptir engu máli, hver *áhrif varnarliðsins eru á íslenzkt þjóðlíf, á íslenzkt* samfélag? Eru það ekki íslenzku rökin? Við vitum það, að varnarliðið hefur ýmis félagsleg áhrif og miður heppileg á íslenzkt þjóðfélag. Og má t. d. nefna það, að ýmsir hermenn og starfsmenn búa utan vallar, og af því leiðir kannske ýmiss konar óþarfa árekstra eða kannske smygl eða ýmislegt í sambandi við skattfrelsi manna og ungar, fallegar, íslenzkar stúlkur gefast á brott. Þetta er blóðtaka fyrir þjóðina. Þetta eru félagsleg áhrif. Og hvað er að segja um menningarleg áhrif á þjóðina? Eru þau ekki einhver? Er ekki sjálfsagt að kanna þau? Og er ekki hið margumtalaða sjónvarpsmál hér til athugunar? Og hvað er að segja um áhrif á efnahagslífið? Að vísu segir hér í till. frá Alþfl.-mönnum, að það eigi að kanna kostnað við varnir landsins og efnahagslega þýðingu þeirra fyrir Íslendinga. Mér skilst, að þetta sé í *jákvæðri merkingu*, hvaða gildi og þýðingu það hafi fyrir efnahagslífið, það sé fyrst og fremst hið jákvæða, en ekki hin efnahagslegu áhrif, hin alhliða áhrif í efnahagslegu tilliti.

M. ö. o., ég sakna þess í þessum tillöguflutningi, þegar verið er að biðja um rannsókn á endurskoðun varnarsamningsins, að hér koma menn eingöngu og vilja fá athugun á hernaðarlegum viðhorfum. Hvar er málstaður Íslands í þessu? Og ég endurtek, það er alveg óþarfi að gera nokkra athugun á þessu, niðurstaðan liggur ljós fyrir. Hvað haldið þið, að *generállinn segi* um þetta mál?

Það er eitt atriði í þessu, sem ég vil líka koma að, sem mönnum virðist nokkuð óljóst hér. Þegar Íslendingar gerðust aðilar að NATO, þá var skýrt tekið fram, að Íslendingar vildu ekki hafa her á friðartímum og engin þörf væri fyrir her. Ég lít svo á, að það sé sú markaða stefna allra stjórnmálaflokka, sem enn er í gildi. Að vísu var með varnarsamningnum 1951 talið þannig ástand í alþjóðamálum, — það var Kóreu-stríðið, að eðlilegt væri að fá hér her til varnar, en það var enn ítrekað, að hér ætti ekki að vera her á friðartímum, og um leið, að

hér væri um tímabundið varnarlið að ræða og það stæði í engu sambandi við Atlantshafsbandalagið. M. ö. o., við tökum við varnarliði á þeirri forsendu, að það sé tímabundið og það sé ekki í tengslum við NATO.

Nú er það úr sögunni. Nú er verið að rökstyðja veru varnarliðsins á þeirri forsendu, að við séum í NATO. Þarna á að smeygja ólinni yfir á okkur og um okkur. Ég lít svo á, að íslenzkir stjórnmálaflokkar séu með þessu að breyta um grundvallarafstöðu í varnarmálum. Nú er farið að nota alveg nýja röksemd. Af því að við erum í NATO, þá er rétt, að við höfum varnarlið. Þetta hefur aldrei verið stefna Íslendinga fyrr en nú. Og það er hörmulegt til þess að vita, að menn skuli geta tekið þessa stefnu, að nota NATO til þess að tryggja áfram veru hersins.

Ég ætla ekki að ræða miklu meira um þetta að sinni. En ég vil benda á eina staðreynd, að úr því að það var tekið fram í yfirlýsingu Íslendinga, að við ættum ekki að hafa her á friðartímum og það var ítrekað með varnarsamningnum, þá á endurskoðunin að beinast að hugtakinu friðartímar. Endurskoðunin er ekki fólgin í því að spyrja NATO, hvort við eigum að hafa herinn hér á landi, heldur er endurskoðunin í samræmi við íslenzka utanríkismálastefnu að spyrja: Eru friðartímar eða ekki friðartímar? Og það á að skilgreina, hvað séu friðartímar. Foringi Sjálfstfl., sem því miður er ekki hér, lýsti því yfir, að það væri ógerningur að skilgreina friðartíma. Og hver yrði niðurstaðan? Við höfum bara áfram her. Ég hygg, að þetta sé ljóst. Auðvitað eiga Íslendingar í samræmi við utanríkispólitík sína að skilgreina hugtakið friðartímar og taka afstöðu samkv. því.

Ég vil í sambandi við endurskoðunina á varnarsamningnum taka fram, að ég vænti þess að sjálfsögðu, að utanrrh. beiti sér fyrir því, að það fari ekki aðeins fram viðræður við stjórn NATO, heldur verði gerð alhliða könnun á þeim íslenzkum sérvandamálum, sem tengd eru hernum. Ef það er ekki gert, þá er sú rannsókn einskis virði. Og ég vil fara fram á það, og það hlýtur að vera sjálfsögð krafa, að þarna sé gerð alhliða könnun á menningarlegum, félagslegum og efnahagslegum áhrifum á íslenzkt þjóðfélag. Síðan geta menn gert dæmið upp, en ekki fyrr. (**LárJ:** Hvað tekur þetta langan tíma?) Ja, ég get svarað því, að það tekur það langan tíma, að þið verðið ekki komnir í ríkisstj., sjálfstæðismenn.

Sannleikurinn er sá, að hér er rekin sú pólitík, sem ég hef kallað hræðslu- og óttapólitík. Og ég vil rökstyðja það á ósköp einfaldan hátt. Það er til blað, sem heitir Morgunblaðið. Og það hefur t. d. varið Víetnamstríðið gegnum þykkt og þunnt, þ. e. fyrir Bandaríkjamenn, á meðan Bandaríkjamenn sjálfir og bandaríska þjóðin er orðin þreytt á stríðinu. Þetta hefur valdið svo miklum þjóðfélagslegum byltingum í Bandaríkjunum, að jafnvel forsetar hafa hrökklazt frá völdum eingöngu vegna Víetnamstríðsins, og hef ég þar Johnson í huga, og enginn forseti leyfir sér lengur annað en að draga úr stríðinu, og þannig hefur öll stefna í stjórnmálum orðið í Bandaríkjunum. En á meðan höfum við Moggatetrið á Íslandi, sem er orðinn kaþólskari en páfinn og ver þessa stefnu í gegnum þykkt og þunnt. Þetta er gott sýnishorn um Morgunblaðið, því að ég hygg, að hvergi í vestrænum heimi sé til annað eins stríðsæsingablað, nema maður fari kannske yfir til austantjaldsríkjanna og þar finnist einhver bróðir, sem starfi álíka. En það er rekinn sá áróður, að ef Bandaríkjamenn fari, þá komi Rússar. Flotinn er hérna við strendurnar, þeir eru viðbúnir að taka okkur o. s. frv. Þetta er gert til þess að skapa ótta og ugg með þjóðinni, og þetta er fyrirlitleg hræðslupólitík af sóðalegasta tagi. Og ég vil líka benda á annað, að Mogginn er þó hættur að kalla biskupinn laumukomma eða hálfkomma eða forseta Íslands laumukomma eða hálfkomma, eins og gert var hér fyrr á árum, en nú er bara ný taktík, og hræðslupólitíkin heldur áfram.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þær umr., sem farið hafa fram hér í dag um þær tvær till., sem á dagskrá eru, hafa verið alllærdómsríkar, og ræða hv. 3. landsk. þm., sem hefur nú nýlokið máli sínu, var að mínum dómi furðuleg, þegar mér er það ljóst, að hann hefur haldið sjálfur, að þegar hann í ræðustól talaði hér áðan, þá ræddi hann um endurskoðun varnarsamningsins með þeim hætti, að hér væri kominn sá hinn hlutlausi aðili, sem gæti talað til þeirra, sem áður hafa um þessi mál fjallað, og það, sem hann segði í þessum málum, væri það eina sanna og rétta.

Ég gat ekki heyrt eitt aukatekið orð í ræðu þessa hv. þm., sem gæti talizt styggðaryrði í garð annars þess stórveldis, sem hann minntist á hér áðan. Öll hans ræða gekk út á það að gera þingheimi grein fyrir því, með hvaða hætti Bandaríkjamenn væru að yfirganga smáþjóðir heims, með hvaða hætti Bandaríkjamenn væru að heyja styrjöld í Asíu, brytja þar niður milljónir manna. Ég gat ekki heyrt annað en að þessi maður ræki hér í ræðustólnum erindi annars stórveldisins betur en e. t. v. þeir tveir, sem á undan honum voru, og drógu þeir þó ekkert af sér í þeirri baráttu, sem þeir voru hér að heyja áðan. Þessi hv. þm. ræddi þessi mál öll með þeim hætti, að ekki verður skilið á honum annað en það, að hann sé gersamlega ósammála formanni síns flokks, sem hefur opinberlega lýst yfir í viðtölum í blöðum og í ræðum, hver sé skoðun flokks hans, Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, til Norður-Atlantshafsbandalagsins, og mér fannst það skjóta ákaflega skökku við, þegar þessi hv. þm. kom hér áðan með þá ræðu, sem hann hélt, og talaði með slíkri vandlætingu um þá hv. þm., sem leyfa sér að hafa skoðanir á borð við þá, sem flytja þær tvær þáltill., sem hér hafa verið til umr.

Það er staðreynd þessa máls, að ekki er samstaða í ríkisstj. um veru Íslands í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Það kom strax fram, þegar ríkisstj. var mynduð, og það hefur komið æ gleggra fram eftir því sem vikur og mánuðir hafa liðið. Formaður SF hefur gert grein fyrir því, með hvaða hætti og hvernig þessi mál standa í ríkisstj. Það var að sjálfsögðu ekki spurning um það, hvernig hæstv. utanrrh. og þeir aðrir ráðh. Framsfl. væru hugsandi í málum varðandi Norður-Atlantshafsbandalagið sem slíkt. Spurningin var að sjálfsögðu um þá aðra ráðh., sem tóku þátt í þeirri ríkisstj., sem mynduð var á s. l. ári.

Í Suðurnesjatíðindum, sem út komu nú í þessum mánuði, 10. marz, er getið ræðu, sem hæstv. félmrh., formaður SF, hélt á fundi í Keflavík, þar sem hann gerir grein fyrir afstöðu sinni og flokks síns til veru Íslands í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Og ég vil,

með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp tvo smákafla úr þeirri ræðu, sem þar var haldin. En þar segir:

„Þá er það NATO og varnarliðið. Ég stend að þeirri ríkisstj., sem mynduð var í sumar, og þar er kafli í stjórnarsáttmálanum, sem segir, að það sé ákvörðun ríkisstj., að Ísland verði áfram í NATO að óbreyttum aðstæðum. Það þýðir, að meiri hl. stjórnarinnar hefur staðið að þessu, og þið vitið vafalaust allir, að Alþb. hefur ekki verið þar að verki, og þá hlýtur sá meiri hl. auk Framsfl. að hafa byggzt á okkar flokki, og það er rétt. Ég er þeirrar skoðunar, að það beri að virða samninginn, sem gerður var 1949 um þátttöku Íslands í NATO af réttkjörnum íslenzkum stjórnvöldum og samþykktur af Alþingi Íslendinga."

Og hvað segir svo þessi hæstv. ráðh. um álit sitt á skoðunum fólksins í landinu? Það væri gaman og fróðlegt fyrir hv. 3. landsk. þm. að fá að heyra það, því að það, sem hann sagði hér áðan, er gjörsamlega á öndverðum meiði við það, sem hæstv. félmrh. lætur í ljós í áðurnefndri ræðu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kom skýrt fram í viðtali mínu við Nýtt land, eftir að ég kom heim úr þessari margumtöluðu Ameríkuferð, að það væru ekki nema þrjár leiðir fyrir Ísland; að taka þátt í varnarkerfi vestrænna þjóða, að ganga undir verndarvæng Sovétríkjanna, eða í þriðja lagi að treysta á þá vernd, sem sumir vilja telja í algjöru hlutleysi þjóðarinnar, og ég taldi þá, að mikill meiri hluti þjóðarinnar vildi, þó að enginn kosturinn væri algóður, að við yrðum áfram hlekkur í varnarkeðju vestrænna þjóða. Þessa skoðun hef ég lengi haft, og ég er reiðubúinn, ef þjóðin vill taka málið upp, hvort sem er á Alþ. eða með þjóðaratkvæði."

Þetta eru skoðanir formanns Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, hæstv. félmrh. Hann er ekki á þeirri skoðun, sem hv. 3. landsk. þm. var hér áðan, að sú endurskoðun, sem fram færi, væri hugsuð fyrir hernaðarbandalag. Hann er á þeirri skoðun, að sú endurskoðun fari fram á samningi, sem vestrænar þjóðir gerðu sín á milli til þess að fyrirbyggja áframhaldandi yfirgang stórveldis, sem það hafði tíðkað frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Það er alveg rétt, að ekki er óeðlilegt, að samningur sem þessi sé endurskoðaður. Hann er gerður upprunalega til 20 ára og þá að sjálfsögðu með það fyrir augum, að vel geti tímar hafa breytzt þannig, að ástæða væri til þess, að honum yrði með einhverju móti breytt með endurskoðun, sem fram færi. Það er þess vegna okkar, sem förum með löggjafarvaldið í dag, að gera okkur grein fyrir því, hvernig málin hafa farið á þessu rúmlega 20 ára tímabili, sem liðið er frá því, að þessi samningur var gerður. Það er okkar að gera okkur grein fyrir því, hvort þeir menn, sem stóðu að gerð þessa samnings, gerðu rétt eða rangt, og það er okkar að meta það, hver framvinda þessara mála hefur orðið. Hvort framvindan hefur orðið með þeim hætti, að ástæða sé til þess að gera breytingu á samningnum og þá hvernig, ef við teljum að ástæða sé til breytinga. Það er þess vegna með engu móti, að við deilum á hæstv. ríkisstj. fyrir það, að þessi mál séu tekin til endurskoðunar. Við höfum hins vegar deilt á það og gerðum það strax í öndverðu, að á því væru skiptar skoðanir, með hvaða hætti sú endurskoðun skyldi fram fara. Okkur var það ljóst, að innan ríkisstj. voru menn, sem hugsuðu sér niðurstöðu endurskoðunarinnar áður en hún var hafin, og sú endurskoðun skyldi leiða til þess, að Íslendingar tækju ekki þátt í þeirri varnarkeðju, sem þeir hafa verið í meðal vestrænna þjóða s. l. 20 ár. Það var kannske ekki óeðlilegt, þó að hæstv. utanrrh. viðhefði ekki ævinlega sama orðalag í mörgum blaðaviðtölum, sem við hann voru höfð fyrstu dagana eftir að hann tók við sínu embætti, og þess vegna væri hægt að túlka á mismunandi hátt það, sem hann sagði í það og það skiptið. Hins vegar er að mínum dómi jákvætt svar komið við þeirri gagnrýni, sem við í öndverðu settum fram, og það er, að sú endurskoðun, sem fram fer eða mun fara að hefjast, fer fram með þeim hætti, að það er ekki fyrir fram ákveðið, hver niðurstaða hennar skuli vera.

Hv. 3. landsk. þm. vék að því hér, að sú endurskoðun, sem rætt er um í þeim till., sem hér eru á dagskrá í dag, byggðist fyrst og fremst á varnarbandalögunum sjálfum, en ekki Íslandi. Að sjálfsögðu byggist endurskoðunin á hagsmunum Íslands. Við göngum í þetta bandalag vegna hagsmuna sjálfra okkar. Það hafa allar þær þjóðir gert, sem í bandalaginu eru. Þær eru þarna fyrst og fremst og eingöngu vegna eigin hagsmuna, og endurskoðunin hlýtur að fara fram og vera fyrst og fremst með sjónarmið Íslands fyrir augum, *jafnframt* því að við erum í samstarfi við þær þjóðir, sem gengu í Atlantshafsbandalagið 1949, og við viljum áfram vera í samstarfi við þessar þjóðir.

Hæstv. utanrrh. vék hér að ræðu hv. 5. þm. Reykn. og taldi, að hér væri um óþarfa sögulestur að ræða. Ég vona nú, að eftir að hæstv. utanrrh. hefur hlýtt á ræður þeirra þriggja þm., sem hér hafa talað á undan mér, þá sé hann mér sammála um það, að upprifjun þessarar sögu sé *fullkomlega nauðsynleg*. Það er *nauðsynlegt* fyrir okkur hvenær sem er að gera okkur grein fyrir því, hvers vegna við gerðumst aðilar að bandalagi vestrænna þjóða. Við skulum minnast þess, hvernig Evrópa var leikin eftir síðari heimsstyrjöldina. Við skulum gera okkur grein fyrir því efnahagsöngþveiti, sem þar var og Sovétríkin notuðu til þess að koma á hinum svokölluðu alþýðustjórnum í Austur-Evrópu gegn vilja meiri hluta þjóðanna. Við skulum ekki gleyma því, þegar utanrrh. *Tékkóslóvakíu var kallaður til Moskvu*. Þegar *fram var* boðin aðstoð til uppbyggingar efnahagslífs Vestur-Evrópu, þá var hann kallaður til Moskvu. Til hvers? Til þess að láta hann afsala sér því, sem hann hafði látið í skína, að hann gjarnan vildi þiggja til þess að reisa við efnahag síns ríkis. Þegar hann kom til baka, var það afturkallað, hann hafði loforð annars staðar frá. Þessi loforð voru að sjálfsögðu girnileg, þegar þau voru gefin. En við vissum, hvað skeði örfáum mánuðum síðar, þegar *Tékkóslóvakía* fékk sína alþýðustjórn gegn vilja landsmanna, og við þekkjum sögu þessa lands síðan. Þannig hafði þetta skeð, og þannig er þetta raunverulega alltaf að gerast. Hér kemur hv. 3. landsk. þm., sögufróður maður, enda er það hans grein, og talar að mínum dómi eins og hann hefði verið búinn að gleyma öllu því, sem skeði, og það allt saman hefði enga forsendu eða engan grundvöll. (Gripið fram í.) Vel má vera, að sögufróðir menn þurfi lögfræðinga til þess að koma sér inn á rétta braut, og þá er ég reiðubúinn til þess að gera það. En ef menn eru svona fljótir að gleyma, að þeir leyfa sér að standa upp til þess að flytja

sitt mál og það er byggt á þessum skilningi og á þessum forsendum, sem hér var áðan flutt af þessum hv. þm., þá segi ég, þá eru menn ekki að tala fyrir sína þjóð.

Víst eru það staðreyndir, sem ekki verður á móti mælt, að eftir stofnun Atlantshafsbandalagsins varð engin þjóð í Austur-Evrópu og í Evrópu kommúnismanum að bráð. Þetta eru staðreyndir, og þær verða ekki umflúnar. Landvinninga kommúnistanna var hægt að stöðva. Þetta eitt sýnir okkur, hversu nauðsynlegt það var, að vestrænar þjóðir bundust samtökum og stofnuðu sitt bandalag. En við skulum ekki dvelja of lengi aftur í tímanum. Við skulum velta þessari spurningu fyrir okkur: Hefur ásókn kommúnista lokið með stofnun þessa bandalags? Ég segi nei. Annars staðar í heiminum hafa þeir haldið áfram, þar sem ekki voru samtök á borð við Atlantshafsbandalagið. Hv. 3. landsk. þm. kemur hér í ræðustólinn og talar um árásir Bandaríkjamanna á Víetnam og ýmis önnur dæmi. Það skyldi þó aldrei vera, að einhver ástæða hefði verið fyrir þeim vopnaviðskiptum, sem þar hafa átt sér stað? Það skyldi þó aldrei vera, að þar væru menn annars staðar frá, sem ættu upptökin, og það væri yfirgangur þeirra, sem fyrst og fremst væri verið að reyna að stöðva? Allt þetta sýnir okkur, hvernig hér var að farið.

Við skulum skoða örlítið betur hvað hefur gerzt í Evrópu. Höfum við ekkert heyrt til þeirra þjóða, sem voru undirokaðar af kommúnistum, áður en Atlantshafsbandalagið var stofnað? Jú, við höfum fengið að heyra í þeim, en því miður ekki nema örstuttan tíma. Hvers vegna? Vegna þess, að þá kom sá, sem valdið hafði, og þaggaði niður í þessum þjóðum. Þannig hafa þeir gætt þess mjög vel, að frelsi fengju þessar þjóðir ekki aftur. Þannig höfum við reynslu af því, hvernig fer fyrir einni smáþjóð, sem lendir undir járnhæl þessa stórveldis. E. t. v. segja einhverjir okkar: Það verður auðvelt að losna undan þessum aðilum, ef þeir mundu nú ná tökum á okkur. En hér höfum við dæmið, og hér höfum við dæmin.

Þegar Sovétríkin gátu ekki unnið fleiri lönd í Evrópu, sneru þeir sér að öðru, þá sneru þeir sér að hafinu hér í kringum okkur. Ég skal ekki telja upp, hvernig þeir eru búnir herskipum og öðrum stríðstækjum. Það var gert hér áðan, en það er ljóst mál, að flota sinn hafa Sovétríkin eflt stórkostlega hér á Norður-Atlantshafinu, og ég spyr: Til hvers? Það getur hver svarað fyrir sig, en ég held, að menn geri sér grein fyrir því, að svarið við þessari spurningu er ekki nema eitt.

Á þskj. 47 flytja 10 sjálfstæðismenn till. um, að þeir þingflokkar, sem eru því sammála, að við verðum áfram í varnarsamtökum vestrænna þjóða, skipi nefnd, sem verði hæstv. utanrrh. til samstarfs varðandi þær viðræður, sem fram fara. Og hér hafa komið þm. með langar ræður til að sýna fram á, hversu ólýðræðisleg þessi till. sé. Við skulum skoða málið ofan í kjölinn. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er þingflokkur til, sem er andvígur því, að við séum í þessu varnarbandalagi. Þessi þingflokkur hugsar sér, eins og hér hefur komið fram í dag, að vinna að því, að við förum úr þessu bandalagi, hvort sem ástæður liggi þar fyrir eða ekki. Ég spyr: Þegar fjórir þingflokkar á Alþ. hafa lýst því yfir, að þeir telji, að við eigum að starfa áfram í bandalagi vestrænna þjóða, er þá eðlilegt, að reiknað hafi verið með því, að þeir, sem vildu fara út úr bandalaginu, vildu taka þátt í viðræðum um áframhaldandi veru þar? Ég held, að ef menn skoða málið út frá þessum sjónarhóli, þá geri þeir sér grein fyrir því, að öðruvísi gat þessi till. ekki orðið. Hitt er svo annað mál, að það hefur komið fram, að mér skilst, hjá þm. þessa flokks, að þeir vildu gjarnan taka þátt í þessum viðræðum. Bent hefur verið á það, að þessar athuganir færu fram af hálfu utanrrn., og hæstv. utanrrh. hefur hér í umr. gert grein fyrir sínum sjónarmiðum þar að lútandi. Ég skal taka það skýrt fram, að hann hefur, eftir að hann tók við sínu embætti, haft mjög gott samstarf við utanrmn., og ég efast ekkert um, að það, sem hann segir þar um, það muni hann gera, en þessi till. er flutt skömmu eftir að það leyndarmál upplýstist, að við hlið hæstv. utanrrh. höfðu verið settir tveir ráðh., tveir fyrrv. ritstjórar Þjóðviljans, sem báðir á sínum tíma a. m. k., sennilega þó ekki nema annar í dag, höfðu barizt gegn veru okkar í Atlantshafsbandalaginu. Það var því ekkert óeðlilegt, að slík till. yrði flutt. Það vissu menn fyrir.

Ég geri fastlega ráð fyrir því, að þessar till. fari til utanrmn., eins og lagt hefur verið til, og að þær fái þar sína skoðun, eðlilega þinglega meðferð, en ég get ekki með nokkru móti séð, hvernig hæstv. utanrrh. getur talið, að till. sjálfstæðismannanna sé dulbúin vantrauststillaga á hann. Mér finnst þetta þvert á móti vera till., sem hann ætti miklu fremur að geta fallizt á, einfaldlega vegna þess, að hann er þeirrar skoðunar sjálfur, að Ísland eigi áfram að taka þátt í því samstarfi vestrænna þjóða, sem það hefur verið aðili að.

Ég ætla svo ekki á þessu stigi máls að fjölyrða meira um þessar till. Það er vissulega lærdómsríkt fyrir okkur að heyra það hér á Alþ., að þeir nýju þm., sem komið hafa á Alþ. sem fulltrúar Alþb., virðast ekki vera á sömu skoðun og hæstv. iðnrh. hefur viljað telja sig á undanförnum árum, þegar hann hefur sérstaklega lagt sig eftir því að segja þjóðinni frá því, hver séu raunverulega stefnumið Alþb., þar sem hann hefur lagt á það ríka áherzlu, að hér sé um að ræða íslenzkan, lýðræðislegan sósíalískan flokk. Þessir hv. þm., sem hér töluðu áðan, töluðu ekki fyrir slíkan flokk. Þeir töluðu fyrir flokk, sem hugsar sér að starfa eftir þeim grundvallarreglum, sem við sjálfstæðismenn höfum ætíð bent á, að Alþb. hefur gert og ætlar sér að gera, þeim reglum, sem sett eru af alþjóðasamtökum kommúnista.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það var allfróðlegt að heyra lögfræðing flytja lítils háttar afstrakt sögulegar skýringar á afleiðingum af samningi, sem þeir Harry S. Truman, Josep Stalin og Winston Churchill gerðu í Potsdam um skiptingu Evrópu í áhrifasvæði, þar sem smáþjóðirnar voru engin spurn, samkomulagi, sem síðan hefur verið framfylgt, einnig án þess að spyrja smáþjóðirnar, sem þar var um samið. Það er orðið langt síðan og minni manna viljandi, e. t. v. sumpart óviljandi, stopult á þessa atburði. Og nú er upprunnin erfið tíð fyrir þá þm., sem trúað hafa þeirri fullyrðingu fyrrv. utanrrh. Íslands, sem sett var fram í tilefni af heimsókn Fulbrights, formanns utanrmn. bandarísku öldungadeildarinnar, að Íslendingar hefðu ekki efni á því að hafa sjálfstæða stefnu í utanríkismálum, heldur þyrftu við að reiða okkur á vinveitt og rík stórveldi, sem væru aflögufær um stefnuna. Og þó að ég trúi því í raun

og veru, að hér í salnum sitji ekki einn einasti maður, sem ekki vilji í raun og veru í sínu hjarta gera sér grein fyrir því, hver leið sé Íslendingum sjálfum bezt á sviði utanríkis- og öryggismála, og vilji fara þá leið, þá virðast þeir þurfa dálítinn umþóttunartíma til að venja sig á að taka eigin dómgreind fram yfir dómgreind ónefnds vinveitts stórveldis.

Hér hafa þm. stjórnarandstöðunnar hver á fætur öðrum látið uppi þá skoðun sína, að Íslendingum séu aðeins tvær leiðir færar til að tryggja öryggi sitt og sjálfstæði. Önnur sú að halda áfram að vera, svo sem tiðkazt hefur nú um meira en 20 ára bil, undir verndarvæng Bandaríkjanna, hin sú, og er nú reyndar furðulegt að heyra þm. Sjálfstfl. og Alþfl. hafa hana uppi, hin sú að leita undir verndarvæng Sovétríkjanna. Það hefur verið tæpt á þriðju leiðinni, að eiga það á hættu að standa einir. Eiga það á hættu að halda uppi á eigin kostnað og „risiko" þeirri reisn, sem með þarf til þess að geta talizt sjálfstætt ríki. E. t. v. væri sú leið að athuguðu máli fær. Hv. 5. þm. Reykn. tók það réttilega fram, að það kostar ávallt nokkra áhættu að vera frjáls, hvort heldur er um að ræða einstakling eða þjóðir.

Á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna greiddi sendinefnd Íslands atkv. með till., sem var borin fram af ríkisstjórnum þriðja heimsins, svo nefndum hlutlausum ríkjum, undir forustu Amerasinghe, sendiherra Ceylon, um friðlýsingu Indlandshafs. Hugmyndin hafði verið vakin áður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna af frú Bandaranaike, forsrh. Ceylon, en nú var till. borin fram. Í þessari till. er svo ráð fyrir gert, að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna leggi fyrir stórveldin og ræði við þau þá samþykkt allsherjarþingsins, að allar flotaæfingar, flughersæfingar og herstöðvar verði bannaðar á skilgreindu svæði Indlandshafs. Herskipum sem öðrum skipum verði heimiluð sigling um Indlandshaf eftir sem áður í löglegum erindum hafna á milli og á engan annan hátt verði skertur réttur til frjálsra siglinga um hin friðuðu hafsvæði.

Þessi till. miðar að því að koma í veg fyrir vígbúnaðarkapphlaup stóru herveldanna í Indlandshafi, stugga burtu kafbátum þeirra og öðrum vígdrekum og hindra þau í því að koma þar upp víghreiðrum. Till. var til umr. á mjög svo óheppilegum tíma, einmitt þá dagana sem Indverjar og Pakistanir áttust illt við á þessum slóðum. Eigi að síður var hún samþykkt samhljóða með atkvæðum meiri hluta allra Sameinuðu þjóðanna, ekkert atkvæði var greitt gegn till., en langt til helmingur fulltrúa sat hjá. Það var athyglisvert við afgreiðslu málsins, að ríkisstjórnir hernaðarbandalaganna höfðu samstarf sín í milli um afstöðu til till. Þannig sátu fulltrúar allra Varsjárbandalagsríkjanna hjá við atkvæðagreiðsluna að fulltrúa Rúmeníu undanskildum, hann greiddi atkv. með till. Fulltrúar allra Atlantshafsbandalagsríkjanna sátu hjá við atkvæðagreiðsluna, nema fulltrúi Íslands, sem greiddi atkv. með till. Fulltrúar Suðaustur-Asíubandalagsins sátu einnig hjá við atkvæðagreiðsluna. Af Evrópuþjóðunum voru það einungis Íslendingar, Möltubúar, Rúmenar, Júgóslavar, Svíar og Kýpurbúar, sem studdu till.

Samræmið í afstöðu hernaðarbandalagsríkjanna til till. var ekki tilviljun. Vitað er, að viðræður fóru fram á milli forustumanna þeirra, og niðurstaðan varð sú, að það væri virkari andstaða af hálfu hinna sameinuðu hernaðarbandalaga gegn till. um friðun Indlandshafs, að sem flestir fulltrúar sætu hjá, það væri sterkari andstaða en hitt, að sumir greiddu atkv. á móti, en aðrir sætu hjá.

Afstaða íslenzku sendinefndarinnar til till. mótaðist af þeim markmiðum ríkisstj. í sambandi við landhelgismálið, að strandríki bæri aukinn yfirráðaréttur yfir sjónum hið næsta sér, og af þeirri ákvörðun að losa sig við erlenda hersetu í landi sínu. Áður hefur verið lauslega reifuð hér á Alþ. sú hugmynd, að Íslendingar beiti sér fyrir friðlýsingu Norðaustur-Atlantshafsins með atbeina Sameinuðu þjóðanna. Jónas Árnason vakti máls á þeirri hugmynd fyrir hátíðarnar í vetur, og hún hefur verið rædd nokkuð af þeim mönnum, sem leita vilja í fullkominni alvöru ráða til þess að stugga vígdrekum lofts og lagar burtu frá þessu landi og tryggja okkur frið fyrir áreitni hervelda. Ég leyfi mér að gera ráð fyrir því, að á bak við stuðning íslenzku ríkisstj. við hugmyndina um friðun Indlandshafs búi sá skilningur, að íhugunarvert sé, þó að ekki sé meira sagt, hvort ekki sé unnt að draga úr hernaðarbrölti stórveldanna á þeim hafsvæðum, sem umlykja Ísland, með líkum ráðstöfunum og treysta þannig öryggi Íslands án útlendrar hersetu.

Ég tel nauðsynlegt, að þessi hugmynd um lausn á varnarmálum Íslands verði tekin til málefnalegrar rannsóknar og umr. hér á Alþingi.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs við fyrri hluta þessarar umr. nokkru fyrir páska, var það megintilgangur minn að ræða fyrirhugaðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli við lengingu flugbrauta og auknar öryggisráðstafanir í því sambandi, og ætlaði ég að beina nokkrum fsp. til hæstv. utanrrh. um það efni, eins og honum var þá kunnugt um.

Síðan hefur margt og mikið gerzt í þessu máli, sem ég hlýt að sjálfsögðu að víkja að í þessum orðum mínum, sem hér fara á eftir. Ég ætlaði að segja það þegar fyrir páska, áður en nokkur ákvörðun hafði verið tekin um málið, að ég og flokkur minn værum sannfærðir um nauðsyn þeirra framkvæmda, sem um var að ræða, að þær væru nauðsynlegar af fjölmörgum ástæðum. Þær væru nauðsynlegar vegna þess, að með öðrum hætti gæti Keflavíkurflugvöllur ekki talizt fullkominn flugvöllur, hvorki að svo miklu leyti sem hann gegnir hlutverki í þágu varna Íslands samkv. varnarsáttmálanum við Bandaríkin fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins, né heldur sem fullgildur alþjóðaflugvöllur í millilandaflugi. En ákvæði varnarsáttmálans gera ráð fyrir því, að flugvellinum í Keflavík skuli við haldið þannig, að hann geti gegnt þessu tvíþætta hlutverki með fullum sóma, enda var hann á sínum tíma, þegar hann var byggður, einn af fullkomnustu flugvöllum í Vestur-Evrópu, en hefur síðan smám saman dregizt svo aftur úr samfara vaxandi þróun í flugmálum, að nú verður hann einvörðungu talinn til þriðja eða fjórða flokks flugvalla. Það er eindregin skoðun mín, að Bandaríkjastjórn hafi borið og beri skylda til þess að annast þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, samkv. ákvæðum í varnarsáttmála milli Íslands og Bandaríkj-

anna. Fyrrv. ríkisstj. hafði þegar fengið samkomulag við Bandaríkjastjórn um það, að hún skyldi annast þessar framkvæmdir samkv. ákvæðum varnarsáttmálans. Endanlega hafði ekki verið frá samkomulaginu gengið, vegna þess að enn hafði ekki fengizt samþykki Bandaríkjaþings fyrir nauðsynlegri fjárveitingu í þessu sambandi, um 5.8 millj. dollara, en frá því hafði verið gengið, að um leið og sú fjárveiting fengist, — um hana hafði Bandaríkjastjórn þegar sótt og taldi engar líkur á því, að beiðni sinni yrði hafnað, — þá skyldi endanlega gengið frá samkomulaginu, svo að óhætt er að fullyrða, að samkomulagið hafi í reynd þegar verið gert á valdaskeiði fyrrv. ríkisstj., þó að ekki hafi verið hægt að ganga formlega frá því.

Síðan gerðist sá óheppilegi og óviðurkvæmilegi atburður, að bætt var í heimild til fjárveitingarinnar skilyrði varðandi vist varnarliðs á Íslandi. Ég er sammála þeim sjónarmiðum, sem sett hafa verið fram af hæstv. utanrrh. og raunar fleiri ráðh., að sérhverri ríkisstj. á Íslandi væri slíkt skilyrði algerlega óaðgengilegt, og ég fagna því af heilum hug, að um það er nú ekki lengur að ræða, frá því hefur verið fallið. En það, sem ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. utanrrh. um þegar fyrir páska og sé ástæðu til þess að spyrja hann um enn, er, hvað hann átti við með því, þegar hann á sínum tíma í sjónvarpi frammi fyrir alþjóð eða sjónvarpsáhorfendum a. m. k. lýsti því yfir, að hann gerði sér ljóst, að þessar framkvæmdir væru algerlega nauðsynlegar og að þær mundu verða framkvæmdar, og aðspurður sagði hann, fyrir innlent fé. Ég man ekki betur en hann hafi síðar staðfest það í blaðaviðtölum, að það mundi verða aflað innlends fjár til þessara framkvæmda, sem samkv. þeim útreikningum, sem fyrir liggja eða áætlunum munu kosta um 500 millj. ísl. kr. Ég verð að segja það, að þegar ég sat við sjónvarpstæki mitt umrætt kvöld, þá rak mig í rogastanz — mig rak í rogastanz yfir því, að ráðh. í ríkisstj. á Íslandi skyldi lýsa því yfir, að því er augljóst var umhugsunarlítið, að ríkisstj. hygðist afla 500 millj. kr. á þessu ári, sumpart getur það gengið yfir á það næsta, og gæti það til viðbótar öðrum fjárþörfum, sem við sem þykjumst vera sæmilega kunnugir íslenzkum fjármálum og íslenzkum efnahagsmálum, vitum, að er fyrir hendi. Mig rak í rogastanz einfaldlega af því, að ég hafði ekki trúað því á hæstv. utanrrh., að hann léti sér jafnflaustursleg og óábyrg ummæli um munn fara. Og þess vegna spyr ég hann nú og legg á það sérstaka áherzlu, að hann svari: Hvernig hafði hann eða ríkisstj. hugsað sér, að þessara 500 millj. yrði aflað á þessu ári? Hvernig átti að fjármagna þessar framkvæmdir af innlendu fé? Og ég spyr líka: Við hvaða aðila hafði hann rætt? Þetta vil ég fá upplýst alveg hreint undanbragðalaust. Við hvaða aðila, sem ráða yfir fé til innlendra framkvæmda, hafði hæstv. utanrrh. þá rætt eða hans starfsbróðir, hæstv. fjmrh., um það að láta í té 500 millj. kr. til þessara framkvæmda? Það þætti mér fróðlegt að heyra og ýmsum öðrum, sem hann hefði átt að ræða við, en ræddi aldrei við. Og þetta er mergurinn málsins. Og að því skal ég gjarnan víkja nánar á eftir, þegar hæstv. utanrrh. hefur svarað þessum spurningum. Það er fullkomlega út í bláinn í augum allra manna, sem til þekkja, að nóg sé að svara þannig, og því svari mun ég ekki taka, að þessar framkvæmdir hafi átt að taka í fjáröflunaráætlun ríkissjóðs. Það er engin skýring á málinu, vegna þess að þá mundi ég spyrja um, hvernig sú fjáröflunaráætlun líti nú út, hversu mikið í hana vanti til þess að ná endum saman og hvernig tilætlunin sé að afla þess fjár, sem þar vantar. Ég þykist vita svarið í stórum dráttum, en vil fá að heyra það af hendi hæstv. utanrrh., af vörum hans eða hæstv. fjmrh. Og þá vona ég, þegar menn hafa heyrt það svar, ef það verður satt og rétt, — verði það ekki satt, skal ég segja sanna og rétta svarið, — þá munu menn gera sér ljóst, hvers vegna mig rak í rogastanz, þegar ég heyrði það, að hæstv. ráðh. sagði, ég segi enn honum til afsökunar, auðsjáanlega að lítt eða alls ekki hugsuðu máli, að til þessara framkvæmda upp á 500 millj. mundi verða aflað innlends fjár. Þetta mun upplýsast í þessum umr., og það verður mjög fróðlegt að fá þær upplýsingar. Þetta lýtur að því, sem á góma hafði borið um málið fyrir páska.

En nú þykir mér ástæða til þess að beina þeim viðbótarfyrirspurnum til hæstv. utanrrh., ef hann vildi eða gæti upplýst eitthvað um það, hvernig hin breytta afstaða Bandaríkjastjórnar til málsins í heild sé tilkomin. Það er nauðsynlegt fyrir þing og þjóð að fá það upplýst, hvort utanrrh. hafði átt sérstakar viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar um málið, áður en Bandaríkjastjórn breytti ákvörðun sinni. Það væri einnig fróðlegt að fá upplýst, hvort hæstv. samgrh. ræddi málið í Bandaríkjaför sinni á sínum tíma og hvort e. t. v. hin jákvæða afstaða Bandaríkjastjórnar nú á að einhverju leyti rót sína að rekja til alþekkts sannfæringarkrafts hæstv. samgrh. í viðræðu við bæði innlenda og útlenda menn. Ég gæti vel unnt honum heiðursins af því að hafa haft áhrif á afstöðu Bandaríkjamanna í þessu sambandi og vildi gjarnan fá að vita, hvort ég má halda áfram að hæla honum í þessu sambandi.

Ég vil taka það fram strax eða endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég hefði sagt um málið fyrir páska, að ég er sammála þeirri ákvörðun, sem þegar hefur verið tekin, og það er þingflokkur Alþfl. M. ö. o., við styðjum þá niðurstöðu, sem ríkisstj. hefur komizt að. En okkur er ekki sama um, hvernig ákvörðunin er tekin og hvernig hún er rökstudd, og um þetta langar mig til þess að fara nokkrum fleiri orðum.

Ríkisstj. hefur klofnað um þetta stórmál. Ég held, að engum geti blandazt hugur um, að hér er um stórmál að ræða. Ég man ekki eftir öðru dæmi þess í nýlegri stjórnmálasögu Íslendinga a. m. k., að stórmál sem þetta hafi verið afgreitt með atkvgr. í ríkisstj., að þar hafi myndazt meiri hl. og minni hl., en þetta hefur gerzt nú, og þetta má telja til einsdæma. Meiri hl. ráðherranna telur hér vera þjóðarnauðsyn á ferðinni og samþykkir því tiltekinn samning við erlenda ríkisstj. um framkvæmdir fyrir 500 millj. kr., sem er stórfé á íslenzkan mælikvarða. Og meiri hl. ráðherranna rökstyður þessa ákvörðun sína í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar við alþjóðabandalag, alþjóðavarnarbandalag, sem Ísland er þátttakandi í. Minni hl. ráðherranna telur þessa ákvörðun hins vegar ósamrýmanlega sjálfstæðri íslenzkri utanríkisstefnu. Það er ástæða til þess að endurtaka þetta, að hér eru sannarlega engin smáorð á ferðinni, engin smáyrði á ferðinni; minni hl. ráðherranna telur meiri hl. ráðherranna vera að taka ákvörðun, sem sé ósamrýmanleg sjálfstæðri, íslenzkri utanríkisstefnu. Ég efast um, að utanrrh. hafi

nokkru sinni fyrr fengið kaldari kveðju frá samráðherrum sínum en hér er um að ræða. Hann beitir sér fyrir framkvæmd eða samningi um framkvæmd, sem gerir honum sjálfum ókleift að framkvæma sjálfstæða, íslenzka utanríkisstefnu. M. ö. o., ef samningur þessi verður endanlega gerður, ég veit ekki, hvort búið er að gera hann eða ekki, þá er það að dómi tveggja ráðherra ríkisstjórnarinnar ekki lengur sjálfstæð, íslenzk utanríkisstefna, sem framfylgt er. Þetta framgengur alveg tvímælalaust af bókun hæstv. ráðh. Alþb. Það fer auðvitað ekki hjá því, að ýmsum detti í hug, hvað eitt aðalmálgagn núv. ríkisstj., Þjóðviljinn, hefði sagt fyrir réttu ári, ef fyrrv. ríkisstj. hefði tekið þessa ákvörðun eða aðra alveg hliðstæða henni. Ég þarf engum getum að því að leiða. Það vita allir, að það hefðu sézt mjög stórir stafir, orð prentuð mjög stórum stöfum. Það hefði verið talað um landsölu, það hefði verið talað um svik, það hefði verið talað um hermang. Nú sjást engin slík orð í Þjóðviljanum, aðeins bókun á ráðherrafundi, og síðan er haldið áfram að sitja í ráðherrastólunum. Það er m. ö. o. svolítið annað, sem þeir, sem einu sinni voru í ritstjórn Þjóðviljans, segja nú. Stólaskiptin hafa verulega þýðingu um það, hvernig þeir tala, hvað þeir láta sér nægja. Ég orðlengi ekki frekar um þetta. Þetta er öllum ljóst. Í augum sumra er þetta aðhlátursefni, í augum annarra er þetta sorglegur atburður, sem hér hefur gerzt, og er bezt, að hver hafi sína skoðun í því efni.

En hér er í raun og veru, — og við skulum sleppa allri kerskni í þessu sambandi, — hér er um miklu, miklu alvarlegra mál að ræða en það, að ég sjái ástæðu til þess að byggja minn málflutning á nokkurs konar stríðni í þessu sambandi, þó að enginn vandi væri að gera hana að veigamikilli uppistöðu í því, sem hér yrði sagt. Það er ekki einu sinni um freistingu hjá mér í því efni að ræða, svo að ég þarf ekki að standast neina freistingu. Ég skal ekki gera það, því að hér er um miklu, miklu alvarlegra mál að ræða en svo, að Alþ. sæmi annað en ræða það af fyllstu alvöru. Það, sem hér hefur nefnilega gerzt, vekur spurningu um mjög mikilvægt grundvallaratriði í íslenzkum stjórnarháttum og í raun og veru í stjórnarháttum allra lýðræðisríkja. Hér er ekki um það að ræða, að ég telji þá ákvörðun, sem hefur verið tekin, hafa verið ranga, heldur er aðferðin, sem hún er tekin með, ekki aðeins röng, ekki aðeins forkastanleg, heldur er hún stórkostlega hættuleg. Hún er stórkostlega hættuleg, ef hún skapar fordæmi og ef tilætlunin er hjá þessari hæstv. ríkisstj. að halda áfram sams konar vinnubrögðum. Það er alveg augljóst mál, að meiri hl. ráðh., sem að þessari samningsgerð stendur eða vill standa, gat ekki vitað á því andartaki, sem hann tók sína ákvörðun, hvort sá meiri hl. hefði stuðning meiri hl. Alþ. á bak við sig. En ég skil ekki í því, að um það geti verið ágreiningur milli manna, sem vilja halda þingræðislega reglu í heiðri, að þegar um jafnmikilvægan atburð og þennan er að ræða, þegar um jafnmikilvægt atriði og þetta er að ræða, þá sé nauðsynlegt, að ríkisstj., sem gerir samning fyrir hönd ríkis, eða meiri hl. ríkisstj., — það er ríkisstj. auðvitað að forminu til, þrátt fyrir bókun minni hl., — að hún sé viss um það, að hún hafi stuðning meiri hl. Alþ. á bak við sig. Með þessu er ég auðvitað ekki að halda því fram, að sérhver ráðh. þurfi alltaf að vera viss um það í hverri einstakri stjórnarathöfn sinni, að hann hafi meiri hl. Alþ. á bak við sig. Þetta leiðir af því og er í engu ósamræmi við stjórnskipaðar reglur þingræðisins, að ef ráðh. fremur athöfn, sem einhverjum þm. dettur í hug, að sé ekki í samræmi við vilja meiri hl. Alþ., þá getur sá þm. flutt vantraust á ráðh. og fengið úr því skorið, hvort hann hefur haft meiri hl. alþm. á bak við sig. Af þessari alkunnu og sjálfsögðu reglu þingræðis leiðir það, að sérhver ráðh. eða ríkisstj. þarf ekki að ganga úr skugga um það í hverju einstöku atriði, í hverju einstöku smátilviki fyrir fram, að hún hafi meiri hl. alþm. á bak við sig, enda mundi það torvelda störf löggjafarsamkomu með svo augljósum hætti, að engum hefur dottið í hug, að framkvæmd þingræðis þyrfti að vera eða ætti að vera með þessum hætti.

Hitt er aftur á móti jafnaugljóst mál, að þegar ríkisstj., að ég nú ekki tali um meiri hl. ríkisstj., tekur stórákvarðanir í stefnumálum, þá þarf hún að vera viss um það, að hún hafi meiri hl. alþm. raunverulega á bak við sig. Þegar slíkt gerist nú í fyrsta skipti, að stór ákvörðun í stefnumáli er tekin með atkvgr. í ríkisstj., þar sem meiri hl. ber minni hl. ofurliði og þar sem augljóst er, að meiri hl. hefur aðeins stuðning 22 þm. á bak við sig, en 10 þm. eru væntanlega í andstöðu við ákvörðunina, þá er það ótvíræð skoðun mín og miklu, miklu fleiri manna, að það hafi verið skylda forsrh. að ganga formlega úr skugga um það, að þessi ákvörðun hafi stuðning meiri hl. alþm. á bak við sig. Það gerði hann ekki, og það er sú veigamikla yfirsjón, sem af hálfu hæstv. forsrh. og ríkisstj. hefur átt sér stað í þessu máli. Ég segi þetta ekki vegna þess, að það hvarfli að mér að draga í efa, að sá samningur, sem hefði verið gerður eða tilætlunin var að gera, sé, þrátt fyrir að þetta var vanrækt, bindandi fyrir Ísland, það er án alls efa. Ég segi þetta ekki heldur vegna þess, að ég sé ekki sannfærður um, að hæstv. forsrh. hefði fengið þær yfirlýsingar af hálfu núv. stjórnarandstöðuflokka, að þeir væru fylgjandi þessum samningi t. d. með þeim hætti að ræða málið áður í utanrmn. við fulltrúa flokkanna þar, sem með venjulegum hætti hefðu getað farið með málið í sína þingflokka og svarað fyrir hönd sinna þingflokka í utanrmn., að þeir hefðu ekkert við þessa samningsgerð að athuga. Þessi leið lá alveg opin fyrir hæstv. ríkisstj., fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., og hana hefði að sjálfsögðu átt að fara. Og ég læt í ljós undrun mína yfir því, að hún skuli ekki hafa verið farin. En einmitt þetta, að jafnaugljós aðferð og þessi við afgreiðslu málsins var ekki farin, þó að ég dragi ekki í efa kunnáttu jafnágætra lögfræðinga eða reynslu jafnágætra lögfræðinga og hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. eru við meðferð slíkra mála hér og annars staðar, þá setur það ugg að mér og fleirum, að þrátt fyrir vitneskju þeirra um það, hvernig eðlilegt er að framkvæma lýðræðislegt þingræði, þá skuli þeir ekki hafa beitt þessari aðferð. Og þetta gefur manni tilefni til þess að spyrja: Ætlar ríkisstj. að halda áfram á þessari braut, er þetta upphaf að alveg nýjum vinnubrögðum í stjórnarháttum á Íslandi, í beitingu þingræðis á Íslandi? Þetta er spurningin, sem brennur mér á tungu og mörgum, mörgum fleirum. Úr þessu þarf að fást skorið.

Það er enginn vandi að hugsa sér annað tilfelli, þar sem málin gæti borið nákvæmlega eins að. Við skulum hugsa okkur eitthvert annað mál, eitthvert annað

mikilvægt stefnumál, þar sem ríkisstj. klofnar. Hún viðhefur sömu aðferð og nú, greiðir atkv., það myndast meiri hl., og það myndast minni hl. Og nú skulum við gera ráð fyrir því, að ríkisstj. viti, báðir armar ríkisstj. viti, að stjórnarandstaðan styður málstað minni hl. Þessar aðstæður eru svo sannarlega hugsanlegar, þær eru sannarlega fræðilega hugsanlegar. Þá er spurningin: Hvað mundi hæstv. forsrh., hvað mundi stjórnin gera í slíku tilfelli eins og þessu? Mundi hún styðja sig áfram við meirihluta samþykkt í ríkisstj., gera framkvæmdina, gera samninginn, þó að ljóst liggi fyrir, að stjórnarandstaðan er sammála minni hl. í ríkisstj.? Þetta er spurning, sem úr verður að fást skorið sem grundvallaratriði. Hér er um að ræða „prinsíp"mál, sem verður að liggja alveg ljóst fyrir, hvað ríkisstj. hefur hugsað sér og hvernig hún mun hegða sér í framtíðinni, því að á þessu veltur það, hvort verið er að gera íslenzkt þingræði að skrípaleik með nýjum vinnubrögðum í ríkisstj. Það eru ný vinnubrögð að mynda þar meiri hl. og minni hl. með atkvgr. Vill hæstv. ríkisstj. annaðhvort lýsa því yfir, sem ég skal alveg taka gilt, að í þessu efni hafi henni orðið á mistök, — ég skal segja það strax, að ég skal vera fús til þess að taka þá skýringu gilda, — eða segir hún, að í þessu efni hafi henni verið kunnugt um, að stjórnarandstaðan var efnislega sammála samningsgerðinni, þess vegna hafi hún farið svona að? En verði hvorugt sagt, verði hvorki sagt, að þarna hafi átt sér stað mistök vegna páskaleyfis, vegna anna eða einhvers því um líks eða vegna þess, að stjórnin hafi gert samninganna, meiri hl. ráðh., í fullvissu þess, að það væri fylgi á Alþ. fyrir framkvæmdunum, þá er það óneitanlega vísbending um það, að þetta sé e. t. v. upphaf að nýjum vinnubrögðum. Það, sem ég því vil biðja hæstv. forsrh. að svara alveg skýrt og skorinort, og það, sem ég vildi að sjálfsögðu, að hann lýsti yfir, er, að hann muni ekki framkvæma fyrirætlanir sínar nema því aðeins að vera viss um það, að ríkisstj. hafi stuðning meiri hl. alþm. á bak við sig. (**BGuðn:** Er þingræðið í hættu?) Það er í hættu, ef þetta væri gert, þá væri það sannarlega í hættu. Ef ríkisstj. ætlar sér að gera samninga eða framkvæma stór áform í skjóli meiri hl. í ríkisstj., þó að hún viti um minni hl. sinn á Alþ., þá er lýðræðið í alvarlegri hættu.

Þá langar mig til þess að víkja nokkrum orðum að þeim rökstuðningi, sem hefur verið beitt eða kemur til með að verða beitt varðandi þá ákvörðun, sem þegar hefur verið tekin. Fyrrv. utanrrh., Emil Jónsson, og fyrrv. ríkisstj. í heild byggði óskir sínar gagnvart Bandaríkjastjórn um það, að hún kostaði þessar framkvæmdir, á skyldum Bandaríkjastjórnar til slíkra athafna samkv. varnarsáttmálanum. Á þetta var fallizt af hálfu Bandaríkjastjórnar, sem í þeim skilningi leitaði eftir fjárveitingu til framkvæmdanna, sem fékkst ekki fyrr en á miðju sumri, þ. e. eftir að kosningar voru um garð gengnar á Íslandi og stjórnarskipti fyrirsjáanleg. Það var auðvitað skýringin á því, að fyrrv. ríkisstj. var ekki búin að gera samninginn, — ég hef orðið var við misskilning í þessu efni, að hún hafi ekki gert samninginn. Hún gat ekki gert hann fyrr en fjárveitingin var fengin hjá Bandaríkjaþingi, og hún fékkst ekki fyrr en að kosningum loknum, svo að það var ekki von, að ríkisstj., sú bráðabirgðastjórn, sem sat að völdum eftir kosningar, gerði samning eins og þann, sem hér var um að ræða, enda hefði áreiðanlega hvinið í einhverjum tálknum, ef það hefði verið gert. En það datt engum í þáv. ríkisstj. að sjálfsögðu í hug.

En mér skilst nú, og það er mjög mikilvægt, að meiri hl. ráðh. í núv. ríkisstj. byggi ákvörðun sína á skyldum Íslands við NATO, við Atlantshafsbandalagið, vegna þess að Ísland sé í NATO, þótt ágreiningur sé um það innan ríkisstj. Fyrst Ísland sé í NATO, þá leiði af því, að eðlilegt sé, að flugvellinum sé haldið í sem fyllstu lagi og þess vegna séu framkvæmdirnar eðlilegar og eðlilegt, að Bandaríkjastjórn kosti framkvæmdirnar. En ég vil benda á það og undirstrika sérstaklega, að við höfum engan samning við NATO. Ísland er aðili í NATO, en við höfum engan samning við NATO um varnir Íslands. Við höfum samning við Bandaríkjastjórn fyrir hönd NATO um varnir Íslands. Það er auðvitað allt annað, eins og allir, bæði lögfræðingar og ekki lögfræðingar, hljóta að gera sér ljóst. Þess vegna er staðreyndin sú, að annaðhvort er hér um að ræða samning um framkvæmdir samkv. varnarsamningnum við Bandaríkin fyrir hönd NATO eða þá þetta er ölmusa, eins og ráðh. Alþb. halda fram. Þriðja er ekki til. Þetta er annaðhvort samkv. samningnum við Bandaríkin fyrir hönd NATO eða ölmusa. Þriðja skýringin er ekki til. Allar aðrar skýringar eru út í bláinn. Ég tel fyrra sjónarmiðið vera rétt, að samningurinn um framkvæmdirnar sé gerður samkv. ákvæðum og í skjóli eða samkv. ákvæðum varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna fyrir hönd NATO. Hitt sjónarmiðið er algerlega rangt, að hér sé um ölmusu að ræða. En þetta veldur því, að sú skýring, sem enn hefur verið gefin af hálfu meiri hl., er röng. Meiri hl. kemst ekki hjá því að viðurkenna, að annaðhvort sé þetta gert samkv. varnarsamningnum eða þetta sé ölmusa. Og fyrra sjónarmiðið styð ég og minn flokkur að sjálfsögðu. En í þetta þarf að fást botn.

Það fer ekki hjá því, að með þessari ákvörðun sinni, ekki sízt því, hvernig hún er tekin og með hvaða rökum hún er studd, bæti ríkisstj. lítið álit sitt bæði utanlands og innan. Svo að ég víki örfáum orðum að málinu almennt, þá var auðvitað fáránlegur glannaskapur af hæstv. ríkisstj. að taka samtímis í málefnasamning sinn fyrirætlanir um útfærslu landhelginnar, jafnstórt, víðtækt og vandasamt mál sem það er, og svo hins vegar endurskoðun eða uppsögn varnarsamningsins í því skyni, að herliðið verði brott af landinu fyrir lok þessa kjörtímabils. Sannleikurinn er sá, að við þurfum auðvitað, höfum þurft — og munum þurfa á aðstoð allra vina okkar að halda í landhelgismálinu. Um það er alger samstaða hér innanlands, og það getur ekki heldur verið nokkur ágreiningur um það, að það mál mætir svo mikilli andstöðu, að við þurfum, eins og margsinnis hefur verið bent á, á stuðningi allra vina okkar í því máli að halda. En það er ekki líklegt til þess að afla almennt samúðar, aukinnar samúðar með Íslandi og stöðu þess í heiminum að ætla samtímis baráttu fyrir útfærslu landhelginnar að gera jafnviðkvæmt mál og dvöl varnarliðs á Íslandi er og yfirleitt þátttaka Íslands í vestrænu samstarfskerfi að umræðuefni og deiluefni austan hafs og vestan. Það hlaut að vera öllum skynsömum mönnum ljóst, að fyrirætlun ríkisstj. um að breyta stöðu Íslands í vestrænu varnarkerfi, að maður nú ekki tali um með svo róttækum hætti að láta varn-

arliðið hverfa burtu á allt að fjórum árum, hlyti að verða mjög umdeild stefna meðal margra nálægra vinaþjóða, og er ég með þessum orðum einum saman engan dóm um það að fella, hvort stefnan sé rétt eða röng. Ég er aðeins að vekja athygli á því, að þetta er ómótmælanleg staðreynd, að ákvörðun um gerbreytta stöðu Íslands í vestrænu varnarsamstarfi hlaut að vekja deilur meðal vinaþjóða, hún hlaut að vekja stóraukna gagnrýni á Ísland og þá ríkisstj., sem að þessu stæði, meðal þeirra vinaþjóða okkar í vestrænum heimi, sem við þyrftum ekki hvað sízt á stuðningi að halda hjá í baráttu okkar fyrir aukinni landhelgi. Þess vegna segi ég það, að það var í hæsta máta óhyggilegt af ríkisstj. að setja bæði þessi mál á stefnuskrá sína, eins og hún gerði á s. l. sumri.

Að vísu hefur hæstv. utanrrh. dregið talsvert í land varðandi þetta. Hann hefur lýst því yfir, að það, sem ríkisstj. hafi á stefnuskrá sinni, sé ekki annað en það, að endurskoða skuli samninginn og e. t. v. segja honum upp og með þessu sé stefnt að því, að varnarliðið verði á brott af landinu á þessu kjörtímabili. En hæstv. utanrrh. hefur ekki með þessum orðum sínum útilokað, að viðræðum um endurskoðun þurfi ekki að ljúka með endanlegri uppsögn, og hann hefur ekki útilokað, að viðræður um endurskoðun geti leitt til þess, að eftir sem áður sé eitthvert bandarískt herlið með einhverjum hætti við varnarstörf á Íslandi. Og hann hefur talið, að þó að niðurstaðan yrði þessi, þá væri það ekki í ósamræmi við stjórnarsáttmálann, eins og hann er orðaður. Ég vil undirstrika það, að út frá þeim sjónarmiðum, sem ég aðhyllist í málinu, fagna ég mjög þessum skilningi hæstv. utanrrh. á stjórnarsáttmálanum og læt í ljós þá mjög einlægu ósk, að niðurstaðan verði í samræmi við skoðanir hæstv. utanrrh. á þessu máli. En ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á því, að aðrir ráðh. hafa talað mjög með öðrum hætti um þetta mál. Þeir hafa að vísu ekki allir alltaf sagt það sama, eins og raunar hefur því miður hent hæstv. utanrrh. líka. Hann hefur ekki alltaf í öll skipti, sem hann hefur talað um málið, sagt nákvæmlega það sama, og það er mannlegt. (**Utanrrh.:** Það verður nú leiðigjarnt.) Já, það get ég vel skilið, og ég satt að segja öfunda hæstv. ráðh. ekki af því að þurfa að hlusta jafnoft á sjálfan sig og sínar yfirlýsingar um þessi efni og hann hefur þurft að gera, og það er ekkert skemmtilegt hjá okkur hinum heldur, ég get fullvissað hann alveg um það, þó að við verðum að leggja það á okkur.

Það fer ekki hjá því, að athygli verði að vekja á því, að ummæli annarra ráðh., og þá alveg sérstaklega ummæli ráðh. Alþb., hafa verið með allt öðrum hætti. Þeir, og þá alveg sérstaklega þeirra málgagn, hafa sagt það, að ekki sé hægt fyrir nokkurn skynsaman mann að skilja ákvæði stjórnarsáttmálans öðruvísi en þannig, að varnarsáttmálanum verði sagt upp og allt herlið Bandaríkjanna flutt á brott, brottflutningi þess lokið, áður en kjörtímabilinu lýkur. Ég vek athygli á þessu, en geri það að þessu sinni ekki að aðalatriði í mínum málflutningi. Ég bara vildi gjarnan koma því einu sinni enn á framfæri, að ég vona, að skoðanir hæstv. utanrrh. á þessu efni verði ofan á. Og ég ætla gjarnan að bæta við að síðustu rökum mínum fyrir því, að óskynsamlegt væri nú að segja varnarsáttmálanum upp og flytja allt herliðið brott á þessu kjörtímabili. Ég tel marghátttaða endurskoðun vera bæði nauðsynlega og sjálfsagða, en ástæðan fyrir því, að ég tel uppsögn varnarsamningsins og brottför varnarliðsins á kjörtímabilinu ekki skynsamlega ráðstöfun, er ekki sú, að ég telji, að Ísland hljóti að vera í yfirvofandi árásarhættu frá einhverri þjóð, þó að hér væri ekki varnarlið, heldur eru rök mín einfaldlega þau, að gildandi samningar okkar við Bandaríkin fyrir hönd NATO og gildandi skipan, þó að breyta megi henni í einstökum atriðum, hefur orðið þáttur í valdajafnvægi í heiminum, í hinum vestræna heimi, sem gefizt hefur vel. Að vísu er þegar farið að halla örlítið á þau vestrænu ríki, sem við höfum varnarsamstarf við, að því er valdajafnvægi snertir með auknum umsvifum kafbátaflotans, sem tilheyrir öðru varnarbandalagi, frá norðlægum slóðum. En einmitt þess vegna er enn þá síður ástæða til þess, að við, sem erum þátttakendur í þessu varnarsamstarfi, stígum spor, sem enn mundi raska valdajafnvæginu í óhag þeim aðilum, sem við höfum undanfarna áratugi verið í varnarsamstarfi við. Þetta eru að mínu viti þau réttu og skynsamlegu rök gegn því að segja varnarsamstarfinu algerlega upp og flytja allt herliðið brott á allra næstu árum.

En svo að ég víki aftur að síðustu að framkvæmdunum á Keflavíkurflugvelli, þá verður það því miður að segjast, ég endurtek, því miður, að það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur staðið að þessu máli, hlýtur að valda því, að menn bæði innanlands og utan munu með réttu eða röngu draga þá ályktun, að þessi samningur boði, að varnarsamningnum muni ekki verða sagt upp og herinn ekki fluttur á brott á kjörtímabilinu. En ég tel, að samningsgerðina hefði átt að bera að með allt öðrum hætti. Það var alveg vandalaust, og þá hefðum við getað komizt hjá öllum getsökum í þá átt, sem íslenzk stjórnvöld nú hljóta að verða fyrir, bæði innanlands og utan, ég segi enn, með réttu eða röngu. Og þetta virðist mér enn eitt dæmi þess, og það skulu vera síðustu orð mín, enn eitt dæmi þess, hversu núv. hæstv. ríkisstj. er gersamlega heillum horfin. Jafnvel þegar hún gerir rétt, þá gerir hún það með þeim hætti, að það skaðar hagsmuni Íslands.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Enn erum við að ræða 46. mál þingsins, till. okkar sjálfstæðismanna til þál. um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands. Þessi till. var lögð fram á öndverðu þingi. Ýmsar ástæður hafa valdið því, að umr. hefur verið frestað æ ofan í æ, og skal ég ekki rekja þær. Þegar allt kemur til alls, staðfestir reynslan, að það hefur reynzt mikilvægt að hafa þetta mál með slíkum hætti stöðugt til meðferðar í þinginu.

Ekkert vakti jafnmikinn ugg hjá almenningi og ístöðuleysi og óvissan við myndun núverandi stjórnar varðandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvískinnungurinn varðandi öryggis- og varnarmál landsins. Gleðivíman í nýmynduðum stjórnarherbúðum var svo mikil, að heiðri og sóma var fórnað. Stjórnarsáttmáli hafði verið skrifaður í slíku ofboði, að ýmsum gleymdist sýnilega að hugsa. Nú átti að fylgja svokallaðri sjálfstæðri utanríkisstefnu, en hvað fólst í stjórnarsáttmálanum? Átti landið að vera varnarlaust með brottrekstri varnarliðsins, eða átti bara að stefna

að því, að svo yrði? Hvað átti að endurskoða? Átti að endurskoða varnarsamninginn eða varnar- og öryggisstöðu landsins? Nei, varnarsamninginn skyldi ekki endurskoða, eins og kom síðar í ljós. Um það er ekki beðið, upplýsti hæstv. utanrrh. á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins 10. des. s. l., en þá segir hann: „Athugun á þessum málum er ekki lokið, og frekari ákvarðanir verða aðeins teknar að lokinni gaumgæfilegri athugun á niðurstöðum könnunarinnar. Þá fyrst verða ákvarðanir teknar. Ég vil þess vegna láta það koma alveg skýrt fram," segir utanrrh., „að enda þótt ég hafi gert mál þetta hér að umtalsefni, er ég ekki nú að biðja um formlega endurskoðun á grundvelli 7. gr. varnarsamningsins." **(Utanrrh.:** Þetta er rétt ræða.) Já, þetta er alveg rétt, þetta er ágætt líka. Þetta er ágætt. Þetta hlýtur að gleðja kollega þína í ríkisstj., tvímenningana. Og það er sitthvað fleira, sem hæstv. ráðh. hefur síðar sagt, sem hlýtur að gleðja þá líka, þó að sumt sé náttúrlega kannske annars eðlis.

En það var á baráttusamkomu gegn hernáminu hér 1. des., baráttusamkomu gegn hernámi Íslands, Þjóðviljinn kallaði það svo í frásögn af þessari baráttusamkomu, sem utanrrh. sagði: „Ég tek við þessari ályktun, sem fundurinn hefur gert, fyrir hönd ríkisstj." Eins og hér hefur komið fram, hefur ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir því, að fram fari heiðarlegar, opinskáar umræður um stöðu Íslands, og stefnt að því, að varnarliðið geti farið héðan fyrir lok kjörtímabilsins. Þessu tók nú hæstv. utanrrh. á móti frá þessu hernámsandstæðingaliði, en sjálfur varð hann svo að svara beinni spurningu ásamt hæstv. menntmrh. í sjónvarpsþætti um það, hvort þeir teldu Ísland vera hernumið, afdráttarlaust neitandi. **(Gripið fram í:** Það er hersetið.) Ekki sagði hæstv. utanrrh. það. **(Gripið fram í:** Ég segi það, það er hersetið.) Það taka nú því miður miklu færri mark á þessum hv. þm. en á hæstv. utanrrh.

Hinn 23. nóv. hafði utanrrh. sagt á Alþ.: „Varnarliðið fer ekki" — þetta var líka góð ræða, — „nema meiri hl. Alþ. eða alþjóðar vilji það." Átta dögum síðar, þann 1. des., kom svo í ljós, að meiri hl. var alls ekki fyrir því á Alþ., að varnarkeðja NATO væri rofin með hvatvíslegri brottvísun varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, átta dögum síðar. Þetta staðfestu yfirlýsingar þriggja eða kannske fjögurra, sá fjórði var loðnari, framsóknarþm. og eins af ráðherrunum í stúdentablaði Vöku, sem gefið var út þennan dag. Ég veit, að menn hafa tekið eftir þessu, það var tekið eftir því víðar en í þingsölunum. En þær eru svo afdráttarlausar, yfirlýsingarnar, að þær sýna það, að ekki er meiri hl. á Alþ. fyrir brottvísun hersins. Jón Skaftason var jafneindreginn í sinni yfirlýsingu þar eins og hann hafði reyndar áður verið og alkunnugt var, að hann teldi, að það væri óvarlegt og ætti alls ekki að láta varnarliðið fara af landinu og skilja landið eftir varnarlaust. Það ætti ekki að gera. Og hv. þm. Björn á Löngumýri segir, að álíti meðlimir Atlantshafsbandalagsins það nauðsynlegt að hafa hér gæzlustöð svipaða og verið hefur, telji hann ógerlegt að neita því. Miðað við það ástand, sem ríkir í heimsmálunum í dag, er hann á móti því, að gæzlustöð sú, sem hér er nú, verði lögð niður. Þetta var ekki talað heldur með neinni tæpitungu. Það gerði ekki heldur hv. 4. þm. Sunnl., sem sagði: „Ef könnun leiðir það í ljós, að varnarliðið þurfi að vera hér til öryggis og frelsis Íslendingum og bandamönnum þeirra í NATO, tel ég sjálfsagt, að svo verði."

Fjórði þm. var svo hv. 1. þm. Vestf. Hann sló svona meira úr og í, en ráðherrann, sem talað er við þarna í þessu blaði, hann er ekkert myrkur í máli, og mátti greinilega skilja á hans ummælum, að hann teldi, að varnarliðið ætti ekki að hverfa héðan af landi fyrr en þá að undangenginni athugun og ef það sýndi sig, að það veikti hvorki varnarmátt bandamanna okkar, Atlantshafsbandalagsins né stöðu eða öryggi landsins sjálfs.

Svona hefur nú verið talað í þessu máli, og það hefur m. a. verið töluverður vandi að fá fram skeleggar og ákveðnar yfirlýsingar, en þær eru smám saman að fæðast. Og áður en þetta var sagt, sem ég nú hef sagt, þá lágu fyrir yfirlýsingar um sama efni frá hæstv. sjútvrh., og einmitt þá byrjar hann að fetta fingur út í það, sem hæstv. utanrrh. hafði sagt í málinu, segir að vísu með þessum orðum á sjálfu þingi Alþb.: „Ég get ekki fullyrt, að það sé rétt haft eftir utanrrh., að fyrst skuli fara fram rækileg athugun á aðstöðu hersins hér á landi og síðan eigi að taka ákvörðun um brottför hans eða áframhaldandi dvöl hér." En hér er haldið fram algerlega rangri túlkun málefnasáttmálans. Nú geta þeir barizt sín á milli, ráðh. tveir. Þeir eru hvort eð er komnir í slag saman. Hæstv. sjútvrh. segir: „Í málefnasamningnum er fjallað um endurskoðun herverndarsamningsins, en þar er átt við endurskoðun, sem miðar að því, að herinn eigi að fara úr landi í áföngum á kjörtímabilinu." En það er sú sama túlkun, sem þegar kom fram í Þjóðviljanum í forustugrein 3. okt., þar sem hann segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Enda eru ákvæði málefnasamningsins um þessi mál skýr og ótvíræð. Herinn á að fara úr landi á kjörtímabilinu, í síðasta lagi á miðju ári 1975."

Það er stefnan, til hvers svo sem endurskoðun leiðir, athugun eða könnun eða hvað annað.

Formaður Alþb. hafði skrifað síðasta dag ársins í Þjóðviljann:

„Ákvæði samningsins um brottför hersins eru ótvíræð. Viðræður við Bandaríkin munu fara fram um endurskoðun samningsins með það fyrir augum að ná samkomulagi um árlega fækkun herliðsins. Takist samningar hins vegar ekki, er um það fullt samkomulag milli stjórnarflokkanna, að herstöðvasamningnum skuli sagt upp."

Þetta er sitt á hvað, annar talar í austur og hinn talar í vestur. Það hefur orðið m. a. með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst áðan og öllum er kunnugt um, að ríkisstj. hefur beinlínis klofnað varðandi mismunandi afstöðu til Atlantshafsbandalagsins og dvalar varnarliðsins hér á landi. Forsrh. sagði um sama leyti í áramótagrein, að það hljóti að vera grundvallarsjónarmið okkar ævinlega að gæta sem bezt öryggis og sjálfstæðis Íslands. Verður að líta á það efni af fullu raunsæi. Þetta eru orð, sem hæfa mjög hæstv. forsrh. að segja, en það verður ekki sagt, að margt, sem talað hefur verið af fylgjendum þingmeirihlutans, hafi verið í þessum anda. En þegar hæstv. félmrh. var kominn heim úr vesturförinni og Þjóðviljinn búinn að svívirða ráðh. nógu dyggilega með títuprjónastungum og löðrungum, þá stóðst nú ekki kempan mátið lengur og var heldur ekki honum líkt, og segir hann í blaði sínu, Nýju landi:

„Aðeins virðist vera um þrennt að velja. Vilja Ís-

lendingar taka áfram þátt í varnarsamtökum vestrænna þjóða, vilja þeir leita undir verndarvæng Sovétríkjanna, eða vilja þeir láta skeika að sköpuðu og treysta á vernd hlutleysis, ef til átaka kemur milli risanna tveggja í austri og vestri? Eins og nú standa sakir, virðist flest benda til þess, að mikill meiri hl. þjóðarinnar vilji fyrsta kostinn."

Nú þótti sumum sennilega skörin vera farin að færast upp í bekkinn, en félmrh. þótti af mörgum mæla hraustlega, og ég er honum alveg sammála um það, að mikill meiri hl. þjóðarinnar er á þeirri skoðun, sem félmrh. gerði þarna ráð fyrir, að hann væri, og það hefur alltaf sýnt sig, að svo hafi verið. Ég minni t. d. á það, að árið 1956 átti nú að reka herinn úr landi og ríkisstj. var mynduð með því höfuðprógrammi. Sjálfstæðismenn voru þá í einarðri andstöðu gegn þessu og gerðu þjóðinni algerlega ljósa afstöðu sína. Þeirra stefna í varnar- og öryggismálum hefur ætíð verið ljós. Þeir hafa ekki síðan og ekki um langan tíma áður fengið jafnmikið kjörfylgi hjá þjóðinni eins og í þessum kosningum, í kosningunum 1956, og þó var þetta einmitt eitt af aðalbaráttumálunum. Og það er alveg öruggt mál og hefur komið fram, getum við sagt, síðan Atlantshafsbandalagið var stofnað, að mikill meiri hl. þjóðarinnar hefur aðhyllzt aðild okkar að bandalaginu. Hins vegar hafa kommúnistarnir hér, hvort sem þeir eru dulbúnir eða ekki og hvort sem þeir sitja í ríkisstj. eða ekki, þeir hafa alltaf talað um það, að Atlantshafsbandalagið væri hlægilegt og við ættum ekki að vera aðilar að Atlantshafsbandalaginu, enda hafa þeir verið að vinna þar fyrir þá, sem þeim er ætlað að vinna fyrir. Og þeir sitja í ríkisstj., þó að teknar séu ákvarðanir á móti þeim í þessu máli, af því að þeim er líka sagt að sitja kyrrir í ríkisstj., enda þótt ríkisstj. að meiri hl. taki ákvarðanir með Atlantshafsbandalaginu og með dvöl varnarliðs á Íslandi. Samt skuluð þið sitja, herrar mínir, því að það getur nú vel verið, að þið getið gert af ykkur einhverja bölvun í ríkisstj. meiri en ella.

Þegar hér var komið málum, þá voru menn farnir að spyrja: Er sagan frá 1956, í tíð vinstri stjórnar þá að endurtaka sig? Mönnum var það ljóst, að það gat að sjálfsögðu ekki verið með sama hraða. Sú vinstri stjórn var mynduð á miðju sumri og með því aðalstefnumáli að reka varnarliðið úr landi, en í nóv. var svo samið, fyrir 30 silfurpeninga, sagði Þjóðviljinn, um það, að varnarliðið skyldi verða áfram, í nóv. sama ár. Þá gaf ríkisstj. út opinbera tilkynningu eða yfirlýsingu um samninga við stjórn Bandaríkjanna, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Viðræður við stjórn Bandaríkjanna hafa leitt til samkomulags um, að vegna ástands þess, er skapazt hefur í alþjóðamálum undanfarið, og áframhaldandi hættu, sem steðjar að öryggi Íslands og Norður-Atlantshafsríkjanna, þá sé þörf varnarliðs á Íslandi samkv. ákvæðum varnarsamningsins."

Kommúnistarnir sátu áfram sem fastast í ríkisstj. og þar til þessi ríkisstj. gekk fyrir ætternisstapa af allt öðrum sökum. Hæstv. forsrh. þá, Hermann Jónasson, var búinn að segja af sér, þegar kommúnistar mönnuðu sig upp í það að gera einhverja ályktun um það í einhverjum félagsskap sínum, að þeir skyldu gera brottför hersins að fráfararatriði. Þá var hæstv. forsrh. búinn að segja af sér. Þá var það, sem litla ljóðið, sem ég hef nú víst einu sinni áður farið með hér í þingsölunum, birtist í Þjóðviljanum, eftir vonsvikna konu, þetta fallega ljóð:

Aumingja íslenzki hundur,
sem áttir að reka úr túninu
illan og óboðinn gest.
Hvað hefur orðið af þér,
ertu hættur að gelta?
Illa fer þér um flest.

Meðan við höfum haft þetta mál á dagskrá, hefur tíminn liðið, og nú var farið að líða að páskum, og enn komu öryggismálin á dagskrá hér í þingsölunum. Svo kemur tilboðið frá ríkisstj. Bandaríkjanna um að kosta stórframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. En við skulum aðeins bíða við. Það var nefnilega sama dag dymbilvikunnar, sem birtist í aðalmálgagni Framsfl. stjórnmálaályktun aðalfundar miðstjórnar Framsfl. 1972. Hún er löng og ítarleg, en þar er að finna aðeins tvær og hálfa línu um utanríkismálin, og þær hljóða svo:

„Miðstjórnin ítrekar ályktun seinasta flokksþings í utanríkismálunum og fagnar ákvörðuninni um endurskoðun varnarsamningsins."

Það var ekki verið að vitna í Ólafskver að þessu sinni, nei, „ítrekar ályktun seinasta flokksþings í utanríkismálunum." Og sennilega hefur formaður Alþb. lesið stjórnmálaályktun miðstjórnarinnar tvisvar og búizt við leiðréttingu, búizt við næsta dag, að fallið hefði niður tilvísun í meginákvæði stjórnarsáttmálans, en í sjónvarpi 23. nóv. hafði formanninum þótt ástæða til þess að taka fram eftirfarandi:

„Ég er sannfærður um, að staðið verði við meginákvæði stjórnarsáttmálans, að herinn hverfi úr landi á næstu fjórum árum."

Ekki þótti miðstjórn Framsfl. ástæða til þess að árétta það í þessari merku ályktun sinni. Þegar fréttin um tilboð Bandaríkjanna barst, þá lætur utanrrh. hafa eftir sér efnislega eitthvað á þessa leið: Ákvörðun ríkisstj. um endurskoðun varnarsamningsins stendur enn, og tilgangur hennar er óbreyttur. Það var nú einhvern tíma konungur forðum daga, sem hlustaði á véfréttina í Delfí og þóttist góður. En hvers konar véfrétt er nú þetta? Það er ekki hægt að rengja það, að þetta sé rétt, tilgangur hennar er óbreyttur. En þá er það spurningin: Hver er tilgangur hennar? Hver er tilgangur ákvörðunar ríkisstj. um endurskoðun varnarsamningsins? Við vitum það núna, hver tilgangurinn er af hálfu hæstv. utanrrh., og ég fagna því og skal koma nánar að því síðar. En að liðnum páskum, þegar fréttir berast af hinum sögulega klofningi innan ríkisstj. um að samþykkja tilboð Bandaríkjastjórnar um stórframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, birtast sömu fyrirsagnirnar á forsíðu Þjóðviljans og Tímans. Þjóðviljinn segir: Samþykktin breytir engu um stefnu stjórnarinnar. Tíminn: Breytir í engu stefnu ríkisstj. Eini munurinn er sá, að leturgerðin er aðeins 4—5 sinnum smærri í Tímanum en Þjóðviljanum, að það breyti engu um stefnu stjórnarinnar. En nú spyr ég: Hver er þá stefna ríkisstj.? Það er þetta, sem við höfum verið að reyna að draga fram í dagsljósið í umr. um varnarmálin hér á Alþ., og við höfum lagt áherzlu á það hér í stjórnarandstöðunni, að það sé skylt að gera stefnuna í varnar- og öryggismálunum á hverjum tíma fullljósa fyrir almenningi í landinu. Það á ekki að sigla hér undir fölsku flaggi. Ég veit, að það vilja margir sigla undir fölsku flaggi. En í þess-

um málum á það ekki að líðast, og forsrh. ríkisstj. á ekki að líða neinum af sínum ráðh. að sigla undir fölsku flaggi í sínum málum. Annaðhvort verða þeir að beygja sig undir það, sem forsrh. vill og meiri hl. ríkisstj., eða þeir eiga auðvitað að fara. Þeir eiga ekki að sitja þarna í andstöðu við þá meginstefnu, sem fylgt er. Sumir ráðh. fara á fundi um landið og segja: Það er alveg ákveðið og tvímælalaust, að varnarliðið á að fara á kjörtímabilinu. En svo koma aðrir ráðh. og segja: Við erum að athuga málið enn þá, og við getum ekkert um það sagt fyrr en þeirri athugun er lokið, hvort ástæða sé til þess að hafa varnarlið í landinu.

Ég spurði, hver væri stefna ríkisstj., og nú spyr ekki sá, sem ekki veit, því að ég tel, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, að stefna fimm af sjö ráðherrunum og þar með ríkisstj., verðum við að álíta, sé sú, sem áréttuð hefur verið af hæstv. utanrrh. og sem hann nú, held ég, mun á engan hátt hverfa frá, þ. e. að varnarstaða landsins verði endurskoðuð og á niðurstöðum þeirrar endurskoðunar velti, hvort talin verður þörf varnarliðsins hér á landi. Framhaldið af þessu var einnig, að hæstv. utanrrh. dró enga dul á það, að eins gætu niðurstöður endurskoðunarinnar leitt til þess, að varnarliðið yrði hér áfram. Um það yrði ekki sagt, fyrr en þessari könnun yrði lokið. Þetta allt saman hefur fengizt staðfest í sjónvarpi og í hinum löngu umr. hér á Alþ., m. ö. o. að hugsa fyrst og ákveða svo, og slíkt er nú mikil bragarbót. Þar með hafa þessi mikilvægu mál ekki til einskis verið rædd hér í þingsölunum.

Mig langar nú til þess að víkja örlítið nánar að þeim ágreiningi eða klofningi, sem orðið hefur innan ríkisstj. um samninga við Bandaríkin um að kosta framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Þar er fyrst, að ég vildi gera grein fyrir viðhorfum okkar sjálfstæðismanna og einnig þeirra, sem stóðu að fyrrv. ríkisstj. Það hefur komið nokkuð fram í umr. hér strax, og ég skal fara fáum orðum um það, að við töldum, að Bandaríkjamenn ættu að kosta þær framkvæmdir, sem þar væru gerðar af hernaðarlegri nauðsyn til þess að styrkja varnarstöðu Atlantshafsbandalagsins, á grundvelli þess varnarsamnings sem íslenzka ríkisstj. og Bandaríkin höfðu gert sín á milli. Á þeim grundvelli töldum við, að þeir ættu að kosta allar framkvæmdir á vellinum, þ. á m., sem við lögðum mjög mikla áherzlu á, sundurgreiningu hernaðarflugsins, herstöðvarinnar og hinnar almennu flugþjónustu. Þar sem Bandaríkjamenn töldu sig líta einnig þannig á, að það væri mjög mikilvægt öryggisins vegna að sundurskilja herstöðina og almennu flugþjónustuna, þá varð niðurstaða okkar, að þeir ættu að byggja flugstöðina, þetta væri hernaðarleg nauðsyn fyrir þá. Nú var það því miður, að frá þessu féllum við í samkomulagsuppkasti, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert, og niðurstaðan varð sú, að við ætluðum sjálfir að kosta þessa flugstöð, sem mundi kosta 3—4 millj. dollara, að því er ætlað var. Hins vegar töldum við okkur hafa góðar líkur fyrir því, að okkur mundi auðnast að fá lánsfé til þessarar framkvæmdar, og þar sem Bandaríkjamenn féllust á að gera annað, þá féllumst við á það fyrir okkar leyti að kosta sjálfir þessa flugstöð og gerðum það þá m. a. af því, að allar aðrar framkvæmdir ásamt með henni mundu styrkja rekstursfyrirkomulag vallarins það mikið, að auðvelt væri að standa undir lánum til þess að byggja flugstöðina.

Ef við víkjum að viðhorfi meiri hl. ríkisstj., þá tel ég það alveg víst, að viðhorfið til samningstilboðsins frá Bandaríkjunum um að stækka flugvöllinn og að lengja þverbrautina svokölluðu ásamt ýmsu öðru í sambandi við það byggist af þeirra hálfu, íslenzku ríkisstj., eins og Bandaríkjastjórnar, á því, að það styrki varnaraðstöðu Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins til varnar á Íslandi, bæði fyrir Íslendinga, Bandaríkin og aðra aðila í Atlantshafsbandalaginu. Núv. ráðh., sem hafa þessa stefnu, gætu í sjálfu sér ásakað okkur fyrir það, að við hefðum átt að heimta það, að Bandaríkjamenn byggðu flugstöðina. Ekki skyldi ég álasa þeim, þó að þeir tækju það mál upp aftur og næðu þeim árangri, að þeir kostuðu ekki flugstöðina. Það mundi ég ekki gera.

Í þessari niðurstöðu, sem ég lýsti áðan, og í þessu samkomulagsuppkasti, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert, þá kom það einnig fram, að úr þessu skyldi sá skilningur gilda, að það, sem gegndi hernaðarlegu hlutverki við aðgerðir á vellinum, borguðu Bandaríkin, en annað borguðum við. Það var einnig niðurstaða samninganna. Mér þykir mjög mikilvægt, og ég tel, að við megum örugglega líta þannig á, og það skýrir línurnar í utanríkismálastefnu ríkisstj., að fimm af sjö ráðherrum gera þennan samning við Bandaríkin augljóslega vegna þess, að þeir eru sannfærðir um, að það styrki varnaraðstöðuna á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þetta er auðvitað staðfest í forustugrein Tímans í dag, að í þessa veru sé þessi samningur gerður. Það er svo aftur annað mál, hvernig ríkisstj. getur setið að völdum á Íslandi, sem hefur jafngeigvænlegan ágreining í jafnmiklu stórmáli og þessu, hvernig hún getur setið miðað við okkar stjórnarfar, eins og hér hefur verið vikið að áður.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að viðhorfi tvímenninganna í ríkisstj. Þeir hafa alltaf sagt og ekki dregið neina dul á það, að við eigum ekkert erindi inn í Atlantshafsbandalagið. Þar eigum við ekki að vera. Ég veit ekki, hvar þeir vilja, að við værum. Sennilega mundi þeim vera miklu kærara, að það væri ekki flotastöð Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, heldur flotastöð annars ríkis einhvers staðar á Austfjörðum, og jafnvel gæti ég ímyndað mér, að annar hvor eða báðir þessir menn gætu fengizt til að vera hafnarstjórar í slíkri flotastöð, en hún yrði ekki undir stjórn vestrænna lýðræðisríkja, það er eitt, sem víst er, sú flotastöð.

Nú langar mig, herra forseti, til þess að fá að víkja nokkrum orðum að því, hver sé stefna okkar sjálfstæðismanna almennt í utanríkis-, varnar- og öryggismálum. Það geri ég nú og eyði nokkrum orðum í það, vegna þess að ég hef sagt æ ofan í æ, að það sé alveg nauðsynleg skylda hverrar ríkisstj. og hvers stjórnmálaflokks í raun og veru að gera fullkomna og ljósa grein fyrir stefnu sinni í svo þýðingarmiklum málum eins og öryggis- og varnarmálin eru og utanríkismálin í heild. Auðvitað fagna ég hverju því skrefi, sem hér er tekið í þinginu í umr. eða utan þings í umr., sem verður til þess að skýra stefnu núv. ríkisstj., svo óljós sem hún hefur verið. Stefna okkar sjálfstæðismanna hefur alltaf verið mjög skýr í þessum málum, og það hefur aldrei verið farið dult með hana, og í raun og veru má segja, að síðasta stjórnmálayfirlýsing flokksráðs Sjálfstfl. 14. nóv. sé að þessu leyti endurskin af öllum fyrri ályktunum, sem við höfum gert í þessu máli. Vil ég leyfa mér

að lesa hana hér, með leyfi hæstv. forseta, hluta úr henni: „Flokksráð Sjálfstfl. telur, að marka beri utanríkisstefnu þannig, að öryggi og sjálfstæði þjóðarinnar verði sem bezt tryggt. Jafnframt telur flokksráðið þá siðferðislegu skyldu hvíla á Íslendingum, að ákvarðanir um þá þætti öryggismála landsins, sem tengdir eru samningsskuldbindingum við vestræn lýðræðisríki, séu ekki teknar án vitundar hlutaðeigandi ríkja. Í engu sé hvikað frá samstöðu með þessum ríkjum um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Á það skal minnt, að markmið Atlantshafsbandalagsins er að koma á varanlegum friði, og jákvætt starf bandalagsins í þá átt að draga úr spennu í Evrópu virðist nú vera farið að bera árangur. Kjarninn í þessari viðleitni er gagnkvæm afvopnun og minnkun herafla. Einhliða aðgerðir, er raska ríkjandi jafnvægi og spilla þeim árangri, sem þegar hefur náðst, vinna þannig þvert gegn yfirlýstum tilgangi sínum. Flokksráðið telur eðlilegt, að endurmetin sé á hverjum tíma, eftir því sem aðstæður breytast, skipan varnarmála landsins."

Hér er ekki um neina nýja stefnu Sjálfstfl. að ræða, heldur beint framhald á fyrri stefnu hans, og það má segja, að á lýðveldistímabilinu hafi enginn flokkur fremur en Sjálfstfl. mótað utanríkismálastefnuna.

Þá skal ég gera grein fyrir því núna, hver afstaða Sjálfstfl. var 1956, þegar líkt stóð á og nú, þegar menn voru að tala um að láta herinn fara, þó að hann yrði áfram í landinu, eins og menn vita. Þá fékk afgreiðslu í þinginu þál. um að láta herinn fara. Þá vildum við sjálfstæðismenn afgreiða hana með rökstuddri dagskrá, og rökstudda dagskráin var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem fram kemur í sjálfum varnarsamningnum, hefur það ætíð verið tilætlun Alþingis og ríkisstj., að erlent varnarlið dveldi ekki lengur hér á landi en nauðsynlegt væri vegna öryggis landsins og þar með friðsamra nágranna þess að endanlegu mati íslenzkra stjórnvalda. Alþingi áréttar þennan vilja sinn og lýsir yfir því, að það telur rétt, að hafinn sé nauðsynlegur undirbúningur þess, að svo megi verða. Áður en ákvörðun um brottflutning varnarliðsins er tekin, þarf hins vegar að athuga rækilega hvort tveggja, ástand og horfur í alþjóðamálum og hvernig fyrir skuli koma margháttuðum úrlausnarefnum, er hér skapast af þessum sökum".

Síðan er það rakið í rökstuddu dagskránni, og ég ætla að leyfa mér að taka það upp, því að það getur verið góð leiðbeining fyrir hæstv. utanrrh., sem nú er að vinna að athugun á þessu máli, hvað það er, sem hann þarf að athuga, og þar er m. a. vikið að þessu:

„Meðal þess, sem athuga þarf í því sambandi, er: Hefur ástand í alþjóðamálum raunverulega batnað eða aðeins á yfirborði? Er nokkur sérstök hætta, sem vofir yfir Íslandi? Hvaða áhrif hafa ný vopn, svo sem eldflaugar, á hernaðarþýðingu Íslands? Hvaða áhrif hefur brottför varnarliðsins frá Íslandi á varnarmöguleika og öryggi aðildarríkjanna í heild? Bætir það eða dregur úr friðarhorfum í heiminum, ef dregið er úr öryggi og varnarmöguleikum Atlantshafsbandalagsins? Geta Íslendingar lagt til nægan mannafla til að tryggja öryggi Íslands, eins og á stendur, sjálfir? Er hægt að gera það án þess, að á herafla þurfi að halda? Hversu mikinn mannafla þarf til þessara starfa, sem framkomnar tillögur gera ráð fyrir, að Íslendingar taki að sér? Hvers eðlis er sú gæzla varnarmannvirkja, sem einnig var talað um? Hvernig fer með kostnað af þessum öryggisráðstöfunum?"

Á þessum tíma lágu engar upplýsingar fyrir um það í þinginu, hvernig væri hægt að svara þessum spurningum á grundvelli íhugunar á málinu, og það var m. a. með vísun til þess, sem við lögðum til, að till. um brottflutning hersins væri afgreidd með rökstuddri dagskrá og málið væri athugað og síðan væri í þinginu gefin skýrsla um málið eftir slíka könnun, sem hér var talað um, og þá ýtti það á meiri hl. Alþ., hvernig með málið skyldi fara.

Nú er hæstv. utanrrh. á þessari braut, og vel sé því, að gera þessa könnun, og ef það er eitthvað, sem ég nú hef lesið upp, sem hann hefur ekki enn látið sér til hugar koma að athuga, þá er þessa rökstuddu dagskrá að finna í Alþingistíðindunum frá árinu 1956. Ég teldi, að það gæti verið ágætt fyrir þá menn, sem vinna að þessum málum, að gera sér grein fyrir því, hvað þarna sé um að ræða.

Ég vitna í þessa rökstuddu dagskrá til þess að sýna, hversu viðhorf okkar sjálfstæðismanna er nákvæmlega hið sama 1956 eins og er í dag. Það er ekki eitt í dag og annað á morgun og hefur aldrei verið. Enn fremur vil ég leyfa mér að vitna til nokkurra orða úr ræðu, sem ég flutti sjálfur 1956, einmitt um þessi mál, ekki endilega vegna þess, að ég hafi svo mikla ánægju af því að lesa upp úr minum eigin ræðum, heldur vegna þess, að hún gæti alveg eins verið flutt í dag frá orði til orðs. Það er nákvæmlega sama stefnufestan í þessum málum. Þar er m. a. sagt, að hervernd Íslands geti orðið úr sögunni, ef öryggi landsins er ekki talin hætta búin. Þetta hefur verið þungamiðjan í utanríkismálastefnunni frá því að varnarsamningurinn var gerður 1951. En hefur þá skapazt hernaðarlegt jafnvægi í Evrópu? Það væri betur, að svo væri. En hvaða upplýsingar liggja fyrir um það og hvaða tilraunir hefur forusta Íslands í utanríkismálum gert til þess að afla slíkra upplýsinga og gera Alþ. og ríkisstj. grein fyrir þeim?

Meginatriði stefnunnar hef ég í fjórum atriðum. Í fyrsta lagi, að veigamiklar ákvarðanir um öryggismál þjóðarinnar séu ekki teknar nema að vel undirbúnu og rannsökuðu máli. Í öðru lagi, að þess sé vandlega freistað að fá samstöðu lýðræðisflokkanna um þær ákvarðanir, sem teknar eru, og þetta er ekki nein tilviljun, því að við vissum ósköp vel, að hverju kommúnistarnir stefndu. Þeir voru um þetta leyti að breiða yfir sig nýja gæru, breyttu um nafn 1956. Það var ekki einn einasti kommúnisti í framboði, hefur ekki verið í áratugi hér á Íslandi, nei nei, þetta eru allt saman sakleysingjar, ganga undir einhverju fögru nafni, Sameiningarflokkur alþýðu, Alþýðubandalag eða eitthvað því um líkt. Í þriðja lagi, að áður en ákvörðun um uppsögn varnarsamningsins sé tekin, fari fram endurskoðun hans í samræmi við 7. gr. samningsins, og fyrst þegar niðurstöður þeirrar endurskoðunar liggja fyrir, séu ákvarðanir teknar um uppsögnina. Lögð sé megináherzla í fjórða lagi á, að erlendur her dvelji ekki lengur í landinu en nauðsyn krefur vegna öryggis þess, eins og fram kemur í sjálfum varnarsamningnum.

Ég vitna í þessi tvö plögg, eldri plögg, eins og ég sagði áðan, til þess að sýna það, að við höfum í öllum þeim

umr., sem hér hafa farið fram, og í okkar tillöguflutningi fylgt þeirri sömu stefnu nú og við fylgdum þá.

Um till. okkar, sem nú er til umr., á þskj. 46 þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Um efni hennar hefur þegar verið fullkomlega rætt í umr. Hæstv. utanrrh. misskildi þessa till. í upphafi umr. um hana og taldi hana vantraust á sig. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það væri mikill misskilningur að telja það vantraust á sig, að sjálfstæðismenn vildu og teldu rétt, að lýðræðisflokkarnir, sem vilja vera í NATO, legðu honum lið, ef hann óskaði þess, við þá samningsgerð, sem fram undan er. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. fallist á þessi sjónarmið, vegna þess að hann hefur á síðara stigi málsins gert till. um það, að þessi till. færi til nefndar. Ég þekki ekki það fyrirbrigði, að vantrauststillaga fari til nefndar í þingi. Ég geri þess vegna ráð fyrir því, að það verði enginn ágreiningur um það, að þessi till. fái þinglega meðferð og fari til nefndar, eins og önnur till., sem flutt er á svipaðan hátt af þm. Alþfl. hér. Við höfum einnig tekið fram í hinum ýmsu löngu umr., að auðvitað værum við til viðtals um margháttaðar breytingar á till. eða formi hennar, ef menn aðeins gætu komið sér saman um, að menn vildu stefna að einu marki við að framkvæma þá endurskoðun á varnarstöðu landsins, sem nú er gert ráð fyrir að framkvæma, í þeim tilgangi, að okkur verði ekki á neitt glapræði, sem geti veikt öryggi landsins og einnig veikt öryggi þeirra bandalagsaðila eða þeirra þjóða, sem eru í bandalagi með okkur innan Atlantshafsbandalagsins. Ég vil þess vegna leyfa mér að vænta þess, að að loknum þessum umr. verði till. vísað til hv. utanrmn. og fái hún þar sína þinglegu meðferð.

Ég vil svo ljúka máli mínu með þessum orðum, að í forustugrein Tímans í dag kemur fram undrun á því, að stjórnarandstöðublað skuli gera að umtalsefni slíkan ágreining sem nú hefur risið innan ríkisstj. varðandi samninginn við Bandaríkin um framkvæmdina á Keflavíkurflugvelli. Það má vel vera, að ósóminn, svo sem dylgjur um siðferðilegan veikleika, sé nægjanlega sterkt bindiefni til þess að halda núv. ríkisstj. saman um sinn, en ekki skyldi því gleymt, að síðar kemur að skuldadögunum, og ekki kæmi mér á óvart, þótt kommúnistarnir í ríkisstj., sem nú hafa orðið undir í átökunum við samstarfsflokkana, hugsi þeim þegjandi þörfina, þegar tækifæri býðst. Þá ætti ástúð Framsóknar að blossa upp í nýjum styrkleika eftir kenningu Tímans, því meiri ágreiningur, því meiri samstaða. Þetta er alveg nýr boðskapur í íslenzkum stjórnmálum. Það er ekki dónalegt að búa á slíku kærleiksheimili. Það eru hinar opnu dyr Alþingis, eyra þjóðarinnar og frelsi blaðanna, sem veita það aðhald, sem slíkum er nauðsynlegt, og hafa nú þegar leitt til þess, að línurnar í íslenzkum stjórnmálum og línurnar í stjórnarsamstarfinu varðandi veigamestu mál landsins, utanríkis- og öryggismálin, eru sem betur fer að skýrast.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og formönnum stjórnarandstöðuflokkanna a. m. k. hefur verið skýrt frá, verð ég því miður að víkja af þessum fundi um stund fljótlega vegna annarra starfa, sem ekki verður hjá komizt að sinna, en mig langar, áður en ég hverf af fundinum, að segja örfá orð í tilefni af því, sem fram hefur komið í þeim umr., sem átt hafa sér stað í dag, en það getur af framangreindum ástæðum ekki orðið neitt tiltakanlega löng ræða, sem kannske einu gildir nú, ef hægt er að svara þeim spurningum, sem fram hafa verið settar. Inn í þessar umr. um skipan og meðferð varnarmála og viðræður við Bandaríkin um fyrirhugaða endurskoðun varnarsamningsins, sem eru þau mál, sem hér eru á dagskrá, hafa nú blandazt miklar umr. um tiltekna verklega framkvæmd, lengingu einnar brautar á Keflavíkurflugvelli, og ég kemst ekki hjá því vegna fsp., sem til mín hefur verið beint, að gera þetta mál örlítið að umtalsefni.

Eins og hér hefur komið fram margsinnis í umr., var fyrrv. hæstv. ríkisstj. komin í samningaviðræður, ég skal ekki segja, hversu langt þær viðræður voru komnar, hv. 1. þm. Reykv. kallaði skjalið samkomulagsuppkast, ég skal þá nota það orð. Alla vega hefur því þráfaldlega verið haldið fram hér af hv. stjórnarandstæðingum, að þeir hafi verið búnir að gera a. m. k. munnlegan samning við Bandaríkjastjórn um fjármögnun þessara framkvæmda og það, sem hafi komið í veg fyrir, að ekki var undir eins sett inn ákvæði í fjárlög í Bandaríkjunum um að leggja fé af mörkum í þessa framkvæmd, hafi verið yfirlýst stefna núv. ríkisstj., og það sé vegna hennar, að fyrirvarinn alþekkti hafi verið settur í bandarísk fjárlög. Ég er nú alveg sammála hv. 7. þm. Reykv., þegar hann kallar það óviðurkvæmilegan atburð, að Bandaríkjaþing skyldi setja slíkt skilyrði í fjárlög, ef svo er, sem ég verð að trúa, að þeir hafi verið búnir að fallast á þessa aðgerð. Engu að síður var skilyrðið þarna sett, og það hefur staðið þarna og stendur raunar enn. En það gerist svo á mánudag fyrir páska, ég man nú ekki alveg, hvaða mánaðardagur það var; að þá kemur bandarískt sendiherrann í utanríkisráðuneytið og tilkynnir, að Bandaríkjastjórn sé fallin frá því að beita þessu fyrirvaraákvæði og hún vilji nú ráðast í framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli án nokkurra skilyrða og óskar samþykkis íslenzku ríkisstjórnarinnar á því. Ég hef áður gert þetta mál hér að umtalsefni að gefnu tilefni, m. a. vegna fsp. frá hv. 1. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykv., sem bar upp á sama daginn.

Það er út af fyrir sig alveg rétt, að ég sagði það í sjónvarpsþætti, sem tekinn var upp í byrjun febr., að við mundum freista þess og það mundi takast að reisa þessa margnefndu flugbrautarlengingu fyrir íslenzkt fjármagn. Ég sagði þetta ekki umhugsunarlaust og alls ekki sérstaklega umhugsunarlítið, vegna þess að í ríkisstj. höfðum við rætt það, að það þyrfti að lengja þessa flugbraut, fyrst og fremst vegna afkomu eða notagildis Keflavíkurflugvallar, einnig að nokkru vegna aukins öryggis, sem þar mundi skapast við þessa lengingu. Þessa ákvörðun tókum við, vegna þess að við tókum mark á þeim fyrirvara í bandarísku fjárlögunum, sem þar stóð. Við trúðum því, að Bandaríkin hefðu þá stefnu, að þeir vildu ekki fjármagna þessa flugbraut, nema þeir fengju fullvissu um það, að bandarískt varnarlið fengi að vera hér á Íslandi um ófyrirsjáanlega framtíð. Ég veit ekki, hvort hæstv. fyrrv. ríkisstj. hefði gengið að þessu. Mér heyrðist það á hv. 7. þm. Reykv., að hann hefði ekki viljað gera það.

Nú er sagt, að Bandaríkjamenn hljóti að túlka afstöðu Íslendinga á nýjan leik þannig, að Íslendingar séu fúsir til þess að hafa hér her um ófyrirsjáanlega framtíð. Af hverju túlka hv. stjórnarandstæðingar þetta svona núna, ef þeir eru alveg sannfærðir um það, að slíkt

skilyrði hefði aldrei verið samþykkt af þeim? Þá hefði einfaldlega engin flugbraut verið byggð, engin flugbraut verið lengd, ef menn trúa þessu. Ég held, að það sjáist alveg af þessu, hversu fráleit þessi röksemdafærsla er, ekki sízt hjá þeim mönnum, sem telja það algjöra svívirðu og óhugsandi að ganga að því, að slíkt skilyrði hefði nokkru sinni komið til tals.

Hvernig átti þá að fjármagna? Ég sagði það hér og segi enn, að ég hafði gert ráðstafanir til þess meðal samstarfsmannanna í ríkisstj., að fjármagn til flugbrautarlengingarinnar yrði tekið á framkvæmdaáætlun 1972, og sú framkvæmdaáætlun er unnin nákvæmlega eins að þessu leyti og allar fyrri framkvæmdaáætlanir, nefnilega þannig, að stjórnarandstaðan hefur ekki verið kölluð til til þess að semja þær framkvæmdaáætlanir fyrr en þeim er útbýtt á Alþ. Ef það er þetta, sem hv. 7. þm. Reykv. telur óeðlilegt við þessi vinnubrögð, þá skil ég ekki hans röksemdafærslu. En kannske er það eitthvað annað?

Hann spyr um það, við hvaða aðila ég hafi rætt. Ég hafði rætt meðal ráðh. í ríkisstj. um það að taka flugbrautarlenginguna inn á framkvæmdaáætlun, sem eru einhverjar þúsundir millj. króna. Ég skal ekki segja, hvaða niðurstaða verður þar, en var ekki framkvæmdaáætlun fyrrv. hæstv. ríkisstj., þegar allt er talið, um 4 þús. millj. króna? Ætli þessi verði miklu lægri? Ég á ekki von á því.

Ég vil nú spyrja hv. 7. þm. Reykv.: Telur hann þetta svo mikið mál og svo dýra framkvæmd, að óhugsandi sé, að Íslendingar geti af eigin rammleik lengt þessa tilteknu flugbraut? Hann svarar því væntanlega síðar. Við hefðum sem sagt, ef sá hugsanagangur væri ríkjandi, aldrei getað lengt flugbrautina á Keflavíkurvelli, nema gangast undir það, að hér yrði her einhvern tiltekinn tíma og helzt um ófyrirsjáanlega framtíð. Þessa skoðun aðhyllist ég ekki. Ég held, að við hefðum auðveldlega getað lengt flugbrautina af eigin rammleik. Ég geri ekki ráð fyrir því, að þessi flugbraut verði fullfrágengin á því ári, sem yfir stendur. Þær upplýsingar, sem ég hef um það, hvort það sé unnt af tæknilegum ástæðum, segja, að það muni eigi verða. Þess vegna var hér um það að ræða, eftir minni hugsun, að skipta þessari framkvæmd á tvö ár.

Menn hafa talað um, að þessi flugbrautarlenging kostaði 500 millj. ísl. kr. Ég vil upplýsa það, að ég hef látið gera athugun á því, hvað slík flugbrautarlenging muni kosta miðað við íslenzkan tilkostnað á þeim framkvæmdum, sem þar er um að tefla, og ég hef fengið áætlun, að vísu aðeins frá einum verkfræðingi, en hún hljóðar upp á 250 millj. ísl. kr. og er eingöngu um lengingu flugbrautarinnar. Ég held þess vegna, að enginn þurfi að undrast það, þó þeim ráðh., sem ber ábyrgð á Keflavíkurflugvelli og á að gæta hagsmunanna þar, hafi fundizt það gerlegt að útvega íslenzkt fjármagn í þessa flugbrautarlengingu, einhvers staðar nálægt 125 millj. kr. hvort árið 1972 og 1973. Þeir, sem draga það í efa, þeir sýna lítinn stórhug. Sérstaklega held ég, að þetta hefði verið mjög auðvelt og a. m. k. framkvæmanlegt, þegar það er haft í huga, að flugbrautarlengingin bætir afkomu Keflavíkurflugvallarins geysilega mikið. Ég held, að það hafi verið í blöðunum í gær, sem flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli, Pétur Guðmundsson, er inntur eftir því, hvaða nýtingarprósenta verði eftir lengingu flugbrautarinnar, og ég má segja, að hann hafi sagt, að hún yrði 99.2%, þannig að það heyrði til algjörra undantekninga, ef flugvél þyrfti að fljúga hér yfir, en nýtingarhlutfallið fram að þessu hefur verið eitthvað um 87.5%. Þó ekki verið verra en það. Samt er þarna um mikla aukningu að tefla, og ég minnist þess frá umr. hér í hv. Alþ. ekki alls fyrir löngu, að þá hafði hv. þm. Alþfl., Stefán Gunnlaugsson, mjög á hraðbergi upplýsingar um það, hversu gífurlega það mundi auka afkomumöguleika og tekjuöflun Keflavíkurflugvallar, að þessi flugbraut yrði lengd.

Ég satt að segja vona það, að þessar spurningar hv. 7. þm. Reykv. séu ekki bornar fram til þess að draga það í efa, að þessi framkvæmd hefði mátt gerast fyrir íslenzkt fé, og ég vil nú nánast leyfa mér að spyrja að því og setja fram til umhugsunar, ekki sízt þeim, sem hér hafa farið með völd lengi og á Keflavíkurflugvelli mjög lengi, hvers vegna var ekki reynt að lengja þessa braut fyrr. Ég veit að vísu, að þörf lengingar er tiltölulega nýtilkomin, vegna þess að hér hafa verið teknar í notkun stærri þotur en áður voru, en það þurfti, held ég, ekki mikinn spámann til þess að sjá þá þróun fyrir.

Þá er þriðja spurning hv. 7. þm. Reykv. út af margumtalaðri flugbraut: Hvernig er breytt afstaða Bandaríkjamanna til komin? Þessu get ég ekki svarað. Þessari fsp. verður hann sennilega að beina til stjórnvalda Bandaríkjanna. Ég hygg, að enginn Íslendingur geti svarað þessu, en ég hygg þó, að það hljóti nánast að vera, að Bandaríkjamenn hafi við nánari athugun komizt að því, að þessi flugbrautarlenging sé nauðsynleg vegna þeirrar aðstöðu, sem NATO hefur haft hér og hefur hér á Íslandi.

Þá talaði hv. 7. þm. Reykv. um það, að Alþfl. styddi niðurstöðu þá, sem ríkisstj. hefði komizt að, en vildi vita, hver rökstuðningurinn fyrir henni væri. Ég hef á skyndifundi utanrmn., sem kallaður var saman í gær, upplýst það, hvaða röksemdafærslu við ráðh. Framsfl. höfum fyrir okkar afstöðu. Hún er sú, að við teljum, að Ísland eigi áfram að vera aðili að NATO. Við viljum standa við upphaflegar skuldbindingar þess varnarsáttmála.

Hv. 7. þm. Reykv. virtist telja, að við hefðum engar skyldur gagnvart NATO, hvað snertir varnir landsins. En ég vil nú spyrja: Hver var þá ástæðan fyrir því, að þessar þjóðir sóttust eftir því, að Íslendingar gengju í NATO? Ætli það sé ekki það, að í Norður-Atlantshafssamningnum hafi þeir ákveðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis? Og framlag Íslands samkv. NATO-sáttmálanum, eins og hér hefur verið margsinnis tekið fram, var það, að veita NATO aðstöðu, „facilities", eins og nefnt er á ensku, og hér hefur verið kallað að veita aðstöðu. Sú aðstaða var framan af afnot af Keflavíkurflugvelli án herliðs, og það er fyrst þegar varnarsamningurinn 1951 er gerður, sem hér er samþ., að komi herlið. Engu að síður uppfylltum við okkar skuldbindingar gagnvart NATO frá 1949 til 1951, eins og hér hefur margsinnis verið rakið, og það er sú hugsun, sem er á bak við endurskoðunina hjá mér, að það fyrirkomulag geti aftur náð fram að ganga, m. ö. o. að við getum staðið við upphaflegar skuldbindingar án þess að þurfa að hlíta því, að herinn sé hér. Það vill enginn hafa herinn, ekki sjálfstæðismenn, ég veit að

vísu ekki um hv. 7. þm. Reykv., hann lýsti engu yfir í því efni, en hv. 1. þm. Reykv. og hv. sjálfstæðismenn margir hér hafa margsinnis gefið þær yfirlýsingar, að það væri þeirra einlæg ósk, að Ísland þyrfti ekki að hafa her, — ég man ekki, hvernig það var orðað, — a. m. k. ekki á friðartímum og jafnvel, að það væri ósk allra að losna við hann sem fyrst.

Þá hefur mikið verið talað um það, að aðferðin sjálf við ákvörðunina hafi verið mjög vafasöm og jaðri við brot á þingræði. Því hefur nú að vísu að mestu verið beint að hæstv. forsrh., ég geri kannske ráð fyrir, að hann geri því einhver skil, ég veit það ekki þó, en frá mínu sjónarmiði vil ég aðeins segja það, að ég tel, að hér hafi verið um ákvörðun að ræða, sem fyrri hæstv. ríkisstj. var búin að gera. Og spurningin hafi verið um það, hvort núv. ríkisstj. vildi leyfa framgang ákvörðunar, sem tekin var af fyrri hæstv. ríkisstj. Slíkar ákvarðanir hafa fleiri komið til kasta núv. ríkisstj. og hafa verið leyfðar. Það hefur ekkert fjaðrafok orðið um þær hér á hv. Alþ.

En hvað á að álíta um styrkleikahlutföll á Alþ. og fylgi á Alþ. við þessa ákvörðun? Er ekki skynsamlegt að gera sér grein fyrir því, að fyrrv. stjórnarflokkar höfðu gert samkomulagsuppkast eða samning um þessi atriði? Var ekki óhætt að gera ráð fyrir því, að þeir væru enn sömu skoðunar um þau atriði, sem þeir sjálfir höfðu samið um? Þeir verða náttúrlega að svara því, ef þeim hefur snúizt svo hugur, að þeir vilji nú ekki ljá þessu máli brautargengi á Alþ. Þá er alltaf þetta ráð til, sem hv. 7. þm. Reykv. minnti réttilega á, að bera fram vantraust á ríkisstj. vegna þessa tiltekna máls og koma henni þannig frá. En ég minnist þess, að í grein, sem hv. 1. þm. Sunnl. skrifaði 19. febr. s. l. og var nú raunar rakin hér að verulegu leyti af hv. 1. þm. Reykv., fjallar hv. 1. þm. Sunnl., hæstv. fyrrv. samgrh., Ingólfur Jónsson, um þessa margnefndu framkvæmd og dregur það fram, sem komið hafði fram í sjónvarpsþáttum, annars vegar, að ég hafi talið, að auðvelt væri og sjálfsagt, ef ekki vildi annað til, að fjármagna þetta með innlendu fé, en hins vegar, að samgrh. núverandi hafi talið eðlilegt, að flugbrautarlengingin yrði kostuð í samræmi við fyrri samninga. Um þetta hefur hv. 1. þm. Sunnl. þetta að segja, með leyfi forseta:

„Undir það mun mikill meiri hluti Íslendinga taka, því íslenzkt fjármagn er mjög takmarkað en verkefnin mörg. Það verður að ætlast til þess, að ríkisstj. vinni að þessu máli af skynsemi og festu, og verði það gert, þarf ekki að taka innlent fjármagn til framkvæmda á Keflavíkurflugvelli frá öðrum aðkallandi verkefnum."

Ég held, að það sé alveg ljóst, eins og svo oft hjá þessum hv. þm., og alveg ótvírætt, hvað hann meinar, og menn þurfi ekki að fara mikið í grafgötur um hans afstöðu til þessa tiltekna máls.

Ég held þá, að ég hafi í örstuttu máli svarað þeim fsp., sem hv. 7. þm. Reykv. setti fram og beindi sérstaklega til mín.

Mig langar þá aðeins að víkja í örstuttu máli að því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér. En raunverulega hef ég ekki mikið um hans málflutning að segja. Hann rakti stefnu Sjálfstfl. í varnarmálum á nokkru árabili, og við það hef ég engu að bæta. En ég tók eftir því, að þau ár, sem hann vitnaði til sérstaklega um það, hver stefna Sjálfstfl. hefði verið í varnarmálum, var annars vegar 1956, ef ég man rétt, og hins vegar núna 1971 eða 1972. Og það er alveg rétt, að í þessari stefnu er hið ákjósanlegasta samræmi. En mér verður þá á að spyrja: Hvað hefur hv. Sjálfstfl. aðhafzt af því, sem hann telur nú og taldi 1956 alveg höfuðnauðsyn að gera í sambandi við endurskoðun varnarliðs, til þess að ná fram því stefnumarki sjálfstæðismanna, að hér þyrfti ekki að vera her? Ég veit ekki, hvað hefur verið gert af því. En hitt veit ég, að það hefur mjög lítið verið látið vita af því almennt. Fólk hefur lítið fengið að fylgjast með því, hvaða athuganir það eru, sem hafa leitt til þess á þessu tímabili öllu, að ekki hefur verið talið fært að endurskoða varnarsamninginn eða breyta honum í neinu, sem verulegu máli skiptir. En ég vil trúa því engu að síður, að þessi endurskoðun hafi verið í gangi hjá hv. sjálfstæðismönnum, því að annars hefðu þeir svikið þessa stefnu, sem er svona einstakt samræmi í. Því vil ég ekki að óreyndu trúa. En hitt bendi ég á, að fólkið í landinu hefur lítið fengið að vita um það og það hefur lítið orðið vart við tilburði sjálfstæðismanna til þess að endurskoða þetta allt saman í því skyni að koma stefnumálinu fram, að herinn þurfi ekki að vera hérna.

Það er spurt um það, hver sé tilgangurinn með endurskoðuninni. Ég get endurtekið það einu sinni enn, að tilgangurinn með endurskoðuninni er sá, að kanna það, hvort ekki sé hægt að koma því svo fyrir, að Íslendingar uppfylli skuldbindingar sínar við NATO, án þess að hér þurfi að vera erlent herlið, og ég segi það hvar sem er, og ég skammast mín ekki fyrir það, að það er mín bjargföst trú, að slíka könnun beri að framkvæma. Og ég segi það enn þá og aftur að marggefnu tilefni, að slík ákvörðun hefur ekki valdið hneykslun erlendis, hún hefur ekki spillt sambandi okkar við hinar svokölluðu vestrænu lýðræðisþjóðir og hún hefur ekki minnkað álit Íslendinga erlendis, þar sem mér er kunnugt um.

Hv. 1. þm. Reykv. kallar þetta barnaskap af mér að setja þetta fram. Hann gerir það í grein, sem hann skrifar á skírdag. Það verður þá að hafa það, þótt það sé kannske barnalegt að óska eftir því, að þessum málum sé hægt að koma betur fyrir. En ég er sannfærður um, að það vekur ekki undrun og ekki heldur hneykslun hjá þeim, sem þessi endurskoðun beinist að. Það hef ég enga ástæðu til að ætla og jafnvel öðru nær.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hér ætti ekki að sigla undir fölsku flaggi. Ég tek það ekki til mín, að hér sé siglt undir fölsku flaggi. Ég hef reynt að gera hv. Alþ. þrásinnis grein fyrir því, að hverju mín endurskoðun á varnarsamningnum eigi að beinast og hver sú niðurstaða sé, sem ég vonast eftir að geti komið út úr því dæmi. Og hver er hún? Nákvæmlega það, sem hv. 1. þm. Reykv. lýsti sem háleitu stefnumarkmiði sjálfstæðismanna, þ. e. að við getum uppfyllt skyldur okkar við NATO, án þess að hér þurfi að vera erlent varnarlið eða erlent herlið.

Það væri vissulega freistandi fyrir mig að ræða nokkru nánar þau atriði, sem þessi endurskoðun beinist að, og ég mundi gera það alveg í áreitnislausu máli, en ég hef ekki tíma til þess núna. En ég vil þó aðeins víkja að því, sem er fyrsta atriðið í rökstuðningi hv. sjálfstæðismanna, en það var, hvernig ástatt væri í alþjóðamálum. Ástandið í alþjóðamálum í okkar heimshluta hefur almennt, hvar sem litið er, verið talið mjög batn-

andi að undanförnu — mjög batnandi. Um þetta get ég vitnað til fjölda ræðna þeirra manna, sem með þessi mál fara erlendis. Ég ætla einungis að vísa í þessu sambandi til ræðu, sem utanrrh. Svía hélt þann 23. f. m. í almennri utanríkismálaumræðu í sænska þinginu. Þar var það hans álit, að ástandið í okkar heimshluta hefði sjaldan verið betra en það er nú. Ég ætla líka að leyfa mér að vitna á ný til ræðu, sem Andreas Cappelen utanrrh. Norðmanna hélt við svipað tækifæri í norska þinginu. En ég vil nefna þessi frændríki okkar bæði, vegna þess að milli þeirra skilur það, eins og allir vita, að Norðmenn eru meðlimir í NATO, en Svíar standa á eigin fótum. Þess vegna hef ég freistazt til þess að álykta, að ástandið í alþjóðamálum að því er snertir okkar hluta veraldarinnar sé svo mikið batnandi, að það gefi rökstuddar vonir til þess að ætla og vona, að á þessum málum, sem hér hafa orðið aðalumræðuefnið í vetur, geti orðið breyting í þá átt, sem ríkisstjórnarsamningurinn fjallar um. Að vísu hafa orðið ýmsir atburðir, sízt skal ég neita því, sem draga úr þessum björtu friðarhorfum. Það þarf ekki að fara lengra aftur í tímann en nokkra mánuði, þegar út brauzt stríð milli Indverja og Pakistana, og upp úr því var stofnað nýtt ríki. Enn þá nýrra dæmi er auðvitað ófriðurinn í Víetnam, sem hefur blossað upp af endurnýjuðum krafti og enginn veit, hvaða afleiðingar kann að hafa. Allt þetta verður auðvitað að taka með í myndina, ég skal síður en svo neita því, en ég vonast til þess, að öllum hv. íslenzkum alþm. finnist það ekki óeðlilegt miðað við gang mála í V.-Evrópu, að menn leyfi sér að hafa vonir um það, að varnarmálum Íslendinga sé hægt að breyta til betra horfs.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þessi mál að svo stöddu fleiri orð. Þær till., sem hér eru til umr., hafa nokkuð fallið í skuggann. Ég get endurtekið það, sem ég hef áður sagt hér, að enda þótt ég telji alveg reginmun á þessum till., þar sem önnur er að mínu mati fráleit, en hin fyllilegrar athygli verð, þá mun ég ekki fyrir mitt leyti hafa á móti því, að till. fái þinglega meðferð báðar og að þeim verði að lokinni þessari umr. báðum vísað til hv. utanrmn.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil í upphafi beina athygli hæstv. forseta að mjög svo ruddalegum ummælum, sem fram komu hér í ræðu hv. þm. Jóhanns Hafstein, þegar hann gaf í skyn, að í ríkisstj. sætu menn, sem væru erindrekar erlends valds og sætu í ríkisstj. samkv. boði þessa valds og mundu vilja hafa erlenda herstöð þessa valds í landinu. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann telji munnsöfnuð af þessu tagi í samræmi við ákvæði þingskapa um þinglega aðferð við umr. hér á þingi. En þessi ummæli hv. þm. um tengsl við erlenda aðila beina athyglinni eða rifja upp, hvernig háttað hefur verið stjórnarandstöðu Sjálfstfl. og Alþfl. á þessu þingi. Sú andstaða hefur verið mjög í molum, eins og menn vita, og erfitt að finna í henni nokkra tiltekna stefnu. En það er eitt, sem hefur gengið í gegn eins og rauður þráður alla tíð, að í hvert einasta skipti, sem fulltrúar Sjálfstfl. hér hafa ímyndað sér, að ríkisstjórn Íslands væri að taka aðra afstöðu en ríkisstjórn Bandaríkjanna, hafa þeir komið hoppandi hér upp í ræðustólinn til þess að berjast gegn því, að Íslendingar hefðu sjálfstæða afstöðu. Þetta byrjaði á fyrstu dögum þingsins, þegar hv. þm. Ellert B. Schram kom hingað til þess að mótmæla því, að Íslendingar fylgdu aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum. Þetta hefur haldið áfram alla tíð síðan. Ég er ekki að halda því fram, að þetta stafi af því, að hv. þm. Jóhann Hafstein og félagar hans fylgi einhverjum fyrirmælum Bandaríkjastjórnar. Mér dettur satt að segja ekki í hug, að bandarískir ráðamenn leggi sig niður við það að ræða við þessa hv. þm. Hins vegar eru þeir að ímynda sér, hvað muni henta, hvað muni vera í samræmi við afstöðu valdamanna í Washington. Þetta er ímyndun þeirra sjálfra, enda standa þeir hér uppi aftur og aftur eins og þvörur, eins og afturgöngur frá tíð kalda stríðsins, einmitt á þeim tíma, þegar bandarísk stjórnvöld eru sjálf að breyta afstöðu sinni í mjög veigamiklum atriðum.

Þessi afstaða Sjálfstfl. hefur náð hámarki með þeirri till., sem hér er til umr. Á það hefur verið bent hér rækilega áður, og ég þarf ekki að ítreka það, að þessi till. gengur í berhögg við grundvallarreglur lýðræðis og þingræðis. Hún gerir ráð fyrir því, að í stað ákvæðis stjórnarskrárinnar um jafnan rétt allra Íslendinga, verði tekin upp hollusta við Atlantshafsbandalagið sem mælikvarði á það, hvort menn megi fjalla um mikilvæg þjóðmál. Þetta er afstaða, sem við þekkjum frá miðöldum eða frá einræðisríkjum. En það er hreinlega til vanvirðu bæði við íslenzku þjóðina og við Alþingi, að slík till. skuli vera flutt og um hana skuli vera fjallað hér endalaust. Það ætti að vera búið að vísa þessari till. frá fyrir löngu til þess að rétta við sóma Alþingis gagnvart þjóðinni.

Inn í umr. um þessa till. til þál. hafa blandazt atburðir, sem nýlega hafa gerzt, þ. e. tilboð Bandaríkjastjórnar um að greiða fyrir tilteknar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og ágreiningur, sem komið hefur upp innan ríkisstj. í þessu sambandi.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði, að það væri algjört nýmæli í stjórnmálasögu Íslands, að afstaða til slíkra mála væri tekin með ágreiningi í ríkisstj. og greint frá ágreiningnum fyrir opnum tjöldum. Ég er nú ekki svo kunnugur stjórnmálasögu Íslendinga, að ég geti rakið það, hvaða fordæmi kunni að vera fyrir slíku. Þó hygg ég, að þau megi auðveldlega finna. Hitt skiptir þó miklu meira máli, að samkv. minni hyggju er hér um að ræða alveg sjálfsagða aðferð. Ég tel, að það eigi að fjalla um stjórnmál fyrir opnum tjöldum. Ég tel, að þjóðin eigi heimtingu á að fá að vita um afstöðu flokka og manna til mikilvægra mála og það eigi að skýra hreinskilnislega frá því, ef upp kemur ágreiningur t. d. innan ríkisstj. um það, hvaða afstöðu eigi að taka til tiltekinna mála.

Það er alveg rétt hjá þessum hv. þm., að þannig var ekki að málum staðið í tíð fyrrv. ríkisstj. Í tíð viðreisnarstjórnarinnar heyrði maður einatt á þm. Alþfl. hér í hliðarherbergjum, að þeir kveinkuðu sér undan því, að þeir hefðu verið á móti málum, sem samþykkt voru í ríkisstj., en höfðu ekki djörfung til þess að skýra frá því opinberlega, að þeir væru andvígir slíkum málum. Það var þess vegna, að Alþfl. fékk þá útreið, sem hann fékk í kosningunum í fyrra, og það var þess vegna, sem varaformaður Alþfl. skýrði frá því hér í þingbyrjun, að nú væri ástæða fyrir flokkinn að fara að endurhæfa sig. En á þá endurhæfingu var bundinn bráður endir, þegar

formaður flokksins kom heim, því að hann hefur fylgt hv. þm. Jóhanni Hafstein eftir í hverri einustu vitleysu, sem þessi hv. þm. hefur gert sig sekan um hér á Alþingi.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði, að við ráðherrar Alþb. hefðum sagt, að það væri ósamrýmanlegt sjálfstæðri íslenzkri utanríkisstefnu að taka við gjafafé frá erlendum aðilum. Þetta er nú ekki rétt eftir haft. Við sögðum, að það væri forsenda fyrir sjálfstæðri íslenzkri utanríkisstefnu, að Íslendingar legðu sjálfir fram fé til mikilvægra framkvæmda, en þægju það ekki frá öðrum. Þetta er atriði, sem hefur verið ágreiningsefni hér á Íslandi núna í aldarfjórðung. Það hófst skömmu eftir stríð. Þegar Marshallaðstoðin var sett á stofn, þá hófust deilur hér á landi um það, hvort Íslendingar ættu að vera aðilar að því kerfi eða ekki. Þá var það afstaða Sjálfstfl., að við ættum að gerast aðilar að þessu kerfi sem veitendur, en ekki sem þiggjendur. Þá voru Íslendingar vel efnuð þjóð í samanburði við þær þjóðir, sem urðu að ganga í gegnum hörmungar styrjaldarinnar, og hv. þm. Bjarni heitinn Benediktsson sagði, að við ættum að fara inn í Marshallkerfið sem veitendur, en ekki sem þiggjendur. En hver varð raunin? Raunin varð sú, að við þágum meira fé en nokkur önnur þjóð úr þessu kerfi að tiltölu við fólksfjölda. Og síðan, í 25 ár, hefur það verið háttur allra ríkisstjórna á Íslandi að sækjast eftir eða þiggja í sífellu fjármuni frá erlendum aðilum, og við höfum seilzt svo langt, að það hefur verið til hreinnar vansæmdar. Við höfum meira að segja seilzt í sjóði, sem hafa verið stofnaðir til þess að hjálpa þjóðum, sem voru alveg sérstaklega fátækar, og ég tel, að það sé sannarlega tími til kominn, að við hættum þessari iðju. Þjóðartekjur á mann á Íslandi eru einhverjar þær hæstu í heimi. Ég held, að við séum þriðja eða fjórða þjóð í röð hinna ríkustu að því er varðar þjóðartekjur á mann, og við eigum sannarlega að vera menn til þess að leggja fram sjálfir þá fjármuni, sem við þurfum á að halda til mikilvægra framkvæmda á Íslandi.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason var einnig með mjög dularfullar stjórnlagalegar bollaleggingar í sambandi við það, að ágreiningur hefði komið upp í ríkisstj., og spurði, hvernig ætti þá að taka á málum, ef stjórnarandstaðan væri sammála minni hl. ríkisstj. í slíkum tilvikum. Auðvitað mundi slíkum málum verða vísað til Alþ., og Alþ. mundi skera úr. Það er ósköp einfalt að láta það koma í ljós, hvar meiri hl. Alþ. er hverju sinni.

Hér hefur verið rætt um nauðsyn verulegra framkvæmda á Keflavíkurflugvelli, og ég er sammála því, að það hefur lengi verið mikil nauðsyn að bæta þann flugvöll. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og raunar hv. þm. Jóhann Hafstein einnig héldu því fram, að það hefði verið skylda Bandaríkjastjórnar að standa að framkvæmdum á vellinum. Hafi það verið skylda Bandaríkjastjórnar, hefur sú skylda verið rækt ákaflega illa, því að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði, að Keflavíkurflugvöllur hefði eftir stríð verið einhver fullkomnasti flugvöllur í heimi, en væri núna þriðja eða fjórða flokks flugvöllur. En ástæðan fyrir því, að Bandaríkjamenn hafa verið tregir til þess að leggja fram fé í lengingu flugbrautar, er sú, að lenging flugbrautar er fyrst og fremst nauðsyn í sambandi við almenna farþegaflugið á vellinum, og þeir hafa ekki talið, að slík lenging væri nauðsynleg fyrir herflugvélar sínar.

Fyrrv. ríkisstj. gerði afar einkennilegan bráðabirgðasamning við Bandaríkin um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Þetta samkomulag var í því fólgið, að Bandaríkjamenn áttu að taka að sér að lengja hina margumtöluðu þverbraut, en á móti áttu Bandaríkin að fá flugstöðvarbygginguna í sínar hendur, þá flugstöðvarbyggingu, sem Íslendingar eiga þarna. Síðan áttu Íslendingar sjálfir að byggja nýja flugstöðvarbyggingu á sinn eigin kostnað. Ég held, að meira að segja peningalega hafi þetta dæmi komið ákaflega einkennilega út.

En meginatriðið í sambandi við Keflavíkurflugvöll er það, að það er alveg augljóst mál, að flugvöllurinn kemur til með að hafa sívaxandi hlutverki að gegna á næstu árum. Þar er nú þegar orðin mjög veruleg farþegaumferð, og sérfræðingar erlendir, sem um það hafa fjallað, spá því, að þarna verði ákaflega ör þróun á næstunni og að Keflavíkurflugvöllur geti orðið ákaflega mikilvægur millilendingarstaður í sambandi við flugferðir yfir Atlantshaf. En forsenda þess, að völlurinn geti gegnt þessu hlutverki, er sú, að hann verði þá starfræktur á eðlilegan hátt sem farþegaflugvöllur. Herstöð og herlið á vellinum er þröskuldur fyrir slíkri þróun. Það er forsenda fyrir því, að við getum byggt flugvallarreksturinn upp sem eðlilegan atvinnurekstur og raunar stóratvinnurekstur á okkar mælikvarða, að herinn fari.

Það eru þessi atriði, sem ollu því, að við ráðherrar Alþb. lögðumst gegn því, að tilboði Bandaríkjanna væri tekið, og töldum, að við Íslendingar ættum sjálfir að ráðast í þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru á Keflavíkurflugvelli. Það er ekki annað en algjör minnimáttarkennd að halda því fram, að við séum ekki menn til þess að rísa undir þeim framkvæmdum.

Hér hefur mikið verið talað um ákvæði stjórnarsáttmálans um brottför hersins og hvernig eigi að túlka þau ákvæði. Satt að segja er ég fyrir löngu orðinn leiður á þeim orðhengilshætti, sem menn hafa ástundað í sambandi við það. Þessi ákvæði eru ákaflega skýr, það á að taka samninginn við Bandaríkin til endurskoðunar, eins og ákvæði hans segja fyrir um, í því skyni, að herinn fari úr landi. M. ö. o., þess verður freistað að ná samkomulagi við Bandaríkin um það, að herinn fari. Ef þetta samkomulag næst ekki, á að segja samningnum upp í þessum sama tilgangi. Það er alveg ástæðulaust að vera að teygja þessi orð út og suður. Ég vil lýsa því sem minni skoðun, að ég hef alltaf verið sannfærður um það, að hægt sé að taka upp alveg eðlilegar viðræður við bandarísk stjórnarvöld um þetta mál. Það hefur ekki komið upp nein vanstilling hjá bandarískum stjórnarvöldum eða í bandarískum blöðum vegna þessa ákvæðis í stjórnarsáttmálanum. Þar hafa ekki heyrzt nein slík ummæli eins og þau, sem hv. þm. Jóhann Hafstein lætur sér sæma að viðhafa hér á Alþingi Íslendinga. Þessu ákvæði hefur verið tekið mjög rólega, einmitt vegna þess, að Bandaríkjamenn eru sjálfir að endurskoða allt herstöðvakerfi sitt. Þeir líta orðið á það sem úrelt, kostnaðarsamt og úrelt, og þeir eru opnir fyrir því að ræða um endurskoðun á þessu kerfi. Á hinu vil ég vekja athygli, að hv. stjórnarandstæðingar eru að veikja samningsaðstöðu Íslendinga við Bandaríkin með málflutningi sínum hér á Alþ. Þeir eru að reyna að koma í veg fyrir það, að ríkisstj. nái árangri í viðræðum

við Bandaríkin. Slík framkoma er óþjóðholl í mesta máta. Það er raunar ákaflega óþjóðhollt líka, þegar varaformaður Sjálfstfl., hv. þm. Geir Hallgrímsson, lætur sér sæma að mæta á þingmannafundi NATO til þess að bera fram klögumál á íslenzku ríkisstjórnina þar og til þess að leita liðsinnis erlendis í deilumálum hér á Íslandi. Þegar íslenzkir þm. leita út fyrir landsteinana um liðsinni vegna íslenzkra ágreiningsmála, er okkar málum illa komið. Við verðum að vera menn til þess að leysa vandamál okkar sjálfir og eigum að forðast það að gera erlenda aðila að beinum aðilum að slíkum vandamálum.

Það hefur komið mjög fram í þessum umr. og raunar löngum áður, sem stóð í samþykkt ungra sjálfstæðismanna í haust, að verkefni Sjálfstfl. ætti að vera það að bera róg á milli stjórnarflokkanna og reyna að vekja úlfúð á milli einstakra manna í ríkisstj. Þessari samþykkt ungra sjálfstæðismanna hefur verið fylgt dyggilega bæði af formanni Sjálfstfl. og öðrum þm. þess flokks. En ég vil greina frá því hér, að þessi aðferð Sjálfstfl. hefur haft alveg þveröfug áhrif. Innan ríkisstj. er mjög traust samstaða um öll þau vandamál, sem ríkisstj. hefur orðið að fjalla um, og enda þótt upp hafi komið ágreiningur um þetta mál, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, þá er hitt að sjálfsögðu algjört meginatriði, að ríkisstj. í heild er staðráðin í því að framkvæma fyrirheitið um brottför hersins á kjörtímabilinu.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að ég tel, að einmitt þetta atriði, brottför hersins, sé ákaflega veigamikið fyrir alla framtíð íslenzku þjóðarinnar.

Það kom fram hér áðan, og um það hefur stundum verið spurt, hvort hér væri um að ræða hernám eða hervernd. Nú ég vil ekki fara út í neinn orðhengilshátt, en ég vil minna menn á það, að þegar herinn kom hingað vorið 1951, þá var gengið í berhögg við ákvæði stjórnarskrárinnar. Utanrmn. var ekki kvödd saman til að fjalla um það mál og Alþingi ekki heldur. (Gripið fram í.) 1951, já, um haustið, mörgum mánuðum eftir að herinn kom. En þá var því lýst yfir einnig af ráðamönnum Sjálfstfl., að þessi herseta væri ill nauðsyn og hún ætti aðeins að standa skamma hríð. Hún hefur nú staðið í 20 ár, og hún hefur sundrað þjóðinni á ákaflega háskalegan hátt. Hún hefur valdið því, að upp hafa risið mjög annarlegir múrar, bæði á milli manna og flokka, múrar, sem ég tel vera ákaflega óeðlilega. Hún hefur valdið því, að hér hefur skapazt eitrað andrúmsloft aftur og aftur, og ég held, að ef við sem þjóð ætlum okkur að halda velli, þá þurfum við að uppræta andrúmsloft af þessu tagi, andrúmsloft eins og það, sem hv. þm. Jóhann Hafstein lifir og hrærist í. Ég held, að það sé orðin mikil nauðsyn, að við setjum okkur það mark aftur, sem við settum okkur, þegar við stofnuðum lýðveldi á Íslandi, að við ætluðum okkur að lifa hér til frambúðar einir og frjálsir í landi okkar.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls láta í ljós þá skoðun mína, að ég hefði kosið aðra leið en þá, sem ríkisstj. valdi í sambandi við hið svokallaða þverbrautarmál á Keflavíkurflugvelli. Til þess liggja ýmsar ástæður, en þó einkanlega tvær, sem hér skal nú greina.

Í fyrsta lagi hefur mér skilizt, að þessi lenging þverbrautarinnar væri fólgin fyrst og fremst í að auðvelda risaþotum lendingu og yrði til aukinnar tekjuöflunar fyrir þjóðina. En ég tel einmitt, að eitt erfiðasta vandamálið í sambandi við brottvikningu varnarliðsins sé sá þáttur, sem varnarliðið er í efnahagslífi þjóðarinnar. Í öðru lagi þykir mér ekki loku fyrir það skotið, að það yrði örlitlu minna svigrúm til athafna varðandi brottvikningu varnarliðsins eftir að þetta framlag hefur verið innt af hendi. En aðalatriðið er þó hitt, að ríkisstj. hefur um leið og gengið var frá þessari samningsgerð tekið skýrt fram, að þetta haggi í engu þeirri ákvörðun hennar að halda fast við ákvæði stjórnarsáttmálans um það að standa að endurskoðun og uppsögn varnarsamningsins frá 1951. Það er að sjálfsögðu meginatriði, og ber að fagna því, að þessum tveimur málum, annars vegar lengingu þverbrautarinnar og hins vegar stefnuskrármálinu varðandi varnarliðið, er haldið algjörlega aðgreindum. Þess vegna tel ég, að vel horfi um það mál.

Það, sem ég vil einkanlega tala um í sambandi við öryggismálin, er ekki sízt málflutningur fyrirsvarsmanns Alþfl. Mér hefur komið nokkuð á óvart, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason skuli koma hér fram sem einhver herskáasti hersetumaður í stjórnarandstöðunni. Ég vil minna á, að þingsaga þessa hv. þm. segir í raun og veru allt aðra sögu. Hann átti t. d. mikinn þátt í því, að ég hygg, að ganga frá þáltill. árið 1956, þar sem fjallað var um stefnu Íslendinga í utanríkismálum og um meðferð varnarsamningsins við Bandaríkin, og ég vil leyfa mér að minna á þessa þáltill. Alþfl., þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsingar um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja, þó ekki hernaðarstörf, og herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins."

Það má segja, að þetta sé algjörlega samhljóða því ákvæði í stjórnarsamningnum að víkja hernum af landi brott. Síðan hafa hlutir þróazt þannig í íslenzkum stjórnmálum, að Framsfl. hefur tekið þetta upp að nýju, þó að ekkert hafi orðið úr framkvæmdum í hinni fyrri vinstri stjórn, SF hafa þetta líka á stefnuskrá sinni og Alþb. Það má segja, að allir þessir flokkar þrír hafa haft nokkurt samræmi í stefnumálum sínum. Hins vegar gegnir allt öðru máli um Alþfl., og mér er ekki alveg ljóst, hvað þessu veldur. Ég vil þó leyfa mér að benda á, að Alþfl. stóð árið 1956 að myndun kosningabandalags með Framsfl., og þá þurfti að ganga af Þjóðvarnarflokknum dauðum. Það tókst, en ekki urðu efndirnar á þessu neinar að koma hernum á brott. Ég hygg nú, að það væri mál fyrir Alþfl. að taka höndum saman við vinstri flokkana um þetta baráttumál heldur en að stíga hér stríðsdans með Jóhanni Hafstein.

Það er sannast mála við þessar umr., að við gerum okkur flestir, ef ekki allir, ljóst, að útþenslustefna Rússa, þar sem þeir hafa með ofbeldi lagt undir sig lönd og landssvæði, er forkastanleg, og auðvitað ber okkur að sporna gegn slíku valdaráni sem Rússar hafa ástundað á undanförnum áratugum. En eins og ég benti

á hér áður við umr., verðum við líka að gæta þess, að Bandaríkin eru stórveldi og þau hafa gripið til í vissum skilningi svipaðra aðferða og Rússar víðs vegar í veröldinni. Ég held nefnilega, að það sé skylda jafnaðarmanna að fordæma bæði valdarán af hendi rússneskra kommúnista og bandarískra kapítalista. Ég held, að það sé algjör misskilningur hjá jafnaðarmönnum að kasta sér í faðm Bandaríkjamanna umræðu- og gagnrýnislaust og fordæma svo allt á annan veginn, en ekkert á hinn veginn, og ég veit ekki betur en þjóðmálastefna jafnaðarmanna geri ráð fyrir því að hasla sér völl einmitt þar á milli. En það segja sumir menn, að jafnaðarmennskan hafi týnzt einhvers staðar á leiðinni fyrir Alþfl., og mér sýnist nú, að þessi hermál sanni það nokkuð gaumgæfilega.

Mergurinn málsins er náttúrlega sá, að þessi varnarstöð á Keflavíkurflugvelli er ekki til öryggis fyrir þjóðina á atóm- og vetnissprengjutímum, heldur stafar af henni feikileg hætta. Þetta er grundvallaratriði, og við eigum fyrst og fremst að hugsa um öryggi þjóðarinnar.

Gylfi Þ. Gíslason lét þau orð falla, að fyrir honum og Alþfl. væri meginröksemdin fyrir dvöl varnarliðsins hér að raska ekki valdajafnvægi í heiminum. Nú er ekki lengur talað um öryggi þjóðarinnar. Hvernig stendur á því? Það er talað um valdajafnvægi í heiminum. Ég vil í þessu sambandi minna á sjónvarpsviðtal við Benedikt Gröndal. Þá kom þessi sama skoðun fram, og þá þótti honum skiljanleg og jafnvel eðlileg innrás Rússa í Tékkóslóvakíu, einmitt af því að Rússar voru að tryggja valdajafnvægi í heiminum. Við höfum ekki leyfi til þess að afsaka yfirgang stórvelda og stirðnuð hernaðarbandalög á þeirri forsendu, að við séum þar með að styðja að valdajafnvægi í heiminum. Og hvað leiðir af því, ef við ætlum að hafa varnarlið til þess að halda óbreyttu valdajafnvægi í heiminum? Við yrðum að horfast í augu við það, að stórveldin, Bandaríkjamenn og Rússar, vilja viðhalda valdajafnvægi sín á milli í heiminum, þeir vilja skipta veröldinni upp á milli sín og hafa reyndar gert það. Þeir vilja viðhalda hernaðarblokkunum. Eigum við að hugsa alveg eins og stórveldin vilja? Það er spurningin. Erum við orðnir það samdauna þessum hugsunarhætti? Það er enginn vafi á því, að flestallar þjóðir í NATO og flestallar þjóðir í Varsjárbandalaginu vilja gjarnan leysa þessi bandalög upp að meira eða minna leyti, en það eru stórveldin, sem ráða stefnunni, Rússar og Bandaríkjamenn, sem standa gegn því, að þessi bandalög séu leyst upp, einmitt af því að þau tryggja þeim sjálfum valdaaðstöðu í veröldinni og krefjast síðan, að aðildarþjóðirnar fari í einu og öllu eftir vilja þeirra. Það hefur tekizt, því að íslenzkir jafnaðarmenn, ég tala nú ekki um sjálfstæðismenn, telja alveg sjálfsagt, að við förum í einu og öllu eftir vilja stórveldanna.

Ég ætla ekki að fjalla meira um þetta mál að neinu ráði, því að ég hef talað áður við þessar umr., en ég vil bara benda á það, að mér sýnist þessir tveir hv. þm., Jóhann Hafstein og Gylfi Þ. Gíslason, dansa hér sama dansinn í þingsölunum. Það má kalla þennan dans brúðardansinn, en mér er óljóst, hvor er brúðguminn og hvor er brúðurin, og mér er líka óljóst af málflutningi þeirra, hvor þeirra er í raun og veru Alþýðuflokksmaður og hvor þeirra er Sjálfstæðisflokksmaður. Ég held, að þetta sé mjög óheppileg þróun, einkanlega þar sem við jafnaðarmenn erum nú að ræða um sameiningu, þá held ég, að það sé ákaflega óhollt fyrir Alþfl. eftir að hafa alizt í 12 ár við brjóst Sjálfstfl. að halda því svo áfram í stjórnarandstöðunni. Ja, hvað verður þá um Alþfl.? Væri nú ekki ráð fyrir Alþfl. að taka þátt í ríkisstjórn með skörungsskap með vinstri mönnum í landinu og leggja þannig drög að því, að við jafnaðarmenn getum orðið það afl í íslenzkum stjórnmálum, sem við allir óskum og vonumst eftir?

Haukur Hafstað: Herra forseti. Till. sú til þál., sem er hér til umr., þ. e. till. þeirra 10 sjálfstæðismanna, er vissulega þess eðlis, að ástæða sé til þess að hafa um hana ítarlegar umr., ekki eingöngu vegna þess máls, sem hún fjallar um, heldur einnig vegna þess, hvers eðlis till. er. Þar er beinlínis lagt til, að lýðræðisleg vinnubrögð verði látin lönd og leið, en í þess stað tekin upp ólýðræðisleg þvingun, sem í alla staði er ósamboðin virðingu Alþingis.

Það er svo sem ekkert nýtt, að hin svonefndu öryggismál hljóti óvenjulega afgreiðslu hér á Alþ., þá sjaldan þau hafa verið til afgreiðslu. Allt frá upphafi eða í okt. 1946, þegar hv. 32 þm. samþykktu Keflavíkursamninginn, hefur verið farið með þessi mál sem feimnismál, bæði á Alþ. og í ríkisstj. Það er því vissulega gleðilegt, að sú stjórn, sem nú hefur tekið við, vill hafa annan hátt á og ræða þessi mál fyrir opnum tjöldum. Og það er vissulega þörf á því að rifja upp ýmsa þætti í sögu þessara mála, og ég mun leitast við að gera það nú í nokkrum orðum, þó að það verði aðeins smáviðauki við þá mannkynssögu fyrir byrjendur, sem hv. 5. þm. Reykn. hefur samið og las hér um daginn. Einnig vill svo vel til, að þjóðin getur líka fengið aðra upprifjun frá þessum dögum með því að fara á Atómstöðina í Iðnó og heyra þar og sjá, hvað skáldið Halldór Laxness hafði þá að segja. Þeir Íslendingar, sem ekki muna þá daga, eiga vissulega erindi í Iðnó nú.

Aðeins fáum árum eftir stofnun lýðveldisins undirgengust alþm. afsal landsréttinda, þrátt fyrir víðtæk mótmæli, víðtækari mótmæli en þekkzt hafa í sögu þjóðarinnar, fjöldafundi, allsherjarverkföll. Ekkert fékk stöðvað þessa furðulegu samþykkt, þessi ógæfuspor, sem stigin voru þá, og þjóðin var aldrei spurð. Síðan þetta gerðist, hefur íslenzk þjóð ekki átt óskoraðan rétt yfir landinu, síðan þá hefur það verið íslenzkum stjórnvöldum um megn að reka sjálfstæða utanríkis- og efnahagspólitík. Síðan þá hafa íslenzkar ríkisstjórnir ljóst og leynt orðið að taka mið af óskum hins erlenda stórveldis, sem hér hefur dvalið í landinu. En e. t. v. er það alvarlegast og afdrifaríkast, að síðan þá hefur íslenzka þjóðin verið sundruð þjóð. Sá einhugur og sú samheldni allra Íslendinga, allra stjórnmálaflokka, sem náðist með stofnun lýðveldisins, rofnaði með þessum samningi. Um þetta höfum við ótal dæmi allt til þessa dags. Nýsköpunarstjórnin féll, þegar þessi samningur var gerður, upphaflegi samningurinn, Keflavíkursamningurinn. Samstaðan í vinstri stjórninni gliðnaði vegna þess, að það var ekki staðið við þau loforð, sem gefin voru, að herinn ætti að fara. Og hver efast um, að þessi þáltill. 10 þm. Sjálfstfl., sem við erum hér að ræða um, sé enn ein tilraun þessa flokks til þess að koma í veg fyrir þá ákvörðun stjórnarflokkanna að

láta dátana á Keflavíkurflugvelli fara heim á kjörtímabilinu?

Allt frá því fyrsta, er Sjálfstfl. og Morgunblaðið tóku að þjóna opinberlega bandarískum hagsmunum og hersetu hér á landi, hefur ýmsum ráðum verið beitt til þess að gera málstaðinn girnilegan fyrir þjóðina. Það er alveg rétt, sem 1. þm. Reykv. sagði áðan, að Sjálfstfl. hefur haft skýrt mótaða stefnu í sjálfstæðismálum um árabil. Það er mjög skýr stefna, og það hefur ekkert breytzt, og það er ekkert breytt í dag frá þeim dögum, er þessi landsréttindi voru tekin af þjóðinni, og það hefur oft verið reynt að fela hinn eiginlega tilgang, sem falizt hefur á bakvið þá verknaði, er gerðir hafa verið, þegar við höfum verið að láta af hendi landsréttindi.

Þegar samþykkt var á Alþ. að veita Bandaríkjunum aðstöðu á Keflavíkurflugvelli fyrst, var það látið heita till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að gera samning við Bandaríkin um niðurfellingu herverndarsamningsins frá 1941 o. fl. Sem sagt, þegar við vorum að afsala okkur rétti, veita erlendu ríki aðstöðu á íslenzku landi, þá var því komið fyrir í þriggja stafa skammstöfun, o. fl. Þarna mátti ekki segja sannleikann, heldur hét það að fella niður herverndarsamning, þegar við vorum að gera annan samning. Samtímis þessu stóð í Morgunblaðinu: „Allur her fer burt úr landinu, fullveldisréttur Íslands er í engu skertur." Og hver er svo skilgreining hv. flm. á þeirri ályktun, sem hér er til umr.? Í niðurlagi grg. segir, með leyfi forseta:

„Því ber að líta á hana, þ. e. tillöguna, sem tilboð af Sjálfstfl. hálfu um að taka þátt í samstarfi við utanrrh. um endurskoðun varnarsamningsins og heilbrigða skipan varnarmála á Íslandi framvegis."

Hæstv. utanrrh. hlýtur vafalaust að gleðjast við að sjá svona huggulegt samningstilboð. Honum er vafalaust í fersku minni, hve þeir Morgunblaðsmenn voru honum hjálplegir, þegar þeir lánuðu honum ræðuna hans Emils í vetur.

Hv. flm. bjóða einnig fram aðstoð Sjálfstfl. til að koma á heilbrigðri skipan varnarmála framvegis. Og til þess að koma á þessari heilbrigðu skipan, er af mikilli kurteisi lagt til að útiloka einn þingflokkinn, meira að segja stjórnarflokk, frá afskiptum og umræðum um öryggismál þjóðarinnar. Hvaða tilgangi þjónar slíkur málflutningur? Eru þessir hv. þm. ekki enn þá búnir að átta sig á því, að þjóðin hafnaði stefnu Sjálfstfl. í síðustu kosningum, eða er þetta bara taugaveiklun á háu stigi? Eftir ræður þeirra formannanna í stjórnarandstöðuflokkunum, þá held ég, að það sé nærri lagi og ég get tekið undir orð formanns Alþfl., að það sé alveg augljóst mál, eins og hann sagði svo oft í sinni ræðu.

Ég hef hér eingöngu talað um stefnu Sjálfstfl. Ég hef ekki séð ástæðu til þess að nefna Alþfl., því að ég fæ ekki betur séð en sá flokkur hafi raunar enga stefnu í sjálfstæðismálum þjóðarinnar eða utanríkismálum. Hann hefur svo gersamlega verið í þjónustu Sjálfstfl., að þar má hreint ekki á milli sjá, og nú síðast sýnist mér, að formaður Alþfl., hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, sé farinn að taka hlutverk sitt það alvarlega, að hann telji sig eiga að vera þar í fylkingarbrjósti.

Ég hef með þessum fáu orðum, herra forseti, sýnt fram á, að meðan erlendur her er hér í landi og samningum þar um hefur ekki verið sagt upp, verður ekki um að ræða, að hér ríki eðlilegt stjórnmálaástand, fyrir utan þá hættu, sem þjóðmenningu okkar og sjálfstæði stafar að sjálfsögðu af slíku tvíbýli.

Sú vinstri stjórn, sem hér tók við völdum á s. l. sumri, hefur heitið þjóðinni nýrri stefnu. Nú skal taka upp sjálfstæða utanríkispólitík og efnahagsmálapólitík, endurskoða varnarsamninginn og herinn látinn fara úr landi á kjörtímabilinu. Landhelgin verður færð út 1. sept. á þessu ári. Í staðinn fyrir stóriðjuáætlanir viðreisnarstjórnar er að hefjast stórfelld umbylting í íslenzku atvinnulífi. Allt eru þetta verkefni, sem þjóðin er reiðubúin til að styðja og vinna að. Þetta er stefna, sem þjóðin vill sameinast um. Þjóðin krefst þess, að ríkisstj. framfylgi undanbragðalaust þeim stefnuskráratriðum, sem málefnasamningurinn tekur til. Þjóðin mun vissulega taka það óstinnt upp, ef enn þá verður vikizt undan gefnum loforðum. Ég vil undirstrika það, að ætli ríkisstj. sér í alvöru að umbylta íslenzku atvinnulífi, eins og hún hefur þegar hafið, þá verður það því aðeins mögulegt, að herinn verði látinn fara. Þá og þá fyrst getur þjóðin sameinazt um þau þýðingarmiklu viðfangsefni, sem hér eru og bíða úrlausnar.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Það hefur komið fram í þessum umræðum um öryggismálin, að forusta sjálfstæðismanna er enn við sama heygarðshornið, þegar vikið er að sjálfstæðismálum íslenzku þjóðarinnar. Sagan virðist ekkert hafa kennt henni, enn sem fyrr einkennir allan málflutning hennar takmarkalaus lotning fyrir bandarískri forsjá, og öryggismál þjóðarinnar eru ætíð skoðuð frá bandarískum sjónarhóli, en íslenzkum viðhorfum gleymt. Enn sem fyrr halda þeir því blákalt fram, að með þessu túlki þeir meirihlutavilja íslenzku þjóðarinnar. Nú síðast í ræðu sinni áðan hamraði hv. 1. þm. Reykv. á þessu.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp, að í hvert skipti, sem tekizt hefur að framkvæma einstaka áfanga í sögu íslenzka hernámsins, hefur það verið gert að þjóðinni óspurðri með svikum og blekkingum. Þannig muna allir eftir svikum þjóðstjórnarinnar á sínum tíma, þegar Alþ. var kallað saman til að samþykkja orðinn hlut. Þessu fyrsta bandarísku hernámi fylgdu þó skilyrði af hálfu ríkisstj. þess efnis, að Bandaríkin skuldbindi sig til að hverfa með allan her héðan strax og núverandi ófriði er lokið, eins og segir í samningnum. Þetta loforð var auðvitað svikið. Sama gerðist, þegar Keflavíkursamningurinn var samþykktur, en þá var látið að því liggja, að samningurinn væri liður í niðurfellingu herverndarsamningsins frá 1941, en þegar til kom, var hér um dulbúinn varnarsamning að ræða, sem heimilaði bandarískra hernum full afnot af Keflavíkurflugvelli. Þá eins og alltaf síðan var hafnað kröfum almennings um þjóðaratkvæðagreiðslu. Alvarlegasta sporið var svo stigið með inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið 1949, en með þeirri ákvörðun var algjörlega vikið frá þeirri viðurkenndu hlutleysisstefnu, sem Íslendingar höfðu markað sér 1918 í fullveldisyfirlýsingu sinni. Tveimur árum síðar eða í maí 1951 var síðan hinum dulbúna herverndarsamningi frá 1946 breytt með undirritun herverndarsamnings við Bandaríkin á grundvelli Atlantshafsbandalagsins. Samningur þessi var þá gerður, án þess að Alþ. væri kvatt saman. Eins og allar tillögur sósíalista um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi afstöðuna til bandarískra hernámsins, hafa einnig allar

tillögur þeirra fyrr og síðar um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þátttöku Íslendinga í NATO verið felldar.

Þau ólýðræðislegu vinnubrögð, sem hér hafa verið rifjuð upp og einkenna alla sögu íslenzka hernámsins, eru óskiljanleg, ef gengið er út frá því sem vísu, að meiri hl. þjóðarinnar hafi ætíð verið samþykkur þeirri utanríkisstefnu, sem Sjálfstfl. fylgir. Sannleikurinn er nefnilega sá, að allar þessar ákvarðanir hafa verið teknar þrátt fyrir harða andstöðu almennings.

Nú loksins eftir margra ára samfellda stjórnarþátttöku Sjálfstfl. er komin til valda ný ríkisstj., vinstri stjórn, sem boðað hefur í málefnasáttmála sínum brottflutning bandaríska hersins á kjörtímabilinu. Að ríkisstj. standa þrír flokkar, sem allir hafa það skýlaust á stefnuskrá sinni, að bandarískí herinn skuli á brott, en þrátt fyrir þessar staðreyndir berja enn þeir áköfustu úr hópi íhaldsins höfðinu við steininn og tala enn um stefnu sína sem meirihlutavilja íslenzku þjóðarinnar. Nei, til allrar hamingju fyrir íslenzka þjóð hafa nú skapazt ný viðhorf í sjálfstæðis- og utanríkismálum Íslendinga. Undirlægjustefna Sjálfstfl. skal nú víkja fyrir sjálfstæðri íslenzkri utanríkisstefnu, sem hefur að markmiði friðvænlegri og betri heim og frjálst Ísland, og vonandi þarf það aldrei að gerast aftur, að forseti Sameinuðu þjóðanna þurfi að minna íslenzk stjórnvöld á rétt smáþjóða til sjálfstæðrar ákvörðunar, eins og fyrrv. forseti þeirra þurfti að gera við utanrrh. viðreisnarstjórnar og ýmsum er enn í fersku minni.

Hver er svo ástæða til hinna breyttu viðhorfa og hins aukna fylgis hinna róttæku þjóðfélagsafla? Vafalaust eru þær ástæður margar, en ég hygg, að einna þyngst á metunum sé hin einarða og skelegga stjórnmálaafstaða ungs fólks, þeirrar kynslóðar, sem vaxið hefur upp undir bandarísku hernámi og nú hefur kvatt sér hljóðs í íslenzku þjóðfélagi. En stjórnmálaáhugi þess hefur einkum og í vaxandi mæli beinzt að sjálfstæðismálum þjóðarinnar. Það hefur hafnað kaldastríðsrökum íhaldsins og heimtar frjálst og fullvalda land. Það skilur, að á sama hátt og frelsi hins þjáða og hungraða heims er komið undir afnámi hernaðarbandalaga og heimsvaldastefnu auðvaldsheimsins, þá er framtíð fullvalda Íslands í heimi aukinnar auðssamþjöppunar háð sjálfstæðri utanríkisstefnu. Það skilur samhengið milli efnahagslegra forréttinda hinna auðugu iðnaðarstórvelda og hernaðarbandalaga þeirra. Þennan vítahring fátæktar, hungurs og örbirgðar meiri hluta mannkynsins verður að rjúfa með afnámi hernaðar- og efnahagsbandalaga auðvaldsheimsins. Hlutur smáríkjanna getur verið stór í þeirri baráttu, hlutur Íslands getur ráðið þar úrslitum. Ég vil skjóta því hér inn, að vafalaust stendur það nær hugmyndum þessa fólks að nota þær 500 milljónir, sem fara eiga í flugbrautargerð í Keflavík, til að brauðfæða það fólk, sem hungrar um heim allan. Íslendingum fer illa sá betlibúningur, sem þeir hafa íklæðzt með þeirri ákvörðun að þiggja þetta fé.

Nefna mætti hér mýmörg dæmi þess, hvernig unga fólkið hefur tekið virkan þátt í að reisa þá ölduvakningu í sjálfstæðismálum, sem nú hefur fært í kaf stefnu Sjálfstfl. Nærtækt er að minnast hátíðahalda stúdenta við Háskóla Íslands nú 1. des. s. l., þar sem krafan um brottflutning bandaríska hersins var sett á oddinn. Slík eining í þeirra hópi er glöggt merki um hug æskufólks til þessara mála. Svipaðir atburðir hafa og verið að gerast í öðrum skólum og í samtökum ungs fólks um allt land. Þannig helguðu t. d. nemendur framhaldsskólans á Eiðum nemendahátíð sína þessu baráttumáli nú í vetur. Stjórnmálaáhugi ungs fólks til bæja jafnt sem sveita hefur tekið á sig skýra og róttæka mynd í afstöðunni til íslenzkra utanríkismála. Þessi öfluga og fjölmenna hreyfing meðal ungs fólks hefur ekki staðnæmzt við neina pólitíska flokksmúra. Þannig er afstaða ungra Alþfl.-manna allt önnur en afstaða Alþfl. og forustumanna hans, og vafalítið hafa þeim sviðið ummæli hv. formanns Alþfl. hér í dag. Sama máli gegnir um Sjálfstfl. Langt inn í raðir fylgjenda hans hefur orðið vart við endurmat í þessum efnum. Þannig hefur t. d. yngsti þm. hans, hv. þm. Ellert Schram, gert ítarlega grein fyrir viðhorfum sínum til Bandaríkjanna í grein, sem hann skrifaði í málgagn ungra sjálfstæðismanna, Stefni, fyrir nokkrum árum. Og til fróðleiks fyrir þá sjálfstæðismenn, sem nú reyna að verja hina öfgafullu niðurlægingarstefnu sína, er rétt að rifja upp nokkra kafla í þessari ágætu grein hins unga þm. og samflokksmanns þeirra, með leyfi hæstv. forseta. Um hættuna af ameríkaniseringu segir hann:

„Því er alls ekki hægt að neita, að okkar litla eyríki stafar viss hætta frá stórveldinu í vestri. Sú hætta er fyrst og fremst andlegs eðlis, hætta, sem steðjar að menningu, hugsunarhætti og lifnaðarháttum íslenzku þjóðarinnar. Það þýðir ekki að skella skolleyrum við og fullyrða, að íslenzk menning þoli slíkar ágjafir eins og gengið hafa yfir og munu ganga yfir. Það er viss og verulegur sannleikur fólginn í þeim áróðri kommúnista, að ameríkaniseringin sé yfirvofandi. Íslenzkir lýðræðissinnar eru aftur á móti svo ákafir að verja afstöðu sína til vestrænnar samvinnu, að þeir afgreiða yfirleitt ofangreindar ábendingar sem áróður og bull. Viðbrögðin eru nær undantekningarlaust þau, bæði í ræðu og riti, að taka upp hanzkann fyrir vesturveldin og sérstaklega Bandaríkin og verja sérhverja þá aðgerð og afstöðu, sem þau grípa til í heimsmálunum. Blaðakostur sjálfstæðismanna og annarra afla meðal lýðræðissinna hefur haldið og heldur uppi skefjalausum áróðri fyrir ágæti bandarískra sjónarmiða og leggur blessun sína yfir sérhverja þá aðgerð, sem Bandaríkjamenn grípa til. Fylgismenn sömu blaða og flokka, hvort sem slíkt stafar af sefjun eða sannfæringu, bregðast við á sama hátt. Þannig hefur skörulega verið tekið undir afstöðu Bandaríkjamanna til aðildar Kína að Sameinuðu þjóðunum. Þannig voru aðgerðir Bandaríkjamanna í Santo Domingo varðar fram í rauðan dauðann. Þannig er stefna þeirra í NATO og aðgerðir þeirra í Víetnam sjálfkrafa viðurkenndar og varðar. Og þannig virðist vera borið í bætifláka fyrir bandarískra hermannasjónvarpið á Íslandi af þeirri ástæðu einnig, að það kemur frá Bandaríkjunum."

Síðar í sömu grein ræðir hann tilgang Bandaríkjamanna með útfærslustefnu sinni, en í því sambandi segir hinn hv. ungi þm. m. a., með leyfi forseta:

„Bandaríkin eru stórveldi, sem togast á um áhrif og ítök meðal þjóða heims. Í þessum tilgangi reka þau sína pólitík, stjórnmálalega, hernaðarlega og menningarlega, hvenær sem er og hvar sem er. Við skulum ekki efast um vináttu þeirra, en við skulum heldur ekki vera þau börn að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að

Bandaríkin reki ekki skeleggan áróður hér á landi fyrir málstað sínum á öllum þessum sviðum og beiti til þess öllum tiltækum ráðum. Til þess er upplýsingaþjónustan, til þess er sjónvarpið.“

Grein sína endar svo hv. þm. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Lýðræðið á Íslandi er lítils virði, sé það svo háð erlendum áhrifum, að lýðræðissinnar meðal þjóðarinnar telji það hlutverk sitt að vera ósjálfstæð handbendi í höndum Ameríkumanna. Ameríkumenn geta án þess verið, íslenzkt lýðveldi þolir það ekki.“

Ég held nú, að það sé full ástæða fyrir hina hv. 10 þm. Sjálfstfl. og aðra þá fulltrúa hans, sem hvað mest og dyggilegast vilja ánetjast Ameríkumönnum, gerast handbendi þeirra, að hlusta eftir þessari rödd hins unga þm.

Ég hef nú hér að framan reynt að sýna fram á, hve fjarstæðukenndar fullyrðingar sjálfstæðismanna í þessum umr. um vilja þjóðarinnar til hersetunnar eru. Og þó að ég hafi hér sérstaklega minnt á greinilegan vilja alls þorra yngri kynslóðarinnar, vil ég ekki rýra hlut hinna eldri. Samhugur þjóðarinnar í þessu máli er augljós. Það hefur ekki heldur komið á óvart í þessum umr. hið sífellda tal fulltrúa Sjálfstfl. um, að þeir séu hinir einu sönnu lýðræðisvinir. Það hefur löngum verið venja þeirra að skipa sér í öndvegi hvað þetta snertir. Á sama hátt skipa þeir Atlantshafsbandalaginu í öndvegi lýðræðis meðal þjóða heimsins. NATO skal vera útvörður þess meðal hinna vestrænu þjóða að þeirra sögn. En það er eins með lýðræðisást Atlantshafsbandalagsins og hinna öfgafyllstu meðal sjálfstæðismanna, að hún endar þar sem við tekur áhugaleysi og afneitun almennings á skoðunum þeirra. Þannig má NATO fótumtroða lýðræðið í Grikklandi og nýlendum Portúgala, úr því að almenningur þar afbiður sér heimsvaldastefnu þess. Hafni þessar þjóðir íhlutun NATO og herforingjanna, þá skal þessu sama NATO-lýðræði þröngvað upp á þær. Eins gerist nú hér heima. Nú skal neyta allra bragða til að knésetja réttkjörin stjórnvöld. Á Alþ. skal meina einum ríkisstjórnarflokki að fjalla um veigamikinn þátt stjórnmálanna, utanríkismálin. Seinni partur ferskeytlu byrjar svona: „Ást er fædd og alin blind.“ Hvað sem er satt í þessari hendingu ferskeytlunnar, er víst, að NATO-ást ýmissa sjálfstæðismanna hefur blindað þá í þessu máli.

En eins og ég hef sagt hér að framan, kemur afstaða foringja Sjálfstfl. ekki á óvart hér í umr. Þannig hefur það ekki farið fram hjá neinum, sem lesið hafa Morgunblaðið eftir ríkisstjórnarmyndun vinstri flokkanna, að vaxandi ótti er við, að endir verði bundinn á hina löngu undirgefni okkar við bandarísk utanríkisstefnu. Eina slíka grein las ég ekki alls fyrir löngu í Morgunblaðinu, en hún endurspeglar einmitt vel skoðanir blaðsins og lýðræðisást höfunda þess. Í þessari grein, sem birtist 5. marz s. l., segir m. a., með leyfi forseta:

„Þær ótrúlegu aðstæður, sem nú hafa skapazt á Íslandi og enginn heilbrigt hugsandi maður hefði trúað, að gætu skapazt hér, eru alveg í samræmi við það, sem gerist, þegar fávís fjöldinn skilur ekki frelsi lýðræðisins.“

Þetta er orðrétt upp úr Morgunblaðinu 5. marz s. l. Hér sannast það, sem ég sagði áðan um lýðræðisást sjálfstæðismanna. Hún endar þar sem almenningur, fávís fjöldinn, eins og þeir kalla hann, hafnar stefnu þeirra. Þær hvatir, sem liggja til grundvallar þeim skoðunum, sem þarna er bryddað á, eru þær sömu og fram koma í þeirri till. 10 hv. þm. Sjálfstfl., sem hér liggur frammi til umr. Ég tel, að Alþ. geti bezt haldið virðingu sinni með því að vísa henni frá, enda væri það í anda þeirra þúsunda Íslendinga, sem í sannleika vilja styrkja lýðræðislega stjórnarhætti og frelsi íslenzku þjóðarinnar.

Að endingu vil ég aðeins minna á, að það er ekki sízt fyrir liðveizlu hins mikla fjölda æskufólks, sem skapazt hafa ný viðhorf í íslenzkum stjórnmálum. Það er hin róttæka þjóðfélagsvakning meðal þessa fólks, sem fyrst og fremst hefur gert núverandi stjórnarmyndun vinstri flokkanna mögulega. Og eins og ég hef áður sagt, kemur stjórnmálaafstaða þessa unga fólks skýrast fram í afstöðu þess til sjálfstæðismála þjóðarinnar. Þetta unga fólk treystir núv. ríkisstj. til að endurheimta virðingu Íslands á alþjóðavettvangi, til að veita hinum ófrjálsu, fátæku þjóðum heimsins lið. Það treystir því, að herinn fari á brott á kjörtímabilinu.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. er komizt að orði eitthvað á þá leið, að stefna Íslands í utanríkismálum skuli vera sjálfstæð og einbeitt. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að grundvallarskilyrði þess, að svo verði, sé, að stefnumörkunin sjálf sé ljós, það séu ekki tveir eða fleiri stefnuvitar staðsettir sinn á hvorum stað í sama máli.

Það hefur komið hér fram, að ekki eingöngu ber ráðherrum hæstv. ríkisstj. mjög á milli um, hver stefna Íslands sé í öryggis- og varnarmálum, heldur og er ósamkvæmni í yfirlýsingum sama ráðh., hæstv. utanrrh., svo og milli flokksbræðra hans eins og hv. 2. þm. Reykn., Jóns Skaftasonar. Ef hæstv. utanrrh. er óánægður með þennan dóm af minni hálfu, þá get ég vísað honum og öðrum flokksbræðrum hans á yfirlýsingu Sambands ungra framsóknarmanna, sem taldi nauðsynlegt að veita hv. 2. þm. Reykn. ofanígjöf, vegna þess að hann túlkaði ekki málefnasamninginn í öryggis- og varnarmálum eins og hæstv. utanrrh. gerði þá. Síðan hefur hæstv. utanrrh. að vísu breytt túlkun sinni, og við höfum öll heyrt það ljóslega við ýmis tækifæri, að túlkun hæstv. utanrrh. er þessi: Fyrst fer fram könnun málsins, niðurstaða könnunarinnar verður lögð fyrir Alþ., og Alþ. ákveður, hvort varnarliðið fer brott á kjörtímabilinu eða ekki. Aðspurður hefur hæstv. utanrrh. sagt, að vel gæti farið svo, að niðurstaða könnunarinnar leiddi til þess, að varnarliðið færi ekki brott á kjörtímabilinu.

Við lukum umr. um skýrslu hæstv. utanrrh. hér í haust þannig, að hæstv. forsrh. var beðinn um úrskurð um það, hvor hefði rétt fyrir sér í stefnumörkun ríkisstj. að þessu leyti, hæstv. utanrrh. eða hæstv. viðskrh. Ég endurtók þessa spurningu hér í umr. fyrir páska, og nú er komið nýtt tilefni til þess að endurnýja þessa spurningu, því að mér er tjáð, að hæstv. iðnrh., — ég þurfti því miður að fara frá vegna annarra embættisstarfa, sem ákveðin voru með löngum fyrirvara, þegar hann talaði, — en mér er tjáð, að hann hafi sagt, að ríkisstj. í heild væri staðráðin í því að framfylgja ákvörðuninni um brottför varnarliðsins á kjörtímabilinu. Túlkun hans ber saman við túlkun hæstv. viðskrh. áður, að

endurskoðunin sé eingöngu gerð í þeim tilgangi, að Bandaríkjamenn fari með samkomulagi með varnarliðið af landi brott. Ef svo verði ekki, þá eigi að segja samningnum upp, til þess að einhliða ákvörðunarréttur Íslendinga taki gildi að þessu leyti. Þetta er allt annað, sem þessir hæstv. ráðh. Alþb. þannig segja, en hæstv. utanrrh. hefur áður sagt. Ég vil því ítreka og endurtaka spurningu til hæstv. forsrh.: Hvor er hin rétta túlkun á stjórnarsáttmálanum, túlkun utanrrh. eða túlkun ráðh. Alþb.? Er ríkisstj. í heild staðráðin í því, án tillits til niðurstöðu könnunarinnar, sem fram fer, að framfylgja ákvörðuninni um brottför varnarliðsins á kjörtímabilinu? Ef könnunin leiðir í ljós, að það sé þjóðinni til óþurftar og öryggi landsins, er það þá samt staðföst stefna stjórnarinnar? Hér duga ekki nein hálfvelgjusvör. Alþ. á heimtingu á svari, þjóðin á heimtingu á svari. Ósamræmið í orðum þessara ráðh. hefur ekki eingöngu veikt traust þjóðarinnar á ríkisstj., sem ég læt mér raunar í léttu rúmi liggja, en það hefur veikt traust manna á Íslendingum og ábyrgðartilfinningu Íslendinga í alþjóðamálum, og það skiptir máli.

Það var líka svo, að eftir að hæstv. utanrrh. fann þá andstöðu og þá gagnrýni, sem stjórnarsáttmálinn vakti og sá skilningur, sem orðalag hans gaf til kynna, að því er öryggismál landsins varðaði, þá dró hann mjög í land, að því er tók til brottfarar varnarliðsins af landinu. Og þá þótti Þjóðviljanum og Alþb.-mönnunum nauðsynlegt að segja fylgismönnum frá því, að það væri komin á sérstök ráðherranefnd um herstöðvamálið.

Hæstv. utanrrh. fann að því, að ég hafði látið orð falla um, að ráðherranefndin hefði verið skipuð um varnarmálin. Hann sagði, að þetta væri vinnunefnd um utanríkismálin, sem væri skipuð tveim ráðherrum auk sín. Þetta skiptir út af fyrir sig engu máli, en ég hafði heimildina frá Þjóðviljanum, sem hefur gert sér tíðrætt um þessa ráðherranefnd jafnmikið og Tíminn hefur lítið á hana minnzt. En í þessari forsíðufrétt Þjóðviljans segir, að það hafi komið fram á fundi Alþb., að sett hafi verið á laggirnar ráðherranefnd til að fjalla um herstöðvamálið og fyrirhugaða brottvísun hersins. Síðan er sagt, hverjir eiga sæti í nefndinni.

Þegar það kom fram, að svona væri unnið að málum, þá þótti þm. Sjálfstfl. sjálfsagt að óska eftir því, að Alþ. hefði aðild að athugun öryggismála þjóðarinnar. Og þess vegna m. a. er sú till. borin fram, sem hér er til umr.

Það hefur verið talað um, að það væru ekki lýðræðisleg vinnubrögð af hálfu þm. Sjálfstfl. að ætla þeim eingöngu fulltrúa í nefndinni, sem styddu aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu. Með því værum við að útiloka fulltrúa Alþb. Það er svo, eins og ég hef áður nefnt hér, að við ýmsar nefndarkosningar getur svo farið vegna tölu nm., að þingflokkur fái ekki fulltrúa í nefnd. Það hefur og verið nefnt dæmi um nefndarskipanir ríkisstj., en þær hafa eingöngu verið skipaðar flokksmönnum ríkisstjórnarflokkanna, og ráðherranefndin sjálf er auðvitað dæmi um það, að tveir flokkar, sem styðja aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu, eiga ekki um þetta mikla mál að fjalla.

En aðalatriðið og aðalástæðan til þess, að það var ekki gert ráð fyrir því, að fulltrúi frá Alþb. eða fulltrúi frá stjórnmálaflokki, sem væri andvígur aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu, tæki þátt í þessum störfum, var sú, að það var gengið út frá því sem vísu, að Alþb.-menn vildu ekki taka þátt í slíku starfi. Þeir Alþb.-menn hafa í fyrsta lagi talið aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu ganga landráðum næst. Þeir hafa í öðru lagi talið, að hafi aðildin að NATO ekki verið fullkomin landráð, þá hafi varnarsamningurinn sjálfur í það minnsta fullkomnað glæpinn.

Það er svo komizt að orði í ávarpi, sem miðstjórn Sósíalistaflokksins, forvera Alþb., gaf út 8. maí 1951 í tilefni af varnarsamningnum, með leyfi forseta:

„Samningur þessi er því hvorki löglega né siðferðislega skuldbindandi fyrir þjóð vora. Hann er einkasamningur spilltustu höfðingja landsins við framandi hervald, gerður á þeirra persónulegu ábyrgð.“ Og undir lok ávarpsins er orðrétt skorað á landsmenn að hindra: „að amerískt auðvald eða umboðsmenn þess leggi skatt á Íslendinga til að greiða herkostnað af innrás og hervirkjum Bandaríkjamanna í landi voru.“

Enn fremur segir þar á þessa leið, með leyfi forseta: „Löngu hernámi mundi að líkindum fylgja vaxandi vígbúnaður Bandaríkjanna hér á landi, aukinn innflutningur hermanna og vaxandi kröfur Bandaríkjastjórnar á hendur Íslendingum um landssvæði, framlög og jafnvel vopnun Íslendinga.“

Auk þess sem athyglisvert er við þessar tilvitnanir, hve þm. Alþb. eða forverar þeirra hafa reynzt lítt spámannlega vaxnir, þá ber þetta vitni um það, að þeir telja sig ekkert eiga vantalað við Atlantshafsbandalagið og vilja enga aðild eiga að dvöl varnarliðs á Íslandi. Þess vegna kom það mér dálítið ókunnuglega fyrir sjónir, þegar hæstv. utanrrh. sagði í umr. hér á dögunum, að það væri ekki rétt, að það væri flokkur á þingi og hluti af ríkisstj., sem teldi, að við ættum ekkert vantalað við NATO. Það er kannske eitt, sem þessi flokkur telur sig eiga vantalað við NATO, og það er það að segja varnarliðinu að fara á brott. Það er þó ekki rétt að stefna því að NATO, það er rétt að stefna því að Bandaríkjamönnum sjálfum sem samningsaðila varnarsamningsins, en það er líka það eina, sem ég get ímyndað mér, að þm. Alþb. og ráðh. Alþb. eigi vantalað við NATO eða Bandaríkjamenn í þessum efnum.

Er það e. t. v. svo, að það sé von til þess, að þm. Alþb. skoði með hlutlægum hætti, hvað sé öryggi landsins fyrir beztu og hvernig vörnum eigi bezt fyrir að koma í landinu? Ég spyr hv. þm. Alþb. og hæstv. ráðh.: Eru Alþb.-menn yfirleitt á þeirri skoðun, að til mála komi að hafa varnarlið á Íslandi eða varnir í landinu? Ef þeir svara þessari spurningu neitandi, þá skil ég ekki í raun og veru, hvaða erindi þeir eiga í nefnd til að fjalla um þessi mál, þegar niðurstaðan af þeirra hálfu er fyrir fram ákveðin. Hún er þessi: Engar varnir á Íslandi, ekkert varnarlið undir einum eða neinum kringumstæðum. Þeir leiðrétta mig, ef ég fer ekki með rétt mál. Þess vegna vísa ég heim til föðurhúsanna öllum ummælum þar að lútandi, að till. okkar sjálfstæðismanna sé ekki lýðræðislega upp byggð. Till. um skipun nefndarinnar er byggð á afstöðu þingflokks Alþb. að þessu leyti. Ef Alþb. á hinn bóginn vill taka þátt í því, sem Alþb. hefur hingað til skírt landráðastarfsemi, þá er velkomið af minni hálfu og okkar flm., að till. sé breytt í þá átt, að allir þingflokkar geti átt sinn fulltrúa í slíkri nefnd. En það held ég, að fari ekki á milli mála, að ef þessi mál, öryggismál Íslands, og niðurstaða þeirrar könnunar, sem fram fer núna í þeim efnum, eiga að

koma fyrir Alþ., þá sé það rétt og skylt, að Alþ. eigi aðild að þessari könnun og fylgist með þessari könnun jafnóðum og hún fer fram.

Það hafa margir hv. þm. Alþb. talað í þessum umr., og þeir hafa talað vítt og breitt um ástand og horfur í alþjóðamálum, og þótt það sé e. t. v. ekki ástæða til vegna alþm. hv. að rifja upp ástæðurnar fyrir stofnun NATO 1949, þá held ég, að ég verði að gera það með örfáum orðum. Það var ástæðan fyrir stofnun Atlantshafsbandalagsins, að Sameinuðu þjóðirnar, sem voru samtök bandamanna í stríðinu í upphafi myndunar sinnar og stofnunar, reyndust þess ekki umkomnar að stöðva yfirgang kommúnista og Sovétmanna í Austur-Evrópu. Með beitingu neitunarvalds hjá Sameinuðu þjóðunum var komið í veg fyrir allar ráðstafanir í þá átt að stemma stigu við þeim aðgerðum, sem Sovétríkin höfðu þá í frammi. Þegar vesturveldin, Bandaríkin og Bretland, minnkuðu herafla sinn úr 5.5 millj. manna í 880 þús., héldu Sovétríkin óbreyttum herafla, sem var milli 4 og 5 millj. manna. Eftir styrjöldina innlimuðu Sovétríkin í ríki sitt, að því er mig minnir, 23 millj. manna og 500 þús. ferkílómetra lands, en með óbeinum hætti, með því að styrkja litla, sterka einræðisflokka kommúnista, minnihlutaflokka í ýmsum löndum, gátu þeir með valdaráni og tilstyrk og návist rússneska hersins náð völdum í löndum, þannig að í heild náðu þeir undir sig nær 100 millj. manna á, að því er mig minnir, nálægt 500 þús. ferkílómetrum. Þetta var upphafið að stofnun NATO, og það gerði e. t. v. útslagið, þegar valdaránið í Tékkóslóvakíu var framið 1948. Það þótti eðlilegt, að við Íslendingar, sem vorum á mjög hernaðarlega mikilvægum stað á N.-Atlantshafi, gerðumst aðilar að þessu bandalagi. Reynslan frá styrjöldinni hafði sýnt það, að við fengum ekki að vera í friði vegna stríðandi þjóða í styrjöldinni, sem þá var lokið. Og ef við vildum að einhverju leyti vera okkar eigin gæfu smiðir og velja okkur sjálfir bandamenn, þá þurftum við að taka ákvörðun.

Ég held, að mikill meiri hluti Íslendinga sé í engum vafa um það, hvorum megin þeir vilja standa. Það er að vísu illt að þurfa að taka slíka ákvörðun, en sú nauðsyn er ótvíræð, það sýnir reynslan okkur.

Síðan hefur það komið tvívegis fyrir, að við höfum þurft að taka ákvörðun um það, hvort þátttaka okkar í NATO hefði í för með sér dvöl varnarliðs eða sérstakar varnarráðstafanir á Íslandi. Það var 1951, þegar Kóreustyrjöldin brauzt út, og þá voru allir þm. lýðræðisflokkanna sammála um það. Það var aftur 1956, þegar sá pólitíski skollaleikur var leikinn eins og nú er leikinn aftur, þá af vinstri stjórninni sálugu, nú af núverandi vinstri stjórn, að varnarsamningnum var sagt upp, en að lokum með þeirri niðurstöðu, að eftir innrásina í Ungverjaland og vegna Súezdeilnanna, þá var ákveðið, að varnarliðið skyldi áfram vera í landinu.

Það er m. a. spurningin um það, hvort nú líti friðvænlega út í heiminum miðað við ástandið t. d. 1951 og 1956, sem við verðum að svara í könnun um öryggismál Íslendinga, sem nú fer fram. Ég hef dregið það í efa, að örfáum árum eftir valdaránið endurnýjað í Tékkóslóvakíu og einu eða tveimur árum eftir verkföll í Póllandi, sem barin voru niður vegna návistar rússneskra herja, þá sé rétti tíminn að taka ákvörðun um, að varnir skuli ekki vera til staðar á Íslandi og varnarliðið hverfa brott. Það er sjálfsagt að endurskoða varnarsamninginn, og það er sjálfsagt að leita tækifæris, þegar friðvænlega horfir í heiminum, til að komast að samkomulagi um, að vörnum Íslands skuli á annan veg fyrir komið en með dvöl erlends varnarliðs. En fyrir fram lítur dæmið ekki þannig út. Það er að vísu svo, að okkur hæstv. utanrrh. greinir á um það, hvaða ályktun eigi að draga af þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, bæði af hálfu vesturveldanna og Varsjárbandalagsins, til þess að koma á friðsamlegri horfum í heiminum, og þar á ég við þær viðræður, sem átt hafa sér stað um gagnkvæma afvopnun og minnkun herafla í Mið-Evrópu. Þar á ég við samninga V.-Þjóðverja annars vegar og Pólverja og Rússa hins vegar um friðarsamninga og Berlínarvandamálið. Þar á ég við SALT-viðræður stórveldanna, og þar á ég við öryggismálaráðstefnu Evrópu. Allt þetta geta verið spor í þá átt að koma á varanlegum friði í þessum heimi og eyða tortryggni milli landa og þjóða. Við skulum vona, að svo verði, en það verður að taka á *þolinmæðinni*, og *forsenda* þess, að þessar *umleitanir* beri árangur, er sú, að bandamenn innan Atlantshafsbandalagsins standi saman, að einn þeirra hlaupi ekki úr leik og veiki ekki varnirnar einhliða. Forsenda allra þessara friðarumleitana er gagnkvæmni, að krefjast þess af báðum aðilum samtímis og samhliða, að úr vígbúnaði eða vörnum sé dregið. Það er þessi gagnkvæmni, sem ekki er fyrir hendi og raunverulega er spillt með stefnu íslenzku ríkisstj., og í því felst ábyrgðarleysi hennar geigvænlegast. Við erum ekki eingöngu að svíkja bandamenn okkar og vini í Atlantshafsbandalaginu, heldur erum við fyrst og fremst að svíkja sjálfa okkur. Við erum fyrst og fremst að spilla þeim friði og friðarhorfum, sem við með þátttöku okkar í NATO höfum átt þátt í að skapa.

Það er vitaskuld svo, að í *breytilegum heimi þurfum* við að taka til endurmats ástand og viðhorf í alþjóðamálum á hverjum tíma. Og það er sjálfsagt, að við reynum að hafa slíkt endurmat og slíka skoðun mála sem mest í eigin höndum, en þó er ekkert að því að leita álits annarra þjóða í þessum efnum. Ég spurði hæstv. utanrrh. að því, hvort hann eða ríkisstj. eða hann með blessun ríkisstj. hefði leitað álits sænsks sérfræðings í öryggismálum, hvort álitsgerðir hefðu borizt frá N.-Atlantshafsbandalaginu, sem hann kvaðst hafa beðið um þegar í umr. hér á þingi í nóv. s. l., eða hvort leitað hefði verið álits Dana og Norðmanna, en upp á því var stungið í þeim sömu umr. Hann svaraði því almennt þess eðlis, að ýmsar álitsgerðir væru að berast og þær mundu verða lagðar fyrir utanrmn. Ég tel það mjög *eðlilegt að leggja slíkar álitsgerðir fyrir utanrmn., en tel* það þó ekkert leyndarmál, að hve miklu leyti ríkisstj. hefur haft frumkvæði að eða að hve miklu leyti hún veit um gerð slíkra álitsgerða og þá hverjar hafi borizt nú, og því vil ég ítreka fsp. mína til hæstv. utanrrh. að þessu leyti.

Það bar og á góma í umr. fyrir rúmum hálfum mánuði, að ég hefði ekki fært rök fyrir því, að stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstj. hefði skaðað málstað Íslands og álit út á við. Hæstv. utanrrh. sagði eitthvað á þá leið, að hann hefði ekki orðið var við það og þó hefði hann talað við marga erlenda menn. Hann tiltók það í framhaldi að vísu, að þetta tæki til tveggja atriða, annars vegar til endurskoðunar varnarsamningsins eftir 20 ár

og hins vegar tæki þetta til þess, að Íslendingar vildu marka sér sjálfstæða stefnu í utanríkismálum. Þetta hvort tveggja hef ég heldur ekki heyrt nokkurn mann gagnrýna. Það er ekki um þetta, sem ég held, að sé að ræða, þegar ég segi, að stefnumörkun ríkisstj. skaði málstað Íslands og álit út á við. Það, sem ég á við, er, að íslenzka ríkisstj. tekur fyrir fram ákvörðun í öryggis- og varnarmálum landsins og ákveður svo seinna, eftir að ákvörðunin er tekin, að könnun skuli fara fram á þessum málum og viðræður og samráð við vini okkar og bandalagsmenn í Atlantshafsbandalaginu. Það er fyrst og fremst það, sem ég tel, að hafi skaðað málstað Íslands út á við, og ég þykist vita, að hæstv. utanrrh. sé hvorki svo sjálfumglaður eða skilningi skroppinn, að hann geri sér ekki grein fyrir því, einmitt eftir viðræður við ýmsa þá erlenda menn, sem eiga erindi til Íslands og viðtal við hann.

Þótt ég eigi ekki viðtöl við nærri því eins marga erlenda stjórnarerindreka eða erlenda menn eins og hæstv. utanrrh., þá fylgir það þó einnig stöðu minni, að það kemur fyrir, og ég byggi m. a. á ummælum þessara manna, þegar ég segi, að stefnuyfirlýsing og túlkun hæstv. ríkisstj. á stefnuyfirlýsingu í öryggis- og varnarmálum hefur skaðað álit Íslands erlendis. Ég vil líka vitna til fundar þm. Atlantshafsbandalagsins í Ottawa á s. l. ári og vegna þess, að mér er sagt, að hæstv. iðnrh. hafi verið að gagnrýna mig fyrir það að bera klögumál fram á landa mína á fundi NATO erlendis, þá vil ég í leiðinni aðeins segja það, að því gefna tilefni, að ég tel, að frásögn af staðreyndum um stjórnmál og afstöðu manna til utanríkismála Íslands á erlendum vettvangi meðal bandamanna okkar í NATO sé engin klögumál. Og ég held, að hver og einn þm. og hver og einn þingflokkur sé alveg reiðubúinn að standa fyrir sínu máli og sinni skoðun, eða er hæstv. iðnrh. eitthvað að kveinka sér? Er það eitthvert feimnismál, hvaða skoðun og stefnu hann hefur í utanríkismálum landsins? Við erum í þingmannasambandi NATO til þess að bera saman ráð okkar, hvað helzt megi til gagns verða sameiginlegu öryggi og friði í þeim heimshluta, sem við byggjum. Hvað er eðlilegra og sjálfsagðara en að við, þjóðkjörnir fulltrúar hvers lands um sig, berum saman bækur okkar um pólitíska afstöðu manna í heimalandinu og fylgi við tilteknar aðgerðir í öryggis- og varnarmálum? Ég ber ekki fram neina afsökun á þeirri ræðu, sem ég flutti á þingmannafundi NATO í Ottawa s. l. haust, og skora á hæstv. ráðh. að benda á eina einustu setningu, sem hægt er að túlka sem klögumál. Ef nokkur slík fyrirfinnst, þá er það vitni um það, að hann sjálfur kveinkar sér vegna sinna eigin skoðana, og furðar mig reyndar ekki á því.

Það er um þennan fund að segja, að þar var uggur í mönnum. Bæði töldu menn Íslendinga léttúðuga sjálfra sín vegna, vegna síns eigin öryggis, ef ætti að túlka stefnumið núv. stjórnar á þann veg, að varnarliðið skyldi á brott fara skilyrðislaust og án allra frekari kannana á kjörtímabilinu. Og menn voru líka uggandi vegna öryggis nágrannanna. Það er svo, að þegar hús nágrannans brennur, þá er þínu húsi hætt, og ég held, að við hér í þessum heimshluta höfum reynt það, að öryggi okkar er samtvinnað. Einræðisöfl í heiminum hafa leikið það 1939 og fyrir þann tíma að nýta andvaraleysi okkar og ná undir sig þjóðum og löndum, og svo virtist einnig ætla að takast eftir síðustu heimsstyrjöld, ef Atlantshafsbandalagið hefði ekki verið stofnað. Þess vegna er það mikill ábyrgðarhluti, ef við verðum til þess á einn eða annan hátt að veikja þann hlekk, sem Atlantshafsbandalagið er til varnar öryggi og friði í okkar heimshluta.

Það er svo, að ég gat þess í umr. fyrir rúmum hálfum mánuði, að í sjálfu sér vildi ég ekki gagnrýna það, að athugun og könnun sú, sem fram fer varðandi framtíð varnarliðsins og fyrirkomulag öryggismála, tæki langan tíma. Það er sjálfsagt um svo mikilvægt mál að ætla sér töluverðan tíma í þeim efnum. En ég vil taka það fram, að eftir þá atburði, sem nú hafa gerzt, og þær yfirlýsingar, sem bæði hér og í blöðum hafa birzt, þá tel ég fullkomna ástæðu til þess að leggja áherzlu á, að niðurstaða þessarar könnunar liggi sem fyrst fyrir og henni sé flýtt, þannig að stefnumörkun Íslands í utanríkis- og öryggismálum sé alveg ljós. Ég held, að við skuldum okkur sjálfum þetta. Ég held, að þetta sé nauðsynlegt vegna okkar eigin hagsmuna. En einnig er þetta sjálfsögð skylda okkar gagnvart nágrönnum okkar. Ég held, að það sé til þess ætlazt af okkur, að við gerum hreint fyrir okkar dyrum og að menn viti, hvar við stöndum. Ef málið er svo einfalt, að það sé stefna ríkisstj., að varnarliðið skuli fara undir öllum kringumstæðum á kjörtímabilinu, hvernig sem allt veltist og hvað sem þessi könnun segir, þá ætti auðvitað enginn vandi að vera að flýta þessari könnun, og þá er ég nú sannast bezt að segja alveg undrandi á langlundargeði hæstv. ráðh. Alþb. að leyfa þessari könnun að dragast svo á langinn sem raun ber vitni um. Hún hefur núna staðið í nærfellt níu mánuði, og með þeirra samþykki á hún að standa áfram fram á næsta þing. Ef það er fyrirframgerð ákvörðun ríkisstj. að láta varnarliðið fara, til hvers er þessi tími þá notaður? Þessi spurning má bæði skoðast sem spurning til hæstv. ráðh. Alþb. og hæstv. forsrh. og utanrrh.

Það hefur komið hér fram, að það kom hæstv. utanrrh. mjög á óvart, þegar sendiherra Bandaríkjanna tjáði honum mánudaginn fyrir páska, að Bandaríkin byðust til þess að kosta lengingu flugbrautarinnar. Ég skal ekki draga það í efa, þótt leikmanni eins og mér detti í hug, að Bandaríkin bæru ekki fram slíkt tilboð nema vera nokkurn veginn örugg um það fyrir fram, að því yrði tekið. En þetta tilboð var sett fram með ákveðnum hætti. Tekið var fram, að það væri sett fram vegna þess, að það væri hagsmunamál bæði hvað snertir flugöryggi og varnarmátt Atlantshafsbandalagsins. Í staðfestingu meiri hl. ríkisstj. var ekki á þetta minnzt að öðru leyti en því, að hin óljósa stefna ríkisstj., hin tvísaga eða margsaga stefna hæstv. ríkisstj. í utanríkis- og öryggismálum væri óbreytt. Menn voru jafnnær eftir sem áður. En það var minni hl. í hæstv. ríkisstj., sem skóf ekki af því, sem hann sagði. Hann sagði blátt áfram, að samþykkt tilboðsins jafngilti því, að brostnar forsendur væru til þess, að við gætum í verki framkvæmt sjálfstæða utanríkisstefnu, en eins og ég gat um í upphafi, var það stefnumál hæstv. ríkisstj. að framkvæma sjálfstæða utanríkisstefnu. Nú segja hæstv. ráðh. Alþb., að forsendan sé brostin, en þeir sitja samt áfram í ráðherrastólunum. Ég veit ekki, hvort þeim líður vel. Það er hálfgerður sorgarsvipur á þeim í bili, en þeir láta sér þetta lynda.

Ég spyr nú: Hvar er manndómurinn? Hvar er stefnufestan? Er í raun og veru ekki þannig farið málum, að með því að það er ljóst, að það er ekki meiri hl. á Alþingi Íslendinga til þess að eyða öllum vörnum í landinu, þá sjá hæstv. ráðh. Alþb., að þeir verða að sitja meðan sætt er og njóta valdanna, enda er þeim nokkur vorkunn? Þeir hafa öll valdamestu rn. í ríkisstj. og hafa tök á ýmsum málaflokkum, sem þeim kemur vel til þess að búa í haginn fyrir sig í framtíðinni með góðu samþykki stærsta stjórnarflokksins, sem hefur afsalað sér að sama skapi áhrifum og völdum. Það er sami leikaraskapurinn á ferðum hjá hv. Alþb.-mönnum nú og var 1956. Þeir sátu í tvö ár í ríkisstj. eftir að búið var að ákveða, að varnarliðið skyldi vera áfram í landinu. Þeir munu áreiðanlega ekki segja af sér, þrátt fyrir landráðabrigzl, þrátt fyrir landsölubrigzl vegna þátttöku í NATO og vegna varnarsamningsins.

Ég vil að lokum ítreka fsp. mína til hæstv. ráðh. og þá fyrst og fremst hæstv. forsrh., hver sé stefna ríkisstj. Er það rétt, sem hæstv. utanrrh. hefur sagt, eða er það rétt, sem hæstv. iðnrh. hefur nú sagt í dag? Ég vil enn fremur spyrja hæstv. utanrrh., hvort hann geti virkilega við það unað að sitja áfram í stjórn með mönnum, sem hafa lýst því yfir, að ekki sé unnt eftirleiðis að gerðum þessum samningum við Bandaríkin að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Hefur hæstv. utanrrh. geð í sér til að sitja undir slíkri ákúru, slíkum ásökunum af hálfu samráðherra sinna?

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. og viðskrh.: Hvar eru nú öll stóru orðin um landráð og landsölu? Eru þeir orðnir samábyrgir með því að sitja áfram í ríkisstj., sem hefur gert slíkan samning við Bandaríkin? Það er íhugunarefni og fullkomin ástæða til að spyrja hæstv. félmrh., hvort hann sé sammála yfirlýsingum fulltrúa flokks síns í utanrmn., sem taldi varnir á Íslandi ekki til öryggis, heldur stafaði af þeim feikileg hætta. Þetta gengur þvert ofan í það, sem hæstv. félmrh. hefur lýst yfir.

Herra forseti. Ég hef með þessum spurningum óskað eftir svörum, sem Alþ. og íslenzka þjóðin á heimtingu á að fá vitneskju um. En þessar spurningar og svörin við þeim gefa og til kynna það viðhorf, sem ríkir í stjórnarherbúðunum, það stefnuleysi, sem þar er á ferðinni í mikilvægustu málum Íslendinga, öryggis- og varnarmálum þeirra. Á þeim byggist framtíð sjálfstæðis okkar og sjálfsákvörðunarréttur. Við skulum vona, að sú stjórn, sem eins hefur farið að ráði sínu og núv. hæstv. ríkisstj., verði ekki langlíf í landinu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þegar maður sat hér í dag og hlýddi á ræður þeirra foringja stjórnarandstöðunnar, hv. 1. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykv., þá vaknaði hjá manni sú spurning, hvað hefði eiginlega orðið úr þessum umr. í dag, ef ekki hefði komið til það, að tilkynning barst frá Bandaríkjastjórn, að hún væri tilbúin og vildi falla frá þeim fyrirvara, sem Bandaríkjaþing hafði gert um lengingu flugbrautar á Keflavíkurflugvelli, því að allt þeirra mál snerist í raun og veru um þetta. En þeir viku svo að segja alls ekki að þeirri þáltill., sem hér er til umr., en kjarni þeirrar þáltill. er sá, að það skuli skipuð nefnd svokallaðra lýðræðisflokka til þess að taka upp viðræður um endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkjamenn. En það hefur ekki verið vikið að þessu atriði. Og það sama má segja um þann hv. ræðumann, sem hér var síðast að ljúka máli sínu. Hann var stóryrður um margt, en hann var fáorður um þá þáltill., sem hann hefði átt að ræða og rökstyðja hér. Og nánast var nú orðið hljóðið í honum það, þegar hann talaði um þessa þáltill., að það var í afsökunartón. Það var svo sem ekki af því, að Alþb. hefði út af fyrir sig ekki mátt vera með í þessari nefnd til þess að fjalla um þetta. Nei, nei, nei. Það var bara, að þeim hafði ekki komið það til hugar, að þeir vildu vera með í því. Ef þeir hefðu haft nokkra hugmynd um það, þá hefðu þeir tekið þá með. Svona er nú flóttinn orðinn í þeim málflutningi, sem þeir ætluðu að halda uppi fyrir þessari till. **(Gripið fram í:** Hver var að tala um flótta?) Það var ég, ég var að tala um flótta hjá sjálfstæðismönnum við að verja þá þáltill., sem þeir hafa lagt hér fram. Þeir hafa hörfað frá henni og hörfað að öðru málefni, því, sem ég minntist á. Og það er sjálfsagt að ræða það, ákvörðun ríkisstj. varðandi tilboð Bandaríkjastjórnar til Íslands, þó að það sé misskilningur, sem sérstaklega kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að þar væri um að ræða eitthvert óskaplegt stórmál. Það er mikill misskilningur. Það er ekkert stórmál. Það er frekar smátt mál og getur engum sköpum skipt að einu eða neinu leyti.

En samt sem áður vil ég fara nokkrum orðum um það og þá að gefnu tilefni, vegna þess að til mín var beint spurningum í sambandi við það, þó að ég að öðru leyti geti vísað til þess, sem hæstv. utanrrh. hafði um þetta sagt, og ég get í einu og öllu tekið undir og hef þar í sjálfu sér engu við að bæta. En spurning sú eða spurningar, sem beint var til mín í sambandi við þetta mál, voru sérstaklega um það, hvort þetta væri ekki andstætt öllu þingræði að hafa þann hátt á, sem hafður hefur verið, að ríkisstj. eða meiri hl. hennar tæki ákvörðun um þetta, en minni hl. innan ríkisstj. léti bóka ágreining um það efni. Og það var óskapleg hneykslun í rödd og ræðu hv. 7. þm. Reykv. yfir þessum ósköpum, að þetta skyldi hafa verið gert og ríkisstj. hefði ekki getað haft hugmynd um það á því augnabliki, sem hún var að samþykkja þetta eða sá meiri hl., sem samþykkti það, að það væri meiri hl. á Alþ., sem stæði á bak við slíka ákvörðun. En hver er nú staðreyndin í því? Staðreynd málsins er sú, sem kemur fram í tilkynningu Bandaríkjastjórnar sjálfrar, þar sem segir: Umræður um þessar framkvæmdir hófust milli ríkisstjórnar Bandaríkjanna og ríkisstjórnar Íslands 1970—1971, og var málið lagt fyrir Bandaríkjaþing 1971. Það er ekki sú ríkisstjórn Íslands, sem nú situr, sem hefur tekið upp viðræður við Bandaríkjamenn um lengingu á þessum þverbrautum á Keflavíkurvelli. Það var fyrrv. ríkisstj., sem það gerði. En síðan var svo settur af hálfu Bandaríkjaþings sérstakur fyrirvari, sem stóð í vegi fyrir því, að framkvæmdir gætu hafizt, eins og fyrirhugað var og ráðgert hafði verið í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég skal ekkert um það segja, hvað hefur ráðið því, að Bandaríkjaþing setti þennan fyrirvara. Það er þess mál. En þegar það lá fyrir og var tilkynnt, að þessi fyrirvari stæði ekki lengur í vegi, þá hafði a. m. k. ríkisstj. eða sá meiri hl. hennar, sem stóð að þessari ákvörðun, ekki ástæðu til að ætla annað en fyrrv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar, sem höfðu eftir þessu sótt og á það lagt áherzlu, mundu samþykkja þetta. Enda hefur það komið á daginn, að

þeir hafa lýst því hér yfir, þessir foringjar stjórnarandstöðunnar, að þeirra flokkar væru þessu samþykkir. Það liggur því ljóst fyrir og hefur aldrei verið nokkur minnsti vafi á því hjá nokkrum skynbærum manni, að það væri meiri hl. á Alþ. fyrir því að taka ákvörðun sem þessa. Og þeirri stefnu hefur verið fylgt í núv. ríkisstj., eftir að kunnugt varð um þennan fyrirvara, sem settur var af hálfu Bandaríkjaþings, að ræða alls ekkert um það við Bandaríkjastjórn. Það var að sjálfsögðu ljóst, að þetta var fyrirvari, sem þeir settu og þeir áttu yfir að ráða, og það hafa af hálfu ríkisstj. hvorki einslega né opinberlega verið gefnar nokkrar skuldbindingar í sambandi við þetta tilboð, sem nú kemur frá Bandaríkjastjórn. Og það er raunar beinlínis staðfest í þeirri nótu, sem sendiherra Bandaríkjanna lagði fyrir hæstv. utanrrh.

En það er talið, að það sé eitthvað óeðlilegt, að það hafi orðið ágreiningur í ríkisstj. um þetta, og jafnvel talið eitthvað óþingræðislegt, að manni skilst, að ríkisstj. eða allir ráðh. sitji eftir sem áður, og talað um það eins og einhvern stórviðburð, slíkt hafi ekki átt sér stað áður. En ég vil nú leyfa mér að staðhæfa, að það sé um að ræða mjög margar hliðstæður við þetta. Ég vil leyfa mér að staðhæfa, að það hafi margoft skeð, að ríkisstj. hafi verið klofin um einstök mál, þótt það hafi ekki valdið stjórnarskiptum eða því, að einstakir ráðh. segðu af sér. Og þess er nú skemmst að minnast, þegar það skeði fyrir tveimur árum síðan eða þar um bil, að einn af þáv. ráðh. viðreisnarstjórnarinnar, Alþfl.-maðurinn hv. þm. Eggert Þorsteinsson, greiddi atkv. og drap með sínu atkv. það frv. um verðlagsmál, sem sjálfstæðismenn höfðu æ ofan í æ í málgögnum sínum og á þingi lýst yfir, að væri eitt af þeirra meginstefnumálum. (Gripið fram í.) Framsóknarmenn voru ekki í stjórn, og þeim bar engin skylda til að styðja þá stjórn. En var treyst á þá í þessu efni? Var samið um það, að hann mætti leika lausum hala? (Gripið fram í.) Nei, en hvað skeði? Það skeði bara ekkert. Það skeði bara alls ekkert. Ríkisstj. sat eftir sem áður, þrátt fyrir það að einn af hornsteinum hennar, einn af ráðh., snerist öndverður gegn hennar eigin máli, gegn hennar stefnumáli og dræpi það.

Það er þess vegna ekki um neitt þingræðisbrot hér að ræða. Hvar er þingræðið, var hv. þm. hér að spyrja. Það er nú varla hægt að fara hér út í fræðilegar umr. um það. En ég þekki það þingræði og þá þingræðisreglu eina hér, að stjórn ber að víkja, ef henni er vottað vantraust á Alþ. Stjórn, sem meiri hl. Alþ. vill ekki styðja eða þola, á að víkja. (Gripið fram í.) Stjórn getur farið án þess. En henni er skylt að víkja, ef henni er vottað vantraust, og það er það, sem felst í þingræðinu. Og þess vegna er öryggið það, ef ágreiningur verður í ríkisstj., að þá geta þeir, sem þar eru og verða undir þar, þeir geta tekið málið upp á Alþ. Stjórnarandstaðan, sem ekki vill una þeim úrslitum, sem þar eru fengin, hefur þá leið, og hún á að fara þá leið, ef hún telur, að um þingræðisbrot sé að ræða, að bera fram vantrauststillögu og kanna það, hvort þingmeirihluti er að baki stjórnarinnar eða ekki. Ég skora á þá, sem eru að dylgja um það, að hér hafi verið framið eitthvert þingræðisbrot, og eru að láta að því liggja, að stjórnin hafi ekki meiri hl. á bak við sig, að bera fram vantrauststillögu og kanna það. Það væri heiðarlegra, það væri mannlegra en að vera með þessar dylgjur um það, að stjórnin sé klofin, hafi ekki meiri hl. á bak við sig. Þá lægi það ljóst fyrir. Þá þyrfti ekkert um þetta að deila. Geri þeir það.

Nei, sumir ættu nú að tala lítið um þingræði. Ég held t. d., að hv. 7. þm. Reykv. ætti að fara sér hægt í því sambandi við utanríkismál. Ég held, að forsaga Alþfl. í því efni sé þess konar, að hann hafi ekki efni á því. Við munum það vel, og það er engin ástæða til að draga fjöður yfir það, hvernig haldið var á utanríkismálum og varnarmálum alla þá tíð, sem Guðmundur Í. Guðmundsson var utanrrh. Það var farið með þau sem launungarmál og leyndarmál og stjórnarandstöðunni haldið algerlega utan við þau. Það voru starfshættir, sem lengi munu verða í minnum hafðir og á mun verða bent um ókomna tíð sem víti, sem beri að varast. Og það skal viðurkennt til verðugs lofs, að næsti utanrrh. Alþfl., Emil Jónsson, tók upp nýja starfshætti að þessu leyti, og fyrir það á hann lof skilið. Og núv. ríkisstj. hefur heitið því að hafa þá starfshætti í þessum efnum að bera utanríkismál undir utanrmn. Ég hygg, að það sé ekki ástæða til fyrir hv. stjórnarandstöðu að kvarta undan því, að það hafi ekki verið gert.

Auðvitað mætti tala hér lengra mál um þingræði. Þess gerist nú varla þörf, og það er naumast tími til þess nú, og til þess gefst kostur síðar. En það vil ég segja, að í þeim efnum er sízt af öllu ástæða fyrir núv. stjórnarandstæðinga, sem skipuðu viðreisnarstjórnina, að setja sig á háan hest, því að svo ótalmörg dæmi mætti nefna frá þeim tíma um þau bolabrögð, sem þeir beittu æ ofan í æ gagnvart stjórnarandstöðunni. Og ég er alltaf tilbúinn að votta um það, ef þörf gerist. Ég hef dæmin um það. Þess vegna er það af þessu, sem ég hef sýnt fram á, þá fer því svo fjarri, að hér hafi verið framið nokkurt þingræðisbrot og þessi ákvörðun, sem ríkisstj. hefur tekið með þeim hætti, sem gert hefur verið, sé á nokkurn hátt óeðlileg, formlega séð. Um efnið er ágreiningur, eins og komið hefur fram. Ég held fyrir mitt leyti, að ákvörðun meiri hl. sé í algerlega rökréttu samhengi við þá yfirlýsingu, sem ríkisstj. hefur gefið í málefnasamningnum. Þar hefur því verið lýst yfir um afstöðu til NATO, að um hana væri ágreiningur, en að óbreyttum aðstæðum yrði Ísland í NATO, og það er auðvitað ekkert launungarmál, það vita allir, og það hefur komið fram hér á Alþ. áður, að að þessari ákvörðun stendur meiri hl. ríkisstjórnarinnar. Alþb. hefur verið á móti Atlantshafsbandalaginu. Það hefur aldrei verið lögð nein launung á það. Þar sem aftur á móti meiri hl. telur, að okkur beri að vera í Atlantshafsbandalaginu að óbreyttum aðstæðum, þá var það auðvitað rökrétt, að við tækjum þessu tilboði, alveg eins og það var rökrétt og er rökrétt af Alþb. og í samræmi við þeirra fyrri afstöðu í þessu máli, að vera á móti því.

Það er verið að auglýsa eftir því, hvaða rök séu fyrir ákvörðun meiri hl., það komi ekki fram í svari utanrrh. við orðsendingu Bandaríkjastjórnar. Það má benda á, að í tilkynningu frá Bandaríkjastjórn stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvörðunin um að fallast á ofangreindar framkvæmdir byggist á þeirri skoðun Bandaríkjamanna, að lenging þverbrautarinnar og bætt aðstaða fyrir flugvélar varnarliðsins sé hagsmunamál bæði hvað snertir flugöryggi og varnarmátt Atlantshafsbandalagsins."

Þetta er þeirra skoðun, þetta er þeirra mat. Og ríkis-

stj. eða utanrrh. í hennar umboði hefur svarað þessari orðsendingu jákvætt. Það var auðvitað ekki ástæða til þess, að það væri farið að taka þar upp hvert og eitt atriði, sem í orðsendingu Bandaríkjastjórnar sagði. Það liggur í hlutarins eðli, að á þau atriði, sem ekki er gerð aths. við í svari af hálfu utanrrh., er fallizt, enda þótt við auðvitað förum ekki út af fyrir sig að framkvæma neitt mat á því, hvort þetta mat Bandaríkjanna, sem þarna kemur fram, sé raunverulega rétt eða ekki. En það er ekki gerð aths. við það af okkar hálfu, og á þessu sjónarmiði byggist að sjálfsögðu ákvörðun meiri hl. ríkisstj., eins og ég geri ráð fyrir, að tilmæli fyrrv. ríkisstj. hafi auðvitað byggzt á sjónarmiðum sem þessum.

Það var ekki ástæða til að endurtaka þetta. En hins vegar var í svari utanrrh. ástæða til þess að endurtaka annað og leggja áherzlu á annað, þrátt fyrir það, sem um það hafði verið sagt í orðsendingu Bandaríkjastjórnar, og það er nefnilega það, að þrátt fyrir þessa lengingu þverbrautarinnar, sem á að verða þá til þess að styrkja varnarmátt Atlantshafsbandalagsins og auka flugöryggi, þá muni ríkisstj. ekki í neinu breyta sinni stefnu varðandi dvöl varnarliðsins hér á landi og endurskoðun varnarsamningsins. Það er alveg hreint mjöl í pokanum að þessu leyti. Bandaríkjastjórn veit alveg, að hverju hún gengur í þessu efni. Hún hefur ekki verið dulin eins eða neins. Henni er sagt alveg hreint út, að það verður ekki breytt um, þrátt fyrir það að hún framkvæmi þetta. Við höfum ekki beðið hana um það. Það er hennar ákvörðun.

Það var verið að spyrja um það, hvernig hefði átt að fjármagna þessa flugbrautarlengingu á Keflavíkurflugvelli. Hæstv. utanrrh. hefur svarað því. Það var gert ráð fyrir því að gera það í sambandi við framkvæmdaáætlun, og þar sem ég hef nokkuð um gerð framkvæmdaáætlunar að segja, þar sem sú stofnun, sem að henni vinnur, heyrir nú nokkuð undir mig, og það er auðvitað ekkert leyndarmál, að það hefur verið að undanförnu unnið að þessari framkvæmdaáætlun, þá get ég bara alveg ósköp hreint sagt það hér, að í þeim drögum, sem hafa verið gerð að framkvæmdaáætlun og þeir hafa verið að vinna að, þá hefur verið á blaði ákveðinn póstur, ákveðinn liður til þess að framkvæma þessa flugbrautarlengingu, þverbrautarlengingu í Keflavík. Það lá þess vegna ljóst fyrir, og það hefur enginn þurft að velkjast í neinum vafa um það, að lenginguna átti að gera og hún hefði verið framkvæmd, þó að Bandaríkjamenn hefðu ekki dregið sinn fyrirvara til baka. Það hefur sjálfsagt Bandaríkjastjórn verið ljóst. Og auðvitað þarf ekki að rekja fyrir hv. 7. þm. Reykv. hvernig framkvæmdaáætlun er gerð. Það er ekki verið að taka fram alveg neina sérstaka fjáröflun til neinnar einstakrar framkvæmdar, heldur er fjár aflað til þeirra framkvæmda, sem á framkvæmdaáætlun eru, ýmist með beinum framlögum eða með lántökum innanlands eða utan. Og auðvitað hefði, ef það hefði staðið áfram á framkvæmdaáætlun, — nú gengur það væntanlega út — verið aflað fjár til þess alveg með sama hætti.

Það hefur kannske verið óþarflega mikið talað hér um samninga eða samningsgerð í þessu sambandi. Eins og ég hef þegar sagt, hefur af hálfu íslenzku ríkisstj. ekki verið farið fram á eitt eða neitt í þessu sambandi við Bandaríkjastjórn. Þetta er alveg hennar einhliða ákvörðun að bjóðast til að framkvæma þetta, auðvitað eðlilega og lögum og varnarsamningnum samkv. að því áskildu, að samþykki íslenzku ríkisstj. komi til.

Mér þótti aðeins rétt að taka þetta fram í tilefni af því, sem hér hefur komið fram, og ég tel mig hafa sýnt algerlega fram á, að ákvarðanir bæði meiri hl. í ríkisstj. og minni hl. eru alveg í eðlilegu og rökréttu samhengi við þeirra fyrri afstöðu. Ég hef einnig sýnt fram á, að það lá ljóst fyrir, þegar ríkisstj. tók þessa ákvörðun sína, og hefur sannazt í umr. hér og við yfirlýsingar forstöðumanna stjórnarandstöðunnar, að það var og er meiri hl. á Alþ. fyrir þessari ákvörðun. Ég hef enn fremur sýnt fram á það, að því fer svo fjarri, að það sé hægt að tala um nokkurt þingræðisbrot í þessu efni. Og ég segi það enn og aftur, að nær væri þeim, sem eru á því að klifa, að bera fram vantraustsstillögu en að vera að tala um þetta. Og á tali þeirra, án þess að þeir kanni það, verður ekki mark tekið.

Það hefur náttúrlega verið sagt svona sitthvað, sem ég ætla ekki að fara að elta ólar við. Eg held nú, að í sambandi við utanríkismál og varnarmál sé oft rétt að spara stóru orðin og það sé réttara fyrir okkur að deila um ýmis önnur efni hér innanlands en að vera að bera hverja aðra sökum í þeim efnum eða vera að efast um þjóðrækni og Íslendingseðli. Ég held, að allir þeir, sem hér sitja, séu þeir Íslendingar, að þeir vilji og setji hagsmuni Íslands ofar öðru, þegar um skipti við önnur ríki er að tefla. Og ég held, að við ættum ekki að vera með dylgjur hver í annars garð um það efni. Ég held, að það sé ekki viðkunnanlegt orðalag, eins og hv. 2. þm. Reykv. viðhafði hér, að með yfirlýsingum okkar og túlkun á okkar stefnu höfum við ekki aðeins verið að svíkja okkar vini, heldur svíkja okkur sjálfa. Þetta er nokkuð stórt, og ég held, að það séu alveg tilefnislausar staðhæfingar af hans hálfu, að okkar yfirlýsingar í ríkisstj., okkar túlkun á okkar málefnasamningi, á ákvæðunum um varnarmálin, hafi skaðað okkar málstað. Og það er ósæmilegt að vera að slá svona fram án þess að nefna nokkur dæmi því til stuðnings. Ég held þvert á móti, eins og hér hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh., að það liggi ekkert fyrir um það, að stefnuyfirlýsingar okkar eða túlkanir hafi skaðað málstað okkar erlendis, hafi veikt traust annarra þjóða á okkur. Ég verð t. d. að segja það, að þessi ákvörðun Bandaríkjastjórnar ber því ekkert vitni, að álit þeirra á okkur hafi minnkað við okkar stefnuyfirlýsingar og okkar túlkun á þessu. Og ég held, að það sé alveg óþarfi af þeim sama hv. þm. að vera að tala um það, að ráðh. hafi orðið tvísaga og margsaga í túlkun á þessum ákvæðum. Hann var með nokkru stærilæti að fara fram á það, að ég gæfi einhvern úrskurð um það, hvor hefði rétt fyrir sér í túlkun á ákvæðum stjórnarsáttmálans, það lægi ekki ljóst fyrir. Ég held nú, að það liggi alveg ljóst fyrir, hver stefna stjórnarinnar er í þessum efnum. Ég held, að stjórnarsáttmálinn segi alveg ákveðið til um það. (**GH:** Ákveðið?) Ákveðið, já. (**GH:** Innan gæsalappa.) Gæsunum má sleppa. En það er talað um, að það sé eitthvað óeðlilegt, að verið sé að fara fram á endurskoðun og uppsögn í sömu andrá, og þess getið, að stefnt skuli að því, að herinn fari, varnarliðið fari í áföngum á kjörtímabilinu. Jú, þeir segja nú hv. sjálfstæðismenn: Við erum ekki á móti endurskoðun, við viljum endurskoða, enda segja þeir það hér í þessari þáltill. sinni. Þeir eru beinlínis komnir inn á það, að það

eigi að fara fram endurskoðun á varnarsamningnum. Ég geri ráð fyrir, að hv. Alþfl.-menn séu einnig á því, þótt það sé ekki berlega tekið fram í þeirra till. Það eru sem sagt allir á því, að það eigi að fara fram endurskoðun á varnarsamningnum. Það er ekkert óeðlilegt eftir allan þennan tíma.

Og hvers vegna er þá talað um endurskoðun og uppsögn í sömu andrá? Það er beinlínis gert ráð fyrir því, að það sé farið eftir ákvæðum varnarsamningsins sjálfs um þessi efni. Þar er gert ráð fyrir sex mánaða tíma, sem fari í endurskoðun. Ef sú endurskoðun ber ekki árangur, þann árangur, sem báðir aðilar geta við unað, þá getur hvor aðili sem er sagt samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Ég hélt, að þetta væri nokkuð ljóst. Já, segja þeir, það er allt í lagi. En að vera að taka það fram, í hvaða skyni samningurinn skuli endurskoðaður, að vera að setja það strax fram sem markmið, að varnarliðið skuli hverfa í áföngum á ákveðnu tímabili. Ja, ég verð nú að segja það, að ég fæ það ekki inn í mitt þykka höfuð, að það sé óeðlilegt. Ég hef margsinnis tekið þátt í því og verið við slíka endurskoðun á lögum eða hverju sem er, að það er gengið út frá því, að það skuli stefnt að einhverju ákveðnu markmiði með þeirri endurskoðun, sem fer fram. Menn eru ekki bara að endurskoða til að endurskoða. Nei. Menn eru að endurskoða til þess að fá fram einhverja ákveðna breytingu, sem þeir vilja fá fram. Ég get ekki séð, að þetta sé neitt óeðlilegt. Og ekki ætla ég að fara að gefa neinn úrskurð hér. En ég ætla að benda hv. 2. þm. Reykv. á það, sem ég sagði um túlkun á þessum ákvæðum í ræðu hér á hv. Alþ. 18. okt. fyrra ár. Það hefur legið fyrir allan þennan tíma. Þar hafa menn getað fundið það og séð, ef menn hafa lagt á sig það ómak að athuga það, hvað ég hef sagt um þetta efni. Og ég held, að það geti enginn, sem les það, sem ég sagði þar, verið í vafa um það, hver stefna stjórnarinnar er í þessum efnum. Þetta er nú kannske nokkuð langt til þess, að ég lesi það allt, en með leyfi hæstv. forseta — (Gripið fram í.) Erfitt að finna staðinn, sem á að byrja á? Nei, það er nú ekki erfitt. Það er um marga staði að velja, sem allir eiga jafn vel við í dag, því að þrátt fyrir allt, sem þeir eru að segja og hafa sagt, þá höfum við ekki sagt neitt eitt í dag og annað á morgun í þessum efnum. Við höfum þvert á móti verið okkur sjálfum samkvæmir og alltaf sagt það sama. Og ég skora á hv. 2. þm. Reykv. að fletta upp í þeim ræðum, sem ég hef haldið á Alþ., fletta upp í þeim greinum, sem ég hef skrifað um þetta efni, fletta upp í þeim viðtölum, jafnvel í Morgunblaðinu, þar sem við mig var talað daginn eftir, að ég tók við stjórn, og sýna mér fram á nokkurt ósamræmi í mínum málflutningi. Ég skora á hann að gera það. (**Gripið fram í:** Það er verið að spyrja um ósamræmi á milli ráðh. Það er verið að spyrja forsrh., hvernig hann túlkaði.) Nú, en ég ætla nú, með leyfi hæstv. forseta, að benda hér á nokkuð, sem ég sagði. En þar er sagt, og það höfum við jafnan síðan aðspurðir sagt, að Ísland yrði að óbreyttum aðstæðum áfram í NATO:

„Jafnframt höfum við margundirstrikað, að Ísland mundi standa við allar skuldbindingar sínar gagnvart NATO, en við teljum, að þátttaka okkar í NATO leiði ekki til þess, að við séum skuldbundnir til þess að hafa erlendar hersveitir hér á landi á friðartímum. Því til sönnunar bendum við á forsögu málsins og fyrirvara af Íslands hálfu við inngöngu í NATO, sem ég ætla ekki að fara að rifja hér upp nema tilefni gefist til síðar. En ég ætla, að hér gerist enginn til að vefengja þær yfirlýsingar, sem þá voru gefnar, bæði af íslenzkum stjórnmálamönnum og útlendum mönnum, sem talað var við. Enn fremur er það augljóst mál af mismunandi gildistíma NATO-samningsins og varnarsamningsins, að þar var um tvö aðskilin mál að ræða. Hefur sú staðreynd oftlega verið undirstrikuð af hálfu forsvarsmanna allra þeirra stjórnmálaflokka, sem stóðu að inngöngu í Atlantshafsbandalagið. Varnarsamningurinn er því fyrst og fremst málefni milli Íslands og Bandaríkjanna. Eins og við höfum margsagt, munum við eftir áramótin, eða þegar við höfum kynnt okkur öll málefni varðandi varnarstöðina nægilega rækilega, óska eftir viðræðum við Bandaríkjamenn um endurskoðun varnarsamningsins. En í tíð fyrrv. stjórnar var núv. stjórnarflokkum haldið utan við öll varnarmál, svo að það er ekkert óeðlilegt við það, þó að þeir þurfi að kynna sér þau gaumgæfilega, áður en þeir ganga til viðræðna um endurskoðun samningsins. Ég vona, að í þessum fyrirhuguðu viðræðum takist að finna þá lausn þessara mála, sem báðir aðilar geti unað við. Stefnumark okkar er skýrt. Við viljum, að hið erlenda varnarlið hverfi úr landinu í áföngum. Við viljum, að slíkt geti átt sér stað á kjörtímabilinu."

Ég held, að þetta sé sæmilega ljóst. Og ef þetta dugar ekki til þess að taka af öll tvímæli, þá mun ég ekki telja það eftir mér að veita hv. 2. þm. Reykv. nánari upplýsingar um þetta efni.

Ég skal svo, eins og ég sagði, ekki orðlengja þetta frekar og hef reyndar haft um þetta fleiri orð en ég ætlaði mér, því að ég hafði ekki hugsað mér sérstaklega að blanda mér í þessar umr., því að eins og ég sagði í upphafi, þá get ég í einu og öllu tekið undir það, sem hæstv. utanrrh. sagði um þetta og ég hef ekki þar við neinu að bæta. En það er aðeins rétt að endurtaka það, sem hann hefur sagt og við höfum sagt æ ofan í æ, að um þessi málefni, eins og um utanríkismál almennt, verður haft fullt samráð við utanrmn. Þess vegna er þáltill. Alþfl. í sjálfu sér óþörf. En út af fyrir sig er efni hennar eðlilegt, það er ekkert óeðlilegt við margt af því, sem þar segir. — [Fundarhlé.]

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér fyrir hléið talaði síðastur hæstv. forsrh., og honum var í upphafi máls síns afskaplega mikið niðri fyrir, vegna þess að hann taldi, sem rétt var að sjálfsögðu, að á dagskrá væri hér till. um öryggis- og varnarmál, og fannst sjálfum, að sú till. væri ekki rædd sem skyldi og virtist vera sem svo, að hann kinokaði sér við að tala um þá síðustu atburði, sem nú eru efst í huga allra Íslendinga, þ. e. ákvarðanir ríkisstj. í flugvallarmálinu. Hins vegar sat ég hér samvizkusamlega í allan dag og hlýddi á þessar umr., og ég gat ekki betur heyrt en þær allar, allar þær ræður, sem fluttar voru, fjölluðu einmitt um öryggis- og varnarmál, og ég get ekki séð annað en að fullt samhengi sé á milli þeirra síðustu atburða, sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni, og þeirrar till., sem er hér á dagskrá að forminu til, því að hvort tveggja snertir mjög öryggis- og varnarmál, er raunverulega kjarni alls þessa máls. Ég lít jafnvel svo á, að ákvörðun ríkisstj. í þessu máli

hafi verið prófsteinn á grundvallarstefnu viðkomandi flokka, jafnt í stjórn sem stjórnarandstöðu, í öryggis- og varnarmálum.

Hæstv. ráðh. hvatti menn hér til að draga úr dylgjum og beindi að vísu þeim orðum sínum til stjórnarandstæðinga, en ekki fór fram hjá þingheimi, að þessu var jafnframt mjög beint að hans eigin stuðningsmönnum og þá sérstaklega félögum hans í Alþb., því að enginn og engir fóru með meiri dylgjur í þessum umr. í dag heldur en einmitt það ágæta fólk. Gamalkunnar glósur eins og um hersetumenn, um afsal landsréttinda, um það, að sjálfstæðismenn væru minni Íslendingar en aðrir, um það, að þeir væru handbendi einhverra stórvelda úti í löndum og gættu sérstaklega bandarískra hagsmuna, allt þetta er gamalkunnugt og virðist vera svo, að það sé algerlega ómögulegt að ræða við þetta fólk af fullri skynsemi eða með rökum, því að svona lagað er sífellt endurtekið, þrátt fyrir það, að ný viðhorf og nýir atburðir eigi sér stað í þessum málum. Þessar ræður þeirra virðast, að manni finnst og bezt verður séð, helzt fluttar til birtingar í Þjóðviðjanum, málgagni Alþb. Þetta er þeirra mállýzka, þessi stóryrði, og mun ég ekki elta ólar við slíkt. En það, sem mér finnst hins vegar miður, er það, þegar þetta ágæta fólk er að gera mönnum upp ýmsar fullyrðingar eða ummæli, vitna í einhverjar tilvitnanir, sem eru staðlausir stafir, og leggja síðan út af þessum tilvitnunum eins og einhverjum sjálfsögðum staðreyndum. Þannig t. d. leyfði hv. þm. Sigurður Magnússon sér að vitna hér í Morgunblaðið, fór með einhverjar setningar úr Morgunblaðinu, án þess að það væri frekar rökstutt, hvort sú tilvitnun væri á ábyrgð þess blaðs eða hvort hún væri rituð af einhverjum ákveðnum einstaklingum. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir því, að Morgunblaðið frekar en Þjóðviljinn taki á sig ábyrgð af yfirlýsingum eða skrifum, sem eru undir nafni í þeim ágætu blöðum, og ég ætla þessum þm. ekki svo ómerkilegan málflutning, að hann vilji, að þessi tilvitnun sé tekin trúanleg á þann veg, að það sé á ábyrgð Morgunblaðsins, og þess vegna vísa ég henni á bug og mótmæli sem algerlega úr lausu lofti gripinni.

Hér fyrr í dag leyfði hæstv. iðnrh. sér að grípa til sömu vinnubragða, og er hans sök þó miklu meiri, þar sem hann er reyndur þm. og nú hæstv. ráðh. Hann sagði m. a., að ég hefði hér í upphafi þingsins í vetur kvatt mér hljóðs og mælt gegn aðild Rauða-Kína að Sameinuðu þjóðunum og þetta væri upphafið að því, hvernig sjálfstæðismenn hefðu beitt sér fyrir bandarískum hagsmunum hér á Alþ. Þetta er náttúrlega algerlega rangt, eins og ég geri ráð fyrir, að allur þingheimur muni. Ég mótmælti ekki aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum. Ég meira að segja tók það margoft fram í minni ræðu, að ég styddi þá aðild, en hins vegar vildi ég það ekki á kostnað þess, að Formósuríki væri vikið úr þessu sama bandalagi.

Hæstv. ráðh. leyfði sér líka að fullyrða hér í ræðustól frammi fyrir þingheimi, að ungir sjálfstæðismenn hefðu gert samþykkt um það að ala á tortryggni á meðal ríkisstj. og stjórnarflokkanna. Þetta er líka algerlega úr lausu lofti gripið, og ég mótmæli þessu sem ósönnu. Ég skora á ráðh., ef hann vill standa við orð sín, að sanna það, að ungir sjálfstæðismenn hafi gert samþykkt á þessa leið. Ég geri ráð fyrir því, að hann hafi þarna í huga einhver plögg, sem stjórnarsinnar hafa kallað leyniplögg ungra sjálfstæðismanna, gefið þeim svo merkilegt og ábyrgðarmikið heiti. En þar er um að ræða plagg, þar sem var talið upp ýmislegt, — það voru tveir ungir menn, sem skrifuðu undir plaggið, — sem þeir vildu, að yrði haft til athugunar, þegar Sjálfstfl. færi í sína stjórnarandstöðu. En það var langt í frá, að þetta plagg hefði fengið samþykki, og það er hvergi að finna neitt um það í ályktunum eða niðurstöðum ungra sjálfstæðismanna á þeirra þingum eða þeirra samkomum. Og enda þótt slíkt plagg sé fyrir hendi undirritað af einhverjum ákveðnum einstaklingum, sem tilheyra einhverjum ákveðnum flokki, þá er það ekki hjá okkur í Sjálfstfl. frekar en í öðrum flokkum, að flokkurinn sem slíkur geti tekið ábyrgð á slíkum ummælum.

Hæstv. ráðh. var svo mikið niðri fyrir hér í dag, að hann taldi rétt, að það þyrfti að víta ákveðna þm. fyrir þeirra ummæli, sem hann kallaði brigzl og óábyrgan málflutning, en ég vildi þá beina því jafnframt til forseta, hvort ekki væri ástæða til þess að víta svona fullyrðingar, sem eru tilbúnar og algerlega staðlausar.

Hv. þm. Sigurður Magnússon flutti hér langt mál í dag og lýsti þá m. a. andúð sinni á hernaðarbandalögum, og hann taldi jafnframt vera stefnu síns flokks að vera á móti hernaðarbandalögum. Það er út af fyrir sig gott og gilt. En það er svo einkennilegt með þetta fólk, sem tilheyrir Alþb. og er sífellt að tala um, að það sé á móti hernaðarbandalögum, að á sama tíma sem þessi fordæming kemur, þá er sífellt talað um í sömu andránni, að þessi hernaðarbandalög stafi frá hinu illa og hið illa sé auðvaldið í heiminum. Það er aldrei minnzt á það, að það séu til hernaðarbandalög á báða bóga. Ef eitthvað er illt við þessi bandalög, þá á það að sjálfsögðu við um þau bandalög, sem til eru í hinum ýmsu blokkum. En af því að talað er um hernaðarbandalög, þá er spurning um það, hvort þau séu ávallt til ills, og sú spurning vaknar að sjálfsögðu, hvort það bandalag, sem bandamenn gerðu í síðustu heimsstyrjöld, hafi þjónað góðum eða slæmum tilgangi, hvort það bandalag hafi verið okkur þóknanlegt eða ekki. Vitaskuld er það svo, að afstaða okkar til hernaðarbandalaga er afstæð, og ég segi það, að ef kommúnistar gengju einhvern tíma hreint til verks og segðu frá því, hvað þeir raunverulega vildu og hvað þeir ætluðu, þá skildi maður afstöðu þeirra til Atlantshafsbandalagsins betur en með þessu yfirklóri, sem á sér stað í dag.

Ég ætla ekki að fara að rekja sögu Atlantshafsbandalagsins. Það hefur margoft verið gert, en ég vil minna á, að tilgangur Atlantshafsbandalagsins við stofnun þess var sá að stöðva yfirgang kommúnismans, yfirgangsstefnu Sovétríkjanna. Þetta er söguleg staðreynd, og henni verður ekki mótmælt. Ég hef bent á það, að Alþb. í dag á Íslandi er arftaki gamla kommúnistaflokksins. Ég skal ekki kalla þá kommúnistaflokk, í kurteisisskyni skal ég ekki gera það nú. En þessir arftakar hafa fordæmt framkvæmd kommúnismans í Sovétríkjunum. Þeir hafa afdráttarlaust sagt, að þeir telji það ekki æskilegt að kalla yfir sig slíkt ástand. Ég hef dregið þá ályktun, að þeir hafi um leið viðurkennt réttmæti þess, að Atlantshafsbandalagið var stofnað á sínum tíma, vegna þess að Atlantshafsbandalagið hefur vissulega komið í veg fyrir frekari

yfirgang Sovétríkjanna og þessa kommúnisma, eins og hann er framkvæmdur í Evrópu. Hitt er annað mál, að við getum endurskoðað afstöðu okkar til Atlantshafsbandalagsins og annarra slíkra hernaðarbandalaga nú 20 árum síðar, og það geta verið allt önnur viðhorf uppi, og það er sjálfsagt að taka þau til athugunar. En þessu vil ég ganga út frá sem staðreynd, að Atlantshafsbandalagið var stofnað til þess að koma í veg fyrir yfirgang kommúnismans. Alþb. hefur fordæmt þessa framkvæmd á þessari þjóðmálastefnu, og í því felst viðurkenning á því, að Atlantshafsbandalagið hafi þjónað sínum tilgangi.

Ef máttur Íslands er svo mikill, að með því að ganga úr Atlantshafsbandalaginu sé búið að leggja svo drjúgan skerf fram í það að leggja niður hernaðarbandalög í heiminum almennt, að það sé um að ræða tímamót, þá mundi ég sannarlega taka það til athugunar að ganga úr þessu bandalagi, því að ég er jafn sammála þeim og þeir a. m. k. eru í orði kveðnu, að ég er á móti hernaðarbandalögum. En ég vil ekki jafnframt á sama tíma og við göngum úr hernaðarbandalagi eða varnarbandalagi, Atlantshafsbandalaginu í þessu tilviki, þá vil ég ekki stofna í hættu þeim hagsmunum, sem við höfum af þessu. Ég vil ekki raska því jafnvægi, sem fyrir er, og ég vil ekki, að það verði til þess, að það verði okkar bandamönnum í óhag. Þetta eru samt engu að síður afleiðingarnar af því, ef við gengjum úr Atlantshafsbandalaginu í dag.

En á sama tíma sem við sjálfstæðismenn erum vændir um þjónkun við bandaríska hagsmuni og sagðir hálfgerðir leppar Bandaríkjamanna, þá er lesinn hér upp á þingi kafli úr tímaritsgrein, sem ég skrifaði fyrir allmörgum árum, 1966, þar sem lýst er aðvörun minni við því, að Bandaríkjamenn nái of miklum áhrifum á Íslandi, að við tökum ekki allt gott og gilt, sem frá þeim kemur, og við þurfum að vera á varðbergi fyrir öflum og áhrifum jafnt úr austri sem vestri. Ég vil taka það fram, að ég get staðið við hvert eitt orð, sem í þessari tímaritsgrein stendur, og allt það, sem sagt var hér í dag. Og það þarf reyndar ekki að fara sex ár aftur í tímann til þess að finna tilvitnanir og sams konar orð af minni hálfu í þessa átt. En ég segi: Er til betri sönnun þess, þarf frekari vitnanna við, þegar ég er síðan á sama tíma vændur um það að gæta hér hagsmuna Bandaríkjamanna, eins og ráðh. t. d. talaði um í sambandi við aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum? En það er einmitt þessi tilvitnun, sem ég held, að sé hvað sterkust, þegar við erum að ræða um afstöðu okkar til þessara mála, því að ég segi, þrátt fyrir þessar skoðanir mínar og þrátt fyrir það, að ég hef þennan andvara á, þá kemst ég að þeirri niðurstöðu tvímælalaust, að við eigum að taka áfram þátt í vestrænu varnarbandalagi og við eigum að styðja og taka þátt í NATO. Við eigum jafnframt áfram að treysta á samvinnu Bandaríkjamanna í þeim efnum. Og af hverju segi ég þetta, og af hverju kemst ég að þessari niðurstöðu? Í því sambandi vildi ég leyfa mér að vitna til annarrar greinar, sem ég hef ritað, úr því að ég er byrjaður á því á annað borð. Sú grein er frá því í jan. 1971 og birtist í Morgunblaðinu og fjallar að nokkru leyti um sama efni og hv. þm. Sigurður Magnússon rakti hér fyrr í dag, en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Ég er fyrstur manna til að mótmæla afskiptum Bandaríkjamanna af innanlandsmálum Íslendinga, og við skulum taka sjálfstæða afstöðu til aðgerða Bandaríkjamanna hvar og hvenær sem er. Aftur á móti er sífelldur áróður um heimsveldisstefnu Bandaríkjanna löngum hvimleiður og ósanngjarn. Eftir heimsstyrjöldina síðari var það hlutverk bandarísku þjóðarinnar að rétta hjálparhönd í ýmsar áttir vegna yfirburða hennar í vopnastyrk og auðæfum. Sú aðstoð var bæði efnahagsleg og hernaðarleg og beinlínis forsenda enduruppbyggingar og bjargvættur frjálsra þjóða gegn yfirgangi kommúnista um víða veröld. Á tímabili kalda stríðsins voru Bandaríkin útvörður hins frjálsa heims, sem í skjóli styrkleika síns og málstaðar tók að sér hlutverk hins „almáttuga" verndara í valda- og vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna. Var sú vernd umbeðin og vel þegin, þegar sýnt var, að hart þurfti að mæta hörðu, þegar ljóst varð, að alheimskommúnisminn sveifst einskis í því valdatafli."

Nú er talað um það, að ungt fólk geri ályktanir og efni til samkoma, sem ganga út á það að fordæma hernaðarbandalög og vísa varnarliðinu úr landi, og þetta sama unga fólk eigi að vera á móti NATO. Það breytir ekki afstöðu minni eða sannfæringu minni, hvort fleiri eða færri eru sammála mér. Það hefur ekki minnstu áhrif á mig. Ég er sannfærður um minn málstað og réttmæti þeirra skoðana, sem ég hef sett fram, og ég er líka sannfærður um það, að þegar upphrópunum og tilfinningahita linnir, þegar menn skoða þetta með kaldri skynsemi, þá komast þeir að sömu niðurstöðu og ég hef gert í þessu máli. Þetta er mín sannfæring. Svo verður það að ráðast, hvort það tekst eða ekki að sannfæra ungt fólk og gamalt um þessar skoðanir. Við sættum okkur við þá niðurstöðu, sjálfstæðismenn, sem lýðræðissinnar, en við munum áfram berjast fyrir okkar málstað og trúum því, að hann verði ofan á, áður en yfir lýkur.

Mér er sjálfum ógeðfellt, að hér skuli dvelja erlent varnarlið í landi. Ég hef margoft sagt það, og ég ítreka það hér. En mér er meira áhyggjuefni heimsvaldastefna og ógnun kommúnismans og kommúnista, og þess vegna tel ég það hræsni og yfirdrepsskap, þegar fólk, hvort sem það er vinstri sósíalistar eða frjálslyndir sósíalistar eða kommúnistar, Alþb.-menn eða hvað þeir kalla sig, þegar þetta fólk er að tala um hlutleysi og það, að við eigum að vera fyrir utan hernaðarbandalög. Þeir eiga að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir og segja afdráttarlaust: Við erum á móti Atlantshafsbandalaginu, við viljum stuðning og samstarf við austurblokkina. Ef þetta fólk getur sannfært mig um, að það sé ekki þessa sinnis og að það sé jafneinlægt á móti blokkinni í austri eða fordæmi jafneinlæglega kommúnismann eins og það fordæmir auðhyggjuna og kapítalismann, ef það getur sannfært mig um það, að heimurinn geti orðið betri með því að ganga úr Atlantshafsbandalaginu, þá mun ég hlusta á það, en fyrr ekki.

Nú vil ég víkja að máli hæstv. forsrh., að því máli, sem hann kallaði smámál hér fyrr í dag, þ. e. flugvallarmálinu og ágreiningi innan ríkisstj. Ráðh., tveir hæstv. ráðh., sem hér hafa talað í dag, og reyndar þrír, hafa lagt á það mikla áherzlu, að enginn klofningur væri í ríkisstj., það hefði engu breytt, hvað hefði skeð innan hennar nú í þessu máli. Þegar búið er að gefa út yfirlýsingar um ágreining innan ríkisstj. og þegar þessar

yfirlýsingar fela í sér bein skeyti og aðdróttanir af hálfu hins hlutans í ríkisstj., þá leyfa þessir menn sér að standa upp og segja, að það sé enginn klofningur í ríkisstj. Hver trúir nú svona lögum? Ég er ekki gamalreyndur í stjórnmálum, en ég get ímyndað mér, að það sé ekki einsdæmi, að ágreiningur sé innan ríkisstj., og ég held, að það sé ekki verið að fjalla um það hér, þegar gagnrýni er sett fram á vinnubrögð ríkisstj. Vissulega kemur upp ágreiningur innan ríkisstj., en þau mál eru leyst með ýmsum hætti, málamiðlun eða með þegjandi samkomulagi, en það er einsdæmi, að því er sagt er, að slíkur ágreiningur skuli koma upp á yfirborðið, hann skuli gerður jafnber eins og raun ber vitni um í þessu máli. Og því frekar er þessi klofningur, þessi ágreiningur umtalsverður hjá ríkisstj., að hér er um að ræða „prinsip"-mál, algert „prinsip"-mál, stefnumál þessara flokka.

Hæstv. forsrh. hitti reyndar naglann á höfuðið, er hann sagði: „Þessi vinnubrögð eru ekki óeðlileg", en bætti síðan við „formlega séð". Hann getur haft þessa skoðun. Ég tel þau reyndar vera óeðlileg að forminu til líka, en hann sagði ekki það, sem hann átti að segja, og það, sem kannske vakti fyrir honum. Vinnubrögðin eru vissulega óeðlileg pólitískt séð, og það er það, sem verið er að deila á hér í þessum umr. Alþb. segir, að þessi öryggis- og varnarmál séu þeirra heilagasta baráttumál. Hæstv. iðnrh. sagði hér í umr. í dag, að þetta hefði spillt mjög öllu stjórnmálastarfi á Íslandi, þetta hefði eitrað andrúmsloftið, deilur um þetta mál. Hann hefur jafnvel í viðtölum í sínum eigin málgögnum talið, að síðferði ráðh. og ríkisstj. væri beinlínis í voða við þær ákvarðanir, sem nú eru teknar. Og það kemur fram í yfirlýsingum tveggja ráðh. Alþb., að sjálfstæð utanríkisstefna er ekki lengur fyrir hendi, hún er farin fyrir bí með þessum ákvörðunum meiri hl. ríkisstj. Með tilliti til allra þessara raka, hversu stórt mál þetta hefur verið í hugum Alþb., hversu að þeirra mati hér er um alvarlegt síðferðislegt mál að ræða og að hér er hin sjálfstæða utanríkisstefna í sviðsljósinu, þá get ég ekki annað séð en hér sé um að ræða stórmál, ekki smámál, og hér sé um að ræða mjög alvarlegan klofning, ágreining, sem alveg sé þess virði að gera veður út af.

Stjórnmál geta verið opin. Ég er sammála hæstv. iðnrh. í því, að það þurfi að stefna að því að hafa stjórnmál sem allra opnust, þannig að almenningur geti fylgzt með, en þessi vinnubrögð, að opinbera slíkan ágreining og senda skeyti til samráðherra sinna, þau eru ekki til þess að auka veg stjórnmála, og ég held, að það sé engin ástæða fyrir aðra að ala á tortryggni innan ríkisstj., þegar þeir beita sjálfir svona vinnubrögðum.

Hæstv. forsrh. sagði hér í sinni ræðu áðan, að það hefði alltaf legið fyrir, að meiri hl. væri fyrir því á þingi, meiri hl. fyrir þeirri ákvörðun, sem meiri hl. ríkisstj. tók, þ. e. að þiggja fjárframlag Bandaríkjamanna til þessara framkvæmda, sem hér er um að ræða. Það má vera rétt, en þá segi ég, það er náttúrlega undirstaða þessa máls, hver sé forsenda þess meiri hl. Annars vegar er talað um, að þessa peninga og þessar framkvæmdir þurfi til þess að tryggja flugöryggi á Keflavíkurflugvelli, til þess að sjá um það, að þessi alþjóðlegi flugvöllur standist kröfur og geti sinnt þeim verkefnum og þeirri umferð, sem þarna er um að ræða, hins vegar er um það að ræða að auka varnarmátt Atlantshafsbandalagsins. Og mér skilst, að fyrrv. ríkisstj. hafi verið búin að taka þá tvímælalausu afstöðu, að hún vildi ekki þiggja fjárframlag frá Bandaríkjamönnum, þegar um er að ræða beinar framkvæmdir fyrir eingöngu flugöryggi sem slíkt sem flugvöll innanlands. Hún byggði afstöðu sína í þessu máli á því, að þarna væri verið að styrkja varnarmátt okkar og Atlantshafsbandalagsins og þetta hefði hernaðarlega þýðingu að stækka flugbrautina og þess vegna teldi hún skyldu Bandaríkjamanna að leggja fram þetta fé. Og ég segi og ég ætla, að ég mæli fyrir munn sjálfstæðismanna, þegar ég segi, að við teljum það vera mútur, við teljum það vera ölmusu að þiggja þetta fé, ef það yrði þegið á öðrum forsendum en þeim að efla varnarmátt Atlantshafsbandalagsins. Þetta eru betlipeningar, eins og sagt er, ef það er ekki forsendan.

Nú er það rétt, að utanrrh. hefur gefið þær yfirlýsingar, að ákvörðun meiri hl. ríkisstj. byggist á þeirri forsendu, að efla skuli varnarmátt Atlantshafsbandalagsins. Þetta liggur fyrir staðfest, þannig að að því leyti til er hægt að fallast á, að fyrir liggi meiri hl. á þingi. Á því byggist áreiðanlega afstaða stjórnarandstæðinga hér á þingi nú. Ég mundi halda, að þessi ákvörðun, sem byggist á þessari forsendu, sé afskaplega athyglisverður atburður og hægt sé að spá ýmislegt í hann. Ég held því fram, að með þessari ákvörðun hafi meiri hl. ríkisstj. hafnað rökunum um hlutleysi, sem sett hafa verið fram af Alþb. Meiri hl. ríkisstj. hefur hafnað þeim rökum, að hætta stafi af hernaðarmannvirkjum hér á landi, og meiri hl. ríkisstj. hefur hafnað afdráttarlaust því, að Ísland eigi að vera hér varnarlaust. Meiri hl. ríkisstj. hefur, svo að engum vafa er undirorpið, staðfest það hér í eitt skipti fyrir öll, að hún vilji taka þátt í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins og styðja og efla það með öllum hætti. Og svo segja þessir sömu menn, að þetta breyti engu, það breyti engu, þessi ákvörðun og afstaða ríkisstj. og stjórnarflokkanna til öryggis- og varnarmála. Vissulega gerir það það. Eða hvað segja Alþb.-menn, stuðningsmenn Alþb. um þetta, að stefnan, það að segja upp varnarsamningnum, sé óbreytt, eins og hæstv. iðnrh. er að reyna að segja okkur hérna, á sama tíma sem ríkisstj., þeirra eigin ríkisstj., tekur ákvörðun um það að efla varnarmátt Atlantshafsbandalagsins? Og hvað segja stuðningsmenn hinna flokkanna, Framsfl. og SF, þeirra, sem vilja kannske taka undir það að vera í Atlantshafsbandalaginu áfram, hvað segja þeir um það, að hér sé tekin ákvörðun um það að efla varnarmátt Atlantshafsbandalagsins, en á sama tíma sé þeirra ríkisstj. að lýsa því yfir, að það eigi áfram að segja varnarsamningnum upp, eins og hæstv. iðnrh. gefur í skyn, að eigi að túlka málefnasamninginn og afstöðu ríkisstj.? Ég verð að biðjast afsökunar á því, að ég skil ekki „logikina" í þessum rökum og þessari afstöðu.

Hæstv. utanrrh. kom hér inn á afstöðu sjálfstæðismanna í sinni ræðu og taldi, eins og það væri eitthvað nýtt í hans eyrum, það vera merkilegt að heyra, að sjálfstæðismenn væru á móti því, að hér væri erlent herlið í landinu. Það hefur ekki farið á milli mála mjög langan tíma, að sjálfstæðismenn hafa sagt það bæði í ræðu og riti, að þeir væru í „prinsippinu" á móti því, að hér væri erlent varnarlið í landinu. Þeir teldu þetta hins vegar vera illa nauðsyn, þetta væri fórn, sem væri til þess vinnandi að taka þátt í sameiginlegu varnar-

bandalagi Atlantshafsríkjanna og þetta væri nauðsynlegur liður til þess að tryggja öryggi landsins, eins og á stæði og meðan ekki fyndist önnur lausn á þessu. Síðan spurði hæstv. utanrrh.: Hvað hafa sjálfstæðismenn þá gert til þess að reyna að breyta þessu ástandi? Hafa þeir eitthvað gert til þess að fá þetta erlenda herlið úr landi? Þeir hafa að vísu ekki gefið út yfirlýsingar í málefnasamningum, þeir hafa ekki látið hafa eftir sér ummæli, sem túlkuð eru á marga vegu og enn eru í þoku. En að mínu viti hefur Sjálfstfl. með stefnu sinni í utanríkismálum vissulega stuðlað að því, að einhvern tíma gæti komið að því, að erlent varnarlið þyrfti ekki að vera hér á landi. Það segi ég, að Sjálfstfl. hafi gert með því að taka þátt í Atlantshafsbandalaginu, vegna þess að nú eru allir sammála um það, bæði hérlendis og erlendis, að batnandi ástand sé í Evrópu, það séu meiri líkur á því, að það verði friðvænlegra í framtíðinni. Og hverju er það að þakka nema Atlantshafsbandalaginu og samheldni þessara ríkja, sem að því standa, og einmitt þeirri pólitík, sem rekin er á vegum þessa bandalags? Þar hefur Ísland átt sinn hlut, þar hafa sjálfstæðismenn stutt þá stefnu, og ég held, að það fari ekki á milli mála, að einmitt einurð Atlantshafsbandalagsins og skelegg stefna þess í Evrópu hefur knúið Sovétríkin til þess að slaka á og veldur nú því, að batnandi horfur eru í miðri Evrópu. Ég segi miðri Evrópu, vegna þess að það er allt annað ástand hér á höfunum í kringum okkur með stórauknum flotastyrk Sovétríkjanna o. s. frv. Ég fer ekki út í það, en ég vil sem sagt halda því fram, þegar spurt er um, hvað sjálfstæðismenn hafi gert til þess að breyta ástandinu, að þeir hafi tekið þátt í Atlantshafsbandalaginu og á þann hátt stuðlað að friðvænlegra ástandi.

En þegar við erum að tala um það, hvort hér eigi að vera erlent varnarlið í landinu eða ekki og hvort við sjálfstæðismenn, framsóknarmenn eða Alþb.-menn viljum, að þetta erlenda herlið hverfi úr landi, þá verðum við að átta okkur á því, að það eru mjög mismunandi forsendur fyrir því, af hverju við viljum, að erlent varnarlið hverfi úr landi. Og ég held, að það fari ekki á milli mála, að fyrir lýðræðissinnaða, og þá á ég við alla hina lýðræðissinnuðu flokka og eins þá, sem standa að núv. ríkisstj., hver sem svo vill kalla sig lýðræðisflokk, það er þeirra sjálfra að dæma um það, ég held, að það sé af þjóðernisástæðum lýðræðissinna, ég held, að það særi þjóðernistilfinningu manna, að hér þurfi að vera erlent varnarlið, og þess vegna viljum við stuðla að því, að það geti orðið breyting á því ástandi. En fyrir mönnum, sem hafa aðrar pólitískar skoðanir, sem hafa fram til skamms tíma a. m. k. stutt mjög stefnu Sovétríkjanna og ekki blakað við heimsveldispólitík þeirra, fyrir þeim hefur eingöngu vakað að spilla fyrir samstarfi vestrænna ríkja og að við rækjum herinn úr landi til þess að draga úr styrk þessa bandalags, Atlantshafsbandalagsins. Á þessu er sem sagt meginmunur, hverjar eru forsendur yfrir því, að við viljum breyta þessu ástandi.

Enn einu sinni voru gefnar mismunandi skýringar á því, hvernig ætti að útskýra málefnasamning ríkisstj. hvað snertir varnarmálin. Utanrrh. sagði hér í dag, sem hann hafði reyndar sagt áður, að Íslendingar og ríkisstj. vildu þó standa við skuldbindingar sínar gagnvart Atlantshafsbandalaginu án þess þó um leið, að erlent varnarlið væri í landinu, og vildi endurskoða með það í huga, að við gætum verið í bandalaginu áfram, án þess að erlent varnarlið væri í landinu, m. ö. o., endurskoðunin geti leitt til þessarar niðurstöðu. Hins vegar segir hæstv. iðnrh. í þessum sömu umr., að túlka beri þennan málefnasamning á þann veg, að það eigi að taka upp samninga við Bandaríkjamenn og freista þess, að herinn fari, en ef þeir samningar takist ekki, þá eigi að segja samningnum upp. Það er ekkert annað en loddaraleikur og barnaskapur að vera eitthvað að þrefa um þetta meira. Það fer ekki fram hjá neinum skynsömum manni, að hérna eru tvær mismunandi túlkanir. Og ég held, að það þurfi jafnvel ekkert að vera að spyrja, hvorki forsrh. né aðra að því. Það liggur alveg á hreinu, að þetta eru tvær mismunandi túlkanir. Og það, sem verið er að spyrja forsrh. um, er það, hvora túlkunina hann taki til greina. Hvorri túlkuninni fylgir hann? Ég held, að það sé bara lítilsvirðing gagnvart okkur þm. og þjóðinni allri að vera að halda því til streitu, að ríkisstj. sé sammála í þessu máli. Forsrh. hæstv. reynir að snúa út úr þessu máli og segir: Ja, vilja menn bara endurskoða endurskoðunarinnar vegna, venjulega er nú eitthvert markmið með endurskoðun. Vissulega er það rétt, og því er ekki mótmælt. Við höfum ekkert á móti því í sjálfu sér, a. m. k. hef ég persónulega ekkert á móti því, að það sé endurskoðað með markmið í huga. En markmið er annað en niðurstaða, og það er það, sem stjórnarandstæðingar hafa verið að gagnrýna, að það hefur verið tekin ákvörðun og komizt að niðurstöðu, áður en þessari endurskoðun var lokið. Og að þessu leyti eru ráðh. ósammála. Annar segir: Við erum búnir að taka ákvörðun um það að leita samninga við Bandaríkjamenn um það að segja upp samningnum og ef ekki, þá verður honum bara sagt upp, hver sem niðurstaðan verður af endurskoðuninni. En hæstv. utanrrh. hefur hins vegar margsagt og enn hér í dag, að endurskoðunin geti leitt til þess, að hér verði áframhaldandi dvöl erlends varnarliðs.

Herra forseti. Nú er ég að ljúka máli mínu. Ég vildi þó að lokum segja, að þessir atburðir varpa nýju ljósi á þessi mál. Ég hef dregið þær ályktanir, að ríkisstj. hafi tekið mjög athyglisverða ákvörðun, það fari ekki á milli mála, að hún vill efla varnir Atlantshafsbandalagsins. Og þá skiptir í mínum huga ekki svo miklu máli, hvort það heitir erlent varnarlið, sem hér er í einu eða öðru formi, hvort varnirnar séu með þessum hætti eða hinum. Það, sem skiptir máli í mínum huga, er það, að við tökum áfram þátt í sameiginlegu varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna. Og ef meiri hl. ríkisstj. er á þeirri skoðun, sem mér sýnist vera augljóst að ályktа megi af hennar ákvörðunum, að efla þennan varnarmátt og þetta varnarsamstarf, þá er ég ánægður með þá niðurstöðu. Það er sannarlega ekkert sáluhjálparatriði hjá mér, að hér sé erlent varnarlið. Ég er búinn að lýsa því, og ef endurskoðunin leiðir eitthvað annað í ljós, leiðir það í ljós, að við getum haldið hér uppi vörnum, sem eru í samráði við okkar vinaþjóðir, án þess að hér séu Bandaríkjamenn, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta um, ef sú lausn er viðunandi fyrir okkar varnir og okkar öryggi. Þá skal ég vera fyrstur manna til að taka undir það. En það, sem skiptir þó öllu máli í þessu þýðingarmikla þjóðernismáli og sjálfstæðismáli, það er það, að hver ákvörðun, sem tekin er í þessu, sé gerð í

samráði við þá menn, sem vilja starfa með okkur og við viljum starfa með.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla að víkja að ummælum þeirra ræðumanna, sem gerðu orð mín í dag að umtalsefni, í þeirri röð, sem þeir töluðu, og sný ég mér fyrst að hæstv. utanrrh. og ræðu hans. Ég hafði síðdegis í dag spurt hann þess, hvað hefði legið að baki þeim ummælum hans í sjónvarpi fyrir nokkrum vikum, að það mundi verða ráðizt í umtalaðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og þær mundu verða kostaðar af innlendu fé. Ég sagði, að ég hefði orðið mjög hissa, þegar ég hlustaði á þessi ummæli, sem satt að segja virtust mælt að lítt athuguðu máli, og undrun mín stafaði af því, að ég þóttist vita, að hann hefði ekki haft í frammi nokkurn undirbúning að því að útvega 500 millj. kr. innanlands til þessara framkvæmda, nema þá hann hefði kannske rætt málið í ríkisstj. Þessi var ástæðan til undrunar minnar, þegar ég heyrði þessi ummæli af vörum hæstv. utanrrh., og nú í dag nokkrum vikum síðar játar hæstv. ráðh., að einmitt svona hafi þessu verið farið. Ég lagði mikla áherzlu á, að hann greindi nákvæmlega frá því, við hvaða aðila hann hefði rætt um útvegun 500 millj. kr. til þessara framkvæmda, hvernig hann hefði staðið að málinu, og tók það fram, að í augum mínum var það engin skýring, þó að hann segði, að hann hefði stungið upp á því einu sinni í ríkisstj., að það mál yrði tekið á framkvæmdaáætlun ríkisins 1972. Svo vel er ég kunnugur undirbúningi framkvæmdaáætlunar ríkisins, eins og raunar hæstv. forsrh. vék að, að ég veit, að það er engan veginn nóg til að fyrirætlun komist í framkvæmd, að einn ráðh. nefni á einum ráðherrafundi, að tiltekin upphæð skuli tekin á framkvæmdaáætlun. Svo vel þekki ég allan gang þessara mála. Og allra sízt, þegar það er haft í huga, að einmitt um sama leyti og þessi ummæli hæstv. ráðh. féllu, sem ollu undrun margra, margra fleiri en mín innan þings og utan, voru ýmsir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hér á hinu háa Alþingi að segja okkur ýmsum úr stjórnarandstöðunni frá því, að það virtist vera fyrirsjáanlegt, að það vantaði einhvers staðar á milli 1500—2000 millj. kr., til þess að hægt væri að láta endana ná saman í framkvæmdaáætlun ríkisins. Og þegar það gerist, að einn ráðh. í ríkisstj. segir frá því eins og ekkert sé, að það muni verða efnt til framkvæmda, sem kosti 500 millj. kr. af innlendu fé, þó að hann hafi þá að vísu ekki nefnt opinberlega framkvæmdaáætlun, — ég gat látið mér detta í hug, að hann ætti við hana, — þá hlaut það að vekja furðu allra manna, sem þekkja til og vilja hugsa með ábyrgum hætti um fjármál ríkisins og fjárhag þjóðarbúsins í heild. Þess vegna var það, að ég undraðist þessi ummæli, og undrun mín er sízt minni nú í dag, þegar hæstv. ráðh. hefur einmitt staðfest, að það var nákvæmlega svona eins og mig grunaði. Það hefur ekkert, bókstaflega ekkert verið gert til þess að undirbúa þessar framkvæmdir annað en nefna málið einu sinni á ráðherrafundi, kannske tvisvar. Það er þetta, sem ég kalla litla ábyrgðartilfinningu í því, hvernig menn haga orðum sínum. Svona geta ýmsir menn, ýmsir litlir stuðningsmenn stjórnarinnar leyft sér að tala úti í bæ eða einhvers staðar á fámennum stöðum úti á landi, en svona getur hæstv. utanrrh. ekki leyft sér að tala í sjónvarp.

Hæstv. ráðh. spurði mig, hvers vegna fyrrv. ríkisstj. hefði ekki hafizt handa um þessa nauðsynlegu framkvæmd á sínum valdatíma. Því er til að svara, að fyrrv. utanrrh. hóf viðræður um þetta mál við fulltrúa Bandaríkjastjórnar og sömuleiðis sendiherra Íslands í Washington, við utanrrn. þar, þegar eftir að nákvæm athugun á aðstæðum á Keflavíkurflugvelli hafði leitt í ljós, að Keflavíkurflugvöllur svaraði ekki til þeirra krafna, sem eðlilegt var að gera til hans sem varnartækis á grundvelli varnarsamningsins og jafnframt til þess að vera alþjóðlegur farþegaflugvöllur, eins og gert var ráð fyrir, að hann skyldi jafnan vera, þegar varnarsamningurinn var gerður. Það var ein af forsendum varnarsamningsins, að Bandaríkjastjórn skyldi taka að sér að halda þessum flugvelli í því ástandi, að hann væri ekki aðeins fullnægjandi hvað varnarsjónarmið snerti, heldur einnig, að hann væri fullgildur alþjóðlegur flugvöllur í millilandaflugi. En þeir samningar voru hafnir strax og þetta var algerlega ljóst. Þeir samningar drógust á langinn af ýmsum ástæðum, en það var fenginn efnislegur botn í samningaviðræðurnar á s. l. vori, þó að það drægist að ganga formlega frá samningunum, vegna þess að fjárveiting var ekki fyrir hendi af hálfu þingsins í Washington og nauðsynlegt var auðvitað að láta það bíða, eins og ég tók fram í dag, þangað til fjárveitingin væri fyrir hendi. **(Gripið fram í:** Hvenær var það ljóst?) Hvenær var það ljóst? Ja, nú kann ég ekki að nefna mánuð í því sambandi, en ég geri ráð fyrir því, að það hafi verið um það leyti, sem samningaviðræðurnar hófust, en þær höfðu staðið í hátt á annað ár. Síðan það varð fullljóst út frá báðum þessum sjónarmiðum, sagði ég.

Þá sagði hæstv. utanrrh., að Framsfl. eða flokkur hans vildi áframhaldandi aðild að NATO og vildi standa við skuldbindingar sínar samkv. þeirri aðild og þess vegna væru það nægileg rök fyrir því, að hann féllist á þá samningsgerð, sem hér er um að ræða. En þá spyr ég, þá hlýt ég að spyrja, það hljóta margir fleiri að gera: Ef sjónarmiðið var þetta, hvers vegna ræddi hann þá ekki við NATO? Hvers vegna tók ekki hæstv. ríkisstj. upp samband við NATO um málið og samdi við NATO um málið? Það datt fyrrv. ríkisstj. ekki í hug að gera, því að hún leit ekki þannig á málið, að forsenda fyrir þessu væri aðild okkar að NATO. Við teljum það alls ekki nægilega sterk rök, hvorki gagnvart sjálfum okkur, þjóðinni né umheiminum. Við litum þannig á í fyrrv. ríkisstj., að bein ákvæði varnarsáttmálans sjálfs væri nægilegur rökstuðningur fyrir því, að hægt væri að ætlast til þess af Bandaríkjastjórn, að hún kostaði þessa framkvæmd. Einmitt sú staðreynd, að hæstv. utanrrh. tók ekki upp samband við NATO, heldur tók tilboði Bandaríkjastjórnar, getur ekki þýtt annað en það, að hér fylgi hugur ekki máli, m. ö. o., það sé ekki sannfæring á bak við þá staðhæfingu, að það sé aðildin að NATO, sem sé sá lagalegi, fjárhagslegi og siðferðilegi grundvöllur, sem hér er um að ræða. Með því að gera samninginn við Bandaríkjastjórn, við hana og hana eina, er í raun og veru fólgin viðurkenning á því, að það sé rétt, sem ég hef verið að halda fram um þetta mál og raunar margir fleiri, að grundvöllurinn, sá lagalegi, fjárhagslegi og siðferðilegi grundvöllur, sé fólginn í orðalagi varnarsamningsins sjálfs. Og í raun og veru lít ég þannig á, að fulltrúi Alþb. sé þessu sammála. Það er

ástæðan, það hlýtur að vera ástæðan, það getur engin önnur ástæða verið fyrir því, að þeir hafi ekki viljað fallast á skoðun hæstv. utanrrh. og hinna ráðh. á málinu, en einmitt þessi, að vilja ekki skilja það, að það er ekki hægt að gera samninginn réttarlega séð, fjárhagslega séð, siðferðilega séð öðruvísi en á grundvelli varnarsamningsins, sem þeir eru á móti. Þeir eru því sjálfum sér samkvæmir, hvað sem að öðru leyti má um þá segja. Og út af fyrir sig veitir þeim ekkert af því, að maður geti sagt eitthvað ofboðlitið gott um þá.

Að síðustu skal ég víkja að þeim ummælum hæstv. utanrrh., — það mátti skilja orð hans þannig, — að ég hefði verið að halda því fram, að ekki væri hægt að standa undir framkvæmdinni með innlendu fé. Ég vil aðeins taka það skýrt fram, að þetta hef ég aldrei sagt. Ég geri mér að sjálfsögðu ljóst, að þessi fjárhæð er ekki meiri en svo, að ef menn vilja, þá er hægt að annast framkvæmdina með innlendu fé. 500 millj. kr. eru þó ekki stærri fjárhæð en svo í augum einnar af ríkustu þjóðum heims eða tekjuhæstu þjóðum heims, vildi ég sagt hafa, að auðvitað réðum við við þá fjárhæð, ef við vildum. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að það mundi kosta það, að draga þyrfti saman framkvæmdir á fjölda, fjölda mörgum öðrum sviðum. Og ég segi það alveg eins og er, að mér er það mjög til efs, að núv. ríkisstj. hefði viljað draga saman aðrar framkvæmdir, vegaframkvæmdir, skólabyggingar, sjúkrahúsbyggingar og þar fram eftir götunum. Þetta er svo stór upphæð, að það hefði ekki verið hægt að leggja hana fram á 1—2 árum, eins og nauðsynlegt er, nema að skera niður um næstum sömu upphæð, og það hefði þýtt að skera niður mjög mikilvæga liði um upphæðir, sem telja á í hundruðum millj., en ekki tugum millj., því að niðurskurðarmöguleikarnir eru í reynd ekki mjög margir, ef þeir eru taldir í töluröð. Það, sem ég hef sagt, er það, að ég hef dregið í efa, að ríkisstj. hafi í reynd verið reiðubúin til slíks. Um það skulum við nánar ræða, þegar við fáum að sjá framkvæmdaáætlun ríkisins á sínum tíma. Þá verður gaman að spyrja um það, hvað hefði átt að skera niður, ef greiða hefði átt 500 millj. af framkvæmdaáætluninni, þó að eitthvað af henni hefði flutzt yfir á næsta ár. Ég hlakka til þeirra umr. til þess að fá upplýsingar um það, hvað þá hefði átt að skera niður til að mæta þessum útgjöldum. Hitt er auðvitað rétt, að auðvitað hefði það verið hægt. Það hefði verið hægt. Og það er annað, sem er rétt í málflutningi hæstv. Alþb.-ráðh., að auðvitað hefði þetta verið hægt, ef nægur vilji hefði verið fyrir hendi, ef næg fórnarlund hvað aðrar framkvæmdir snertir hefði verið fyrir hendi, og vík ég nokkru nánar að því hér á eftir. En það breytir engu um það, að ég tel og mínir skoðanabræður í málinu, að það hefði verið óþarfi að færa þessar fórnir á öðrum framkvæmdasviðum, af því að við áttum kröfu til þess, að Bandaríkjastjórn innti þetta fé af hendi.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. iðnrh., sem talaði næstur. Hann hóf mál sitt á því að beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri ástæða til þess að ávíta formann Sjálfstfl. fyrir það að hafa tekið sér í munn jafn ægileg orð eins og þau, að einhvers staðar væru hér á sveimi umboðsmenn erlends valds. Ég ætla ekki að taka upp neins konar svar fyrir formann Sjálfstfl. Hann er maður til þess að svara fyrir sig sjálfur, en ég hygg, að ekki bara mér hafi orðið á að brosa, þegar þannig mælir einn mesti orðhákur, sem ritstýrt hefur íslenzku blaði í áratugi og hefur ekki aðeins sjálfur skrifað, heldur látið skrifa miklu, miklu sterkari og óþvegnari orð en hér er um að ræða og fundizt þau ágæt, ágæt og sízt ofmælt. En ég fyrir mitt leyti hef aldrei verið fylgismaður stórra orða, hvorki í ræðu né riti, svo að ég get út af fyrir sig vel tekið undir það með hæstv. iðnrh., að bezt sé að forðast mjög stór orð, bæði hér á þingi og annars staðar, og vona, að hann geri það þá líka, þegar hann á sínum tíma tekur aftur við stjórn síns blaðs, sem ég vona, að verði ekki allt of snemma, því að mig langar til þess að láta hann renna sitt skeið reglulega rækilega á enda í þeim stól, sem hann situr í núna.

En það er engu að síður alveg augljóst, að það hefur orðið mjög mikil og undarleg breyting á hæstv. ráðh. á þeim tiltölulega skamma tíma, sem hann hefur setið í ráðherrastól. Ég þarf ekki að rifja það upp eða rekja það neitt sérstaklega ítarlega. Allir vita, hvað hann hefði sagt í fyrra fyrir aðeins 12 mánuðum um þann samning, sem félagar hans í ríkisstj. eru nú í þann veginn að gera. Ég bara minni á það. Ég vil ekki taka mér öll þau orð í munn, sem ég veit, að hann mundi hafa sagt. Það vil ég ekki gera, allra sízt á þessum stað og raunar hvergi. Þetta vita allir, að er satt og rétt, sem ég er að segja. Menn vita líka, hvernig þessi hæstv. ráðh. hefur hegðað sér í stjórnarsamstarfinu gagnvart sínum samstarfsmönnum og hvað hann hefur látið segja um þá beint og óbeint í sínu blaði. Þar hefur hann staðið fyrir dulbúnum árásum á fleiri en einn af sínum samráðherrum. Það er enginn vafi á því, að hans blað mundi ekki hafa skrifað eins og það hefur skrifað í garð fleiri en eins af samráðherrum hans, ef þeir, sem á pennanum hafa haldið, hefðu ekki talið sig hafa stuðning hæstv. iðnrh. að baki sér. Það er öldungis víst. Og hann stóð auðvitað fyrir myndun ráðherranefndarinnar, og ég hygg, að honum séu engar getsakir gerðar með því, þó að ég láti mér detta í hug, að það hafi verið að hans frumkvæði, sem ráðherranefndin margumtalaða var sett á laggirnar. En það var auðvitað gert til höfuðs hæstv. utanrrh. og honum til svívirðingar, til þess að reyna að lítillækka hann sem allra, allra mest. Það er það, sem vakir fyrir hæstv. iðnrh. með starfi hans í ríkisstj., að skyggja sem mest á sína meðráðherra og jafnvel lítillækka þá, ef þess er nokkur minnsti kostur. Og auðvitað var ráðherranefndin augljós tilraun til þess, ekki aðeins að hefta völd hæstv. utanrrh., heldur lítillækka hann um leið. En hæstv. iðnrh. hefur auðvitað skjátlazt og skjátlazt illilega, ef hann hefur haldið, að hæstv. utanrrh. kynni ekki að borga fyrir sig. Og það hefur hann nú svo sannarlega gert með mjög eftirminnilegum og mjög áhrifaríkum hætti, því að nú í meðferð þessa máls, sem hefur mikið blandazt inn í umr., hefur hæstv. utanrrh. á hinn bóginn lítillækkað hæstv. iðnrh. svo, að þess mun verða minnzt lengi í þingsögunni og stjórnarsögunni.

Með hverjum hætti hefur þetta gerzt? Jú, þetta er ósköp einfalt mál. Hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. hafa lýst því yfir hér í umr. síðdegis í dag, að þetta flugvallarmál, þessi flugbrautarlenging, væri smámál, þetta væri ekkert stórt mál, væri hreint smámál, bæði peningalega séð og utanríkispólitískt séð, þetta væri

hreint smámál. Ekki trúi ég því, að þeir hafi sagt þetta í fyrsta skipti hér á hinu háa Alþingi, þeir eru ekki vanir að sýna okkur svona mikinn trúnað. Þeir hljóta að hafa opnað hjarta sitt fyrir ráðh. fyrst. Þeir hljóta að hafa sagt þetta á ráðherrafundi, bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., að þetta mál sé smámál, algert smámál, svo að það getur ekki verið annað en hæstv. iðnrh. hafi heyrt þetta miklu, miklu fyrr en við hv. þm. höfum heyrt það. Það skiptir ekki máli, hvort ég tel hæstv. utanrrh. mæla ofboðlítið um hug sér eða ekki. Maður hefur upplifað það áður, en ég tek orð hans núna eins og þau eru töluð. Fyrst hann segir þetta hér, þá hljóti hann að hafa sagt í ríkisstj., að hér sé smámál á ferðinni. En ef þetta er smámál, þá gat ekki verið nokkur vandi fyrir ráðh. Alþb. að stöðva það, ekki nokkur minnsti vandi. Þá hlutu þeir sem vel viti bornir menn að draga þessa ályktun: Ja, ef við bara segjum nei, segjum bara nei við, að þessi samningur sé gerður, þá verður hann ekki gerður. Ekki þykir hæstv. forsrh. svo óskaplega lítið vænt um stólinn sinn, að hann færi að segja af sér, þó að hann fengi ekki að gera samning, sem er hreinn hégómi. Nei, auðvitað gátu þeir ráðh. Alþb. stöðvað málið, ef þeir hefðu bara viljað það. Ef þeir hefðu haft raunverulegan áhuga á því, þá gátu þeir stöðvað það. Og það er þarna, sem hæstv. utanrrh. náði alvarlegu kverkataki á hæstv. iðnrh. og hæstv. viðskrh. Hann þekkti þá jafn vel og við margir aðrir þekkjum þá og vissi, að það var alveg óhætt að flengja þá á þessu sviði, alveg óhætt. Þeim þætti svo vænt um stólana, að þeir mundu ekki láta það varða stjórnarslitum, og ekki aðeins það, heldur líka það, að þeir mundu kyngja því, að samningurinn væri gerður, svo að þarna verð ég nú á hinn bóginn að „komplimentera" hæstv. utanrrh. fyrir að hafa látið sér reglulega takast upp við það að klekkja rækilega á félögum sínum í ríkisstj. og launa þeim rauðan belg fyrir gráan. Rauðan belg áttu þeir einmitt skilið með þeirri geysilegu lítillækkun, sem þeir hafa orðið að sætta sig við í þessu efni.

En af hverju segi ég, að þetta sé bein og alvarleg lítillækkun? Jú, ég hef staðfestingu ráðh. sjálfra á því, að þetta getur ekki skoðazt öðruvísi en þannig, því að þeir segja í bókuninni, sem þeir gerðu á ráðherrafundinum, að slík stefna, þ. e. sú stefna að taka við fé frá Bandaríkjastjórn eða erlendum ríkisstj. til framkvæmda á Íslandi, sem við eigum að geta framkvæmt sjálfir, þeir segja beinlínis orðrétt, — nú passa ég að hafa það orðrétt, sem ég gerði ekki í dag, heldur vitnaði til eftir minni, — „slík stefna", segir í bókuninni, þ. e. að gera ekki samning eins og þann, sem utanrrh. vill gera, „hún er forsenda þess, að við getum í verki framkvæmt sjálfstæða utanríkisstefnu." M. ö. o., samningurinn, sem hæstv. utanrrh. vill gera og meiri hl. ríkisstj. ætlar sér að gera, slík samningsgerð, — það, að slíkir samningar séu ekki gerðir, er forsenda þess, að við getum í verki framkvæmt sjálfstæða utanríkisstefnu, m. ö. o., ef slíkir samningar eru gerðir, þá getur hæstv. utanrrh. ekki framkvæmt sjálfstæða, íslenzka utanríkisstefnu. Þarna er hann aftur að hefna sín á þessum ráðh.

Og svona gengur það í hæstv. ríkisstj. Þarna lemur hver annan, ekki bara framan á brjóstið, heldur í bakið líka, eins og fara gerir. Nei, hæstv. iðnrh. og hans skoðanabræður verða að hafa það hugfast, að öllum er auðvitað ljóst, sérstaklega í ljósi ummæla hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. í dag, að um smámál hafi verið að ræða, öllum er auðvitað ljóst, að afstaða þeirra í þessu máli er hræsni og yfirdrepsskapur. Þeir hefðu getað hindrað framgang málsins, ef þeir hefðu raunverulega haft áhuga á því. En það kom í ljós, að þeir höfðu meiri áhuga á því að sitja áfram í ríkisstj. en að hindra mál, sem þeir segja, að sé óþurftarmál, hvort sem þeir raunverulega meina það eða ekki. Og að síðustu er nauðsynlegt að vekja athygli á því, að hæstv. iðnrh. verður að gera sér grein fyrir því og hafa það hugfast, að það er ríkisstj., sem gerir þennan samning. Stjórnskipulega séð er hann gerður á ábyrgð hæstv. ríkisstj., og ráðherrar Alþb. eiga áfram sæti í ríkisstj. Þess vegna er þessi samningur stjórnskipulega gerður á ábyrgð allrar ríkisstj., þar með á ábyrgð hinna tveggja ráðherra Alþb. Ef þetta er rangt skilið hjá mér, þá óska ég, að hæstv. forsrh., sem er allra okkar lærðastur í lögfræði, segi það, að skilningurinn sé rangur. Ef hann segir ekki neitt, eins og ég vona, að hann geri af mörgum ástæðum, þá er þessi skilningur réttur, og ég veit, að hann er réttur. Það er ekki hægt að firra sig stjórnskipulegri ábyrgð á gerð, sem ríkisstj. gerir, með bókun á ráðherrafundi. Það er alveg augljóst mál, svo að sagan mun auðvitað telja þennan samning gerðan á ábyrgð hæstv. iðnrh. og hæstv. viðskrh., hvað sem öllum bókunum á eitt blað í fundargerðabók ríkisstj. líður. Ég skil ekki í því, að það geti verið, að hæstv. ráðh. hafi ekki verið þetta ljóst, og þetta er auðvitað enn ein sönnun þess, að hér hefur ekki fullur hugur fylgt máli. Hér hefur kveðið meira að yfirdrepsskap en menn hafa hingað til gert sér ljóst.

Þá sagði hæstv. iðnrh., — það vil ég bara leiðrétta með örfáum setningum, það skiptir litlu máli, — hann sagði, að það hefði orðið stefnubreyting hjá Alþfl. eftir að ég tók sæti á Alþ. í byrjun des., Alþfl. hefði fylgt annarri stefnu fram til 6. des. en hann fylgdi eftir 6. des. Ég hef nú satt að segja aldrei látið mér koma til hugar, að ég væri svo áhrifamikill maður, hvorki í Alþfl. né annars staðar, eins og hæstv. iðnrh. vill gera mig, en honum get ég aðeins sagt það, að engar deilur eru uppi í Alþfl. um það, hvaða stefnu hann skuli fylgja. Ég var fullkomlega fylgjandi þeim málflutningi, sem hér var hafður í frammi, meðan ég var erlendis í þingbyrjun, og flokkurinn stendur allur að baki þessum málflutningi, sem hefur verið hafður uppi síðan, og þeirri afstöðu, sem flokkurinn hefur til ríkisstj. (**Gripið fram í:** Það er þá endurhæfing.) Endurhæfing. Það er öllum mönnum gott að endurhæfa sig, og þessum þm. veitti ábyggilega ekki af því heldur. Við í Alþfl. fylgdum ríkisstj. í byrjun í ýmsum málum, það er kannske það, sem hæstv. ráðh. á við, en hann hefur veitt því athygli, að þau mál verða færri og færri. Það stendur í engu sambandi við framgang endurhæfingar í Alþfl., hvorki hjá honum sem heild né heldur hjá einstökum mönnum, hvorki formanni hans né nokkrum öðrum, heldur stafar það einfaldlega af því, að góðum málum hjá ríkisstj. fer fækkandi, ég vil segja viku eftir viku, og axarsköftum hennar fjölgandi dag frá degi, og þá er ekki nema rétt von, að stuðningi eða vinsemdarorðum í hennar garð af hálfu okkar fari heldur fækkandi. En það er ekki ég, sem ber meiri ábyrgð á því en aðrir flokksbræður mínir í Alþfl., það ríkir sem sagt mjög mikill einhugur, og þar eru menn mjög samhentir. Ég vil ekki spyrja hæstv. ráðh., hvort hið sama eigi við í hans flokki, því að hann segir

nógu oft ósatt til þess, að ég láti hann segja ósatt einu sinni enn að óþörfu.

Hæstv. ráðh. sagði í rökstuðningi sínum fyrir þeirri afstöðu, sem þeir tóku um þetta mál, að þjóðartekjur á mann væru hærri á Íslandi en í flestum öðrum löndum eða þær þriðju hæstu í heimi. Ég vek bara athygli á þessu, af því að þarna segir hann alveg satt. Ég vek bara athygli á þessu til þess að undirstrika, að þá getur hitt ekki verið satt, sem hann er alltaf að segja, að afkoman hafi verið afskaplega vond hjá hæstv. fyrrv. ríkisstj. Sú ríkisstj., sem tekur við þjóðarbúi, þar sem tekjur eru hinar þriðju hæstu í heimi á mann, hún tekur ekki við slæmu búi. Og það er ekki vel gott samræmi í því að skamma þá ríkisstj., sem verið hefur við völd í meira en áratug, og segja hana hafa stjórnað illa, þegar það passar, en segja svo hitt, þegar það passar aftur á móti, að þjóðartekjur okkar séu nú þær þriðju hæstu í veröldinni. Hvort tveggja getur ekki verið rétt. Það sér jafnsnjall maður og hæstv. iðnrh. áreiðanlega, án þess að fleiri orð séu um það höfð.

Þá sagði hæstv. iðnrh., að bráðabirgðasamkomulagið um væntanlega lengingu þverbrautarinnar og ráðstafanir í því sambandi væri eingöngu gert vegna farþegaflugsins. Þessu hef ég þegar andmælt, því að ég tel, að varnarsjónarmið komi þar einnig til greina. En í því sambandi vék hann að þeim ráðagerðum, sem einnig voru uppi á dögum fyrrv. ríkisstj., um að gera meiri framkvæmdir á vellinum en þær, sem við höfum verið að tala um nú síðdegis og væntanlegur samningur ríkisstj. mun koma til með að fjalla um, t. d. byggingu nýrrar íslenzkrar flugstöðvar á öðrum stað en flugstöðin er núna. Og ein af röksemdum hans fyrir því, að hér væri um smámál að ræða, var sú, að þessar framkvæmdir kostuðu 500 millj., en þessi nýja flugstöð, sem Íslendingar ætluðu að byggja, ætti að kosta 300 millj. kr., en hins vegar hefði átt að afhenda gömlu flugstöðina til Bandaríkjamanna og þess vegna sæju menn allir hér, að þetta gengi svona nokkurn veginn upp. Þetta verð ég að leiðrétta, vegna þess að hér er ekki nema hálfsögð sagan. Ég vona, að það sé af því, að hæstv. iðnrh. sé ekki betur kunnugt um málið, en það er rétt, að þessi saga sé sögð eins og hún er í mjög einföldu máli.

Það, sem um var að ræða og þessi samningur fjallar auðvitað ekki um, sem við erum núna að tala um, var hugmynd um það að skilja algerlega á milli allra hernaðarmannvirkja á Keflavíkurflugvelli og þeirra tækja, sem nauðsynleg eru í því sambandi, og farþegaflugsins, að skilja þar algerlega á milli, sem að mínu viti hefði auðvitað fyrir löngu, löngu átt að vera búið að gera og hefði helzt átt að gerast frá upphafi. Það er mín skoðun og hefur ávallt verið. Og í þessu sambandi kom sú hugmynd upp, að Bandaríkjamönnum yrði afhent núverandi flugstöð, hún yrði á því svæði, sem nú er gert ráð fyrir, að hernaðarmannvirkin yrðu, en hins vegar yrði íslenzka flugstöðin, farþegastöðin, byggð á allt öðrum stað, rétt við Keflavík, þ. e. nær byggðinni sjálfri, og þá stöð áttu Íslendingar auðvitað að byggja, því að hún mundi eingöngu þjóna farþegafluginu. Það datt engum í fyrrv. ríkisstj. í hug annað en að Íslendingar einir og Íslendingar sjálfir byggðu þá flugstöð, sem eingöngu væru í þjónustu farþegaflugsins, og gert var ráð fyrir, að hún mundi kosta á þáverandi verðlagi einhvers staðar milli 300 og 400 millj. kr. Yrði þetta gert, þá var um það rætt að gera margar aðrar framkvæmdir í þágu vallarins fyrst og fremst sem hernaðarvallar, en þær gætu þó jafnframt komið að gagni við gatnagerð og fjölmargt fleira í sambandi við farþegaflugið. Heildar kostnaðaráætlunin um þessar framkvæmdir var 1500 millj. kr., sem Bandaríkjamenn hefðu þá kostað, og er þá ekki íslenzka flugstöðvarbyggingin, sem væri algerlega íslenzkt fyrirtæki, talin með. En því má ekki blanda saman, því að það er algert samkomulag um, að ef af þessu yrði, þá mundu Bandaríkjamenn borga 1500 millj. kr. framkvæmdirnar, af þeim eru þessar 500 millj. einn hluti, en Íslendingar flugstöðvarbygginguna, þá, sem kostar 300 millj. kr. (Gripið fram í.) Það er nýr flugturn og fjöldamargt annað, sem er dýrasti framkvæmdaþátturinn í þessum 1000 millj., sem þarna er um að ræða.

Annars er þetta að sjálfsögðu langur listi og engin ástæða til þess að fara út í það hér í einstökum atriðum, hvað í þessum tölum felst. Þessar áætlanir eru til í utanrrn., svo að það eru hæg heimatökin þar. En því vildi ég að síðustu bæta við um þetta atriði, að auðvitað töldum við 300 millj. kr. af íslenzku fé vera mikinn pening og óskuðum eftir því eða vildum fjármagna flugstöðvarbygginguna með erlendu láni, sem talað var um við Bandaríkjastjórn að aðstoða við að útvega með eðlilegum viðskiptakjörum, eðlilegt viðskiptalán, enda ættu auknar tekjur af vellinum hæglega að geta staðið undir þeirri framkvæmd, þó að mjög dýr yrði. Ég tel, að þessar stóru hugmyndir, þetta stærra plan, eins og mætti segja, hafi verið mjög skynsamlegt og sé enn mjög skynsamlegt og vildi óska þess, að hæstv. utanrrh. bæri gæfu til þess eða hæstv. samgrh., sem ég treysti ekki síður, að halda vel og skynsamlega á þessu máli, að hann vildi taka þetta mál til rækilegrar athugunar. Það mundi gleðja alla skynsama og velviljaða menn, ef tækist að koma því í framkvæmd.

Þá sagði hæstv. iðnrh., að stjórnarsáttmálinn hafi engan óróa vakið erlendis. Þetta hlýtur hann að vita betur, hæstv. ráðh. Hann er áreiðanlega ekki svo ókunnugur erlendum blöðum og erlendum ráðamönnum, allra sízt eftir að hann varð ráðh., að hann viti ekki, að þetta er mikill misskilningur, þetta er hörmulegur misskilningur. Þvert á móti hefur þessi nýja stefna, sem hæstv. ríkisstj. boðaði, valdið miklum ugg hjá mörgum nánum vinaþjóðum okkar, og það var þess vegna, sem ég sagði í dag, að þessi samtenging varnarmálanna og landhelgismálsins í einum og sama stjórnarsamningi og tekin á sama tímabili, hún mundi því miður torvelda okkur sókn okkar í landhelgismálinu, einmitt af því að menn gera sér ljóst, að það er óhyggilegt að ætla að vinna að þessum tveimur málum saman. Það er alveg sama, hvaða skoðun menn hafa á varnarmálunum, það er staðreynd, að aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, svo að ég nefni ákveðna þjóð, t. d. Norðmenn telja Keflavíkurflugvöll og varnir þar hafa mikla þýðingu fyrir sínar eigin varnir og fyrir sitt eigið öryggi. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. hlýtur að vita. Þetta hef ég heyrt af vörum æðstu valdamanna nú í Noregi fyrir nokkrum vikum og er satt að segja ekkert hissa á. Það eru þeirra skoðanir, en ekki mínar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri traust samstaða í ríkisstj., og þetta er einmitt sagt í umr., þar sem verið er

að ræða um stórmál í mínum augum, smámál í augum sumra annarra ráðh., þar sem komið hefur fram opinber klofningur. En raunverulega er þetta engin ný bóla. Það er engin ný bóla, þó að klofningur sé í stjórnarliðinu. Við höfum hér allir saman hv. þm. upplifað afgreiðslu fjárlaga og vitum, að það tókst ekki að koma þeim saman fyrr en á síðasta starfsdegi þingsins. Af hverju skyldi það hafa verið? Var verið að deila við okkur? Var verið að deila við okkur í stjórnarandstöðunni? Var einhver voðalegur ágreiningur við okkur um málið? Nei, alls ekki. Við vorum yfirleitt ekki spurðir svona að neinu ráði. En um hvað var ágreiningurinn? Hvar vantaði samstöðuna? Í ríkisstj. sjálfri. Við fjölluðum hér lengi um frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Mönnum sýndist sitt hverjum um það, um ýmis atriði í því. Við studdum frv. að lokum, við í Alþfl. Sjálfstfl. var á móti frv., en það var lengi að fæðast. Af hverju var það? Var það vegna deilna við Sjálfstfl. eða deilna við okkur um tiltekin atriði? Nei. Það vita guð og menn, að það var vegna deilna í stjórnarflokkunum sjálfum um málið, og meira að segja eftir að það var orðið að lögum, þá gengu hér ýmsir stjórnarstuðningsmenn um, maður hafði ekki frið fyrir þeim. Þeir höfðu svo mikinn áhuga á að lýsa andúð sinni á vissum ákvæðum í frv. og jafnvel frv. í heild. Einn daginn drakk maður ekki kaffibolla hér í friði fyrir mönnum, sem komu til þess að skensa frv. og suma höfunda þess. (Gripið fram í.) Ég er ekki vanur að lykta af mönnum, sem koma nálægt mér. Það get ég ekki sagt þm.

Það má líka minna á skattamálin. Það tók lengri tíma að afgreiða skattafrv. en nokkurt annað frv., sem legið hefur fyrir þinginu. Var það vegna deilna við okkur í stjórnarandstöðunni? Allir þm. vita, að svo var ekki. Það var vegna harðvítugra deilna milli einstakra ráðh. og milli einstakra stjórnarflokka, svo að það, sem nú hefur gerzt, er í sjálfu sér ekki nokkurt undrunarefni. Stjórnin er ósamstæð, og hún verður áreiðanlega ósamstæð, þangað til hún springur, vegna þess hve hún er ósamstæð.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Bjarna Guðnasonar, 3. landsk. þm. Hann minnti á það, að ég hefði verið einn af höfundum þáltill. vorið 1956 um endurskoðun varnarsamningsins og flm. hennar, sem er algerlega rétt, og hann spurði, því í ósköpunum ég gæti þá hugsað og talað eins og ég geri í dag, fyrst ég hefði verið svona fyrir 15 árum. En sannleikurinn er sá, að reynslan hefur kennt mér ýmislegt á þessum 15 árum. Hún kenndi mér margt, sorglega margt fyrstu mánuðina eftir að ég hafði beitt mér harkalega fyrir samþykkt þessarar till., þannig að ég stóð að því ásamt meiri hl. í þeirri ríkisstj., sem ég átti sæti í, að till. kæmi ekki til framkvæmda. Einmitt sú reynsla, sem ég hef orðið fyrir á þessu sumri og hausti, hefur kennt mér það, að í slíkum málum eigi maður að fara varlega, og það, sem ég tel, að þessari hæstv. ríkisstj. hafi einmitt skjátlazt hvað mest í, er einmitt það að fara ekki varlega í vandasömum og viðkvæmum málum eins og varnarmálin eru. Þetta þýðir auðvitað ekki það, að ég sé fylgjandi eilífri hersetu á Íslandi, svo að ég noti orð hv. þm. Bjarna Guðnasonar. Því fer svo víðs fjarri. Ég er að sjálfsögðu í hópi þeirra, — það held ég, að allir góðir Íslendingar séu, — sem líta á vist erlends hers hér sem illa nauðsyn og sem tímabundið fyrirbæri, sem algerlega tímabundið fyrirbæri. En ég lít þannig á, að meðan friður í þessum heimshluta, sem við nú einu sinni byggjum, meðan hann er af þeim, sem ráða, tryggður með tveimur varnarbandalögum, þá sé okkar sæti í vestræna bandalaginu, okkar staða sé þar, og til þess vil ég taka tillit í utanríkisstefnu Íslands, ekki af því, að ég óski eftir því, að varnarbandalög séu til, en ég vil bara taka tillit til staðreynda. Ég játa það, í hvers konar heimi ég lifi, og meðan heimurinn er svona, þá vil ég finna mér þar og minni þjóð réttan stað, þann stað, sem tryggir hennar hagsmuni bezt og tryggir hennar öryggi með sem beztum hætti. Ég get gjarnan bætt því við, að ég er ekki heldur þeirrar skoðunar, að rétta leiðin til þess að tryggja frið eða öryggi sé stofnun og viðhald hernaðarbandalaga. Ég væri manna fyrstur til að gleðjast yfir því, að bæði Atlantshafsbandalag og Varsjárbandalag yrðu lögð niður. En það er ekki á valdi mínu, sem ég þarf væntanlega ekki að taka fram, það er ekki á valdi Íslendinga, að þau bandalög séu lögð niður. En ég tel, að í okkar utanríkisstefnu eigum við að leggja okkar lóð á þá vogarskál, sem að því stuðlar, að hægt verði að tryggja frið og öryggi í þessum heimshluta sem og öllum öðrum með varnarbandalögum. Og það tel ég, að hafi verið gert. Um það er mér vitanlega ekki ágreiningur meðal ábyrgra og hugsandi Íslendinga. Ágreiningurinn er um það, hvort við eigum að taka tillit til ástandsins, sem er, þeirra skoðana, sem eru ríkjandi í vestri og austri, og hegða okkur eftir því, eða hvort við eigum að hunza þær skoðanir, sem eru ríkjandi á þessum stöðum, í Washington og Moskvu, ef ég á að nota það orðalag. Það er um þetta, sem ágreiningurinn er, en ekki um hitt, hvað í sjálfu sér sé æskilegt í þessum efnum.

Að svo mæltu er mér alveg óhætt að leiðrétta, og gera það í góðu, sem hv. þm. Bjarni Guðnason sagði, að íslenzki Alþfl. virtist hafa tapað niður einhverju af alþjóðlegum hugsjónum jafnaðarstefnunnar. Það, sem ég er að lýsa, er hluti af alþjóðlegum hugsjónum jafnaðarstefnunnar, andstaða við hernaðarbandalög og efling friðar og öryggis, en ég veit ekki betur en allir jafnaðarmannaflokkar í Vestur-Evrópu séu þeirrar skoðunar, að meðan varnarbandalög séu við lýði, eigi að efla Atlantshafsbandalagið. Ég þekki engan jafnaðarmannaflokk, sem hugsar öðruvísi. Ég veit, að það eru margir jafnaðarmenn í einstökum löndum, sem hugsa öðruvísi, en þeir eru hvarvetna minni hl., mismunandi stór. Forusta allra jafnaðarmannaflokka í Vestur-Evrópu undantekningalaust er þeirrar skoðunar, að meðan varnarbandalagskerfi sé ríkjandi, eigi að styðja Atlantshafsbandalagið. Það er þess vegna hv. þm. Bjarni Guðnason, sem er eitthvað svolítið ruglaður í því, hvað jafnaðarstefnan raunverulega þýðir, en ekki ég eða við í Alþfl. En ég vona, að það standi nú allt saman til bóta.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, — hann sagði það eitthvað þrisvar sinnum í ræðunni, og ég vildi óska, að hann hefði sagt það sex sinnum, það hefði orðið mér til enn þá meiri ánægju, — það er rétt, að við jafnaðarmenn, og hann átti þar við Alþfl. og SF, við erum að ræða um sameiningu. Það er rétt, við erum að því, og ég vona, að þær viðræður leiði til jákvæðs árangurs. Ég veit, að það mun ekki geta leitt til þess, að við allir verðum sammála um afstöðu til NATO eða afstöðu til

varnarstöðvanna. En ég tel það bara ekki skipta máli. Ég tel, að í sönnum jafnaðarmannaflokki sé rúm fyrir menn með ólíkar skoðanir á þessum atriðum utanríkismála og þessum atriðum varnarmála, sem við sérstaklega höfum hér gert að umtalsefni. Það, sem sameinar jafnaðarmenn, eru ákveðnar hugmyndir um heim allan. Það eru ákveðnar hugmyndir um, hvernig þjóðskipulagið skuli vera byggt inn á við. Það sameinar líka jafnaðarmenn, að þeir aðhyllast vissar grundvallarhugsjónir í utanríkismálum, þ. e. eflingu friðar, öryggis og þar fram eftir götunum. En það eru til ágætir jafnaðarmenn hér á Íslandi og um öll lönd, sem greinir á um það, hvort rétta leiðin til eflingar friði og frelsi sé myndun varnarbandalaga eða hvort sú stefna sé andstæð því markmiði að efla frið og treysta öryggi, og þar sem um sérstök vandamál er að ræða, sem eru þjóðlegs eðlis, eins og vandamálið varðandi varnarsamninginn hér, þá getur ágæta jafnaðarmenn greint á um það í góðu, hvort varnarsamningurinn við Bandaríkin sé eðlilegur eða óeðlilegur, hvort hann efli hagsmuni Íslands eða sé andstæður hagsmunum Íslands. Og ég er eindregið þeirrar skoðunar, að hvort sem menn eru andstæðir varnarsamningnum eða honum fylgjandi, þá geti menn verið ágætir jafnaðarmenn fyrir því, svo að ég hef ekkert reiðzt hv. þm. Bjarna Guðnasyni, þó að hann hafi sagt það, sem hann sagði í dag, og vona, að við eigum eftir að tala saman um sameiningu jafnaðarmanna í einn flokk í jafngóðum anda og við höfum gert hingað til.

Að síðustu langar mig til þess að víkja að ræðu hæstv. forsrh. Fyrst og fremst vildi ég segja, að það var ranghermi hjá hæstv. forsrh., að ég hefði haldið því fram síðdegis í dag, að það, sem nú hefur gerzt í Keflavíkurmálinu, væri brot á þingræðisreglum. Það sagði ég aldrei, og það mun koma skýrt fram í ræðu minni. Þvert á móti undirstrikaði ég, að ef stjórnin vildi, þá gæti hún sagt það, að hún hefði gert þennan samning og mundi gera hann í trausti þess, að þingmeirihluti væri fyrir honum, enda væri enginn vandi að reyna á það, að svo væri. Einmitt þetta sagði ég í dag, og þetta er rétt. Það, sem ég hins vegar sagði, var það, að ég vildi fá svar við því af hálfu hæstv. forsrh., hvort hann hugsaði sér, að ríkisstj. héldi áfram að vinna með þessum hætti, m. ö. o. að afgreiða stór mál með atkvgr. og spyrja þingið ekki. Við þessu fékk ég því miður ekki skýrt svar, en ég skal þó alveg taka við því svari, sem hann gaf, sem var í því fólgið, að ef það er vefengt, að ákvörðun meiri hl. ríkisstj. sé í samræmi við þingmeirihluta, þá getur þingið sjálft, hvaða þm. og hvaða flokkur sem er, gengið úr skugga um það, hvort svo sé eða ekki. Ég hefði kosið, að svar hans væri skýrara, afdráttarlausara um það, að þetta væri sérstakt tilfelli, sem hér væri um að ræða, og ekki væri meiningin að vinna svona áfram. En fyrst hann óskar ekki að segja það, þá læt ég það eiga sig.

Þá deildi hann allhvasst og hvassara en venja hans er á hæstv. fyrrv. utanrrh., Guðmund Í. Guðmundsson, fyrir það að hafa ekki haft neitt samráð við Alþb. á sínum tíma, meðan hann var utanrrh. Hafði hann um þetta allstór orð. En ég vil aðeins minna núv. hæstv. forsrh. á það, að þegar Guðmundur Í. Guðmundsson tók upp þessi vinnubrögð, eftir að hann varð utanrrh. — (**Forsrh.:** Við stjórnarandstöðuna, sagði ég.) Nei, það er einmitt þetta, sem þarf að leiðrétta, einmitt þetta, því að það, sem ég átti rétt aðeins ósagt og hæstv. forsrh. hefur nú gert skemmtilegt, það var það, að Guðmundur Í. Guðmundsson tók þessi vinnubrögð upp í ríkisstj. Hermanns Jónassonar og með vitneskju hans, svo að ef einhver stóryrði eiga hér við í garð Guðmundar Í. Guðmundssonar, þá hitta þau í nákvæmlega sama mæli þann ágætismann, Hermann Jónasson. Guðmundur Í. Guðmundsson sagði sínum forsrh. frá því, að hann treysti sér ekki til þess að ræða málefni Atlantshafsbandalagsins við þá samráðherra sína, sem væru fulltrúar Alþb. í ríkisstj., og forsrh. féllst á þetta, svo að það, sem síðar var lögfest, átti uppruna sinn í þessum samningum, vildi ég mega segja, milli Hermanns Jónassonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar. Þetta átti sér allt saman sína skýringu, sem ég hirði ekki að fara út í hér og geri ekki nema tilneyddur, þá mun ég gera það, en ég sætti mig ekki við það, að fyrrv. starfsbróðir minn í ríkisstj. verði fyrir aðkasti af eftirmanni þess forsrh., sem samþykkti gerðir hans varðandi þetta atriði. En þá voru viðkvæmir tímar, sérstök vandamál á ferðinni, sem þáv. utanrrh. notaði sem rökstuðning fyrir sinni afstöðu og tekin var gild af oddvita ríkisstj. (Gripið fram í.) Það er ekki mitt að svara fyrir það, ég var ekki forsrh. í þeirri ríkisstj. (**Forsrh.:** Í viðreisnarstjórninni.) Já, nú er ég einmitt að koma að því. Mikið liggur hæstv. forsrh. mikið á. Hann er alltaf á undan mér í því, sem ég ætla að fara að segja. En hitt er annað mál, að síðan var þetta fyrirkomulag lögfest, með óbeinum hætti þó. Það var eftir að ríkisstj. Ólafs Thors hafði verið mynduð. En sem betur fór breyttust tímarnir smám saman, og þau mál, sem áður höfðu þótt sérstaklega viðkvæm, voru það ekki lengur í jafnríkum mæli og áður. Auk þess held ég, að menn hafi smám saman séð, — það á a. m. k. við um mig, — að þetta fyrirkomulag væri óeðlilegt og það væri nauðsynlegt, að hægt væri að hafa allsherjarsamstarf milli þingflokka í algerum trúnaði um utanríkismál eins og um önnur mál. Og mér er engin launung á því, að ég átti minn þátt í því, eftir að Emil Jónsson hafði tekið við störfum utanrrh., að horfið var frá þessari stefnu. Og ég held, að sú ákvörðun hæstv. utanrrh. Emils Jónssonar hafi verið algerlega rétt, og mér er engin launung á því, að ég tel, að þetta samstarf, sem þá var tekið upp, þetta skipulag, hafi ekki orðið að neinu tjóni síðan. (Gripið fram í.) Jú, jú, einmitt. Ja, voru lögin numin úr gildi áður? Það kann vel að vera, að það hafi verið. Ég skal ekki segja, hvort Guðmundur Í. Guðmundsson hafi breytt sínum starfsháttum, það mundi þurfa að athuga nánar, enda skiptir það í sjálfu sér ekki máli. En hitt er rétt, að það var gerð breyting á starfsháttum varðandi utanríkismál, eftir að Emil Jónsson tók við störfum. Ég segi það aftur, ég átti minn þátt í því, að sú breyting var gerð, og sé ekki eftir því, tel, að þetta hafi verið rétt.

Þá vildi ég víkja að þeim ummælum hæstv. forsrh., að það hafi margoft komið fyrir áður, að ríkisstj. hafi klofnað um einstök mál, án þess að ráðh. hafi sagt af sér. Og hann nefndi þar verðlagsfrv. margumtalaða sem dæmi. Fyrst hæstv. forsrh. nefndi þetta dæmi, þá tel ég rétt að rifja upp í örfáum orðum, hvað hér var í raun og veru á ferðinni, til að taka af öll tvímæli um það, að þessi mál eru með engu móti sambærileg. Þar á ég ekki aðeins við það, að auðvitað verður þýðing

verðlagsfrv. með engu móti borin saman við þýðingu þess, sem hér er á ferðinni. Hér er á ferðinni stórvægilegt utanríkismál, sem snertir viðkvæmustu þætti íslenzkra utanríkismála að sumu leyti. Að hinu leytinu var á ferðinni innanlandsmál, eitt af ótal mörgum öðrum, sem á döfinni eru á hverju þingi. Ég á þó ekki við þetta, þegar ég segi, að reginmunur sé hér á, heldur við það, sem ég nú skal greina frá.

Þegar verðlagsfrv. var rætt í ríkisstj., kom það fram, að tveir af þm. Alþfl., annar í Nd. og hinn í Ed., — sá í Ed. var einmitt ráðh. í ríkisstj., — voru frv. andvígir, og það hafði því ekki fylgi þm. stjórnarflokkanna. Þetta gerðu sér allir ljóst og var ekki neitt minnsta leyndarmál. Spurningin var þá, hvort leggja ætti frv. fram, þá að láta það falla, ef allt hefði gerzt með venjulegum hætti, eða hvort ætti að leggja það til hliðar. En þá gerðist það, og nú skal ég bara tala í eigin persónu og ekki blanda neinum öðrum ráðh. eða öðrum einstaklingum inn í það, þá gerðist það, að mér barst algerlega örugg vitneskja um það, að í Framsfl. væri um að ræða fylgi meira en tveggja þm., tölur skal ég ekki nefna, enda er óþarfi að nefna tölur, þar væri um að ræða fylgi meira en tveggja þm. við frv. Þetta var í raun og veru ekkert leyndarmál á þeim tíma, og þarf ég þar ekki að vitna í neinar umr., sem fóru fram á þingmannafundum Framsfl. Það á maður ekki að gera, þó að maður viti eitthvað um þær, heldur kom það fram á hálfopinberum fundi framsóknarmanna hér í Reykjavík, sem haldinn var í Glaumbæ, að nokkrir þm. Framsfl. væru fylgjandi frv., það væri ágreiningur um frv. í Framsfl., og sagði einn ræðumanna, að áhöld væru um það, hvort meiri hl. þm. væri fylgjandi því eða andvígur því. Að fengnum þessum upplýsingum og raunar fleiri, sem ég hirði ekki að nefna nema alveg sérstaklega að gefnu tilefni, þá varð það niðurstaða okkar í ríkisstj., hreinlega niðurstaða okkar, að við skyldum láta á það reyna, hvort nokkrir þm. stjórnarandstöðuflokkanna vildu styðja frv. eða ekki, enda er það bara ekkert nýmæli. Það eru hér alltaf öðru hverju, ég segi ekki vikulega, en a. m. k. mánaðarlega, afgreidd frv., þar sem stjórnarflokkar skiptast og stjórnarandstöðuflokkar skiptast, þar sem frv. eru samþ. með atkv. bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga gegn atkv. annarra stjórnarsinna og annarra stjórnarandstæðinga. Þetta er hlutur, sem allir þm. þekkja mætavel, og við ákváðum í ríkisstj. að láta á þetta reyna. Þegar þetta varð ljóst, varð eitthvert ógurlegt fjaðrafok í Framsfl., bæði þingflokknum og hvað það heitir, flokksráði hans eða hvað það er, og sýndist mönnum mjög sitt hvað. En niðurstaðan varð sú, að þingflokkur Framsfl. skyldi allur sem ein heild greiða atkv. gegn frv., hvað svo sem liði samvizku einstakra þm. Hún var ekki þung á metunum þá fremur en stundum endranær. Þess vegna var það, sem það gerðist, að frv. féll. Við því var ekkert að segja. Ég verð að segja það, sagði það þá og segi það enn núna, að mér kom það mjög á óvart og var það til mikilla vonbrigða, að nokkrir þm. Framsfl. skyldu ekki reynast meiri karlar en þeir reyndust við endanlega atkvgr. Þeir verða að gera það upp við sjálfa sig, hversu miklir karlar þeir vilja reynast. Í mínu áliti uxu þeir ekki við þessa niðurstöðu. En hér var um að ræða mál, sem lagt var fyrir þingið, og það er einmitt það, sem ég er að tala um núna. (**Forsrh.:** Stórir karlar, sem ætluðu að treysta á stjórnarandstöðuna.) Treysta á hana, ég vil ekki nota það orð, að við höfum ætlað að treysta á hana, við ætluðum bara að reyna, hvort þeir stæðu við orð sín, hvort þeir þyrðu að greiða atkv. eftir samvizku sinni eða ekki. Og þeir reyndust ekki fá að gera það fyrir ofríki sumra manna. Þetta er nú sannleikurinn um þetta mál, og það vona ég, að allir geri sér ljóst á eftir, að þetta er með engu, engu móti sambærilegt.

Að síðustu eða næstsíðustu ætla ég að nefna það, sem ég raunar hafði nú vikið að áðan og kalla þess vegna að næstsíðustu núna, að hæstv. forsrh. sagði, að ef dregið væri í efa, að málið væri þingræðislegt, þá gæti bara stjórnarandstaðan eða einhver þm. beðið um vantraust eða flutt till., þar sem reynt væri á, hvort málið hefði fylgi eða ekki. Nú gerir hann sér áreiðanlega ljóst, að það væri afskaplega lítill vandi fyrir stjórnarandstöðuna, annaðhvort flokkana eða einhvern einstakan þm., að semja þess konar till., sem setti þess konar fleyg á milli stjórnarflokkanna, eins og ágreiningur á milli þeirra er, að niðurstaðan gæti orðið sú, t. d. vegna ágreinings, sem er um forsendurnar, að það gæti farið svo, að till., sem skoðuð yrði sem vantraust, yrði samþ. með atkv. Alþb. og stjórnarandstöðunnar. Það er hægt með sérstökum klókindum og sérstökum refshætti að búa svona till. til. Það ætla ég ekki að gera, og ég mæli ekki með, að það sé gert. Ég er búinn að halda hér langa ræðu í dag og hef ekki nefnt þessa hugmynd, og mér dytti ekki í hug nokkurn tíma að gera það. En þess vegna nefni ég málið núna, að flokkur hæstv. forsrh. hefur einu sinni leikið slíkt stykki hér á hinu háa Alþingi. (**Gripið fram í:** Gert stykkin.) Gert sín stykki, já. Og það var árið 1950, þegar sat að völdum minnihluta stjórn Sjálfstfl. Þá flutti Framsfl. vantrauststillögu á þá stjórn vegna gengislækkunarfrv., sem sú stjórn hafði flutt. Sú till. var samþ. með atkv. mínu og annarra þáv. stjórnarandstæðinga, sem voru till. þá alveg sammála. En hvað skeði bara strax eftir að vantraustið hafði verið samþykkt? Þá myndaði Framsfl. ríkisstj. með Sjálfstfl. til þess að framkvæma frv., sem hann hafði fellt ríkisstj. á. (**EystJ:** Það þurfti fyrst að ná stjórninni frá.) Já. Þarna er sjálfur forseti Alþingis að gefa okkur ráð um að gera einhvern andskotann til að ná stjórninni frá ykkur. (Gripið fram í.) Ekki fyrir mitt leyti og ekki Alþfl. Sjálfstfl. getur svarað fyrir sig. Við tökum ekki þátt í öðrum eins vinnubrögðum og munum aldrei gera. Það er eitt, sem er alveg áreiðanlegt.

En þetta gaf mér tilefni til að rifja upp þessa sögu, ja, hæstv. forsrh. þarf ekki að óttast þess konar stjórnarandstöðu af okkar hálfu. Hann getur verið algerlega rólegur hennar vegna, enda skal ég segja það aftur: Mig langar bara ekkert til, að stjórnin fari frá strax. Ég hef afskaplega gaman af að hafa hana og gaman af að vera andstæðingur hennar og tel nauðsynlegt, að hún hafi runnið sitt skeið á enda, þegar hún fer frá. Það verður ekki voðalega langt þangað til. En ég vona ekki heldur, að það verði of skammt þangað til.

Þá vildi ég að síðustu segja, að ég mun ekki lengur taka þátt í því að biðja hæstv. forsrh. að úrskurða neitt um það, hvernig túlka beri stjórnarsamninginn, hvort túlka beri hann á þann hátt, sem hæstv. utanrrh. gerir eða hæstv. iðnrh. gerði nú í dag og hæstv. viðskrh. hefur gert áður. En ég skrifaði orðrétt niður ummæli hæstv. iðnrh. um þetta efni. Hann sagði:

„Ríkisstj. er staðráðin í því að framkvæma brottför hersins á kjörtímabilinu."

Hæstv. utanrrh. hefur hins vegar sagt, — ég hafði þau ummæli eftir honum í dag, og hann andmælti þeim ekki, — að hann liti þannig á, að fyrirhugaðar samningaviðræður gætu leitt til þess, að hér yrði áfram einhver bandarískur her með einhverjum hætti, og þó að svo yrði, þá teldi hann það ekki brot á stjórnarsáttmálanum. Ég held, að við ættum að hlífa hæstv. forsrh. við því að blanda honum meira inn í þetta. Þetta er orðið algerlega augljóst mál, að það er ágreiningur á milli ráðh. og á milli flokka um þetta mál. Við þurfum engan úrskurð frá hæstv. forsrh. um það, að um ágreining er að ræða. Hann bætir ekki skilning okkar á þessu. Hann ruglar hann að vísu ekki neitt frekar, en hitt er annað mál, að æskilegt er, að hann sjálfur geri sér þetta ljóst í leyni annaðhvort kvölds eða morgna, þegar hann les kverið.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mun nú aðeins gera að umtalsefni nokkur atriði af þeim, sem komið hafa fram síðan ég talaði hér í dag. Eins og löngum, þegar umr. verða fjörugar hér á Alþ., þá er það hv. 7. þm. Reykv., sem tekur að sér aðalhlutverkið, talar hæst og mest og fyndnast. Ég hef ekkert á móti því. Ég unni honum þess hlutskiptis vel. En ég kemst ekki hjá að lýsa furðu minni á, hvernig hann getur leyft sér það að tala um fjármagnsútvegun til flugbrautarlengingar á þann veg, sem hann gerði. Það er búið að marglýsa því hér yfir, að ákvörðun hafi verið tekin um það í ríkisstj. að taka á framkvæmdaáætlun ársins 1972 hluta af því fjármagni, sem þarf til að byggja eða lengja þessa flugbraut. Ég hef upplýst þetta í dag, hæstv. forsrh. hefur staðfest þetta, aðrir ráðh. hafa staðfest þetta, ýmist á Alþ. eða í viðtölum við blöð. Samt leyfir þessi hv. þm. sér að halda því hér fram með miklu stærilæti, að það, sem ég hef um þetta sagt, sé ósatt. Ég felli mig ekki við það. (**JóhH:** Þessi flugbraut yrði alla vega ónothæf, hún væri ekki með ljósaútbúnaði, öryggisútbúnaði eða neinu.) Þessi flugbraut yrði ónothæf, segir hv. 1. þm. Reykv. Hann veit víst eitthvað um það, hvernig sú flugbraut var fyrirhuguð. (Gripið fram í.) Ég hef lýst því yfir, já, að það mundi verða útvegað fjármagn á þessu ári til þess að hefja þessar framkvæmdir, og það var komið í uppkast að framkvæmdaáætlun, og svo þingreyndir menn eins og þessir hæstv. fyrrv. ráðh. ættu að vita það, að það, sem ríkisstj. ákveður að taka á framkvæmdaáætlun, verður þar. Og ég held, að þeir þurfi ekki að vera með áhyggjur af því, hvernig fjármagns til þessara framkvæmda hefði verið aflað. Ég get vel unnt hv. 7. þm. Reykv. að halda aðra skemmtiræðu, þegar hann fer að leika sér að því að hugleiða það, hvað hefði orðið að víkja fyrir þessum flugbrautarbyggingum. Ég segi nú ekki, að ég hlakki til þeirrar ræðu, en ég get vel unnt honum að halda hana. Og ég verð að segja það, að mig furðar á því, hversu óskaplega það vex þessum hv. þm. í augum að byggja þessa braut, þegar búið er að upplýsa það, að íslenzkir verkfræðingar reikna þetta á 250 millj. Hann tekur nú ekkert mark á því frekar en öðru, sem honum er sagt, en þrástagast á 500 millj. kr., sem vafalaust hefði kostað að byggja hana, ef hans ríkisstj. hefði staðið að því.

Og svo sagði þessi hv. þm., að svona væri ekki hægt að tala í sjónvarpi, segja svona hluti í sjónvarpi. Það væri fyrir sig að segja þetta á litlum fundum einhvers staðar úti í bæ eða úti á landi. En að tala það í sjónvarpið, það væri algerlega útilokað. Er þetta hans ræðumennskuaðferð, að segja ýmsa hluti á litlum fundum úti um land og svo eitthvað annað, þegar hann er kallaður í sjónvarpið? Ég hef ekki haft þennan háttinn á.

Hv. þm. sagði síðar í sinni löngu ræðu, að það væru engar deilur í Alþfl. um stefnu flokksins. Þetta sagði hann vegna þess, að einhver hv. þm. hafði sagt, að stefna Alþfl. hefði breytzt við heimkomu þessa hv. þm. frá náminu í Kaupmannahöfn. En ég var á fundi með þessum hv. þm. í Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur fyrir nokkrum dögum. (Gripið fram í.) Já, já, en það voru ekki allir jafngóðir við hv. 7. þm. Reykv. eins og hann vill hér vera láta, því að þar voru miklar deilur um afstöðu Alþfl. til varnarmálanna. (**GÞG:** Ég sagði, að það væru uppi skiptar skoðanir í flokknum um það mál.) Já, þá á ekki heldur að segja hér, að engar deilur séu uppi um stefnu flokksins, að engar deilur séu uppi. En ég skal taka það fram, til þess að útskýra þennan málflutning, að þetta var á litlum fundi, sem þessi ágreiningur kom fram. Nei, það er áreiðanlegt, að það eru deilur í Alþfl. um afstöðuna til varnarmálanna, og það er ekkert óeðlilegt. Og hv. þm. sagði hér síðar í ræðu sinni, þegar hann var að tala um núverandi tilhugalíf og væntanlegt hjónaband þeirra, hans og hv. 3. landsk. þm., að það skipti engu máli fyrir samstarf í flokki, hver afstaðan væri til NATO. Ég get vel fallizt á þetta upp að vissu marki. En mér finnst þetta skjóta svolítið skökku við þann málflutning hjá þessum sama hv. þm., að það sé algerlega útilokað, að flokkar geti unnið saman í ríkisstj. með því að hafa mismunandi afstöðu til NATO. Það telur hann algerlega fráleitt og það hljóti að bera dauðann í sér og það fyrr en síðar. Í þessu finnst mér gæta mikils ósamræmis, eins og raunar í fleiru af því, sem sagt var hér í hv. síðustu ræðu.

Svo að ég víki að öðru atriði, sem kom fram í þessari ræðu, þá sagði hv. 7. þm. Reykv., að ég hefði rökstutt afstöðu meiri hl. ríkisstj. með því, að við vildum standa við skuldbindingar við NATO, og spurði þá í beinu framhaldi af því, hvers vegna ekki hafi þá verið rætt við NATO. Hvers vegna ræddi þá utanrrh. ekki við NATO? Ég vil svara því til, að ég hef ekki rætt þetta mál við einn eða neinn. Ég hef hvorki beðið einn né annan, hvorki Atlantshafsbandalagið sjálft né Bandaríkin fyrir þess hönd né Bandaríkin fyrir þeirra eigin hönd, um að lengja þessa flugbraut. Óskin um það kom frá fyrrv. ríkisstj. og var tekin upp af stjórnvöldum Bandaríkjanna, þannig að ég hef hvorki snúið mér til Bandaríkjanna eða NATO viðkomandi þessu atriði. Hins vegar hefur það verið svo og er algerlega mál NATO og Bandaríkjanna, að Bandaríkjamenn hafa séð um og staðið undir framkvæmdum hér á vegum NATO. Ég vænti þess, að menn viti það, að sú stöð, sem er á Keflavíkurvelli, er NATO-stöð, þó að hún sé kostuð og rekin af Bandaríkjamönnum, þannig að ég held, að þessi fleygur, sem þarna átti að reka í málflutning minn, hafi verið heldur oddsljór. (**RA:** Hyggst ráðh. taka upp fleiri slík mál frá fyrrv. ríkisstj.?) Það getur vel komið til greina. Ég man nú ekki í svipinn eftir neinu, sem ég hef

áhuga fyrir að framkvæma, en það má leita í leifunum og í skjóðunni og kanna það.

Já, já, það hefði auðvitað komið einhvers staðar við að lengja flugbrautina fyrir íslenzka peninga, ég neita því ekki. Og það hefði eflaust og áreiðanlega orðið að draga úr einhverjum framkvæmdum, ef við hefðum þurft að standa undir fjármögnun þessarar brautar. Því dettur mér ekki í hug að neita. Og það getur vel verið, að ég geti upplýst það síðar, hvað það er, sem ég hefði þá viljað láta bíða, vegna þess að ég álít, að flugbrautarlengingin sé framkvæmd, sem varð að fara í forgangsröð, eins og ég hef margsinnis lýst hér á hv. Alþ. og skal ekkert endurtaka um það.

Hv. 7. þm. Reykv. segir mjög oft, þegar hann kemur hér í ræðustólinn, að stefna okkar í varnarmálunum muni torvelda sókn okkar í landhelgismálinu. Ég hef ekki þessa skoðun, og ég hef ekki ástæðu til þess að halda, að svo muni verða. En það má vel vera, og ég rengi það ekki, sem hv. 7. þm. Reykv. segir, að hann hafi hitt einhverja menn, sem hafi látið uppi þennan ugg, og hann nefndi sérstaklega Norðmenn í því sambandi. Það er alveg rétt, að það er eitt blað í Noregi, sem hefur mjög oft skrifað um Íslendinga og fyrirrætlanir þeirra í varnarmálunum, talað um, að menn ættu að skammast sín á Íslandi og aðrar ámóta fyrirsagnir. En ég hafði ekki haldið, að þetta blað væri blað skoðanabræðra hv. 7. þm. Reykv. Þetta blað heitir Morgenbladet af einhverri ástæðu, sem ég get nú ekki skilgreint, en hefur mjög áþekkan málflutning og annað blað, sem ég þekki þeim mun betur. Og það eru nú aðalskrifin, sem ég hef séð, þar sem við erum sérstaklega ávítaðir fyrir ábyrgðarleysi í varnarmálum.

Þá langar mig til þess að víkja hér aðeins með örfáum orðum að ræðu hv. 2. þm. Reykv., Geirs Hallgrímssonar. Hann talaði hér hátt og strítt, hér um bil eins djarflega og hv. 7. þm. Reykv. sem hafði metið fram að því. Hann vék mjög lítið að till. þeirra sjálfstæðismanna, en sagði þó, að hún væri lýðræðisleg. Ég hef áður vikið að þeirri röksemd og er því ekki sammála, að það séu lýðræðisleg vinnubrögð að kjósa menn í nefnd eftir því, hvort fyrir fram er vitað, hvaða skoðun þeir hafa. En þessi till. fjallar um það að kjósa nefnd manna á Alþ., sem hafa fyrir fram ákveðna skoðun, en útiloka aðra. Þetta finnst mér ekki lýðræðisleg till., og ég held, að ég þreyti ekki þm. á því að ræða hana frekar sem slíka.

Í hans ræðu var svo mikið talað um það, að við værum að svíkja samherja okkar, sætum á svikráðum við vestrænar lýðræðisþjóðir og sjálfa okkur. Og hvað er það, sem við viljum gera? Við viljum endurskoða varnarsamninginn. Það er það, sem Sjálfstfl. hefur haft á stefnuskrá sinni síðan 1956, eftir því sem formaður hans upplýsir hér. Og hv. 2. þm. Reykv. segir: Ég vil endurskoða samninginn. Hann hélt ræðu í Ottawa á þingmannafundi, sem vitnað hefur verið hér til, í sept. í fyrra. Þar sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Að sönnu er ekkert eðlilegra sjálfstæðu ríki en að endurskoða varnarmál sín á hverjum tíma. En með hliðsjón af aukinni athafnasemi Varsjárbandalagsríkja á norðurvæng Atlantshafsbandalagsins teljum við óskynsamlegt, að Ísland verði varnarlaust."

Með orðunum „að Ísland verði varnarlaust" á þessi hv. þm. án efa, og það leiðir af hans málflutningi, við það, að hér eigi að vera erlendur her. En með leyfi að spyrja, hvað var það þá, sem þessi hv. þm. taldi, að ætti að endurskoða, og er þetta ekki einmitt dæmi um það, að þarna er niðurstaðan fengin fyrst og talað svo um endurskoðun á eftir? M. ö. o. það, sem hann brigzlar núv. ríkisstj. um að hafa í huga og telur fráleitt. En þetta er hans hugmynd um að endurskoða varnarsamninginn: Að slá því föstu, að það sé óskynsamlegt að láta herinn fara, endurskoða samninginn svo. Þetta held ég nú, að þætti ekki mikil stjórnvizka, ef henni væri haldið fram af mér og mínum líkum.

Þá spurði hv. 2. þm. Reykv. um það, hvað hefði borizt af svörum við fsp. utanrrn. um varnarmálin erlendis frá. Ég get ekki annað en endurtekið það, sem ég sagði um daginn, fyrir u. þ. b. hálfum mánuði, að ég er fús til þess að veita utanrmn. upplýsingar um þau fáu svör, sem enn þá hafa borizt, en ég ætla ekki og mun ekki hér, þó að það kunni að valda hv. 2. þm. Reykv. vonbrigðum, telja þau upp á þessu stigi málsins.

Hv. 2. þm. Reykv. þrástagast mjög á því, að afstaða okkar í varnarmálum skaði álit Íslands erlendis, eins og fleiri hv. þm. hafa hér verið að taka upp hver eftir öðrum, og hann segir, að það, sem skaði málstað Íslands, sé nú þetta, sem helzt ber að varast, að taka ákvörðun fyrir fram og kanna málið síðan. Þetta er auðvitað algjörlega rangt, þetta er algjörlega röng túlkun á málefnasamningi ríkisstj., eins og ég hef margsinnis sýnt fram á. Hv. 2. þm. Reykv. gat ekki eða vildi ekki, þó að ég bæði hann þess, segja frá því, hvaða menn það væru, sem hefðu látið þessi orð falla í eyru hans, heldur sagði: Útlendingar segja mér, að þetta sé svona. En ég hefði gjarnan viljað fá að vita, hvaða útlendingar það eru, sem tala svona við hv. 2. þm. Reykv.

Einu sinni var fræðimaður, sem að fræðimanna sið þurfti auðvitað að rökstyðja allar sínar heimildir, og þegar hann komst í þrot með rökstuðning, þá sagði hann, eins og margsinnis hefur verið rifjað upp: „Dýrleif í Parti sagði mér, ég hafði áður sagt henni." Ég er ekki að segja, að þetta eigi við um hv. 2. þm. Reykv., en það væri æskilegt, að við gætum borið saman bækur okkar um það, ekki endilega hér á fundi, ekki endilega hér í heyranda hljóði, heldur þó síðar yrði, hvaða útlendingar það eru, sem tala á þennan veg við hv. 2. þm. Reykv. Ég er ekki að efa, að það geti verið, en það eru þá aðrir útlendingar en þeir, sem tala við mig, eða þá að þeir tala öðruvísi við hann en þeir tala við mig, en hvort heldur sem væri, væri þetta fróðlegt til upplýsinga.

Þá fannst mér gæta nokkurrar dylgju í minn garð og ríkisstj., þegar hv. 2. þm. Reykv. var að hugleiða það, hvort Bandaríkjamenn hefðu ekki fengið einhverja vitneskju frá íslenzkum stjórnvöldum um það, hvort tilboði þeirra yrði tekið eða ekki. Þeir hafa þó sjálfir skýrt frá því, að engar skuldbindingar og engin loforð hafi frá Íslands hálfu verið gefin í tilefni af þessari breytingu á ákvörðun hjá Bandaríkjastjórn, og jafnvel þó að hv. 2. þm. Reykv. eigi bágt með að trúa mér og samherjum mínum í ríkisstj., ætti hann þó, finnst mér, að geta trúað Bandaríkjamönnum.

Síðasta spurning, sem ég tók eftir, frá hv. 2. þm. Reykv. laut að því, hvort ég hefði geð í mér, held ég hann hafi sagt, það er a. m. k. orðalag Morgunblaðsins, og ég geri ráð fyrir því, að það hafi verið þau orð, sem

hann notaði, til þess að sitja í stjórn með Alþb.-mönnum eftir það, sem á undan er gengið. Ég vil segja honum það og öðrum, að það þarf engum að koma á óvart þó að skoðanamismunur sé í ríkisstj. um aðild Íslands að NATO. Það er tekið fram í málefnasamningi ríkisstj., að þessi ágreiningur sé fyrir hendi. Mér kom það þess vegna ekkert á óvart, þegar það staðfestist nú. Það var það, sem ég hafði alltaf vitað, og í mínum augum hefur engin breyting þar á orðið. En ég vil nú spyrja hv. 2. þm. Reykv., hvort hann hafi lengur geð í sér til þess að þrástagast svo á þeim ræðum, sem hann hefur gert í allan vetur og mér finnst satt að segja ekki honum samboðnar og öðruvísi málflutningur en ég hef búizt við frá honum og öðruvísi en ég hef átt að venjast frá honum.

Ellert Schram, hv. 9. landsk. þm., hélt hér nokkra ræðu. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að gera margt úr henni að umtalsefni. Hann minntist á það, að hann hefði tekið til máls hér um aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum. Hann hélt um það sína fyrstu ræðu og mjög áhrifamiklu ræðu, sem ég held ég megi til með að leyfa mönnum að heyra örlítið úr svona í lokin. Þegar búið var að upplýsa það, að ríkisstj. mundi styðja aðild alþýðulýðveldisins að Sameinuðu þjóðunum, þá sagði hv. þm.:

„Ég leyfi mér að efast um, að mikil reisn sé yfir slíkri ákvörðun, að sómi Íslands vaxi af þeirri afstöðu.“ Og ræðunni lauk svona: „Ég leyfi mér að fordæma þessa afstöðu.“

Síðan tekur Morgunblaðið við. Það er 21. okt. s. l., sem þar segir í forustugrein:

„Ekki þarf frekari vitna við, framsóknarmenn og fulltrúar Hannibalista í ríkisstj. hafa látið Magnús Kjartansson um að ráða afstöðu Íslands til þessa máls, það er ekki skoðun utanrrh., sem ræður í ríkisstj. um afstöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Samkv. yfirlýsingu annars ráðh. kommúnista er það skoðun hans, sem ræður.“

Svo skeður það, að alþýðulýðveldið Kína verður aðili að Sameinuðu þjóðunum og Nixon ákveður að fara til Kína og taka upp viðræður í Kína, og þá skrifar Morgunblaðið aftur leiðara um þetta stórmál, sem enginn láir því auðvitað. Þar segir, með leyfi forseta:

„Baráttan gegn aðild Pekingstjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum var lengi vel háð á þeim grundvelli, að það samrýmdist ekki stofnskrá Hinna sameinuðu þjóða, að hún ætti fulltrúa á þessum vettvangi, þar sem Pekingstjórnin væri árásaraðili.“ Síðar segir: „Hin síðari ár hafa þessar röksemdir dugað skammt, en Bandaríkjamönnum hefur tekizt að koma í veg fyrir aðild Pekingstjórnarinnar með till. um formlega meðferð málsins. Fyrir einu ári var orðið ljóst, að þessar varnaraðgerðir Bandaríkjamanna höfðu einnig gengið sér til húðar, og upp frá því urðu mjög skjót umskipti í sambúð Bandaríkjanna og Kína. Hin fyrirhugaða ferð Nixons forseta til Peking er gleggsta dæmið um það“.

Svo segir hér síðar:

„Bandaríkjamönnum hefur ekki tekizt að ná þeim árangri, sem þeir ætluðu, og er það út af fyrir sig mikill ósigur fyrir Bandaríkjamenn. Hitt er svo annað mál, hvort þeim þykir svo leitt sem þeir láta. Með hinni hörðu baráttu, sem háð var af þeirra hálfu, sýndu Bandaríkjamenn, að þeir standa við hlið bandamanna sinna. Á hinn bóginn er ljóst, að hefðu Bandaríkjamenn farið með sigur af hólmi í þessu máli, hefðu fulltrúar Pekingstjórnarinnar ekki tekið sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum í ár. Hvaða afleiðingar hefðu slík málalok haft fyrir Pekingferð Nixons?“

Sem sagt, það þýðir ekkert að halda því fram, sem hér var gert, að það hefði verið hægt að fá alþýðulýðveldið inn í Sameinuðu þjóðirnar eftir leið Bandaríkjamanna, og nú heyrist engin rödd um það, að það hafi orðið Íslandi til vansæmdar að stuðla að því, að stærsta ríki veraldar fengi inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar. Ég vona það og vænti þess, að svo geti einnig farið í þeim varnarmálum, sem hér hafa verið mikið rædd, að hv. stjórnarandstæðingar, sem nú deila mjög á ríkisstj. fyrir meðferð þessara mála, þeir muni, þegar stundir líða fram, komast að því, að það var það rétta og réttasta, sem hægt var að gera.

Svo ætla ég ekki, nema sérstök tilefni gefist til, að halda fleiri ræður í þessu máli um þær till., sem hér eru til umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta er nú orðinn æðilangur málfundur, og ég skal ekki lengja hann ýkjamikið úr því sem komið er. Það eru aðeins örfáar aths., sem mig langar að koma á framfæri.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson bar sig upp undan því, að ég hefði gagnrýnt framkomu hans á þingmannafundi Atlantshafsbandalagsins í haust. Ég tel, að framkoma þessa hv. þm. hafi verið á allan hátt ósæmileg. Hann mætti þar sem fulltrúi í sendinefnd Íslands, og sendinefndir einstakra ríkja á slíkum þingum hafa yfirleitt þann vana að túlka sjónarmið ríkisstj. í landi sínu. Þessi hv. þm. fór fram hjá formanni íslenzku sendinefndarinnar með þá ræðu, sem hann flutti, og hann bar sig upp við erlenda aðila út af ágreiningsmálum okkar hér. Ég held, að það sé okkur öllum hollt að minnast fornra orða; utanstefnur viljum við engar hafa. — Við verðum að vera menn til þess að meta þessi vandamál sem önnur af íslenzkum sjónarhól og nota okkar eigin dómgreind til þess að úrskurða, hvað er rétt og hvað er rangt. Við eigum að forðast það að gera erlenda aðila að þátttakendum í mikilsverðum vandamálum, sem á okkur hvíla.

Þessi hv. þm. sagði einnig í ræðu sinni, að það væri vissulega að verða friðsamlegra í heiminum en var um skeið, og hann vildi þakka það samningum, sem nú væru uppi milli hernaðarbandalaganna. Hann hafði að þessu leyti mjög svipaða afstöðu og fram hefur komið hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að það séu hernaðarbandalögin og jafnvægið milli þeirra, sem sé trygging friðarins í heiminum, og Benedikt Gröndal gekk svo langt, eins og hefur verið rifjað upp hér áður í umr., að telja það skiljanlegt, að Rússar réðust inn í Tékkóslóvakíu. Ég held, að þessi túlkun fái nú engan veginn staðizt. Það hafa sem betur fer verið að gerast aðrir atburðir einnig á undanförnum árum. Má ég minna á það, þegar Frakkar slitu öllu hernaðarsamstarfi við Atlantshafsbandalagið, ráku alla bandaríska heri úr landi sínu og viku burt sjálfum aðalstöðvum Atlantshafsbandalagsins úr Frakklandi. Samkvæmt kenningum hernaðarsérfræðinga hefði þetta átt að þýða feiknalega mikla röskun á hernaðarjafnvæginu í

Evrópu, en ég held, að allir raunsæir menn séu sammála um það, að þetta hafi stuðlað mjög að friðsamlegri þróun, og það er mikið ánægjuefni, að hliðstæður óróleiki hefur orðið innan Varsjárbandalagsins einnig. Það hefur ekki styrkt Varsjárbandalagið, heldur hefur það veikt það, að Rússar urðu að senda hersveitir inn í Tékkóslóvakíu, og það er einmitt þessi ósk smáþjóðanna um sjálfstæði, um það að losna undan forsjá þessara kjarnorkuvæddu þursa, sem gefur vonir um friðsamlegri framtíð, og ég held, að við Íslendingar eigum að leggja okkar skerf fram til slíkrar þróunar. Það er sagt, að með því veikjum við Atlantshafsbandalagið, og sízt af öllu harma ég það, en við erum líka að veikja Varsjárbandalagið með því. Frumkvæði okkar yrði öðrum þjóðum fordæmi.

Ég vék að því hér í fyrri ræðu minni í dag, að stjórnarandstaða Sjálfstfl. hefði mótazt á þessum vetri mjög af því, að hann hoppaði hér upp í ræðustól í hvert einasta skipti eða fulltrúar hans, þegar þeim fyndist, að Íslendingar brytu í bága við bandaríska utanríkisstefnu. Ég veit, að um þetta mál er mikill ágreiningur innan Sjálfstfl. Það kom m. a. mjög skýrt fram í þeirri ræðu, sem hv. þm. Ellert Schram hélt hér áðan. Sú ræða var einkennilegur kattarþvottur, en engu að síður lýsti þessi hv. þm. yfir því, að hann væri í „prinsípi" á móti því að hafa her í landinu, og ég veitti því athygli, að þessi hv. þm. er ekki einn af flm. þeirrar till., sem Sjálfstfl. lagði hér fram, og ekki heldur hv. þm. Gunnar Thoroddsen, og þetta er alveg tvímælalaust til marks um það, að innan Sjálfstfl. einnig eru mikil átök um þetta mál og að verulegur hluti af fylgismönnum Sjálfstfl. og ekki sízt unga fólkið hefur fullkomna ótrú á forustu hv. þm. Jóhanns Hafstein, þessari forustu, sem ég hef verið að lýsa og sem fram kom í ræðu hans hér fyrr í dag.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefur flutt hér tvær langar ræður í dag, og þær hafa vakið mikla kátínu, og hv. þm. hefur stundum hlegið með. Ég ímynda mér, að hv. þm. haldi, að menn hafi hlegið vegna þess, að hann sé svona fyndinn, en því miður er þessu ekki þannig farið. Þessi hv. þm. er smám saman orðinn að gamanatriði hér á Alþingi Íslendinga, hann er orðinn eins konar þingtrúður, og þetta stafar af því, að þau nær 30 ár, sem hann hefur verið hér á þingi, þá hefur hann staðið hér í þessum ræðustól og flutt allar hugsanlegar skoðanir á öllum hugsanlegum málum. Hann hefur staðið hér og haldið mjög ákveðnar ræður um það, að ekki mætti semja við Bandaríkin, hann hefur staðið hér og haldið mjög ákveðnar ræður um það, að Íslendingar mættu ekki ganga í Atlantshafsbandalagið. Það væri hægt að nota ræður hans sem uppistöðu í alfræðiorðabók um allar hugsanlegar skoðanir á öllum hugsanlegum málum, og þetta stafar af því einu, að þessi hv. þm. hefur núna um langt, langt skeið lifað gervilífi í skjóli Sjálfstfl. og hann er ekki lengur tekinn alvarlega, ekki hér af þm. og ekki meðal þjóðarinnar, eins og hann reyndi sannarlega í kosningunum í fyrra. Það athyglisverðasta, sem mér fannst koma fram í ræðu hans, var lýsing hans á sambúðinni í vinstri stjórninni 1956—1958, þegar hann lýsti því, hvernig flokksbróðir hans, Guðmundur Í. Guðmundsson, hefði farið á bak við ráðh. Alþb. með öll utanríkismál. Óheilindi og ódrengskapur af þessu tagi eru sannarlega þess eðlis, að menn ættu ekki að standa hér í stól og hæla sér af því. Og það eru einmitt þessi óheilindi, sem þessi hv. þm. var að lýsa, sem valda því, að núv. ríkisstj. hefur ákveðið að hafa mjög nána samstöðu um framkvæmd allra þátta málefnasamningsins og einmitt þess vegna var sett upp sérstök samstarfsnefnd til þess að fjalla um fyrirheitin um brottför hersins, vegna þess að þeir flokkar, sem að þessari ríkisstj. standa, þeir eru ósammála um ýmsa þætti utanríkismála og þeir verða að reyna að finna samstöðu um það að framkvæma það, sem þeir hafa heitið, að hér verði ekki erlendur her eftir að þessu kjörtímabili lýkur. Þetta fyrirheit ætlar ríkisstj. sér að framkvæma, hún ætlar að vinna að þessu máli af fullum heilindum, hún ætlar ekki að fara neitt dult með ágreining, sem uppi er á milli stjórnarflokkanna, og hún vill gjarnan, að mál séu útkljáð fyrir opnum tjöldum, en hún er staðráðin í því að framkvæma þetta fyrirheit.

Það getur verið matsatriði, hvort það mál, sem um hefur verið fjallað hér í þessum umræðum, fjárveitingar Bandaríkjamanna til að lengja flugbraut á Keflavíkurflugvelli, er smámál eða stórmál. Ég tel þetta vera alvarlegt mál, og einmitt þess vegna gerðum við ráðh. Alþb. ágreining út af því. Hins vegar er þetta ekki mál, sem er þess eðlis, að það eigi að valda samvinnuslitum í ríkisstj., því fer mjög fjarri. Þetta mál er tengt þessu fyrirheiti, sem hér er til umr., að hernámssamningurinn verði tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í þeim tilgangi, að herinn fari burt. Það fyrirheit stendur, og á það verður að sjálfsögðu látið reyna í stjórnarsamstarfinu, hvort ekki tekst að finna sameiginlega lausn á þessu vandamáli, og það er alveg öruggt og víst, að við ráðh. Alþb. höfum alveg fullan hug á því að láta á það reyna, hvort ekki tekst að koma þessu fyrirheiti fram. Ég er sannfærður um það, að mikill meiri hluti þjóðarinnar stendur á bak við okkur í þeirri von, að okkur takist að finna lausn á þessum vanda og að við getum að þremur árum liðnum fagnað því að vera einir og frjálsir í landi okkar og lausir við erlenda hersetu.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég vil gera aðeins að umræðuefni ræðu hv. þm. Ellerts Schram hér fyrr í kvöld, en hann vék þar nokkuð að ummælum mínum í dag varðandi umr. um öryggismálin, og það var greinilegt, að honum sveið undan ýmsu í málflutningi mínum. Hann byrjaði á því að vandræðast út af tilvitnun minni í ákveðna blaðagrein í Morgunblaðinu 5. marz s. l., en þar segir greinarhöfundur, að það hafi gerzt, sem engan heilbrigt hugsandi mann hafi órað fyrir, að ný stjórnvöld skyldu setjast að völdum á Íslandi og það sé greinilegt, að hinn fávísi fjöldi, eins og hann kallar almenning í landinu, hafi með því að velja sér þessa ríkisstj. sýnt það, að hann kynni ekki að notfæra sér grundvallarreglur lýðræðislegs þjóðfélags. Ég er í sjálfu sér ekki hissa á því, þótt hv. þm. skammist sín fyrir málgagn sitt, þegar minnt er á þessa grein, og vilji ekki gera mikið úr því, að hún sé stefna blaðstjórnarinnar og flokksins, en það er ekki heldur í fyrsta skipti, sem hv. þm. hefur þurft að skammast sín fyrir málgagn sitt, því að hann sagði hér í umr. áðan, að hann vildi standa við allt það, sem hann hefði sagt í ákveðinni grein, sem hann skrifaði í Stefni, málgagn ungra sjálfstæðismanna, fyrir ekki alllöngu, en þar segir hann m. a. um þetta ágæta málgagn Sjálfstfl., með leyfi hæstv. forseta:

„Blaðakostur sjálfstæðismanna og annarra afla meðal lýðræðissinna hefur haldið og heldur uppi skefjalausum áróðri fyrir ágæti bandarískra sjónarmiða og leggur blessun sína yfir sérhverja þá aðgerð, sem Bandaríkjamenn grípa til. Fylgismenn sömu blaða og flokka, hvort sem slíkt stafar af sefjun eða sannfæringu, bregðast við á sama hátt."

Við þessi ummæli sín vill Ellert Schram hv. þm. standa enn þann dag í dag, og er það vissulega ánægjulegt og heiðarlegt af honum. En ég hefði svo sannarlega í máli mínu í dag getað minnt á ýmsar aðrar skemmtilegar greinar í Morgunblaðinu, þar er mikið úrval greina af þessu tagi og af ýmsu að taka. M. a. minnist ég þess, að í því ágæta blaði var grein í fyrra skrifuð af einum af aðalsérfræðingum Sjálfstfl. í utanríkismálum, þar sem því var haldið fram, að ef svo kynni að fara, að íslenzk stjórnvöld ákvæðu, að bandarískri herinn færi af landinu, þá vænti hann þess, að bandarísk stjórnvöld kæmu í veg fyrir slíka ákvörðun. Væntanlega skammast hv. þm. Ellert Schram sín einnig fyrir þessa grein Morgunblaðsins, og mig undrar það ekki. Svolítið fannst mér hv. þm. vefjast tunga um tönn, þegar hann minntist á tilvitnanir mínar í þessa fyrrnefndu grein í Stefni, og er það ekki undarlegt, nú eftir að hann er kominn inn í þingflokk Sjálfstfl., í þann ágæta hóp, að honum reynist erfitt að standa við sínar fyrri skoðanir. Hann reyndi þó ekki að mótmæla þeirri fullyrðingu minni og hún stendur því enn þá óhögguð, að langt inn í raðir ungra sjálfstæðismanna gæti nú nýrra viðhorfa í sjálfstæðismálum okkar Íslendinga. Og það er margt til vitnis um þetta og fleira en þessi grein Ellerts Schram. M. a. hafa undanfarnar vikur birzt í Morgunblaðinu greinar, sem ungir sjálfstæðismenn hafa skrifað undir hausnum „Einstaklingshyggjan og samtíminn". Ein grein og sú síðasta af þessu tagi í bili, eins og segir í lok hennar, birtist í Morgunblaðinu síðast í gær, og með leyfi forseta langar mig til þess að koma með örlitlar tilvitnanir í hana. Þar segir í upphafi:

„Undanfarnar vikur hafa birzt hér í blaðinu hugleiðingar nokkurra ungra manna um einstaklingshyggju og samtímann. Tilgangur pistlahöfunda hefur einkum verið sá að freista þess að skoða sjálfstæðisstefnuna í ljósi ýmissa viðfangsefna samtímans. Okkur dylst ekki sú staðreynd, að Sjálfstfl. hefur að nokkru leyti slitnað úr tengslum við unga fólkið."

Síðar í greininni segir:

„Mér er engin launung á því, að sumir pistlar okkar hér undanfarnar vikur hafa af ýmsum sjálfstæðismönnum þótt vera vísbending um hættulega vinstri villu. Slík viðbrögð eru í sjálfu sér til þess eins fallin að staðfesta enn frekar þá nauðsyn, sem Sjálfstfl. er á því að laga stefnu sína jafnan að stund og stað".

Þessari grein ungs sjálfstæðismanns í Morgunblaðinu í gær lýkur svo með því, að tilkynnt er, að skrifum þessum sé nú lokið að sinni. Það skyldi þó ekki vera, að þessar frjálslyndu greinar ungra sjálfstæðismanna í Morgunblaðinu síðustu vikurnar, sem gefa ótvírætt vísbendingu um hinar miklu og nýju hræringar, sem þar eiga sér stað og Ellert Schram hv. þm. þekkir manna bezt, að þessar greinar hafi ekki fallið í frjóa jörð á ritstjórnarskrifstofum blaðsins og þar sé nú ákveðið, að skrifum af þessu tagi skuli lokið.

Með því að Ellert viðurkenndi, að hann skyldi enn í dag standa við öll meginatriði greinar sinnar í tímaritinu Stefni, sem ég hef áður vitnað hér í, þá væntanlega stendur hann enn þá við orð sín, þar sem segir: „Því er alls ekki hægt að neita, að okkar litla eyríki stafar viss hætta frá stórveldinu í vestri, sú hætta er fyrst og fremst andlegs eðlis, hætta, sem steðjar að menningu, hugsunarhætti og lifnaðarháttum íslenzku þjóðarinnar." Það er ánægjulegt, að Ellert Schram hv. þm. skuli hafa hugrekki til þess að standa við þessar skoðanir sínar í greinilegu trássi við forustumenn flokksins, ef mið er tekið af þeim ummælum, sem þeir hafa haft hér í umr., og ég vænti þess, að þegar á reynir, muni þessi sami þm. vera jafnstaðfastur.

Ég ætla ekki að gera að umræðuefni þann þátt í þessari fyrrnefndu Stefnisgrein, sem snýr að afstöðunni til Kínamálsins, hæstv. utanrrh. hefur sérstaklega vikið að því hér fyrr í kvöld, en þar gerði Ellert Schram eina undantekningu, þar höfðu skoðanir hans breytzt. Þjóðinni er þegar kunnugt um þær skoðanir, sem hv. þm. hefur á þessu máli, og ég er ekki í vafa um, að margir af fylgjendum Sjálfstfl., sérstaklega í röðum yngra fólks, munu harma þessa afstöðu hins unga þm. Þó má vera, að það verði til þess að opna augu þessa fólks fyrir því, að innan vébanda Sjálfstfl. er ekki að vænta þeirrar stefnubreytingar, sem nægir til þess að reisa á þá utanríkisstefnu, sem Íslendingum er sómi að. (Gripið fram í.) Ellert Schram hv. þm. er nú búinn að lýsa því svo oft yfir hér í kvöld, að hann skilji alls ekki ræður annarra, sem fluttar eru hér í þingsalnum, að ég held, að ég verði að óska eftir því, að hv. þm. setjist niður og hugleiði mál sitt og fari í gegnum málflutning okkar, áður en hann lýsir oftar yfir fáfræði sinni.

Að lokum vil ég svo víkja að því í málflutningi hans, þar sem hann sagði, að þegar við Alþb.-menn töluðum um hernaðarbandalögin, þá töluðum við einatt um hernaðarbandalagið í vestri, en gleymdum að minnast á Varsjárbandalagið. Ég vil enn einu sinni minna á það, að Alþb. hefur hvað harðast gagnrýnt stefnu Varsjárbandalagsins í Austur-Evrópu og málefnum þjóðanna þar og stefnu sovézkra valdamanna í því sambandi. Allar dylgjur um það, að skoðanir okkar Alþb.-manna á tilveru Varsjárbandalagsins séu aðrar en á tilveru Atlantshafsbandalagsins, eru fásinna ein. Hins vegar gerum við okkur fulla grein fyrir því, að við Íslendingar hljótum fyrst og fremst að beina geiri okkar að því bandalagi, sem við erum aðilar að, Atlantshafsbandalaginu, og við lítum á það sem lið í þeirri baráttu að leggja bæði hernaðarbandalögin niður. En mér er hins vegar engin launung á um það, að heiminum stafi mest hætta af þeirri hernaðarstefnu, sem Atlantshafsbandalagið og efnahagsbandalag auðvaldsríkja í Vestur-Evrópu hafa rekið, og þar á ég við stefnu þeirra gagnvart hinum fátæka heimshluta, en ég undanskil Varsjárbandalagið í þessu efni. Þeirri staðreynd verður heldur ekki mótmælt, að Bandaríkjamenn, sem telja í kringum 6% af íbúum jarðarinnar, ráða yfir meira en 60% af auðlindum heimsins, og þetta eitt út af fyrir sig segir okkur betur en margt annað, hversu yfirgripsmikil heimsvaldastefna Bandaríkjamanna og NATO er.

Ég vil svo að lokum undirstrika enn einu sinni þær skoðanir, sem ég setti hér fram í dag, að viðtæk hreyfing væri sprottin upp í íslenzku þjóðlífi, einkum meðal æskufólks, hreyfing, sem vildi bandaríska herinn af ís-

lenzku landi. Ég hélt því fram, og því hefur ekki verið mótmælt og þeim rökum hefur ekki verið hnekkt, að þessi hreyfing hefði brotið af sér allar flokksviðjar. Langt inn í raðir stjórnarandstöðuflokkanna má finna fólk, sem er jafneinarðlegt í þessari afstöðu sinni og við, það unga fólk, sem styður ríkisstj. Í þessu sambandi er gleggst að vitna til samþykktar ungra Alþfl.-manna og síðast en ekki sízt ýmissa ummæla og greina ungra sjálfstæðismanna og nú síðast í dag til þeirrar staðreyndar, að Ellert Schram, yngsti þm. Sjálfstfl., treystir sér enn þá til að standa við ummæli sín, sem ég hef gert þinginu grein fyrir. Þetta finnst mér benda til þess, að við getum vænzt þess, að þessi stefna ríkisstj. nái fram að ganga, og ég treysti því, að hv. þm. Ellert Schram sé verðugur trausts þeirra ungu sjálfstæðismanna, er vilja ný viðhorf í málefnum sjálfstæðisstefnunnar, og hann standi með ríkisstj. í því að framkvæma ákvörðun hennar um brottför hersins.

Halldór Kristjánsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að vekja hér, áður en umr. lyki, athygli á tveimur meginatriðum í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga, en hv. 7. þm. Reykv. minnti hér áðan á það vantraust, sem flutt var og samþ. á Alþ. 1950, og mér finnst það hafa verið á þann hátt, að ástæða væri til að auka nokkru við. Sú ríkisstj., sem vantraustið var borið fram á, var minnihlutastjórn Sjálfstfl. Mér hefur skilizt, að það væru þingræðislegir siðir og raunar þingræðisleg skylda að láta sitja meirihlutastjórn á þingi, ef möguleiki væri til, og ef komin er minnihlutastjórn og vill ekki víkja af sjálfsdáðum, þá þurfi að ýta við henni og það verði ekki gert öðruvísi en með vantrausti. Þess vegna held ég, að það hafi ekki verið neitt afbrot við þingræði, að það vantraust var flutt.

Hv. 7. þm. Reykv. lét fylgja þessari sögu, að Framsfl. hefði flutt þetta vantraust, en svo jafnharðan og stjórnin var fallin, þá hefði hann tekið höndum saman við Sjálfstfl., farið í stjórn með honum til þess að framkvæma það sama, sem hann felldi stjórn Sjálfstfl. fyrir að ætla sér að gera: Gengislækkun. Nú hygg ég, að flestir viti það, að það er ekki sama, hvernig gengislækkun er framkvæmd, og hér var ekki einungis um gengislækkun að ræða, heldur ýmsar hliðarráðstafanir. Það voru gerðar breytingar, m. a. var um að ræða skatt, sem lagður skyldi á þann gróða eða eign, sem skapazt hafði á undanförnum árum. Samkv. því frv., sem minnihlutastjórnin flutti þá, átti að leggja þetta á félög eins og einstaklinga, en þessu var breytt þannig, að það var lagt á félög í hlutfalli við félagsmannafjölda, og þetta þýddi það, að samkv. frv. hefðu varasjóðir kaupfélaganna verið gerðir upptækir, en því var breytt, og ég hélt, að þetta út af fyrir sig væri veruleg breyting. Auk þess var svo gerður málefnasamningur um stjórnarstefnu yfirleitt milli Sjálfstfl. og Framsfl., svo að það var dálítið annað en bara að taka höndum saman til að framkvæma það, sem stjórnin var felld fyrir að ætla sér. Ég er oft búinn að heyra Alþfl.-menn tala um þetta vantraust og stjórnarsamstarf, sem á eftir fór, og því þótti mér þetta kærkomið tækifæri til þess að minna á aðalatriði þessarar sögu, því að það er annaðhvort alvarlegur sögulegur misskilningur eða þá tilraun til sögulegrar fölsunar að segja frá þessu eins og þeir hafa gert og gert var hér áðan.

Hv. 7. þm. Reykv. segist ekki hafa orðið var við neina breytingu á stefnu eða stjórnarandstöðu Alþfl. frá því að þing kom saman í haust og þangað til nú. Ég skal ekki dæma um það, hvort þar hefur breyting á orðið, en það eru fleiri en einn og fleiri en tveir, sem hefur fundizt, að þar yrði breyting á, og t. d. var það einn af trúnaðarmönnum Alþfl. vestur á fjörðum, sem sagði mér í óspurðum fréttum um jólaleytið í vetur, að sér fyndist stjórnarandstaða formannsins einkennast af beiskju, geðvonzku og hefnigirni. Þetta voru hans orð, en vegna þess að formanni er ekki kunnugt um eða honum ekki ljóst, að nein breyting hafi á orðið, þá vil ég láta hann vita, að það hefur verið til meðal flokksmanna hans tilfinning fyrir því, að það muni einhver breyting hafa orðið þarna á.

Nú segir hann, að það séu engar deilur uppi um það, hvaða stefnu flokkurinn eigi að fylgja. Ekki vil ég brigzla honum um ósannindi eða bera honum það á brýn, en sé þetta rétt, þá hygg ég, að það megi segja, að ýmsir þeir menn, sem í Alþfl. voru ekki alls fyrir löngu, hafi annaðhvort skipt um skoðun eða skipt um flokk. Það var athyglisvert líka að heyra það, að hv. 7. þm. Reykv. sagði, að í jafnaðarmannaflokki á breiðum grundvelli gæti menn greint á í góðu og þar gæti verið ágreiningur um varnarmál og utanríkismál og þess háttar, en innan ríkisstj. væri slíkt ekki hugsanlegt. Ef þar eru einhver skoðanaskipti, þá þýðir það, að ráðh. séu að flengja hver annan. Það gerðu þeir ekki í gömlu stjórninni. Það á víst við um viðreisnarstjórnina líkt og Laxness lýsir partíinu í Atómstöðinni: Það var eins og allir væru trúlofaðir öllum, allir kysstu alla. Við héldum sumir, að það væri dálítill munur á stefnu viðskrh. og landbrh. í landbúnaðarmálum. Nú, þetta hefur kannske ekki verið, en svo mikið er a. m. k. víst samkvæmt því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan um stefnu landbrh., að ríkisstj. í heild bar stjórnskipulega ábyrgð á henni. Það er gott til minnis.

Þó að við höfum fengið margt að heyra hér í dag við þessar umr., þá höfum við ekki fengið að heyra, hvers vegna stjórnarandstæðingar vilja láta endurskoða varnarsamninginn, en það vilja þeir allir, og ég er hræddur um, að ýmsum, sem fylgjast með þessum umr. og frétta til þeirra, finnist málflutningur þeirra nokkuð vandræðalegur og spyrji sem svo: Til hvers vilja þessir menn láta endurskoða varnarsamninginn, ef þeir eru sannfærðir um það fyrir fram, að herinn eigi að vera og verði að vera um ófyrirsjáanlega framtíð?

Í öðru lagi er það annað, sem einkum einkennir málflutning stjórnarandstæðinga hér, en það er sú viðleitni að vilja gera mikið úr ágreiningi og þá helzt átökum innan ríkisstj. Þetta þýðir á gömlu alþýðumáli að reyna að rægja menn saman, en það hefur nú löngum þótt vænlegra að gera slíkt á litlum fundum úti í bæ eða úti á landi en þar sem mennirnir heyra allir til. Þegar ríkisstj. var mynduð, þá gat maður lesið í Morgunblaðinu nokkra daga, að lítið legðist nú fyrir hæstv. félmrh., að þiggja óbreyttan ráðherrastól í þeirri ríkisstj., sem honum hefði borið forsætið í, og þótti Morgunblaðinu þá, að þetta geðleysi væri slæmur ljóður á jafnröskum manni og sigursælum. Þetta tal hjaðnaði nú fljótlega, en alla tíð síðan hefur Morgunblaðið hamrað á því sýknt og heilagt, að þetta væri ekki nokkru lagi líkt, hvernig Framsfl., svo stór flokkur, léti kommún-

istana, eins og Morgunblaðið orðaði það, í ríkisstj. fara með sig, beygja sig og kúska og kúga, en nú er það allt í einu orðið svo, að Framsfl. er farinn að kúga ráðh. Alþb., þannig að þeim er brigzlað um geðleysi, að þeir skuli sitja í ríkisstj. eftir þá meðferð, sem þeir hljóta þar. Sem sagt, kenningin er sú, að í þessari ríkisstj. kúga allir alla. Ég held satt að segja, að inn í þetta dæmi séu hv. stjórnarandstæðingar búnir að láta nægilega marga plúsa og mínusa til þess, að þeir eyði hver öðrum og útkoman verði núll, og sem stjórnarsinni og framsóknarmaður vil ég ljúka máli mínu með því að lýsa yfir ánægju minni með, hversu mikinn greiða stjórnarandstaðan hefur gert okkur, sem viljum tala máli þessarar ríkisstj., með því að láta sínar aðfinnslur og ádeilur og sitt nöldur og sitt nag stangast svona rækilega á, þannig að þar étur eitt annað upp til agna.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mun leitast við að vera eins stuttorður og mér er kostur. Hv. 4. þm. Vestf. hafði miklar áhyggjur af því, að við stjórnarandstæðingar gerðum mikið úr ágreiningi innan ríkisstj. og þetta héti að rægja menn saman. Ég held, að hann þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því, vegna þess að stjórnarflokkarnir sjá um þetta sjálfir hjálparlaust.

Hv. 8. þm. Reykv. talaði um það, að það væri ágreiningur innan Sjálfstfl., sérstaklega meðal ungra manna og eldri, t.d. í varnarmálum. Þetta er mjög mikill misskilningur, eins og raunar kom fram hér í ræðu 9. landsk. þm., Ellerts B. Schram. Þar fór ekki á milli mála, að sama túlkun og sama skoðun var á ferðinni eins og hér hefur verið boðuð af öðrum formælendum sjálfstæðismanna. Vegna ummæla þessa þm., hv. 8. þm. Reykv., eða hæstv. iðnrh., ég man ekki hvors heldur, um það, að það væri ágreiningur innan þingflokks Sjálfstfl. um flutning þeirrar till., sem hér er á dagskrá, þá er það mikill misskilningur, vegna þess að hún er flutt með samþykki allra þm. þingflokksins.

Hæstv. iðnrh. sat við sama keip og kvartaði sáran undan því, að hann hefði verið klagaður vestur í Kanada, og sagði sem svo, að ég hefði átt að gera mér ljóst, að ég væri meðlimur í opinberri sendinefnd og sem slíkur ætti ég eingöngu að tala því máli og fyrir þeirri stefnu, sem ríkisstjórn Íslands hefði á hverjum tíma. Það er grunnt á einræðishyggjunni í hæstv. iðnrh. Hann unir ekki frjálsri skoðanamyndun eða skoðanafrelsi eða túlkunarfrelsi. Í þessu sambandi er hér um að ræða þingmannaför. Þetta er þingmannasamband Atlantshafsríkjanna, og það er einmitt tilgangurinn með þessum fundum, að þm. skiptist á skoðunum, sem ekki þurfa að vera í samræmi við ríkjandi skoðun ríkjandi stjórnar í hverju landi fyrir sig. Þannig hafa þarna átt sér stað skoðanaskipti í áheyrn þingheims alls milli þm. í mismunandi flokkum í Vestur-Þýzkalandi varðandi Ost-pólitík Brandts kanslara, svo að ég nefni dæmi, þannig að hér er algjörlega um eðlilegan hátt skoðanaskipta að ræða, sem e. t. v. er eðlilegt, að þessi hæstv. ráðh. felli sig ekki vel við, ef skoðaður er uppruni stjórnmálaskoðana hans. Það má í þessu sambandi nefna, að Alþb. ætti í raun og veru að senda fulltrúa á þennan þingmannafund, og úr því að hæstv. utanrrh. var að gagnrýna okkur sjálfstæðismenn fyrir það, að við gerðum ekki ráð fyrir því í till. okkar, að þeir, sem væru andvígir þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu, ættu sæti í þeirri nefnd, sem um varnarmálin og fyrirkomulag þátttöku okkar í því bandalagi ætti að fjalla, þá vil ég benda á það, að hann hefur ekki séð ástæðu til þess að skipa fulltrúa Alþb. í þessa þingmannasendinefnd Atlantshafsbandalagsins. Ég býst við því, að hæstv. utanrrh. hafi gefið flokknum kost á að eiga sinn fulltrúa. Þá er það væntanlega Alþb. sjálft, sem ekki hefur óskað að eiga þarna fulltrúa, og er þá svo fjarri sú ályktun, sem ég dró hér fyrr í umr. að það væri óeðlilegt með öllu, að Alþb. óskaði eftir að eiga fulltrúa í slíkri nefnd, sem við lögðum til, að fjallaði um þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og hvernig vörnum hér á landi væri fyrirkomið. Mér dettur í hug í þessu sambandi frásögn, sem kemur fram í bók Bjarna heitins Benediktssonar, um samtal þeirra McMillans og Ólafs Thors, en þá hafði McMillan látið þess getið, að sá tími gæti komið, að Rússar bæðu um inngöngu í Atlantshafsbandalagið af ótta við Kínverja, og sá tími gæti komið samkvæmt þessu, ef trúa á þessari forspá, að Alþb. yrði annaðhvort hlynnt Atlantshafsbandalaginu eða gengi í lið með maóistum og styddi Kína, hvorum megin sem þessi ríki, Kína og Sovétríkin, verða nú í framtíðinni.

Þá er ég kominn að því atriði í ræðu hæstv. iðnrh., þegar hann talar um hernaðarbandalögin og jafnvægi. Ég er alls ekki þess sinnis að treysta á hernaðarbandalögin til þess að auka og efla friðarhorfur í heiminum. Hernaðarbandalag eins og Atlantshafsbandalagið, sem ég tel varnarbandalag, er ill nauðsyn, stofnað vegna yfirgangs Sovét-Rússlands, vegna yfirgangs alheimskommúnismans, og við sjáum mjög greinilega muninn á annars vegar Atlantshafsbandalaginu og hins vegar Varsjárbandalaginu af þeim dæmum, sem hæstv. iðnrh. tók. Þegar Frakkar vildu að einhverju leyti losa um það nána samstarf, sem þeir áður voru í á hernaðarsviði innan Atlantshafsbandalagsins, þá var engin fyrirstaða þar á auðvitað, vegna þess að Atlantshafssamningurinn segir svo fyrir um, að hvert þátttökuríki ráði sér sjálft og ákveði sjálft, hvernig þátttöku þess í bandalaginu sé varið. Þegar Tékkóslóvakía, sem var langt frá því að vilja segja sig úr Varsjárbandalaginu, gerði nokkra tilraun til þess að koma á frjálslyndari stjórnarháttum innan sinna eigin vébanda, þá þótti Rússum nauðsynlegt að ráðast inn með herstyrk, sinn eigin herstyrk og annarra þátttökuríkja Varsjárbandalagsins. Það er líka vert að nefna það hér, sem mér finnst út af fyrir sig ekkert undrunarefni, að í þessum umr. er ekki ein einasta rödd, ekki einu sinni frá Alþb., sem dregur það í efa, að Bandaríkjamenn mundu auðvitað draga varnarlið sitt burtu frá Íslandi, ef Íslendingar ákvæðu það. En spyrji menn sjálfa sig, mundu Sovétríkin gera það, ef þau væru í sporum Bandaríkjanna? Ég held, að það sé alveg ljóst mál, að fjarri færi, að svo yrði.

Það er athyglisvert, að hæstv. iðnrh. tók snöggum sinnaskiptum. Ef þau sinnaskipti eru sönn, þá eru þau mjög til bóta. Þau urðu við innrás Rússa í Tékkóslóvakíu. Hann hafði varið allt þangað til, allan yfirgang og ofbeldi kommúnismans og Sovét-Rússlands, og blað hans hafði látið gott heita öll þau hryðjuverk, sem Stalín framdi á sínum tíma og kölluð voru Moggalygi lengi vel, þangað til sjálfur Krúsjeff afhjúpaði þau. Það er mjög mikil freisting að vísu að álíta

þessi skoðanaskipti hentisemi. Hentisemi vegna þess, að hæstv. iðnrh. og aðrir forustumenn Alþb. hafi skilið það, að þeim var vonlaust að leita fylgis meðal Íslendinga, ef þeir ætluðu áfram að verja slík ofbeldisverk. Látum svo vera, hvaða hvatir liggja að baki þessum skoðanaskiptum. Ekki skal ég fjölyrða um það, en aðalatriðið er hitt, að þessi hv. þm. og hæstv. ráðh. og skoðanabræður hans í Alþb. berjast fyrir því stjórnarkerfi, sem leiðir til þess að hneppa einstaklinga og þjóðir í einræðisfjötra. Það er að vísu sagt af hálfu formælenda Alþb., að þeir afneiti rússneskum sósíalisma, en þeir ætli að berjast fyrir íslenzkum sósíalisma. Í því sambandi held ég, að ég verði að bregða á sama ráð og hv. 4. þm. Vestf. og vitna í nóbelsskáldið, en hann segir svo í nýútkominni samtalsbók: „Engir tveir meina það sama, þegar þeir segja sósíalismi. Oft er eins og tveir þokulúðrar séu að kallast á úti í hafsauga, og þá eru það tveir sósíalistar.“ Ég held, að þetta sé sannmæli um þann fagnaðarboðskap, sem formælendur Alþb. flytja, bæði hér innan veggja og í málgagni sínu á Íslandi.

Það var athyglisvert, að hæstv. iðnrh. sagði eitthvað á þá leið, að flugbrautarlengingin og tilboð Bandaríkjanna væri að vísu alvarlegt mál, en ekki þess eðlis, að það eigi að valda samvinnuslitum. Samt er í grg. hans og meðráðherra hans sagt, að sú stefna, sem ekki var valin, sé forsenda þess, að við getum í verki framkvæmt sjálfstæða utanríkisstefnu, m. ö. o. það er brostin forsenda fyrir því, að við getum framkvæmt sjálfstæða utanríkisstefnu. Hvað er alvarlegt mál, ef þetta er ekki alvarlegt mál? Ég er ekkert að gera svona mikið úr þessu máli, ég er aðeins að vitna í orð hæstv. ráðh. sjálfs. Hann telur, að það sé brostin forsenda til þess í verki að framkvæma sjálfstæða utanríkisstefnu, en samt situr hann áfram í stjórn.

Það var og athyglisvert, að hann sagði, að samstarfsnefndin innan ríkisstj., sem hann kallaði svo en gengið hefur undir nafninu ráðherranefnd, hafi beinlínis verið sett upp til þess að fylgja fram ákvæðinu um brottflutning hersins. Þetta var sú ályktun, sem ég dró hér fyrr í umr. af atvikum málsins og atburðum öllum, en hæstv. utanrrh. vildi mótmæla. Enn kemur fram ósamkvæmni milli þeirra ráðherrabræðra.

Hæstv. utanrrh. vitnaði hér í ræðu þá, sem ég flutti á þingmannafundi Atlantshafsríkjanna í Kanada, og ég fagna því. Þar kom fram, eins og hér hefur komið fram, að við sjálfstæðismenn viljum gjarna, að varnarsamningurinn sé endurskoðaður og teljum það út af fyrir sig eðlilegt, að varnar- og öryggismál landsins séu í stöðugri endurskoðun. En hæstv. ráðh. vildi meina, að ég hefði fallið í sömu gryfju og stjórnarliðið, að taka fyrir fram ákveðna afstöðu, þar sem ég hefði sagt, að við værum andstæðir því, að Ísland yrði varnarlaust vegna vaxandi ágengni rússneska flotans í Norðurhöfum.

Nú vil ég benda á, að það er töluverður munur á því að leggja til, að ástand sé óbreytt, þangað til endurskoðun hefur farið fram, eða að kveða upp úr um það að breyta ástandi, áður en endurskoðun fer fram. Þetta er sá munur, sem er á mínum orðum og þeirri stefnu, sem sjálfstæðismenn hafa, og á þeim orðum, sem hæstv. utanrrh. viðhafði og er stefna stjórnarinnar. Það er ekki ástæða til að breyta ríkjandi ástandi, að hafa varnarlið hér á Íslandi, fyrr en málin hafa verið grannskoðuð. Þá kann vel að koma fram nauðsyn einhverra breytinga. Annaðhvort gæti verið hugsanlegt að draga úr vörnum í landinu eða það þyrfti að efla þær. Það er hugsanlegt að breyta fyrirkomulagi varnanna. Það er hugsanlegt, að Íslendingar geti tekið að sér meiri þátt í vörnunum en hingað til. Það er hugsanlegt að efla landhelgisgæzluna með samkomulagi við Atlantshafsbandalagsríkin, og fleira mætti stefna í þessu sambandi. Og þá tel ég mig um leið hafa svarað fsp. hv. 4. þm. Vestf., sem spurði, hvað við stjórnarandstæðingar ættum við, þegar við værum að tala um endurskoðun varnarsamningsins.

Hæstv. ráðh. vildi ekki gefa nein svör hér við því, um hvaða álit hann hefði beðið eða hvaða álit hann hefði fengið annars staðar frá varðandi varnar- og öryggismál landsins. Gerði hann hvorki að játa eða neita, minntist ekki á þá sérstöku fsp. varðandi sænsku skýrsluna, sem ég nefndi hér áðan. Ég skal ekki að þessu finna eða gagnrýna og tek svar hans gilt að því leyti, að hann muni gefa utanrmn. skýrslu um þessi mál. Ég tel hins vegar alveg nauðsynlegt að leggja áherzlu á, að utanrmn. fái jafnóðum að fylgjast með slíkum málum og slíkum álitum, sem fram kunna að koma, því að slíkar kannanir og rannsóknir hver fyrir sig geta vakið upp margar nýjar spurningar, sem ástæða væri til að láta athuga.

Ég skal svo gjarnan skýra honum í einkasamtali frá því, á hvaða viðtölum ég byggi þá skoðun mína, að stefna stjórnarinnar hafi skaðað málstað Íslendinga erlendis, enda held ég, að það sé alveg ljóst, að svo reyndur maður sem hæstv. utanrrh. ætlast ekki til, að ég nafngreini menn, sem koma í einkasamtöl á skrifstofu mína hér í Alþingi. En ég hlýt að endurtaka það, að einkennileg blinda og skortur á heyrn er það hjá báðum hæstv. ráðh., forsrh. og utanrrh., sem ekki hafa gert sér grein fyrir því af blaðaskrifum, umr. og einkaviðræðum, vegna þess að ég hlýt að álykta, að við þá hafi verið talað á líkan hátt og mig, að átta sig ekki á því, að óljós stefnumörkun hæstv. ríkisstj. í öryggis- og varnarmálum landsins hefur vissulega skaðað okkur og veikt traust okkar út á við. Hæstv. forsrh. greip að vísu í það hálmstrá að segja sem svo, að ekki bæri tilboð Bandaríkjamanna vitni um það, að þeir bæru ekki traust til okkar. Það er þess vegna rétt, þótt hæstv. utanrrh. treysti sér ekki til eða hafi ekki spurt sendiherra Bandaríkjamanna, hvað ylli skoðanaskiptum þeirra, að benda á, að í tilboðinu segir:

„Aðrar framkvæmdir miða að því að endurbæta aðstöðu fyrir flugvélar varnarliðsins. Ákvörðunin um að fallast á ofangreindar framkvæmdir byggist á þeirri skoðun Bandaríkjamanna, að lenging þverbrautarinnar og bætt aðstaða fyrir flugvélar varnarliðsins sé hagsmunamál bæði hvað snertir flugöryggi og varnarmátt Atlantshafsbandalagsins.“

Þegar þetta tilboð er skoðað og forsenda þess og jafnframt höfð í huga frásögn hæstv. utanrrh., þegar hann svaraði fsp. hv. þm. Reykn., Stefáns Gunnlaugssonar, um flugbrautarmál hér fyrr á þingi, en þá gat ráðh. þess, að tekið væri fram í aths. fjárlaga Bandaríkjamanna, að of margar herstöðvar hefðu verið yfirgefnar til þess, að fýsilegt þætti að leggja fé í herstöðvar, þar sem slíkt væri yfirvofandi, ef þetta er nú haft í huga og sú vitneskja og yfirlýsingar þm. stjórn-

arliðsins, sem hafa gefið fyllilega til kynna, að þeir væru ósammála því, að varnarliðið væri látið fara að svo stöddu máli, þá er ekki annan skilning hægt í þetta að leggja en að Bandaríkjamenn telji sig hafa ástæðu til þess að ætla, að afstaða ríkisstj. og stuðningsmanna hennar sé sú, að varnarliðið verði hér áfram, a. m. k. fyrst um sinn. Og hæstv. forsrh. sagði, ef ég hef tekið rétt eftir og fest rétt niður á blað, að ástæðan til þess, að í svari ríkisstj. væri ekki vikið að þessum forsendum tilboðsins af Bandaríkjamanna hálfu, væri, að ríkisstj. liti þannig á, eða í það minnsta meiri hl. hennar, að á þau atriði, sem ekki er gerð aths. við, væri fallizt.

Ég er þeirrar skoðunar og hef látið hana í ljósi áður, að jákvætt svar ríkisstj. við tilboði Bandaríkjastjórnar væri rétt, ef ríkisstjórn Íslands telur þessar framkvæmdir nauðsynlegar vegna varna Íslands og öryggis í þessum heimshluta, sem er bæði í þágu Íslendinga og Bandaríkjamanna. Ef hún telur það hins vegar ekki vera og þýðingu framkvæmda einungis bundna almennri flugumferð um Keflavíkurflugvöll, er það ekki sæmandi að taka þessu tilboði. Þá eigum við sjálfir einir að kosta slíka framkvæmd.

Ég vil svo, áður en ég lýk máli mínu, nefna það, að hæstv. forsrh. skaut sér algjörlega fram hjá því að svara fsp., sem til hans hefur verið beint, fyrst í umr. um skýrslu hæstv. utanrrh. 21. eða 23. nóv. s. l. og í umr. fyrir rúmum hálfum mánuði, varðandi það, hver væri rétt túlkun á stjórnarsáttmálanum. Hann taldi, að ég hefði átt við, að hann hefði sjálfur borið fram fleiri en eina túlkun á þessu sérstaka ákvæði stjórnarsáttmálans. Svo var ekki. Ég var að vitna til mismunandi túlkana, sem fram höfðu komið hjá hæstv. utanrrh. annars vegar og sérstaklega hæstv. viðskrh. hins vegar, og nú í dag hefur hæstv. iðnrh. bætzt í hóp viðskrh.

Ef við rifjum þetta mjög stuttlega upp, vegna þess að ég er e. t. v. ekki eins góður í mér og hv. 7. þm. Reykv., að vilja ekki angra hæstv. forsrh. meira með fsp., ef við þess vegna, áður en fsp. er enn á ný ítrekuð, rifjum upp, hvað í henni felst, þá er það á þessa leið: Hæstv. utanrrh. hefur sagt, að fyrst fari fram ítarleg könnun á nauðsyn varnarliðsins hér á landi, niðurstaða þeirrar könnunar verði lögð fyrir Alþ. og Alþ. muni síðan ákveða, hvort og hvenær varnarliðið verði látið fara. Aðspurður í sjónvarpsþætti hefur hæstv. utanrrh. sagt, að þessi könnun, sem nú stendur yfir, gæti leitt til þess, að varnarliðið yrði hér áfram. Hins vegar hafa hæstv. viðskrh. og hæstv. iðnrh. lýst því yfir, að þetta væri röng túlkun málefnasáttmála ríkisstj. Endurskoðunin væri til þess eins að leita samkomulags við Bandaríkin um brottför varnarliðsins. Ef endurskoðunin leiddi ekki til þessa, þá ætti uppsögn varnarsamningsins að koma til, svo að við Íslendingar gætum einhliða ákveðið brottför varnarliðsins, eða eins og hæstv. iðnrh. ítrekaði í umr. í dag: Ríkisstj. í heild er staðráðin í því að framfylgja fyrirheitunum um brottför hersins á kjörtímabilinu.

Annar ráðh. heldur því þannig fram, að endanleg ákvörðun hafi verið tekin um brottvísun varnarliðsins. Hinn segir, að engin endanleg ákvörðun hafi verið tekin. Augljóst er, að ekki geta báðir haft rétt fyrir sér, annar hvor hlýtur að fara með rangt mál. Nú er það spurning mín til hæstv. forsrh., hvort sú túlkun, sem hæstv. utanrrh. hefur flutt á ákvæði málefnasamningsins, sé rétt. Hefur utanrrh. í stjórn Ólafs Jóhannessonar farið með rétt mál í þessu efni, eða hefur hann farið með rangt mál? Við þessari spurningu bið ég um að fá svar, aðeins í einu orði, já eða nei. Hæstv. forsrh. frekar til glöggvunar vil ég afhenda honum þetta skriflega.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má nú teljast vonlaust verk að ætla að koma hv. 2. þm. Reykv. í skilning um þessa fsp. og sjálfsagt öðrum einnig. Ég er búinn að svara þessu æ ofan í æ. Ég svaraði þessu í dag með því að gera grein fyrir minni túlkun á þessum ákvæðum, minni túlkun á þeim, sem birtist í ræðu, sem ég hélt hér á hv. Alþ. 18. okt. eða rétt eftir að Alþ. kom saman. Ég hélt satt að segja, að það lægi í hlutarins eðli, að ég a. m. k. teldi þá túlkun, sem ég sjálfur gef á þessum ákvæðum, rétta. Ég las talsvert úr þeirri túlkun upp í dag, engan veginn alla, en hana er að finna í þessari ræðu, og þar getur hv. þm. fengið alveg glöggt og greinargott svar við því, hvað ég tel rétta túlkun á þessu ákvæði í varnarsáttmálanum. Þetta þýðir auðvitað ekkert að segja þessum hv. þm. eða öðrum, því að það er alveg sama, hvað er sagt við þá. Svona skal þetta vera, eins og þeir hafa ákveðið það. Þeir hafa ákveðið það, að ég og aðrir, sem um þetta hafi talað, hafi orðið tvísaga og margsaga og að við segjum eitt um þetta í dag og annað á morgun. Það er alveg sama, þó að þetta sé alveg kafrekið ofan í þá hvað eftir annað. Þeir rísa upp aftur og halda þessu hinu sama fram. Ég segi, hv. 2. þm. Reykv. getur látið sitt einkamálgagn, Morgunblaðið, halda þessu fram. En það er ekki sæmilegt fyrir hann hér í þingsölum að rísa upp æ ofan í æ og halda þessu fram, að því hafi ekki verið svarað, sem hann hefur spurt um. (**GH:** Er búið að taka endanlega ákvörðun eða ekki?) Um hvað? (**GH:** Um brottför varnarliðsins.) Það hefur engin ákvörðun verið tekin um brottför varnarliðsins. Það segir í málefnasamningnum, að það skuli tekið til endurskoðunar eða uppsagnar með það fyrir augum, að varnarliðið hverfi af landi brott í áföngum, og sé stefnt að því, að það geti átt sér stað á kjörtímabilinu. (**GH:** Spurningin er bara, hvað þýðir þetta?) Ég hélt satt að segja, að hv. 2. þm. Reykv. skildi venjulegt mál. En það er auk þess að finna nánari skýringu á þessu í þeirri ræðu, sem ég hélt um þetta efni, og þar er mín túlkun á þessu. (**Gripið fram í:** Er það túlkun ríkisstj. allrar?) Ja, ég verð að telja það, að ég a. m. k. hafi stöðu minni samkv. umboð til þess að tala í nafni ríkisstj. En fyrst og fremst hef ég lagt áherzlu á það, að þarna er að finna mína túlkun á þessu. En auðvitað er það alveg nákvæmlega sama. Á morgun kemur í Morgunblaðinu sama útgáfan eins og hefur verið að undanförnu, og hv. 2. þm. Reykv. á væntanlega eftir að halda margar ræður um þetta og reyna að halda því fram, sem hann hefur reynt að gera hér. Ef hann vill gera það og berja höfðinu við steininn, þá er honum það ekki of gott. (**Gripið fram í:** En ráðh. Alþb. túlka þetta allt öðruvísi.)

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég stend nú hérna upp, vegna þess að fyrr í umr. hélt ég framsögu um till. okkar Alþfl.-manna, og með leyfi forseta voru báðar till. ræddar samtímis. Umr. eru nú orðnar svo gífurlega langar og hafa dreifzt á fleiri daga, að það er erfitt að halda þeim mjög lengi áfram, en það er ekki mjög miklu að svara varðandi okkar till. Það hefur

verið tekið vel í þær efnislega af stjórnarsinnum, till. okkar er á nokkurn annan hátt en till. Sjálfstfl., og lýstu menn úr a. m. k. tveimur stærri stjórnarflokkunum jákvæðri afstöðu. Hins vegar var hv. 3. landsk. þm. með ýmiss konar tilburði og talaði um, að það vantaði íslenzkt sjónarmið í þá till. og hræðslusjónarmiða gætti hjá stjórnarandstöðunni o. s. frv. Hann hefur áður komið hér upp og talað um utanríkismál, og er það eini maðurinn, sem hefur talað um hræðslusjónarmið og var hér mjög á iði í stólnum og virtist miðað við það vera eini maðurinn, sem var hræddur um leið og verið var að tala um hernaðarmál.

Einkennandi við framsögu Alþb.-manna utan hæstv. iðnrh. núna áðan var það, að þeir minntust alls ekkert á Varsjárbandalagið fremur en það væri ekki til. Hins vegar tíndu þeir mjög fram ávirðingar annarra þjóða í NATO og fóru um það mjög hörðum orðum. En í millitíðinni barst mér skýrsla frá Evrópuráðinu samin eftir gagngerða athugun á ástandinu í Ungverjalandi. Ég ætla nú ekki að fara að lesa þessa skýrslu, ég hef ekki þýtt hana, hún er hér á ensku. En það er ógnvekjandi ástand, sem þar ríkir, og ekki vottur af neins konar frelsi, alls ekki, og þar ræður kommúnistastjórnin í einu og öllu. Þar er enn í fullu gildi ákvæði laga nr. 4 frá 1957 t. d. um dauðarefsingu við tilraunum til verkfalla. Og einnig er allt bannað, fjöldafundir, fjöldasamkomur og þar er ritskoðun o. fl. o. fl.

Það var vitnað í ákveðið land á vegum NATO, sem ræki nýlendukúgun. Skal ég ekkert vera að verja það út af fyrir sig, en það er þó ekki rétt að vera að taka eina þjóð sér og leggja hana á höggstokkinn. Við gætum lýst almennt yfir, að við værum á móti nýlendukúgun og frelsiskúgun, hvar sem vera skal í heiminum.

Mér þótti það miður, að hæstv. utanrrh. undraðist það, að ég vænti þess, að bæði bandalögin lognuðust út af fyrr en síðar og við tækju menningarleg og viðskiptaleg tengsl þessara þjóða, og átti ég við, að það væri óháð stjórnarfari. Ég tel mig ekki þess umkominn að geta sagt öðrum þjóðum fyrir, hvaða stjórnarform þær velja sér, alls ekki. Hins vegar vil ég, að við getum átt vinsamleg menningarleg og viðskiptaleg tengsl við hvaða þjóðir sem vera skal og séum ekki að knésetja þær eða flengja þær vegna þeirra stjórnarhátta, sem þær velja sér sjálfar. Ég er ekki svo stór bógur, að ég ætli mér þá dul að segja öðrum fyrir verkum í því efni á sama tíma og við vitum það, að áhrifin frá austri og vestri og úr þriðja heiminum eru þannig, að þau koma þessum frá og hjálpa hinum upp, eins og t. d. hefur skeð í Nígeríu.

Hvernig er ástandið í Nígeríu, og hvernig er þjóðinni haldið þar í skefjum? Ég talaði nýlega við Íslending, sem þar var, og vil leyfa mér aðeins að vitna í hans orð. Hann greindi frá því, að ríkisstj. þar sendi herflutningabíla, þar sem mönnum er raðað upp með tilbúnar vélbyssur, og það er keyrt inn í íbúðarhverfin, svo að fólkið sjái, hver hefur völdin og hvernig því er haldið í skefjum með ótta og gínandi byssukjöftum. Við erum þó að reyna að taka upp viðskipti við þessa þjóð. En á sama tíma lýsir hæstv. utanrrh. yfir því, að hann óski svo ekkert sérstaklega eftir því í framtíðinni, að við munum hafa mikil viðskiptatengsl við vissar þjóðir innan NATO. Ég skil þetta svo, að hann fordæmi í framtíðinni viðskipti við Portúgal og Grikkland. Þá kannske fylgdi eitthvað fleira á eftir þarna í Suður-Evrópu. En hvaða lífskjör væru á Íslandi, ef við fylgdum þessu svo eftir og tækjum líka fyrir viðskipti við Varsjárbandalagslöndin? Ég vona, að við séum allir sammála um það að lýsa yfir óánægju og andstöðu við það, að fólkið sjálft hafi ekki eðlilegt frelsi. Því skal ég standa að. En ég ætla ekki að taka eina þjóð sér og fordæma hana, þegar það sama ríkir hjá fjölda þjóða í heiminum, jafnvel tugum þjóða í heiminum. Ég tel mig þess ekki umkominn og ekkert umboð hafa til þess hér á hv. Alþ.

Ég greindi frá því, að hæstv. forsrh. kom fram í sjónvarpinu í Noregi í októberbyrjun og þar sagði hann efnislega þetta: „Basen bliver". Varnarstöðin verður. Hvað þýðir þetta, ef varnarliðið fer burtu? Varnarstöð án hermanns, hvers virði er hún og hvað felst í þessum orðum? Ég óskaði eftir því, að ráðstafanir væru gerðar til þess, að þessi sjónvarpsmynd, sem er rétt um klukkutíma löng eða rúmlega klukkutími og sýnir ýmsa merkilega þætti um siglingaflota Rússa hér á hafsvæðinu, bæði kringum Ísland og suður á bóginn, og margt fleira, ýmiss konar myndir, yrði sýnd hér í sjónvarpinu, því að þetta er athyglisverð mynd. Og þar kemur m. a. fram viðtalið við hæstv. forsrh. Ég sé ekkert athugavert við það, að myndin sé sýnd hér. Hún má fara í ritskoðun hjá ráðherranefndinni áður. Ef hún er ekki talin hæf fyrir Íslendinga, þá verður það að dæmast svo. En hún var talin hæf fyrir Noreg. Og fyrst ég er að tala um Norðmenn, þá var ég nú þarna í Noregi, og ég verð að segja það, að a. m. k. var uggur í fjöldamörgum Norðmönnum, sem ég talaði við. Á einum stórum vinnustað, þegar þeir vissu, að ég var Íslendingur og í viðbót þm., þá var haldinn þar fundur og ég margspurður um það, hvað þessi stefna ætti að þýða. Það var uggur í fólki, en ég segi ekki, að hún hafi skaðað okkur. En það var uggur í fjölda manns. Og þess vegna leyfði ég mér það í upphafi ræðu minnar, sem hæstv. utanrrh. gerði grín að, að stikla á nokkrum staðreyndum sögunnar, hvers vegna NATO varð til og hvers vegna fólkið hér í Vestur-Evrópu snerist til samstöðu, hvað orsakaði það. Og það mætti kannske fletta upp í gömlum ritum forustumanna Framsfl. hér fyrr á árunum og lesa upp ýmislegt í sambandi við varnarlaust land o. s. frv. En það ætla ég mér ekki að gera.

Ég þarf raunar ekki að svara hér fleiru, þó að ástæða væri til. Umr. eru orðnar svo langar. En ég ætla samt, svo að það komist hér á hreint, að skýra frá því, hvað hæstv. utanrrh. sagði í sjónvarpinu 1. febr. Þá sagði hann, þegar áhorfandi úr hóp spurði hann: „Utanrrh. sagði áðan, að það væri búið að gefa samþykki fyrir lengingu flugbrautarinnar. Þær upphæðir, sem talað er um, eru 500—600 millj. Hvaðan hafa þeir fengið fé? Bandaríkjamenn buðust til þess að láta þetta fé með því skilyrði, að þeir fengju að vera áfram." Hæstv. ráðh. svarar: „Já, þetta fé er ekki frá Bandaríkjunum, ef það er það, sem fyrirspyrjandi er á höttunum eftir." Spurt: „Er það frá NATO?" „Nei, nei, það er innlent fé."

Nú hefur fengizt á þessu breyting. Ég skal ekkert segja um það, hvort hún er komin til vegna ýmissa annarra atvika, breyttrar afstöðu og þar fram eftir götunum, bæði hér heima og erlendis, en hitt er jákvætt, finnst mér, vegna þarfa okkar almennt til stórframkvæmda, að við eigum kost á því, að þessi fjármögnun

fari fram með þeim hætti, að við fáum til þess fé frá Bandaríkjastjórn vegna varnarsamningsins. Það hefði dregið úr framkvæmdum í bili hér heima, ef við hefðum þurft að fjármagna þetta með innlendu fé eða lánsfé, vegna þeirrar einföldu staðreyndar, að við höfum ekki ótakmarkað fé til framkvæmda. En framkvæmdaþörf á Íslandi er gífurleg. Þess vegna tel ég, að ríkisstj. hafi gert rétt í því efni að ganga til samninga um þetta fjármagn þrátt fyrir ágreining. Alþb.-menn eru samkvæmir sjálfum sér í þeirri afstöðu að vera á móti þessu fé, og ég sé ekkert athugavert við það út af fyrir sig. En ég sagði hér í framsöguræðu minni, að ég sæi ekki, að það boðaði sjálfstæða og ábyrga stjórnarstefnu að vera svo mjög á öndverðum meiði innan stjórnarinnar um afstöðuna til NATO og í vissum utanríkismálum. Hvað er nú óháð utanríkisstefna? Hvar getum við borið niður, svo að við séum einir sér með óháða utanríkisstefnu? Lendum við ekki upp að hlið einhverra annarra þjóða, Norðurlandaþjóðanna, Austur-Evrópuþjóðanna, Suður-Ameríkuþjóðanna e. t. v. eða Afríkuþjóðanna, því að þjóðirnar eru nú svo margar í heiminum, nokkuð á annað hundrað talsins þarna hjá Sameinuðu þjóðunum? Það væri skemmtilegt, að við gætum boðað algerlega óháða og sjálfstæða utanríkisstefnu. Ég veit ekki, hvað á að skilja þetta hugtak víðtækt, en ég hef skilið það þannig, að við héldum fram vissum grundvallaratriðum lýðræðisins og stæðum á því. Og þó að við séum í varnarbandalagi við þjóðir, sem ekki virða lýðræðið í dag, þá harma ég það, en ég harma það á breiðum grundvelli, en ekki til þess að kasta hnútum að einni sérstakri þjóð.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að eltast við fleiri túlkanir hér hjá vissum ræðumönnum. Það er nú komið svo greinilega fram hér, að túlkunin er mismunandi á þessum þáttum mála. Ungir jafnaðarmenn vilja, að herinn hverfi burt sem fyrst, en því miður verðum við að fá tryggingu fyrir því, að öryggi okkar lands verði ekki rýrt og friðarhorfur í Evrópu verði ekki minni en verið hafa s. l. 25 ár með þeim aðgerðum, sem við erum að framkvæma og við erum að stuðla að, að geti átt sér stað.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Eins og menn hafa tekið fram, eru þessar umr. orðnar langar og langur ræðumannalistinn. Ég vildi þó í lokin nota þetta tækifæri um stund til þess fyrst og fremst að þakka hæstv. forsrh. fyrir það svar, sem hann gaf 2. þm. Reykv. Hann gaf það að vísu ekki með orðunum já eða nei, en hann svaraði á þann hátt, að það væri ekki búið að taka neina endanlega ákvörðun um brottför hersins, og hann svaraði því efnislega þannig, að túlkun utanrrh. væri rétt, að þegar fyrir lægi endurskoðun á varnarsamningnum, könnun á aðstöðunni, þá færi það eftir niðurstöðum þeirrar könnunar, hvort hers eða varnarliðs væri talin þörf í landinu eða ekki. Með þessu sendi að vísu hæstv. forsrh. tveimur öðrum ráðh. skeyti, sem hafa sagt allt annað, og sagði í raun og veru við þá: Hættið þið þessu blaðri, því að þetta allt, sem þið eruð að segja, er vitleysa. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta svar.

Ég hef sjálfur frá öndverðu talið það langalvarlegasta liðinn í stjórnarsamningi hæstv. núv. ríkisstj., þegar því er lýst yfir fyrir umheiminum, að það sé ágreiningur innan ríkisstj. um afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins. Ég tel, að það sé mjög óvarleg yfirlýsing og mjög óvænleg til þess, að af henni geti gott stjórnarsamstarf leitt, þegar sumir ráðh. í ríkisstj. vinna að því og vilja, að Atlantshafsbandalagið verði lagt niður, en aðrir vilja styrkja það og efla. Og ég hygg, að það sé óvíða til ríkisstj. á slíkum grundvelli, eins og þessi ríkisstj. byrjaði. Nóg um það.

Utanstefnur viljum vér engar hafa. Ja, nú þykir mér hæstv. iðnrh. vera farinn að verða nokkuð vaskur. Hann er í hópi þeirra manna hér á Íslandi, sem hefur hlýtt hverri einustu utanstefnu kommúnismans um áraraðir, og svo segir hann hér: Utanstefnur viljum vér engar hafa. Þessir menn hafa sótt línuna austur til Moskvu eða einhvers staðar fyrir austan járntjald svo að áraröðum skiptir og aldrei getað haft sjálfstæða skoðun. Og það er rétt, sem hér var sagt, að í áraraðir þótti allt gott, sem gert var á þessum slóðum, allt. Það var alveg sama, þó að menn ákræðu menn og létu þá játa syndir sínar og tækju af þeim höfuðið. Þá var það ágætt. Svo lýstu þeir því yfir, stjórnarherrarnir, síðar, að þetta hefði nú allt verið misskilningur, aumingja mennirnir hálshöggnir saklausir. Ja, þá var það líka gott. Svona hefur þessi hæstv. ráðh. og þessi ungi nýi þm., sem hér talaði, verið handbendi kommúnismans, hvort sem þeir gera sér grein fyrir því eða ekki. Og ég get ekki gert að því, þó að hæstv. iðnrh. skammist sín fyrir það að vera kallaður kommúnisti og vilji reyna að bera þessa skömm af sér.

Það sagði nú einn ágætur rússneskur maður, mikilsvirtur, að af Rússum, sem eru eitthvað á 3. hundrað millj. eða eitthvað svoleiðis, ég veit það ekki nákvæmlega, væru í kommúnistaflokknum 14 millj. manna. Ekki er það nú mikið, segi ég, af svona stórri þjóð. Nei, það er ekki mikið, sagði hann. En þeir eru hreyknir af því að vera kommúnistar og vera í kommúnistaflokknum. Ja, öðruvísi fer þeim hér heima, sagði ég. Þeir eru alltaf með nýjar og nýjar gærur, þó að þið haldið, að þetta séu kommúnistar og viljið láta þá vinna að ykkar málstað og verða umboðsmenn ykkar hér á landi. Ja, þetta þykir mér leitt að heyra, sagði þessi ágæti maður, því að öðruvísi er þessu farið í Rússlandi.

Að öðru leyti vil ég um ræðu hæstv. iðnrh. segja, að hún einkenndist að mestu leyti af stóryrðum og illyrðum í minn garð, bæði fyrri ræðan í dag og síðari ræðan. Og ég veit ekki, hve mikið tilefni hann hafði til þess, en einhverja löngun hafði maðurinn til að hnýta í mig. Ég átti að hafa sagt eintóma vitleysu hér á þinginu, ég átti að vera mjög illa liðinn flokksforingi o. s. frv., óalandi og óferjandi. Hann má vel skemmta sér við það eða gleðjast yfir því, að ég sé svo slæm persóna sem hann vill vera láta. En varðandi það, sem hann vék að, að hæstv. forseti ætti nú að vita það, að ég lét að því liggja, að bæði hann og fleiri væru umboðsmenn erlends valds hér á landi, þá endurtek ég það hér. Forseti hefur ekki enn vítt mig, en hins vegar hefur þessi maður verið það leynt og ljóst og ritstýrt því blaði, sem hefur verið leiksoppur kommúnismans hér á Íslandi.

Um flutning þessarar þáltill., sem við höfum hér til umr., þá á það m. a. að vera henni til foráttu, að flm. séu ekki Ellert Schram og Gunnar Thoroddsen. En það eru 10 flm. að till., og við höfum haft þann hátt á með

flutning á ýmsum stórmálum hér í þinginu, sjálfstæðismenn, að taka einn mann úr hverju kjördæmi og gjarnan tvo úr stærsta kjördæminu, Reykjavík. Eins var gert í þessu sambandi, og þannig eru aðrar till., þar sem okkur þótti nokkuð mikið að hafa allan þingflokkinn sem flm., en auðvitað hefur þingflokkurinn samþ. allar þessar till.

Loks vil ég víkja að því, að hv. þm. Sigurður Magnússon hefur látið liggja að því, og það hefur hæstv. utanrrh. því miður gert líka, að það væri þeirra óskhyggja að leggja niður Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið líka. (**Utanrrh.:** Ég hef ekki gert það.) Jæja, þá biðst ég afsökunar á því, og mér þykir vænt um að heyra það hjá hæstv. utanrrh. Ég hef þá misskilið það. En þessum unga hv. þm. vil ég segja það, að þetta er alveg sitt hvað. Ég er alveg sannfærður um, að hann veit ósköp vel, með hvaða blekkingu hann er að fara. Að leggja niður Atlantshafsbandalagið þýðir það að leysa upp varnarbandalagið. Þar með er það uppleyst. Að leggja niður Varsjárbandalagið er í raun og veru engin breyting. Sovétríkin hafa tvíhliða samninga við hvert einasta ríki Varsjárbandalagsins, og þau hanga öll í snörunni jafnt eftir sem áður. (Gripið fram í.) Það kemur ekki þessu máli við, við skulum ekki vera að víkja frá því. Það kemur ekki þessu máli við. Ég er bara að benda þessum hv. þm. á og kenna honum svolítið, að það er allt annað mál að leggja niður Atlantshafsbandalagið eða Varsjárbandalagið, því að Varsjárbandalagsríkin hanga öll í snörunni hjá Sovétríkjunum eftir sem áður. Hins vegar þótti mér vænt um að heyra, hvað þessi hv. þm. talaði fallega um, að við ættum að bjarga og hjálpa bágstöddum og nauðstöddum þjóðum. En hvaða þjóðir eru það, sem þessi hv. þm. og unga fólkið á að hjálpa? Eru það Eystrasaltsríkin, sem Sovétríkin innlimuðu? Er það fólkið, sem býr á landssvæðunum í Finnlandi, sem Sovétríkin rændu af Finnum? Er það Ungverjaland, fólkið í Ungverjalandi, fólkið í Tékkóslóvakíu og fólkið í öðrum Austur-Evrópuríkjum, sem eru kúguð undir járnhæl kommúnismans? Eru það þau? (Gripið fram í.) Eru það þessi ríki, eða eru það kannske nýlenduríkin, hin frjálsu, nýju ríki í Afríku og annars staðar, sem hin vestrænu lýðræðisríki hafa staðið að að gera frjáls og telja um 700—800 millj. manna, sem þau stóðu að að gera frjáls ríki á sama tíma sem kommúnisminn í Austur-Evrópu undirokaði ríkin þar? Þessu ættu menn að gera sér grein fyrir. Við skulum vona, að það séu ekki aðeins þessi nýju, frjálsu ríki, sem kölluð eru þróunarríki og eru yfirleitt fátæk ríki, heldur einnig þau kúguðu ríki í Austur-Evrópu, sem þessi hv. þm. vill rétta hjálparhönd, og hann gæti kannske lagt lið sitt líka með því að fá menn í lið með sér til þess að reyna að rífa niður Berlínarmúrinn, þennan óskapnað í Evrópu, þar sem girt er sundur þjóðin og fólkið í löndunum með steinmúr eins og skepnur. Að slíku ætti hann að beita sér, og skal ég svo ekki fleira um það segja.

Ég vil svo ekki, af því að umr. hafa dregizt á langinn, tefja þm. lengur, en legg áherzlu á það, að þessari till. verði að umr. lokinni, eins og ég sagði í dag, vísað til utanrmn., eins og við höfum óskað eftir, og vona, að það verði engin fyrirstaða á því.

Umr. (atkvgr. frestað).

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 43:9 atkv. og til utanrmn. með 43 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri hl. og 1. minni hl. utanrmn., á þskj. 751 og 962, var útbýtt 12. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Landhelgi og verndun fiskistofna.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um landhelgi og verndun fiskistofna [54. mál] (A. 56).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 13. og 14. fundi í Sþ., 9., 11. og 16. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar landhelgistillaga hæstv. ríkisstj. var til umr. 9. nóv., þá ræddi ég og gerði grein fyrir þeirri till., sem flutt er á þskj. 56, um landhelgi og verndun fiskistofna. Ástæðan til þess, að ég gerði grein fyrir þessari till. í umr. um till. hæstv. ríkisstj., var sú, að þessi mál eru svo náskyld og nátengd. Tvö atriði till. á þskj. 56, um mörk fiskveiðilögsögunnar og um mengunarlögsögu, eru beinlínis rædd í till. hæstv. ríkisstj., og hin þrjú atriðin, sem snerta friðun og samstarf við aðrar þjóðir um veiðar á úthöfunum, eru auðvitað hluti þessa stóra máls, fiskveiðimáls Íslendinga.

Í öðru lagi þótti rétt að gera grein fyrir þessari till. í þeim umr., vegna þess að á s. l. voru lágu fyrir tvær till. um landhelgismálið, og var það ákveðið þá, að þau vinnubrögð væru hentust, að till. væru ræddar í einu lagi. Og í þriðja lagi hafði ég borið málið undir hæstv. forseta og hafði hans leyfi til þessarar málsmeðferðar. Aðfinning, sem fram hefur komið út af þessu, er því ekki á rökum reist.

Varðandi þessa till. í heild og einstaka liði hennar vil ég því vísa til framsögu minnar fyrir henni 9. nóv., en þó eru nokkur atriði, fá atriði, sem ég tel rétt að gera að umtalsefni nú.

Það kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að till. þessi um að miða fiskveiðimörkin við landgrunnið, 400 metra jafndýpislínu, væri ótímabær, óheppileg, óframkvæmanleg, og hún bryti í bága við yfirlýsta stefnu hæstv.

ríkisstj., stefnan væri mótuð, eins og hann komst að orði, og málið hefði verið flutt á erlendum vettvangi þannig, að miðað væri við 50 mílur, en ekki við landgrunnið allt eða 400 metra dýpi. Ég tel, að hér kenni alvarlegs misskilnings hjá hæstv. sjútvrh., því að málflutningur í þessu mikilsverða máli hefur einmitt verið, ég vil segja sem betur fer, á þeim grundvelli, að fyrst og fremst hefur verið lögð áherzla á rétt okkar og nauðsyn á því að fá landgrunnið allt. Ég skal nefna hér nokkur dæmi.

Í skýrslu, sem gefin var út á ensku af hæstv. ríkisstj., hafði raunar verið undirbúin áður, en var gefin út af núv. hæstv. ríkisstj. og breytt lítils háttar eftir stjórnarskiptin, — þessi skýrsla er notuð sem upplýsingaskjal fyrir erlendar þjóðir, — og þar segir á bls. 4 í þessu skjali, með leyfi hæstv. forseta, að strandríki ætti sjálft að mega ákveða víðáttu fiskveiðilögsögu sinnar á grundvelli allra mikilvægra sjónarmiða og atriða, sem snertu það land. Varðandi Ísland væru þessi mikilvægu atriði og sjónarmið með þeim hætti, að það félli saman við landgrunnið sjálft, þ. e. sem næst 50—70 mílur frá ströndd. Stjórn Íslands hefur tilkynnt, að hún muni gefa út nýjar reglur í samræmi við þetta fyrir 1. sept. 1972. Í þessu skjali er sem sagt lögð áherzlan á landgrunnið, sem nái 50—70 mílur út frá landi. Í þessu sama skjali á bls. 27 er kort, kort af Íslandi, og þar eru dregnar umhverfis landið þrjár línur. Í fyrsta lagi 12 mílna fiskveiðilögsagan, sem nú er, í öðru lagi 50 sjómílna lína og í þriðja lagi 400 metra jafndýpislína. Þetta er allt saman sýnt á þessu korti í þessu kynningarskjali hæstv. ríkisstj.

Í annan stað vil ég minnast á ræðu sendiherrans Hans G. Andersens í Genf 6. ágúst s. l. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Landgrunnið er að því er Ísland varðar hin eðlilegu fiskveiðimörk, og ríkisstjórn Íslands hefur tilkynnt, að hún muni gefa út nýjar reglur í samræmi við það fyrir 1. sept. 1972."

Hæstv. utanrrh. flutti ágæta ræðu um þetta mál á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 29. sept. Þar segir hæstv. ráðh.:

„Ríkisstjórn Íslands vinnur nú að útfærslu fiskveiðitakmarka við Ísland, þannig að lögsagan miðist við endimörk landgrunnsins. Þau mörk eru í samræmi við eðli málsins, og mundu t. d. á 400 metra dýpi miðast við 50—70 mílur frá ströndum."

Það er ljóst af þessum dæmum, að hæstv. ríkisstj. hefur í málflutningi sínum ekki síður lagt áherzlu á landgrunnið en 50 mílurnar. Að mínu viti er það einnig mjög hyggilega gert, vegna þess að ég tel, að landgrunnsrökin séu út af fyrir sig sterkari en 50 mílna rökin. Ég sé því ástæðu til þess að þakka hæstv. ríkisstj. fyrir þennan málflutning. En hann sýnir um leið, að það er á misskilningi byggt hjá hæstv. sjútvrh., þegar hann snýst jafnákveðið á móti till. okkar á þskj. 56 og till. hv. 8. landsk. þm., Benedikts Gröndals, um það að miða við 400 metra jafndýpislínu. Hann snýst svo hart á móti því, vegna þess að það sé búið endanlega að móta stefnuna og flytja málið á þeim grundvelli fyrir öðrum þjóðum, að það séu 50 mílur en ekki landgrunnið. Þessi rök hv. þm. fá því ekki staðizt. Það mundi á engan hátt skaða málstað Íslands, þó að till. hæstv. ríkisstj. yrði í meðförum Alþ. breytt á þá lund, að í stað 50 mílna kæmi 400 metra jafndýpislína eða þá einhver önnur mörk, sem byggðu á landgrunnsstefnunni. Þvert á móti. Ég tel, að það mundi bæta málstaðinn.

Það er komið í ljós, að mikill áhugi er hjá mörgum útvegsmönnum og sjómönnum fyrir því, að mörkin verði ákveðin landgrunnið, 400 metra dýpi í stað 50 mílna. Sérstaklega hefur þessa að sjálfsögðu orðið vart hjá þeim héruðum, sem hafa hér mikilla hagsmuna að gæta. Og það er náttúrlega fyrst og fremst fyrir Vesturlandi og Vestfjörðum. Á aðalfundi Útvegsmannafélags Snæfellsness, sem haldinn var í Ólafsvík 30. okt. s. l., var samþ. áskorun um það, að við útfærslu landhelginnar verði markalínan hvergi nær landi en 400 metra dýptarlína landgrunnsins. Það er lögð á það áherzla, að mjög auðug fiskimið séu rétt utan við 50 mílurnar fyrir Vesturlandi. Frá Vestfjörðum hafa borizt áskoranir. Þannig hefur t. d. Fjórðungssamband Vestfirðinga gert ályktun um þetta efni, þar sem skorað er á stjórn og þing að tryggja óskoraðan yfirráðarétt Íslendinga yfir öllu landgrunninu allt að 400 metra dýpi, en þó hvergi nær landi en 50 mílur. Það er einnig bent á, að hér séu þýðingarmikil fiskimið fyrir sunnanverðum Vestfjörðum, út af Húnaflóa, Breiðafirði og Faxaflóa, sem mundu verða utan landhelginnar miðað við 50 mílur. Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur einnig samþ. einróma ályktun í sömu átt. Útvegsmannafélag Vestfjarða hefur svo nú alveg nýlega gert samþykkt, þar sem það leggur ríka áherzlu á, að fiskveiðilandhelgin verði miðuð við yztu mörk landgrunnsins eða 400 metra jafndýpislínu, þó hvergi nær landi en 50 mílur. Útvegsmannafélag Vestfjarða bendir á þá stórkostlegu hættu, sem felst í því að láta nokkurn hluta af landgrunninu verða áfram utan fiskveiðilandhelginnar. Sérstaklega er bent á, að verulegur hluti af yztu brún landgrunnsins út af Vestfjörðum verði þannig utan markanna, en þar eru ein beztu fiskimið í Norður-Atlantshafi, sem er landgrunnsbrúnin, sem snýr að hafdýpinu milli Íslands og Grænlands, og þar með hluti af hinum viðfrægu Halamiðum. Félagið lætur í ljós sérstakan ótta vegna þess, að þegar landhelgin sé færð út, ef hún verður færð út í 50 mílur, muni þau fiskiskip, sem verða að fara af öðrum miðum, sem lenda innan 50 mílna, sækja fyrst og fremst á þessi ágætu mið, sem eru á landgrunninu, en yrðu utan 50 mílna.

Þegar athugað er nú, að hér liggja fyrir áskoranir frá útvegsmönnum og sjómönnum, sem auðvitað þekkja af eigin raun þessi mál til hlítar, og þeir skora svo ákveðið á Alþ. og ríkisstj. að miða við 400 metra dýptarlínu, þá er dálítið einkennilegt að heyra það af munni hæstv. sjútvrh., að þetta sé óframkvæmanlegt, hann sé ósköp hræddur um, að það séu meira en litlar flækjur, sem af þessu mundi leiða, það yrði mjög erfitt fyrir alla, sem hlut eiga að máli, svo að tekin séu upp nokkur orð, sem hæstv. ráðh. hafði í þeim ræðum, sem hann flutti hér 9. nóv. Ég verð að segja, að ég legg nú meira upp úr áliti þessara reyndu útvegs- og fiskimanna. Ég hef sjálfur átt tal við nokkra skipstjóra og einnig skipherra af varðskipum, og þeir hafa sagt mér, og ég held, að það sé undantekningarlaust, að þeir teldu ekki erfiðara að setja sig út á kort eftir 400 metra dýptarlínu en 50 sjómílna landhelgislínu.

Hins vegar er sjálfsagt að hafa það í huga, að við útfærslu landhelginnar úr 12 mílum, hvort sem það er út á landgrunnsbrún eða í 50 mílur, þá skapast vissir

erfiðleikar, sem ekki eru fyrir hendi nú varðandi staðsetningu fiskiskipa. Og þeir erfiðleikar stafa kannske fyrst og fremst af því, að nú munu íslenzk og erlend fiskiskip yfirleitt nota radar til að ákveða stað skipsins, en við útfærslu landhelginnar í annaðhvort þessara marka, sem hér hefur verið rætt um, er talið, að radartæki skipanna verði að mestu gagnslaus til staðarákvörðunar. Það þýðir, að nota verður aðrar aðferðir, og kunnugir menn telja, að það sé radíómiðun, sem komi þar í staðinn, en bæði á vegum vitamálastjórnar og flugmálastjórnar eru starfræktir margir radíóvitar. Í öðru lagi mundu dýptarlínur sjókortanna koma hér til greina. Þá gætu lóranmiðanir hjálpað eitthvað, en margt fleira er vafalaust til athugunar, sem þarf nánari skoðunar við, eins og bæði svokallaðir Consul-radíóvitar, Omega-ákvörðunarkerfi, Decca-ákvörðunarkerfi, sem mikið er notað í Norðursjó, og síðast en ekki sízt gervihnettir, því að kunnugir menn telja, að staðarákvörðun með aðstoð gervihnatta geti verið mjög nákvæm, en tækin hins vegar mjög dýr. En þetta allt saman þarf auðvitað athugunar við og skoðunar. Það hefur ekki legið fyrir hjá hæstv. sjútvrh., hverjar ráðstafanir hann hefur gert til þess að bæta úr þeim erfiðleikum, sem skapast við það varðandi staðarákvörðun skipa að færa úr 12 út í 50 mílur, sem hefur, eins og ég gat um, þær afleiðingar, að radartækin, sem nú eru aðallega notuð við þessa staðarákvörðun, verða meira og minna ónothæf. Ég tel hins vegar, að þessir erfiðleikar séu allir yfirstíganlegir og í rauninni geti fiskiskip og varðskip kannske án nýrra tækja eða aðferða ákveðið hvort sem er 400 metra dýpið eða 50 mílurnar. En þetta verður erfiðara í framkvæmd en nú er og þarf vissulega nákvæmrar skoðunar við.

Í sambandi við þetta er nauðsynlegt að minnast á það, að ástand sjómælinga hér við Ísland er ekki nógu gott, því fer fjarri. Það var á s. l. vori, ætla ég, á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands, að forstjóri Sjómælinga flutti erindi, þar sem hann taldi, að eitt af brýnustu verkefnum í náinni framtíð væri gagngerð nýmæling á öllu landgrunninu, og það er enginn vafi á því, að það þarf að sinna sjómælingunum miklu betur en verið hefur nú um mjög langan aldur. En þrátt fyrir það, þó að brýn nauðsyn sé á auknum sjómælingum, þá má ekki láta ástand þessara mála hræða okkur frá því að gera þær aðgerðir í landhelgismálinu, sem nauðsynlegar eru, því að þessir erfiðleikar eru allir yfirstíganlegir.

Þá var það eitt atriði enn, sem hæstv. sjútvrh. lagði töluvert mikið upp úr, og það var það, að landhelgin eða landhelgisbeltið yrði að hafa sömu breidd umhverfis allt landið, og taldi, að það væri óheppilegt að víkja þar frá. Nú er það þannig, að þetta er ekkert lögmál, sem þarf að gilda alltaf og alls staðar. Það er þannig í dag, að landhelgin er mismunandi breið í ýmsum samböndum og miðast stundum varðandi veiðar við annað en landhelgislínu. Varðandi humarveiðar t. d. er landhelgi miðuð við dýpi. Humarveiðar eru bannaðar grynnra en 120 metra. Varðandi togveiðar í lögum, sem eru víst frá 1968, um heimild til togveiða innan 12 mílna, þá eru mismunandi belti. Sums staðar er heimilt að veiða inn að 3 mílum, sums staðar, t. d. fyrir Austurlandi, inn að 4 mílum, fyrir Norðurlandi 6 og 8. Sem sagt, í ýmsum samböndum er landhelgisbeltið mismunandi breitt. Þessi viðbára, að með 400 metra dýptarlínunni yrði landhelgin misjafnlega breið, fær ekki staðizt og styðst ekki við nein gild rök.

Þá var það loks eitt atriði, sem ég vildi nefna, og það er atriði, sem mér kom í rauninni ákaflega á óvart í ræðu hæstv. sjútvrh. Varðandi 400 metra dýptarlínuna taldi hann, að eitt af aðalverkefnum hafréttarráðstefnunnar, sem fram undan er, sé einmitt að setja alþjóðareglur um þetta atriði, þ. e. hvort landgrunnið skuli ná 200 metra út eða lengra, og síðan sagði hæstv. ráðh.: „Það er fráleitt að leggja til á þessu stigi málsins, að við ákveðum ytri mörk okkar landgrunns.“ Síðar kom það fram hjá honum, að takist samkomulag á hafréttarráðstefnunni um ákvörðun landgrunnsmarka, sem ná lengra út, þá höfum við opinn rétt til frekari útfærslu síðar. Hér kemur fram skilningur, sem ég vil alveg eindregið mótmæla. Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að við ættum sjálf að ákveða ytri mörk okkar landgrunns, hvort sem við gerum það með reglugerð eða lögum. Helzt ætti að gera það með lögum. Og það var tilgangurinn með þeirri þál., sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. flutti á s. l. þingi og samþ. var í aprílmánuði. Það var kosin nefnd manna, sem hæstv. sjútvrh. er nú formaður fyrir, og hefur sú nefnd því miður víst lítið starfað enn, en hún átti að undirbúa löggjöf, þar sem ákveðin væru með lögum ytri mörk landgrunnsins.

Ég vil alveg eindregið undirstrika það, að hvað sem líður mismunandi sjónarmiðum í landhelgismálinu, þá er það alveg eindregin skoðun mín, og ég vænti þess, að sem allra flestir séu þar sammála, að landgrunnsmörkin hin ytri eigi að ákveðast af okkur einhliða. Í rauninni mæla flest rök með því. Ég held, að það verði ákaflega örðugt og í rauninni ekki skynsamlegt að setja alþjóðlegar reglur um, hversu langt landgrunnið nái út, hvort sem það eru 200, 400, 800, 1000 metrar eða miðað við eitthvað annað, vegna þess að staðhættir eru svo ákaflega ólíkir við hinar ýmsu strendur. Og annað líka. Sú hagnýting, sem kemur til greina, er svo ákaflega ólík. Að því er landgrunnið snertir eru hagsmunir sumra landa fólgnir í olíuleit eða í leit annarra verðmæta á landgrunninu. Varðandi okkur Íslendinga og fleiri þjóðir eru hagsmunirnir fólgnir í fiskimiðunum. Hjá okkur nær landgrunnið miklu lengra út en t. d. við Suður-Ameríku hjá þeim ríkjum, sem hafa ákveðið 200 mílna landhelgi. Ég tel, að vegna mjög svo mismunandi staðhátta og meðal annars vegna mjög mismunandi hagnýtingar þjóðanna sé ekki æskilegt, að alþjóðaráðstefna setji bindandi reglur um landgrunnið. Ég tel einmitt, að þetta eigum við að gera sem allra fyrst og kemur því mjög á óvart þessi yfirlýsing hæstv. ráðh., að varðandi þetta mikilvæga mál eigum við í rauninni að bíða eftir og byggja á ályktun eða samþykkt, sem kunni að verða gerð á hafréttarráðstefnunni. En það voru alveg skýr rök hans hér um daginn, að vegna þessa m. a. ættum við ekki að ákveða okkar mörk á landgrunninu.

Ég vil svo taka það fram út af því, hvort 400 metra dýptarlínan sé eitthvert framtíðarmark, að það er hún vitanlega alls ekki. Það er skýrt tekið fram í grg., að sú nefnd, sem hæstv. sjútvrh. er formaður fyrir, eigi að kanna það mál nákvæmlega og gera till. um það, og í till. okkar er gert ráð fyrir, að nefndin skili áliti, áður en þessu þingi lýkur, einmitt um það, hver eigi að verða til

nokkurrar frambúðar hin ytri mörk landgrunnsins, en þangað til skuli ákveðin 400 metra dýptarlína. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé æskilegt, jafnvel nauðsynlegt fyrir okkur, áður en langt um líður, að hafa mörkin hærri eða dýpri, hvort sem við viljum kalla það, t. d. hvort það væri 600, 800, 1000 metra eða önnur mörk. En það hefur skýrt komið fram í grg. þessarar till., að þessi er ætlunin. En þeim mun undarlegri er þessi afstaða hæstv. sjútvrh., að hin ytri mörk landgrunnsins getum við ekki ákveðið einhliða, heldur eigum að bíða eftir alþjóðasamþykkt hafréttarráðstefnunnar, þar sem hann sýknt og heilagt hamrar þó á því, að landhelgismálið sé hreint innanríkismál. Hann er margsinnis búinn að lýsa því yfir, að það sé hreint innanríkismál. Að vísu hef ég nú skilið þessar yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. þannig, að þær væru fyrst og fremst „diplomatisk" orðsending til hæstv. utanrrh. um, að honum komi málið ekkert við, því að hvað er utanrrh. að skipta sér af innanríkismálum, sem heyra undir hæstv. sjútvrh.?

Ég vil leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. utanrmn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og hv. frsm., 5. þm. Reykv., hefur gert grein fyrir, þá blönduðust umr. um þessa till. nokkuð inn í þær umr., sem fram fóru hér 9. nóv. um landhelgistillögu ríkisstj. Þessvegna held ég, að í sjálfu sér þyrftu umr. um þessa till. ekki að verða svo langar nú. Og ég skal ekki lengja þær mjög. Að vísu verð ég nú að segja, að mér fannst dálítið óvenjulegur háttur á hafður í þessari framsöguræðu hv. 5. þm. Reykv., þar sem ég gat ekki betur fundið en hún væri verulegt framhald af þeim umr., sem fram fóru 9. nóv. Það hefði náttúrlega verið æskilegra að ljúka umr. þá og menn hefðu gert sakir upp þá en að taka þann þráð upp að nýju nú. En ég skal ekki blanda mér í þau orðaskipti og ekki víkja að þeim orðum, sem hann beindi til hæstv. sjútvrh.

Ég skil þessa þáltill. svo, að með henni séu sjálfstæðismenn að skjalfesta sitt viðhorf til landhelgismálsins nú, gera grein fyrir því, hvernig þeir helzt vildu halda á þessu máli. Við því er ekkert að segja, og það eru í sjálfu sér ekkert óeðlileg vinnubrögð og viðbrögð af hálfu stjórnarandstöðu að hafa þann hátt á, gera þannig grein fyrir sinni afstöðu og því, hvernig þeir mundu helzt kjósa, að haldið væri á málinu. Hins vegar geta hv. tillögumenn tæplega vænzt þess, eins og nú er komið, að þessi till. verði samþ. Þeir geta ekki vænzt þess nú, að það verði horfið frá þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið í landhelgismálinu af stjórnarflokkunum, af ríkisstj. og af þingmeirihluta í raun og veru. Sú stefna hefur verið kynnt mjög að undanförnu, m. a. á erlendum vettvangi og fyrst og fremst á erlendum vettvangi. Og ég held, að það væri ákaflega óheppilegt út á við, ef farið væri að hvika eitthvað í þeirri stefnumörkun og þeim málflutningi og þeirri kynningu, sem þar hefur verið viðhöfð. Og það var ljóst, að hv. 5. þm. Reykv. gerði sér grein fyrir því, af því að hann lagði áherzlu á það í sinni ræðu að reyna að sýna fram á það, að í raun og veru hefði málið verið kynnt þannig á erlendum vettvangi, að það færi ekkert í bága við þá stefnumörkun, sem fælist í þessari þáltill. Þetta er náttúrlega ekki alls kostar rétt. En auðvitað er það svo, eins og við höfum margendurtekið hér, að við byggjum á landgrunnsstefnunni í þessu máli, við byggjum á því, að allt landgrunnið tilheyri íslenzku yfirráðasvæði. Við lítum svo á, eða ég lít svo á a. m. k., að landgrunnið hafi þannig verið lagt undir íslenzkt yfirráðasvæði þegar með landgrunnslögunum frá 1948. Við teljum vissulega okkar rétt mjög helgast af þessum landgrunnssjónarmiðum, og þess vegna er það mjög eðlilegt, að við höfum í öllum okkar málflutningi lagt áherzlu á rétt Íslendinga til landgrunnsins alls. Það hefur verið gert, og það mun verða gert. Og það er þess vegna rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. vitnaði í, bæði þá skýrslu, sem útbýtt hefur verið, ræður Hans G. Andersens og hæstv. utanrrh., þar hefur alls staðar verið lögð mikil áherzla á þetta. En það hefur jafnframt verið sagt skýrum orðum, að við ætluðum ekki að fara lengra í þessum áfanga en 50 sjómílur frá grunnlínum. Það hefur fylgt með, bæði almennt í slíkum ræðum og þó auðvitað ekki síður í þeim einkaviðtölum, sem fram hafa farið um þessi efni við þá ráðamenn erlenda, sem við hefur verið rætt. Þess vegna er engum blöðum um það að fletta, að það mundi verða skoðað sem frávik, ef nú ætti að ákveða það, að þessi áfangi, sem hér er um að tefla, ætti ekki að vera miðaður við 50 sjómílur, heldur landgrunnið allt, en eftir stendur, að eins og áður er landgrunnið allt skoðað tilheyrandi íslenzku yfirráðasvæði, sem Íslendingar einhliða geti hvenær sem er sett reglur um og teygt fiskveiðimörkin, hvenær sem þeim lízt að gera það, til yztu endimarka landgrunnsins.

Hv. þm. sagði, að landgrunnsrökin væru sterkari en 50 sjómílna rök. Ég get fallizt á það, að landgrunnsrökin séu sterk, og ég hef alltaf lagt áherzlu á þau. Það hafa talsmenn stjórnarflokkanna einnig hvarvetna gert. En það er á hinn bóginn ekki hægt að segja, að 50 sjómílna stefnan nú sé neitt veikari en t. d. fjögurra sjómílna stefna á sínum tíma eða 12 sjómílna stefna á sínum tíma. Þá var þessi aðferð höfð, bæði 1952 og 1958, að fiskveiðimörkin voru þá ekki teygð til þeirra yztu marka, sem við samkv. okkar skoðun hefðum haft rétt til, heldur var tiltekinn ákveðinn mílufjöldi, 4 sjómílur 1952 og 12 sjómílur 1958. Hér er því fylgt algerlega sömu aðferð og áður hefur verið fylgt í þessum efnum.

Það er rétt, sem hv. þm. benti á, að það hafa komið nokkrar ályktanir, þar sem lögð hefur verið áherzla á það, að fiskveiðimörkin yrðu nú látin taka til landgrunnsins alls, þannig að ekki yrðu utan við nein sérstök hólf, sem menn hafa talið að væru þýðingarmikil fiskimið. En á hinn bóginn gæti ég náttúrlega, ef ég hefði búið mig undir það, lesið hér upp fjöldamargar ályktanir víðs vegar að af landinu án tillits til allra stjórnmálaskoðana, þar sem lýst hefur verið fylgi við þá stefnu, sem mörkuð hefur verið af stjórnarinnar hálfu í þessu máli, svo að ályktanirnar segja kannske ekki svo mikið í þessu efni. En um þetta geta auðvitað verið skiptar skoðanir, og við því er ekkert að segja. Og eins og ég sagði, tel ég það ekkert óeðlilegt, að sjálfstæðismenn, fyrst þeir hafa markað sér þessa skoðun nú, geri grein fyrir henni á þennan hátt að setja hana fram í þáltill. En hins vegar verð ég náttúrlega að segja það, að það hefði verið miklu æskilegra, að þeir hefðu markað þessa stefnu fyrr. Það hefði verið æskilegra, að þessi stefna hefði komið svona skýrt fram hjá þeim eins og hún kemur nú fram í þessari þáltill. s. l. vetur, þegar um

landhelgismálið var fjallað í nefnd, þar sem stjórnmálaflokkarnir allir áttu fulltrúa í, og þá var a. m. k. af okkar hálfu lögð mikil áherzla á það, að samstaða gæti tekizt fullkomlega í landhelgismálinu og menn gætu sameinazt um eina till., eina ályktun í því, eina viljayfirlýsingu frá Alþ., sem allir flokkar gætu staðið saman að. Það hefði óneitanlega verið skemmtilegra, og það hefði óneitanlega verið nokkur stuðningur í vinnu að þessu máli. En það tókst því miður ekki. Og ástæðan til þess var sú, að þáv. stjórnarflokkar fengust ekki til að segja neitt svo ákveðið um þetta mál, að það gæti fullnægt okkar óskum. En ég hika ekki við að segja það, að ef þessi till. hefði komið fram s. l. vetur, þá hefði það a. m. k. verið tekið til rækilegrar athugunar, hvort allir flokkar hefðu ekki getað náð saman um eitthvað svipað sjónarmið og svipaða stefnu eins og í þessari till. segir, vegna þess að það hefði áreiðanlega ekki staðið þá á okkur að fallast á það, að landgrunnið allt væri tekið í einum áfanga, þó að þessi yrði nú niðurstaðan þá, að það væri staðnæmzt við 50 sjómílur.

Ég harma það þess vegna, að þessi till. skyldi ekki koma fram s. l. vetur, heldur sú till., sem samþ. var á hv. Alþ., þar sem um þessi efni öll er vægast sagt talað með æði óljósum orðum. En ég skal nú ekki fara neitt lengra út í það. Sú till. var samþ. og nefnd kosin, og sú nefnd hefur ákveðið verkefni að vinna, að semja lög eða frv. til l. um landhelgismálið, og ég tel það sjálfsagt, að sú nefnd athugi það verkefni, sem henni var fengið til meðferðar. Og ég fyrir mitt leyti skoða það nú nánast sem formsatriði, hvort fiskveiðimörkin verða á sínum tíma ákveðin með lögum eða með reglugerð, hvort fylgt verður þeim hætti, sem áður hefur tíðkazt, að reglugerð verði sett um þetta á grundvelli og með skírskotun til landgrunnslaganna, eins og gert var 1950, 1952 og 1958, eða hvort sá háttur verður upp tekinn að skipa þessum málum með lögum. Það má vissulega gera, og þó að lög verði sett um það, þá táknar það auðvitað ekki neitt endanlegt í þessu máli fremur en þó að það sé gert með reglugerð, því að löggjafinn getur þá auðvitað líka hvenær sem er breytt þeim lögum, sem sett kynnu að verða um þetta efni, þannig að ég álít það meira formsatriði en efnisatriði, hvor hátturinn er hafður á að þessu leyti.

Það leiðir af því, sem ég hef sagt, að ég mun að sjálfsögðu ekki fallast á þessa till., sem hér liggur fyrir. Á hinn bóginn er það auðvitað sjálfsagt, að hún hljóti á allan hátt þá athugun, sem vera ber, og henni sé vísað til utanrmn. og utanrmn. athugi hana. Það, að ég get ekki léð þessari till. jáatkvæði mitt, byggist nú ekki eingöngu á þeirri, að í henni felst frávik frá þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið, heldur finnast mér sum atriði í þessari till. ekki alls kostar eðlileg. Það mætti virðast, að nokkuð mikið bæri á milli við fyrstu sýn þessarar till. og þeirrar till., sem stjórnin hefur lagt hér fram að því er varðar útfærsluna, en sannleikurinn er sá, að þegar maður athugar till. í heild, þá er það nú kannske minni munur en manni fyrst virðist. Það er að vísu sagt hér í upphafi ályktunarinnar, að fiskveiðilögsaga Íslands nái yfir landgrunnið umhverfis landið, en síðan er svo viðauki í 3. eða 4. málsgr., þar sem segir, að í þrjú ár, næstu þrjú ár, sé erlendum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar upp að 50 mílna mörkum frá grunnlínu, nema það séu sérstök friðunarsvæði, sem kynnu að verða ákveðin. M. ö. o., í þessari till. felst það, að á næstunni verði fiskveiðimörk hér við land í reyndinni 50 sjómílur frá grunnlínu, það sama og felst í till. núv. stjórnarflokka.

Það hefur e. t. v. verið orðað af sumum mönnum, að það þyrfti að taka til athugunar að gefa Bretum og Vestur-Þjóðverjum kost á nokkrum umþóttunartíma vegna þeirra samninga, sem við þá voru gerðir á sínum tíma. Hins vegar held ég, að enginn hafi látið í það skína, að erlendum skipum almennt yrði leyft að veiða innan þeirra marka, sem ákveðin eru, en þarna er talað um erlend skip almennt í þessari þáltill., en ekki aðeins um skip frá Vestur-Þýzkalandi eða Bretlandi. Það er að vísu rétt, að þarna er gert ráð fyrir því, að undanþágan sé aðeins veitt upp að 50 sjómílna fiskveiðimörkum, en samt sem áður og úr því að fiskveiðimörkin eiga að ná, eins og þarna segir, til landgrunnsins alls, þá tel ég það nokkuð hæpið að fara að láta brydda á því með þessum hætti, að það eigi að veita skipum allra þjóða án tillits til þess, hvort þær hafa nokkuð stundað veiðar á Íslandsmiðum áður eða ekki, þennan undanþágurétt. Ég held, að það sé vert að athuga það, áður en farið er mjög að láta í slíkt skína.

Það er rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að þess þekkjast dæmi, að landhelgis- og fiskveiðimörk séu ekki alls staðar við landið þau sömu, og þess vegna væri það ekki alveg óþekkt fyrirbæri í veröldinni, þó að landhelgin hér væri ákveðin þannig, að hún væri við þennan landshlutann miðuð við 400 metra dýptarmörk, en annars staðar væri hún látin ná aðeins 50 sjómílur á haf út. En ég held, að eins og staðhættir eru hér, þá mundi þetta verða mjög óþægilegt í framkvæmd og erfitt að verja slíka landhelgi, fiskveiðilandhelgi, sem ákveðin væri með þeim hætti. Ég held, að það hljóti að liggja í augum uppi, að hentugra sé í framkvæmd að hafa fiskveiðilandhelgina hvarvetna í kringum landið þá sömu, miða þar við slíkar línur, og ég á nú bágt með að trúa því, að hv. þm. fái marga vitnisburði frá landhelgisgæzlumönnum um annað en að það sé hentugast að haga þessu á þá lund að hafa þetta línur, sem eru alls staðar jafnfjarri miðað við grunnlínur. Hitt er svo að sjálfsögðu rétt, að það hefur ekki farið fram hjá neinum, að það koma til vissir erfiðleikar við landhelgisgæzluna, þegar fiskveiðimörkin hafa verið færð út. Þau mál hafa verið í athugun hjá Landhelgisgæzlunni, og það reynir m. a. á fjárveitingar frá Alþ., hvernig það snýst við þeim málaleitunum, sem fram hafa verið fluttar af hálfu Landhelgisgæzlunnar í því efni. Ég treysti því, að hv. Alþ., hv. fjvn. sýni fullan skilning á því málefni. Það er mjög mikil nauðsyn, að veitt sé stóraukið fé til Landhelgisgæzlunnar, til þess að hún verði búin undir það að gegna sínu hlutverki, þegar útfærslan á sér stað.

Í þessari ályktun segir ekki, hvenær þessi ákvörðun eða útfærsla skuli koma til framkvæmda, heldur segir aðeins í ályktuninni, að hún skuli koma til framkvæmda þann dag, sem ákveðinn verður af yfirstandandi Alþ. Ég skil þetta svo, að þar með sé í raun og veru gert ráð fyrir því í þessari þáltill., að útfærsludagurinn verði 1. sept. n. k., þar sem ekki er gerður neinn ágreiningur í þessari þáltill. um þann dag og yfirstandandi Alþ. er ætlað að ákveða daginn, en það er þó öllum ljóst, að það verður að gerast með a. m. k. sex mánaða

fyrirvara áður en útfærslan á sér stað, vegna þess að við erum skuldbundin til þess með samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja að tilkynna þeim formlega um útfærsluna sex mánuðum áður en hún tekur gildi, þannig að mér sýnist, að ekki muni á milli bera mikið um þetta atriði, og þá er það nú svo, að þau atriði, sem nefnd eru í 2., 3., 4. og 5. lið þessarar ályktunar, eru ekki þess háttar, að þau víki að efni til mikið frá þeirri hugsun og þeirri stefnu, sem stjórnarflokkarnir vilja fylgja í þessu efni, a. m. k. ekki að neinu verulegu.

En það er eitt atriði, sem vantar í þessa þáltill., sem ákvæði er um í þáltill. ríkisstj. Í þessari þáltill. er ekki vikið að samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja. Það er ekki vikið að því, að þeim skuli sagt upp. Þar af mætti ályktа, að tillögumenn geri ráð fyrir því, að Íslendingar sætti sig við það að eiga úrskurð þess máls undir Alþjóðadómstólnum. Í sambandi við það er þess að geta, að þau ákvæði hafa jafnan verið túlkuð svo af íslenzkri hálfu, að Íslendingar gætu fært út þrátt fyrir þessi ákvæði og sú útfærsla gæti staðizt, þangað til dómur Alþjóðadómstólsins er fallinn. En ég efast um, að það hafi nokkru sinni verið fallizt á þann skilning af hálfu brezkra og þýzkra stjórnvalda, svo að það gæti hugsazt, að jafnvel samningurinn yrði þannig þrándur í götu fyrir því, að ákvörðun um útfærslu gæti komið til framkvæmda. Ég er að vísu þeirrar skoðunar, að samningurinn girði ekki fyrir útfærsluna sem slíka, heldur hlyti hún að standa, þangað til dómur gengi á aðra lund. En ég skal ekki fara að endurtaka það, sem ég sagði hér í umr. 9. nóv. um þetta mál eða um till. stjórnarflokkanna og þær ástæður, sem fyrir því eru, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir geta ekki fellt sig við að sæta þessum samningum og hafa því eindregið ákveðið að segja þeim upp með þeim fyrirvara, sem hæfilegur verður metinn. Í þessari þáltill. segir sem sagt ekkert um þetta meginatriði í öllu þessu máli. Með hliðsjón af því, sem fram kom í umr. 9. nóv., m. a. af hálfu talsmanns sjálfstæðismanna, þá vil ég þó ekki líta svo á, að þeir séu búnir að gera það upp við sig að vera endanlega á móti því, að þessum samningum sé sagt upp, því að ég skildi hv. 1. þm. Reykv. þá svo, að þetta atriði væri út af fyrir sig enn opið og umhugsunaratriði. Og ég vil þá skilja þessa þáltill. eða þetta tómarúm, sem í henni er að þessu leyti, á þann veg, að það tákni út af fyrir sig ekki það, að sjálfstæðismenn séu ákveðnir í því að vera á móti uppsögn þessara samninga, heldur hafi þeir ekki viljað að svo komnu máli festa á blað ákveðna stefnu af sinni hálfu í því efni.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa um þetta mál fleiri orð. Ég get sem sagt skilið það, að þessi till. skuli koma fram, skil það sjónarmið hjá stjórnarandstöðu, að hún vilji láta það sjást og láta síðari tíma sjá það, hvernig hún hafi viljað halda á þessu máli, þó að hún hafi nú eins og stöðu hennar er háttað ekki vald á því. Og ég tel auðvitað skiljanlegt, að það geta verið skiptar skoðanir, eins og ég hef áður sagt, um ýmis atriði í sambandi við þetta mál, atriði, sem sumir kannske mundu nefna minni háttar, aðrir geta lagt meira upp úr. Og það er ekkert við það að athuga, þó að við veltum þeim hér eitthvað fyrir okkur, en hitt er aftur á móti mjög áríðandi, að ágreiningur um slík atriði verði ekki til þess að veikja samstöðu okkar út á við og verði ekki notaður af annarra hálfu til þess að túlka það svo, að það sé ágreiningur um einhver veruleg atriði í sambandi við þetta mál. En það held ég, að liggi nokkuð ljóst fyrir eftir umr., sem fram fóru hér 9. nóv., að það verður ekki efni til þess fyrir erlendar þjóðir að túlka þessa till. eða önnur sjónarmið, sem kunna að koma fram í landhelgismálinu, á þann veg, að það sé ágreiningur um höfuðatriði eða meginstefnu í þessu máli. Ég vil vona það, að þó að menn flytji eðlilega brtt. og setji fram mismunandi sjónarmið um einstök atriði, þá standi það, að alger samstaða verði í málinu út á við gagnvart öðrum þjóðum. Og það er áreiðanlegt, að málið verður svo erfitt þrátt fyrir allt og þrátt fyrir vaxandi fylgi, sem okkar málstaður á að mæta og við skulum ekki gera lítið úr, að við þurfum áreiðanlega á öllu okkar að halda í þessu máli.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur efnt hér til nokkurra framhaldsumræðna á þeim umr., sem fóru fram á hv. Alþ., þegar till. ríkisstj. um landhelgismálið var til umr. En þegar sú till. var hér rædd, þá flutti hann raunverulega framsöguræðu fyrir þeirri till., sem hann talaði fyrir nú, og ræddi um þessa till. þeirra sjálfstæðismanna í allítarlegu máli og vék þar að hverjum einstökum lið þeirrar till. Í tilefni af ræðu hans urðu nokkur orðaskipti hér á milli mín og hans, og þau orðaskipti urðu með nokkuð sérkennilegum hætti, því að hann var fjarverandi talsverðan hluta af umræðutímanum og því fóru þessar umr. okkar kannske ekki fram á þann hátt, sem æskilegast hefði verið.

Það er augljóst á því, sem hv. þm. heldur fram nú, þegar hann mælir fyrir þessari till. þeirra sjálfstæðismanna um landhelgismál, að hann leggur á það höfuðáherzlu, að till. þeirra gangi raunverulega lengra til útfærslu á okkar landhelgi en till. sú, sem ríkisstj. hefur flutt. Í rauninni er þetta nú ekki svo, þegar betur er að gáð, því að að því leyti til sem þessi till. lætur að því liggja, að hún gangi lengra, þá er það aðeins á ytra borðinu. Það er að vísu sagt í þessari till., að landhelgismörkin skuli miðast við ytri mörk landgrunnsins, sem skuli vera 400 metra jafndýpislína, og þó hvergi nær landi en sem nemur 50 sjómílum. En í næstu mgr. á eftir segir hins vegar, að næstu þrjú árin skuli erlend skip mega veiða upp að 50 mílna mörkunum. Það er því alveg augljóst, að samkv. þessari till. liggur það skýrt fyrir, að a. m. k. næstu þrjú árin yrði hér ekki um neinn efnismun að ræða í framkvæmd, hreinlega engan. Það að gefa út reglugerð um það, að næstu þrjú ár skuli gilda hér 50 mílna landhelgismörk, en bæta því hins vegar við, að landhelgismörkin nái út að 400 metra jafndýpislínu, eða eins og sagt er, út yfir allt landgrunnið, eins og það er ákveðið á þessu stigi málsins samkv. þessari till., það segir vitanlega harla lítið, því að við höfum margsinnis lýst því yfir, eins og hér hefur komið fram í þessum umr. líka, að við höfum fyrir 23 árum síðan lýst því yfir, að við teljum okkur eiga fullan rétt á öllu landgrunnssvæðinu, svo að í rauninni breytir þetta afskaplega litlu. En eins og ég hef vakið athygli á, þá er hér um nokkuð varhugaverða yfirlýsingu að ræða að mínum dómi, þar sem beinlínis kemur fram hér í till. á Alþ., að við teljum, að ytri mörk landgrunnsins skuli miðast, þar til við ákveðum þá annað

með lögum, við 400 metra jafndýpislínu. Undir slíka yfirlýsingu vil ég ekki taka. Ég tel, að það komi fyllilega eins vel til mála að ákveða þessi ytri mörk t. d. við 600 metra jafndýpislínu, og heimsþekktir fræðimenn hafa haldið því fram, að miklu eðlilegra og réttara væri að miða við 1000 metra jafndýpislínu, þegar landgrunn væri afmarkað. Ég tel, eins og ég hef sagt hér áður, að það sé ekkert, sem reki á eftir okkur í sambandi við það mál, sem við erum nú að berjast fyrir, að gefa út yfirlýsingu á Alþ. um það, hvar við teljum vera ytri mörk okkar landgrunns.

Ég tók upp nokkrar umr. við hv. þm. um það, hvernig það mundi gefast, ef við stæðum þannig að málinu, að við miðuðum okkar landhelgismörk við 400 metra jafndýpislínu og slíkt kæmi til framkvæmda, sem yrði þá eftir þeirra till. væntanlega eftir þrjú ár. Ég tók upp nokkrar umr. um þetta atriði, sem vel má segja, að sé ekkert praktískt atriði, eins og málin standa nú, því að vitanlega er það svo, að þegar hafður er uppi sá málflutningur, að með 50 mílna mörkunum sé ríkisstj. að gera ráð fyrir því að skilja eftir fyrir utan þau mörk þýðingarmikil fiskimið, þá yrði það vitanlega nákvæmlega eins a. m. k. fyrstu þrjú árin samkv. till. þeirra sjálfstæðismanna. Á því er enginn munur.

Ég hef margsinnis bent á það, að auðvitað er það svo, að þó að við miðuðum okkar landhelgismörk við 50 mílur, eins og ríkisstj. leggur til, eða þó að við miðuðum landhelgismörkin við 400 metra jafndýpislínu, þá yrðu í báðum tilvikum allmikil fiskimið eftir fyrir utan þessi mörk. Það leikur enginn vafi á því, að mjög mikið, að ég segi ekki meiri hlutinn, af okkar karfamiðum við landið er fyrir utan 400 metra jafndýpislínuna, því að megnið af karfanum hefur verið veitt á dýpi, sem er á milli 400 og 600 metra eða 200—300 faðmar. Þessi fiskimið yrðu fyrir utan í báðum tilvikum. Og ég hef bent á það hér líka í umr., að fyrir utan þessi mörk í báðum tilvikum yrði t. d. megnið af okkar grálúðumiðum, sem nokkuð hafa verið stunduð hin síðari ár. Fyrir utan þessi mörk yrðu að sjálfsögðu dýrmæt fiskimið, sem oft verða hjá okkur t. d. í sambandi við síldveiðar, í sambandi við loðnuveiði, í sambandi við kolmunnaveiði, en allt þetta getur verið og hefur verið veitt af okkur langt fyrir utan 50 mílur og langt fyrir utan 400 metra dýptarmörkin. Það er því alveg tómt mál að tala um það, að með því að miða frekar við 400 metra dýptarmörkin, þá séum við búnir að færa inn fyrir mörkin öll fiskimið við Íslandsstrendur. Slíkt er reginmisskilningur. Þannig er málið ekki.

Nú er það hins vegar alveg rétt, að með því að miða mörkin við 400 metra dýptarlínu í staðinn fyrir 50 mílna mörk, þá mundu auðvitað koma inn fyrir einhver fiskimið á nokkrum stöðum. Það er alveg rétt. Og það er ofur skiljanlegt, að þegar útvegsmenn og aðrir koma saman til fundar, og gætu auðvitað verið fleiri en þeir, þá eru menn tilbúnir að samþykkja að taka enn meira en 50 mílur. Hver skyldi vilja standa sérstaklega á móti því að taka 70 mílur eða 90 mílur eða 100 mílur eða 200 mílur, eins og nú er ein algengasta krafan í heiminum?

En það, sem menn verða vitanlega að hafa í huga, þegar þeir íhuga þessi mál, er það, að hér á Alþ. hafa staðið nokkrar deilur um það, hvernig skyldi standa að landhelgismálinu, og á meðan það var algerlega opið að ná samkomulagi við núv. stjórnarflokka um útfærslu, sem ekki væri aðeins 50 mílur, heldur t. d. 70 mílur, þá var ekki hægt að fá slíkt samkomulag við þá, sem þessar till. flytja nú. Þá voru menn ekki viðbúnir að samþykkja neitt annað en það að setja málið í nefnd og biðja nefndina að semja frv., sem síðan yrði lagt fyrir Alþ. Þeir vildu sem sagt hafa allt óákveðið um málið. En svo, þegar stefnan hefur verið mörkuð, hún tilkynnt öðrum þjóðum, málið flutt fyrir þeim, við stöndum í stórræðum með það að koma málinu fram, þá koma þeir, sem hafa verið óviðbúnir og óákveðnir og virðast ekki enn hafa gert þannig upp hug sinn, að þeir séu tilbúnir að lýsa því yfir, að þeir vilji ryðja úr vegi einni mestu hindruninni, sem við eigum við að glíma í málinu, sem eru landhelgissamningarnir við Breta og Þjóðverja frá 1961, þeir, sem virðast ekki heldur vera enn þá tilbúnir að ákveða það, hvenær skuli færa út fiskveiðimörkin, þá koma þeir hér með till. og vilja gera úr því aðalatriði, að ef miðað sé nú við ákveðin dýptarmörk en ekki 50 mílna mörk, þá náist svolítið meira og þar af leiðandi gangi þeir dálítið lengra en hinir, sem mótað hafa stefnuna. Þetta er vitanlega hættulegur leikur. Og auk þess er það svo, að þegar betur er að gáð, þá er þessi tillögugerð byggð á alveg óraunhæfum grundvelli.

Ég sagði það hér í þeim umr., sem fóru fram um þetta mál 9. nóv., að með því að miða landhelgismörkin í framkvæmd við 400 metra jafndýpislínu, þá yrðu landhelgismörkin mjög óglögg og hætt yrði við, að miklar flækjur kæmu upp í sambandi við gæzlu á þeim mörkum. Hv. 5. þm. Reykv. kemur hér enn upp og segir, að hann hafi upplýsingar um það frá ýmsum skipstjórum og ýmsum mönnum, að það sé ekkert verra að staðsetja sig á miðunum eftir dýptarmæli en eftir öðrum tækjum. Það má vera út af fyrir sig, að hægt sé að gera það. Dýptarmælirinn segir til. En ég efast um, að hv. þm. hafi áttað sig á því, hvað þessi orð í hans till. raunverulega þýða, ef þau ættu að koma til framkvæmda. Heldur hv. þm., að t. d. þessi jafndýpislína, sem væri miðuð við 400 metra, sé þannig dregin í kringum landið, að innan línunnar, nær landi, sé eingöngu um minna dýpi að ræða og fyrir utan línuna sé eingöngu um meira dýpi að ræða? Málið sé því þannig, að skip, sem er á siglingu á þessum svæðum, í kringum landhelgismörkin, eigi að geta séð á sínum dýptarmæli, hvenær það er komið út fyrir mörkin. Svona er þessu ekki farið. Sannleikurinn er sá, að eftir að slík lína hefði verið dregin, þá stæðu skipstjórar frammi fyrir því, að á báðar hendur getur verið um það að ræða, að dýpið sé ýmist meira eða minna en á sjálfri línunni, sem dregin yrði samkv. þessari reglu. Það er því enginn vafi á því, að það mundu koma upp tilvik, þar sem skipstjórar segðu: Ja, við vorum hér að toga á dýpi, sem var innan við þessi mörk, sem sett hafa verið, innan við 400 metra mörkin, en það kæmi þá bara í ljós, að þetta svæði væri samt sem áður fyrir utan landhelgismörkin, af því að landhelgismörkin verða að dragast eftir jafndýpislínu. Hafsbotninn er í rauninni ekkert öðruvísi í þessum efnum en hið þurra land, sem menn hafa haft fyrir augunum. Menn þurfa ekki að búast við því, að um slíkar reglur sé að ræða, að þarna sé hægt að draga þessar línur á þennan einfalda hátt, eins og um var talað.

Það er því alveg ljóst, að landhelgismörk, sem væru

miðuð við jafndýpislínu, mundu skapa mjög óreglulega línu í kringum landið, mjög óreglulega, og hlyti að verða mjög erfitt bæði fyrir fiskimennina að glöggva sig á þeirri línu og eins fyrir þá, sem ættu að gæta hennar af hálfu löggjafans, eða eftirlitsins. Á þetta hef ég bent m. a. til þess að sýna það, að þessi viðmiðunarmörk eru ákaflega erfið í framkvæmd. Og reynslan hefur líka sýnt það, að nálega allar þjóðir hafa valið aðra leið, þegar þær hafa verið að ákveða sín landhelgismörk. Þær hafa valið þá leið að ákveða ákveðnar grunnlínur og miða sína landhelgi síðan við tiltekna fjarlægð frá þessum grunnlínum. Þetta er vitanlega gert til þess að gera framkvæmdina á þessum málum sem skýrasta og eðlilegasta. Getur það verið, að hv. 5. þm. Reykv. hafi ekki veitt þessu athygli, þegar hann hefur kynnt sér þessi mál, að svona er þessu farið hjá öðrum þjóðum? Það má vera, að hann hafi ekki áttað sig á því, að landhelgi er yfirleitt svona ákveðin.

Hv. 5. þm. Reykv. benti hér á, að enda þótt við hefðum ákveðið okkar 12 mílna landhelgi fram til þessa eftir þessari almennustu reglu, þá hefðum við veitt tilteknar veiðiheimildir eftir allt öðrum reglum. Við hefðum t. d. sett reglur um veiði humarveiðibáta, þar sem aðallega hefði verið miðað við dýptarmörk. Skyldi hv. þm. þekkja eitthvað til, hvernig hefur gengið að gæta að því, að þeir færu ekki á önnur dýptarmörk en þeim var áskilið? Skyldi hann þekkja eitthvað til þess? Eða ætli hann hafi margar yfirlýsingar löggæzlumanna um það, að þetta hafi reynzt verulega haldgott í framkvæmd?

Þau mörk, sem þarna hafa verið sett, hafa verið sett til þess að reyna að koma í veg fyrir það, að humarveiðibátar, sem hafa fengið leyfi til þess að veiða með botnvörpu, sem er miklum mun smáriðnari en almennt er leyfð til fiskveiða, færu ekki mikið út af þeim svæðum, þar sem humarinn veiðist, og gætu ekki lagt sér til á þennan hátt smáriðnari vörpu til þorskveiða en lög og reglur standa til. En þetta er eins og með aðrar slíkar heimildir, sem þjóðir veita innan sinna eigin marka, að um það gilda vitanlega allt aðrar reglur en ákvörðun landhelgi einnar þjóðar gagnvart annarri. Og þó að við veitum nú veiðiheimildir, til þess að íbúar á tilteknum stað megi veiða í ákveðnum firði, þá skapar þetta vitanlega enga reglu um það, hvernig rétt er að standa að því að ákvarða landhelgismörk á milli einnar þjóðar og annarrar eða úthafsins. Og er í rauninni alveg furðulegt, að hv. þm. skuli koma með dæmi af þessu tagi til þess að reyna að hleypa stoðum undir sinn málflutning.

Þá hafði ég einnig bent á það, að með þessari reglu væri horfið að því að hafa fiskveiðilandhelgina mjög misbreiða við hina einstöku landshluta. Hv. 5. þm. Reykv. virðist álíta, að þetta skipti engu máli. En ég vil aðeins spyrja: Dettur nokkrum manni það til hugar, að t. d. Vestfirðingar væru fullkomlega ánægðir með það að búa að mestu leyti við 50 mílna mörk, ef Austfirðingar byggju við mörk, sem næðu 97 mílur frá grunnlínum? En þangað út þarf að fara, ef á að fara út að 400 metra jafndýpismörkunum. Það er svo merkilegt, að í þessum umr. eru hér nokkrir hv. þm., sem alltaf eru að tala um það, að verið sé að sleppa ákveðnum veiðisvæðum hér út af Vesturlandi, út af Faxaflóanum. Það er alveg rétt, að ef miðað yrði við 400 metra jafndýpismörkin, þá er komið hér út í 70—75 mílur, þar sem lengst næði út á þessi svæði, en það er eins og þeir heyri það ekki, þó að þeim sé sagt það æ ofan í æ, að fyrir Suðausturlandi nái þessi mörk 97 mílur eða þar um bil út frá grunnlínum. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þeir, sem búa á Vestfjörðum, yrðu óánægðir með að búa við 50 mílna mörkin að langmestu leyti á sama tíma sem þeir, sem hér eru á Faxaflóasvæðinu, byggju við 70 mílna mörk og á sama tíma og Austfirðingar byggju við allt upp undir 100 mílna mörk, m. a. vegna þess, að því fer víðs fjarri, að málið sé þannig, að fiskimiðin endi við þessi mörk. Þó að mörkin hér út af Vesturlandi yrðu færð út í 70 mílur, þá eru enn eftir fiskimið þar fyrir utan. Ég hef því bent á, að við það að taka upp þá reglu að hafa landhelgina mjög misbreiða við landið er veruleg hætta á, að hér skapist ósamstaða landsmanna um það, sem er aðalatriði málsins. Við þessu fæ ég ekkert svar hjá þeim hv. þm., sem standa að flutningi þessarar till., annað en það, að með till. ríkisstj. sé verið að glata þeim möguleika að ná inn fyrir fiskveiðimörkin þýðingarmiklum fiskimiðum. Verði hins vegar horfið að því ráði að miða við 400 metra jafndýpislínuna og reyna að draga ákveðnar langar landhelgislínur frá yztu mörkum þessa landgrunns og til yztu marka þessa sama landgrunns á öðrum stað við landið, þá yrði auðvitað hér um að ræða stórkostlega aukningu á því landhelgissvæði, sem við værum að leggja undir okkur í þessum áfanga. Það er engin smáræðis útfærsluaukning umfram 50 mílurnar, þar er um stórkostlega aukningu að ræða. Ég veit, að það er ósköp létt verk að segja: Ja, það er undarlegt að heyra nú í sjútvrh., að hann skuli hika eitthvað við það að taka stórkostlega meiri aukningu fyrir landsmenn en talað hefur verið um. Ég segi hins vegar bara það, ef menn eru tilbúnir að taka miklu stærra skref, því förum við þá ekki út í 200 mílur? Sú till. er sannarlega uppi víða og á mikinn stuðning. Hér er aðeins spurningin um það, hvað við ætlum okkur stóran áfanga og hvað það er, sem skiptir okkur mestu máli í því, sem við erum að gera. Ég segi, að með því að taka nú áfanga út í 50 sjómílur náum við yfirgnæfandi meiri hluta þess, sem við erum að berjast við að ná, og ég hygg, að þessi áfangi verði okkur fullþungur og erfiður, það verði býsna erfitt að ná þarna fullum sigri. Og ég óttast það a. m. k., að verði öllu lengur haldið áfram slíkri iðju eins og raunverulega er fólgin í flutningi þessarar till., að vera í sífellu að tala um aukaatriði málsins, þau, sem ekki geta skipt hér aðalmáli, þá sé stefnt að því að tvístra okkar liði, og þá er stefnt að því, að meiri hætta sé á, að við getum tapað í deilunni við þá, sem við stöndum virkilega í deilu við um þetta stóra mál.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykv., að hann vildi alveg mótmæla þeirri skoðun, sem fram hefði komið hjá mér, að við hefðum vel efni á því að bíða eftir hafréttarráðstefnunni með það að taka ákvörðun um stærðina á okkar landgrunni. Ég tel, að málin snúi þannig við, að það sé ekkert brennandi hjá okkur að ákveða það, hvort ytri mörk okkar landgrunns skuli teljast við 400 metra jafndýpislínu eða eitthvað annað, vegna þess að það stendur ekkert til hjá okkur, að við förum að vinna einhver verðmæti úr þessum botni nú rétt í svipinn. Og það stendur ekki einu sinni til samkv. till. þeirra sjálfstæðismanna, að þessi mörk eigi að verða afgerandi um

það, hver á að verða okkar raunverulega landhelgi á næstu þremur árum. Til hvers þá að hlaupa til nú og lýsa því yfir, að við teljum ytri mörk okkar landgrunns vera 400 metra jafndýpislínu? Hitt vitum við mætavel, að þetta er eitt aðalverkefni hafréttarráðstefnunnar og þetta mál snýr allt öðruvísi við á hafréttarráðstefnunni. Þar vitum við, að málin standa þannig, að sterkustu stórveldin sækja ákaft á um það að ákveða landgrunnsbotninn sem lengst út frá ströndinni. Það gera hagsmunir þeirra. Við höfum ekki, eins og málin liggja nú fyrir, neina beina hagsmuni í sambandi við þetta, nema aðeins að því leyti til, sem við vildum nota þessa ákvörðun landgrunnsbotnsins sem aukin rök fyrir því, að við getum sótt út með okkar landhelgismörk. En vegna þess að ég er á þeirri skoðun, að sá áfangi, sem stjórnarflokkarnir hafa ákveðið, að nú yrði tekinn í landhelgismálinu, sé aðalatriði málsins, þá álít ég það algerlega óeðlilegt að vera að draga þetta inn í málið nú, deiluna um ákvörðunina á sjálfu landgrunninu. Og ég skal segja það alveg hiklaust sem mína skoðun, að ég álít, að það sé ákaflega ófrjótt starf, þegar manni er falið að fara að vinna í nefnd til þess að ákveða nú eins og málin standa stærð landgrunnsins í kringum Ísland. Þeir, sem hafa flutt till. um slíkt efni, voru að drepa þessu máli á dreif. Þeir vissu það alveg eins og ég veit það, að þetta mál liggur ekki þannig fyrir, að auðvelt sé fyrir okkur að taka ákvörðun um það eða það skipti okkur einhverju grundvallarmáli í þessum efnum.

Ég þarf í rauninni ekki að eyða hér miklu lengri tíma til þess að ræða um þetta mál. Þessi till. fer til nefndar og verður að sjálfsögðu skoðuð þar, en það er sérstaklega eitt atriði, sem ég vil undirstrika til viðbótar við það, sem ég hef sagt. Það er mjög ákveðið mín skoðun varðandi þetta mál, að við eigum að halda áfram við þá reglu að miða okkar landhelgismörk við tiltekinn mílufjölda frá grunnlínum og hafa hana jafna í kringum landið, en ekki að miða hana við neina jafndýpislínu. Vitanlega er hægt eftir þessari mílnareglu að spanna yfir allt hitt svæðið eigi að síður. Það er hægt að gera það. Ef menn vildu spanna fullkomlega yfir þetta landgrunnssvæði, sem takmarkast við 400 metra dýptarlínuna, þá þyrfti landhelgisútfærslan að vera í kringum 100 mílur. Ég mundi því hiklaust leggja til, ef um það væri að ræða að taka hér stærri áfanga, að áfanginn yrði þá 100 mílur í staðinn fyrir 50 mílur, þannig að ekki þurfi að tala um það, að eitthvað sé eftir af því svæði fyrir utan okkar landhelgismörk, sem miðast við 400 metra jafndýpislínu. En ég er mjög andvígur því að taka upp þessa mismunareglu og tel, að hún muni ekki standast í framkvæmd og að hún muni tvístra okkar liði.

Ég get svo endurtekið það að lokum, sem ég sagði hér í síðustu umr. um þetta mál og hæstv. forsrh. vék að einnig nú í sínu máli. Aðalatriði málsins, sem hér er um að ræða, er auðvitað það núna að ryðja úr okkar vegi mestu hindrun okkar í sambandi við útfærsluna, sem eru samningarnir við Breta og Vestur-Þjóðverja, með uppsögn þeirra. Það var því virkilega kærkomið fyrir okkur í stjórnarliðinu að heyra það af hálfu sjálfstæðismanna, þeirra, sem flytja þessa till., að þeir væru tilbúnir að standa með okkur í því að ryðja þessari hindrun úr vegi og segja samningunum upp. Þetta varðar meginkjarna málsins, þetta varðar aðalatriði málsins. Og svo hitt, að það skiptir auðvitað höfuðmáli, að enginn vafi leiki á því, hvenær við ætlum að færa út, það sé ekkert hér um bil. Skæklatog um minni háttar atriðin getur engu góðu þjónað í þessum efnum.

Umr. frestað.

Á 16., 17. og 18. fundi í Sþ., 23., 25. og 30. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fram haldið einni umr. um till.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil nú spyrjast fyrir um það, hvort það séu eiginlega engar vonir til þess, að hæstv. sjútvrh. mæti hér við þessa umr. **(Forseti:** Ég vil upplýsa, að hæstv. sjútvrh. hafði forföll og boðaði fjarvistir með löglegum ástæðum að mínum dómi. Ég gerði ráðstafanir til þess, að hann yrði látinn vita, að þetta mál yrði tekið fyrir hér í kvöld, og það er fullvíst, að hann kemur, ef hann hefur nokkur minnstu tök á því, en hv. flm. ráða því, hvort haldið verður áfram með þetta mál, þótt ráðh. komi ekki. Ef þeir óska eftir því, að þetta mál verði tekið út af dagskrá og því verði frestað, vegna þess að ráðh. kemur ekki, mega þeir gera það, en það er borin von, að hægt verði að ljúka umr. fyrir jól, nema hún fari fram núna.) Ég segi nú fyrir mitt leyti, að ég tel, að þessi umr. megi eiginlega ekki dragast öllu lengur. Þó finnst mér, að það vanti mjög mikið, þegar sjálfan sjútvrh. vantar hér við umr., þó sérstaklega vegna þess, að málið var tekið út af dagskrá, af því að hann þurfti að fara út úr deildinni, en núna glaðnar mjög yfir mér, að hann skuli vera kominn, því að ég ætlaði ekki að láta hjá líða að tala hér, þó að hann hefði ekki komið, en það gleður mig alveg ósegjanlega að sjá hæstv. ráðh. mættan.

Hæstv. forsrh. sagði, þegar hann fylgdi úr hlaði till. til þál. um landhelgismálið, sem ríkisstj. flytur, að landhelgismálið væri mál málanna. Ég hygg, að allir þm. geti verið hæstv. forsrh. sammála um það, að landhelgismálið sé mál málanna, langstærsta málið, sem um verður fjallað á Alþ. á þessum vetri, og jafnvel stærsta málið, sem um verður fjallað í fjöldamörg ár. Tvær till. hafa verið lagðar fram í landhelgismálinu, fyrri till. er frá ríkisstj., sem var útbýtt hér í Sþ. 18. okt. og vísað til utanrmn. 9. nóv. Síðari till., um landhelgi og verndun fiskistofna, sem flutt er af 10 þm. Sjálfstfl., var útbýtt 1. nóv., og hefur hún verið á dagskrá hér í Sþ. á sjö fundum. Umræða um þessa þáltill. hófst 18. nóv. og var þá ekki lokið. Fyrsti flm. málsins, hv. 5. þm. Reykv., flutti þá framsöguræðu fyrir till., en að þeirri framsöguræðu lokinni kvaddi sér hljóðs hæstv. forsrh. og síðan hæstv. sjútvrh., en að hans ósk var mjög takmarkaður tími, sem gat farið í þessar umr., vegna þess að hann var að sinna störfum sínum sem ráðh. og þurfti að fara úr þingsalnum, og þá var málið því tekið af dagskrá. Ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli, þegar hv. 1. flm. málsins hafði nýhafið sína ræðu, og ég hafði ætlað mér að vera mjög stuttorður og bjóst sannast að segja við því, að umræðum gæti lokið þennan dag, en mér er það ljóst, að ráðh. geta beðið um orðið og talað um leið og þeir biðja um orðið, en við þm. verðum að bíða. Það hefur verið mjög algengt, að ráðh. hafi talað í málum og það

jafnvel mjög oft í sama máli, en hitt er aftur sjaldgæfara, þegar ráðherrar eða ráðherra markar mjög takmarkaðan tíma til umr. í máli, að þá skuli þeir mala allan ræðutímann, sem þeir ákvarða. Ég hefði nú talið líka, að það hefði nægt, að annar hvor ráðh., og þá alveg sérstaklega hæstv. forsrh., hefði rætt þetta mál einn, að þeir hefðu ekki þurft að taka allan tímann. Hitt er aftur algengara, að stjórnarandstaða á hverjum tíma sé svona heldur málgefnari en ríkisstj., en nú er þessu öðruvísi farið. Nítján dagar eru nú liðnir frá því, að málið var til umr. hér, og í sjálfu sér hefði ekkert verið við því að segja, að frummælandi máls og ráðh. hefðu talað, ef ræður hefðu verið fluttar hér í þingi og lent hér á segulbandsspólu, en hitt skiptir töluverðu máli í meðferð máls, að fjölmiðlar segja frá ræðum manna og þar koma flm. máls engum vörnum við, þegar hallað er máli eða farið með staðlausa stafi, eins og hæstv. sjútvrh. gerði í ræðu sinni undir meðferð þessa máls, sem ég mun síðar koma að.

Ég vil því ekki láta hjá líða að segja, að mér finnst málsmeðferðinni í þessu stærsta máli þingsins vera mjög ábótavant. Mér finnst líka, að það muni ekki vekja traust út á við á Alþ. í meðferð þessa stóra máls að hafa þennan hátt á, og mér finnst líka vera mjög til athugunar, sérstaklega fyrir þá þm., sem láta sig mestu varða bætta starfshætti Alþ., að reyna að breyta mjög um vinnubrögð. Við vitum það, að það hefur verið margt að í sambandi við vinnubrögð í þingmálum á liðnum árum, en mér finnst ekki hafa batnað það sem af er þessa þings. Ég vona, að það eigi eftir að batna það sem eftir er af þinginu, og ég held, að það megi segja, að skipulagsleysi ríki í sambandi við meðferð mála og mjög handahófsleg vinnubrögð í þessari 1040 ára gömlu virðulegu stofnun. Ég vil líka leyfa mér að benda á, að það hefði verið mjög í lófa lagið að ná fullu samkomulagi á milli flm. þessara tveggja till. um landhelgismálið, ríkisstj. annars vegar og flm. úr Sjálfstfl. hins vegar, um þessa till., um það, að umr. um þessar tvær till. færu saman. Það hefði orðið mjög mikill tímasparnaður að því og svo jafnframt það, að það hefði fyrir löngu síðan verið hægt að afgreiða landhelgismálið með nokkurri reisn hér frá hv. Alþ. Ég segi þetta til þess að benda á það, að slík vinnubrögð ættu að vera höfð, þegar um lík mál er að ræða, til þess að spara tíma og hafa hagræði í vinnubrögðum þingsins.

Á síðasta þingi voru fluttar tvær till. í landhelgismálinu. Það hafði gerzt, að fulltrúar flokkanna höfðu rætt landhelgismálið sín á milli. Það varð að lokum ekki samkomulag á milli stjórnarflokka og stjórnarandstöðu um flutning málsins, heldur fluttu báðir aðilar sína till. hvor til þál. um landhelgismál, og það fór á þann veg, að till. þáv. stjórnarflokka, Sjálfstfl. og Alþfl., var samþykkt gegn atkvæðum þáv. stjórnarandstæðinga, sem nú skipa hæstv. ríkisstj. Ég hygg, að allir geti verið sammála um það, að það var leitt til þess að vita, að flokkarnir gátu ekki náð samkomulagi um eina till. í landhelgismálinu, en sú varð nú raunin, að stjórnarandstæðingar töldu, að till. þáv. stjórnarflokka gengi ekki nógu langt, og sérstaklega höfðu þeir á móti því orðalagi till. stjórnarflokkanna, að ekki var ákveðið, á hvaða degi útfærsla landhelginnar átti að eiga sér stað, en þeir vildu, að það yrði 1. sept. 1972.

Till. þáv. stjórnarflokka var með þeim hætti, að þeir lögðu til, að frv. yrði samið og lagt fyrir næsta Alþ., frv., sem m. a. ætti að fela í sér skilgreiningu á landgrunni Íslands miðað við sem næst 400 metra jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segðu til um, að hagstæðast þætti. Stjórnarflokkarnir, sem að þessari till. stóðu, töldu nægilegt að semja frv. fyrir næsta þing, það þing, sem hófst nú á síðastliðnu hausti, og lögfesta þar skilgreiningu á landgrunni Íslands og miða það sem næst við 400 metra jafndýpislínu, en þó aldrei minna en 50 sjómílur frá grunnlínum umhverfis landið. Það var einnig ætlun þeirra, að í frv. væri þá jafnframt ákveðið, hvenær útfærsludagur landhelginnar yrði ákveðinn.

Nú fór það svo, að þetta mál bar mjög á góma í kosningabaráttunni og hv. stjórnarandstæðingar, núv. stjórnarsinnar, lögðu þá á það mikla áherzlu, að flokkarnir, sem stóðu að síðustu ríkisstj., væru óákveðnir í landhelgismálinu. Það er rétt að einu leyti og féll afar vel hjá þeim, sem höfðu mjög mikinn áhuga á útfærslu landhelginnar. Þeim fannst, að till. stjórnarandstæðinga væru ákveðnari með útfærsludaginn og vildu hafa hann ákveðinn fyrir kosningar og á því var klifað, en hins vegar töluðu þáv. stjórnarandstæðingar minna um það, að stjórnarflokkarnir vildu færa landhelgina meira út og taka tillit til sérstöðu ákveðinna landshluta, og lögðu þá til grundvallar þá þekkingu og reynslu, sem fyrri aðgerðir höfðu haft í för með sér við útfærslu landhelginnar í sambandi við fiskimið í ákveðnum landshlutum. Á þetta var e. t. v. minna hlustað.

Hæstv. forsrh. sagði, þegar hann fylgdi till. ríkisstj. núna úr hlaði, að þeir þrír flokkar, sem standa að núv. ríkisstj., hafi gengið til alþingiskosninganna s. l. vor með sameiginlega stefnuyfirlýsingu í landhelgismálinu eða samhljóða þeirri till., sem hér liggur fyrir, og till., sem rædd var og hefur þegar verið vísað til utanrmn. Forsrh. sagði einnig:

„Þeir lögðu ríka áherzlu á það í kosningabaráttunni, að landhelgismálið væri mál málanna og kjósendur ættu framar öllu öðru að marka skýra afstöðu til þess við kjörborðið."

Úrslit kosninganna urðu þau, eins og kunnugt er, að þessir flokkar hlutu sameiginlega starfhæfan meiri hl. á Alþ. og mynduðu síðan núv. ríkisstj. Ég vil aðeins út af þessum ummælum hæstv. forsrh., að þessir þrír flokkar hafi í raun og veru sigrað í landhelgismálinu, minna hann á það, að þessir þrír flokkar, sem nú standa að ríkisstj., komu nú ólíkt út úr síðustu kosningum. Flokkur forsrh., Framsfl., fékk 1967 27 029 atkv. af 96 090 atkv. eða 28.1%. Svo kemur nú aftur það nýrra. En af 105 395 atkv. fékk flokkur forsrh. nú aðeins 26 645 atkv. eða 25.3%. Mér finnst nú ekki, að Framsfl. hafi grætt mikið á landhelgismálinu, þegar við lítum á úrslit kosninganna, þrátt fyrir það að hann lagði höfuðáherzluna á landhelgismálið í kosningabaráttunni, og í kynningu flokksins í sjónvarpinu sendi hann fram sína frægustu sérfræðinga á sviði landbúnaðar, sem minntust ekki á nokkurt mál annað en landhelgismálið. Og þetta var nú árangurinn þar. Alþb. fékk 1967 17.6%, en 1971 fékk það 17.1%, svo að ekki virtist það hafa unnið stórlega á landhelgismálinu, en sá flokkur gerði landhelgismálið næst á eftir Framsfl. mest að umræðuefni í kosningabaráttunni. Hins vegar varð sigurvegari þess-

ara kosninga Samtök frjálslyndra og vinstri manna, sem fengu 8.9% atkv.

Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort þessi eini flokkur af þeim, sem nú mynda hæstv. ríkisstj., hafi unnið þetta fylgi á landhelgismálinu einu, þegar hinir tveir samstarfsflokkar hans töpuðu í sömu kosningum. Ég læt forsrh. um það að skýra þetta fyrirbrigði nánar.

Mér finnst mjög eðlilegt, að núv. hæstv. ríkisstj. vilji marka stefnu sína í landhelgismálinu. Og þá var þar fyrst og fremst um að ræða, að hún vildi staðfesta útfærslu landhelginnar, ákveðinn útfærsludag. Hitt finnst mér öllu leiðinlegra og sorglegra, hvers vegna hæstv. ríkisstj. reyndi ekki að ná samkomulagi um flutning einnar till. nú eftir kosningar eða í byrjun þessa þings. Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði óneitanlega verið skemmtilegra að sameinast um eina ályktun. En hvað var gert til þess? Jú, það var tilkynnt þremur dögum fyrir þingsetningu, að stjórnarflokkarnir ætluðu að flytja till. til þál. alveg orðrétta frá því, sem þeir höfðu flutt um vorið. Ég tel, að út á við hefði það verið sterkara að flytja eina sameiginlega till. í þessu stórmáli, af því að í raun og veru er tiltölulega lítill ágreiningur um þetta mál.

Þá ætla ég að koma nokkrum orðum að því, sem hæstv. sjútvrh. sagði í ræðunni fyrir 19 dögum. Þá sagði hann, að með till. sjálfstæðismanna, sem hér liggur fyrir til umr., væri nú fyrst verið að tæpa á því að breyta í raun og veru stefnunni, að fiskveiðilögsaga Íslands nái yfir allt landgrunnið umhverfis landið og ytri mörk landgrunnsins skuli vera 400 metra jafndýpislína, þangað til mörk þess verði ákveðin með lögum, en þó hvergi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínum. Þetta var svo endurtekið í fjölmiðlum um kvöldið, þessar staðhæfingar hæstv. sjútvrh. En hann veit miklu betur. Hann veit það, að í þeirri till., sem lögð var fram hér á Alþ. á s. l. vori, kemur það greinilega í ljós, að stjórnarflokkarnir, sem þá voru, leggja til, að kosin verði fimm manna nefnd, einn frá hverjum þingflokki, til þess að semja frv. til l. um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar auðæfa þess. Og þar segir, að í því frv., sem leggja skuli fyrir næsta Alþ. eða það þing, sem sett var á s. l. hausti, skuli felast þau atriði að skilgreina landgrunn Íslands miðað við sem næst 400 metra jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki.

Í aths. með þessari þáltill. segir enn fremur:

„Þar sem efnahagsleg afkoma íslenzku þjóðarinnar byggist fyrst og fremst á fiskveiðum á Íslandsmiðum og yfirvofandi er, að sívaxandi sóknarmáttur og veiðitækni erlendra þjóða stofni þessum lífshagsmunum þjóðarinnar í hættu, er höfuðnauðsyn, að framkvæmd landgrunnslaganna frá 1948 sé jafnan þannig hagað, að markvisst verði haldið áfram að vinna að nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að tryggja óskertan rétt Íslendinga á landgrunnssvæðinu. Með þeim hætti yrði fiskveiðilandhelgin 50 mílur eða meira, en kynni þó að vera mismunandi breið eftir því, hvort við dýptarlínur eða fjarlægð frá grunnlínum yrði endanlega miðað."

Þetta tel ég vera töluvert annað en hæstv. sjútvrh. sagði í sinni ræðu og var svo síðar skýrt frá í fjölmiðlum. Það er ekki ný stefna Sjálfstfl. að marka útfærslu landhelginnar við 400 metra jafndýpislínu, en þó hvergi nær en 50 sjómílur frá grunnlínum. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er staðfesting á þeirri stefnu. Ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég álasa ekkert hæstv. ríkisstj. fyrir það, þó að hún flytji málið að nýju og nýja stefnumörkun í málinu, ákveðnari, eftir því sem þeir telja. En hitt hefði ég talið, að sú ályktun, sem ég var að minnast hér á áðan, væri enn þá í gildi sem ályktun Alþ. Þess vegna átti hæstv. ríkisstj. að láta semja frv. til l. og leggja fyrir Alþ., eins og þessi till. gerir ráð fyrir. Í það frv. gat hæstv. ríkisstj. tekið sínar afdráttarlausu skoðanir um útfærslu landhelginnar eigi síðar en 1. sept. 1972 og annað það, sem hún vildi koma fram og var henni að skapi. Og við því er ekkert að segja og ekkert nema sjálfsagður hlutur.

Þá fannst mér hæstv. sjútvrh. tala einnig mjög óvarlega, þegar hann minntist á karfamiðin. Hann sagði í ræðu sinni:

„Ég hef margsinnis bent á það, að auðvitað er það svo, að þó að við miðuðum okkar landhelgismörk við 50 mílur, eins og ríkisstj. leggur til, eða þó að við miðuðum landhelgismörkin við 400 metra jafndýpislínu, þá yrðu í báðum tilvikum allmikil fiskimið eftir fyrir utan þessi mörk." Svo bætti hann við: „Það leikur enginn vafi á því, að mjög mikið, að ég segi ekki meiri hluti af okkar karfamiðum við landið er fyrir utan 400 metra jafndýpislínuna, því að megnið af karfanum hefur verið veitt á dýpi, sem er á milli 400 og 600 metrar eða 200—300 faðmar."

Ég hélt, að hæstv. sjútvrh., sem er mjög vel kunnugur í sjávarútvegi, vissi það, að verði útfærsla íslenzku landhelginnar bundin við 50 sjómílur, mundu karfamið íslenzku togaranna lenda utan landhelgi. Aðalkarfamið togaranna eru frá Jökultungu og norður fyrir Víkurál. Á þessu svæði fást um 80% af karfanum utan 50 mílna, en sáralítið veiðist utan 400 metra dýptarlínu. Á tímabilinu frá miðjum maí og fram í okt. eru þessi karfamið aðalveiðislóðir togaranna íslenzku. Erlendar þjóðir, sem við Ísland veiða, sækjast lítið eftir karfa nema Þjóðverjar, en þeir halda sig yfirleitt sunnar á karfaslóðinni en þeir íslenzku. Karfaafli síðasta árs nam 24 809 tonnum og 1969 nam karfaaflinn 28 521 tonni. Heildarútflutningsverðmæti karfaaflans hefur numið þessi tvö s. l. ár 622.7 millj. kr. Ég tel, að þetta sé töluvert annað en hæstv. sjútvrh. hélt fram í sinni ræðu.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði frá því hér í sinni framsöguræðu fyrir þessari till., að komið hefðu fram áskoranir frá útvegsmönnum og sveitarfélögum á Vestfjörðum og víðar um það að miða útfærslu landhelginnar við 400 metra jafndýpislínu og þó hvergi nær en 50 sjómílur. Þessar áskoranir hafa komið fram m. a. frá Útvegsmannafélagi Snæfellsness, frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, frá bæjarssjórn Ísafjarðar og frá Útvegsmannafélagi Vestfjarða. Þessar samþykktir eru ekki gerðar í þeim tilgangi að skapa úlfúð í þessu máli. Þær eru gerðar fyrst og fremst vegna þess, að þessir staðir og þetta fólk, sem stendur að þessum samþykktum, veit, að það er mikið í húfi að miða ekki við 50 sjómílurnar, heldur við 400 metra jafndýpislínuna.

Ég skal minna á þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið í landhelgismálinu. Fyrstu aðgerðirnar í því voru 1946, þegar ráðinn var þjóðréttarfræðingur. Árið 1948 voru sett lög um vísindalega verndun landgrunnsins. Árið 1949 var dansk-brezka samningnum frá 1901 sagt upp,

sem takmarkaði fiskveiðilandhelgina við þrjár sjómílur. Árið 1950 var sett reglugerð um fjögurra sjómílna friðunarsvæði fyrir Norðurlandi á grundvelli laga um vísindalega verndun fiskimiðanna og landgrunnsins frá 1948.

Þegar fjögurra mílna landhelgin var sett og flóum hér syðra var lokað, þá glöddust allir Íslendingar yfir þeim áfanga, sem þá var náð í landhelgismálinu. Og það voru engin undanbrögð frá þeirri ánægju og þeirri gleði á Vestfjörðum frekar en annars staðar, þó að Vestfirðingar gerðu sér jafnframt ljóst, að með lokun fjarða og flóa hér syðra var það sjáanlegt, að ágengni erlendra skipa á fiskimið Vestfirðinga mundi aukast að mun, enda kom það fljótt á daginn. Vestfirzkir sjómenn hafa því orðið að þola ærið mikinn ágang erlendra veiðiskipa á sínum fiskimiðum, en fiskimið bátanna á Vestfjörðum eru öll langt utan við fjögurra sjómílna beltið og meira að segja utan við 12 sjómílurnar, þegar að því kom, að landhelgin var færð út 1958 í 12 sjómílur. Mér finnst því, að hæstv. ríkisstj. eigi að hugsa vandlega um, að það er mikið í húfi fyrir þetta svæði allt frá Faxaflóa til og með Húnaflóa að miða við 400 metra jafndýpislínuna, því að þá útilokum við á grunnslóðina enn þá vaxandi ágengni erlendra fiskiskipa. Hvaða skaði mundi ske við það að breyta ályktun í þessu máli í þetta horf? Ég get ekki séð það. Og hvers vegna er hik á mönnum í því efni og úrtölur? Hvers vegna koma úrtölur frá þeim, sem alltaf hafa verið djarfir í landhelgismálinu og ekkert verið hikandi um aðgerðir í því? Mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar úrtölur koma frá þeim hópi eða þeim mönnum.

En það eru fleiri, sem hafa skilið þýðingu þess að breyta að þessu leyti frá þeirri till., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram, en þau samtök og sveitarfélög, sem ég nefndi hér áðan. Heildarsamtök útvegsins mörkuðu á nýafstöðnum aðalfundi mjög skýra stefnu í þessum málum. Það var samþykkt ályktun á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, þar sem segir:

„Samtökin heita fullum stuðningi við útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1. sept. 1972. Fundurinn fagnar því, að þetta mikla mál, sem hefur verið einlægt áhugamál allra útvegsmanna og baráttumál á aðalfundum samtakanna árum saman, er nú komið á þann rekspöl, að þess má vænta, að Íslendingar fái fullan yfirráðarétt yfir öllu verðmæti landgrunnsins og í hafinu yfir því. Jafnframt áréttar fundurinn fyrri ályktanir aðalfundar samtakanna um, að stefnt verði að því, að við Íslendingar öðlumst viðurkenningu annarra þjóða á óvefengjanlegum rétti okkar yfir öllu landgrunninu. Fundurinn telur nauðsynlegt, að í þessum áfanga landhelgismálsins verði tryggður yfirráðaréttur yfir hinum þýðingarmiklu veiðisvæðum á landgrunninu vestur af landinu milli Reykjaness og Hornbjargs, er liggja utan 50 mílna markanna."

Þessi sameiginlegi fundur allra útgerðarmanna á landinu tekur því ótvírætt undir óskir fólksins, sem býr á þessu svæði. Þessir menn skilja þýðingu þess fyrir þessi svæði að miða við 400 metra jafndýpislínuna. Og ég vil einnig lesa til enda þessa ályktun LÍÚ, en í þeirri ályktun segir að lokum:

„Fundurinn hvetur til algerrar þjóðareiningar um málið, þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin, og hvetur alla aðila til að sneiða hjá hvers konar ummælum og aðgerðum, sem spillt geti því, að þjóðin nái í þessu baráttumáli öllum þeim rétti, sem framast má verða."

Ég hef leyft mér að gagnrýna nokkuð málsmeðferð ríkisstj. í þessu stærsta máli þjóðarinnar. Ég hélt, að ríkisstj. vildi leggja áherzlu á þjóðareiningu og sýna á þann hátt öðrum þjóðum, að við Íslendingar stöndum saman sem einn maður, þegar sómi lands og þjóðar liggur við. Þessi till. okkar sjálfstæðismanna um landhelgi og verndun fiskistofna fer nú að lokinni þessari umr. til utanrmn. En þrátt fyrir fremur neikvæð viðbrögð hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. vil ég vona, að við berum gæfu til að ákvarða í þeirri ályktun, sem Alþ. markar, að ytri mörk landgrunnsins skuli vera 400 metra jafndýpislína, en þó hvergi nær landi en 50 sjómílur. Og því verður ekki trúað, að þessir tveir hæstv. ráðh., sem hafa talað í þessu máli, haldi við þessa afstöðu, þegar mál þetta kemur til athugunar í utanrmn. og endanlegrar afgreiðslu á hv. Alþ. Hagsmunir sjómanna, útgerðarmanna og raunar allra þeirra, sem búa á Vesturlandi, Vestfjörðum og við Húnaflóa, krefjast þess, að tekið sé tillit til þeirra óska, sem þetta fólk hefur borið fram. Sérstaklega ætti það að vera auðvelt, þegar um er að ræða sanngjarnar og eðlilegar óskir. Aukin ásókn fjölda erlendra veiðiskipa á fiskimið út af þessum landshluta að 50 sjómílum getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir aðalatvinnuveg fólksins, sem býr á þessu landssvæði. Það á að treysta byggð um allt land og skapa sem jafnasta aðstöðu til að lifa góðu lífi. Það á að gera það bæði í orði og verki.

Í till. okkar sjálfstæðismanna segir, að ályktun þessi komi til framkvæmda þann dag, sem ákveðinn verður af yfirstandandi Alþ. Hæstv. sjútvrh. sagði, að enn þá væri óljóst, hvenær við sjálfstæðismenn vildum færa út landhelgina. Það er ekki óljóst, hæstv. sjútvrh., hvenær við sjálfstæðismenn viljum færa út landhelgina. Alþingi það, sem nú situr, verður aldrei nema fram á vor. Ég hef engan heyrt tala um það að færa landhelgina fyrr út. Fyrir vorið yrði markað, ef við mættum ráða, hvenær útfærslan ætti að eiga sér stað. Við munum ekki hafa neitt á móti því og munum standa með hæstv. ríkisstj. í því, að útfærsludagurinn verði ákveðinn eigi síðar en 1. sept. 1972. Við sjálfstæðismenn erum staðráðnir í því að hvika ekki í þessu máli og standa við hlið ríkisstj. og með ríkisstj. í baráttunni við þau öfl, sem berjast gegn útfærslu landhelginnar. En við óskum eftir því og biðjum hæstv. ríkisstj. um að marka sína stefnu á þann veg að hafa alla ánægða í sambandi við afgreiðslu þessa máls, þannig að þjóðin í heild og Alþ. geti með 60 shlj. atkv. markað stefnu í landhelgismálinu og staðið einhuga í þeim aðgerðum, sem fram undan eru, hvort sem þær verða harðar eða ekki.

Forseti (EystJ): Út af því, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan varðandi meðferðina á þessu máli, vil ég taka þetta fram:

Málið var tekið út af dagskrá á dögunum samkv. ósk nokkurra þm., sem þurftu og vildu endilega vera við umr. á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna. Þangað ætlaði þá sjútvrh., og vildu þeir vera þar og hlýða á hans mál. Af þessum ástæðum var málið tekið út af dagskrá, og vissi ég ekki annað en það væri ágreiningslaust. Menn fengu orðið við þá umr., sem þá

fór fram stranglega í samræmi við þingsköpin, og er ekki með rökum hægt að því að finna.

Hv. þm. gerði talsvert úr því, að 19 dagar væru liðnir síðan fyrri hluti þessarar umr. fór fram. Um það atriði er það að segja, að ekki var hægt að koma því við fyrr að hafa þessa umr. nema misbjóða einhverjum, og það veit ég, að hv. þm. vill ekki láta gera. Þess vegna tel ég, að ekki mundi verða ágreiningur okkar á milli um þessa málsmeðferð, ef tóm gæfist til þess að bera bækur okkar saman.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um, hvernig til hefði tekizt með vinnubrögð á Alþ. nú. Um það mun ég ekki ræða, en um það munu þeir hv. þm. geta dæmt, sem hafa þingreynslu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Í þeirri þáltill., sem hér er til umr. á þskj. 56, eru fimm liðir. Um liði 2, 3, 4 og 5 sýnist mér, að varla muni vera nokkur ágreiningur. Þessir liðir fjalla um friðun væntanlegs fiskveiðilögsögusvæðis okkar Íslendinga, hvernig sem það verður ákveðið, og þeir fjalla um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir skaðlega mengun og þess háttar, sem ég hygg, að hafi komið mjög greinilega fram bæði í ræðu og riti hjá fylgismönnum till. hæstv. ríkisstj. sem eitt meginmarkmiðið með þeirri útfærslu, sem nú er rætt um. Að mínu viti væri hún til lítils, ef við stígum ekki þau nauðsynlegu skref, sem eftir liggja til þess að skipuleggja veiðar okkar á þessu svæði og friða það þannig, að til frambúðar geti orðið. Ég ætla því ekki að ræða um þessa liði þáltill., en snúa mér að þeim fyrsta, sem mér sýnist vera sá, sem fyrst og fremst hlýtur að vera til umr.

Í apríl s. l. lágu fyrir þinginu tvær þáltill., frá þáv. hæstv. ríkisstj. og frá stjórnarandstöðunni. Við afgreiðslu á þessum till. var ekki sízt, og ég vil leyfa mér að segja raunar fyrst og fremst, um það deilt, hvenær skrefið skyldi stigið. Meginkjarninn í till. stjórnarandstöðunnar var sá, að ekki skyldi fært út síðar en 1. sept. 1972. Það er alveg sama, hvað hv. 2. þm. Vestf. segir um þetta mál. Um þetta var deilt í kosningabaráttunni einnig. Það var deilt um þennan meginskoðanaágreining í þessum tveimur þáltill., hvort færa skyldi út fyrir hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem ráðgerð hefur verið 1973, eða síðar. Um þetta var deilt bæði í ræðu og riti. Því verður alls ekki neitað. Og ég er nú þeirrar skoðunar, án þess að ég ætli að fara, svo að ég noti nú mjög tíð orð hv. þm., að færa framboðsfundi Vestfjarða hingað inn í þingsali, að sigur þáv. stjórnarandstöðu hafi ekki sízt verið af þeim sökum, að þjóðin kaus þann kostinn að færa út fiskveiðilögsöguna fyrir 1. sept. 1972, eins og stjórnarandstaðan boðaði. Þjóðin valdi jafnframt þá leið til að fella óvinsæla hæstv. ríkisst. að veita Samtökum frjálslyndra og vinstri manna stærsta sigurinn, og líklega var það auðveldasta leiðin og nokkuð skynsamlegt hjá þjóðinni, þó að hún væri e. t. v. ekki okkur framsóknarmönnum í vil. Það hygg ég, að hafi ráðið þar einna mestu um.

Mér sýnist, að till., sem nú liggur fyrir, sé að ýmsu leyti til bóta frá þeirri till., sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. lagði fram. Það er búið að strika út flest hið loðna, sem var í þeirri till., og ákveðið mörkuð sú stefna, að fært skuli út í 400 metra jafndýpislínu. Að vísu segir ekkert í till. enn um það, hvenær skuli fært út, en ég fagna mjög þeim ummælum hv. þm. hér áðan, að hann er fylgjandi því og styður það, að fært verði út 1. sept. 1972. Tel ég það raunar merkari og mikilvægari yfirlýsingu en nokkuð það, sem kemur fram í þessari till.

Ég hafði hugsað mér að ræða nokkuð um þá stefnu, sem lýst er í till., þá stefnu, að miða skuli við jafndýpislínu, en ekki við fjarlægð frá landi eða frá grunnlínum.

Í fyrsta lagi vil ég nefna, að alþjóðareglur eru mjög óljósar um landgrunn strandríkis, mjög óljósar. Að vísu náði sú regla meiri hluta á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1958, að miða skuli við 200 m dýptarlínu eða dýpra, eins og nýtanlegt kann að reynast. Það er ekki sízt vegna þessarar mjög loðnu reglu, að kölluð er saman ný hafréttarráðstefna til þess að marka þetta betur. Og ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég undrast þau ummæli hv. frsm., ef ég skildi hann rétt, og ég trúi því raunar varla, að við ættum ekki að fara að alþjóðalögum að þessu leyti. Mér skilst, að það séu mjög miklar líkur til þess, að á þeirri hafréttarráðstefnu, sem kölluð verður saman 1973 eða skömmu síðar, náist nauðsynlegur meiri hl., ¾ atkvæða, með ákvörðun landgrunnsmarka. Hins vegar eru mjög skiptar skoðanir um það, hvernig þetta skuli ákveðið. T. d. er ein regla, sem nú er mjög hampað, sú, að miða skuli landgrunn við, þar sem hallinn fer yfir 10 gráður. Ég veit ekki, hvar það er á íslenzku landgrunni, og ég efast um, að nokkur maður viti það. Veit ég, að mælingar á íslenzku landgrunni eru svo óljósar, að útilokað er að gera sér grein fyrir því, hvar þetta muni gerast.

Hitt sýnist mér jafnframt ljóst, að við Íslendingar höfum gætt okkar vel að þessu leyti þegar með þáltill., sem samþ. var 1948, þar sem Alþ. lýsir því yfir, að landgrunnið allt, hvernig sem það verður endanlega ákveðið, skuli vera eign okkar Íslendinga og fiskimiðin yfir því. Ég óttast því ekki, að við missum af bátnum þarna.

Á árinu 1969 skipaði Rannsóknaráð ríkisins nefnd, sem nefndist landgrunnsnefnd. Hún skilaði mjög viðamikilli skýrslu, sem nefnd er Rannsókn á landgrunni Íslands. M. a. lagði nefndin mikla vinnu í það að kanna, hvernig þekking okkar væri um okkar eigið landgrunn. Því miður kom í ljós, að þekking okkar var afar lítil. Nefndin gerði m. a. samanburð á dýptarkortum, sem eru til af íslenzku landgrunni. Ég vil, með leyfi forseta, lesa kafla á bls. 16 í þessari skýrslu. Þó vil ég skýra það áður, að nm. drógu þrjár línur, línu, sem þeir kölluðu A, sem liggur frá Vestmannaeyjum til suðvesturs fyrir Reykjanes, aðra línu, sem þeir kalla C, sem liggur þvert yfir til Grænlands, og línu B frá Kolluáli yfir til Grænlands. Svo segir, með leyfi forseta:

„Á sjálfu landgrunninu eða réttara sagt grynnri hlutum þess eru skekkjur ekki áberandi, en þær aukast út yfir jaðar grunnsins og einkum á dýpri sjó, og sýna tölur danska sjókortsins þar 200—500 metra of mikið dýpi, þar sem hægt er að gera beinan samanburð. Á A-línunni sýnir kortið 200 metra dýptarlínuna 12 km innar en hinar þýzku mælingar. En þar sem hinar nýju mælingar sýna 200 metra dýpi á landgrunnsbrún suður frá Vestmannaeyjum, stendur dýptartalan 570 metrar á eldra kortinu. Annars staðar, þar sem beinan samanburð er hægt að gera sunnar á A-línunni, sýna tölurnar á kortinu meira dýpi, sem nemur 240 metrum, 175

metrum, 300 metrum, 250 metrum og 475 metrum. Á C-línu er munur í sömu átt um 200 metra, 110 metra og 500 metra."

Ég skýt því hér inn, að þetta er einmitt á því svæði, sem um er verið að deila og till. liggur nú fyrir um, að talið skuli til okkar landgrunns innan 400 metra dýptarlínu. Svo segir enn:

„Á B-línu ber legu 200 metra línu kortsins saman við nýrri mælingar, en ósamræmi er utan við hana. Þess má enn geta, að samkv. korti 6 er állinn, sem greinir að íslenzka og grænlenzka landgrunnið, rúmlega 600 metra djúpur, en hann er grynnri en 500 metrar á korti 5."

Ég las þetta til þess að sýna, að mjög er raunar óljóst, hvar okkar 400 metra dýptarlína liggur, afar óljóst. Það getur meira að segja vel svo farið, að 400 metra dýptarlínan á þessu svæði, sem um er deilt, sé víða jafnvel innan við 50 sjómílur.

Ég vil svo snúa mér að einu atriði, sem vakið hefur athygli mína í þessari þáltill. Þar er svo kveðið á, að fært skuli út að 400 metra jafndýpislínu, en þó aldrei skemmra en 50 sjómílur frá grunnlínum. Þetta er að mínu viti athyglisvert. Þarna er gerð tilraun til þess að slá saman tveimur reglum. Á korti, sem birtist með skýrslu, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafði útbúið, svo að ég leyfi mér að vona, að hv. sjálfstæðismenn efist ekki um réttmæti hennar, sést, að langmestur hluti fiskveiðilögsögunnar mundi ákvarðast af síðari reglunni, þ. e. 50 sjómílur frá grunnlínum. Svo yrði alla leiðina frá Reykjanesi og austur fyrir land. Þar aðeins á örlitlu svæði kemur dýpið þó út fyrir samkv. hinni ónákvæmu dýptarmælingu, og síðan er aftur 50 mílna línan fyrir utan nálægt því alla leið suður að Arnarfirði nema á litlu svæði í geira út af Húnaflóa. Það er því ljóst, að meginreglan mundi eftir sem áður verða 50 sjómílur frá landi.

Að lokum ætla ég að minnast á eitt atriði enn, sem ég hygg, að verði að taka með í reikninginn, þegar um þessar tvær stefnur er rætt. Eftir því sem ég kemst næst, hafa 23 ríki fært fiskveiðilögsögu sína utar en 12 sjómílur. Ég finn ekkert ríki, sem hefur miðað við jafndýpislínu, ekki eitt einasta. Við Íslendingar værum þar algerlega einir á báti. Ég fyrir mitt leyti tel afar mikils virði til sigurs í þessu máli, að við skipum okkur í þá vaxandi fylkingu þjóða, sem hefur fært fiskveiðilögsöguna utar en 12 sjómílur, og að við gerum það á sama máta og þær. Ég teldi það mjög illt, ef við þyrftum að lenda í deilum við þessar þjóðir um þær aðferðir, sem nota ber í þessu sambandi. Þetta tel ég e. t. v. eitt hið mikilvægasta í þessu máli og hlýt að vísa algerlega á bug þeirri stefnu, sem boðuð er í þáltill. á þskj. 56.

Ég hef rakið nú, ef ég man rétt, 5—6 atriði, sem öll leiða mig til þeirrar niðurstöðu, að þessi stefna sé röng.

Nokkuð hefur verið rætt um ýmsar ályktanir, sem hafa borizt frá hagsmunasamtökum bæði á Vesturlandi og Vestfjörðum og landssamtökum þeirra, sem við sjóinn og sjávarútveg fást. Ég fyrir mitt leyti fagna því, hvað samþykktir þessar eru einróma í þá átt að styðja þá ákvörðun hæstv. ríkisstj. og Alþ. að færa út 1. sept. 1972. Ég tel hins vegar, að sá hluti þessara ályktana, sem fjallar um það, að landgrunnið út af Vesturlandi og Vestfjörðum skuli tekið með, sé á misskilningi byggður. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því, að stöðugt er talað um það, að landgrunnsbrúnin, þ. e. þessi 400 metra brún, sem í till. hv. sjálfstæðismanna er kölluð landgrunnsbrún, þótt ég viti ekki, af hverju miðað er við 400 metra. Afríkuríkin ætluðu að miða við 600, en þeir miða við 400 metra, stöðugt er talað um það, að landgrunnsbrúnin sé utar allt frá Horni suður á Reykjanes. Samkv. þessu ágæta korti í fyrrnefndri skýrslu fyrrv. hæstv. ríkisstj. er alls ekki svo. Það er á bls. 27. Þar sést, að 400 metra dýptarlínan nær ekki út fyrir 50 sjómílna fjarlægðarlínuna fyrr en nokkurn veginn út af Arnarfirði og svo suður af um það bil að Reykjanestá.

En langtum mikilvægara en þessi smávægilegi misskilningur er þó hitt, að ég trúi því ekki, að þessir menn, sem eiga svo mikilla hagsmuna að gæta, mundu vilja hræra í þessu máli til ómælanlegs skaða að mínu viti.

Staðreyndin er sú, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr eða vilja viðurkenna það, að stefna hæstv. ríkisstj., fyrrv. stjórnarandstöðu, sigraði í kosningunum. Þjóðin valdi þá þann kostinn að færa út í 50 sjómílur fyrir 1. sept. 1972. Og staðreyndin er einnig sú, að þessi stefna hefur verið mjög vandlega kynnt síðan, svo að allt annað er en áður var, og taka allir eftir því. Hún hefur verið kynnt með mjög ítarlegum ræðum utanrrh. á ferðum víða um heim. Sendiboðar aðrir hafa farið, og málið hefur verið flutt af íslenzkum embættismönnum með ágætum, og ég leyfi mér að segja, að útlitið fyrir sigur þessarar stefnu er gott. A. m. k. eru líkurnar til þess orðnar miklar, að það megi takast að koma í veg fyrir, að meiri hl. fáist fyrir nokkurri fiskveiðilögsögu minni en þessari á væntanlegri hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ég fyrir mitt leyti er a. m. k. langtum bjartsýnni en ég var um, að þetta megi takast, eftir að ég fór í eina slíka ferð til Afríkuríkjanna. Ég hafði af því mikinn fróðleik og sannfærðist um það, að okkur Íslendingum ber að leggja ríkasta áherzlu á að ná samstöðu með þessum smáríkjum, þessum ungu ríkjum, sem öll eru að berjast við svipaðan draug og við, skilningsleysi stórveldanna. Ég held, að með slíkri starfsemi muni takast að ná jafnvel meiri hluta fyrir mjög mikilli útfærslu fiskveiðilögsögunnar á hafréttarráðstefnunni eða a. m. k. að fyrirbyggja, að annað fái þar meiri hluta. Og mér sýnist, að það væri meira glapræði en orð fá lýst, ef við færum nú að hræra í þeirri stefnu, sem boðuð hefur verið með þessu móti.

Ég vil taka það fram fyrir mitt leyti, að ég skal fyrstur manna fylgja því, að næsta skref verði fljótlega tekið og fært út t. d. í 70 sjómílur eða eitthvað þess háttar. Það er margsinnis yfirlýst, að þetta skref, sem nú á að taka, er aðeins eitt skref. Ég get meira að segja sagt, þegar ég lít til baka, að mér sýnist, að það hefði e. t. v. verið skynsamlegra að hafa þetta skref eitthvað stærra. Við ætluðum okkur ekki stærri bita, því að við töldum, að andstaðan mundi verða það mikil, og ég hygg, að það hafi verið rökrétt ályktun á þeim tíma. Málið hefur hins vegar unnizt betur að mínu viti en a. m. k. ég gerði mér vonir um. Ég tel þó, að jafnvel það að breyta þeirri yfirlýstu stefnu, sem gefin hefur verið út um 50 sjómílur, t. d. í 70 sjómílur, væri glapræði, vegna þess að það er búið að vinna þessari stefnu það mikið fylgi, eins og ég rakti áðan. Ég hygg, að þegar þessir menn, sem hafa gert hinar umræddu ályktanir og meina vitanlega ekkert nema það bezta með þeim, hugleiða það, sem gert

hefur verið, og það, sem ég hef nú rætt, muni þeir sjá, að það er skynsamlegra að bíða, en ná síðan öðru skrefi fljótlega. Og það skref gæti t. d. auðveldlega orðið jafnvel fyrir þann tíma, sem hv. sjálfstæðismenn og hæstv. fyrrv. ríkisstj. vildi setja sér við umr. á Alþ. í apríl s. l. Þetta gæti t. d. orðið um eða strax eftir hafréttarráðstefnuna.

Ég ætla ekki að hafa orð þessi miklu fleiri. En ég vil taka undir þau orð hv. 2. þm. Vestf., að það er mjög mikilvægt, að við Íslendingar stöndum saman í þessu stóra máli okkar, og ég vil skora á hv. sjálfstæðismenn að stíga nú karlmannlegt skref til fulls. Þessi hv. þm. hefur sýnt þá karlmennsku að lýsa því yfir, að hann fylgi útfærslu 1. sept. 1972. Nú væri það skynsamlegast í samræmi við þessi orð hans, þessa áskorun hans, að allt Alþ. skipaði sér um þá till., sem að hefur verið unnið, eins og ég hef hér lýst. Það væri karlmannleg afstaða. Það væri afstaða, sem hver skipstjóri gæti verið hreykinn af, þegar hann yfirgefur sitt sökkvandi skip.

Ég hygg, að það væri nær fyrir hv. Alþ. að ræða hins vegar og móta sér afstöðu til þeirra erfiðleika, sem örugglega eru fram undan. Við skulum gera okkur fulla grein fyrir því, að tilraun verður gerð til þess að beita okkur Íslendinga margvíslegum þvingunum. Það verður áreiðanlega gert af hálfu Breta og Þjóðverja og jafnvel fleiri stórvelda, t. d. á sviði viðskipta. Við gætum jafnvel átt von á því, að Bretar sendu herskip aftur inn í íslenzka fiskveiðilögsögu. Og það er alveg öruggt, ef dæma má af nýlegum fréttum, að við munum mæta erfiðleikum af þessari ástæðu í væntanlegum viðræðum okkar við Efnahagsbandalag Evrópu um viðskiptakjör. Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir, að fiskveiðilögsagan verði ekki notuð þar sem verzlunarvara, og fagna ég því. Ég vildi mjög gjarnan heyra svipaðar yfirlýsingar frá hv. þm. öðrum, þannig að ljóst verði fyrir alheimi, að við stöndum ekki aðeins saman um þá útfærslu, sem verður gerð 1. sept. 1972, heldur stöndum við einhuga saman í þeim erfiðleikum, sem líklega eru fram undan.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er nú í rauninni ekki þörf á því fyrir mig að tala hér langt mál. Ég tel, að þetta mál hafi þegar verið ítarlega rætt hér og í rauninni sé alveg óþarft af hv. þm. Sjálfstfl. að kvarta undan því hér í umr., þó að af hálfu okkar, sem skipum nú meiri hl. á Alþ., hafi þetta mál verið rætt við þá að því marki, sem gert hefur verið. Í rauninni hafa hér farið fram tveir alllangir fundir, sem að mestu leyti eða að mjög verulegu leyti hafa snúizt einmitt um þá till., sem hér er nú til umr., till. þeirra sjálfstæðismanna, en eins og kunnugt er, þegar till. ríkisstj. um landhelgismálið var hér fyrst til umr., þá ræddu fulltrúar sjálfstæðismanna hér fyrst og fremst um þessa till. sína undir þeim dagskrárlið. Ég vakti þá athygli á því, að þá gerðist sá tiltölulega sjaldgæfi atburður hér á Alþ., að 1. flm. þessarar till. flutti hér langa og alveg óumdeilanlega framsöguræðu fyrir þessari till. undir þeim dagskrárlið, þar sem átti að fjalla um till. ríkisstj. Það varð til þess, að ég og hæstv. forsrh., við ræddum hér einnig um þessa till., og síðar urðu hér aftur endurteknar allmiklar umr. um till., þegar hún kom svo aftur á dagskrá síðar. Ég skal ekkert um þetta segja, hvernig tími hefur skipzt á milli aðila í þessum umr., en ekki þætti mér það ólíklegt, að þeir sjálfstæðismenn hefðu talað eins langan tíma, og því fyrr tu sjálfstæðismenn í rauninni ekkert að kvarta undan því, að þessi till. þeirra hafi ekki verið rædd og það á þann hátt, að þeir hafi fengið a. m. k. fulla aðstöðu til þess að tala hér til jafns við aðra. En eins og ég sagði, ég tel í rauninni ekki þörf á því að fara að endurtaka hér, þó að nokkuð sé umliðið, margt af því, sem ég sagði hér í fyrri ræðum mínum um þetta mál. Ég get dregið hér saman nokkur aðalatriðin og svarað þannig hv. 2. þm. Vestf. um leið.

Ég benti á það hér í umr., að ég teldi, að á þessu stigi málsins væri mjög varhugavert að gera samþykkt hér á Alþ., sem beinlínis gæfi til kynna, að við teldum landgrunnið við Ísland afmarkast við 400 metra dýptarlínu. En það er það, sem kemur fram mjög greinilega í þeirra till. Þetta tel ég fyrir mitt leyti mjög varhugavert, og mér finnst ekkert ýta á eftir okkur um það að gefa út slíka tilkynningu. Vel má vera, eins og hér hefur verið vikið að af öðrum ræðumönnum, að samkomulag takist um það á alþjóðavettvangi, að landgrunnsmörkin verði önnur og hagstæðari fyrir okkur, og af því tel ég þetta mjög óheppilegt. Þá hef ég í þessum umr. einnig bent á það, að landhelgismörk, sem miðuð séu við dýptarmörk, dýptarlínu, séu alveg óvenjuleg. Mér er ekki kunnugt um það, að nokkurt land í heiminum hafi landhelgislínu, sem þannig sé ákveðin. Og flm. till. hafa ekki verið færir um að benda á eitt einasta slíkt fordæmi. Ég benti einnig á það í þessum efnum, að það yrði í framkvæmd mjög erfitt fyrir alla aðila, sem hlut ættu að máli, að fylgja eftir slíkum landhelgismörkum. Það hefur líka komið í ljós, þegar þeir sjálfstæðismenn hafa þreytt kapp á ýmsum fundum, þar sem voru menn, sem virkilega eru kunnugir þessum málum, að þá hefur enginn fengizt til þess að taka undir þetta í samþykktum.

Hv. 2. þm. Vestf. var að minnast hér nokkuð á landssambandssamþykktina síðustu. Hann hefði kannske átt að segja svolítið frá því, hvernig umr. fóru fram á því þingi um þetta mál og hvernig ofurkapp nokkurra sjálfstæðismanna á þeim fundi varð að lúta þar alveg í lægra haldi í öllum meginatriðum málsins, m. a. í sambandi við þetta meginsjónarmið. Það vita líka allir, sem þekkja nokkuð til þessara mála, að það er nálega óframkvæmanlegt að ætla að átta sig á slíkum landhelgismörkum.

Þá hef ég einnig í þessum umr. bent á, að það er mjög óheppilegt, að ekki sé meira sagt, að ganga út frá því, að fiskveiðilandhelgi við landið sé mjög misbreið, hún sé á sumum stöðum ætluð 50 mílur, öðrum t. d. 70 og enn öðrum enn þá meira. Þetta mundi alveg óhjákvæmilega leiða til ósamstöðu þeirra, sem við þetta eiga að búa. Þegar á þetta er bent, þá taka þeir sjálfstæðismenn þann kostinn, sem er auðvitað beztur fyrir þá, að minnast ekki á þetta. Ég hef líka bent á það í þessum efnum, að eigi að fylgja jafndýpislínunni miðað við 400 metra dýptarlínur, þá mundi þurfa að færa landhelgina fyrir Suðausturlandi út í 97 mílur frá grunnlínum. Þetta heyra þeir sjálfstæðismenn aldrei, þó að á sé minnzt. Þeir vilja ekki vita þetta. Ef ætti því að hafa jafnbreiða landhelgi, sem fullkomlega tæki þarna út yfir yztu mörk, þá þyrfti raunverulega að færa mörkin nú út í 100 sjómílur. Ég hef líka bent á það og vil endurtaka það í tilefni af því, sem hér hefur komið fram, að hver sá, sem vill kynna sér þau kort, sem bezt liggja fyrir

varðandi dýptarmælingar hér í kringum landið, mun sannfærast um það, að 50 mílna mörkin eru fyrir utan 400 metra dýptarlínuna langvíðast við landið. Það eru aðeins tiltölulega lítil svæði, sem liggja þarna fyrir utan.

Hv. 2. þm. Vestf., sem hér talaði fyrir stuttu síðan, lagði mikla áherzlu á það, að færa þyrfti lengra út og fylgja 400 metra dýptarmörkunum vegna svæðisins frá Faxaflóa til Húnaflóa. Hvernig stendur á því, að hv. þm. segir þetta? Getur verið, að hann viti það ekki, að landhelgismörkin mundu ekki breyta meginveiðisvæðunum út af Vestfjörðum neitt, þó að miðað yrði við 400 metra dýptarlínu? Allt meginsvæðið yrði hið sama, alveg suður undir syðsta hlutann af Vestfjörðum, og það þyrfti enga 400 metra dýptarlínu til þess að fara þar utar. Þar nær 200 metra dýptarlínan talsvert út fyrir 50 mílur. Krafan, sem þeir hafa verið að reyna að spinna upp, þegar þeir finna það, að þeir hafa misst fótanna jafnhrapallega og raun er á í þessu máli, hún er ekki vegna Vestfirðinga eða hagsmuna þeirra.

Það er rétt, að til eru nokkur svæði hér út af Faxaflóa og út af Breiðafirði og allra syðst út af Vestfjörðunum, sem liggja fyrir utan 50 mílna mörkin og einnig út af Suðausturlandi. Hin svæðin eru varla teljandi, svo að þó að miðað væri við 400 metra dýptarlínuna, þá breyttist þetta ekki frá 50 mílna mörkunum nema á örlitlum svæðum.

Ég hafði svo bent á það hér í umr., og það þóttist hv. 2. þm. Vestf. ætla að leiðrétta, að þó að miðað væri við 400 metra dýptarlínu, þá yrðu samt sem áður allþýðingarmikil fiskimið okkar fyrir utan mörkin. Þetta er hárrétt, og ég get endurtekið það, því að það er það réttasta, sem ég veit, og ég hygg, að ég þekki eins mikið til þessara mála og hann. Ég hef einmitt staðið fyrir því að gera út skip á þessar veiðar árum saman og fylgzt með skýrslum um þetta, og væri auðvelt að sýna hv. þm. það, hvernig þessu er varið, að mikill meiri hluti af aðalkarfamiðunum við Ísland liggur fyrir utan þetta svæði. Mikill meiri hlutinn af karfa hefur yfirleitt verið veiddur frá 220—230 föðmum og upp í 300 faðma dýpi. Það er alveg rétt, að nú á síðasta ári gerðist það, að togarar fóru að veiða á gamalkunnum karfamiðum hér djúpt út af Faxaflóa, þar sem karfamiðin hafa legið á þessu venjulega dýpi, sem karfinn er veiddur á, og þeir veiddu talsvert núna innan við mörkin, innan við þessi mörk, af tiltölulega smáum karfa, en samt sem áður veiddu þeir þar karfa. (**MB:** Karfi var það.) Já, karfi var það. En hins vegar er það, að aðalkarfamiðin, eins og ég hef sagt, liggja fyrir utan þetta dýpi, og hv. þm. getur ekki leiðrétt mig neitt í þessum efnum. Það er mesti misskilningur. Ekki einu sinni þetta getur orðið til þess að bjarga í rökstuðningi þessari vonleysistillögu þeirra sjálfstæðismanna í landhelgismálinu, úr því sem komið er.

Hv. 2. þm. Vestf. taldi, að það hefði í rauninni verið hart, að ég hefði farið hér svo rangt með mál og að skýrt hefði verið frá því í fréttamiðlum á eftir og hann hefði ekki komið vörnum við hérna á þingfundi, af því að hann fékk ekki að vera síðastur að tala. Nú hefur hann komið þessari leiðréttingu við, en hún var nú ekki ýkja merkileg að mínum dómi, þessi leiðrétting.

Hann segir, að ég hafi sagt, og það má prýðilega vel rétt vera, að ég hafi komizt þannig að orði, því að ég get ekki séð annað en það sé fullkomlega rétt, að nú vilji þeir sjálfstæðismenn slá því föstu í fyrsta skipti, segir hann, að ég hafi sagt eða eitthvað á þá leið, nú hafi þeir markað þá stefnu, að nú ætti að miða fiskveiðimörkin við 400 metra dýptarlínu, og bætti því síðan við, að þetta væri ekki rétt, því að þeir hefðu sagt þetta áður, og þetta hefði m. a. komið fram í þeirri þáltill., sem þeir hefðu borið fram á síðasta þingi og þá verið samþ. Við skulum bara lesa, hvað segir í þessum efnum. Í till. núna segir:

„Ytri mörk landgrunnsins skulu vera 400 metra jafndýpislína, þangað til mörk þess verða ákveðin með lögum, en þó hvergi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínum."

Þarna er því alveg slegið föstu, að það er 400 metra dýptarlína, sem skal ráða alls staðar þar sem hún fer út fyrir 50 mílna mörkin. Það skal miðað við þetta. En sögðu þeir það í till. sinni frá síðasta þingi? Sögðu þeir það þá? Nei, þar sögðu þeir ekkert nema það, sem mátti skilja á alla vegu, ekkert annað. Það var allt svo loðið. (Gripið fram í.) Já, ég er með hana, ég skal lesa hana líka. Hvað sögðu sjálfstæðismenn þá? Þá sögðu þeir þetta, að lagt skyldi fyrir Alþ. frv. um þessi mál og í því frv. skyldi í fyrsta lagi vera skilgreining á landgrunni Íslands miðað við sem næst 400 metra jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk, sem eru allt önnur, eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki. Sögðu þeir þá, að það skyldi miða við 400 metra dýptarlínu? Þeir sögðu: Hana eða, eða, eða, eða . . . eftir rannsóknir. Þetta var það, sem þeir sögðu. Sem sagt, leiðrétting hv. 2. þm. Vestf. á því, sem ég sagði, sem hann var svona alveg eyðilagður yfir, að hann skyldi ekki geta komið fram, þessi leiðrétting hans er nú af þessari sortinni.

Ég læt mér það svo í léttu rúmi liggja og skil auðvitað mætavel, af hvaða ástæðum slíkar fullyrðingar koma hér fram hjá fulltrúum sjálfstæðismanna, þó að þeir tali um mig og okkur, sem stöndum nú að till. ríkisstj., tali um okkur sem úrtölumenn í landhelgismálinu, menn, sem hiki, þó að það hafi legið skýrt fyrir bæði á síðasta þingi og eins nú, að ágreiningurinn á síðasta þingi á milli okkar og þeirra sjálfstæðismanna var um það, að þá fengust þeir ekki til að segja neitt ákveðið í málinu. Þá var ekki ágreiningur um 50 mílur eða 70 mílur. Þeim var margboðið upp á það að standa t. d. að 70 mílum, en þeir vildu hvorki ganga inn á 70, 50 eða neitt annað. Það er sannleikur málsins. Þeir fengust ekki til að samþykkja neitt annað en það að setja málið í nefnd, láta það í athugun, og svo fékk maður svona veganesti eins og þetta, sem ég hef m. a. mjög færzt undan, að glíma við að ákveða landgrunnið hér miðað við 400 metra jafndýpislínu eða möguleg hagnýtingarmörk. Nú vita allir það, að hagnýtingarmörkin eru langt fyrir utan þetta, langt fyrir utan. Við hvað skal miðað? Nei, þetta var auðvitað sett fram á sínum tíma af þeim, sem virtust halda það, að hagnýtingarmörkin væru öll innan við 400 metra jafndýpislínu.

Já, það hefði auðvitað verið miklu betra að sleppa öllu þessu og segja eitthvað mjög ákveðið, en það fékkst ekki á þeim tíma, það fékkst ekki. Og sannleikurinn er líka sá, að í öllum þeim miklu umr. um þetta mál, sem hér hafa farið fram, bæði á þessu þingi og þeirra þingi, þá hefur það verið svo, að enginn af þm. Sjálfstfl. hefur

nokkurn tíma fengizt til þess að taka undir það að nefna tiltekinn útfærsludag, slá einhverju föstu, fyrr en hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, nú. Nú er hann orðinn þeirrar skoðunar, að það eigi að samþykkja þennan útfærsludag, sem ríkisstj. hefur ákveðið. Ég hugga mig því við það í þessu máli, hvað svo sem líður ýmsum fullyrðingum og hnútuköstum til mín frá þeim sjálfstæðismönnum, að þeir séu nú á leiðinni, eigi eftir að fallast á málið, þeir sjái, hvað þessi afstaða þeirra hefur verið fráleit.

Ég hef saknað þess mjög í þessum umr., að þeir skuli ekki enn þá fást til þess að segja eitt einasta orð um það, sem er eitt meginatriðið í þessu máli, eins og nú er komið, þ. e. að við getum staðið saman um það að segja upp samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja, sem er ein alvarlegasta hindrunin í okkar vegi til þess að koma okkar máli fram. En enn þá hafa þeir sjálfstæðismenn ekki fengizt til þess að segja eitt einasta orð um, hver afstaða þeirra er í þessum efnum. En það vita allir hv. þm., að við komumst ekki langt í deilum okkar við Breta og Vestur-Þjóðverja í þessu máli, svo alvarlegar sem þær deilur eru, ef sá samningur á að vera í þeirra höndum áfram. Það þarf enginn að efast neitt um það. Því er það vitanlega alveg kjarninn í þessu máli, að hægt sé að fá hér fram samstöðu um það á Alþ. að segja þessum samningum upp og stefna síðan að því að stækka landhelgina, eins og ákveðið hefur verið, 1. sept. á næsta ári.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni. Út af fyrir sig mættu þeir gjarnan hafa síðasta orðið í þessu máli, ef það yrði þeim einhver huggun.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég mun nú aðallega ræða 2. og 3. lið þeirrar till., sem hér liggur fyrir, og geri ég það, að ég tel, að gefnu tilefni vegna þess, hvernig hæstv. sjútvrh. tók undir þau ákvæði till., sem þar er að finna, þegar ég ræddi þau lítillega í sambandi við landhelgistillögu stjórnarinnar. Ég vil þó að nokkru víkja að meðferð landhelgismálsins í heild.

Ég tel, að það hafi enn á ný komið í ljós hér í kvöld hjá hv. 1. þm. Vestf., að a. m. k. Framsfl. virðist alls ekki fylgjast með eða gera sér grein fyrir þeirri þróun, sem hefur orðið í þessum málum, ég vil segja hin síðustu ár og sérstaklega hina síðustu mánuði. Hv. þm. benti á, að ekkert ríki hefði miðað sína landhelgi við landgrunn, heldur aðeins tiltekinn mílufjölda. Þetta er rétt, en ég hygg, að þetta stafi fyrst og fremst af því, að þessi ríki öll voru búin að færa út sína landhelgi, áður en sú stefna varð mjög ríkjandi meðal flestra þjóða, að þær vilja helga sér sitt landgrunn. Meira að segja Íslendingar hafa gert um það samþykkt og ákveðið það í lögum að hagnýta landgrunnið og þau auðæfi, sem er að finna á landgrunnsbotninum. Þetta er gert með lögunum frá 1969, eins og ég sagði.

Ég sagði hér við fyrri umr. um landhelgismálið, að ég teldi, að afstaða ríkisstj. í landhelgismálinu væri of veik út á við. Ég gerði þá grein fyrir því, af hverju ég teldi þetta, og er það vegna þess, að ég tel, að sú skoðun sé mjög að verða ríkjandi og þeirri skoðun fari mjög ört vaxandi fylgi meðal erlendra þjóða, að hvert strandríki hafi til þess heimild og mörg þeirra eru þegar búin að ákveða að tileinka sér landgrunnið til nýtingar þeirra auðæfa, sem á landgrunnsbotninum eru. Og ég hygg, að það sé mjög að færast í vöxt, að hægt sé að reikna með því, að ekki einungis þau auðæfi, sem á landgrunnsbotninum kunni að finnast, skuli nýtt af þeim strandríkjum, sem þar eiga hlut að máli, heldur sé það að færast í það horf, að einnig þau auðæfi, sem eru í sjónum yfir landgrunninu, skuli nýtt af þeim þjóðum, sem þar eiga hlut að máli eða strandríkjum og þau fái óskoraðan rétt yfir þessu hafsvæði.

Það er alveg rétt, að það kann vel að vera erfitt að skilgreina nákvæmlega nú í dag, hvar íslenzka landgrunnið liggur. Til þess vantar okkur nákvæmar mælingar. En við höfum þó með lögum ákveðið að nýta auðæfi á landgrunnsbotninum, og eins og við höfum gert það, þá hljótum við eins að geta ákveðið með lögum að nýta þau auðæfi, sem yfir landgrunnsbotninum eru, þ. e. fiskimiðin, sem þar er að finna, þannig að ég tel ekkert meiri vandkvæði á því en þeirri samþykkt, sem Alþ. hefur þegar gert um nýtingu landgrunnsbotnsins.

Ég er sannfærður um það, að hefði verið reynt að ná samstöðu milli allra stjórnmálaflokkanna, áður en farið var að kynna málin nú í haust á erlendum vettvangi, um það, að Íslendingar tækju landgrunnið allt undir sín yfirráð og færðu fiskveiðilögsögu sína út yfir það, þá hefði verið hægt að ná samstöðu um það. Og ég er sannfærður um, að það hefði verið miklu hægara fyrir fulltrúa Íslands á erlendum vettvangi að túlka málið á þeim grundvelli en binda sig einvörðungu við 50 sjómílur.

Hæstv. forsrh. vildi afsaka þetta nokkuð í ræðu, sem hann flutti hér 18. nóv., þegar þessi till. var fyrst til umr., með því, að aðstaðan til að færa út í 50 sjómílur nú væri ekkert veikari en aðstaðan hefði verið, þegar fært var út í 4 mílurnar og síðar í 12 sjómílurnar. Ég tel þetta misskilning hjá hæstv. forsrh. að tala um, að aðstaðan sé ekkert veikari nú. Ég tel hana miklu sterkari. Þó að við séum að stíga þarna miklu stærra skref en við gerðum bæði þegar við færðum út í 4 mílurnar og eins þegar við færðum út í 12 mílurnar, þá hefur álit í heiminum almennt til þessara mála breytzt á þann veg, að ég tel okkar aðstöðu miklu sterkari til að færa landhelgina út, sérstaklega ef við héldum okkur að því að færa hana út yfir landgrunnið og miða fiskveiðimörkin við það.

Það hefur verið hamrað á því hér, að sennilega hafi það ráðið úrslitum kosninga, að stjórnarflokkarnir, sem voru í stjórnarandstöðu fyrir síðustu kosningar, höfðu tiltekið ákveðinn mánaðardag, 1. sept. 1972. Á þetta skal ég engan dóm leggja, en hér hefur verið réttilega á það bent, að a. m. k. Framsfl. getur ekki hrósað þarna miklum sigri. Og ég vil algerlega mótmæla því, a. m. k. fyrir mína hönd, og ég held, að óhætt sé að gera það fyrir hönd allra fulltrúa Sjálfstfl., að við höfum nokkurn tíma haldið því fram, að það ætti að bíða fram yfir hafréttarráðstefnuna með útfærslu landhelginnar. Ég minnist þess mjög vel, að ég hélt því fram í kosningabaráttu á Suðurlandi, að ég væri tilbúinn að standa að útfærslu landhelginnar, þó að það yrði fyrir 1. sept. 1972, ef talin væri nauðsyn á því vegna aukinnar ásóknar á Íslandsmið eða af öðrum ástæðum, þannig að ég lét þá skoðun þegar fyrir kosningar uppi, að ég væri reiðubúinn að standa að slíkri útfærslu, þó að hún yrði fyrir 1. sept. 1972. Ég vil því alveg mótmæla því, að

fulltrúum Sjálfstfl. verði nokkuð brigzlað um það, að þeir hafi viljað bíða svo og svo lengi eða fram til 1973. Ég hygg, að það liggi hvergi fyrir. Við töldum það eðlilegt, að beðið yrði eftir undirbúningsráðstefnunni, sem þá var fyrirhuguð fyrra hluta þessa árs, og séð, hvernig viðhorfið yrði þá, hvað út úr henni kæmi, því að það lá þá nokkuð í loftinu, að stefnubreyting væri að verða í þessum málum. Og ég hygg, að hefði því verið fylgt, þá hefði kannske viðhorfið til málsins í heild farið nokkuð á annan veg og allir stjórnmálaflokkarnir getað orðið sammála um það að haga stefnu þjóðarinnar í þessu máli eins og örugglega er hægast að vinna því fylgi á erlendum vettvangi nú í dag, en það er með því að halda sig að landgrunnsmörkunum, en ekki ákveðnum mílufjölda. Ég er alveg sannfærður um, að það hefði létt baráttuna á erlendum vettvangi mikið fyrir íslenzku fulltrúunum, hefði þetta sjónarmið legið fyrir og allir flokkar staðið á bak við slíka ákvörðun.

Ég skal, eins og ég gat um í upphafi, snúa mér að því, sem ég ætlaði nú að gera aðallega að umræðuefni hér. Hv. 1. þm. Vestf. sagði, að enginn ágreiningur væri um 2., 3., 4. og 5. lið till. Hann taldi engan ágreining um þá, en því miður tel ég, að annað hafi komið í ljós hjá hæstv. sjútvrh., þegar þetta mál var rætt hér fyrr eða 18. nóv., eins og ég sagði áðan. Ég mundi einnig telja það mjög mikils virði fyrir fulltrúa þjóðarinnar, sem þurfa að túlka þetta erlendis, ef Íslendingar sjálfir vildu sýna það og sanna með beinni samþykkt frá Alþ., að þeir væru reiðubúnir að gera friðunarráðstafanir ekki einasta utan við 12 mílurnar, eins og gert er ráð fyrir í till., heldur einnig innan við 12 mílurnar. Þetta mundi að mínum dómi setja allt annan og miklu betri blæ á málið, ef allar þjóðir fengju um það vitneskju, að okkur væri full alvara í því sambandi við það skref, sem við erum að stíga í þessum málum, að miða fyrst og fremst aðgerðir okkar við friðunarráðstafanir til þess að vernda fiskistofnana hér á landgrunninu, en ekki að ofnýta þá, hvorki af okkur sjálfum né leyfa öðrum þjóðum að gera það.

Sá atburður hefur orðið síðan þetta mál bar hér á góma síðast á Alþ. í sambandi við friðunarráðstafanir, — og á ég þar við 2. liðinn, að ákveðin skuli friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks á landgrunninu og út að ytri mörkum þess, — að forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, Ingvar Hallgrímsson, kom fram í sjónvarpsviðtali við fréttamann 22. nóv., og þar var hann spurður einmitt um þetta atriði. Fréttamaðurinn spyr: En hve alvarlegt er þetta seiða- og smáfiskadráp í raun og veru? Hve mikið er í húfi? Þetta er spurning fréttamanns sjónvarpsins. Svar forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar var þannig, með leyfi forseta:

„Ég held, að það sé mjög mikið í húfi. Við getum tekið t. d. þorskárganginn frá 1964, sem var mjög stór. Hann var byrjað að veiða hér við land 1968, en í svo miklum mæli, að af þeim smáfiski, sem var veiddur við landið, af smáþorski, var helmingurinn árgangurinn frá 1964, og þessu hefur verið haldið áfram. Við bjuggumst við því, að þessi fiskur kæmi fyrst til hrygningar á síðustu vetrarvertíð hér sunnan- og vestanlands, en hann kom ekki. Og það læðist náttúrlega að sá grunur, að það hafi einmitt verið vegna þess, hve mikið hafi verið gengið á hann, á meðan hann var ókynþroska. Athuganir Kanadamanna staðfesta þetta líka eða ganga í sömu átt. Þar var þessi árgangur mjög sterkur, þorskurinn frá 1964, og var mikið veiddur utan við strönd Kanada 1967, þegar hann var þriggja ára. Þá veiddu Rússar mjög mikið af honum, en svo tveimur árum síðar, 1969, þegar hann var fimm ára, þá fannst hann svo til ekki. Hann hafði allur verið urinn upp sem ókynþroska fiskur og fannst yfirleitt ekki á miðunum eða í sáralitlum mæli. Og þetta er náttúrlega mikið víti til varnaðar."

Þetta segir forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar íslenzku í sjónvarpsviðtali 22. nóv. s. l. Ég tel, að ráðamönnum þjóðarinnar beri bein skylda til þess að taka tillit til þeirrar afstöðu, sem þarna kemur fram, og álits þessa fiskifræðings okkar.

Hæstv. sjútvrh. taldi, að við gætum raunar ekkert í þessum málum gert í sambandi við friðun uppeldisstöðva ungfisks fyrir Norðausturlandi nema fyrir lægi álit fiskifræðinga. Hann taldi, að það væri ágreiningur um þetta. Aðallega væru það erlendir fiskifræðingar, sem þarna stæðu í veginu, en þegar fram kemur jafnskýlaus yfirlýsing frá forstöðumanni Hafrannsóknastofnunarinnar íslenzku, þá tel ég, að ráðamönnum íslenzku þjóðarinnar beri að taka fullt tillit til þess og stíga það skref, sem þarna er lagt til í þeirri till., sem hér er til umr., og sjálfsagt fyrst og fremst vegna þess, að þar kemur greinilega fram mjög ákveðinn ótti við það, að við séum þegar búnir að ganga of langt, hvað þá ef við höldum þessum ótakmörkuðu veiðum áfram, eins og nú á sér stað. Ég tel því, að einmitt þessi liður mundi vinna landhelgismálinu og fiskveiðimálum okkar í heild gagn, að tryggja, að fiskurinn fái að alast upp og verði síðan veiddur, þegar hann er orðinn fullþroska eða kominn á það stig, þegar eðlilegt er, að hann verði veiddur. Einnig er ég sannfærður um, að þetta mundi vekja almenna athygli erlendis, ef Íslendingar stigju þetta skref að byrja jafnhliða ákvæðum um útfærslu landhelginnar að gera beinar friðunarráðstafanir, sem að sjálfsögðu kæmu við þeirra fiskveiðar eins og annarra þjóða á þessu svæði.

Um 3. liðinn, friðun hrygningarsvæða, taldi hæstv. ráðh. einnig, að ekki væri samdóma álit fiskifræðinga og þess vegna væri erfitt að gera nokkrar ráðstafanir í sambandi við það. Ég skal alveg viðurkenna, að fiskifræðingar hafa þar verið íhaldssamari en þarna kemur fram í þessu áliti, sem ég var nú að lesa. Hins vegar er ég sannfærður um það, að einnig í sambandi við friðun hrygningarsvæða fyrir Suðurlandi og Suðvesturlandi og víðar er að verða stefnubreyting hjá fiskifræðingunum. Ég tel orðið mjög athugandi, hvort við séum ekki einnig þar að ganga of langt og séum farnir að stunda rányrkju á hrygningarsvæðunum. Þeir hafa enn þá ekki viljað láta hafa eftir sér beinar yfirlýsingar um þetta, en ég hygg, að þeirra afstaða sé, sem betur fer segi ég, einnig að breytast í því sambandi, þannig að ég tel, að ráðamenn þjóðarinnar eigi nokkuð að leggja upp úr því að kanna það til hlítar, hvort þessar ráðstafanir eru ekki einnig jafnnauðsynlegar og nú liggur ljóst fyrir, að fiskifræðingar telja að friðun á hrygningarsvæðum eða uppeldisstöðvum ungfisks sé.

Ég skal nú ekki tefja þessar umr. meira. Þær eru orðnar alllangar, eins og eðlilegt er. Hér er um stórmál að ræða, landhelgismálið í heild, en ég vil aðeins und-

irstrika það, sem ég sagði í upphafi, að ég harma það, að ekki skuli hafa náðst þegar áður en þing kom saman samstaða milli stjórnarflokkanna um að hafa eitt sjónarmið í málinu til túlkunar á erlendum vettvangi, en mér vitanlega var ekki reynt af núv. ráðamönnum að ná slíku samkomulagi. Eina samþykktin, sem gerð hefur verið um þetta, þó að það væru einnig tvö sjónarmið þar, er samþykktin, sem gerð var á s. l. vori. Hún er mér vitanlega enn í fullu gildi, og þar er landgrunnsstefnan fyrst og fremst túlkuð. Það má að sjálfsögðu snúa á marga vegu út úr því, þegar menn eins og hæstv. sjútvrh. vilja hafa sig til þess, það má vitanlega snúa út úr öllum málum, en grundvallarsjónarmiðið er það, að við tileinkum okkur landgrunnið allt, þegar útfærslan á sér stað. Það átti að vera meginverkefni þeirrar nefndar, sem átti að semja lög um landgrunnið, svo að þetta er ekkert nýtt mál. Þetta er sú eina samþykkt, sem enn þá er í gildi í sambandi við þessi mál, og hefði vissulega verið betra og heillavænlegra fyrir alla aðila og þjóðina í heild, að allir flokkar hefðu getað sameinazt um þá stefnu, sem Alþ. tók s. l. vor og enn þá er í fullu gildi.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. og 3. þm. Sunnl. hafa í ágætum ræðum hér í kvöld gert mörgum þáttum þessa máls svo glögg skil, að ég þarf miklu minna út í þetta að fara en ella. En þó eru hér nokkur atriði, sem ég vil leyfa mér að minnast á.

Það hefur komið fram í ræðum hæstv. sjútvrh. og raunar fleiri hv. þm., einkum hv. 1. þm. Vestf., hér í kvöld, að margvíslegir annmarkar séu á till. á þskj. 56 um að miða við landgrunnið, ýmist er þetta óframkvæmanlegt, svo að maður noti nú margendurtekin ummæli hæstv. ráðh., eða það væri meira glapræði en orð fá lýst, svo að maður noti orðalag hv. 1. þm. Vestf. Ég skal minnast hér á nokkur þessara atriða, sem eiga að gera þetta svona óframkvæmanlegt glapræði, og fyrst er það, sem hæstv. ráðh. þreytist aldrei á að endurtaka, að með því að miða við 400 metra jafndýpislínu, þá sé línan svo hlykkjótt og óljós og erfitt að finna hana, að það sé ógerningur við hana að miða. Ég vil nú fyrst taka það fram, að hæstv. forsrh. hefur í rauninni tekið af mér ómakið og svarað þessum fullyrðingum hæstv. sjútvrh., vegna þess að í ræðu hæstv. forsrh. hér um daginn, þá hafði hann, með leyfi hæstv. forseta, þessi orð um till., sem hér liggur fyrir:

„Ég hika ekki við að segja það, að ef þessi till. hefði komið fram síðastliðinn vetur, þá hefði það a. m. k. verið tekið til rækilegrar athugunar, hvort allir flokkar hefðu ekki getað náð saman um eitthvert svipað sjónarmið og svipaða stefnu og í þessari till. segir."

Hæstv. forsrh. hefur allt önnur rök gegn till., sem ég skal koma að síðar, en rök hans á móti till. eru ekki þau, að línan sé svo óljós, að línan sé svo hlykkjótt, að hún sé óframkvæmanleg, eins og hæstv. sjútvrh. endurtekur hér ræðu eftir ræðu. Alls ekki, engan veginn. Ég skal hins vegar ekki einungis leiða hæstv. forsrh. til vitnis, og hans ummæli eru hér alveg ótvíræð, því þó að þau séu svona orðuð, eins og ég las, þá eru þau náttúrlega áminning til hæstv. sjútvrh., að yfirmaður hans í ríkisstj. taki ekkert mark á því, sem hann hefur verið að halda fram til þessa. En varðandi það, að línan sé svo hlykkjótt eftir 400 metra jafndýpinu, að hún sé óframkvæmanleg, þá vil ég nú fyrst geta þess, að í hálfa öld, eða fram til 1950, þá höfðum við nú hér þriggja mílna landhelgi, og hún var ekki dregin út frá grunnlínupunktum, heldur fylgdi hún ströndinni. Þetta var allt meira og minna vogskorið, hún var ákaflega hlykkjótt og bugðótt, þræddi firði og víkur og voga. Það heyrðist aldrei orð um það, að það væru einhverjir sérstakir örðugleikar, hvorki fyrir fiskiskip né varðskip, að átta sig á þessari línu. Ef einhver hæfa væri í þessum ummælum hæstv. ráðh., þá hefði sú lína átt að vera gjörsamlega óframkvæmanleg, ekki nokkur lifandi leið að framfylgja henni, en henni var nú framfylgt í hálfa öld, og voru mörg fiskiskipin dregin til ábyrgðar og dæmd, vegna þess að þau höfðu veitt innan hennar og engir erfiðleikar sérstakir í sambandi við staðarákvörðun eða sannanir. Varðandi hins vegar þá línu, er dregin yrði, ef miðað yrði við 400 metrana, þá fer því svo fjarri, að sú lína yrði hlykkjótt, svo hlykkjótt, að það valdi nokkrum minnstu örðugleikum.

Ég vil endurtaka það, sem ég hef sagt hér áður og sem ég ætlast til, að hæstv. ráðh. taki til athugunar, vegna þess að það heyrir undir hann að framkvæma þessi mál. Það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því og er skýrt tekið fram strax í grg. fyrir landgrunnslögunum 1948, að að því leyti sem miðað yrði við landgrunn, þ. e. dýpi, þá yrði auðvitað að draga beina línu yfir djúpála, og í rauninni veit hver einasti maður, sem eitthvað kynnir sér þetta, að ef till. okkar um að miða við ákveðið dýpi yrði samþykkt, þá yrði vitanlega framkvæmdin sú, að ákveðnir yrðu grunnlínupunktar miðaðir við lengd og breidd og miðað út frá þeim og dregnar beinar línur þar á milli. Í núgildandi reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands frá 11. marz 1961 eru taldir upp þeir grunnlínupunktar, sem draga skal beinar línur á milli. Þeir eru 38 að tölu auk Kolbeinseyjar og Kaldbaks, og þeim er lýst hverjum einasta af þessum grunnlínupunkti með ákveðinni norðlægri breidd og ákveðinni vestlægri lengd. Sá fyrsti er Horn, 66° o. s. frv. norðlægrar breiddar, 22° o. s. frv. vestlægrar lengdar. Alveg á nákvæmlega sama hátt yrði þetta framkvæmt. Sjómælingar og Landhelgisgæzlan mundu auðvitað ákvarða, hvar á þessari 400 metra jafndýpislínu ætti að ákveða grunnlínupunktana með nokkru millibili, draga þar yfir djúpála, alveg eins og nú eru dregnar grunnlínur beint yfir og fyrir voga og víkur, þannig að hér er ekki nokkur minnsti vandi á ferð. Sjómælingar Íslands hafa að beiðni okkar flm. dregið upp á kort, hvernig þetta kæmi út eftir okkar till. Þetta er ákaflega auðvelt. Ákaflega auðvelt. Þessi ummæli hæstv. ráðh. eru því gjörsamlega úr lausu lofti gripin, og vegna þess hvors tveggja, að hann er ákaflega kunnugur útvegsmálum og hins, að hann er sjútvrh., sem fer með landhelgismálin, þá er það alveg óverjandi að standa hér í ræðustólnum og halda þessu atriði fram hvað eftir annað.

Hæstv. ráðh. segir einnig hér, að það hafi enginn maður, sem fengizt hafi við sjávarútveg, skipstjóri, útvegsmenn eða aðrir, fengizt til þess að verja á fundum þessa till. okkar, þannig að það væri framkvæmanlegt að miða við jafndýpislínu. Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. meinar með því að segja þetta um þá útvegsmenn og sjómenn, sem standa að samþykktum úr ýmsum byggðarlögum á Vestfjörðum, Vesturlandi, Vestmannaeyjum og víðar, samþykktum um að miða við

400 metra jafndýpislínu. Er hæstv. ráðh. að bera það á alla þessa mætu menn, sem hafa í mörgum útvegsmannafélögum gert ákveðna samþykkt í þessa átt, að þeir hafi bara ekkert vit á þessum hlutum?

Svo kemur ein röksemdin enn: Eftir till. sjálfstæðismanna, þá þurfum við bara að fara með landhelgina út í hvorki meira né minna en 97 mílur út frá Suðausturlandi. Nú, ég býst við, að þetta fari nokkuð nærri, vegna þess að landgrunnið nær það langt út. En að hugsa sér það, að fara 97 mílur út! Þetta endurtekur hæstv. ráðh. hvað eftir annað. Er það svo óttalegt, þó að fiskveiðilandhelgi okkar næði á einhverjum stað út í 97 mílur? Ég sé bara ekkert hættulegt við það. Þvert á móti.

Ég vil endurtaka það hér, sem ég sagði í minni framsöguræðu, að mér hafa tjáð bæði reyndir fiskimenn og starfsmenn Landhelgisgæzlunnar, að þeir telji engu meiri örðugleika að staðsetja skipin eða setja sig út á kort miðað við jafndýpislínuna, eins og hún verður að sjálfsögðu dregin, en við 50 mílur. En það er svo furðulegt með hæstv. sjútvrh., að hann reynir að gera þetta allt saman óframkvæmanlegt í augum manna, alveg eins og hann leggst í rauninni á móti till. okkar um friðun, hvort sem er innan 12 mílna eða utan, og ég verð að segja það eftir þessar umr., að þau ummæli, sem hæstv. forsrh. hafði hér um daginn um útlumenn í landhelgismálinu, þau hitta engan mann frekar en einmitt hæstv. sjútvrh., því að hér kemur hann upp í ræðustólinn og heldur hverja ræðuna eftir aðra til þess að telja úr og telja úr, telja okkur af því að ákveða nokkuð í friðunarmálunum, telja okkur af því að friða allt landgrunnið eða miða landhelgina við allt landgrunnið.

Önnur röksemd, sem hér kemur fram, er sú, bæði frá hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Vestf., að þetta hafi bara engin þjóð gert önnur, að miða við dýpi í staðinn fyrir ákveðna mílu. Allar aðrar þjóðir miði við ákveðna mílu, þess vegna megum við ekki miða við neitt annað. Hafa þessir hv. þm. og hæstv. ráðh. gleymt því, að við byggjum allan okkar málflutning á því, að við höfum algjöra sérstöðu, Íslendingar. Við bendum á það, að engin þjóð önnur er jafnháð fiskveiðum og við, að okkar aðstaða vegna okkar efnahags, vegna okkar legu, vegna okkar eylands og okkar fiskimiða skapar okkur algjöra sérstöðu í heiminum. Er það þá eitthvað undarlegt, þó að við höfum einnig sérstöðu í því, hvernig við viljum marka okkar landhelgi? Mér finnst það fjarstæða ein að halda því fram, að vegna þess að aðrar þjóðir miði við ákveðna mílutölu, þá megum við ekki miða við það, sem okkur er eðlilegast og rökréttast og sigurstranglegast í okkar baráttu, sem sagt við landgrunnið sjálft, sem er hluti af landinu.

Það er gefið í skyn hvað eftir annað af hæstv. sjútvrh., að till. okkar sjálfstæðismanna feli það í sér að ákveða, að mér skilst, til allrar frambúðar, að landgrunnið skuli ekki ná lengra út en að 400 metra dýpi. Hér er nú heldur langt gengið með þessum málflutningi, þar sem það er skýrt tekið fram í till., að ytri mörk landgrunnsins skuli vera 400 metra jafndýpislína, þangað til mörk þess verða ákveðin með lögum, og það er gert ráð fyrir því í till., að þessi lög um ytri mörk landgrunnsins verði ákveðin á þessu þingi. Hins vegar varð að sjálfsögðu í þessari till. að taka afstöðu til þess, hver jafndýpislínan skyldi vera nú þegar, en um leið, að hin ytri mörk skyldu ákveðin nánar með lögum, og gert ráð fyrir, að þau verði sett á þessu þingi. En ég verð að segja annað í þessu sambandi. Sú ályktun, sem síðasta Alþ. samþykkti um nefndarkosningu til að semja lög um landgrunnið, er enn í gildi, og þessi nefnd er enn við lýði. Formaður hennar er hæstv. sjútvrh. Það er öllum kunnugt, og hann viðurkenndi það í rauninni hér í ræðu sinni áðan, að þessi nefnd hefur ekki starfað, og ég vil bara leyfa mér að ætla það, að formaður þessarar nefndar skuli bregðast þannig þeirri skyldu, sem Alþ. hefur falið honum, að starfa í þessari nefnd og stjórna henni til þess að hraða sem mest undirbúningi löggjafar um hin ytri mörk landgrunnsins. Ef hæstv. ráðh. telur, að þetta sé ekki framkvæmanlegt, vegna þess að það sé ekki hægt að ákveða, hver séu hagnýtingarmörk o. s. frv., eins og hann var að tala um hér áður, þá ætti hann að segja sig úr þessari nefnd og lýsa því yfir, að hún gæti ekki starfað. Það hefur hann ekki gert. Hann hefur tekið að sér að vera formaður þessarar nefndar og á honum hvíla skyldur, sem hann hefur hingað til vanrækt.

Ég þarf ekki að endurtaka þau rök, sem hér hafa verið færð fram fyrir landgrunnsstefnunni, þeirri ákveðnu skoðun okkar flm. og sannfæringu, að það sé skynsamlegra fyrir þjóðina og sigurvænlegra á erlendum vettvangi að miða nú strax við landgrunnið fyrst um sinn, miða við 400 metra jafndýpislínu, þó hvergi nær landi en 50 mílur, það sé skynsamlegra en að miða við 50 mílurnar einar. Þau rök þarf ég í rauninni ekki að endurtaka.

Hæstv. sjútvrh. leyfir sér í síðustu ræðu sinni að viðhafa þau orð, að það séu í rauninni tiltölulega lítil svæði, sem eftir till. okkar mundu falla undir landhelgina, svæði, sem eru innan 400 metra dýptarlínunnar, en utan 50 mílna, tiltölulega lítil svæði. Hvað eru þetta lítil svæði? Þetta svæði er um 27 000 km². Það, sem mundi falla undir landhelgina eftir okkar till., en ekki eftir till. ríkisstj., eru 27 000 km², en fram til 1950, þegar fyrst voru lagfærðar grunnlínur fyrir norðan, þá var öll landhelgi Íslendinga 25 000 km². Með öðrum orðum, munurinn á till. okkar og ríkisstj. er m. a. sá, að landhelgin mundi fá öllu stærri viðbót en öll landhelgin var í kringum Ísland fram til 1950. Þetta kallar hæstv. sjútvrh. tiltölulega lítil svæði.

Rökin, sem hér hafa komið fram auk þeirra, sem ég hef nú svarað, eru þau, að stefnan sé mörkuð af hálfu hæstv. ríkisstj. og þess vegna megi ekki hrófla við því, það væri hið mesta glapræði. T. d. orðaði hv. 1. þm. Vestf. þetta svo hér í kvöld, eins og ég minntist á áðan, að ef við ætluðum að fara nú t. d. út í 70 mílur, þá væri það meira glapræði en orð fá lýst. Nú hefur þessi hv. þm. nýverið setið ráðstefnu suður í Afríku, sem hann sjálfur minntist á í sinni ræðu, og þar gerðust ákaflega merkir atburðir, eins og frá hefur verið skýrt opinberlega, sérstaklega af félaga hv. þm., ferðafélaga hans. Í upphafi virðist hafa verið ætlun þeirra Afríkumanna að miða við 12 mílur, en þegar Íslendingar höfðu skýrt málin fyrir þeim, þá breyttu þeir afstöðu sinni og fóru upp í 212 mílur í staðinn. Það var náttúrlega ágætur árangur og sýnir, hversu áhrifamikið er að senda vaska menn til að kynna okkar málstað. En mér er spurn: Þegar nú vinir hv. þm. í Afríku hafa tekið svo vel undir mál hans og hafa ákveðið að fara út fyrir 200 mílur,

ættu þeir nokkuð að bregðast stuðningi sínum við okkur, þó að við t. d. færum út í 70? Ég fæ ekki skilið það, að þær þjóðir, sem á annað borð standa með okkur, mundu hrökkva við og hætta við að styðja okkar, ef við færum úr 50 mílum og upp í 70. Hitt er auðvitað sjálfsagt að taka til athugunar, hvort það er virkilega svo, að það mundi skapa okkur óþægindi á erlendum vettvangi, ef nú yrði breytt til og ákveðin 400 metra dýptarlína, þó hvergi nær landi en 50 mílur, í stað þess, sem ríkisstj. hefur boðað, og í rauninni var þetta nú að verulegu leyti inntak í ræðu hæstv. forsrh. hér um daginn.

Ég hef áður minnzt á það, þegar ég flutti framsögu fyrir þessari till., að ég hef skilið það svo, að fulltrúar ríkisstj. á erlendum vettvangi hafi í ræðum sínum og kynningu fyrst og fremst lagt áherzlu á landgrunnið, en ekki fyrst og fremst á 50 mílurnar, og ég vitnaði hér í ræðu minni í fyrsta lagi í hæstv. utanrrh. á fundi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, þar sem hann talar um landgrunnið og 50—70 mílur. Hæstv. utanrrh. nefndi 70 mílur þar í sinni ræðu, en hv. 1. þm. Vestf. segir, að það væri meira glapræði en orð fá lýst að fara upp í 70. Sama er sagan um Hans G. Andersen sendiherra í ræðum hans í Genf, og þannig mætti lengi telja, að málið hefur á erlendum vettvangi fyrst og fremst verið kynnt með okkar miklu þörf og sérstöðu okkar Íslendinga og á grundvelli landgrunnsins fyrst og fremst og meira en 50 mílnanna. Þess vegna held ég, að það geti ekki verið ástæðan fyrir því, ef hv. stjórnarflokkar neita að ganga inn á okkar sjónarmið í þessu. Það er eitthvað allt annað. Þá er það eitthvert flokkspólitískt sjónarmið eða einhver metnaður eða þrákelkni, því að það er auðvitað fjarstæða einber, að dómur þjóðarinnar í kosningunum hafi skuldbundið stjórnarflokkana til að miða við 50 mílur og ekkert annað. Hv. 1. þm. Vestf. kom inn á þetta nú seinast. Það væri skylda þeirra. Mér er spurn: Hefur íslenzka þjóðin í kosningunum í sumar ákveðið það, að ekki mætti fara út fyrir 50 mílur? Var hún spurð um það á þeim grundvelli? Mér finnst þetta hrein blekking og í rauninni fölsun á úrslitum kosninganna að leggja málið þannig fyrir. Það má auðvitað segja, að þjóðin eða meiri hl. hennar hafi samþykkt það að færa landhelgina út verulega og ekki minna en 50 mílur. En að láta sér detta í huga að túlka kosningaúrslitin þannig, að hún hafi bannað að fara út fyrir 50 mílur! Hvernig dettur nokkrum hv. þm. í hug að halda slíkri fjarstæðu fram?

Við flm. höfðum gert okkur vonir um það, þegar við lögðum fram till. okkar, að hljómgrunnur mundi verða fyrir því hjá hv. stjórnarflokkum að reyna að finna hér samkomulagsleið. Því miður benda ræður hv. stjórnarsinna og þá alveg sérstaklega hæstv. sjútvrh. ekki til þess, að það eigi að víkja hársbreidd frá því, sem í till. ríkisstj. felst, og ef sú er ástæðan, að nú sé búið að kynna 50 mílurnar svo rækilega úti um heim, að þess vegna megi ekki snúa við, þá verður manni óhjákvæmilega á að spyrja: Hafa þá vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. verið heppileg miðað við íslenzka hagsmuni? Hefði þá ekki verið heppilegra, að hún, strax eftir að hún var mynduð, hefði reynt til þrautar samstöðu allra flokka og allra þm. og þá fyrst og fremst með því að kveðja Alþ. saman þá þegar til þess að fjalla um þetta mikla mál? Það má vera, að sú aths. kæmi fram, að slíkt hefði ekki verið hægt, þá hefðu fjöldamörg önnur vandamál blandazt þar inn í. Ég tel víst, að það hefði mátt ná samkomulagi allra stjórnmálaflokka um það, að á slíku aukaþingi, sem hefði verið kallað saman, yrði rætt eingöngu um landhelgismálið. Ekkert annað. Það hefðu verið hyggileg vinnubrögð af hálfu ríkisstj. til þess að reyna að marka samstöðuna, og eftir því sem orð hafa fallið nú hjá hæstv. forsrh., þá virðist það hafa verið líklegt, ef slíkt hefði verið gert. Ég harma það, að þetta hefur ekki verið gert, og í rauninni verð ég að viðurkenna, að það hefur ekki verið reynt af hálfu stjórnarflokkanna, það hafa ekki verið gerðar tilraunir, sem æskilegar hefðu verið, til samstarfs í þessum málum. Það er eitt atriði, þar sem ríkisstj. hefur gengið til móts við óskir Sjálfstfl., og það er að taka ekki formlega og endanlega ákvörðun um uppsögn brezku samninganna og þýzku samninganna, fyrr en Alþ. fjallaði um þá. Þetta var virðingarvert spor, en lengra hefur svo samkomulagsviljinn tæpast náð.

Það hefur verið gagnrýnt hér, að hæstv. ríkisstj. skyldi leggja fram landhelgistillögu sína frá orði til orðs óbreytta frá því, sem hún var flutt í vor af þeim og felld eða réttara sagt vísað frá með rökstuddri dagskrá, að leggja hana fram frá orði til orðs þá sömu og ætlast svo til þess, að þeir þm., sem voru búnir að greiða atkv. á móti henni, greiði nú atkv. með henni orðréttri. Þetta voru náttúrlega ekki hyggileg vinnubrögð eða heppileg, ef átti að ná samstöðu um málið. Þó hafði maður vonir um það, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar mundu reyna að ná samkomulagi, þegar málið kæmi til n., og vissulega hafa ummæli hæstv. forsrh. a. m. k. á fyrri stigum gefið tilefni til þess. Þær vonir um samstöðu í n. eru náttúrlega orðnar svo miklu minni eða þær vonir, að eitthvert tillit verði tekið til sjónarmiða minni hl. Þær vonir hafa daprazt mjög við ræðuhöld hæstv. sjútvrh., og því miður virðist það svo í flestum málum hér, að það séu sjónarmið hans og hans flokks, sem eru ráðandi.

Hæstv. sjútvrh. endurtók hér enn einu sinni spurningu um það, hver væri afstaða sjálfstæðismanna til samninganna við Breta og Þjóðverja frá 1961. Hann segir það enn þá einu sinni, að það sé kjarni þessa máls að segja upp þeim samningum, vegna þess að þeir samningar séu meginþröskuldurinn í vegi fyrir útfærslu. Hæstv. forsrh. tók undir það sjónarmið, sem bæði ég og fleiri hafa haldið fram hér, að þó að samningurinn standi, þó að hann stæði áfram, þá getum við fært út okkar fiskveiðilögsögu, og sú útfærsla stendur í fullu gildi, meðan málið er fyrir dómstólnum, meðan málið er fyrir alþjóðadómi, sem vafalaust mundi taka mörg ár. M. ö. o., það er enginn þröskuldur í vegi fyrir að taka ákvörðun um það að færa út, og þessi útfærsla mundi standa árum saman. Hún mundi standa í fyrsta lagi þangað til dómurinn er kveðinn upp, náttúrlega áfram, ef dómurinn fellst á afstöðu Íslendinga, annars ekki. Hæstv. forsrh. tók undir þennan skilning okkar. Ég vil segja, að það er ákaflega mikill misskilningur og í rauninni háskalegur misskilningur að ætla að telja fólki trú um það, að meginkjarni landhelgismálsins sé sá, hvort þessum samningum er sagt upp eða ekki. Það er það ekki. Því fer fjarri. En ég vil þá á móti spyrja hæstv. sjútvrh. einnar spurningar. Fyrst hann telur þetta kjarna málsins, er hans afstaða þá sú, að verði samn-

ingunum ekki sagt upp, þá þori hann ekki að fara í útfærsluna?

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði áðan, að hann þekkti meira til karfaveiða en ég og það væri nú meira að marka, hvað hann segði um þessi mál en ég. Ég vil nú ýmislegt gera fyrir hæstv. sjútvrh., m. a. skal ég láta það eftir honum, að hann viti miklu meira um karfaveiðar en ég og að ég viti bara tiltölulega mjög lítið um þær. Svo vonast ég til þess, að hann gangi nú til samkomulags við mig um það eftir þessa yfirlýsingu, að Gunnar Auðunsson skipstjóri viti nú enn meira en hæstv. sjútvrh. og ég til samans. Hann segir í viðtali við Morgunblaðið 2. nóv.:

„Verði útfærsla íslenzku landhelginnar bundin við 50 sjómílur, munu karfamið togaranna okkar lenda utan landhelgi. Aðalkarfamið togaranna eru vestur af Jökultungu, norður fyrir Víkurál", sagði Gunnar Auðunsson, og hann bætti við: „Á þessu svæði fást um 80% af karfanum utan 50 mílna, en sáralítið veiðist utan 400 metra dýptarlínunnar."

Að vísu dró hæstv. ráðh. svolítið í land. Hann sagði, að karfi hefði nú fengizt, en hann hefði verið smár, en karfi var það samt. Læt ég svo útrætt um karfaveiðar við hæstv. ráðh. í bili.

Hv. 5. þm. Reykv. svaraði hæstv. ráðh. ítarlega í sambandi við samkomulagið við Breta og Vestur-Þjóðverja frá árinu 1961. Ég verð nú að segja eins og er, að það er orðið þreytandi að hlusta á þessar fullyrðingar hæstv. sjútvrh. í sambandi við samkomulagið við Breta. Það er eins og þetta samkomulag sé einhver þrándur í götu þess, að hægt sé að taka þá mikilvægu ákvörðun að færa landhelgina út. Hvað er þetta samkomulag? Hvað er eftir af þessu samkomulagi? Jú, þetta samkomulag er í fjórum greinum. 1. gr. er sú, að ríkisstjórn Bretlands fellur frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínu samkv. 2. gr. þessa samkomulags, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.

2. gr. samkomulagsins er, að grunnlínur þær, sem miðað er við í 1. gr., verði hinar sömu og ákveðnar eru í reglugerð nr. 70 frá 30. júní 1958 með þeim breytingum, að grunnlínur verði dregnar milli eftirfarandi punkta, eins og þá kemur til. Landhelgi Íslands var með þessu samkomulagi stækkuð. Þetta er orðinn hlutur og er löngu orðinn að veruleika. Allt var þetta okkur til mikils góðs.

3. liðurinn er, að í þrjú ár frá dagsetningu þess svars, sem íslenzku ríkisstj. barst við orðsendingu sinni, þá mun hún ekki hindra, að skip, sem skrásett eru í Bretlandi, stundi veiðar á svæði milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögu, sem um getur í 1. og 2. gr., á tilteknum svæðum og tímum, sem upp eru talin. Þetta er líka löngu liðið.

Þá kemur 4. atriðið. Á áðurgreindu þriggja ára tímabili er þó skipum, sem skráð eru í Bretlandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðinu milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögunnar, sem um getur, á eftirtöldum svæðum, eins og þá er talið upp. Það er líka búið að vera.

Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara. (Gripið fram í.) Ég er ekki búinn. Það verður að taka þessu rólega. Það liggur ekkert á. — Og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins.

Það er hægt að tilkynna útfærslu fiskveiðilögsögunnar hvenær sem er með sex mánaða fyrirvara. Þetta hefur íslenzka ríkisstj. og Alþ. í hendi sér að gera, og það er hægt að færa út lögsöguna, hvað sem Bretar eða Vestur-Þjóðverjar segja. En þeir eiga aftur rétt á því að skjóta þessu máli til Alþjóðadómstólsins eða við, ef við viljum.

Núv. hæstv. ríkisstj. tók upp viðræður við stjórn Bretlands og stjórn Vestur-Þýzkalands á s. l. hausti, og hún sendi hæstv. utanrrh. til þeirra viðræðna. Hún sagði ekki upp þessu samkomulagi um leið og hún óskaði viðræðna við þessar stjórnir. Þessar viðræður hafa farið fram, og ég veit ekki betur en að þeim sé ekki lokið. Eigum við þá jafnframt, á meðan verið er að leysa mál eftir diplómatískum leiðum og skynsamlegum leiðum, að bjóða upp á kurteisar viðræður og gefa þeim svo, þegar þær standa sem hæst, utan undir? Eigum við ekki að vita, hvernig þessum viðræðum lyktar? Og eigum við þá ekki að taka ákvörðun í þessu máli, hvað snertir þessa uppsögn?

Ég skal hugga hæstv. sjútvrh. með því, að það er ekkert víst, hvaða afstöðu Sjálfstfl. sem slíkur tekur. Hann verður að meta þessar viðræður, þegar þær eru komnar á það stig. En hann þarf ekki að óttast það, að Sjálfstfl. muni koma aftan að ríkisstj. eða þjóðinni, því að hann er staðráðinn í að standa með aðgerðum í landhelgismálinu og vinna sigur í þessum aðgerðum, sem fram undan eru, eins og í öðrum, sem hann hefur tekið þátt í frá því að barátta um útfærslu fiskveiðilögsögunnar hófst.

Hæstv. sjútvrh. líkaði ekki ályktun LÍÚ. Ég get nú ekki gert neitt fyrir hann í þeim efnum, því að það er búið að gera þessa ályktun. Og hann ræddi um þær umr., sem fóru fram um þessa ályktun á aðalfundi LÍÚ. Vitaskuld eru alltaf til einhverjir úrtölumenn í öllum félagsskap. Og það voru þarna örfáar úrtöluraddir, en það var hægt að telja þær á fingrum annarrar handar, meira að segja þótt einn eða tvo putta hefði vantað. Ályktunin var samþykkt af öllum þorra fundarmanna.

Hæstv. ráðh. ætlaði heldur betur að koma mér í opna skjöldu í sambandi við jafndýpislínuna og sagði, að þótt farið væri í 400 metra jafndýpislínu, þá mundi landhelgislínan úti fyrir Vestfjörðum ekkert færast út. Ég skal segja hæstv. ráðh. það, að línan færist auðvitað allmjög út frá því, að við förum suður fyrir Reykjanes og norður undir Arnarfjörð. En ég skal segja honum jafnframt frá því, að mið vélbátaflotans frá Djúpi, að ég tali nú ekki um sunnar á Vestfjörðum, ná alllangan tíma á árinu suður á Breiðafjörð. Og mið vélbátanna á sunnanverðum Vestfjörðum eru eingöngu á þessu svæði. Vona ég, að við þurfum svo ekki að karpa meira um þetta atriði.

Ég ætla sérstaklega vegna ræðu hv. 1. þm. Vestf. að benda honum á, að á aðalfundi Útvegsmannafélags Vestfjarða var samþykkt ályktun í þessu efni. Þar kemur fram í grg. með þeirri ályktun, sem m. a. var send Alþ., orðrétt:

„Þar sem komin er fram á Alþ. þáltill. um, að yztu mörk fiskveiðilandhelginnar verði miðuð við 50 sjómílur frá grunnlínupunktum, þá vill Útvegsmannafélag Vestfjarða ekki láta hjá líða að benda á þá stórkostlegu hættu, sem felst í því að láta nokkurn hluta af landgrunninu verða áfram utan fiskveiðilandhelginnar. Þetta gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir allt atvinnulíf á Vestfjörðum, þar sem staðhættir valda því, að verulegur hluti af yztu brún landgrunnsins út af Vestfjörðum verður utan 50 sjómílna markanna. Þarna ber og að hafa í huga, að þar eru ein beztu fiskimið í Norður-Atlantshafi, sem er landgrunnsbrúnin, er snýr að hafdýpinu milli Íslands og Grænlands, og þar með hluti af hinum viðfrægu Halamiðum."

Mér finnst mjög hafa dregið af hv. 1. þm. Vestf. í þessu máli frá því að við gerðum víðreist í byrjun júnímánaðar, en þá var hann mjög galvaskur. Þá talaði hann mjög um útfærsludaginn. Ég held, að hann verði alls ekki lengur neitt deiluefni. Ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir. Og um eitt erum við þó öll sammála, að við viljum stækka landhelgi okkar og nýta sem bezt fiskimiðin í kringum landið.

Hv. 5. þm. Reykv. tók af mér ómakið að svara hv. 1. þm. Vestf., sem gerði ágæta reisu, sem þegar er kunnugt, allt til Nígeríu. Og þar voru þær þjóðir, sem sóttu þá ráðstefnu, mjög á sama máli og við og vildu meira að segja fara út í 200 sjómílur. Ég trúi því ekki, að það þurfi endilega að senda aftur fulltrúa til að tryggja liðsinni þessara þjóða til að fá þessa skák af landhelginni út fyrir 50 mílur, eða út í 400 metra jafndýpislínu. En ef svo færi, að þeir væru ekki tryggir, þá mundi ég vilja styðja það og greiða atkv. með því, að hinir sömu ágætu sendimenn yrðu sendir aðra ferð.

Mér finnst leitt til þess að vita, hvað hæstv. sjútvrh. hefur tekið neikvætt á þessu máli. Ég hef aldrei vænt hann um það að vera að draga af sér í sambandi við baráttu við útfærslu landhelginnar. Þess vegna kemur það mér og öðrum mjög á óvart, hvað hann tekur neikvæða afstöðu í sambandi við það að færa landhelgislínuna út í 400 metra jafndýpislínu.

Það ætti hvorki að koma hæstv. sjútvrh. eða hv. 1. þm. Vestf. á óvart, að í landgrunnslögunum frá 1948 segir, að miða beri íslenzkt yfirráðasvæði við endimörk landgrunnsins, og var þá átt við, að dregnar væru beinar línur þvert yfir djúpála þess, svo sem gert hefur verið í framkvæmd. Ekki er sagt í lögunum, við hvaða dýpi skuli miðað, en í aths. við frv. að lögunum segir, að landgrunnið sé nú talið greinilega afmarkað á 100 faðma dýpi, en nauðsynlegt sé, að nákvæm rannsókn fari fram á því, hvort eðlilegra sé að miða við annað dýpi.

Ég frábið mér það að heyra oftar, að till. okkar sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna, sem samþykkt var á síðasta Alþ., hafi ekki markað ákveðna stefnu. Í upphafi till. er gert ráð fyrir því, að frv. skuli samið og lagt fyrir næsta Alþ., en það kemur greinilega fram, og um það verður ekki deilt af mönnum, sem vilja lesa þessa þál. Alþ. og þá grg., sem henni fylgdi, að höfuðnauðsyn er, að framkvæmd landgrunnslaganna frá 1948 sé jafnan þannig hagað, að markvisst verði haldið áfram að vinna að nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að tryggja óskertan rétt Íslendinga á landgrunnssvæðinu. Með þeim hætti yrði fiskveiðilandhelgin 50 mílur eða meira. Þarna er eitt orð „eða", en svo kemur „meira" á eftir. En landhelgin kynni þó að vera mismunandi breið eftir því, hvort við dýptarlínur eða fjarlægð frá grunnlínum yrði endanlega miðað.

Þetta er nákvæmlega hið sama og kemur fram í þeirri þáltill., sem liggur hér til umr. Þess vegna er þetta mál ekkert nýtt. Þessi þáltill., sem borin var fram á s. l. vori og er samþykkt sem ályktun Alþ., hún er vafalaust til í þýðingu hjá þeim þjóðum, sem við er að semja og þess vegna hefði það ekki þurft að koma þeim á óvart, sem við erum nú að óska eftir samkomulagi um við hæstv. ríkisstj. og hæstv. þingmeirihluta, sem að henni stendur.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Þótt umræður séu nú orðnar nokkuð langar um þetta mikilvæga mál, sé ég mér ekki annað fært en að leiðrétta nokkuð af því, sem hefur fram komið hjá hv. sjálfstæðismönnum.

Hv. 3. þm. Sunnl. kenndi fáfræði okkar framsóknarmanna um, að við vildum ekki færa út í jafndýpislínu. Reyndar sagði hann í næstu setningu, að það væri rétt, að engin þjóð hefði gert þetta, og sýnist mér því, að fyrri fullyrðing hans stafi eingöngu af fáfræði hans sjálfs. En ég vil engu að síður gera tilraun til að upplýsa hv. þm. dálítið betur.

Hv. þm. veit það eflaust, að það var Truman, sem fyrstur hélt því fram, að landgrunnið að 200 metra dýptarlínu ætti að tilheyra strandríki. Þetta skeði rétt eftir styrjöldina. Þrátt fyrir þetta þekki ég ekki eitt einasta ríki, sem miðar fiskveiðilögsögu við t. d. 200 metra dýptarlínu. Var þó þessi boðskapur Trumans vel kunngerður.

Hv. þm. hlýtur einnig að vita, að á hafréttarráðstefnunni 1958 var, eins og ég sagði raunar áðan, samþykkt, að landgrunnið skyldi miðað við 200 metra dýptarlínu og það dýpra sem nýtanlegt reyndist. Þrátt fyrir þetta, og var þetta þó samþykkt sem alþjóðalög, hefur ekkert land miðað við jafndýpislínu.

En fáfræði okkar framsóknarmanna er ekki meiri en það, að ég ætla enn til viðbótar að leyfa mér að benda hv. þm. á fáein ríki, sem hafa nýlega fært út og öll miðað við fjarlægð frá grunnpunktum. Ecuador færði nýlega út í 200 sjómílur og er raunar nálægt því í stríði við Bandaríkin út af því. Smáríkið Gabon færði út í 25 sjómílur alveg nýlega og var mótmælt af stórveldunum. Guinea færði ekki alls fyrir löngu út í 130 mílur, Senegal út í 18, Ghana út í 100 og síðast en ekki síst, sjálft Massachusettsríki í Bandaríkjunum tilkynnir 200 mílna útfærslu. Þeim hafði ekki hugkvæmzt að miða við jafndýpislínuna. Þeir höfðu ekki kynnzt hv. 3. þm. Sunnl.

Ég held því, að þarna sé engu öðru um að kenna — (Gripið fram í.) Jú, þeir hafa eflaust vitað um það. Ég efast ekki um það. En þrátt fyrir það, að þeir vissu um þessa ráðstefnu, miðuðu þeir ekki við jafndýpislínuna. Það var það, sem ég var að segja.

Ég fagna því, að í þessum umr. hefur upplýstst nokkru nánar ýmislegt það, sem ekki kemur fram í þáltill. Hv. 2. þm. Vestf. hefur m. a. lýst því yfir, að hann muni styðja það að færa út 1. sept. 1972. Það gerði hins vegar ekki hv. 5. þm. Reykv., en það er margt fleira, sem þarna er óljóst. Það er t. d. óljóst, hver

afstaðan er til samningsins við Breta. Ég skil það afar vel, að hv. 5. þm. Reykv. vefðist nokkuð tunga um tönn, þegar hann reyndi að skýra afstöðu þeirra hv. sjálfstæðismanna til þessa mikilvæga þáttar í málinu. Það er satt að segja lítill vandi að leggja undir sig allt Norður-Atlantshafið og láta síðan Haag-dómstólinn skera það af, sem honum sýnist, og skilja eftir einhverja smárönd handa okkur. Og ég verð að segja það í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., þegar hann rakti þennan samning, að það ætti þá að vera lítill vandinn að segja honum upp, þegar flestallt er löngu liðið, eins og hann sagði sjálfur. Hann las upp samninginn og kvað flestallt löngu liðið.

Við höfum einmitt haldið því fram, að samningurinn hafi náð tilgangi sínum. Bretar hafi fengið leyfi til að veiða innan 12 mílna ákveðinn tíma. Sá tími er liðinn. Ég vil taka undir þessi orð hans. Flestallt í samningnum er liðið, og því ber að segja honum upp.

Hv. 3. þm. Sunnl. hafði orð á því, að það hefði ávallt legið ljóst fyrir, að hv. sjálfstæðismenn vildu færa út sem allra fyrst, skildist mér. Meira að segja þegar eftir undirbúningsfundinn, sem haldinn var í sumar. Ég minnist þess og hygg, að fleiri muni þau orð hæstv. fyrrv. utanrrh., þegar hann nefndi það siðleysi að ætla að færa út fyrir hafréttarráðstefnuna. En ég hefði gaman af að vita, hvort nokkur man eftir því, að einhver hv. sjálfstæðismaður mótmælti þessum orðum hæstv. fyrrv. utanrrh. Ég minnist þess ekki. Ég skildi það svo, að þar væri algjör samstaða um, að slíkt væri siðleysi. Það er því alveg nýtt fyrir mér, það verð ég að viðurkenna, ef það var stefna þeirra hv. sjálfstæðismanna að færa út sem fyrst. Ég harma það, að mér var ekki ljós sú stefna fyrr.

Ég get ekki varizt að lýsa undrun minni á þeirri samlíkingu hv. 5. þm. Reykv., að það sé álíka auðvelt að staðsetja sig á 400 metra dýptarlínunni, eða 50 sjómílur eða meira úti á hafi, og þrjár mílur frá landi. Ég held, að við mundum báðir eiga ólíkt hægara með að staðsetja okkur þrjár mílur frá landi.

Annars var það eitt atriði, sem sérstaklega hvatti mig hingað upp. Það voru ummæli þeirra ræðumanna um Afríkureisu mína og annars manns. Ég heyrði ekki betur en það væri einhver öfundartónn hjá þeim, er þeir ræddu um þessa ferð. Ég þakka jafnframt hv. 5. þm. Reykv. mjög vingjarnleg orð í minn garð og míns samferðamanns.

Annars vil ég segja það, að ég hygg, að hv. ræðumenn hefðu getað lært afar mikið af málflutningi þar, ekki okkar, heldur málflutningi fulltrúanna frá svörtustu Afríku. En fyrir þeirri ráðstefnu, fyrst farið er að ræða um það hér, lágu tvær hugmyndir. Önnur var sú, sem hv. þm. minntist á, að færa út í 12 sjómílur + 12. Sú hugmynd var komin frá lögfræðingi einum, en byggð þó á þeim misskilningi, að þessi regla hefði fengið tilskilinn meiri hluta á ráðstefnunum 1958 og 1960. En við að lesa það, sem þar kom fram, gerði hann sér grein fyrir því, að svo var ekki. Hann leiðrétti þetta sjálfur, og sú till. var strax dregin til baka.

Langtum meiri umr. urðu hins vegar um aðra till. eða hugmynd, sem þar var komin fram frá litlum hópi manna, sem hafði verið til þess settur að líta á málið. Hún var þess efnis að miða við 600 metra dýptarlínu, og í því sambandi hygg ég, að hv. þm., sem vilja miða hér við dýptarlínu, hefðu getað lært mikið. M. a. kom í ljós, að þeir, sem andmæltu þessu þar, — og ég vil taka fram, að það voru ekki við, því að við töldum það ekki í okkar verkahring að andmæla því, sem þessir menn ræddu sín á milli, heldur aðeins að leggja fram upplýsingar um það, sem við ætluðum að gera, — þeir höfðu kynnt sér t. d. mjög vel Lima-samþykktina og fjölmargt fleira, sem aðrar þjóðir hafa gert.

Þarna voru menn, sem höfðu kynnt sér þá þróun, sem orðið hefur. Þeir röktu sögu þeirra ríkja, sem höfðu fært út og miðað við fjarlægð. Niðurstaðan varð einróma sú hjá þeim öllum, að það kæmi ekki til mála að miða við 600 metra dýptarlínu, m. a. vegna þess, að þeir vildu fá sem bezta samstöðu með Suður-Ameríkuríkjunum og töldu vafasamt, að hún fengist, ef þeir mörkuðu aðra braut í þessu mikilvæga máli en þar hafði verið ákveðið. Þetta fannst mér mjög skynsamlegt hjá þeim ágætu mönnum, sem þarna voru. Og ef það skyldi nú reynast nauðsynlegt að senda okkur aftur þarna suður eftir, þá held ég, að það væri mikils virði að taka hv. þm. með sér, bæði hv. 5. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Vestf.

Að lokum vil ég segja örfá orð um viðræðurnar við Breta. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að mér fannst gæta mjög mikils misskilnings hjá hv. 2. þm. Vestf. í því sambandi. Ég hef ekki litið svo á, að það væri verið að semja við Breta um, hvort eigi að segja upp samningnum eða ekki. Það er búið að tilkynna þessum þjóðum, að við ætlum að segja upp samningnum, og ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að ég á mjög erfitt með að sætta mig við það, að verið sé að semja við Breta um nokkuð. Hvernig gætum við samið við Breta um þann rétt, sem við allir segjumst eiga, annaðhvort á landgrunninu eða út í 50 sjómílur? Það er ekki verið að semja við Breta. Við erum að rétta Bretum sem vina- og nágrannaþjóð hönd okkar og viljum bjóða þeim eitthvað, sem gerir þeim auðveldara að sætta sig við það, sem við ætlum að gera og er okkar réttur. Þetta er alls ekki samningur. Og ég vil vona, að hv. 2. þm. Vestf. leiðrétti þetta og beri þetta ekki oftar á borð.

Honum þótti ég gera lítið úr samþykkt Útvegsmannafélags Vestfjarða. Það geri ég raunar alls ekki. Ég sagðist skilja þá mjög vel. En ég sagði hins vegar, að ég væri sannfærður um, að ef þeir kynntu sér málið betur, mundu þeir telja skynsamlegra að ná landgrunninu öllu með því að stíga annað skref fljótlega, og kvaðst ég vera reiðubúinn að fylgja því.

Loks var það hv. 5. þm. Reykv. Mér þótti mjög óviðeigandi hjá svo lærðum manni að snúa þannig út úr mínum orðum sem hann gerði. Ég sagði, að það væri glapræði að breyta stefnunni nú á þann veg, sem þáltill. þeirra sjálfstæðismanna gerir ráð fyrir, af því að það væri búið að vinna málið svo mikið á öðrum grundvelli. En ég sagði jafnframt, að það gæti vel verið, að við hefðum átt að taka meira skref í upphafi, en ég teldi hins vegar vafasamt að breyta því nú, jafnvel þótt miðað væri við fjarlægð frá grunnlínupunktum. Það var hitt, sem ég kalla glapræði, ég kalla það glapræði að fara út á þá stefnu, sem sjálfstæðismenn boða hér.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það mætti segja margt fleira um þann furðulega rökstuðning, sem hér hefur komið fram, en ég vil leyfa mér að vona, eins og ég sagði áðan, að samstaða náist um till. hæstv.

ríkisstj. Við vitum, að hún fær framgang, og ég leyfi mér að vona, að þegar kemur til endanlegrar afgreiðslu, sýni hv. sjálfstæðismenn þá karlmennsku og þann manndóm að standa þar með.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og var till. ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Endurskoðun orkulaga.

Á deildafundum 3. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun orkulaga [56. mál] (A. 59).

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 13., 14., 15., 16. og 17. fundi í Sþ., 9., 11., 16., 18., 23. og 25. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 59 hef ég ásamt átta öðrum þm. Sjálfstfl. leyft mér að bera fram till. til þál. um endurskoðun orkulaga. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar endurskoða orkulög, nr. 58 29. apríl 1967, með það fyrir augum, að komið verði á sérstökum orkuveitum landshluta, er taki við verkefnum Rafmagnsveitna ríkisins. Aðilar að þeim landshlutaveitum gætu einnig orðið aðrar rafveitur, sem fyrir eru á hverju svæði.

Þá skal einnig athuga, hvort ekki sé rétt, að ákvæði IV. kafla laganna, um Rafmagnseftirlit ríkisins, verði í sérstökum lögum og að stofnun sú heyri beint undir ráðh.

Enn fremur skulu ákvæði laganna um hlutverk Orkustofnunar endurskoðuð, svo og önnur ákvæði, ef þurfa þykir."

Seint á síðasta þingi var borin fram till., sem var samhljóða þessari till., en náði þá eigi að hljóta fullnaðarafgreiðslu. Till. er því nú endurflutt.

Orkulögin, sem hér er lagt til að endurskoða, eru, svo sem fram kemur í tillgr., frá 29. apríl 1967 eða rúmlega 4½ árs gömul. Allt fyrir það þó að löggjöfin sé ekki eldri, teljum við flm. till. það vera bæði tímabært og nauðsynlegt, að orkulögin séu nú endurskoðuð með það fyrir augum að gera á þeim verulegar breytingar eða a. m. k. sumum köflum laganna. Nú nálgast óðum, að íslenzka þjóðin öll fái notið þeirra lífsþæginda, sem raforkan veitir. Það er því sérstök ástæða til þess, að nú verði mörkuð sú stefna, sem ríkja á til frambúðar í þeim efnum, sem veit að stjórnun og rekstri rafveitnanna. Tveim árum áður en orkulögin voru samþ. á Alþ. voru samþ. á Alþ. lög um Landsvirkjun, en þar er gert ráð fyrir vissri sameign ríkis og sveitarfélaga hvað varðar orkuframleiðslu og dreifingu orkunnar með samveitum.

Eins og ég hef þegar sagt, er nú aðeins um endasprettinn að ræða hvað viðvíkur lagningu á samveitukerfi til þeirra bæja, sem talið er að komi til greina með að fá rafmagn frá samveitum. Ég hygg, að flestir séu sammála um það, að á meðan uppbygging rafveitukerfisins um hinar dreifðu byggðir landsins hefur átt sér stað, hafi það verið eðlilegt, að sú framkvæmd ætti sér stað undir forustu ríkisins eða ríkisstofnunar. Kemur þar til m. a., að stór hluti af því fjármagni, sem staðið hefur undir kostnaðinum, er bein framlög úr ríkissjóði. En þegar þessum þætti rafvæðingarinnar er nú að ljúka, er fyllilega eðlilegt, að tekið sé til athugunar, á hvern hátt hagkvæmast muni reynast til frambúðar að haga rekstri rafmagnsveitnanna. Hvað þessa hlið málsins snertir er það álit okkar flm. till., að hagkvæmast muni reynast að skipta landsbyggðinni í sérstök orkuveitusvæði eftir landfræðilegum mörkum, og kemur þá m. a. til greina að miða stærð orkuveitusvæðanna við kjördæmaskipunina, eins og hún er í dag. Fyrir þessari skipan raforkumálanna hygg ég, að sé mikill og vaxandi áhugi um land allt. Svo sem kunnugt er, eru nú þegar fyrir hendi í öllum landshlutum orkuver, sem munu þá verða grundvöllurinn að þessum landshlutaveitum.

Eins og nú á sér stað, hafa Rafmagnsveitur ríkisins á hendi rekstur samveitna víðs vegar um landið. Þessum rekstri er stjórnað frá einni aðalskrifstofu hér í höfuðborginni. Það gefur auga leið, að slíkri fjarstýringu fylgja ýmsir annmarkar, sem ekki verður komizt hjá og óhjákvæmilega fylgja slíkri skipan. Ég vil þó taka það sérstaklega fram, að ég tel, að stjórn og forstaða Rafmagnsveitna ríkisins sé í höndum ágætra starfsmanna. Hitt er svo annað mál, að mörgum finnst þungt í vöfum að sækja allt sitt til höfuðborgarinnar, og telja, að stjórnun þessara mála eigi frekar að vera heima í héruðunum sjálfum en fjarstýrð frá Reykjavík, eins og nú á sér stað. Það er því okkar álit, að þessum þætti raforkumálanna ætti að skipa með sérstökum lögum og þá með þeim hætti, sem fram kemur í tillgr.

Annar þáttur raforkumálanna, sem lagt er til að endurskoða, er raforkugjaldið og ráðstöfun þess fjármagns. Ég tel, að það sé fullkomlega eðlilegt, að tekið sé raforkugjald í einhverju formi, sem renni í sérstakan sjóð, er verja skal til að jafna aðstöðu ýmissa byggðarlaga til raforkunotkunar. Sá sjóður ætti fyrst og fremst að veita framlag til stofnkostnaðar, t. d. til lagningar á dreifilínum eða á þeim stöðum, þar sem kostnaður er hvað mestur vegna mikilla fjarlægða á milli býla.

Það hefur ekki farið leynt, að mörgum finnst óeðlilegur og ósanngjarn sá mismunur, sem á sér stað á

rafmagnsverði í landinu. Ástæðuna fyrir því má að sjálfsögðu rekja til fleiri orsaka. Ég tel hins vegar, að þegar samveitukerfið er að mestu leyti komið um landið og hinir nýju aðilar, landshlutaveiturnar, kaupa rafmagnið í heildsölu af Landsvirkjun, þá verði auðveldara að skapa meira jafnvægi í raforkuverðinu og þá muni koma í ljós, að með þessu nýja formi skapist meiri hagsýni í rekstrinum, því að þá finnur hver og einn til meiri ábyrgðar en ella og skapast jafnframt samkeppni um að ná sem mestri hagkvæmni í sjálfum rekstrinum.

Annar þáttur raforkumálanna, sem full ástæða er til að endurskoða, er verðjöfnunargjaldið sjálft og ráðstöfun þess fjármagns. Og það er, eins og ég hef þegar vikið að, eðlilegt að verja þessu fjármagni til að taka þátt í þeim mikla stofnkostnaði, sem verður viðs vegar um landið umfram það, sem aðrir eiga við að búa. Ég tel það eðlilegra vegna þess, að ég tel, að það eigi að gilda það sama varðandi reksturinn á hverjum stað og þar eigi hver og einn að standa undir sínum rekstrarkostnaði. Þegar samveitukerfið er komið um allt landið og hinar nýju landshlutaveitur eiga þess kost að fá raforkuna keypta á heildsöluverði frá Landsvirkjun, að svo miklu leyti sem ekki er þá um það að ræða, að raforkan sé frá þeirra eigin orkuveitum, þá verður auðveldara að skapa þetta jafnvægi á raforkuverðinu, og þá mun koma í ljós, að það mun verða minni mismunur á sjálfu orkuverðinu en nú á sér stað í dag. Ég tel því, að þann skatt, sem lagður er á orkuverin, svokallað verðjöfnunargjald, eigi fyrst og fremst að nota til þess að færa niður stofnkostnað á dreifilínunum, en ekki til almenns rekstrar.

Þá er í þessari till. gert ráð fyrir því, að athugað verði sérstaklega, hvort ekki sé rétt, að Rafmagnseftirlit ríkisins verði tekið út úr orkulögum, og verði þá sett sérstök, sjálfstæð löggjöf um þessa stofnun og hún heyri þá beint undir rn. eða ráðh. Slíka skipun verður að telja eðlilega, þar sem hér er um að ræða stofnun, sem gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í öryggismálum.

Raforkumálin og skipan þeirra eru nú ofarlega á dagskrá í hinum ýmsu landshlutum. Má því vissulega gera ráð fyrir því, að áhrifa frá dreifbýlinu muni gæta í sambandi við þá endurskoðun orkulaga, sem hér er lagt til, að eigi sér stað.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál að sinni, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fram haldið einni umr. um till.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Mér þykir mjög miður, að hæstv. iðnrh. skuli ekki vera mættur, því að ég ætlaði að beina til hans ákveðnum spurningum og vildi fara fram á það, að umr. yrði frestað, þar til ráðh. gæti verið viðstaddur. — **(Forseti:** Það er sjálfsagt.)

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 20. jan., var enn fram haldið einni umr. um till.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er nú alllangt síðan þáltill. sú, sem hér er á dagskrá, var rædd við fyrri umr. eða fyrri hluta þessarar umr. Hæstv. iðnrh. var þá ekki viðstaddur og ekki heldur, þegar til stóð, að till. yrði tekin til framhaldsumræðu. Það er því eðlilegt, að á þessu hafi orðið dráttur, en ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að rifja upp ítarlega efni till. Það var gert af hv. 1. flm. hennar hér, þegar hann gerði grein fyrir málinu.

Eins og till. ber með sér, er um nokkuð aðra stefnu að ræða, sem hún leggur til, en verið hefur. Hún gerir ráð fyrir frekari ítökum sveitarfélaga í sambandi við dreifingu raforku, og er þessi stefna vissulega í samræmi við það, sem vitað er að gildir hjá nágrannaþjóðum okkar. Ég hef aflað mér upplýsinga um, hvernig þessum málum er fyrir komið hér á Norðurlöndum, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, að því er varðar framleiðslu raforkunnar og þá einnig, hvernig dreifingu hennar er háttað, þegar til smásölunnar kemur. Samkv. þeirri skýrslu, sem ég hef fengið um þetta, hagar þessu þannig til, að í Danmörku hefur ríkið engin afskipti af framleiðslu orkunnar, hvorki í heildsölu eða smásölu. Þar er um að ræða sveitarfélög og einkaaðila, samvinnufélög eða hlutafélög, en ríkið kemur þar hvergi nærri. Í Noregi mun ríkið framleiða eða annast frumframleiðslu á orkunni að því er nemur um 30%, sveitarfélög um 47% og aðrir aðilar um 23%. Dreifing er þar ekki heldur samkv. þeim skýrslum, sem ég hef um þetta, neitt á vegum ríkisins, heldur í höndum sveitarfélaga og annarra aðila. Í Svíþjóð er þessu þannig háttað, að þar eru 44% framleiðslunnar hjá ríkinu, 5% hjá bæjar- og sveitarfélögum og 51% hjá öðrum aðilum. Ríkið hefur mjög lítil afskipti af dreifingunni þar, aðeins um 6%, sveitar- og bæjarfélög um 62% og aðrir aðilar um 32%.

Eins og vitað er, annast ríkið eða fyrirtæki, sem eru á vegum ríkisins, verulegan hluta af framleiðslu hér á landi, þó ekki allri. Þar er einnig um að ræða einstök sveitarfélög, sem annast framleiðslu á raforku, eins og Andakílsárvirkjun o. fl., og dreifing er ýmist í höndum Raforkumálaskrifstofu ríkisins eða í höndum sveitar- og bæjarfélaga.

Flm. þessarar till. telja, að stefna beri að því að færa dreifingu raforkunnar sem mest í hendur sveitarfélaga eða samtaka sveitarfélaga, landshlutasamtaka þeirra, láta þau annast um þetta, en hafa Raforkumálaskrifstofuna þar ekki sem millilið. Við viðurkennum alveg, að Raforkumálaskrifstofan hefur á undanförnum áratugum unnið mjög þarft verk í sambandi við uppbyggingu raforkukerfisins. Sérstaklega er þar um að ræða rafvæðingu sveitanna og strjálbýlisins, en nú fer að sjást fyrir endann á því. Þessi uppbygging er að komast á lokastig samkv. þeirri áætlun, sem lögð hefur verið á borð þm. Stendur til, að þessu ljúki á næstu þremur árum, og þá telja flm. þessarar till. það orðið tímabært, að gerð verði veruleg breyting á um dreifingu raforkunnar, þannig að bæjar- og sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga taki þetta mál í sínar hendur. Við sjáum ekki ástæðu til þess að vera að hafa þarna millilið, sem auðvitað þarf að leggja á orkuna, því að allir þurfa að fá fyrir sitt, og er þar um allverulega álagningu að ræða á verð Landsvirkjunar, þar sem Raforkumálaskrifstofan kaupir orkuna, til hækkunar á það verð, sem hún selur einstökum rafveitum orkuna á. Við teljum, að við þetta megi sleppa og ekki sé ástæða til þess að hafa

þarna neinn millilið, því að víðast megi koma málum þannig fyrir, að þess sé ekki þörf. Ég vil t. d. benda á það, að ef Landsvirkjun leggur línu niður að Hvolsvelli og selur orku þar frá spennistöð, eins og hún gerir niður við Sog, þá er það mjög einfalt fyrir sveitarfélög á Suðurlandi að taka að sér dreifingu raforkunnar, og ættu þau að vera þess mjög vel umkomin að ráða við það. Með því móti gætu þessir aðilar orðið beinir samningsaðilar við Landsvirkjun eins og landsvirkjunarlögin ekki aðeins heimila, heldur gera beinlínis ráð fyrir. Í 2. gr. laga um Landsvirkjun er það tekið fram, að hlutverk Landsvirkjunar skuli vera að selja raforku til rafveitna einstakra sveitarfélaga og annarra aðila.

Ég vildi í sambandi við þetta mál, af því að hæstv. iðnrh. er nú hér, sérstaklega beina þeirri fsp. til hans, hver sé hugmyndin um þessi mál í framtíðinni. Það hefur heyrzt ómur af því, að um verulega stefnubreytingu sé að ræða frá því, sem nú er, í þveröfuga átt við það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að hafa þar kannske aðeins ríkisvaldið sem heildsöluaðilann, framleiðandann og heildsöluaðilann, en láta síðan Raforkumálaskrifstofuna taka við dreifingunni í enn ríkara mæli en nú er gert. Ég vil ekki fara dult með það, að ég tel þarna stefnt í mjög ranga átt og mætti að mínum dómi og okkar flm. koma þessu fyrir á miklu einfaldari hátt með því að láta þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli, kaupa orkuna endanlega, hinar einstöku rafveitur sveitarfélaganna, láta þær annast dreifinguna og sleppa við millilíðinn.

Raforkumálaskrifstofan er orðin geysilega stórt fyrirtæki hér á landi. Hún hefur þróazt upp, sem eðlilegt er, meðan hún hafði með mikið af uppbyggingu raforkunnar að gera. Það er eðlilegt, að hún þróaðist í stórt fyrirtæki. Hún er eitt af viðameiri fyrirtækjum landsins eða hins opinbera, og rekstur hennar kostar án efa mjög mikla peninga, enda sýna fjárlög það, og á þessu hefur verið sífelldur halli undanfarin ár, svo að skiptir tugum millj. Mig minnir, að það séu 60—70 millj., sem hefur þurft að leggja þessu fyrirtæki til eða þessari starfsemi, og hafa orkuneytendur í landinu almennt beinlínis verið skattlagðir til þess að endar næðust þar saman á þeim grundvelli, sem hún rekur starfsemi sína. Ég mundi halda, að það væri sjálfsagt að freista þess, hvort ekki væri hægt að komast fram hjá þessu, ef þeir aðilar, sem endanlega kaupa orkuna, þ. e. aðilar í hinum einstöku sveitarfélögum landsins eða kaupstöðum, vilja taka þessi mál í sínar hendur. Þá ætti að vera hægt að sleppa þarna við mjög dýran millilið, eins og ég hef áður sagt. Þó að einhver kostnaður verði að sjálfsögðu við dreifingu raforkunnar, eins og hlýtur að verða, þá teljum við, að hann geti orðið mun lægri með því fyrirkomulagi, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir, og er það að sjálfsögðu ástæðan fyrir flutningi hennar hér.

Ég vil leyfa mér að endurtaka fsp. mína til hæstv. iðnrh., hvort á döfinni sé veruleg stefnubreyting, eins og heyrzt hefur, í sambandi við raforkumálin í heild, því að það er að sjálfsögðu eðlilegt, að alþm. hafi nokkurn áhuga fyrir því. Mér er það ljóst, að um það eru skiptar skoðanir hér á Alþ., hvernig beri að standa að þessum málum. Sumir telja, að það beri að standa að þeim eins og verið hefur, að hafa þennan millilið áfram. Aðrir telja, að málin hafi þróazt þannig, að þessi millilður sé að verða óþarfur og verði óþarfur í framtíðinni, og að orkukaupendur geti sjálfir tekið raforkuna í heildsölu og annazt dreifinguna.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. frsm., að raforkumálin eru í gagngerðri endurskoðun í iðnrn. Fyrir mér er það meginatriði í þeirri endurskoðun, að framkvæmd verði breyting á sjálfri raforkuvinnslunni og skipulagi hennar, þ. e. að framkvæmd verði samtenging orkuvera og að samrekstur þeirra verði á einni hendi í framtíðinni. Og hér er að mínu mati um ákaflega mikilvægt mál að ræða. Í því sambandi má minna á það, að möguleikar til þess að lækka vinnslukostnað á raforku eru nú á tímum fyrst og fremst tengdir við stækkun framleiðslueininga, bæði rekstrareininga og einstakra véla. Og þetta er mönnum orðið ljóst hvarvetna, en fullkomin nýting á orkuverum og þá um leið á orkulindum fæst ekki fyrr en með mjög góðri samtengingu á þessari orkuframleiðslu og mjög fullkomnum samrekstri. Aðeins það að tengja saman tvo landshluta gefur t. d. möguleika til að vinna miklu meiri orku úr þeim vatnsorkuverum, sem fyrir eru, án þess að stækka þau, og um leið geta orðið sameiginleg not af topp- og vararafstöðvum.

Það er yfirlýst stefna ríkisstj. að vinna að samtengingu orkuveitusvæða, eins og kunnugt er. Og að þessu máli er nú verið að vinna á vegum rn. Hins vegar kemur inn í þetta dæmi, hvernig á að skipuleggja dreifingu sjálfrar raforkunnar, og þar hefur verið starfandi kerfi, Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafa haft forustu af hálfu ríkisins um skipulagningu orkudreifingarinnar, og mér er fullkunnugt um það, að upp hafa komið mörg ágreiningsefni á milli bæjarfélaga og landshluta um fyrirkomulag þessara mála við Rafmagnsveitur ríkisins. Þar eru uppi mjög mikil deilumál, eins og öllum hv. þm. er kunnugt um. Einmitt þess vegna hef ég talið nauðsynlegt, að inn í þetta dæmi kæmi einnig breyting á fyrirkomulagi á dreifingu raforkunnar, og þá hefur maður haft í huga aðild héraðanna að rafmagnsveitunum í einni eða annarri mynd, þ. e. að landshlutarnir færu með vissan hluta af því valdi eða af því verkefni, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa haft að undanförnu.

Ég hef ekki trú á því á þessu stigi málsins, að það sé tímabært að leggja niður Rafmagnsveitur ríkisins. Ég held, að þær hafi því verkefni að gegna enn þá, að það sé ekki hyggileg ráðstöfun og með því móti værum við að draga úr þeirri forustu, sem ég tel, að ríkisvaldið verði enn þá að hafa til þess að tryggja eðlilega dreifingu á raforku um landið. En engu að síður er mér fyllilega kunnugt um þessi vandkvæði, sem hv. þm. talar um, og ég tel, að það verði að miða að því, að landshlutarnir fái miklu meiri áhrif á fyrirkomulag Rafmagnsveitna ríkisins og í því sambandi miklu meira vald en verið hefur. Að þessu verkefni er einnig verið að vinna á vegum rn., og ég geri mér vonir um það að geta gert Alþ. betri grein fyrir hugmyndum rn. í þessu sambandi innan mjög skamms tíma.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leggja nokkur orð í belg í sambandi við umr. um þessa till. til þál., sem við nokkrir sjálfstæðismenn flytjum hér, um endurskoðun orkulaga. Þessi till. miðar að því í

meginatriðum að dreifa ákvörðunarvaldi til fólksins úti um byggðir landsins um grundvallaratriði uppbyggingar hvers landsfjórðungs og hvers byggðarlags. Við vitum, að orkumálin eru í þessu efni eitt af undirstöðuatriðunum í uppbyggingu þessara byggðarlaga og að við margir hverjir teljum, að sem mest áhrif fólksins á slík grundvallarmál sinna heimabyggða séu farsæl.

Það er svo með þessi mál, að jafnan fyrir hverjar kosningar telja flestir stjórnmálaflokkar sig vera á þessari skoðun og lýsa þeirri stefnu sinni, að dreifa eigi valdinu sem allra mest til allra þjóðfélagsþegna einmitt um þau mál, sem þá varða sérstaklega, og þá á ég við fólk í hverju og einu byggðarlagi. En svo vill stundum fara, þegar til framkvæmdarinnar kemur, að þá er farið öfugt að. Og mér sýnist, að hæstv. ríkisstj. hafi gert það í þessum efnum og stuðningsflokkar hennar, a. m. k. að því er varðar þá hluti, sem þegar eru komnir í ljós í sambandi við framkvæmd á stefnu hennar í orkumálum. Það hefur komið fram, og alþjóð er um það kunnugt, að verulegur styrr stendur á milli ríkisvaldsins og Norðlendinga í raforkumálum. Ég skal ekki fara út í þá sálma hér, en ég vil undirstrika það, að Norðlendingar líta svo á og forustumenn þeirra, forustumenn Fjórðungssambands Norðlendinga líta svo á, að þeir séu ekki beint að standa þar á sínum hagsmunum eingöngu, heldur þjóðarheildarinnar, þeir telji sínar till. í orkumálum betri fyrir þjóðina í heild, en ekki eingöngu fyrir sjálfa sig og byggðir Norðurlands.

Ég ætla ekki að fara að efna hér til umr. um þetta mál, en hæstv. ráðh. kom hér inn á stefnu ríkisstj. einmitt í þessum efnum og sérstaklega að því er varðar sjálfa orkuvinnsluna og samtengingu orkuvera. Ég vil því í því sambandi spyrja hann, af því að þetta er brennandi spursmál einmitt í mínu kjördæmi, hvort iðnrn. hafi nú látið hanna háspennulínu frá Þjórsársvæðinu til Norðurlands, hvað þessi háspennulína muni kosta og hvað áætlað sé, að flutningskostnaður á hverja kwst. muni nema í þessari háspennulínu. Einnig vil ég spyrja að því, hvort rn. hafi gert sér nákvæma grein fyrir því, hvort slík samtenging sé í rauninni tímabær, þ. e. hvort hagkvæmnisathugun hafi farið fram á því, hvort samtengingin sé tímabær. Ég geri ráð fyrir því, að slík samtenging komi, en það er spurning um, hvenær hún verður hagkvæm.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það var nú aðeins út af þessari fsp. um það, hvort ríkisstj. hefði látið hanna háspennulínu frá Þjórsársvæðinu til Norðurlands. Það hefur ekki enn þá verið gert. Það hefur verið talað um, að þessa línu væri hægt að leggja sumurin 1973 og 1974, þannig að línan gæti verið komin í gagnið á svipuðum tíma og raforkuskortur yrði norðanlands. Kostnaður við þessa framkvæmd hefur verið áætlaður um 300 millj. kr., en ég hef litið þannig á, að þessar orkuveitulínur verði að fjármagna með alveg sérstökum hætti, þannig að ekki sé hægt að reikna flutningskostnað eftir þeim samkv. neinum venjulegum reglum, heldur verði að greiða niður flutningskostnað eða afskrifa hann að einhverju verulegu leyti. Ég hugsa mér, að þetta samtengingarkerfi, sem þarna er um rætt, mundi leiða til þess, að heildsöluverð á raforku yrði það sama um allt land. Og ég hygg, að það sé ekki neitt stærra hagsmunamál fyrir dreifbýlissvæðin og ekki sízt fyrir Norðurland en að fá raforku á sama heildsöluverði og raforka er fáanleg hér fyrir sunnan. Ég vil einnig minna menn á það, að þessi samtenging, sem þarna er rætt um, er alger forsenda þess, að hægt verði að ráðast í meiri háttar virkjanir fyrir norðan, og ég vil vara menn mjög við því að ímynda sér, að við getum leyst okkar raforkumál hér á Íslandi án þess að líta á þær sem samfelldar framkvæmdir í samhengi. Ég vil benda mönnum á það, að raforkumarkaðurinn á Íslandi er ekki stærri en svo, að það verður að vera einn öflugur aðili, sem þarna annast alla raforkuframleiðslu, og hagkvæmni í raforkuframleiðslu er algerlega bundin því, að við getum tekið upp slíka tilhögun hér á landi.

En sem sagt, ráðagerðirnar um lagningu háspennulínu norður eru ekki komnar á það stig, að hún hafi verið hönnuð. Það hefur aðeins verið kannað af hálfu Orkustofnunar, hvaða vinnubrögð væru skynsamleg í því sambandi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það var aðeins út af einum ummælum hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, 5. þm. Norðurl. e., sem ég vildi segja tvö, þrjú orð. Ég tók svo eftir, að hann segði, að það væri ágreiningur á milli ríkisstj. og Norðlendinga um orkumál. Mér finnst þetta nokkuð mikið sagt. Í fyrsta lagi er ég nú ekki viss um, að hann hafi umboð til þess að tala fyrir munn allra Norðlendinga. Í öðru lagi held ég, að því miður sé það svo, að það sé nokkur ágreiningur í Norðlendingafjórðungi um þessi mál og meðal Norðlendinga sjálfra. Í þriðja lagi vil ég undirstrika það, að ríkisstj. hefur lýst því yfir eða iðnrn., að nú á næstunni mundu verða kannaðir allir virkjunarmöguleikar á Norðurlandi mjög rækilega og það mundi verða látin fara fram m. a. fullnaðarkönnun á Dettifossi. Auðvitað get ég ekki sagt um, hversu fljótt er unnt að vinna þetta verk, en það verður gert, og ég hygg, að þetta sé í samræmi við óskir Norðlendinga.

Þetta vil ég leyfa mér að undirstrika, vegna þess að ég held, að það sé engum til góðs að gera of mikið úr því, að ágreiningur sé um starfsaðferðir í þessum efnum.

Ég hef verið talsmaður þess, að það væri heppilegt fyrir hvert hérað að eiga innan sinna vébanda raforkuver. En ég hef alltaf sagt og segi það enn og segi það á Norðurlandi líka, að aðalatriðið í þessum málum er þó það, að menn fái nægilegt rafmagn, hvaðan sem það kemur, og að þeir fái það á sambærilegu verði og aðrir, og það er það, sem ég held, að við eigum að leggja áherzlu á, og það er það, sem ég held, að Norðlendingar eigi að leggja áherzlu á.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil láta nokkra ánægju mína í ljósi yfir því, sem hæstv. iðnrh. sagði hér áðan, ef ég hef skilið hann rétt, að það væri skoðun stjórnarinnar og það væri í vændum við þá endurskoðun, sem hann lýsti hér, að mundi fara fram á raforkulögunum, lögum um raforkumál almennt, að veita landshlutasamtökum eða landshlutum frekari ítök en nú er í sambandi við dreifingu orkunnar í smásölu eða til neytenda. Ég hafði satt að segja óttazt það, að stefnan væri eingöngu og einhliða í þá átt að láta ríkisvaldið

eða Raforkumálaskrifstofu ríkisins einnig taka þetta hlutverk að sér, og það er einmitt það, sem flm. þessarar till. telja mjög varhugavert.

Því miður er það svo, að í mörgum tilfellum er það að koma í ljós nú, að verið er að draga valdið frá strjálbýlinu í sambandi við ýmsa þætti þjóðlífsins og til stofnana hér í höfuðstaðnum. Ég tel, að þetta sé mjög röng stefna og það beri að halda því mjög á lofti, sem ég taldi, að væri orðinn sterkur vilji hér á Alþ., að dreifa valdinu einmitt frá höfuðstaðnum í þeim tilfellum, þegar hægt væri að gera það með eðlilegum hætti, og út í strjálbýlið, og voru orkumálin eitt af þeim atriðum, sem þar komu undir. Það liggur að sjálfsögðu ljóst fyrir, að eins og þessi mál hafa þróazt, hlýtur ríkissjóður eða fyrirtæki, sem ríkissjóður er stór eigandi og aðili að, að hafa veruleg afskipti af uppbyggingu þeirra raforkuvera, sem áformað er að byggð verði upp í framtíðinni, því að þar er um svo fjárfrek fyrirtæki að ræða, að þau eru hvorki á valdi einstaklinga eða sérstakra sveitarfélaga, og jafnvel gæti orðið erfitt í sumum tilfellum fyrir landshlutasamtök að ráða við þau. Hitt er annað mál, að þegar kemur að sjálfri dreifingunni til neytenda á lokastigi, þá er aðstaðan allt önnur, og við það er auðvelt að ráða fyrir einstakar rafveitur, sem nú eru starfandi, og samtök smærri sveitarfélaga í hinum ýmsu landshlutum gætu tekið þetta verkefni að sér og losað það frá Raforkumálaskrifstofunni.

Ég sagði það hér áðan og viðurkenni það alveg, að Raforkumálaskrifstofan hefur undanfarna áratugi unnið mjög þarft verk í sambandi við uppbygginguna, en það er allt að komast á lokastig, og fram undan er aðeins um að ræða rekstur hjá þessu fyrirtæki og að gerast milliliður á milli neytendanna og sjálfra framleiðendanna, þannig að við teljum, að þetta eigi að hverfa út úr dæminu og neytendur á hverjum stað geti snúið sér til fyrirtækja heima í sínum héruðum eða heima í sínum byggðarlögum og fengið þar þá fyrirgreiðslu og þjónustu, sem með þarf í sambandi við dreifingu orkunnar. Ég ætti ákaflega bágt með að hugsa mér það t. d., að Rafveita Vestmannaeyja, sem nú er, að ég held, önnur elzta rafveita á landinu, — hún var byggð 1914, hún er a. m. k. með þeim langsamlega elztu, — hyrfi af sjónarsviðinu og við þyrftum allt í einu að fara að sækja undir Raforkumálaskrifstofuna hér í Reykjavík alla þá fyrirgreiðslu, sem ein rafveita þarf að veita.

Ég segi þetta ekki út í bláinn, því að við höfðum ástæðu til að óttast þetta þegar í tíð fyrrv. vinstri stjórnar á árunum 1956—1958. Þá var tekin upp stefnubreyting í þessum málum á þann veg, að Rafmagnsveitur ríkisins gerðu beinlínis gangskör að því að reyna að ná undir sig sem allra flestum rafveitum á landinu. Þetta tókst nokkuð. Margar smærri rafveitur, bæði á Austurlandi og víðar, afsöluðu sér sínum eignum til þessarar stofnunar. Þar var um smærri rafveitur að ræða í flestum og ég vil segja öllum tilfellum, sem kannske áttu í einhverjum fjárhagslegum erfiðleikum og töldu, að þetta væri hagkvæm lausn fyrir sig, en hafa án efa síðar komizt á allt aðra skoðun. Það var einnig mjög reynt við stærri rafveiturnar að fá þær inn í þetta heildarkerfi. Og þegar ég nefni stærri rafveitur, þá á ég t. d. við Rafveitu Vestmannaeyja. Það var lagt mjög hart að okkur í Eyjum að afsala okkur öllum eignum rafveitunnar til handa Rafmagnsveitum ríkisins. Okkur var boðið gull og grænir skógar, ef við vildum aðeins stíga þetta spor, sem við vissum auðvitað, að gat kannske verið þénusta í örstuttan tíma, en við töldum alveg öruggt, að þegar frá liði, mundi þeim grundvelli, sem fyrir okkur var túlkaður, verða breytt þannig, að það væri öruggast fyrir okkur að hafa þetta allt í okkar eigin hendi, og er ég þeirrar skoðunar enn, að svo sé.

En ef það kemur fram í þeirri endurskoðun, sem hæstv. iðnrh. hefur boðað og tilkynnt, að sé í gangi og muni verða lögð fyrir Alþ. innan skamms, ef það kemur fram þar, að það eigi að stefna frekar í þá átt í sambandi við dreifinguna að gefa einstökum rafveitum og einstökum landshlutasamtökum sveitarfélaga frekari kost á því að verða þar beinir aðilar, þá tel ég, að því beri að fagna, því að það mun án efa reynast þjóðinni hagkvæmast, þegar til kemur, að hafa það form á þessu. Og þá væri vissulega stigið spor í þá átt að dreifa valdinu frá höfuðstaðnum út til strjálbýlisins, og mundi það, eins og ég sagði, án efa verða öllum aðilum, sem þar eiga hlut að máli, til góðs.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var enn fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Það er í framhaldi af umr. um þetta mál, sem fram fóru þann 20. jan. s. l., sem ég vildi segja nokkur orð. Ég vil þakka hæstv. raforkumálaráðherra fyrir undirtektir hans við efni till., að svo miklu leyti sem það má segja, þó að hann að vísu úttalaði sig ekki að fullu um málið. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að raforkumálin væru öll í gagngerðri endurskoðun. Taldi hann það mestu máli skipta, að breytingar yrðu gerðar á sjálfri raforkuvinnslunni og skipulagi hennar. Þá taldi hann, að sér væri kunnugt um, að varðandi dreifingu sjálfrar raforkunnar hefðu komið upp mörg ágreiningsefni á milli bæjarfélaga og landshluta um fyrirkomulag þeirra mála við Rafmagnsveitur ríkisins. Þau mál yrði því einnig að taka inn í endurskoðunina og að hans dómi með þeim hætti að veita héruðunum aðild að Rafmagnsveitum ríkisins í einu eða öðru formi, þ. e. að landshlutarnir færu með vissan hluta af því valdi eða því verkefni, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa haft að undanförnu.

Það er einmitt með tilliti til þessa, sem við flm. þáltill. töldum nauðsynlegt að hreyfa þessu máli nú. Eins og ég gat um í framsögu fyrir málinu á sínum tíma, þá teljum við flm., að nú séu fram undan þau tímamót í þróunarsögu raforkumálanna, sem réttlæti, að nú séu þessi mál tekin til gagngerðrar endurskoðunar og mörkuð verði stefnan til frambúðar, bæði hvað varðar dreifingu orkunnar, en einnig hitt, sem snýr að áframhaldandi uppbyggingu raforkuveranna.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að samtenging hinna ýmsu orkuvera er höfuðnauðsyn, því að einmitt með þeim hætti verður fullnýting þeirrar orku, sem virkjuð hefur verið í landinu á hverjum tíma, bezt tryggð. Hitt er svo annað mál, og um það geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir, að hve miklu leyti bygging orkuveranna sjálfra á að vera mál ríkisins eins eða með hlutdeild eða forustu hinna ýmsu landshluta. En að því slepptu teljum við, að stefna beri að því, að

sérstakar landshlutaveitur taki að sér dreifingu raforkunnar, hver á sínu svæði, og taki þannig við því verkefni, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa í dag.

Ég hygg, að flestir hafi verið sammála um, að á meðan uppbygging rafveitukerfisins um landið hefur átt sér stað, hafi það verið eðlilegast, að sú framkvæmd ætti sér stað undir forustu ríkisins eða ríkisstofnunar. En nú, þegar þessum þætti rafvæðingarinnar er að ljúka, er fyllilega eðlilegt, að tekið sé til athugunar, á hvern hátt hagkvæmast muni reynast til frambúðar að haga rekstri rafveitnanna.

Í þessari þáltill. felst það, að komið verði á sérstökum orkuveitum landshluta eftir landfræðilegum mörkum, og kemur þá m. a. til greina að miða stærð orkuveitusvæðanna við kjördæmaskipunina, eins og hún er t. d. í dag. Fyrir þessari skipan orkumálanna hygg ég, að sé mikill og vaxandi áhugi um land allt. Eins og kunnugt er, eru nú þegar fyrir hendi orkuver í hinum ýmsu landshlutum. Ekkert er því eðlilegra en að þau raforkuver myndi grundvöllinn að slíkum landshlutaveitum, þegar til þess kemur.

Um raforkugjaldið eða verðjöfnunargjaldið vil ég segja það, að ég tel fullkomlega eðlilegt, að lagt sé á hið svokallaða raforkugjald í einhverju formi og það renni í sérstakan sjóð, sem verja skal til að jafna aðstöðu hinna ýmsu byggðarlaga til raforkunotkunar. Sá sjóður ætti fyrst og fremst að veita framlag til stofnkostnaðar t. d. til lagningar á dreifilínum eða á þeim stöðum, þar sem kostnaður er hvað mestur vegna mikilla fjarlægða á milli býla eða notenda.

Með lögum um Landsvirkjun er gert ráð fyrir því, að héraðsveitur geti milliliðalaust keypt raforkuna í heildsölu. Í dag er mikið um það rætt, að raforkuverðið sé misjafnt á hinum ýmsum stöðum og landshlutum. Ástæðuna fyrir því má að sjálfsögðu rekja til fleiri orsaka. Ég tel hins vegar, að þegar samveitukerfið er komið um allt landið og nýir aðilar, landshlutaveiturnar, kaupa rafmagnið í heildsölu af Landsvirkjun, þá verði auðveldara að skapa meira jafnvægi í sjálfu raforkuverðinu og þá muni einnig koma í ljós, að með þessu nýja formi skapist meiri hagsýni í sjálfum rekstri rafveitnanna.

Rafmagnsveitur ríkisins eru nú þegar orðnar allmikið bákn. Þeim er stjórnað frá einni aðalskrifstofu hér í höfuðborginni. Það gefur auga leið, að slíkri fjarstýringu fylgja ýmsir annmarkar, sem ekki verður hjá komizt og óhjákvæmilega fylgja slíkri skipan. Það ber því að stefna að því, að svo miklu leyti sem tök eru á því, að færa þetta verkefni út í hinar dreifðu byggðir, í þessa landshluta, sem verið er að ræða um að myndi hinar nýju rafveitur. Ég álít, að einmitt vegna þess að mál þessi eru nú í endurskoðun, þá sé eðlilegt, að Alþ. marki afstöðu sína til málsins og geri upp við sig, hver framtíðarstefnan á að vera varðandi þátttöku landshlutanna í áframhaldandi uppbyggingu orkuveranna og einnig og ekki síður í rekstri á sjálfu rafveitukerfinu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er einkum út af því, að forsrh. sá ástæðu til þess hér við þessa umr. að vefengja ummæli mín, er ég lét falla, þegar mál þetta, sem hér er til umr., lá síðast fyrir, um það, að styrr stæði á milli ríkisstj. og Norðlendinga í orkumálum, sem ég sé ástæðu til þess að kveðja mér aftur hljóðs við þessa umr. Ég held, að hæstv. ráðh. hljóti að vita það, að þessi ummæli mín, að verulegur styrr hafi staðið milli Norðlendinga og ríkisstj. í orkumálum, eru alveg dagsönn, og ég held, að hæstv. ráðh. hefði ekki átt að vera að gera sér sérstakt erindi hér í ræðustól til þess að draga þau í efa. Hann veit sjálfur, að þeim áformum ríkisstj. að leggja raforkulínu norður yfir öræfin og tengja Þjórsársvæðið við Norðurland, án þess að kanna aðra möguleika til orkuöflunar á Norðurlandi, hefur verið kröftuglega mótmælt þar, og munu berast mörg mótmæli gegn því á næstunni, eftir því sem lýst hefur verið í fjölmiðlum. Hæstv. ráðh. veit það líka, að fjórðungsstjórn hefur farið þess á leit við ríkisstj. að hafa samráð við hana í þessum málum, en hún hefur ekki hlotið neinar undirtektir. Ég vil lesa hér skeyti, sem ég fékk afrit af, frá fjórðungsstjórn til ríkisstj. um þessi mál, sem getur e. t. v. varpað á það nokkru ljósi og rennt stoðum undir það, að ummæli mín hér voru sönn:

„Fjórðungsstjórn fer eindregið fram á, að haft verði fullt samráð við fjórðungssambandið um lausn orkumálanna, áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar. Fjórðungsstjórn telur nauðsynlegt, að hlutlaus hagkvæmnissamanburður verði gerður á tillögum fjórðungsþings um Norðurlandsvirkjun og aðild að Landsvirkjun. Stjórnin vitnar í yfirlýsingar ríkisstj. um endurskoðun verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga og samráð við landshlutasamtökin svo og um stuðning við jákvæða byggðaþróun í landinu. Telur stjórnin orkumálin nú vera prófstein á alvöru þessarar yfirlýsingar."

Í þessu skeyti kemur glöggt fram, að fjórðungsstjórn Norðlendinga er ekki sammála ríkisstj. í orkumálum og hún hefur farið þess á leit við ríkisstj. að fá að hafa samráð við hana í því formi, að komið verði á fót samstarfsnefnd ríkisstj. og fjórðungssambandsins í þessum málum. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er það ætlun ríkisstj. að verða við þessum óskum?

Ég skal ekki að öðru leyti fara út í þessi mál. Ég vil aðeins undirstrika það, að það, sem vakir fyrir Norðlendingum í þessum efnum, er ekki, að þeir vilji ekki kaupa orku á hliðstæðu verði og aðrir landsmenn af Sunnlendingum eða að sunnan, eins og kallað er, heldur vilja þeir, að látin sé fara fram athugun, gagnger athugun á orkuöflunarleiðunum, þær bornar saman og sú, sem er nægilega örugg og jafnframt hagkvæmust, sé valin. Þetta er þeirra stefna í sem stytztu máli.

Ég vil aðeins bæta við þessi orð, fyrst ég er kominn hér í ræðustól, að mér finnast bollaleggingar hæstv. orkuráðh. um, hvernig fara eigi með kostnaðarverð háspennulína, sem hann hyggst leggja þvert yfir landið, allundarlegar. Hann upplýsir, að lína norður muni kosta 300 millj. kr., en auðvitað verði sá kostnaður ekki borinn uppi af þeim, sem kaupa orkuna fyrir norðan, heldur af þjóðinni allri. Línan verði sem sagt greidd niður af þjóðinni allri. Ef slíkar kúnstir ætti að leika í þessum efnum, af hverju er þá ekki einfaldlega virkjað þar sem bezt er, þar sem orkan kostar minnst við stöðvarvegg, t. d. Dettifoss, þar sem líkur benda til, að sé hægt að fá ódýrari orku en í Sigöldu, verulega ódýrari? Af hverju er þá ekki virkjað þar, en ekki í Sigöldu og orkan leidd þangað, þar sem neytendurnir eru, ef ekki þarf að taka flutningskostnað inn í þetta dæmi? Þetta vildi ég aðeins undirstrika hér og spyrjast fyrir um

það hjá orkuráðh., hvort honum sé virkilega alvara í þessum bollaleggingum sínum.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Öryggismál Íslands (till. JÁH o. fl.).

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um athugun á öryggismálum Íslands [57. mál] (A. 62).

Á 12., 16., 17., 18., 30., 32., 35., 43., 51. og 52. fundi í Sþ., 9., 23., 25. og 30. nóv., 25. jan., 1., 8. og 29. febr., 21. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Þar sem umr. um þessa till. hafa farið fram samtímis fyrra dagskrármáli, þá sé ég ekki ástæðu til þess að vera að fjalla meira um þessa till. og legg til, að henni verði vísað til utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og til utanrmn. með 48 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. utanrmn., á þskj. 752 og 771, var útbýtt 12. og 13. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Hafnarstæði við Dyrhólaey.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rannsóknir á hafnarstæði við Dyrhólaey [63. mál] (A. 68).

Á 12., 13. og 14. fundi í Sþ., 9., 11. og 16. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Oddsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér svo hljóðandi þáltill. á þskj. 68:
„Alþingi ályktar:
1. Að skora á ríkisstj. að hraða rannsóknum á hafnarstæði við Dyrhólaey, ljúka hönnun hafnar þar og láta gera kostnaðaráætlun hafnarinnar.
2. Ríkisstj. er heimilt að semja við verkfræðifyrirtæki, innlent eða útlent, um framkvæmd verksins, samkv. 1. lið.
3. Kostnaður vegna framkvæmda, sem þál. þessi hefur í för með sér, greiðist úr ríkissjóði."

Höfn við Dyrhólaey er áratuga eða jafnvel aldagamalt baráttumál nærliggjandi sveita. Fyrir því eru margar ástæður, og skulu nokkrar þeirra raktar hér. Beggja vegna Dyrhólaeyjar eru frjósöm landbúnaðarhéruð Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, þar sem betra er undir bú en víðast annars staðar, enda er meðalhiti þar einna mestur á landinu, og víða í þessum sveitum kemur gróðurinn snemma á vorin eða fyrr en annars staðar. Á söndum Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu eru svo að segja óþrjótandi ræktunarmöguleikar. Margt bendir til þess, að það sé hagkvæmara og jafnvel ódýrara að rækta sandana á láglendinu en annað land. Í þessum efnum höfum við fengið allmikla reynslu. Svörtum sandinum hefur verið breytt í iðjagrænan töðuvöll.

Á Skógasandi og Sólheimasandi hafa t. d. fyrir þó nokkrum árum verið ræktuð myndarleg tún, sem yfirleitt hafa gefið góða raun á undanförnum árum, þó að kalt hafi verið og hart í ári og tún víða brugðizt annars staðar. Þá má benda á þá staðreynd, sem raunar ætti að vera flestum ljós, að það hlýtur að vera miklu hagkvæmara fyrir okkur Íslendinga að breyta söndunum í ræktunarlönd en að brjóta gróið land til þeirra hluta, þegar þess er gætt, að við höfum verið árum saman að berjast við uppblásturinn í landinu og gerum víst ekki betur en að halda í horfinu. En út í þá sálma skal ekki farið frekar hér.

Frá Dyrhólaey er stutt að fara á einhver beztu fiskimið hér við land og þótt víðar væri leitað. Þau eru þar örskammt undan og til beggja handa. Um þetta er mörgum sjómanni kunnugt, því að fjöldi skipa er á veiðum á þessum miðum allan ársins hring. Á haust- og vetrarkvöldum minnir ljósadýrðin úti fyrir ströndinni stundum einna helzt á stóra borg fyrir áhorfendur úr landi að sjá. Áður fyrr var mikið útræði á þessum slóðum, t. d. bæði úr Mýrdal og undan Eyjafjöllum, sem var snar þáttur í atvinnulífi sveitanna og þeirra aðalbjargræði í hörðum árum. Sjósókn er þar nú löngu aflögð, og menn verða að láta sér nægja að horfa á skipin að veiðum úti fyrir og vona, að senn komi höfnin við Dyrhólaey. Flestir gera sér nú orðið grein fyrir því, að það er tæknilega mögulegt að byggja þarna höfn, og það er bjargföst skoðun mín og margra annarra, sem í þessum sveitum búa, að allir íbúar landsins ættu að hafa sem jafnastan rétt og möguleika til hagnýtingar hafsins í kringum landið. Nú er málum þannig háttað,

að öll þjóðin er einhuga um að fá rétt sinn til fiskveiða á hafinu yfir landgrunninu viðurkenndan, og útlit er fyrir, að við fáum þann rétt viðurkenndan áður en langt um líður. Með útfærslu landhelginnar og friðun hrygningarsvæða og aukinni verndun fiskistofna hlýtur fiskigengd að aukast verulega á miðunum umhverfis landið, en það gerir aftur á móti stórauknar fiskveiðar okkar Íslendinga mögulegar. Þegar svo er komið málum, fæ ég ekki betur séð en að höfn við Dyrhólaey sé bráðnauðsynleg frá þjóðhagslegu sjónarmiði, þó að ekki væri til annars en að geta nýtt aukinn afla af miðunum í grennd.

Því hefur stundum verið haldið fram af úrtölumönnum, að höfn við Dyrhólaey mundi rýra afkomumöguleika annarra fiskveiðibæja. Þetta er alröng skoðun. Eins og ég hef bent á, eru miðin beggja vegna Dyrhólaeyjar mikið sótt og af sumum bátum um langan veg. Þess munu ófá dæmi á undanförnum árum, að afli muni hafa verið fluttur þaðan langan veg og ekki einungis til Hornafjarðar og Þorlákshafnar, heldur einnig til Austfjarðahafna eða jafnvel allt vestur til Faxaflóa. Höfn við Dyrhólaey mundi einmitt auðvelda aðkomubátum að sækja þessi góðu mið, m. a. með ýmiss konar nauðsynlegri þjónustu, sem þar væri hægt að fá, og vegna aukins öryggis sjómannanna. Höfnin mundi þannig stuðla að aukinni nýtingu bátaflotans.

Sem kunnugt er, er engin höfn á rúmlega 300 km svæði suðurstrandarinnar frá Stokkseyri og austur á Höfn í Hornafirði. Á umliðnum öldum hefur þessi hafnlausa strönd orðið hinzti hvílustaður margra skipa, bæði útlendra og innlendra. Má segja, að suðurströndin öll sé einn allsherjar kirkjugarður. Höfn við Dyrhólaey mundi auka verulega á öryggi skipa á nálægum miðum, og frá sjónarmiði slysavarna virðist með öllu óverjandi að hafa þessa löngu strandlengju, sem ég gat um áðan, hafnlausa. Skip, sem til landsins koma frá Evrópulöndum og eru á leið til Reykjavíkur, sigla fram hjá Dyrhólaey. Flutningskostnaður frá Reykjavík til Víkur í Mýrdal hefur verið um 1.40 kr. á kg að undanförnu, þegar miðað er við þungavöru. Og þetta er lágt verð að mati þeirra, sem starfrækja flutningana. Er augljóst mál, að mikill flutningskostnaður mundi sparast með tilkomu hafnar við Dyrhólaey, og þar gæti orðið um stóra flutningahöfn að ræða. Í Vestur-Skaftafellssýslu og raunar Rangárvallasýslu líka er ástandið þannig í atvinnumálum í dag, að flestir byggja afkomu sína á landbúnaði eða þjónustu við hann í einhverri mynd. Þó er kominn nokkur vísir að iðnaði í þorpunum, sumum a. m. k., og talsverður áhugi er fyrir þeirri atvinnugrein. Á undanförnum árum hefur ekki verið um fólksfjölgun að ræða í landbúnaði, og ekki er útlit fyrir, að þar verði veruleg breyting á á komandi árum. Stór hluti unga fólksins, sem vex upp í Vestur-Skaftafellssýslu, verður að leita til annarra staða, þar sem atvinnu er að fá. Sama máli gegnir um Rangárvallasýslu eða a. m. k. austurhluta hennar. Margt af þessu fólki mundi setjast að við Dyrhólaey, ef þar væru atvinnuskilyrði fyrir hendi.

Mikið hefur verið rætt um það á undanförnum árum að auka jafnvægið í byggð landsins. Engu að síður hafa málin snúizt þannig, að meiri hluti þjóðarinnar hefur tekið sér bólfestu á tiltölulega litlu svæði. Flestir eru sammála um það, að þetta sé ekki heppileg þróun mála, enda verða auðlindir lands og sjávar svo bezt nýttar, að sem jöfnust byggð haldist í kringum landið. Líklegasta leiðin til úrbóta í þessum efnum er að vinna skipulega og markvisst að uppbyggingu þeirra staða víðs vegar um landið, þar sem skilyrði eru bezt. Svo bezt verður margumtöluðu jafnvægi í byggð landsins náð, að í hendur haldist blómlegar sveitir og myndarleg kauptún og styðji hvað annað. Með byggingu hafnarinnar við Dyrhólaey verða þar fyrir hendi öll skilyrði til þess, að þar rísi fiskveiða- og iðnaðarbær, sem mundi auka mjög á jafnvægi í byggð Suðurlandsins og styrkja verulega landsbyggðina í heild. Hér er um mjög veigamikið atriði að ræða, sem seint verður metið til fjár. Í þessu sambandi má geta þess, að Danir hafa á undanförnum árum átt við sama vandamál að stríða og við Íslendingar að því er varðar fólksflótta úr sveitunum og einkum þó af Jótlandi norðanverðu. Þeir hafa m. a. gripið til þess ráðs að byggja stóra höfn við bæinn Hanstholm á vesturströndinni norðan Limafjarðar. Þar hefur ríkisvaldið beitt sér fyrir því að skipuleggja og byggja nýja borg, sem risið hefur þar upp á fáum árum. Þarna eru góð fiskimið undan landi, og með þessu hyggjast Danir stöðva fólksstrauminn frá þessu svæði, auk þess sem fyrirhugað er, að þarna verði stór flutningahöfn. Ég held, að við Íslendingar gætum af þessu nokkurn lærdóm dregið.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns, er hér um aldagamalt baráttumál að ræða. Árið 1870 var farið fram á það við dönsku stjórnina, að hún léti rannsaka hafnarstæði við Dyrhólaey. Stjórnin lagði fyrir yfirmanninn á danska herskipinu Fylla að framkvæma þessar rannsóknir. Lítið eða ekkert mun hafa orðið úr þessum rannsóknum, en um svipað leyti munu Vestur-Skaftfellingar hafa safnað talsverðu fé með almennum samskotum til hafnargerðar við Dyrhólaey. Þessu fé var svo skilað aftur nokkrum árum síðar, þar sem hafnarmálið fékk ekki byr hjá dönsku ríkisstj. En þetta ber engu að síður vott um áhuga manna þar eystra á þessu máli þá, og hann hefur ekki verið minni en hann er nú.

Hafnarmálið hefur oft komið fram á Alþ. Mér er kunnugt um þrjár þáltill., sem hafa verið samþykktar á Alþ., sem allar miða að því að láta fara fram rannsóknir á hafnarstæði eða hafnarbótum við Dyrhólaey. Till. þessar fluttu Jón Gíslason þáv. alþm. Vestur-Skaftfellinga 1947, Jón Kjartansson þáv. alþm. árið 1955 og alþm. Guðlaugur Gíslason og Sigurður Óli Ólafsson árið 1961. Einnig hafa nokkrar fsp. verið gerðar um málið síðustu árin. Alþ. hefur jafnan sýnt þessu máli skilning og veitt fé til rannsókna við Dyrhólaey um árabil. Síðustu áratugina hefur hafnamálaskrifstofan haft rannsóknir á hafnarstæði við Dyrhólaey með höndum. Þessum rannsóknum hefur miðað sorglega lítið þrátt fyrir margyfirlýstan vilja Alþ. þar um og fyrirskipanir stjórnvalda um, að þær skyldu gerðar.

Í dag standa málin þannig, að nauðsynlegar undirstöðurannsóknir hafa enn ekki verið gerðar. T. d. hafa straummælingar ekki verið gerðar né heldur hafa farið fram efnisrannsóknir. Haustið 1970 var settur upp bylgjumælir við Dyrhólaey, og það var þó ekki gert fyrr en þáv. samgrh., Ingólfur Jónsson, hafði gefið skýr fyrirmæli um það í bréfi 6. okt. 1970, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af bréfi rn. til yðar, herra hafnamálastjóri, dags. 9. marz þessa árs, þar sem rn. fól yður að festa þegar kaup á nýjum bylgjumæli í stað þess, sem glataðist á s. l. ári, og nota við áframhaldandi mælingar hjá Dyrhólaey, vill rn., þar sem upplýst er, að umræddur bylgjumælir er enn ekki kominn niður, hér með gera ítrekaðar kröfur til þess, að það verði gert nú þegar.

Jafnframt er fyrir yður lagt að hefja strax frekari rannsóknir á skilyrðum til hafnargerðar við Dyrhólaey, svo sem um efnistöku og annað, sem máli skiptir í sambandi við hugsanlega hafnargerð þar. Nauðsynlegt er að hraða rannsóknum, til þess að unnt sé að gera raunhæfa kostnaðaráætlun um hafnargerðina.

Ingólfur Jónsson."

Þessar bylgjumælingar stóðu ekki nema um tveggja mánaða skeið, því að mælirinn losnaði upp og týndist. Hafa bylgjumælingar ekki verið gerðar þar síðan. Í jan. s. l. fékkst vita- og hafnamálastjórinn loksins til að skipa einn af verkfræðingum Vita- og hafnamálastofnunarinnar til þess að rannsaka margumrætt hafnarstæði, og átti hann að hafa það að meginverkefni á þessu ári. Raunin varð hins vegar sú, að rannsóknir við Dyrhólaey hafa ekki orðið nema hluti af störfum þessa verkfræðings, vegna þess að hann hefur verið hlaðinn öðrum störfum. Hann hefur nú sagt upp störfum hjá hafnamálastofnuninni, eins og fram kemur í grg.

Á fjárlögum ársins 1971 voru veittar 1 millj. 90 þús. kr. til hafnarannsókna. Ráðgert hafði verið, að unnið yrði bæði að hafnarannsóknum við Dyrhólaey og Þjórsárós. Með bréfi dags. 28. jan. 1971 tilkynnti vita- og hafnamálastjóri samgrn., að þessi fjárhæð mundi ekki duga til rannsókna á báðum stöðum. Þáv. samgrh. taldi þá rétt að nota þetta fé til að halda áfram og ljúka rannsóknum við Dyrhólaey. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa bréf samgrh. frá 5. febr. 1971 um þetta mál:

„Með vísun til bréfs yðar, herra hafnamálastjóri, dags. 28. f. m., varðandi kostnað við athuganir á hafnargerð við Dyrhólaey og í Þjórsárósi vill rn. taka fram eftirfarandi:

Rn. leggur áherzlu á, að athugunum á hafnarstæði við Dyrhólaey og kostnaði við hafnargerð þar verði haldið áfram og lokið svo fljótt sem unnt er og ef mögulegt er n. k. haust. Samþykkir rn. þá ráðstöfun yðar, að einum af verkfræðingum hafnamálastofnunarinnar verði fengin þessi athugun sem meginverkefni á árinu. Athuganir á hafnargerð í Þjórsárósi mega hins vegar bíða, unz fé verður fyrir hendi til þeirra.

Ingólfur Jónsson."

Á s. l. sumri fóru svo fram dýptarmælingar á rannsóknarsvæðinu. Áður höfðu þær verið gerðar á árunum 1957 og 1963. Milli þessara rannsókna hefur liðið allt of langur tími. Vitað er, að miklir og tíðir efnisflutningar eiga sér stað meðfram suðurströndinni allri. Einungis er vitað um dýpi á rannsóknarsvæðinu, eins og það var, þegar mælingarnar voru gerðar á árunum 1957 og 1963 og 1971, en engin vitneskja er fyrir hendi um dýpið, hvernig það hafi verið þess á milli eða hvaða breytingar þar kunna að hafa orðið á frá ári til árs.

Eins og ég hef rakið hér að framan, eru undirstöðurannsóknir við Dyrhólaey ýmist ekki hafnar eða skammt á veg komnar, þrátt fyrir yfirlýsingar vitamálastjóra um, að þær skyldu gerðar löngu fyrr, m. a. á árunum 1965 og 1966. Ekkert útlit er fyrir, að framkvæmdahraði verði meiri á komandi árum en verið hefur. Þess vegna tel ég, að 2. liður till. þessarar sé nauðsynlegur til þess að tryggja framgang málsins.

Ég vil að lokum geta þess, að á árinu 1963 var sérfræðingur á sviði hafnarannsókna, prófessor Bruun frá Flórída, fenginn til þess að gera athuganir á hafnarstæðinu og sandflutningi á suðurströndinni frá Þjórsárósi og austur að Ingólfshöfða. Prófessor Bruun gerði skýrslu um þessar athuganir, og í henni kemur fram, að hann telur, að við Dyrhólaey séu langbezt skilyrði til hafnargerðar á þessu svæði. Þar er mun styttra út á 16 metra dýpi, sem er talið hæfilegt fyrir hafnarmynni, en annars staðar á svæðinu. Lega og dýptarlínur eru einnig betri, og fyrir utan er straumur, sem líklegt er, að hindri, að sandur berist í hafnarmynnið.

Herra forseti. 100 ár eru nú liðin síðan fyrst voru gefin fyrirmæli um, að rannsóknir á hafnarstæði við Dyrhólaey skyldu gerðar. Hér er ekki einungis um mál sýslnanna, sem liggja að Dyrhólaey, Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu, að ræða, heldur er hér um stórmál, mál þjóðarinnar allrar, að ræða. Þess vegna tel ég orðið tímabært, að þessum rannsóknum fari senn að ljúka. Og að lokum er það von mín, að hv. Alþ. veiti þessu máli lið og samþykki tillöguna.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og fjvn.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég tek heils hugar undir þá till., sem hér hefur verið gerð grein fyrir, og ég met mikils þá ræðu, sem hv. 1. þm. Sunnl. flutti fyrir þessari till., sem hann ber fram hér í Sþ. Ég hygg, að hann hafi drepið á flest það, sem verulegu máli skiptir og sem rök mega teljast fyrir því máli, er hann ræddi, og nauðsynlegt framgangi þess. Flestallir ef ekki allir þm. Sunnl. hafa á liðnum 10—20 árum annaðhvort verið viðriðnir þáltill., sem fara eða fóru í líka átt og þessi, sem hér liggur fyrir, eða hafa gert fsp. um það, hvað rannsóknum liði í þessu efni. Allir höfum við verið sammála um það, að því er ég bezt veit, að hér væri á ferðinni mikið þjóðþrifafyrirtæki, ef hægt væri að byggja höfn á þessum stað. Og að sjálfsögðu yrði það ekki síður til hagsbóta fyrir þau héruð, sem liggja næst, og Suðurlandsundirlendið allt. En hinu er ekki að leyna, að þessum þáltill., sem áður hafa verið fluttar, hefur ekki verið sinnt neitt að því marki, sem bar. Hins vegar hefur sjálfsagt nokkuð þokazt áfram í undirbúningi og rannsóknum, en miður er það en skyldi. Og vitaskuld verður engu slegið föstu, hvorki um hafnarstæði né legu eða aðstöðu hafnarmannvirkja á landi uppi, fyrr en fullnaðarrannsókn þessa máls liggur fyrir. Þegar fengin eru fullnaðargögn eða nægjanlegar upplýsingar um málið í heild, þá er loks hægt að gera sér grein fyrir því, hvernig halda skuli áfram og gera kostnaðaráætlun. En á þessum undirbúningsrannsóknum hefur allan þennan tíma staðið, og svo gerir enn í dag, eða ég veit ekki betur.

Á árinu 1969 var gerð fsp. af minni hálfu til þáv. samgrh. Ingólfs Jónssonar um, hvernig liði undirbúningsaðgerðum samkv. ákvörðun Alþ. með samþykkt á fyrri þáltill. Var ekki annað að heyra á honum en að því miður hefði illa gengið, en nú skyldi brotið í blað, og hann lofaði góðu um það, að frekari rannsóknir

skyldu fram fara og þeim hraðað svo sem auðið væri. Nú veit ég ekki, hvernig staða rannsóknanna er í dag, og væri gott undir meðferð málsins að fá það upplýst. Að vísu drap hv. flm. á nokkur atriði, en ég teldi rétt, að gögn fengjust um það frá vitamálaskrifstofunni eða á hafnamálaskrifstofunni, hvernig þessum rannsóknum, sem þegar hafa farið fram á undanförnum 20 árum, hvernig þeim væri komið í einstökum atriðum, og eins að við fengjum þá upplýsingar um það um leið, hvað þyrfti meira með, til þess að hægt væri að hanna þessa höfn. En ég tel alveg fullvíst, að þessum rannsóknum sé ekki nema skammt á veg komið, og held mig fast við það, meðan ekki kemur annað sannara í ljós.

Hv. flm. gat um það, að nærri væru 100 ár liðin, síðan fyrst var tekið upp þetta mál, hafnarmál við Dyrhólaey, og það er rétt. En ég vil bæta við þá sögu einu atriði, sem ég hef áður minnzt á í hv. Alþ., en mér þykir rétt, að það komi enn fram. Á árinu 1901 ritaði franskur hefðarmaður grein í blaðið Ísafold. Sá maður var kallaður baróninn á Hvítárvöllum. Í grein þessa hefðarmanns er fjallað um útgerð togara, erlendra togara, og gerir hann ráð fyrir því, að gerðir verði út 16 togarar á vegum félags, sem stofnað yrði með erlendu fjármagni, ef leyfi fengist til þess að veiða í landhelgi fyrir suðurströndinni. Um þessar mundir var Guðlaugur Guðmundsson sýslumaður Vestur-Skaftfellinga og einnig þm. þeirra. Hann var snemma hrifinn af þessari hugmynd barónsins og fékk fylgi Skaftfellinga við hana. Skömmu síðar flutti svo Guðlaugur sýslumaður frv. á Alþ., frv. til l. um heimild til að veita undanþágu frá lögum um bann gegn botnvörpuveiðum hér við land, og þessi undanþága átti að gilda í 50 ár og snerta landhelgissvæðið út af Skaftafellssýslu sérstaklega. Taka átti fram í leyfisbréfi, ef gefið yrði út, ýmis skilyrði, svo sem það, að bæta skyldi það tjón, sem fiskveiðar Skaftfellinga yrðu fyrir fyrir þessa sök. En aðalskilyrðið var að sjálfsögðu hitt, að þetta erlenda félag eða menn á vegum þess byggðu trygga höfn við Dyrhólaey. Um þetta mál urðu allharðar sviptingar á Alþ., sem lauk þannig, að þetta frv. var fellt með jöfnum atkv., og einhvers staðar hef ég lesið það, að í það var látið skína, að Magnús Stephensen, sem þá var landshöfðingi, hefði haft auga á þessu máli meira en almennt gerðist, og fylgir það sögunni, að það hafi þá sérstaklega verið vegna þess, að hann var tengdur Rangárvallasýslu, ef ekki Skaftafellssýslu líka. En hvað um það, þá hygg ég, að segja megi, að hafnarmálið við Dyrhólaey hafi einna lengst komizt í sölum Alþingis. Þessu vildi ég rétt bæta við þessa 100 ára sögu þessa máls.

Ég tel vafalaust, að nýstofnuð samtök sveitarfélaga á Suðurlandi láti þetta mál mjög til sín taka, svo stórfellt hagsmunamál sem það er, ekki aðeins fyrir okkur Sunnlendinga, heldur fyrir þjóðina í heild og þá jafnframt, að þar verði málið tekið upp til athugunar við gerð Suðurlandsáætlunar. Vissulega verður mjög dýrt að koma upp höfn á þessum stað, traustri höfn. Það er alveg vafalaust. En við Sunnlendingar teljum, að annars staðar sé ekki ráð að byggja höfn við suðurströndina, ekki á þessum eða nálægum slóðum með minni kostnaði. Og auk þess er aðstaða þarna að því er varðar Suðurlandsundirlendið og miðin fyrir utan sú ákjósanlegasta, eins og hér hefur verið vel lýst áður. Og ekki verður það síður dýrt að sjálfsögðu að byggja öll mannvirki á landi uppi, sem þarf, til þess að höfnin komi að þeim notum, sem ætlazt yrði til. Dæmið er þannig stórt, en eigi að síður er það að minni hyggju svo þarft og mikilvægt, að það verður að finna leiðir til þess að leysa það með sem hagfelldustum hætti, og fyrsta skilyrðið er það, að fullkomnar rannsóknir, undirstöðurannsóknir bæði til lands og sjávar liggi fyrir, þannig að það sé hægt að hefja sem fyrst annan áfanga þessa máls, þ. e. að hanna hafnargerðina og mannvirkjagerð á landi uppi, sem ætti að vera í sambandi eða samhengi við hafnarstæðið sjálft.

Umr. frestað.

Á 16. og 17. fundi í Sþ., 23. og 25. nóv., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er orðið nokkuð umliðið síðan þessi till. var til umr., en var tekin út af dagskrá, áður en umr. lauk. Svo hittist á, að ég hafði þá beðið um orðið og hugðist segja nokkur orð í tengslum við það, sem áður hafði komið fram. Þá hafði hv. þm. Einar Oddsson gert málinu alllöng skil, og lagði flm. allríka áherzlu á þjóðhagslegt gildi þess, að höfn yrði gerð við Dyrhólaey. Auk hans ræddi málið hv. 4. þm. Sunnl. og snerti hinn sögulega streng, sem virðist vera orðinn í lengra lagi. Sem sagt: Þetta er orðið gamalt baráttumál Skaftfellinga, og í stuttu máli má segja, að hafnarmálið sé þeirra langstærsta mál. Það mætti orða það þannig, að þetta væri framtíðarmál þeirra, sem búa þar eystra. Mér virðist sanngjörn krafa þessa fólks, að málinu sé verulegur gaumur gefinn og rannsókn fari fram á því, hvort unnt sé að gera þarna höfn, hvar hún yrði staðsett og með hvaða hætti hún yrði gerð og hve mikið hún kostaði. Rannsókn á þessum atriðum hlýtur að vera allyfirgripsmikið verkefni, ef hún á að ná yfir alla þá þætti, sem nauðsynlegir eru. Það þarf að gera bylgjumælingar til athugunar á venjulegri bylgjuhæð og mestri bylgjuhæð væntanlega. Það þyrfti að koma til rannsókn á efnisflutningi með ströndinni, en miklar líkur benda til, að sandburður sé verulegur á þessu svæði, og er ekki þörf á að rekja það nánar, hverjar afleiðingar það gæti haft fyrir höfn við sandströnd, ef ekki væri tekið tillit til þessa atriðis og athuganir gaumgæfðar sérstaklega. Þeir brimbrjótar, sem ættu að verja höfnina, eru í senn forsenda hafnarinnar og um leið langdýrasti þáttur hennar. Þeir mega ekki sigla sinn sjó, eins og dæmi eru um, í einhverju ofviðrinu eða skekkjast né heldur síga. Þar af leiðir, að rannsaka þarf vel, með hverjum hætti undirstaða þeirra yrði tryggð, en með nútímatækni vona ég, að ekki þurfi að kosta óhóflega miklu til þeirrar athugunar.

Hin hafnvana strönd gerir það að verkum, að Skaftfellingar þurfa að flytja sinn varning langar leiðir með bílum og greiða mikið fé fyrir. Hafnleysi kemur þá að sjálfsögðu í veg fyrir alla möguleika til útgerðar, en þeir Skaftfellingar hafa lagt nokkra áherzlu á, að fengsæl fiskimið séu skammt undan og muni höfn við Dyrhólaey auka verulega fiskveiðar með þjóðinni. Ég er reyndar ekki alveg viss um, að svo sé í raun, því að þessi

umtöluðu fiskimið eru þegar ofsetin og það reyndar fyrir löngu og alls ekki meiri sókn á þau bætandi. Þó er ekki fyrir það að synja, að kostur væri fyrir fiskiskip, sem veiðar stunda undan Vík og Kötlutanga, auk þeirra, sem sækja lengra, t. d. austur fyrir Ingólfshöfða, að þau gætu stytt sér siglingu með aflann að landi með því að leggja upp í Dyrhólahöfn í stað þess að sigla með aflann t. d. til Faxaflóahafna. En frá sjónarmiði Skaftfellinga er að mínu áliti langmikilvægast, að með Dyrhólahöfn skapaðist þéttbýliskjarni í kringum útgerð og fiskvinnslu, vöruflutninga o. s. frv., sem gerir það að verkum, að unga fólkið gæti setzt að í héraðinu í stað þess að flytjast á mölina hér syðra. Fólkinu fjölgar ekki þar eystra, því að þó að þarna séu fagrar sveitir, lifir fólkið ekki á náttúrufegurðinni einni saman.

Ég vil nú ekki fjölyrða um þetta mál að þessu sinni, en ég vil ítreka það, að hvert álit sem aðrir hafa á þessum framkvæmdum, eiga Skaftfellingar kröfu til þess, að vönduð rannsókn fari fram á þessum atriðum öllum, sem lúta að hafnargerð við Dyrhólaey. Auk þess er nauðsynlegt að draga saman þær athuganir, sem þegar hafa verið gerðar í þessu skyni. Að þessum rannsóknum loknum, þegar búið er að gera sér grein fyrir framkvæmdamöguleikum, framkvæmdaaðferðum og fjármagnsþörf, kemur til kasta Alþ. að vega og meta, hvort félagslegt gildi og notagildi annars vegar, kostnaðarhliðin hins vegar standi í þeim hlutföllum, að rétt sé að ráðast í hafnargerð við Dyrhólaey.

Flm. (Einar Oddsson): Herra forseti. Ég ætla að segja hér örfá orð. Ég vil nota tækifærið til þess að þakka hv. 4. þm. Sunnl. fyrir ræðu hans hinn 18. nóv. s. l. svo og hv. 5. þm. Sunnl., Garðari Sigurðssyni, fyrir ræðu hans núna áðan. Það er vitað mál, að á suðurströnd landsins eru náttúrleg skilyrði til hafnargerðar minni en víða annars staðar á landinu og hafnargerð þar er og verður dýrari en þar sem firðir ganga inn í landið og lítið eitt þarf til þess að gera skipum aðstöðu. Samkv. niðurstöðum þeirra rannsókna, sem gerðar hafa verið, er Dyrhólaey langálitlegasti staðurinn. Náttúruskilyrði eru þar bezt, þar er langstytzt út á 16 metra dýpi, sem sérfræðingar hafa talið hæfilegt fyrir hafnarmynni á þessum slóðum, eða ca. 900 metrar. Þetta er um það bil helmingi styttri vegalengd út á þetta dýpi en frá sumum þeim öðrum stöðum, sem helzt hafa komið til greina í sambandi við hafnargerð á þessu svæði. Aðalkostnaður við hafnargerð við suðurströndina eru hafnargarðarnir. Má ætla, að höfn við Dyrhólaey verði allt að því helmingi ódýrari en höfn á þeim stöðum, þar sem 1800 metrar eru út á 16 metra dýpi. Ýmis önnur skilyrði eru betri við Dyrhólaey en annars staðar á umræddu svæði svo sem lega, dýptarlína og straumar, svo sem ég hef getið um við fyrri hluta umr. þessarar. Þá er eyjan sjálf góður skjólgarður svo langt sem hún nær. Hafnarmannvirki í landi verður að sjálfsögðu að gera, þegar höfnin er komin eða samhliða henni.

Þegar landhelgin hefur verið færð út og Íslendingar ráða henni einir og verða einir um veiðar á landgrunninu, þá má gera ráð fyrir, að við getum veitt um það bil helmingi meira en við veiðum nú á landgrunnssvæðinu. Þetta þýðir það, að við verðum að kaupa fleiri skip, byggja fleiri hafnarmannvirki í landi, frystihús, fiskvinnsluhús og fleiri mannvirki til þess að geta nýtt aukinn sjávarafla. Það er engin spurning um það, heldur getur orðið spurning um það, hvar eigi að byggja þessi mannvirki. Það er mín skoðun, að þegar landhelgin hefur verið færð út, verði þjóðhagsleg nauðsyn að byggja höfn við Dyrhólaey. Ein beztu fiskimið landsins eru þar við bæjardyrnar, á landi blómlegar sveitir. Staðurinn liggur vel við samgöngum, bæði á landi og sjó. Á rúmlega 300 km hafnlausri strandlengju Suðurlandsins er brýn nauðsyn að komi höfn af slysavarnaástæðum og mörgum ástæðum fleiri, sem ég skal ekki fjölyrða um hér.

Þessi till. hefur haft góð áhrif á vitamálaskrifstofuna. Mér hefur verið tjáð þaðan, að þar sé nú unnið af krafti að frumskýrslu um málið, þar sem dregnar verða fram þær staðreyndir, sem fyrir hendi eru. Síðan er víst ætlunin að gera lauslega kostnaðaráætlun. Ég vil halda því fram, að þessa frumskýrslu og kostnaðaráætlun hafi verið hægt að gera fyrir mörgum árum, fyrst hægt er að gera þetta nú.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta mál.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Erlendir starfsmenn við sendiráð á Íslandi.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fjölda erlendra starfsmanna við sendiráð erlendra ríkja á Íslandi [70. mál] (A. 76).

Á 13. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14., 15., 16. og 17. fundi í Sþ., 16., 18., 23. og 25. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 10. landsk. þm. leyft mér að flytja hér á þskj. 76 till. til þál. um fjölda erlendra starfsmanna við sendiráð erlendra ríkja hér á landi.

Þegar utanrrn. birti skýrslu sína um fjölda erlendra starfsmanna við hin ýmsu sendiráð hér í Reykjavík jafnframt skýrslu yfir fasteignir og lóðir þessara aðila, kom í ljós, að hér var í einstaka tilvikum um mjög mikið og áberandi og óeðlilegt misræmi að ræða milli hinna einstöku sendiráða. Ísland hefur, eins og vitað er, mis-

jafnlega mikil samskipti við hin ýmsu ríki, bæði viðskiptaleg og menningarleg, og er því ekki nema eðlilegt, að sendiráð landsins séu misjafnlega umfangsmikil í hinum ýmsu löndum, og fer það eftir samskiptum okkar við hvert land fyrir sig. Á sama hátt er það eðlilegt, að sendiráð erlendra ríkja hér á landi séu misjafnlega umfangsmikil, og gildir þar um að sjálfsögðu sama regla og um sendiráð okkar erlendis. Það, sem hlýtur þó að vekja athygli í umræddri skýrslu utanrrn., er, að eitt ríki, þ. e. Sovétríkin, hefur hér mun fleiri erlenda starfsmenn í þjónustu sinni en nokkurt annað ríki og fasteignir þess og lóðir eru áberandi meiri en annarra ríkja og hvort tveggja mun umfangsmeira en séð verður, að þörf sé fyrir. Samkv. skýrslunni eru erlendir starfsmenn við þetta sendiráð 30 talsins, sem er rúmlega þriðjungur allra erlendra starfsmanna við þau 10 sendiráð, sem hér eru, og einum fleiri en sex ríki önnur samanlagt hafa í þjónustu sinni, og verður þó ekki séð, að þessi ríki hvert fyrir sig hafi nokkuð minni diplómatísk samskipti við okkur en umrætt ríki. Ef litið er á fasteignir þessa sendiráðs, blasir það sama við. Þar er um að ræða fjórar fasteignir, sem að rúmmáli eru rúmlega ¼ hluti af rúmmáli allra fasteigna hinna 10 sendiráða, sem hér eru. Svipuð hlutföll eru varðandi flatarmál lóða þessa sendiráðs og hinna sendiráðanna samanlagt.

Þegar þetta er athugað og einnig það, að sennilega er engum hv. þm. kunnugt um nokkur þau samskipti Íslendinga og Sovétríkjanna, sem gefa tilefni til jafnumfangsmikils sendiráðs þeirra hér á landi og raun ber vitni um, er ekki hægt að telja annað en að hér sé um óeðlilegt misræmi að ræða miðað við stærð og umfang annarra sendiráða. Þm. allir vita, að samskiptum okkar við þetta ríki er á\ þann veg háttað, að um vöruskipti er að ræða. Samningar um þessi viðskipti munu gerðir einu sinni á ári eða annað hvert ár, og eru það þá sérstakar sendinefndir af hálfu beggja ríkjanna, sem þessa samninga annast, þó að sendiráðin komi þar að sjálfsögðu að einhverju leyti við sögu. Ekki mun hv. þm. heldur kunnugt um nein umfangsmikil menningartengsl okkar Íslendinga við þetta ríki. Munu hlutfallslega fáir íslenzkir námsmenn stunda nám í Sovétríkjunum, og fjölda námsmanna þaðan við háskólann hér er ekki til að dreifa. Þegar allt þetta er athugað, liggur það alveg ljóst fyrir, að um alveg óeðlilegan fjölda starfsmanna er að ræða við þetta sendiráð, og finnst flestum óskiljanlegt, hvernig það fólk, sem þar starfar, getur eytt tímanum miðað við venjuleg diplómatísk störf. Það skal tekið fram, að starfsfólk við APN-fréttastofuna, Novosty, er ekki talið með í fjölda starfsfólks þessa sendiráðs. Verður ekki annað sagt en að þetta tilvik í skýrslu utanrrn. um fjölda erlendra starfsmanna við sendiráðin gefi fullkomna ástæðu til að skora á ríkisstj. að setja einhverjar reglur, sem hamli gegn því, að nokkurt sendiráð geti haft í þjónustu sinni alveg ótakmarkaðan fjölda erlendra starfsmanna eða farið í stórfelld lóða- og fasteignakaup hér á landi langt umfram það, sem séð verður, að nauðsyn beri til. Varla getur talizt óframkvæmanlegt að setja slíkar reglur, sem hlytu í grundvallaratriðum að byggjast á diplómatískum og viðskiptalegum samskiptum okkar við hvert ríki fyrir sig, og er að sjálfsögðu ekki til þess ætlazt, að sendiráðinu sé í nokkru þröngur stakkur skorinn í þessum efnum, heldur aðeins, að í framtíðinni verði komið í veg fyrir, að nokkurt sendiráð geti þanið út starfsemi sína með óeðlilegum fjölda erlendra starfsmanna eða fasteignauppkaupum langt umfram það, sem séð verður, að nauðsyn beri til. Íslenzka þjóðin er ekki mannfleiri en svo, að hún verður að hafa fulla aðgæzlu með því, að á þessu sviði sé allt með eðlilegum hætti, þar sem erlendir starfsmenn sendiráða njóta þeirrar sérstöðu að vera ekki háðir íslenzkum lögum.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að umr. um málið verði frestað og till. verði vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Um till. til þál. á þskj. 76, er fjallar um fjölda erlendra starfsmanna við sendiráð erlendra ríkja á Íslandi, vil ég aðeins leyfa mér að segja örfá orð.

Athuganir hafa verið gerðar í utanrrn. undanfarin tvö ár á fjölda erlendra starfsmanna við sendiráð hér. Það má vera, að það hafi verið gert fyrr, en þessar athuganir liggja fyrir, og það liggur jafnframt fyrir, að þessi fjöldi hefur ekki breytzt á undanförnum tveimur árum. Jafnþingreyndum manni og hv. 3. þm. Sunnl. geta því ekki komið á óvart þær upplýsingar, sem í skýrslu utanrrn. eru um fjölda erlendra starfsmanna. Fyrrv. ríkisstj. sá enga ástæðu til þess að gera neinar ráðstafanir til þess að takmarka fjölda erlendra sendimanna hér. Ég vil segja, að það er sjálfsagt að gera athugun á því máli, sem þáltill. fjallar um, frá almennu sjónarmiði. Það eru alþjóðlegar reglur til um það, að móttökuríki getur, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, takmarkað fjölda erlendra sendimanna. Það er um það samningur, sem gerður var í Vínarborg 1961 og Ísland hefur nýlega gerzt aðili að, þannig að tæknilegir örðugleikar þurfa ekki að vera fyrir hendi í þessu atriði, sem hér um teflir. Hitt vil ég segja sem mína skoðun, að ég tel ekki, að það sé neinn óeðlilegur fjöldi við nokkurt sendiráð á Íslandi, þannig að ástæða sé til að beita þeim samningsákvæðum, sem hér um teflir. En utanrmn. getur að sjálfsögðu fengið og fær að sjálfsögðu umrædda þáltill. til meðferðar, og þar verður þetta mál skoðað.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þessa till. fleiri orð. Ég get vel metið þá hugsun og þá viðleitni hv. 3. þm. Sunnl., að hann vilji ekki hafa fleiri útlendinga hér á Íslandi en nauðsyn ber til.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Hæstv. utanrrh. taldi, að mér gætu ekki komið á óvart þær upplýsingar, sem utanrrn. hefur nýlega birt um tölur erlendra starfsmanna við sendiráðin hér. Ég get fullvissað hann um það, að mér kom þetta alveg á óvart. Síðan ég tók sæti á hv. Alþ. minnist ég þess ekki, að þessi mál hafi nokkurn tíma verið þar rædd, og ég hef aldrei séð opinbera skýrslu um þessi mál, þannig að ég hygg, að þetta hafi ekki einungis komið mér, heldur sennilega öllum þm. eða flestöllum þm. alveg á óvart, hvernig þessum málum var háttað hjá okkur. Og ég verð að segja, að mig undrar mjög, að hæstv. utanrrh. skuli segja það hér, að hann sjái ekki, að neinn óeðlilegur fjöldi erlendra starfsmanna sé við neitt sendiráð hér á landi. Ég tiltók hér eitt sendiráð áðan, sem skar sig alveg úr samkv. skýrslu utanrrn. um fjölda starfsmanna, og ég verð að segja það, að ég hygg, að flestir

eigi mjög erfitt með að skilja það, til hvers séu starfandi 30 erlendir starfsmenn í þessu eina sendiráði, þegar við vitum það, að önnur sendiráð, sem ekkert hafa minna umfangs hér á landi, láta sér nægja kannske 5—7 manns. En hæstv. utanrrh. telur þetta í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, og það er auðvitað hans mat á hlutunum, en mitt mat er það, að þarna sé um mjög óeðlilegt misræmi að ræða á milli hinna einstöku sendiráða hér í höfuðborg landsins.

Ég skal einnig taka það fram, að það kom mér alveg á óvart, — ég hef ekki vitað um það, — þegar blöðin birtu um það fréttir, sem ekki hefur verið mótmælt af utanrrn., að íslenzkir sendiráðsmenn væru háðir vissum kvöðum sem starfsmenn íslenzka sendiráðsins í Moskvu. Blöðin hafa skýrt frá því, og því hefur ekki verið mótmælt, að þeir fengju aðeins að ferðast vissan kílómetrafjölda, 40 km, út frá miðborginni. Ég hygg, að það þættu harðir kostir hér á landi, bæði af hendi þess sendiráðs, sem ég hef hér mest rætt um, og annarra sendiráða, ef starfsmenn þeirra fengju ekki nema með sérstöku leyfi, eins og gildir í okkar sendiráði í Moskvu, að ferðast t. d. austur að Selfossi eða eitthvað austur í sveitir, til þess þyrfti sérstakt leyfi íslenzkra stjórnvalda. En það hefur verið upplýst jafnframt, að þetta gilti einnig um starfsmenn annarra sendiráða í höfuðborg Sovétríkjanna, og þá er ekkert við því að segja. Auðvitað hljótum við að vera háðir þeim kvöðum, sem um önnur sendiráð gilda þar, fyrst við á annað borð teljum þörf á að hafa sendiráð þar, eins og lengi hefur verið talin þörf á, jafnvel þó að þessir annmarkar væru á því, að starfsmenn þjóðarinnar þar, sem eiga að vera háðir íslenzkum lögum, skuli vera hálfgerðir fangar í sendiráði okkar í þessari höfuðborg.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki þessa till. undir höndum, en ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. hans svör, þó að þau lægju nú ljós fyrir í fjölmiðlum áður að mestu leyti. En ég vil aðeins vekja athygli á þeirri skoðun minni, að það sé heildarfjöldi starfsmanna við sendiráðin, sem máli skiptir. Bandaríkjamenn hafa langflesta starfsmenn í sendiráðinu, yfir 30. Það er staðreynd. Hins vegar væri kannske sanngjarnt að setja einhver skynsamleg mörk um heildarfjölda starfsmanna að meðtöldum starfsmönnum fréttastofa eins og þeirrar rússnesku, — ég man ekki, hvað hún heitir, — og upplýsingastofnana eins og Upplýsingastofnunar Bandaríkjanna. Að vísu kæmu slík mörk langharðast niður á Bandaríkjamönnum, en fyrst hv. 3. þm. Sunnl. hefur vakið máls á þessu, þá getur hann varla verið þekktur fyrir að standa á móti svo sanngjarnri lausn. Hins vegar er skylt að benda á, að slík takmörkun gæti verið viðkvæmt mál, og sízt vildi ég verða til þess að styggja þá ágætu Bandaríkjamenn í þessu efni. Að lokum vildi ég aðeins taka undir orð hæstv. utanrrh. um nákvæma skoðun á þessu máli.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. mjög lengi, en kveð mér hljóðs í fyrsta lagi vegna þess, að ég er annar af flm. þessarar þáltill., og ef ráðh. sér ástæðu til þess að tala um, að hér sé ástæðulaust fyrir menn að bera fram þáltill., vegna þess að þeir eigi að vita einhverja hluti vegna sinnar þingreynslu, þá er ekki hægt að segja það um mig eða mína undirskrift á þessari þál., og lýsi ég reyndar furðu minni á þeim rökum, sem fram koma í slíku svari.

Fyrri flm. till. hefur reyndar lýst því, og ég geri það líka, að þessar upplýsingar, sem komu fram um fjölda starfsmanna ýmissa sendiráða, kæmu sér mjög á óvart. Satt að segja gerði ég mér alls ekki grein fyrir því, hversu ótrúlega mikill fjöldi er hér af erlendum starfsmönnum á vegum ýmissa sendiráða í Reykjavík. Í því sambandi er ástæðulaust að blanda saman íslenzkum starfsmönnum og útlendum hjá þessum sendiráðum. Sú staðreynd blasir við, að hjá ýmsum sendiráðum, án þess að verið sé að nefna hér þau sendiráð eða þjóðir þeirra, er um mikinn fjölda að ræða af erlendum mönnum, og þessi till. snýst fyrst og fremst um þessa erlendu starfsmenn, vegna þess að íslenzk lög ná ekki yfir þá. Um þá íslenzku starfsmenn, sem starfa hjá þessum sendiráðum, gilda að sjálfsögðu íslenzk lög og ástæðulaust fyrir okkur að hafa áhyggjur af því, hversu marga starfsmenn er þar um að ræða. Við erum ekki að hafa áhyggjur af því í sjálfu sér, hvaða starfsemi fer fram eða hvað þetta fólk er að gera. Það má í sjálfu sér velta vöngum yfir því, hversu eðlilegt það sé, að sendiráð, sem eiga í eðli sínu að hafa engu meiri starfsemi en önnur, séu hér með margfalt, margfalt fleiri starfsmenn. En látum það vera. Við skulum ekki fara að gera því skóna, að þeir séu að gera hér nein voðaverk eða að grafa undan þessari þjóð og sjálfstæði okkar. En það er hitt, sem veldur okkur áhyggjum, að þessi sendiráð geta óáreitt safnað til sín liði hér án nokkurra afskipta íslenzkra yfirvalda, safnað bæði til sín liði, þ. e. fólki, og líka eignum, alveg án nokkurra aths. Það er þessi ástæða fyrir þessari till. okkar, að við höfum virkilegar áhyggjur af því, að hér skuli vera sendiráð, sem safnar hér eignum, alveg eins og aðrir safna frímerkjum nánast, og ég vil leyfa mér að spyrja: Má virkilega skilja svar utanrrh. svo, að hann sé á móti því, að settar séu almennar reglur, sem a. m. k. fela það í sér, að viss athugun fari fram á þessu máli?

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Lán til innlendrar skipasmíði.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um samkeppnislán til innlendrar skipasmíði [85. mál] (A. 95).

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Jóhannsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, miðar að því að tryggja, að innlendar skipasmíðastöðvar geti boðið innlendum kaupendum hærri lán en þeir geta fengið við innflutning skipa erlendis frá. Hæstv. ríkisstj. hefur gefið fyrirheit um, að ríkisábyrgð verði veitt fyrir erlendum lánum allt upp í 80% af kaupverði fiskiskipa, og enn fremur lánar Atvinnujöfnunarsjóður út á innflutt skip 5%, þannig að heildarlánafyrirgreiðsla getur orðið 85%. Hins vegar lánar Fiskveiðasjóður til skipa, sem smíðuð eru innanlands, 75% og Atvinnujöfnunarsjóður 5%, og auk þess hefur sú regla verið í gildi um nokkurra ára skeið, að veitt hefur verið viðbótarlán, 10%, sem var aflað af ríkisstj. og upphaflega kom af fjármagni atvinnumálanefndar ríkisins, á meðan hún starfaði, en var síðan tekið inn á framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir yfirstandandi ár. Hér er þó um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem gilda á til ársloka, og er ekki ráðgert, að þetta 10% viðbótarlán verði veitt til fiskiskipa, sem um verður samið eftir áramót. Ef þessi lánafyrirgreiðsla fellur niður, án þess að nokkuð komi í staðinn, er samkeppnisaðstaða innlendra skipasmíðastöðva verulega skert, og gæti það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.

Kosta verður kapps um að fullnýta afkastagetu innlendu skipasmíðastöðvanna. Til þess liggja ýmsar ástæður. Hér er um að ræða atvinnu mörg hundruð iðnaðarmanna og lífsframfæri þúsunda einstaklinga. Í þessari iðngrein hefur mikið fjármagn verið bundið á síðustu árum, og það skilar sér ekki aftur nema mikil og góð nýting sé á smíðagetu stöðvanna. Ef fyrirtækin eru verkefnalítil, lendir rekstur þeirra í erfiðleikum og þau eiga erfitt með að standa í skilum með kaupgreiðslur, hvað þá að þau geti veitt launþegum umtalsverðar kjarabætur. Um þetta höfum við allt of mörg dæmi frá undanförnum árum. Ef nægjanlegt lánsfjármagn verður ekki fyrir hendi til að halda áfram uppbyggingu fiskiskipaflotans, er mikil hætta á, að sá skortur leiði til verkefnaleysis hjá innlendum skipasmíðastöðvum með öllum þeim afleiðingum, sem því fylgja.

Afkastageta íslenzkra skipasmíðastöðva í dag er 2800 brúttólestir á ári, og er hóflega áætlað, að hún aukist í um 4000 brúttólestir á ári á næstu þremur árum. Endurnýjunarþörf fiskiskipaflotans er hins vegar talsvert meiri, auk þess sem æskilegt er og nauðsynlegt, að flotinn stækki á hverju ári. Eðlileg endurnýjunar- og aukningarþörf flotans er því nægjanleg til þess, að afkastageta stöðvanna ætti að geta verið fullnýtt á næstu árum. Hinum miklu skuttogarakaupum, sem nú eru áætluð, fylgir hins vegar sú hætta, að verulega dragi úr endurnýjun minni fiskiskipa á næstu árum. Sú hætta stafar m. a. af því, að ýmis útgerðarfyrirtæki kaupa nú skuttogara í stað þess að kaupa minni fiskiskip, eins og þau hafa gert hingað til. Enn fremur er ljóst, að verði ekki gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að afla Fiskveiðasjóði aukins ráðstöfunarfjár, verður sjóðurinn þess algerlega vanmegnugur á næstu árum að lána til skipa, sem smíðuð verða innanlands. Til þess að tryggja vöxt og viðgang innlendra skipasmíða á næstu árum, þarf að gera tvennt, að beina smíði skuttogara inn í landið í eins ríkum mæli og unnt er og útvega þeim lánastofnunum, sem eiga að lána til innlendra skipasmíða, verulega aukið fjármagn, til þess að þær geti fullnægt þeirri miklu lánsfjárþörf, sem fyrirsjáanleg er.

Félag dráttarbrautaeigenda og skipasmiða gerði nýlega könnun á afkastagetu íslenzku skipasmíðastöðvanna, og kom þá í ljós, að unnt er að smíða ekki færri en 10 og allt að því 16 skuttogara 46 m langa, en það eru um 400—500 brúttólesta skip, á næstu þremur árum. Vitað er, að íslenzk útgerðarfyrirtæki hafa falazt eftir kaupum á rúmlega 20 skuttogurum af þessari stærð erlendis, en þó hefur aðeins verið gengið frá samningum um fimm slíka togara, og er það í Noregi. Sýnist því vera full ástæða til þess að gera ráðstafanir til þess að beina smíði annarra þessara togara til innlendra skipasmíðastöðva. Verð þeirra er algjörlega samkeppnisfært við það verð, sem norskar skipasmíðastöðvar bjóða, og afhendingartími á fyrstu togurunum yrði ekki lengri en hjá norskum stöðvum, og hægt yrði að afhenda a. m. k. 16 togara fyrir árslok 1974, eins og áður sagði.

Flestir eru sammála um, að innlendar skipasmíðastöðvar beri að efla, því að hér er um að ræða lífsnauðsynlega, þjóðhagslega hagkvæma atvinnugrein. Við getum verið minnug þess, að skipaleysi Íslendinga á 13. öld átti drjúgan þátt í því, að þjóðin missti þá sjálfstæði sitt, og við ættum því að leggja metnað okkar í að verða sjálfum okkur nógir um skipasmíði og viðhald alls okkar skipastóls, bæði fiskiskipa og kaupskipa. Í valdatíð síðustu ríkisstj. var grettistökum lyft við uppbyggingu skipasmíðaiðnaðarins, og nú eru í landinu allmargar allvel búnar skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir, sem geta annað að miklum hluta endurnýjun og viðhaldi fiskiskipaflotans. En skipasmíðar eru að mörgu leyti erfið iðngrein, og þar hefur ríkt mikil samkeppni á alþjóðamarkaði, sem m. a. hefur orðið til þess að þvinga niður verð og valdið skipasmíðastöðvum um allan heim miklum erfiðleikum. Hafa margar skipasmíðastöðvar erlendis verið reknar með beinum ríkisstyrkjum af þessum sökum. Hér á landi átti þessi iðngrein við mikla erfiðleika að etja á árunum 1966 og síðar vegna lítillar eftirspurnar eftir fiskiskipum, sem átti rætur að rekja til almenns samdráttar í sjávarútvegi á þeim árum, en um leið bættist við, að Fiskveiðasjóður var á þeim árum lítt fær um að fjármagna innlendar skipasmíðar svo að nokkru næmi, vegna þess að á þessum árum var sjóðurinn að borga niður erlend lán, sem kaupendur fiskiskipa höfðu fengið, er þeir létu smíða skip erlendis á árunum upp úr 1960, en Fiskveiðasjóður varð að yfirtaka þessi lán og breyta þeim í löng lán.

Þessi saga má ekki endurtaka sig nú, þegar skuttogarabylgjan skellur yfir. Fjármagnsskortur Fiskveiðasjóðs á næstu árum gæti orðið til þess að kippa fótunum algerlega undan þeirri skipasmíði, sem þegar hefur náð að festa hér rætur, og þá eru fyrirheit hæstv. ríkisstj. í málefnasamningi hennar um stuðning við innlendar skipasmíðar orðin léttvæg og lítils virði. Ljóst er, að Fiskveiðasjóður þarf a. m. k. um 600 millj. kr. á næsta ári til þess að geta lánað til innlendra skipasmíða eins og lög sjóðsins gera ráð fyrir, og þar við bætist sú byrði, sem leggjast mun á sjóðinn vegna skuttogarasmíða erlendis og nemur lauslega áætlað ekki minna en um 200 millj. kr. á næsta ári. Ráðstöfunarfé sjóðsins var á hinn

bóginn áætlað á þessu ári um 500 millj. kr., en vegna fyrirhugaðrar lækkunar á vöxtum og lengingar á lánstíma mun ráðstöfunarfé sjóðsins minnka talsvert. Fastatekjur sjóðsins eru aðeins framlag ríkissjóðs, 35 millj. kr., og hluti af útflutningsgjaldi á sjávarafurðum, um 50 millj. kr. á ári. Aðra fasta tekjustofna hefur sjóðurinn ekki.

Það er því augljóst, að ráðstöfunarfé Fiskveiðasjóðs mun hvergi nærri nægja til þess að anna hinni gífurlegu lánsfjárþörf, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar. Þegar á það er jafnframt litið, að frá næstu áramótum mun 10% viðbótarlánafyrirgreiðsla Atvinnujöfnunarsjóðs falla niður, sést, að aðgerða er þörf. Hér er því lagt til, að Útflutningslánasjóði verði útvegað aukið fjármagn, til þess að sá sjóður geti annazt þau viðbótarlán, sem upphaflega komu frá atvinnumálanefnd ríkisins. Nauðsynlegt er, að Útflutningslánasjóði verði gert kleift að lána allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, til þess að samkeppnisaðstaða innlendu stöðvanna verði betri en erlendra og heildarlán með íslenzkum skipum verði 90%, eins og ég sagði í upphafi, en heildarlánafyrirgreiðsla vegna innfluttra skipa 85%. Það á að vera stolt íslenzku þjóðarinnar að smíða skip sín sjálf, því að hvar gefur íslenzkur iðnaður meiri möguleika til stóriðju í eigu landsmanna sjálfra en einmitt á sviði skipasmíða? Tryggjum því áframhaldandi uppbyggingu skipasmíðaiðnaðarins.

Ég vil svo að lokum vegna umr. hér áðan um stofnlánin og vexti þeirra, ef ég hef þá ekki misskilið umr., þakka hæstv. viðskrh. þau nýmæli, sem komu fram gagnvart iðnaðinum sérstaklega, um að stofnlán iðnaðarins yrðu samræmd sjávarútveginum hvað snertir vexti og lengd lánstíma. Ég tel, að um réttlætismál sé hér að ræða, enda hafa verið gerðar ályktanir um þetta á undanförnum iðnþingum Íslendinga. En hvernig hæstv. viðskrh. ætlar sér að leysa þetta án skerðingar á útlánagetu, er og verður að sjálfsögðu hans mál, svo lengi sem hann stendur við stjórnvölinn. Tíminn verður úr að skera, hvernig efndir verða.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til fjvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Framkvæmdaáætlun vegamála.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um framkvæmdaáætlun vegamála [100. mál] (A. 118).

Á 17. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Flm. (Einar Oddsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi þáltill. á þskj. 118: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára um framhald á uppbyggingu vegakerfis landsins.

1. Í áætlun þessari skal miðað við, að á næstu 10 árum verði lokið uppbyggingu hringvegar um landið og þeirra vega, sem liggja að kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri.

2. Í áætluninni skal miðað við, að á næstu 10 árum verði lokið við að leggja slitlag úr olíumöl eða öðru hliðstæðu efni á vegi, þar sem 300 bifreiðar eða fleiri fara um á dag að sumarlagi. Enn fremur skal miðað við, að á framangreindu tímabili verði lagt slitlag úr slíku efni á vegi til þeirra staða, sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í atvinnulífi landsins.

3. Við röðun framkvæmda á næstu 10 árum samkv. 2. lið skal miðað við, að þeir vegir eða vegarkaflar, þar sem undirbúningur slitlagsins verður ódýrastur, gangi á undan, en þó skal höfð hliðsjón af umferðarþunga.

4. Framkvæmdaáætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti eða samtímis hinni almennu vegáætlun. Kostnaður við gerð framkvæmdaáætlunarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Afkoma okkar Íslendinga hefur verið og er enn að verulegu leyti undir því komin, að hægt sé að halda uppi góðum samgöngum í landinu. Áður fyrr fóru menn um landið og fluttu sínar vörur á hestum. Síðan leystu bifreiðarnar hestana af hólmi, og þær eru enn þá okkar aðalsamgöngutæki innanlands, og er útlit fyrir, að svo muni verða enn um langa framtíð, enda þótt flugvélar og skip gegni einnig þýðingarmiklu hlutverki á sviði samgöngumála okkar. Bifreiðarnar eru orðnar svo snar þáttur í lífi okkar Íslendinga, að fátt er okkur nauðsynlegra í dag en gott vegakerfi. Sakir fámennis höfum við ekki getað byggt jafndýra og vandaða vegi í okkar stóra og strjálbýla landi og margar aðrar þjóðir. Engu að síður hefur mikið átak verið gert í vegamálum á síðustu 10 árum í öllum landshlutum. Stórir og vandaðir vegir hafa verið byggðir upp víðs vegar um land, eins og kemur fram í grg. Byggðir hafa verið upp vandaðir vegarkaflar með slitlagi úr varanlegu efni, bæði á Vesturlandsvegi út frá Reykjavík, svo og Suðurlandsvegur langleiðina til Selfoss. En ráðgert er, að því verki ljúki á næsta ári. Með till. þessari er stefnt að því, að þessari uppbyggingu vegakerfisins verði haldið áfram næstu 10 árin.

Eins og kemur fram í grg., fór fyrrv. samgrh., Ingólfur Jónsson, á sínum tíma þess óformlega á leit við Vegagerð ríkisins, að hún léti vinna að heildaráætlun í vegagerð í svipuðu formi og hér er gert ráð fyrir, eftir því sem tími ynnist til. Verkfræðingar Vegagerðarinnar hafa hins vegar verið of fáir miðað við þau mörgu verkefni, sem Vegagerðin hefur þurft að sinna á undanförnum árum. Eigi að síður hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf fyrir heildaráætlun í vegagerð af verkfræðingum Vegagerðarinnar. Með auknum fólksfjölda, meiri og fjölþættari uppbyggingu atvinnuveganna og auknum þjóðartekjum eru framkvæmdir þær, sem till. gerir ráð fyrir, bæði nauðsynlegar og eðlilegar. Auk þess er vandséð, að við getum lagt í betri fjárfestingu, eins og síðar verður vikið að.

Till. þessi hefur tvö meginmarkmið. Annars vegar

að byggja upp þá kafla hringvegarins, sem ólokið er, og vegi, sem liggja til fjölmennustu þéttbýliskjarnanna, á næstu 10 árum og tengja þá við aðalsamgönguæðarnar. Hins vegar að leggja slitlag úr varanlegu efni á þá vegi eða vegarkafla þjóðvegakerfisins, sem fjölfarnastir eru, og þá, sem gegna þýðingarmiklu hlutverki í atvinnulífi landsins. En eðlilegt er, að þessi tvö meginverkefni séu unnin í nánum tengslum hvort við annað. Till. þessi nær að sjálfsögðu ekki til vega, sem þegar hafa verið gerðar áætlanir um eða sem verið er að gera, t. d. samkv. Vestfjarðaáætlun, Austfjarðaáætlun og samgönguáætlun Norðurlands.

Í 1. lið till. er, eins og fyrr er frá skýrt, gert ráð fyrir, að uppbyggingu hringvegar um landið verði lokið á næstu 10 árum og að á sama hátt verði lokið uppbyggingu vega til þeirra staða, sem hafa 300 íbúa og þar yfir. Það, að miðað er við þá staði, sem hafa 300 íbúa, stafar af því, að þar er umferðarþungi orðinn allmikill, og gert er ráð fyrir því í 30. gr. vegalaga, að götur, sem liggja um þessa staði, skuli vera þjóðvegir. Síðar hefur verið ákveðið í reglugerð nr. 44 frá 1965, hvaða vegir það séu. Þessir staðir eru nú nálega 60 talsins. Ástand veganna er mjög misjafnt. Uppbyggingu sumra þessara vega er lokið, aðrir þarfnast minni háttar lagfæringa. Á suma þessa vegi hefur verið sett slitlag úr varanlegu efni, en allmarga þarf að byggja upp að verulegu leyti.

Um marga þá vegi, sem gætu fallið undir 1. lið till., hafa þegar verið gerðar áætlanir, sem fjár hefur verið eða verður aflað til með sérstökum hætti og öðrum en með hinu almenna vegafé. Má þar t. d. nefna Vestfjarðaáætlun, þar sem mikið átak hefur verið gert og margir vegir verið byggðir upp. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því í umr. í dag, að til þessara framkvæmda hafi verið varið alls 210 millj. kr. Sé miðað við verðgildi peninga í dag, þá nemur þessi fjárhæð allmiklu hærri upphæð.

Austfjarðaáætlun hefur þegar verið gerð, og hefur þegar verið unnið fyrir 60 millj. á þessu ári, og ráðgert er að vinna fyrir 240 millj. til viðbótar á næstu fjórum árum samkv. þeirri áætlun. Þá er í smíðum samgönguáætlun Norðurlands, sem hefur verið til umr. hér á Alþ. nú fyrir skemmstu. Má ætla, að til þeirrar áætlunar verði varið allmiklu fé.

Þá skal einnig nefna lagningu vegar yfir Skeiðarársand, sem gerð verður á næstu 3—4 árum, eftir því sem upplýst hefur verið nú nýverið hér á Alþ. Ég vona, að það takist að framkvæma þetta verk á þremur árum, því að hér er um geysiþýðingarmikinn áfanga að ræða í vegamálum landsins, bæði efnahagslega og menningarlega. Og er viðeigandi, að lokið yrði við hann á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, en um það skal ekki fjölyrt frekar hér.

Vegir samkv. þeim áætlunum, sem ég hef nú nefnt, hefðu allir fallið innan þess ramma, sem fyrsti liður till. setur, en verða ekki með í þessari áætlun, eins og ég hef áður skýrt frá. Þá má geta þess, að á vegáætlun næsta árs eru áætlaðar 73.5 millj. kr. til uppbyggingar þeirra vega, sem till. fjallar um, auk 59 millj. kr. til brúa á sömu vegum. Þetta ber að hafa í huga, þegar kostnaðarhlið málsins er athuguð.

Í 2. lið till. er, eins og skýrt hefur verið frá, ráðgert að setja slitlag úr olíumöl eða öðru hliðstæðu efni til þeirra staða, þar sem umferðarþunginn er mestur eða 300 bifreiðar á dag á sumrin. Þegar umferðin er orðin þetta mikil, verður viðhaldskostnaður malarveganna mjög mikill. Einnig er gert ráð fyrir í þessum lið till. að leggja slitlag til þeirra staða, sem eru öðrum fremur þýðingarmiklir í atvinnulífi landsins. Hér væri um að ræða vegi til vinsælla ferðamannastaða, útgerðarstaða og annarra staða, sem hefðu álíka miklu hlutverki að gegna fyrir hina ýmsu atvinnuvegi. Við lagningu slitlagsins er áríðandi að nota þá vegi, sem fyrir eru, að svo miklu leyti sem hægt er, enda þótt þeir uppfylli ekki þau skilyrði, sem gerð eru í lögum um hraðbrautir. Þetta á við um aðra vegi en hringveginn og aðrar meginsamgönguæðar vegakerfisins. Þetta á við um þá vegi, sem ekki er brýn þörf á að endurbyggja og sýnilegt er að verða ekki byggðir upp næstu árin. Á ýmsa þessara vega má leggja slitlag án teljandi viðgerðarkostnaðar. Aðra má styrkja með tiltölulega litlum tilkostnaði. Megináherzlu þarf að leggja á að loka sem mestu af yfirborði malarveganna með slitlagi á sem skemmstum tíma.

Ég er sannfærður um, að lagning slitlags úr olíumöl eða öðru hliðstæðu efni á mikinn hluta hins íslenzka þjóðvegakerfis muni borga sig á skömmum tíma og sé þess vegna mjög góð fjárfesting. Vitað er, að mikið tjón verður árlega, sem rekja má til yfirborðs malarveganna. Má þar t. d. nefna hin fjölmörgu rúðubrot, sem eru þó ekki nema lítill hluti af þessu tjóni, því að grjótkast og óslétt yfirborð malarveganna valda miklum skemmdum árlega á ytra borði ökutækjanna svo og undirvagni. Einnig er vitað, að slit á bifreiðum, sem ekið er á malarvegi að staðaldri, er mun meira en slit á bifreiðum, sem ekið er á vegum úr varanlegu efni.

Eins og kemur fram í grg., lét British Road Research Laboratory í Englandi gera rannsóknir á rekstrarkostnaði flutningabíla í Rhódesíu, sem óku að staðaldri á þremur mismunandi tegundum vega. Gerður var samanburður á bifreiðum sömu tegundar. Með því að umreikna rekstrarkostnað bifreiðanna í ísl. kr., var heildarkostnaður sem hér segir: Bifreiðar, sem óku á malarvegi, kostnaður 111 þús. kr. Bifreiðar, sem óku á rykbundnum vegi, kostnaður 65 þús. kr. Bifreiðar, sem óku á malbikuðum vegi, kostnaður 52 þús. kr. Hér er um mikinn mismun að ræða. Rekstrarkostnaður bifreiðanna, sem óku á malarvegi, er meira en helmingi hærri en þeirra, sem óku á malbikuðum vegi.

Nú kann einhver að segja, að þessar tölur gefi ekki rétta mynd af tilsvarandi rekstrarkostnaði bifreiða hér heima á Íslandi. Ég skal játa, að ég veit ekki, hvernig vegir í Rhódesíu eru. Hins vegar þekki ég nú orðið allvel mismuninn á íslenzkum malarvegum og þeim hlutum þjóðvegakerfisins, sem lagðir hafa verið olíumöl eða öðru líku efni. Hann er mikill. Efnahagsstofnunin hefur látið gera rannsóknir á rekstrarkostnaði bifreiða á malarvegum og vegum úr varanlegu efni á fleiri köflum. Á kafla I á Suðurlandsvegi, sem mun vera sléttur og góður vegur, var rekstrarkostnaður á vörubifreið 14.70 kr. á km á malarvegi, en kr. 10.30 á vegi með slitlagi. Miðað við veginn í Kömbum urðu niðurstöður þessarar rannsóknar þær, að rekstrarkostnaður vörubifreiðar varð kr. 29.35 kr. á km á malarveginum, en 13.60 kr. á km á vegi úr varanlegu efni á sama stað. Við útreikning síðari tölunnar er miðað við beinni veg en nú er í Kömbum. Í þessum

útreikningi var ekki reiknað með óbeinum sköttum, svo sem tolli, gúmmígjaldi o. fl., í verði bifreiðanna, þannig að þessar tölur yrðu allmiklu hærri en þar var reiknað með. Hér er um tvö dæmi að ræða, annað tekið af góðum vegi, en hitt af erfiðum vegi, þannig að erfitt er að draga ályktanir af þeim dæmum. Hins vegar kom það í ljós í viðtali við fulltrúa Efnahagsstofnunarinnar, að kostnaðarlið, sem er orðinn hár hjá þeim bifreiðum, sem á malarvegum aka, vantar inn í þetta dæmi, en það eru rúðubrot. Má vera, að fleiri kostnaðarliðir séu vanreiknaðir þar. Vitað er, að mikið tjón verður árlega á mönnum, ökutækjum og varningi, sem rekja má til yfirborðs malarveganna. Ég tel nauðsynlegt, að rannsókn fari fram á því, hversu miklu þetta tjón nemur árlega.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að mikill munur er á rekstrarkostnaði bifreiða, sem ekið er á malarvegi, og bifreiða, sem ekið er á vegi úr varanlegu efni, og má ætla, að niðurstaða dæmisins, sem ég nefndi áðan frá Rhódesíu, sé ekki langt frá útkomunni hér á landi.

3. liður till. gerir ráð fyrir, að við lagningu varanlegs slitlags gangi á undan þeir vegir, þar sem undirbúningskostnaður verður minnstur. Á suma vegi má leggja slitlag án þess að breyta legu þeirra og með tiltölulega litlum tilkostnaði. Með því að leggja slitlag á þessa vegi á undan öðrum, fást lengri vegarkaflar með varanlegu slitlagi fyrr en ella. Með þessu móti mundu framkvæmdirnar dreifast á landshluta, þannig að landsmenn hefðu sem jöfnust not af þeim. En það er einnig tilgangur tillögunnar.

Þá er að athuga kostnaðarhlið þessa máls. Enginn vafi er á því, að sú framkvæmd, sem till. gerir ráð fyrir, hefur mikinn kostnað í för með sér, en mikið skal til mikils vinna. Þó verður þetta minni kostnaður en virzt gæti í fljótu bragði, vegna þess að uppbygging margra þeirra vega, sem till. gæti náð til, verður fjármögnuð samkv. þar til gerðum áætlunum, eins og ég hef áður skýrt frá. Til viðbótar má geta þess, að áætlað er að verja 195.5 millj. kr. til hraðbrautaframkvæmda á næsta ári. Þá má minna á það, að framkvæmd till. mun hafa í för með sér mikinn sparnað, bæði í rekstri ökutækja og gjaldeyrissparnað vegna betri nýtingar ökutækjanna. Einnig sparast mikið í viðhaldi veganna. Efni eins og olíumöl og malbik þurfa að sjálfsögðu viðhald, en rannsóknir, sem hafa verið gerðar erlendis, benda eindregið til þess, að munurinn á viðhaldskostnaði sé það mikill, að um verulegan sparnað sé að ræða á vegum með slitlagi úr þessum efnum. Mér er ekki kunnugt um, að rannsókn á þessum sparnaði hafi farið fram hér á landi, en til þess er vissulega ástæða. Fáar eða engar kostnaðaráætlanir munu hafa verið gerðar um einstaka liði þeirrar framkvæmdar, sem hér um ræðir. Ógerlegt er að segja til um það með nokkurri nákvæmni nú, hvað framkvæmd verksins í heild muni kosta. Ég hef leitað álits verkfróðra manna í þessum efnum, og niðurstaða þeirra athugana er sú, að ég tel, að kostnaður við þær framkvæmdir, sem till. gerir ráð fyrir á næstu 10 árum, muni nema um 300—400 millj. kr. árlega næstu 10 árin umfram það fé, sem veitt verður samkv. hinni almennu vegáætlun, og er þá miðað við vegáætlunina, eins og hún er í dag eða 3000—4000 millj. kr. á öllu tímabilinu.

Þá vaknar sú spurning, hvernig eigi að afla þessa fjár. Ég vil ekki gera neinar till. í því efni. Ég tel, að það sé matsatriði hverju sinni, hvernig fjár sé aflað til hinna ýmsu framkvæmda ríkisins og varla annarra að meta það en þeirra, sem með yfirstjórn þeirra mála fara hverju sinni. Hins vegar vil ég benda á það, að það er skoðun margra, að Vegasjóður fái of litlar tekjur af umferðinni. Sú skoðun hefur meira að segja komið fram á Alþ., að Vegasjóður ætti að fá allar tekjur af umferðinni. Á þetta má benda einmitt nú, þegar tollatekjur af bifreiðum hafa verið óvenjumiklar undanfarið.

Herra forseti. Ég læt máli mínu senn lokið. Ég get þó ekki stillt mig um að geta þess, að árlega sjáum við á eftir tugum millj. kr., sem bókstaflega renna og fjúka úr vegunum. Framkvæmdin, sem þessi till. fjallar um, er góð fjárfesting og vandséð, að við getum varið fjármunum okkar á betri hátt. Till. þessi miðar að því að gera þetta land betra og byggilegra.

Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til síðari umr. og fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Orlofs- og hvíldartími sjómanna á fiskiskipum.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um orlofs- og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum undir 500 brúttótonnum [103. mál] (A. 122).

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég ber fram ásamt hv. 1. landsk. þm. till. til þál. á þskj. 122 um orlofs- og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum undir 500 brúttótonnum.

Það kom fram í umr. í Ed. við frv. til l. um 40 stunda vinnuviku, þingmál 90, að ekki væri vanþörf á því að vinna að því að setja ákvæði um lágmarksvinnutíma sjómanna. En í frv. um 40 stunda vinnuviku er talið upp, til hverra ákvæði þeirra laga skuli ná, en þar eru sjómenn undanskildir í a-lið 1. gr. Svo vill til, að um n. k. áramót eru 50 ár liðin frá því að vökulögin marg-

umræddu á sínum tíma tóku gildi, og þá var það Jón heitinn Baldvinsson í fylkingarbrjósti, sem barði þau fram hér til sigurs á hv. Alþ. Það er viðurkennt, að vinnutími sjómanna er langur og mun sennilega verða langur þrátt fyrir aukna tækni, en engu að síður er það nauðsynlegt og eðlilegt, að vandamálið í heild sé tekið til meðferðar og reynt að finna lausn á því.

Í samningum milli sjómanna og útvegsmanna eru nokkur ákvæði, sem skera úr um lágmarkshvíldartíma, og er hann tryggður minnst sex tímar á sólarhring, og er það búið að vera undanfarin ár. Engu að síður kemur oft fyrir, að nauðsynlegt er að vinna jafnvel lengur, og þegar áhöfn er aðeins 6—10 menn, eins og stundum er á togskipum, er úr vöndu að ráða. Samt sem áður held ég, að hver skipstjóri leitist við að fullnægja þessu ákvæði eins og framast er unnt. Það mun þó vera reynsla, að yfirleitt sé 12 tíma samfelldur vinnutími algerlega það, sem stílað er á. Þegar togbátar hafa verið að veiðum ákveðinn tíma, þá á skipverji frí, þegar í löndunarhöfn kemur, og er það mikið og eðlilegt sanngirnismál. Samt sem áður þarf að setja um þetta nánari ákvæði og taka málið allt til meðferðar, eins og ég sagði áðan.

Orlofsfé sjómanna hefur um margra ára skeið yfirleitt alltaf verið borgað með launum. Það er mikið vandamál að koma því svo fyrir, að þeir geti tekið sér frí, vegna þess að aðeins er um 4500 sjómenn að ræða í landinu að jafnaði, og jafnan er svo tæpt mannað, að varla er hægt að veita stórum hóp frí óðruvísi en að skip stöðvist. Það er þó ekki ætlun manna að koma því þannig fyrir, að framleiðslan þurfi að stöðvast, heldur að tryggja það, að með eðlilegri hvíld geti eðlileg starfsemi haldið áfram.

Síldarútvegsmenn tóku upp á því fyrir nokkrum árum að hafa skipshöfn báta sinna það rúma, að hægt væri að veita stundum tveimur og jafnvel þremur mönnum frí, án þess að skip stöðvaðist. Nú hefur verið mjög breytt til í síldarútveginum og nýtt útgerðarfyrirkomulag átt sér stað, sem eru síldveiðar í Norðursjó. Til þess að gera þá fjarvist síður óbærilega var tekið upp það ákvæði í samninga að veita a. m. k. 10 daga frí eftir að skip kæmi heim, ef útivist hefur náð ákveðnu tímabili, þremur mánuðum, eða útvegsmaður legði fram 10 þús. kr. í ferðakostnað til þess að gera viðkomandi skipsmanni mögulegt að koma heim og vera í orlofi um tíma. Á sumrin hefur jafnan reynzt gott að manna skip, a. m. k. stærri skipin, og ekki verið vandræði að framfylgja þessu ákvæði og hafa skip í gangi, þótt um orlof væri að ræða. Hins vegar verður það nokkru erfiðara á vissum stærðum bátaflotans, sérstaklega á vetrarvertíð. Það er undirstrikað í þáltill., að hér sé um viðkvæmt vandamál að ræða, en það verður að vinna vel að því, og þess vegna berum við þessa till. fram, en ályktunin er þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nú þegar sjö manna nefnd til þess að semja frv. um hvíldartíma og fyrirkomulag orlofs sjómanna á fiskiskipum undir 500 brúttótonnum."

Því er treyst, að í sambandi við lagasetningu um 40 stunda vinnuviku og frv. til l. um orlof, sem örugglega verður að lögum og tekur gildi um áramótin, sé hljómgrunnur fyrir því að taka þetta mál einnig til meðferðar, þótt erfitt sé. Sjómenn verða að eiga eðlilega hvíld eins og aðrir. Þetta mál er í senn sanngirnismál, öryggismál, aðbúnaðarmál og heilbrigðismál sjómannastéttarinnar og síðast en ekki sízt mikið fjölskyldumál. Einnig þarf að hugleiða það, að sjómenn geti notið hvíldar, þegar þeir koma í höfn, og þó að ekki sé minnzt á það sérstaklega hér, þá er mér efst í huga, að bæta þarf víða aðbúnað sjómanna á sjómannaheimilum. Ég minnist þess mætavel, hversu okkur þótti gott á sínum tíma, sem vorum á síldveiðum, að koma í sjómannaheimilið á Siglufirði, þegar það var og hét. Víða erlendis eru mjög góð sjómannaheimili, sem gefa mönnum tækifæri til þess að njóta hvíldar á eðlilegan og góðan hátt. Því miður er starfsemin hér á Íslandi ekki nógu öflug í þessu skyni.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til allshn. og seinni umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

14. Aðstoðarmenn lækna í byggðum landsins.

Á deildafundum 2. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um umboðs- og aðstoðarmenn lækna í byggðum landsins [113. mál] (A. 137).

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30., 31., 32., 33. og 35. fundi í Sþ., 25. og 27. jan., 1., 3. og 8. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál., sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Austf. og hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna, hvort ekki sé tímabært og nauðsynlegt að hafa sem víðast um byggðir landsins starfandi sérstaka umboðs- og aðstoðarmenn lækna, sem fólk gæti leitað til í neyðartilfellum og í sambandi við ýmis minni háttar erindi, þegar ekki næst til læknis, og væru þeir þjálfaðir í slysahjálp, umönnun sjúkra, umsjón með lyfjabirgðum, lyfjaafgreiðslu o. s. frv. Skal í þessu sambandi athugað,

hvort eigi sé líklegt, að nýta megi starfskrafta ljósmæðra framar því sem nú er á sviði heilbrigðisþjónustu. Efna skal sem fyrst til sérstakra námskeiða fyrir það fólk, sem veldist til slíkra starfa sem hér um ræðir."

Ástand heilbrigðisþjónustunnar hefur mjög verið til umr. að undanförnu. Einkum hafa menn leitt hugann að hinum tilfinnanlega og almenna skorti héraðs- og heimilislækna. Er ekki ofsagt, að hér sé um að ræða eitt af meiri háttar vandamálum hins íslenzka þjóðfélags. Þetta er að vísu ekki nýtt vandamál. Það á sér nú alllangan aðdraganda og hefur vaxið eins og meinsemd í þjóðfélagslíkamanum á alllöngu tímabili. Eins og eðli margra meinsemda er háttað, hefur þessi meinsemd ekki staðnæmzt við eitt eða fá svæði þjóðarlíkamans, sem segja mætti, að hafi verið veik fyrir. Hún hefur breiðzt út um allan þjóðarlíkamann að meira eða minna leyti. Þessa gætir í þéttbýli hér á landi sem dreifbýli, í bæjum og sveitum. Því get ég endurtekið það, að læknaskortur er almennt vandamál á Íslandi og snertir fólkið í landinu, hvar sem það býr og hvar sem það starfar.

Eins og fram kemur í grg. fyrir þessari till., þá er það ekki ætlun okkar flm. nú að fjalla um heilbrigðisþjónustuna og læknaskortinn á breiðum grundvelli. Okkur er ekki kunnugt um annað en að stjórnvöld, sem þessi mál hafa með höndum, vinni að því af áhuga að finna viðunandi lausn á læknaskortinum. Meðan svo er, sjáum við ekki beina ástæðu til þess að vera með eftirrekstur eða hafa uppi alþingissamþykktir, enda liggja þegar fyrir frá fyrri þingum ýmsar ályktanir um þessi efni. Til þeirra viljum við vísa og minna hæstv. ríkisstj. á þann einróma vilja, sem Alþ. hefur jafnan látið í ljós um raunhæfar og skjótar úrbætur.

Læknaskorturinn mæðir mest og tilfinnanlegast á fólki, sem býr um hinar dreifðu byggðir landsins. Núverandi ástand þessara mála kemur þyngst niður á þeim, sem fjærst búa höfuðborginni og verst eru settir um samgöngur, ýmist vegna fjarlægða eða torfarinna samgönguleiða á sjó eða landi eða í lofti. Þannig háttar til hér á landi, að langtímum saman kann að vera ófært eða illfært milli byggðarlaga, sem þó geta ekki talizt fámenn eða lítilsmegandi á íslenzka vísu. Mér kemur í hug t. d. Ólafsfjarðarbyggð, þar sem er myndarlegt framleiðslubyggðarlag, sjósókn og fiskverkun annars vegar, en verulegur sveitarbúskapur á hinu leitinu. Þarna er samankomið fjölmenni á okkar mælikvarða, fólk, sem stundar erfið framleiðslustörf, sem meðal annars stafar af veruleg slysahætta. Ólafsfjörður er sérstakt læknishérað, og fram til hausts 1971 hefur læknir átt búsetu í Ólafsfirði til ómetanlegs öryggis fyrir íbúana þar. Eftir að héraðslæknirinn sagði starfi sínu lausu og fluttist burt, hefur Ólafsfjarðarhéraði verið þjónað frá nágrannabyggð, — sem einnig á við öryggisleysi í læknamálum að búa, — eða verið upp á sérstaka náð reykvískra lækna komið, sem hafa gripið í það að gamni sínu að sitja stund og stund í héraðinu. Slíkt er vissulega betra en ekkert og vissulega þakkarvert. Ólafsfirðingar eru ekkert einsdæmi að þessu leyti. Dæmi eru til þess, að heilar sýslur hafi verið læknislausar árum saman, ef undan er skilin stutt þjónusta einstaka læknis eða aukaþjónusta nágrannalækna, sem annars eru störfum hlaðnir í sínu eigin héraði. Öryggisleysið, sem þetta fólk býr við, er augljós staðreynd og í rauninni óviðunandi. Sérstaklega hlýtur það að vera þungbært ástand að vita sig varnarlausan og öryggislausan gagnvart slysum, stórum og smáum, sem ekki gera boð á undan sér, en eru þó alltaf yfirvofandi í lífi fólks, sem stundar íslenzka atvinnuvegi til lands og sjávar. Svo illt sem það er að geta ekki augliti til auglitis ráðfært sig við lækni, þegar farsóttir geisa eða aðrir sjúkdómar gera vart við sig, þá held ég þó, að ógn af slysum sé enn verri vágestur og kvíðvænlegra ástand.

Þegar við flm. þessarar till. ákváðum að hreyfa henni hér á hv. Alþ., þá höfðum við m. a. í huga þetta atriði. Við lítum svo á, að það væri til stórra bóta, ef þjálfaðir væru til þjónustu í hverri sveit, eða því sem næst, sérstakir hjúkrunarmenn, sem fólk gæti leitað til í neyðartilfellum, ekki sízt þegar slys ber að höndum. Við hugsum okkur, að slíkir hjúkrunarmenn séu sérstaklega þjálfaðir og nánast fastráðnir aðstoðarmenn héraðslækna og vinni undir þeirra stjórn og undir þeirra eftirliti. Að sjálfsögðu yrði þó að gera ráð fyrir því í langflestum tilfellum, að hjúkrunarmenn þessir hefðu slíka þjónustu að aukastarfi með aðalstarfi sínu, en þó þannig, að þeir gætu sinnt kalli hvenær sem á þyrfti að halda. Til þessara starfa gætu bæði valizt konur og karlar. Við bendum á það í tillgr. og í grg., að möguleiki kunni að vera á því að breikka starfsvettvang ljósmæðra og nýta starfskrafta þeirra á fleiri sviðum en nú er gert ráð fyrir. Störf ljósmæðra hafa dregizt saman víðast hvar, enda yfirleitt ósk barnshafandi kvenna að fæða á sjúkrahúsum, þar sem því fylgir meira öryggi en fæðingum í heimahúsum. Sýnist rétt að kanna til hlítar, hvort mögulegt sé að samræma ljósmóðurstörfin þeim hugmyndum um hjúkrunarþjónustu, sem hér er hreyft. Að öðru leyti er nærtækast að leita til hæfileikafólks í byggðunum sjálfum um, að það þjálfi sig til þessara starfa. Menntunarþörf þessa fólks yrði að leysa með námskeiðshaldi eða e. t. v. skólarekstri, þegar fram í sækti.

Við höfum í þessari till. kallað hina fyrirhuguðu hjúkrunarmenn umboðs- og aðstoðarmenn lækna. Það er e. t. v. ekki þjált starfsheiti, en hins vegar lýsir orðið því betur en margt annað, hvað fyrir okkur vakir. Okkur kemur auðvitað ekki til hugar að halda því fram, að framkvæmd þessarar till. sé lausn á læknaskortinum. Engum heilvita manni dettur í hug, að hægt sé að „leysa" læknavandamálið með þessum hætti. Hins vegar felst í því öryggi og mundi mjög létta störf héraðslækna, ef þeir hefðu sér til fulltingis þjálfað hjúkrunarlið sem víðast í byggðum landsins. Ég hef minnzt á slysahjálpina sérstaklega, en ég vil minna á, að slíkt hjúkrunarfólk gæti orðið læknum og sjúklingum að liði á ýmsan annan hátt, eins og fram kemur í tillgr. og í grg. Má þar nefna ýmiss konar umönnun sjúkra, umsjón með lyfjabirgðum, lyfjaafgreiðslu og e. t. v. ýmislegt fleira, sem varðar aðstoð við lækna og þjónustu við sjúklinga.

Herra forseti. Við væntum þess flm., að þessi till. fái vinsamlegar undirtektir hér á hv. Alþ. Við teljum, að hún sé þess virði, að hún verði gaumgæfilega athuguð. Ég legg til, að umr. verði nú frestað, en till. vísað til hv. allshn.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég tel, að í þessari till. sé hreyft mjög þarflegri

hugmynd. Ég held, að það væri tvímælalaust mjög gagnlegt, ef unnið væri að því að gefa mönnum kost á því að læra sérstaklega aðstoð við lækna í neyðartilfellum og í sambandi við ýmis minni háttar erindi, að menn verði þjálfaðir í slysahjálp og umönnun sjúkra. Hins vegar vil ég vara við því, að þetta kerfi geti komið í staðinn fyrir hina almennu heilbrigðisþjónustu, eins og raunar var tekið fram af hv. síðasta ræðumanni, að það ætti ekki að gera. Og ég tel, að í þessu sambandi muni héraðshjúkrunarkonur geta komið að einna mestu gagni fyrir okkur, og raunar hefur reynslan orðið sú, að það hefur tekizt betur en menn áttu von á að fá héraðshjúkrunarkonur til starfa úti í strjálbýlinu. Raunar er kannske rétt að geta þess, að heilbrmrn. hefur farið út fyrir ramma gildandi laga að því er varðar fjölda slíkra hjúkrunarkvenna. Samkv. læknaskipunarlögum er heimilt að greiða úr ríkissjóði ⅔ launa handa allt að sex hjúkrunarkonum til slíkra starfa, en þær eru nú starfandi á eftirtöldum stöðum: Í Kleppjárnsreykjahéraði, í Borgarneshéraði, í Reykhólahéraði, í Patreksfjarðarhéraði, í Flateyrarhéraði, Suðureyrarhéraði, Hvammstangahéraði, Ólafsfjarðarhéraði, Raufarhafnarhéraði, Eskifjarðarhéraði, Hafnarhéraði og Laugaráshéraði. Og á Skagaströnd og Djúpavogi starfa nú ljósmæður sem héraðshjúkrunarkonur. Ætlun rn. er sú að leggja til hér á hinu háa Alþingi, að lögunum verði breytt þannig, að fjöldi héraðshjúkrunarkvenna verði ekki takmarkaður í lögunum og að ákveðið verði, að ríkissjóður greiði ⅔ hluta af launum þeirra, sem ráðnar eru til starfa með héraðslækni í læknishéraði, en sé héraðið læknislaust, greiðir ríkissjóður laun þessi að fullu.

Mér er kunnugt um það, að víða erlendis, þar sem er um sams konar læknaskort að ræða eins og hér, hafa hjúkrunarkonur haft ákaflega miklu hlutverki að gegna, og raunar eru þær taldar vera læknisígildi á ýmsum sviðum víða um lönd. Og ég hygg, að við þurfum að reyna að auka þetta kerfi eins og við mögulega getum, að fá héraðshjúkrunarkonur til starfa sem víðast og ekki sízt í héruðum, þar sem ekki hefur tekizt að fá lækna til fastrar búsetu. Í því sambandi vil ég sérstaklega minnast á þá hugmynd, að aðstoðarmenn lækna hafi eftirlit með lyfjabirgðum og hafi með höndum lyfjaafgreiðslu. Þarna er um mjög mikið vandaverk að ræða og ábyrgðarverkefni og naumast hægt að fela slíka starfsemi nema sérmenntuðu fólki.

Flm. benda á í þessu sambandi, að það væri ástæða til að breikka starfsvettvang ljósmæðra og nýta sérþekkingu þeirra. Að því máli hefur verið unnið í heilbrmrn. að undanförnu. Ég er alveg sammála flm. till. um það, að full ástæða sé til þess að stækka starfsvettvang ljósmæðra. Og rn. hefur unnið að því að undanförnu að gera áætlun um að gefa ljósmæðrum kost á hjúkrunarnámi, sem gæti tekið rúmlega tvö ár, þannig að þær gætu á þeim tíma lokið fullgildu hjúkrunarnámi. Hefur verið lögð sérstök námsskrá til grundvallar, og er þá tekið tillit til menntunar ljósmæðra, þannig að námstími þeirra mundi styttast sem því námi svarar. Hefur rn. látið gera samanburð á námi Ljósmæðraskóla Íslands og Hjúkrunarskóla Íslands með þetta í huga, og liggur sá samanburður nú hjá landlækni og hjá menntmrn. til athugunar. Heilbrmrn. hefur undirbúið þetta mál með því að afla sér sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum, en til þess að hrinda því í framkvæmd þarf að koma til samvinna heilbrmrn. og menntmrn., og er núna samráð á milli rn. um framkvæmd þessarar hugmyndar. En með því að gefa ljósmæðrum kost á því að auka menntun sína á þessu sviði mundi vera hægt að auka fjölda hjúkrunarkvenna eða hjúkrunarfólks til mikilla muna og bæta þar úr þeim bráða skorti, sem hefur verið á þessu sviði.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu, að læknavandamál dreifbýlisins ber á góma hér á hv. Alþ. Það er því fagnaðarefni, að þessum málum er hreyft hér, svo mjög sem þau sverfa nú að því fólki, sem úti á landsbyggðinni býr. Það er ekkert vafamál, að öryggisleysi í heilsugæzlumálum í dreifbýlinu er stór þáttur í því ófremdarástandi, sem er brottflutningur fólks utan af landsbyggðinni hér á þéttbýlissvæðið. Ég fagna því, að þetta mál hefur nú komið til umr. og því hefur verið hreyft hér á þann hátt, sem hv. flm. og frsm. gerði grein fyrir hér nú. Ég geri mér það hins vegar alveg ljóst og tek undir þau orð hæstv. heilbrmrh., að eins og þetta mál ber að, þá leysir það ekki allan þann vanda, sem þarna er við að glíma varðandi heilsugæzlumálin. Hins vegar tel ég, að þetta sé þess vert, að það verði vel skoðað og vel á það litið, hvort þetta muni ekki að einhverju leyti geta orðið til þess að bæta úr þessu ófremdarástandi.

Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til þess að taka undir þær áskoranir, sem hér hafa komið fram, bæði nú í þessum umr. og áður hér á Alþ., að heilbrigðisyfirvöld og ríkisstj. öll vindi nú bráðan bug að því að gera allar tiltækar ráðstafanir til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem ríkir í þessum málum úti á landsbyggðinni. Það er brýn þörf, að þarna verði vel á málum haldið og snarlega til handa tekið, til þess að forðast það, að fleiri og æ fleiri einstaklingar og hópar taki sig upp kannske fyrst og fremst vegna þess ástands, sem ríkir í þessum málum úti í hinum dreifðu byggðum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil fyrst minna á það, að ljósmæður hafa um langan aldur verið starfandi í nálega öllum sveitarfélögum á Íslandi. Nú er hins vegar svo komið, að verkefni fyrir ljósmæður í hinum fámennari sveitarfélögum eru orðin sáralítil og í sumum tilvikum nánast engin árum saman, vegna þess hversu algengt er orðið, að konur fæði á sjúkrahúsum. Verkefnin eru þannig að fjara út, ef svo má segja, á hinum fámennari stöðum, og þá virðist það gefa auga leið, að ljósmæðrum úti um landið verði fækkað mikið á næstunni. Nú var okkur flm. þessarar till. vitanlega kunnugt um þær athuganir, sem fram hafa farið á því að auðvelda ljósmæðrum að ljúka hjúkrunarnámi. Ég ætla, að það sé fyrst og fremst í tvíþættum tilgangi, annars vegar að fá aukinn fjölda hjúkrunarkvenna til starfa við sjúkrahúsin, þar sem það getur farið saman, og hins vegar, að þær geti orðið héraðshjúkrunarkonur, en sú nýja stétt hefur gert stórmikið gagn, eins og hæstv. heilbrmrh. vék að. En það, sem fyrir mér vakir alveg sérstaklega í sambandi við þetta mál, er, að sá möguleiki verði athugaður, hvort ekki sé hægt eftir einhverjum leiðum að efla þann þáttinn í starfi ljósmæðranna, sem alltaf hefur verið nokkur í gegnum árin, að veita hjálp og leið-

beiningar í ýmsum tilvikum öðrum en þeim, sem beint heyrðu til þeirra fagi, og þá í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða a. m. k. að draga úr fækkun í stéttinni, að það verði alveg sérstaklega athugað, hvort ekki sé hægt að koma því til leiðar, að sem allra víðast í strjálbýlinu verði áfram starfandi ljósmæður, sem hafi þá aukna þekkingu og aukna möguleika til starfa á þann hátt, sem greint er frá nánar í till.

Ég vildi aðeins með þessum örfáu orðum leyfa mér að leggja sérstaka áherzlu á þetta atriði.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

15. Gjaldskrá Landssímans.

Á deildafundum 13. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun á gjaldskrá Landssímans [130. mál] (A. 178).

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31., 32., 33., 35. og 39. fundi í Sþ., 27. jan., 1., 3., 8. og 17. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 178 hef ég leyft mér ásamt sjö öðrum hv. þm. að leggja fram till. til þál. um endurskoðun á gjaldskrá Landssímans. Segja má, að þetta sé enn eitt mál í stórum og e. t. v. stækkandi málaflokki, sem nefna mætti vaxandi ójöfnuð á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Ég hef áður vakið máls á nokkrum þáttum í þessum málaflokki. Þar má víða bera niður. Þar má líta á flutningskostnað, fræðslumál, læknis- eða heilbrigðismál, og þannig mætti lengi telja, en ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég hef áður sagt um þetta mikilvæga mál. En staðreyndin vona ég, að sé öllum ljós, að með vaxandi þörfum og kröfum allra landsbúa, réttmætum kröfum til hinna ýmsu þarfa, sem nútímaþjóðfélag veitir og ber að veita, þá er þessi ójöfnuður mjög vaxandi. Eins og ég hef sagt, eitt af þessum málum er endurskoðun á gjaldskrá Landssímans, og hefur hv. þm. verið þetta ljóst fyrr, því að þessu máli hefur áður verið hreyft á hinu háa Alþingi.

Ég vísa fyrst og fremst til grg., en þó ætla ég aðeins til þess að skýra málið nánar að grípa niður á bls. 6 í símaskránni. Þar birtist listi, sem nefnist „Gjaldskrá fyrir sjálfvirk símtöl". Fyrst til almennra upplýsinga vil ég geta þess, að gjaldflokkarnir eru átta, O, A, B og síðan 1, 2, 3, 4, 5. Og eftir því sem þessi tala hækkar, þá verður skref í sekúndum minna og verð fyrir hverja mínútu hærra. T. d. ef hringja á frá Ólafsfirði inn á Akureyri, þá telst það tvö skref eða gjaldflokkur 2, og er þá skrefið 12 sekúndur og kostnaðurinn á hverja mínútu 9.50 kr. Ef Akureyringur ætlar að hringja til Reykjavíkur, þá telst það í hæsta gjaldflokki, þ. e. í 5. gjaldflokki, og er þá skrefið aðeins 6 sekúndur og verð fyrir hverja mínútu 19 kr. Ef hins vegar íbúi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar eða Garðahrepps ætlar að hringja hér í opinbera stofnun, þá telst það í gjaldflokki O. Þá er tíminn ótalinn, m. ö. o. hann getur talað eins lengi og hann vill á lágmarksgjaldi.

Ég hygg, að það dyljist engum, að hér er mjög mikill ójöfnuður á ferð, og hann er raunar, getum við sagt, tvíþættur. Annars vegar er það staðreynd, að í öllum byggðarlögum hefur þjónustan smám saman dregizt inn í svonefnda þéttbýliskjarna, og hefur það verið eðlileg þróun. Það er ljóst, að Ólafsfirðingurinn þarf æði oft að leita til Akureyrar með margs konar þjónustu á sínum vegum, pantanir og viðtöl þar við aðila, sem annast hin ýmsu störf fyrir þann landshluta, og þá hefur hann aðeins 12 sekúndna skref. Og svo er það einnig staðreynd, að í Reykjavík, eins og fram kemur í fjölmörgum málum, sem hreyft er hér á Alþ., hafa í vaxandi mæli hópazt saman ýmsar opinberar stofnanir, sem veita landinu öllu í vaxandi mæli ýmiss konar þjónustu, Akureyringurinn eða Ólafsfirðingurinn, sem til þessara stofnana þarf að leita, fær aðeins 6 sekúndur í eitt skref, og ef samtalið fer upp í mínútu, sem allir þekkja, að er fljót að koma, t. d. þegar reynt er að ná í opinberan starfsmann í rn. eða opinberri stofnun, þá kostar það 19 kr. á mínútuna.

Nú er ég út af fyrir sig ekki að lýsa undrun minni á þessu, því að eðlilega er þessi gjaldskrá reiknuð út eftir ákveðnum kostnaðartölum, sem Landssíminn hefur eflaust réttilega reiknað út miðað við kostnað við að koma talsíma á hina ýmsu staði, og er það ekkert undarlegt í raun og veru, þó að embættismennirnir, sem þar starfa, setji upp gjaldskrána með ákveðnu tilliti til þess, hver kostnaðurinn er miðað við, eins og ég segi, hina ýmsu staði á landinu. Hins vegar á það að vera hlutverk okkar, sem á Alþ. sitjum, að gæta fremur hins mannlega sjónarmiðs í þessu, og það er einmitt í þeim tilgangi, sem þessi þáltill. er lögð fram.

Í þáltill. gerum við ráð fyrir því, að leitazt verði við að jafna þetta á tvo vegu, getum við sagt. Annars vegar að sama gjaldið verði látið gilda innan sérhvers svæðis á landinu, þ. e. að t. d. Ólafsfirðingurinn, sem þarf að hringja til Akureyrar, greiði lágmarksgjald eða hið sama og Reykvíkingurinn, sem hringir innan síns svæðisnúmers. Og hins vegar teljum við, að það beri að lækka mjög þann mismun, sem er með fjarlægð og ég nefndi áðan sem dæmi frá Akureyri eða Ólafsfirði til Reykjavíkur. Þetta tvennt teljum við, að þurfi að haldast í hendur.

Við gerum okkur fulla grein fyrir því, að málið er æði margslungið og eflaust er nokkuð langt í land með það, að gilt geti hið sama gjald fyrir landið allt, en þó get ég ekki leynt þeirri skoðun minni, að að því beri smám

saman að stefna. Og það er von okkar, ef Alþ. samþykkir að vísa þessari till. til n., að n. líti vandlega á málið og afli sér hinna ítarlegustu upplýsinga frá Landssímanum og bendi á þá leið, sem megi verða til þess, að þessi jöfnuður verði meiri og helzt alger í náinni framtíð.

Með þessu vil ég leggja til, að till. verði vísað til allshn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. þessarar þáltill. og nú í framsögu, ríkir allmikill ójöfnuður meðal landsmanna í þessu efni. Landinu er skipt í níu gjaldsvæði með mismunandi gjaldskrár, og mismunandi reglur gilda innan hvers svæðis fyrir sig. Sú spurning brennur því víða á vörum manna, hvort ekki sé unnt að jafna þetta að nokkru. Vel má vera, að það sé örðugt viðfangsefni og þurfi þar margs að gæta, en eigi að síður er þessi spurning vakandi víða um landið. M. a. tók sveitarstjórn Neshrepps utan Ennis þetta efni til meðferðar á s. l. ári og gerði um það ítarlega ályktun, sem send var þm. kjördæmisins o. fl.

Sveitarstjórnin bendir á það í fyrsta lagi, að eðlilegt væri, að sjálfvirka símkerfið á Vesturlandi væri allt eitt gjaldsvæði, þannig að gjöld milli staða fyrir símtöl innan þessa svæðis væru ekki reiknuð nema eitt skref án tímaákvörðunar. En ef þetta teldist ekki unnt, þá a. m. k. gilti sama regla milli kauptúnanna, verstöðvanna á Snæfellsnesi, Hellissands og Ólafsvíkur, Grundarfjarðar og Stykkishólms, sem þurfa æði margt saman að ræða og hafa mörg sameiginleg mál til meðferðar. Í þessu erindi benti sveitarstjórnin m. a. á, að notendur síma á Reykjavíkursvæði geta talað við eða haft símasamband við yfir 50% þjóðarinnar fyrir eitt reikningsskref og þar á meðal marga, sem mikið þarf við að ræða um öll möguleg málefni. En símanotandi á Vesturlandi getur aðeins notað sinn talsíma fyrir ákveðið gjald innan þess sveitarfélags, sem hann býr í. Fleiri rök voru talin upp í þessari ályktun, og margt má um þetta segja. Ég ætla ekki að orðlengja þetta, aðeins taka undir þessa till. um, að reynt verði að auka jöfnuð meðal landsmanna á þessu sviði, ef það telst fært — og víst er það fært — og benda á, að hér er um ærið stórt viðfangsefni að ræða til athugunar fyrir þá, sem þessum málum ráða.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Í sjálfu sér hef ég ákaflega litlu við það að bæta, sem hv. frsm. og 1. flm. þessa máls sagði hér áðan, en ég er, eins og sést á þskj., einn af meðflm. að þessari till. og sammála gersamlega báðum þeim hv. þm., sem hafa látið í ljós skoðanir sínar í sambandi við endurskoðun á gjaldskrá Landssímans.

Ég held, að það fari engan veginn á milli mála, að þess hefur ekki verið nægilega gætt á undanförnum árum að jafna þann mikla aðstöðumun, sem er á milli strjálbýlis og þéttbýlis, og að sumu leyti er það kannske eðlilegt, því að á þessum árum hefur orðið mjög mikil breyting á starfsemi Landssímans, og mér er kunnugt um það, að núverandi póst- og símamálastjóri hefur talið, að hér væri um eðlilega breytingu að ræða, sem væri í undirbúningi. En frá því að ég skrifaði á þessa till. um endurskoðun á gjaldskrá Landssímans, þá finnst mér hafa breytzt töluvert ástæður Landssímans og þó alveg sérstaklega í sambandi við þær yfirlýsingar, sem fram komu við afgreiðslu fjárlaga rétt fyrir jólin, þegar lýst var yfir, að Landssíminn sjálfur ætti að greiða af rekstri sínum söluskatt eða af öllum tekjum sínum og tekjur af söluskatti væru áætlaðar 90 millj. kr., jafnframt því að upphafleg áætlun Landssímans var ekki leiðrétt í meðförum Alþ. frá því að hún var lögð fram snemma á s. l. vori. Allt bendir þetta til þess, að erfiðara verði að mæta nýjum og sanngjörnum óskum, ef það á að þrengja á þann hátt kosti þessarar stóru og viðamiklu stofnunar, að hún verði að draga mjög verulega úr framkvæmdum og þá á þeim stöðum, sem lengst hafa beðið.

Ég vil segja fyrir mitt leyti, að þó að ég sé innilega stuðningsmaður þessarar endurskoðunar, þá er ég ekki svo mikill stuðningsmaður hennar, að ég vilji, að Landssíminn kippi eiginlega að sér hendinni um að koma upp sjálfvirku símakerfi á þeim stað eða þeim landshluta, sem enn þá er að verulegu leyti eftir, og þá á ég við Austfirði, til þess að létta á okkur hinum, sem erum búnir að fá þessi þægindi. En það lágu hér fyrir yfirlýsingar í vetur um það, að þetta yrði ekki á þann veg, að kostir þessarar stóru stofnunar yrðu þrengdir, heldur væru hér gerðar mjög viðamiklar breytingar í sambandi við rekstur hennar, og því langar mig mjög til þess nú þegar, ef kostur er á, að vita í meginatriðum, í hverju þær breytingar eru fólgnar. Ég vona, að það hafi komið í ljós, að gera megi það miklar breytingar á, að ekki þurfi að draga úr þeirri stefnu, sem mörkuð var fyrir allmörgum árum í sambandi við rekstur Landssímans, og þá einnig um leið að þurfa ekki að þrengja svo rekstur hans, að jafnsjálfsögð, skynsamleg og nauðsynleg endurskoðun og þessi till. gerir ráð fyrir, að gerð verði, geti ekki orðið sem allra fyrst að veruleika.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég var nú eiginlega að bíða eftir því, að hæstv. samgrh. tæki til máls. Sennilega hefur hann markað sér stefnu í þessu, og ekki er að efast um, að hann vill auka jöfnuðinn á milli þéttbýlis og dreifbýlis og bæta aðstöðuna í dreifbýlinu frá því, sem nú er.

Mig undrar ekkert, þótt till. sé flutt til þess að vekja athygli á þeim mismun, sem er á því, sem dreifbýlisfólkið greiðir, og því, sem greitt er í þéttbýlinu. Og það er engin tilviljun, að þessi till. var flutt áður en fjárlögin voru afgreidd. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að eftir að búið er að afgreiða fjárlögin, þá er miklu erfiðara fyrir hæstv. samgrh. að vinna að leiðréttingum í þessu efni. Það lítur út eins og framkvæmdafé Landssímans á þessu ári sé horfið. Nú í fyrsta sinn er Landssímanum gert að greiða 90 millj. kr. í söluskatt. Eins og sagt var hér áðan, var áætlun Landssímans ekki leiðrétt frá því, sem hún var gerð í marzmánuði 1971, og þá var reiknað með marz-vísitölunni. Þegar tekið er tillit til þeirra hækkana, sem orðið hafa síðan, hækka útgjöld Landssímans um 110—120 millj. kr. Söluskatturinn og það, sem vantar á tekjurnar, eru 200—210 millj. kr. Eins og áætlun Landssímans var varið 1971, þá var gert ráð fyrir, að framkvæmdafé væri 229 millj. kr. Það er þá ekki mikið eftir af framkvæmdafénu á þessu ári, nema gerðar verði ráðstafanir til þess að afla fjár, og það má náttúrlega gera með því að hækka gjaldskrá Lands-

símans, og getur verið, að það sé á döfinni, til þess að framkvæmdum verði haldið áfram á þessu ári.

Framkvæmdirnar á undanförnum árum hafa aðallega legið í því að bæta línukerfið eftir því sem unnt hefur verið og koma upp sjálfvirkum stöðvum víðs vegar um landið. Og þetta er komið vel á veg. *Sjálfvirkar stöðvar eru nú 52, en einn landshluti er að mestu* eftir enn. Það eru Austfirðir. Þegar áætlunin var gerð í fyrstu, þá var hún gerð með þeim hætti, að Austfirðir, sem voru lengst í burtu, væru síðast í áætluninni, vegna þess að það þarf að gera meira en að gera stöðvar sjálfvirkar. Það þarf að leggja og bæta línukerfið til stöðvanna, og það er lengst og erfiðast til Austurlandsins. En þetta er nú allt saman komið vel á veg, þannig að ef Landssíminn hefur áfram í framkvæmdafé 200—250 millj. kr. á ári, þá vinnst þetta nokkuð fljótt. En til þess að hægt væri að auka jöfnuðinn í dreifbýlinu við það, sem gerist í þéttbýlinu, þá þarf að bæta línukerfið á milli stöðvanna, til þess að menn komist að, þegar þeir hringja, og ekki verði of mikið álag, og það höfum við öll orðið vör við, þegar við erum að hringja á hina ýmsu staði, að línurnar eru of fáar. Það kostar mikið að bæta úr þessu, en er vitanlega mjög aðkallandi. En þótt það sé aðkallandi, þá hefur eigi að síður þótt eðlilegast að koma sjálfvirku stöðvunum upp sem allra fyrst.

Það er náttúrlega hægt að auka jöfnuðinn nú þegar með *breytingu á gjaldskránni*, þ. e. að hækka hér í þéttbýlinu á Reykjavíkursvæðinu mest eða miklu meira en úti á landi og fá þannig peninga. Þetta hefur verið skirrzt við undanfarið, m. a. vegna þess, að símakerfið víðs vegar um landið er byggt upp fyrir það fé, sem símanotendur í mesta þéttbýlinu borga, því að af skiljanlegum ástæðum er ódýrast að leggja síma í þéttbýlinu og afgangurinn kemur þaðan. Það verður svo alltaf matsatriði, hversu langt á að ganga í fjáröflun með því að hækka símagjöldin, stofngjöldin og ársfjórðungsgjöldin í þéttbýlinu. Og það getur vel verið, að það sé réttmætt að ásaka fyrrv. stjórnvöld fyrir það að hafa gengið of skammt í því efni. En ég hygg þó, að dómur manna verði mjög misjafn í þessu efni.

Það þarf ekki að rökræða það hér, vegna þess að öllum hv. þm. er það ljóst, að Landssíminn hefur ekki annað starfsfé en það, sem hann aflar hjá símanotendum. Og það er undir því komið, hvað gjaldskráin er há, hve miklar tekjur verða til ráðstöfunar. Það fer eftir því, hvernig gjaldskráin er gerð, hversu mikill jöfnuður eða ójöfnuður er á milli hinna ýmsu notenda í landinu. En *það verður að segja eins og er, að það hefur verið unnið* að því undanfarið að auka jöfnuðinn eftir því sem hefur þótt fært af tæknimönnum. Til þess að hlaða ekki of miklu á kerfið og til þess að útiloka ekki, að samband náist með eðlilegum hætti, hefur þurft að hafa takmarkanir, misjafnlega löng skref, eins og það er kallað.

Hv. 1. þm. Vestf. vitnaði hér í símabókina 1971, en ég get upplýst það, að það var lagfært ákaflega mikið á s. l. vetri í sambandi við þessi svokölluðu skref, þannig að skref, sem ekki voru nema 12 sekúndur, voru, eftir því sem fært þótti, hækkuð í 24 jafnvel upp í 36, eftir því sem talið var, að kerfið þyldi. Þá hefur einnig, til þess að reyna að auka á jöfnuðinn og gefa mönnum tækifæri á því að spara peninga, verið tekinn upp hinn svokallaði næturtaxti frá kl. 10 á kvöldin og til kl. 8 á morgnana, og þetta er notað í stórauknum mæli. Og þessi næturtaxti, *þessi næturtaxti eða kvöldsímtöl eru tekin upp til þess* að jafna notkun á þessu kerfi, sem er ekki enn þá nógu fullkomið hjá okkur. Ég get tekið undir till., sem hér er um að ræða, að því leyti, að ég tel það æskilegt, að jöfnuður geti orðið sem mestur, en ég taldi eðlilegt að láta þessar hugleiðingar koma hér fram, til þess að menn geri sér grein fyrir því, að það var ekki af viljaleysi á undanförnum árum, að ekki hafa verið gerðar meiri leiðréttingar á þessu en orðið er.

Ég tel það gott, að þessi till. fari í n., og þar verða vitanlega tæknimenn Landssímans kallaðir til ráðuneytis, hvað þeir telji rétt og eðlilegt að gera í þessum efnum. Ég þykist vita, að það fyrsta, sem þeir segja, sé, að bæta þurfi við talrásum víða um land, áður en fært sé að auka álag á kerfið með þessum svokallaða jöfnuði, sem hefur verið talað um. Og þegar við hugleiðum nú þetta og vitum það, að enn vantar nokkrar sjálfvirkar stöðvar í þéttbýlinu, þá vitanlega hörmum við það, að aðstaða Landssímans skuli vera gerð mun verri en hún áður var með því að fara nú í fyrsta sinn að innheimta söluskatt hjá stofnuninni auk tolla af innfluttu efni, sem eru allháir og *ekki hefur þótt fært að afnema undanfarið*. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. samgrh. geri nú einhverjar ráðstafanir til þess, að það verði þrátt fyrir þetta unnt að halda uppi framkvæmdum. Það var búið að gera lokaáætlun um sjálfvirku stöðvarnar, *um að ljúka þeim á næstu 2—3 árum*, og það verða mikil vonbrigði hjá þeim, sem bíða eftir þeim, ef nú á að verða sama sem framkvæmdaverkfall hjá Landssímanum á þessu ári. Ég efast ekkert um, að þeir stjórnarsinnar, sem standa að flutningi þessarar till., muni knýja fast á, að hér verði gerð leiðrétting. Og það var búið að gera áætlun, að vísu lauslega, um það að fá sjálfvirkan síma í sveitirnar. Okkur var farið að dreyma um að lifa það, að sjálfvirkur sími kæmi í sveitirnar, og vegna þess að tækninni fleygir mikið fram, þá er það ekkert út í bláinn að hugsa sér, að það gæti orðið jafnvel á þessum áratug. En þá má ekki taka starfsféð af Landssímanum, skattleggja þessa stofnun umfram það, sem verið hefur. Við megum ekki gera það, alls ekki oftar en nú. Ég tel, að það hafi verið af einhverri slysni, að þetta skyldi vera samþ., og jafnvel athugunarleysi hjá stjórnarliðinu, því að ég er alveg viss um, að það hefur alls ekki verið meiningin hjá stjórnarsinnum að íþyngja Landssímanum og gera stofnuninni erfiðara fyrir um allar framkvæmdir. Við skulum vona, að það verði nú leiðrétt, sem hefur verið skakkt *gert í þessu efni, og að áfram verði unnið* að framkvæmdum hjá Landssímanum, sjálfvirku stöðvarnar komi og línurnar verði auknar á milli staða. Þá er hægt að leiðrétta mikið af því misræmi, sem nú er talað um. Það er náttúrlega einnig hægt fljótlega að leiðrétta þetta svokallaða misræmi með því að hækka talsímagjöldin og ársfjórðungsgjöldin hér í þéttbýlinu og jafnvel lækka þau í dreifbýlinu. Þetta væri hægt að gera, ef menn að athuguðu máli telja það rétt. Og vitanlega verður ekkert gert í þessu nema að vel athuguðu máli.

Það getur verið, að einhver segði, að það mætti gera það með því að draga eitthvað úr þjónustu, þjónustan sé óþarflega mikil, það megi draga úr þjónustunni. En ekki hefði ég nú haldið, að á þessum áratug aldarinnar þætti það eðlileg ráðstöfun að draga úr þjónustunni, því

að það er yfirleitt ekki stefnan nú á tímum. En þá gæti einhver komið og sagt: Ja, það má auka hagræðingu hjá stofnuninni og auka sparnað, og þess vegna getur hún nú með auknum sparnaði og nýrri hagræðingu farið að borga söluskatt til ríkisins. En ég vil upplýsa það, að hjá Landssímanum hefur verið unnið að hagræðingu á undanförnum árum, og þegar n. fær póst- og símamálastjóra og tæknimenn hans til viðtals, þá munu þeir staðfesta það, að það hefur verið starfandi nefnd og nefndir á vegum stofnunarinnar til þess að vinna að hagræðingu. Og ég hygg, að það sé enginn vandi að koma með tölur, sem sýna það, að hjá Landssíma Íslands hefur ýmsu verið hagrætt, vegna þess að að öðrum kosti gæti Landssíminn ekki verið rekinn á ódýrari og hagkvæmari hátt, Landssími Íslands, heldur en t. d. Landssími Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þessi till. tekur sig mjög vel út á pappír, og allt hennar orðalag miðast við það að auka jöfnuð milli landslýðsins varðandi notkun símakerfisins. Ég get strax lýst því yfir, eins og hér var getið til áðan, að ég mundi vera fús til þess að vinna að framkvæmd till., eftir því sem hægt væri, í þá átt, að aukinn jöfnuður fengist um aðstöðu fólksins í landinu til þess að hagnýta sér símakerfið og þá, að því er virðist samkv. till., sérstaklega hið sjálfvirka símakerfi.

En eins og raunar gægist fram í ræðum allra tillögumannanna og allra ræðumannanna, sem hér hafa rætt um till., þá gera menn sér ljóst, að það, að ekki er jöfn aðstaða fólks í landinu varðandi notkun símans, er sjálfsagt ekki, eins og síðasti ræðumaður sagði, af neinu viljaleysi, heldur er það vafalaust bundið tæknilegum vandkvæðum fyrst og fremst. Ég skal ekki fullyrða, hvort unnt er að gera þarna öllum jafnt undir höfði, en gæti trúað, að það væri allverulegum erfiðleikum bundið. A. m. k. virðist mér auðsætt, að sú mismunandi aðstaða, sem er hjá fólki í fámenni og í fjölbýli, eins og t. d. á Reykjavíkursvæðinu, þar sem talað er um, að ójöfnuðurinn blasi átakanlegast við, — að Reykvíkingar, Hafnfirðingar og Kópavogsbúar og þeir, sem tilheyra því heildarsvæði, hafi aðgang að 40 þús. númerum, — sá mismunur verði aldrei jafnaður út í landinu, það er alveg augljóst mál. Þeir, sem búa á þessu svæði, fá alltaf aðgang í gegnum símann að fleiri númerum en fólkið úti í dreifbýlinu, ef yfirleitt er byggt á því kerfi að skipta landinu í svæði, og ég hygg, að það sé tæknileg nauðsyn, sem ekki verði komizt hjá. Hitt er vafalaust annað mál, hvort sú svæðaskipting, sem nú gildir, er sú eina rétta eða hvort þar er hægt að breyta til og stækka svæðin eitthvað. Það skal ég ekki segja um. Það verða tæknimenn Landssímans að segja til um og einnig, hvort sú breyting á svæðum kostar mikið fé. Því er vafalaust rétt, að sú n., sem fær þetta vandasama mál til meðferðar, verður að fá nákvæma vitneskju um það, í hverju hin tæknilegu vandkvæði á framkvæmd till. eins og þessarar sérstaklega liggi, og hygg ég, að tæknimenn Landssímans verði fúsir til þess að gefa þingnefnd slíkar upplýsingar.

Önnur leið, sem hugsanleg er til þess að auka jöfnuð eitthvað hjá notendum Landssímans, er sú, að skrefin, sem notuð eru sem grundvöllur gjaldstofns, verði stækkuð í fámenninu og fleiri sekúndur eða mínútur reiknaðar undir gjaldeininguna, sem ákveðin er. Vafalaust er hægt að framkvæma einhverja jöfnun í gegnum það, hin svonefndu skref. En hvort hægt er að ná þarna fullum jöfnuði á milli landsmanna af tæknilegum ástæðum, það skal ég á engan hátt fullyrða og er afar hræddur um, að það verði torleyst mál. Ég hef rætt þetta nokkuð við póst- og símamálastjóra, og hann hefur gert mér það ljóst, að hér er um veruleg vandkvæði, tæknileg vandkvæði fyrst og fremst, að ræða.

Hér hefur verið nokkuð dreginn inn í umr. fjárhagur Landssímans. Ég hygg, að það atriði komi ekki til þess að ráða úrslitum þessa máls. Vissulega hefur verið þrengt að Landssímanum sem stofnun með því að gera honum skylt að greiða söluskatt, ekki aðeins af öllu innfluttu efni til Landssímans, sem hann hefur alltaf greitt, — hann hefur alltaf greitt söluskatt af því efni öllu saman, sem hann notar til sinna framkvæmda, — en á núverandi fjárlögum er honum gert að greiða söluskatt einnig af allri sinni símaþjónustu, og það er vissulega byrði, sem nemur 90—100 millj. kr., en það hefur aldrei verið ætlun ríkisstj., að þar með yrði þurrkaður út framkvæmdamöguleiki Landssímans á yfirstandandi ári. Engu hefur enn þá verið slegið föstu um það, hvort eða að hve miklu leyti þessi byrði verði látin fara út í gjaldskrá Landssímans og honum þannig gert fært að hafa svipaða framkvæmdagetu og hann annars hefði haft. Það er til athugunar, en hefur ekki verið tekin ákvörðun um það enn, hvort þetta verður gert, að færa þetta út í gjaldskrána að einhverju leyti eða öllu leyti, og fer þá nokkuð eftir því, hvenær á árinu það er gert. Ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða, að það verður ekki í sambandi við fjármál Landssímans, sem erfiðleikarnir verða á framkvæmd þessarar till. Þeir eru tæknilegs eðlis fyrst og fremst.

Hv. síðasti ræðumaður minnti á, að það væri kannske hægt að koma þarna meiri jöfnuði á en enn væri fenginn með hækkun ársfjórðungsgjalda og notendagjalda í þéttbýlinu og e. t. v. með lækkun á gjöldum í dreifbýlinu. En það mundi vissulega hafa áhrif á fjárhagsafkomu Landssímans, ef af honum er heimtuð ódýrari þjónusta, og þá verður hann auðvitað fyrir tekjutapi af því, og það þýðir minni tekjur nema gjaldskrár séu hækkaðar.

En eitt er það atriði, sem þessi till. kemur ekkert inn á og ég held þó, að sé nú stórfelldasta misréttið milli fólksins í landinu að því er varðar notkun síma. Og það er það fólk, sem ekki á neinn aðgang að neinum sjálfvirkum síma og er þannig útilokað frá allri símaþjónustu nema þær stundir á dag, fáar stundir á dag, sem símstöðvarnar eru opnar. En við, sem á þéttbýlissvæðunum búum, höfum aðgang að síma eftir okkar eigin vild á öllum tímum sólarhringsins og það með sérstökum vildarkjörum. Þegar kemur fram á kvöldið, er fólkið úti á landsbyggðinni útilokað frá allri notkun síma. Þetta misrétti er ekki tekið til meðferðar í þessari till., og hygg ég þó, að það sé átakanlegasta misréttið, sem fólkið úti á landsbyggðinni býr við, að hafa engan síma meira en hálfan sólarhringinn, meira að segja mjög víða aðeins örfáar stundir á dag og þá fyrir lítið svæði. Það er vafalaust ekki síður athugunar- og íhugunarefni, hvort hægt sé að leiðrétta það misrétti, og auðvitað hefur ágerzt og orðið átakanlegast núna í læknaleysinu einmitt öryggisleysi fólksins, sem ekki á

aðgang að símstöðinni nema fáeinar klukkustundir á dag.

Þetta er sem sé viðurkennt af öllum sem mikið vandamál og óvíst um, hvort hægt sé að fullnægja till. eins og þessari. Till. verður þó alltaf til þess, að það verður kannað og það fást alveg raunhæf svör tæknimanna við því, hvað hægt sé að gera í þá átt að jafna og bæta aðstöðu fólks til þess að nota símakerfið og samkv. till. sérstaklega sjálfvirka símakerfið. Ekki þætti mér ólíklegt, að í leiðinni yrði þá reynt að dveljast við hitt atriðið, misréttið, sem fólkið býr við, sem ekki hefur sjálfvirkan síma og ekki á þess von á næstunni að fá aðgang að sjálfvirkum síma.

Till. verður að sjálfsögðu tekin til athugunar af rn. og haft samráð við stjórn póst- og símamálastjórnarinnar varðandi þetta mál, og tæknifræðingar Landssímans munu áreiðanlega leggja fram sitt lið í þjónustu þingnefndar, sem fær málið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þær undirtektir, sem þessi till. hefur fengið. Þó sýnist mér nauðsynlegt að minnast á fáein atriði í þessu sambandi.

Ég fyrir mitt leyti sé ekki ástæðu til þess að blanda saman þeirri stefnu, sem ákveðin hefur verið af núv. ríkisstj., að Póstur og sími greiði söluskatt, og því máli, sem hér er hreyft. Ég verð að segja það, að ég hef fylgt þeirri stefnu og geri það m. a. á þeirri forsendu, sem kemur t. d. mjög ítarlega fram í málefnasamningi ríkisstj., að hún mun vinna ötullega og af meiri krafti en áður hefur verið gert að hvers konar jöfnuði á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Ég trúi því ekki að óreyndu máli, að söluskattur Landssímans verði til þess, að svo verði ekki. Það er vitanlega stefnumál út af fyrir sig, hvort Póstur og sími eigi að greiða söluskatt. En eins og ég segi, þá sýnist mér það ekki koma þessu máli við, enda vil ég láta það koma hér fram, að ég treysti því, að Landssíminn verði megnugur þess, sem honum ber, engu síður eftir en áður.

Það hefur komið hér fram hjá ýmsum aðilum, að mikið er færzt í fang með því að mælast til þess, að jöfnuður verði alger eða mjög nálægt því á milli dreifbýlis og þéttbýlis, og ég get fallizt á allt, sem þar var sagt um erfiðleika í þessu sambandi. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Sunnl., að mikið þarf að framkvæma til þess, að svo geti orðið, t. d. með fjölda lína og fleira þess háttar, og ég get einnig fallizt á það, að nokkuð hefur þó miðað í þessa átt, t. d. með þeirri lengingu skrefa, sem hann minntist á. Í vor minnir mig, að lengd hafi verið skrefin á Ísafjarðarsvæðinu upp í 30 sek. úr 12. Allt þykir mér þetta til bóta og sömuleiðis símanotkun að nóttu til, þó að hún fullnægi á engan máta t. d. þörf dreifbýlisins fyrir samband við opinberar stofnanir og þess háttar. Mér sýnist hins vegar gæta nokkurrar svartsýni hjá sumum og get alls ekki fallizt á það, að vafasamt sé, að tilgangi till. verði náð. Ég vil vekja athygli á því, að í till. er farið fram á, að minnkaður verði verulega mismunur á gjaldi eftir fjarlægð, og hygg ég, að við getum öll verið sammála um, að þetta er ekki til mikils mælzt. Það má hins vegar varpa fram þeirri spurningu, hvort unnt sé að hafa sama svæðisgjald innan allra svæða. Það var minnzt á það af hv. 1. þm. Sunnl., að sú spurning hefði komið fram, hvort rétt væri þá að hækka gjaldið á t. d. Reykjavíkurbúum og þeim, sem í þessu nágrenni eru. Ég skal ekki leyna því, að mér þætti það ekkert ósanngjarnt. Ég held, að það séu ýmsar leiðir til þess að hækka nokkuð þetta gjald, án þess að það komi verulega við allan fjöldann. Mér sýnist mikil spurning, hvort þörf væri á að hafa t. d. ótakmarkaða skreflengd, og satt að segja hygg ég, að það séu svo fjölmargar millileiðir þarna, sem má finna, að full ástæða sé til bjartsýni, ef af einurð er setzt niður og leitað.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að það eru miklar framfarir á sviði fjarskipta. Ég ætla ekki að fara að minnast á gervihnetti og þess háttar, sem víða eru orðnir algengir í þessu sambandi og munu koma hingað einhvern tíma. En á öllum sviðum fjarskipta eru svo miklar framfarir, að ég fyrir mitt leyti tel, að þess sé ekki langt að bíða, að stórum auðveldara verði en nú er að fullnægja fleiri símrásum um landið hvar sem er.

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að það er alveg rétt, að sleppt er hér mesta ójafnaðarmálinu, sem er það, að víða er ekki sjálfvirkur sími. En þegar ég og nokkrir aðrir flm. ræddum þessi mál almennt, sýndist okkur, a. m. k. var ég þeirrar skoðunar og ég hygg fleiri, að það væri vafasamt að blanda saman allt of mörgum þáttum þessa máls í þessa einu þáltill., og ég efast um, að hún nái fremur sínum tilgangi, ef það er gert. Ef vilji er til þess að marka þar ákveðna stefnu, þá mun ekki standa á okkur. Hins vegar er okkur kunnugt um það, að áætlanir eru uppi um sjálfvirkan síma um landið allt, síðar í sveitum en þar sem þéttbýliskjarnar eru, og væri út af fyrir sig mjög fróðlegt fyrir hið háa Alþingi að fá ítarlega skýrslu um þá framkvæmdaáætlun og hvenær ætla má, að sjálfvirkur sími verði kominn svo víða, að viðunandi sé. Og það má vel vera, að ef sú skýrsla fæst og þegar hún birtist, sé ástæða fyrir Alþ. til þess að grípa þar fram í og leggja áherzlu á meiri hraða í þeirri framkvæmd en gert er ráð fyrir. Ég skal því viðurkenna það fyrir mitt leyti, að ég treysti mér illa til að hreyfa því máli án þess að hafa langtum ítarlegri upplýsingar um þær ráðagerðir. En það skal ekki standa á mér að styðja hæstv. ráðh. í eins hraðri framkvæmd þeirrar áætlunar og frekast er unnt, og tek ég undir það með honum, að þar er ójöfnuður mikill.

Ég vil ekki fella mig við það orðalag, að þessi till. taki sig vel út á pappírnum, ef skilja má það svo, að lengra nái hún ekki. Það er nú svo, að orðið er til alls fyrst, og ég er miklu bjartsýnni, eins og ég hef lagt áherzlu á, um mikla möguleika á auknum jöfnuði á þessu sviði en mér þótti koma fram hjá m. a. hæstv. ráðh. og e. t. v. einstökum öðrum, sem hér tóku til máls. Og ég er nú sannfærður um það, að við Íslendingar höfum satt að segja lyft langtum meira og stærra grettistaki í okkar landi en að minnka fjarlægðargjaldið á milli þeirra, sem í dreifbýlinu búa, og þeirra, sem eru í þéttbýlinu, eða jafnvel að taka upp sama gjald fyrir símtöl innan sama svæðis. Mikilvægast held ég, að það sé, að hið háa Alþingi marki ákveðna stefnu og sýni vilja sinn í þessa átt.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst ekkert óeðlilegt, að starfsaðstaða stofnunarinnar, Landssímastofnunarinnar, sé rædd um leið og þessi till. er hér til meðferðar á hinu háa Alþingi. Það er

staðreynd, að söluskatturinn á símaþjónustuna er ný skattlagning fyrir ríkissjóð, sem ekki hefur átt sér stað áður. Okkur er kunnugt um það, að sjálfvirki síminn hefur verið byggður upp úti um landið á ótrúlega skömmum tíma, svo kostnaðarsamur sem hann er. Og þegar einnig er tekið tillit til þess, að þetta hefur verið gert með tekjum stofnunarinnar einum saman, aðeins tekin stutt lán í sumum tilfellum í sambandi við kaup á tækjum eða vélasamstæðum, þá má eiginlega segja, að það hafi verið mjög hagstætt og vel á haldið með uppbyggingu á sjálfvirka símakerfinu að hafa getað látið þetta koma til framkvæmda á jafnskömmum tíma og raun ber vitni um.

Það er orðið mikið rætt meðal landsmanna víða úti um land, að nauðsynlegt sé að koma á leiðréttingu í sambandi við gjaldskrána. Og það liggur fyrir, að það er ekkert tæknilegt vandamál í sambandi við það að koma þessari leiðréttingu á, vegna þess að það liggur fyrir, að hinn almenni símanotandi úti á landi greiðir tiltölulega miklu meira bara fyrir almenna notkun en sá, sem er í þéttbýlinu. Og þessa leiðréttingu verður að gera. Það þarf ekki að bíða eftir neinu tæknilegu í sambandi við það, að hægt sé að koma því öllu undir eitt og sama gjald. Það er óþarfi að bíða eftir því. Það kann vel að vera og er sjálfsagt rétt hjá hinum lærðu tæknimönnum, að þar sé við ýmis vandamál að eiga, sem ekki séu svo auðveld og kosti mikla peninga. En þá á að gera það, sem er ódýrara í þessu tilfelli, og koma á sjálfsagðri leiðréttingu í þessum efnum, sem liggur nú fyrir, eftir að hinn sjálfvirki landssími hefur verið starfræktur í þetta mörg ár. Það var eðlilegt, að það tæki nokkurn tíma að fá heildaryfirlit og gera sér grein fyrir, hver mismunurinn væri í sambandi við þessi gjöld fyrir einstaka notendur. Það hlaut að taka nokkurn tíma að fá þá reynslu. Þetta var í upphafi óþekkt, en þetta liggur fyrir í dag. Það er næg reynsla fyrir hendi til þess, að hægt sé að koma á þessari leiðréttingu.

Eins og hv. 1. þm. Sunnl. gat hér réttilega um áðan í sambandi við talrásirnar, sem er nauðsynlegt að fjölga, hefur þar verið gerð til bráðabirgða sú breyting, sem kemur að miklu gagni til þess að færa notkunina yfir lengra tímabil á sólarhringnum, að lækka um helming nætursímtöl, sem eiga sér stað. Það er enginn vafi á því, að hægt er að fresta um nokkurn tíma að auka talrásir víða, þar sem álagið er mest, einmitt með þessu fyrirkomulagi. Og það er út af fyrir sig gott.

Í sambandi við söluskattinn, sem er, eins og ég sagði áðan, alveg ný skattheimta í þessu landi, að taka söluskatt af símaþjónustunni fyrir ríkissjóð, þá vék nú hæstv. símamálaráðherra eða samgrh. að því áðan í ræðu sinni hér, sem gefur nokkra hugmynd um, hvað í vændum er í þessum efnum, að það eigi að bæta símanum upp þetta söluskattsálag með því að hækka gjaldstigana á neytendur. Okkur, sem fylgzt höfum með því, er fjárlög hafa verið afgreidd á hverju ári, hefur verið það ljóst, að Landssíminn hefur sífellt farið fram á það að fá að hækka gjaldskrá sína meira en hann hefur fengið. Þessu hefur verið haldið niðri. Og nú er komið þarna nýtt álag á Landssímann. Til þess að bæta honum það upp, þá er hugsanlegt, segir hæstv. símamálaráðherra, að leiðrétta það í gjaldskránni með því móti að hækka þjónustuna. Ég er ekki viss um, að það verði allir ánægðir með slíka leiðréttingu í þessum málum. Og hann sagði, sem er alveg rétt, hæstv. ráðh., að það væri full ástæða til þess, að þeir væru óánægðastir, sem enn þá búa við þá aðstöðu að hafa ekki aðgang að neinum sjálfvirkum síma. En það mátti hæstv. ríkisstj. vera fullkomlega ljóst, að það flýtti ekki fyrir því, að hægt væri að ljúka lagningu sjálfvirks síma um allt landið að leggja söluskattinn á þessa stofnun og draga þannig úr þeim möguleika til tekjuöflunar til uppbyggingar á sjálfvirka símanum, sem það óhjákvæmilega hefur í för með sér. Allt það, sem kemur til með að auka álag á gjaldskrána, minnkar möguleikana fyrir Landssímann sjálfan til þess að afla sér tekna til þess að byggja upp þessa nauðsynlegu þjónustu í landinu.

Ég vil að lokum segja það, að ég skora á hæstv. símamálaráðherra að beita sér sem allra fyrst fyrir því að koma á þeirri leiðréttingu í sambandi við gjaldskrána, sem nauðsynleg er, og það verður auðveldast að gera með því, eins og fleiri hv. ræðumenn aðrir hafa komið inn á, að símanotendur úti á landi fái fleiri skref eða viðtalsbil fyrir sitt ársfjórðungs- eða stofngjald.

Magnús H. Gíslason: Herra forseti. Háttvirtu alþm. Það eru nú þegar orðnar æði langar umr. um þetta mál og kannske ekki ástæða til þess að lengja þær svo mjög, enda ætla ég ekki að gera það. En úr því að farið er að ræða hér ýmsa þætti í sambandi við þessi símamál á annað borð, þá þykir mér rétt að benda á eitt eða tvö atriði, sem ég tel, að ástæða sé til þess að leiðrétta, ef svo skyldi fara, að þessi till. fengi þá meðferð í n. eða kæmist á það stig við umr. í n., að þetta mál yrði fært eitthvað út á víðara svið en till. sjálf raunverulega markar. Hér á ég við það, að misrétti í þessum efnum er að sjálfsögðu með mörgu móti. Það þekkjum við vel, sem úti í sveitunum búum. T. d. er það staðreynd, að neyðarsímaþjónusta í landinu er víða með þeim hætti, að það er hreint og beint stórháskalegt. Ég hygg því, að það sé ástæða til þess fyrir hv. allshn., ef hún fær þetta mál til meðferðar, eða aðra n., sem kann að fjalla um það, að taka þetta til athugunar, ef málið skyldi komast á þann vettvang að verða eitthvað víkkað út.

Annað er það, sem ég vildi einnig drepa á og vekja athygli á, og það er það misrétti, sem jafnvel ríkir innbyrðis í sveitum landsins um notkun símans. Við vitum það, að þar er um að ræða stöðvar, sem ýmist eru kallaðar 1., 2. eða 3. flokks stöðvar. Ég hygg, að ég fari rétt með það, að símatíminn hjá 2. flokks stöðvum sé sex klst. á dag, þrjár fyrir hádegi og þrjár eftir hádegi, en hjá 3. flokks stöðvum, sem eru allmargar einnig í sveitum landsins, m. a. heima í mínu héraði eru þær nokkrar, þar mun símatíminn, sem þeir menn hafa til ráðstöfunar, sem við þær aðstæður búa, ekki vera nema tveir tímar á dag. Ég hygg, að það séu ekki nema tveir tímar á dag, frá 9—10 fyrir hádegi og aftur frá 4—5 eftir hádegi. Þarna er vitanlega um að ræða hróplegt misrétti, sem fullkomin ástæða og fullkomið sanngirnismál er að leiðrétta, ef þetta verður tekið til meðferðar á annað borð og farið verður út í það að færa þetta eitthvað í jafnréttisátt. Ég er fullkomlega samþykkur þessari till., sem hér liggur fyrir, að þessi aðstaða verði jöfnuð. En ég vildi bara vekja athygli á því, að þegar við förum að kafa ofan í þetta, þá eru margar hliðar á þessu

máli og misréttið í þessum efnum er margvíslegt, og skal ég ekki orðlengja það frekar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

16. Iðnskólar.

Á 27. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt:
Till. til þál. um iðnskóla [144. mál] (A. 265).

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til einnar umr.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér á þskj. 265 þáltill. ásamt Sigurði Magnússyni, en Sigurður er nú horfinn af þingi, og flyt ég málið í hans stað. Ályktunin hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á lögum um iðnfræðslu, þar sem m. a. verði við það miðað, að iðnskólarnir verði reknir af ríkinu einu."

Nú kynnu menn að spyrja, hvort ekki séu nú þegar fyrir hendi nægilega góð lög um iðnfræðslu og hvers vegna þurfi nú að hvetja ríkisstj. til að taka öll þessi mál til athugunar og endurskoðunar. Því er til að svara, að lögin eru sjálf að mörgu leyti allgóð, en hins vegar er ljóst hverjum þeim, sem nálægt þessum málum hefur komið, að þau eru ekki jafnbeysin í framkvæmd, auk þess sem álit iðnmenntunar og framkvæmd hennar hefur verið með þeim hætti, að ekki er annað sýnilegt en að verkmenntun hafi verið eins konar annars flokks nám í íslenzku þjóðfélagi. Það birtist m. a. í því, að á sama tíma og gífurleg þensla hefur orðið í öðrum þáttum skólakerfisins með stórauknum fjárveitingum, þá hafa iðnskólar borið mjög skarðan hlut frá borði. Hlutur iðnfræðslunnar hefur verið svo smár, að útilokað er að hefja verkmennt þjóðarinnar til nokkurs vegs með honum, og er tími til kominn, að nýtt og betra gildismat verði lagt á þennan hluta menntunar þjóðarinnar og það sýnt í verki. Það var þess vegna mínum gömlu augum gleðisýn eitt sinn, er ég las kvöldlesturinn minn á málefnasamningi hæstv. ríkisstj., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnnám og tæknimenntun þarf að endurskipuleggja frá rótum, allt frá almennri iðnfræðslu til stofnunar tækniháskóla."

Samkv. þessu virðist vor í lofti. Vonandi verða þetta ekki aðeins fögur orð á fríðu plaggi, heldur og birtist í framkvæmdum við hæfi. Benda má á, að auk þessa hefur skilningur farið vaxandi á síðustu árum á gildi þessara mála, eins og kemur reyndar fram í lögunum frá 1966, en í þeim er stungið upp á að færa námið í vaxandi mæli inn í iðnskólana sjálfa og með því gerð atlaga að hinu gamla meistarakerfi, sem er fyrir löngu orðið úrelt. Þrátt fyrir þessi lög, 6 ára gömul, þar sem gert er ráð fyrir verknámi í iðnskólunum sjálfum, hefur lítið miðað í áttina vegna fjárskorts og ýmissa annarra hluta. En það er skylt að geta þeirrar góðu stefnubreytingar, sem virðist koma fram í stórhækkun til iðnskóla á núgildandi fjárlögum.

Menntmrn. skipaði nefnd árið 1970 til að kanna stöðu tæknimenntunar innan skólakerfisins og ekki sízt tengsl hinna ýmsu fræðslustiga og endurbætur í þeim efnum. Þar komu ýmsir mætir menn við sögu, m. a. yfirmaður skólarannsókna, skólastjóri Tækniskóla Íslands o. fl. Þessi nefnd skilaði mjög ítarlegu áliti í fyrra, í júní minnir mig, og mig langaði að lesa örstuttan kafla úr þessu áliti, þar sem fjallað er almennt um iðnfræðslu, þó að freistandi væri að taka einnig til meðferðar hin slæmu tengsl, sem eru á milli skólastiga, einkum hvað snertir námsskrá, réttindi til framhaldsnáms, ólíkar námsbrautir og síðast en ekki sízt einangrun skóla á sambærilegu skólastigi og ýmislegt fleira, en til þess er varla tóm á þessu stigi og naumast ástæða til þess að ræða það mjög náið í sambandi við þessa þáltill. Áðurnefndur kaflahluti úr álitinu er í höfuðatriðum svo hljóðandi, með leyfi forseta:

Almenn iðnfræðsla. Iðnnám með verkskólasniði, þar sem væri bæði bókleg og verkleg menntun, er veitt væri af iðnskólunum sjálfum, leysi iðnnám með meistarafræðslusniði af hólmi samkv. sérstakri framkvæmdaáætlun, er verði að mestu komin til framkvæmda árið 1976. Iðnnám með verkskólasniði verði að heildarnámstíma um það bil ári styttra en fjögurra ára iðnnám með meistarafræðslusniði og verði námstíminn skipulagður sem níu mánuðir á ári í skóla, þar sem bókleg og verkleg þjálfun verði um það bil jafnvæg að viðbættum a. m. k. tveimur mánuðum árlega, sem verði varið til starfs og reynslu í atvinnulífi í viðeigandi iðngrein. Heildarnámstími til sveinsprófs samkv. hinu nýja kerfi verði því að jafnaði um 33 mánuðir, þ. e. þrír 11 mánaða áfangar, sem skiptast niður svo sem nánar er greint í ályktuninni. En námstími einstakra iðngreina verði ákvarðaður nánar, þegar námsskrá hefur verið fullgerð eftir nýja kerfinu.

Inntökuskilyrði í iðnnám verði þau, að fram til ársins 1976 verði krafizt miðskólaprófs með ýmsum einkunnakröfum, en frá og með árinu 1976 verði krafizt gagnfræðaprófs eða grunnskólaprófs af umsækjendum til að öðlast meistararéttindi í iðngreininni. Skulu iðnsveinar stunda eins árs framhaldsnám við meistaraskóla og afla sér a. m. k. árs starfsreynslu í iðninni eftir sveinspróf.

Loks leggur nefndin til, að iðnskólar verði með nýrri lagasetningu gerðir að hreinum ríkisskólum, eins og nálega allir aðrir tæknilegir yrkisskólar á Íslandi eru nú þegar orðnir, og ég endurtek, eins og nálega allir tæknilegir yrkisskólar á Íslandi eru nú þegar orðnir.

Í þessari síðustu mgr. kemur einmitt fram annað

þeirra höfuðatriða, sem þáltill. fjallar um, þ. e. að iðnskólarnir verði reknir af ríkinu einu. Ýmis mikilvæg rök hníga að því, að slíkt fyrirkomulag verði tekið upp. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort langt sé eftir af ræðunni.) Það er örstutt eftir.

Já, ég var kominn að þeim rökum, sem hníga að því, að skólarnir verði reknir af ríkinu einu. Þau eru þessi m. a., að í lögum um iðnfræðslu nr. 68 frá 1966 er kveðið svo á, að ráðh. skuli sjá um, að verknámsskólar einbeiti sér að kennslu í tilteknum iðngreinum og skipti með sér verkum eftir því, sem við verði komið. Af því leiðir að sjálfsögðu, að nemendur í ýmsum iðngreinum þurfa að sækja skóla utan síns byggðarlags í þeim tilvikum, að þeirra iðngrein er ekki kennd verklega í kjördæmisskóla þeirra. En í sömu lögum er gert ráð fyrir, að iðnskólar skuli vera einn í hverju kjördæmi landsins. Með því yrðu nemendur í einum kjördæmisskóla að svo eða svo miklu leyti úr öðrum sveitarfélögum en því, sem skólinn er starfræktur í, og þar af leiðandi ósanngjarnt, að hlutaðeigandi sveitarfélag greiði helming rekstrarkostnaðar. Af þessu einu mætti vera augljóst, að þegar hin nýja skipan hefur komizt á, hljóti kostnaður allra hluta vegna að leggjast á ríkisins herðar. Auk þess mætti nefna, að reynslan hefur sýnt, að ýmis sveitar- og bæjarfélög hafa ekki getað komið sér saman um staðsetningu iðnskólanna né rekstur, og hefur þetta atriði staðið framkvæmdum við stöku iðnskóla fyrir þrifum. Þar á ofan má þess geta, að slæmur fjárhagur einstakra sveitarfélaga verður trúlega með stóraukinni fjárþörf iðnskóla dragbítur á, að hin nýja skipan geti komizt á, ef sveitarfélögin eiga að bera kostnaðinn áfram. Eins og sagði í áðurnefndu nál., sem ég las upp hér áðan, eru nálega allir sérskólar í landinu reknir fyrir ríkisfé, og má furðulegt telja, ef iðnskólarnir hljóta ekki að verða settir í sama bát og þeir í sambandi við greiðslu kostnaðar.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mál meira að sinni og ekki tala meira um það nema sérstakt tilefni gefist til. En ég vil þá segja að lokum, að meðan endurskoðun hefur ekki farið fram á lögum um iðnfræðslu, verði að kosta kapps um, að farið sé eftir gildandi lögum í þessum efnum í hvívetna, eftir því sem frekast er kostur, og auk þess gerð könnun á því, í hverju lagi iðnfræðslan er í raun og veru í landinu. Þegar breytingar hafa verið gerðar, ef af því verður, þá verði einnig lögð áherzla á, að lögin verði ekki pappírsgagn eitt, heldur unnið markvisst og skipulega í áföngum að farsælli lausn þessara mála, svo að verkmenntun og tækni verði við hæfi þess nútímaþjóðfélags, sem við lifum í.

Ég leyfi mér að leggja til, að að loknum þessum umr. verði málinu frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

17. Ferðamál.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun ferðamála með tilliti til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar [157. mál] (A. 294).

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál. á þskj. 294, sem ég ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. hef leyft mér að flytja varðandi endurskoðun ferðamála með tilliti til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar, er þannig: Með leyfi forseta vil ég lesa hér tillöguorðin:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj. að láta fara fram gagngera athugun og endurskoðun á skipan og framkvæmd ferðamála með sérstöku tilliti til þess, að ferðaþjónusta geti orðið traustur atvinnuvegur sem víðast um byggðir landsins og þróun ferðamála verði til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar."

Ég vil benda á, að það mun vera í gangi athugun á ákveðnum þáttum ferðamála, en ekki sérstaklega þeim atriðum, sem hér er bent á. Eins og menn vita, eykst ferðamannastraumur til landsins, og fyrr en varir búum við í ferðamannalandi, hvað sem við höfumst að eða gerum í þeim málum. Spurningin er því þessi: Hvað gerum við í ferðamálunum og hvernig verður sá ferðaútvegur, sem við byggjum upp? Og hver verður þá hlutur landsbyggðarinnar og dreifbýlisins í þessum málum? Glöggur maður, sem skrifaði um ferðamál og sérstaklega um ferðamál landsbyggðar og dreifbýlis á s. l. ári, bendir á það, að eins og þessum málum er nú háttað, þá þarf ekki aukinn ferðamannastraumur að skilja eftir sig neitt sérstaklega í sveitunum. Hann kemst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir, sem fara um sveitir Íslands á bíl, geta gert sig meira eða minna óháða fyrirgreiðslu þess fólks, sem verður á braut þeirra, með ýmsum útbúnaði, tjöldum, sem eru að verða eins og heil hús, viðleguútbúnaði og matarbirgðum. Það er því ekki neitt sjálfsagt og óhjákvæmilegt, að aukin ferðamennska færi með sér aukna atvinnu og tekjuskilyrði í sveitum landsins, heldur kann hún, ef ekki er á þessum málum tekið sérstaklega af hendi sveitafólksins, aðeins að færa með sér aukið ryk á vegum landsins og aukinn átroðning og landsspjöll."

Ég held, að þessi orð séu athyglisverð, þó að hlutirnir séu kannski nokkuð stíft fram settir.

Það er eitt grundvallaratriði heilbrigðrar byggðastefnu, að landkostir, hverju nafni sem nefnast, séu nýttir af fólki viðkomandi byggða, að þeir, sem hafa fasta búsetu í hinum dreifðu byggðum og hafa gert það að lífsstarfi sínu að nýta gæði landsins, að breyta þeim í verðmæti fyrir alþjóð, þeir hafi forgang að því að nýta öll þau gæði, sem við þessi sömu svæði, þessar sömu byggðir eru bundin. Í þessum byggðum ríður mest á því að auka fjölbreytni atvinnutækifæranna. Það má segja það, að fólkið flýi ekki úr byggðunum, það sé dregið úr byggðunum, vegna þess að framleiðslubyggðarlögin

gefa ekki tækifæri til nógu fjölbreyttrar atvinnu. Nú er það svo, að sumt af þessum hlutum þarf að draga saman í stórar einingar, og það dregst saman í stórar einingar í stærstu þéttbýlisstöðunum, og við þessu er ekki svo gott að sporna. En það verður að meta og vega hvern þátt út frá því, hvort hægt er að framkvæma hann þannig, að hann verði þessum dreifðu byggðum til stuðnings, hvort hægt er að reka hann í smærri einingum, hvort hægt er að framkvæma hann úti í byggðarlögunum. Og þetta verður að gera, eigi að fylgja svokallaðri landsbyggðarstefnu. Þannig verður að meta og vega hvern þátt út frá þessu sjónarmiði. Það er vegna þessarar miðsækni í öllum hlutum, að öll þjónusta, öll úrvinnslustörf og annað því um líkt dregst saman ósjálfrátt, ef ekki er sérstaklega unnið frá þessu sjónarmiði.

En hvað kemur þetta ferðamálum við? Jú, það kemur þeim við vegna þess, eins og ég hef bent á, að ferðamál eru ein tegund af nýtingu landkosta og þessa ferðaþjónustu er hægt að stunda bæði í stórum og smáum einingum.

Þá vil ég benda á það, að nær öll okkar ferðaþjónusta og ferðastarfsemi hefur til þessa haft sínar höfuðstöðvar í Reykjavík og verið rekin að mestu í stórum einingum. Hér eru flugfélög, hér eru hótel, hér eru ferðaskrifstofur, hér hefur farið fram öll fjárfesting á þessu sviði, og hingað er dreginn allur arður af þessari starfsemi. Fróðir menn, sem fylgjast með þessum málum úti um byggðirnar, segja, að þetta komi glöggt fram í ýmsu smáu eða mörgu smáu, t. d. afgreiðslu ferðamannaskipa, sem láta svo lítið að koma við í höfnum kringum landið. Þá bíða þar bifreiðar, kannske komnar sunnan frá Reykjavík frá aðilum, sem hér reka sína þjónustu. Það eru ferðaskrifstofurnar, sem reka þetta eftir eðli málsins frá sínum bæjardyrum, og þess er ekki gætt, að byggðirnar njóti þarna nokkurs.

Hvað er hægt að gera á þessu sviði? Það er hægt að svara því þannig, að það sé ákaflega margt. Þetta eru svo margslungin mál. Þetta er í ótal smáum og stórum atriðum. Benda má á það, að skólana, sem er verið að byggja um landið, er bæði hægt að gera þannig, að höfð sé hliðsjón af þessum málum, en svo er líka hægt að beita aðferðum, sem koma í veg fyrir það, að þeir nýtist til ferðaþjónustu. Ég hef heyrt það, að ákveðnar reglur, sem settar eru af hálfu viðkomandi yfirvalda um byggingu og gerð skólahúsnæðis, vinni jafnvel beint á móti því, að skólar séu nýttir í þessum tilgangi. Þeir þurfa að vera við þetta miðaðir, og jafnvel er eðlilegt að velja þeim stað með þetta fyrir augum. Nú er víða verið að byggja skóla einmitt á fögrum og eftirsóttum stöðum, og þarna eru tækifærin.

Þetta er eitt, en það er ákaflega margt, sem má benda á. Veiðiskapur nýtur vaxandi eftirspurnar, bæði laxveiði og silungsveiði. Þetta er hægt að byggja upp með það fyrir augum, að það styrki viðkomandi byggðir. Það má benda á fuglaveiði, gæsaveiði og rjúpnaveiði. Og það má benda á sjóstangaveiði, það má benda á hestamennsku og útreiðar, hestaleigu, skíðaskála o. fl. o. fl. En vegna þess, að við vitum, að þarna mun eiga sér stað vöxtur, og að það er jafnvel mikið fjármagn lagt í þetta, þá tel ég það ákaflega brýnt, að sjónarmið það, sem ég kalla heilbrigða byggðastefnu, sé ávallt viðhaft við uppbyggingu ferðaþjónustunnar.

Það má benda á, að á milli byggðamála og ferðaútvegs eru gagnkvæm áhrif, vegna þess að það hefur sýnt sig í þeim löndum, þar sem þessi starfsemi stendur á gömlum merg, að það er ekki síður eftirsóknarvert frá sjónarmiði ferðaþjónustunnar með það fyrir augum, að aðdráttarafl landanna haldist, að byggðin haldist við. Þetta kemur ákaflega greinilega fram í þeirri ákveðnu baráttu Svisslendinga fyrir því að halda við öllum sínum fjallabyggðum, ekki vegna hreins búskaparlegs gildis, heldur vegna þess, að eyðist byggðin, þá hverfur það aðdráttarafl, sem byggðirnar hafa sem ferðamannabyggðir. Sama er að segja um Norðmenn, sem kannske eru lengst komnir í því að byggja upp það, sem mætti kalla ferðaútveg sveitanna. Þeir leggja ákaflega mikla áherzlu á að halda við byggð og að þetta falli saman. Sama er að segja um Svía. Ég átti þess kost að ferðast nokkuð um skerjagarðinn út frá Stokkhólmi á s. l. sumri, og þá var okkur sýnd þessi barátta Svíanna. Það er stór félagsskapur í Stokkhólmi, sem hefur verið myndaður eingöngu til þess að sjá um og berjast fyrir því, að byggð haldist við í sænska skerjagarðinum. Maður gæti ætlað, að Stokkhólmsbúar vildu leggja þetta undir sig og leggja eyjarnar í eyði, en svo er ekki. Þeir finna, að til þess að þeir njóti þessa, og þetta er þeirra útivistarsvæði, þá þurfa þeir að halda við byggðinni. Þetta eru bara ein rök í þessu margslungna máli.

Ég vil líka benda á, að það hefur verið að aukast áhugi fyrir þessum málum. Ferðamálafélög hafa verið stofnuð í sumum héruðum, og markmið þeirra er að auka ferðaþjónustu og ferðamenningu. Búnaðarfélag Íslands hefur tekið þetta mál upp á sína arma, og var gerð um það ályktun á síðasta Búnaðarþingi.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um málið verði frestað og því vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Vistheimili fyrir vangefna.

Á deildafundum 10. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vistheimili fyrir vangefna [170. mál] (A. 328).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41. og 43. fundi í Sþ., 22., 24. og 29. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 7. landsk. og hv. 5. þm. Austf. að flytja till. til þál. á þskj. 328, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því í samráði við Styrktarfélag vangefinna, að komið verði upp vistheimilum fyrir vangefna í þeim landshlutum, þar sem slík heimili eru ekki til nú."

Í grg. með till. er nokkuð rakið, hver staða þessara mála er í dag og hverjar ástæður liggja að baki tillöguflutningnum. Við tillögumenn gerum okkur fullljóst, að hér eru ýmis ljón á veginum, og að sumu af því er vikið sérstaklega í grg. Það má líka með nokkrum rétti spyrja, hvers vegna vangefnir eru teknir og stofnunar óskað fyrir þá út í landsfjórðungana, en ekki fyrir einhverja þá aðra, sem hart verða úti í samfélaginu, ef ekki er öllum tiltækum ráðum beitt. Ég vil undirstrika það, sem stendur í grg., að tvennt veldur þessum tillöguflutningi öðru fremur. Annars vegar mundu fleiri njóta umönnunar, því að foreldrar sendu börn sín hiklaust frekar á slíkt heimili í fjórðungnum en alla leið hingað suður og þá jafnvel austur í Grímsnes, svo að nefnt sé dæmi. Hin ástæðan er sú fullvissa okkar, að hin nauðsynlegu og eðlilegu tengsl milli vistfólks og aðstandenda þeirra verði betur tryggð með vistheimilum úti í fjórðungunum og vitnum þar hiklaust til reynslu Norðlendinga af sínu ágæta heimili, Sólborg á Akureyri, sem er að vísu að miklu leyti þeirra eigin framtaki að þakka.

Smám saman hefur skilningur verið að aukast á því, að ekki mætti láta skeika að sköpuðu um framtíð þeirra allt of mörgu einstaklinga, sem ekki eiga með öðru fólki fulla samleið sakir andlegra vankanta. Lengi var það svo, að þetta fólk var hinn ákjósanlegasti skotspónn háðs og skemmtunar eða þá að öllu leyti vanhirt, hvað þá að reynt væri að koma því til hjálpar eða á nokkurn veg auka þroska þess. Á þessu hefur góðu heilli orðið mikil og giftusamleg breyting, ekki sízt fyrir tilstuðlan þess fólks, sem hefur átt um sárt að binda af þessum sökum. Það er þó ljóst, að hér er enn mikið starf ógunnið. Enn eru mörg börn, sem ekki njóta þeirra möguleika, sem þó er hægt að veita þeim, ef rétt aðhlynning og þjálfun er látin þeim í té.

Í grg. er nokkuð að því vikið, á hvern veg þessum málum er nú í dag háttað, og skal það gert nánar hér í framsögu. Það væri þó kannske réttara að víkja stuttlega að því starfi, sem unnið hefur verið á undanförnum áratugum til hjálpar hinum vangefnu, og þá aðeins getið um stærstu áfangana. Í leiðinni er svo minnt á vistmannafjölda einstakra hæla og heimila.

Fyrsta stofnunin, sem veitti vangefnum börnum viðtöku, var Sólheimahælið, sem Sesselja Sigmundsdóttir stofnaði 1931 og rekur enn. Vistmenn þar eru nú nær 50. Áður höfðu að vísu nokkur vangefin börn verið í Málleysingjaskólanum og voru það raunar fram yfir 1940. Árið 1936 voru lög samþ. á Alþ. um fávitastofnanir. Samkv. þeim skyldu stofnuð skólaheimili, hjúkrunarhæli og vinnuhæli jafnóðum og fé yrði til þess veitt á fjárlögum. Þeirrar fjárveitingar þurfti þó lengi að bíða.

Fræðslulögin frá 1946 kváðu m. a. á um það, að börnum skyldi séð fyrir stofnunum við sitt hæfi, ef þau skorti hæfileika til að stunda nám í almennum barnaskólum. Þessi ákvæði hafa því miður aldrei komið fyllilega til framkvæmda. Einkanlega á þetta þó við um landsbyggðina. Hér var þó stofnuð sérdeild við Miðbæjarbarnaskólann í Reykjavík, sem varð svo vísirinn að Höfðaskólanum. Það er ein merkasta stofnun og forustumaður þess skóla viðurkenndur sérstakur í þessari grein. En auðvitað eru svo hjálparbekkir svokallaðir við flesta hina stærri skóla.

Þá er að geta fyrsta ríkishælisins fyrir vangefna, að Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði, stofnun, sem var rekin á árunum 1944—1958. Það voru um 20 vistmenn, sem þar dvöldust árlega. 1952 tók svo ríkishælið í Kópavogi til starfa. Allt frá þeim tíma hefur verið unnið að frekari uppbyggingu þess hælis. Þar munu nú vera um 150 vistmenn, sem eru nokkru fleiri en byggt hefur verið fyrir. Þetta er eina stofnunin hér á landi, sem tekur við algerum örvitum, en oft hefur hælið orðið að taka við fávitum, þegar aðstandendur þeirra hafa fallið frá eða af öðrum knýjandi ástæðum. Þar er nú verið að vinna að byggingu barnadeildar, sem mun að því komið að taka í notkun.

Árið 1954 stofnaði Góðtemplararreglan, umdæmisstúka nr. 1, heimili fyrir vangefin börn að Skálatúni í Mosfellssveit. Árið 1960 gerðist Styrktarfélag vangefinna meðaðili að rekstrinum, og eru þar nú um 50 vistmenn. Það var 1958, sem Styrktarfélag vangefinna var stofnað, og rekur það margháttaða starfsemi í þágu vangefinna. Fyrir atbeina félagsins fékkst samþykkt á Alþ. fyrir föstum tekjustofni til Styrktarsjóðs vangefinna. Tekjur sínar hlýtur sjóðurinn af gjaldi, sem lagt er á öl og gosdrykki. Þessi sjóður er í vörzlu félmrn., og ræður ráðh. styrkveitingum, en Styrktarfélagið gerir till. til ráðh. þar um. Samkv. fjárlögum þessa árs nemur framlag til sjóðsins um 24 millj. kr.

Styrktarfélag vangefinna rekur nú tvö dagheimili hér í borg, í Lyngási fyrir minni börn, og eru þar 40—50 börn og í Bjarkarási, sem er nýtt dagheimili, ætlað fyrir eldri börn, og munu þar verða um 50 dagvistarbörn. Ég vík ekki nánar að starfsemi þessa félags, hún er hv. alþm. það kunn, og þessu félagi ber sérstaklega að þakka þann mikla árangur, sem unnizt hefur nú hin síðustu ár.

Árið 1962 tók til starfa gæzlusystraskóli við Kópavogshæli, sem sér um menntun stúlkna til að annast vangefna. Frá þeim skóla hafa margir góðir kraftar komið. Árið 1965 er svo reist hælið að Tjaldanesi í Mosfellssveit. Þar rúmast 15 piltar, en heimilið er stofnað af aðstandendum vangefinna drengja.

Árið 1967 voru samþ. á Alþ. lög um fávitastofnanir. Þar er Kópavogshælið gert að miðstöð og því um leið falin yfirumsjón með öðrum fávitastofnunum. Mörg nýmæli í lögum þessum eru til ótvíræðra bóta, m. a. um greiðslur ríkis og sveitarfélaga á kostnaði af dvöl vangefinna á hælum og dagheimilum.

1969—1970 var svo hafinn rekstur dag- og vistheimilisins Sólborgar á Akureyri, sem Styrktarfélag vangefinna þar rekur. Vistmenn þar munu nú rúmlega 50.

Hér hefur verið rakið nokkuð, hverjir stærstu áfangarnir hafa verið í baráttunni fyrir því að hlynna að hinum vangefnu. Ég hef í þessu stuðzt við ágætar upplýsingar frú Sigríðar Thorlacius, sem er mikil forustukona um þessi málefni.

Ég vil aðeins varðandi hin einstöku heimili, án þess að þar sé á nokkurn aðila hallað, lýsa því sem minni skoðun, að ríkið eigi hér að hafa sterka yfirumsjón og ásamt Styrktarfélagi vangefinna að móta starfsemi allra vistheimilanna, svo að tryggt sé, að þau séu sem jöfnust hvað alla aðstöðu og aðbúnað snertir. Þó að hér geti einkaframtak komið að liði, þurfa heilbrigðis- og menntamálayfirvöld að vera hér hinn ráðandi aðili.

Allt það, sem hér er nefnt að framan, styður hiklaust að þeirri till., sem við flm. höfum leyft okkur að leggja fram. Það er sérstaklega heimilið Sólborg á Akureyri, sem hefur opnað augu manna í öðrum landshlutum, þar sem engin slík heimili eru, opnað augu þeirra fyrir þeirri nauðsyn og réttmæti þess að reisa þessi heimili einnig þar. Sólborgarheimilið hefur ætíð haft ágætum starfskröftum á að skipa. Það hefur stöðugt verið fullskipað vistfólki úr fjórðungnum og reynt eftir megni að leysa annarra vandkvæði einnig.

Þær helztu mótbárur, sem koma fram gegn þeirri hugmynd, sem hér er hreyft, eru einmitt tengdar þessu tvennu, annars vegar að nægilega gott starfslið fengist ekki, hins vegar að tæplega væri um nægilegan fjölda að ræða í þessum fjórðungum til þess, að hægt væri af fullri reisn að reka slík heimili þar. Sólborgarheimilið hefur afsannað hvort tveggja að miklu leyti.

Fyrri mótbáran glymur reyndar sífellt um hverja þá stofnun, sem ekki er á Stór-Reykjavíkursvæðinu, og þessi sónn kemur því miður hvarvetna að. Því virðist blátt áfram vera vísvitandi og óafvitandi haldið að fólki, að sem allra fæst starfsemi af nokkru tagi eigi rétt á sér úti á landsbyggðinni, og nægir þar að benda á blessaða embættismennina okkar suma, sem ekki geta unað þar lífinu sakir skorts á andlegu samneyti við sitt hæfi.

Því miður er það svo, að fólkið, sem hérna á hlut að úti í hinum dreifðu byggðum, er sjálft farið að trúa því allt of margt, að þetta sé í raun og veru svo, allt eigi að reisa og reka í Stór-Reykjavík. Á móti þessu ber að hamla hiklaust. Þetta er að okkar viti, flm. þessarar till., hættuleg öfugþróun, og dreifing valds, dreifing stofnana á að vera eins sjálfsögð og sú dreifing verðmætasköpunarinnar, sem öll þjóðfélagsbyggingin hvílir á og landsbyggðarfólk leggur til sinn ríflega hlut. Þetta kann nú að þykja útúrdúr, en þó hygg ég, að einmitt vantrúin á, að slík heimili geti risið og verið rekin af myndarbrag bæði á Austurlandi og Vestfjörðum, verði hér mestur þröskuldur í vegi, jafnvel að einhverju leyti vantrú þess sama fólks, sem hér er verið að ganga til móts við.

Það er rétt að víkja hér í framsögu stuttlega að vandamálum hinna vangefnu yfirleitt, þ. e. hve umfangsmikil þau eru og hversu margir það eru, sem áætla má að séu þurfandi fyrir samfélagslega aðstoð í einhverju formi. Um það eru allskiptar skoðanir, hve mörg prósent það séu, sem þurfi á aðstoð samfélagsins að halda sakir andlegra ágalla af þessu tagi. Svo að vitnað sé til Kristins Björnssonar sálfræðings, þá segir hann orðrétt:

„Af hverju þúsundi landsmanna eru að jafnaði 30 vangefnir. Af þeim eru 25 vanvitar, 4 eru fávitar og 1 er örviti."

Um þessar tölur dæmi ég ekki, en heyrt hef ég frá áreiðanlegum heimildum, að a. m. k. 1% af þjóðinni megi teljast vangefið fólk í þröngri merkingu. Af þeim fjölda er talið, að um helmingur þurfi aldrei á verulegri séraðstoð að halda, aðeins sérstakri hjálp við t. d. allt nám. Hinn helmingurinn er svo talinn þurfa á ýmiss konar félagslegri aðstoð að halda og þar af þurfi helmingur þess fólks, þ. e. ¼%, að dveljast á hælum einhvers konar. Þetta eru háar tölur, háar tölur miðað við þær, sem áður hafa verið nefndar um vistmannafjölda allra slíkra stofnana í dag. Þessar mjög svo vægt áætluðu tölur eru sem næst 1500, 1000, sem þurfa verulega aðstoð, og 500, sem beinlínis þurfa hælisvist. Fullskipuð hæli í dag rúma eitthvað um 320 vistmenn, svo að mismunurinn er augljós, og ekki ættu þessar tölur að vera til hindrunar í því, að till. okkar yrði rækilega athuguð og fullkönnuð þörfin á þessum heimilum.

Ég ætla ekki að ræða hér ítarlega um það, hver nauðsyn er talin á eðlilegum tengslum aðstandenda við vistfólk, einkanlega fyrstu mánuðina. Af samtölum mínum við ýmsa þá, sem að barnaverndarmálum hafa starfað, þykist ég vera fullviss þess, að hér sé um afar þýðingarmikið atriði að ræða, og þeir, sem fengizt hafa við þessi mál eystra af einhverri alvöru, vilja einmitt gera mikið úr því, hve hin mikla fjarlægð geri foreldrum erfitt fyrir og þungbært að senda börn sín hingað suður, þótt brýn nauðsyn kalli á.

Nú er það spurning, sem margir þeir, er um þessi mál fjalla, hafa reynt að svara, hvort hin vangefnu börn eigi að vera heima eða ekki. Við þessu virðast engin algild svör, en ljóst er þó, að mikill fjöldi þeirra þarf af ýmsum ástæðum á séraðstoð að halda, sérstaklega í námi, sem ekki er alls staðar hægt að veita. Mér er t. d. kunnugt um það, að í hinum smærri skólum eru enn lakari og erfiðari aðstæður til séraðstoðar við þau börn, sem litla námsgetu hafa, en þær eru þó í hinum fjölmennari skólum. Það er án efa misjafnt, hvað einstakir skólamenn leggja á sig til hjálpar þessu fólki, en þrátt fyrir það veit ég fjölmörg dæmi þess, að mikið hefur á það vantað, að þessum börnum væri nægilega sinnt og mögulegt reyndist að koma þeim til þess þroska, sem þó hefði verið kleift með skipulegu sérnámi og þjálfun. Það er því ekki sízt úti í hinum dreifðu byggðum, sem þeirrar séraðstoðar og umönnunar er þörf, sem þessi heimili eiga að veita, ef vel tekst til. Misjafna dóma fá þessi heimili, satt er það, og sitt sýnist hverjum um gagnsemi þeirra, hversu mikil hún er, en um gildi þeirra almennt er ekki deilt nú orðið. Og sem skólamaður um nær tveggja áratuga skeið hef ég oft fundið sárt til þess, hve vanmegnug við í skólunum höfum reynzt að hjálpa því fólki, sem erfiðast hefur átt, og hversu oft við höfum átt þá ósk heitasta, að þetta fólk ætti kost betri umönnunar og aukinnar þjálfunar, í stuttu máli sagt, þeirrar hælisvistar, sem hér er fram á farið, að veitt verði í landsfjórðungunum, eða þá sérstakrar aðstoðar annarrar.

Allt hnígur þetta mjög í þá átt að renna stoðum undir tillöguflutning okkar. Ég þykist þess líka fullviss, að ekki muni standa á samtökum fólksins heima fyrir að vinna ötullega að þessum málum, ef á þau kæmist hreyfing frá hendi yfirvalda heilbrigðis- og félagsmála. En á stuðning beggja þeirra aðila treysti ég fullkomlega.

Ég vil að lokum aðeins benda á það, að hér er skorað á ríkisstj. að beita sér fyrir byggingu slíkra vistheimila. Auðvitað hlýtur það að verða rækilega kannað fyrst, hverjir möguleikar eru á rekstri þessara heimila og hver

þörfin er. Ég þykist hins vegar þess fullviss, og það erum við flm. allir, að einmitt rækileg könnun þessara mála leiði bezt í ljós réttmæti þessa tillöguflutnings, og því skal treysta, að framkvæmdin verði í fullu samræmi við þær niðurstöður.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. allshn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að lýsa stuðningi mínum við þessa till., og ég vildi í því sambandi vekja athygli á því geysilega starfi, sem Styrktarfélag vangefinna hefur unnið í þágu þessa fólks nú á undanförnum árum. Það má segja, að alger bylting hafi orðið í aðbúð vangefinna hér á landi frá því að þetta félag tók til starfa, frá því að tappagjaldið var samþ. á Alþ. Það er ekki nóg með það, að plássum hafi mikið fjölgað, heldur hefur einnig öll aðbúð verið stórbætt, og þau dagheimili, sem Styrktarfélagið rekur nú hér í Reykjavík, Lyngás og Bjarkarás, eru rekin með nýtízku sniði í ágætu húsnæði og við þau beztu skilyrði, sem hægt er að skapa hér á landi. Þetta átak held ég, að standi í mjög nánu sambandi við einmitt þetta atriði, að hér var farin sérstök tekjuöflunarleið fyrir þennan hóp fólks. Og mér er líka kunnugt um það, að Styrktarfélag vangefinna hafði einmitt hug á því í upphafi að byggja heimili úti á landi fyrir vangefna unglinga. En til þess nú að vera vissir í sinni sök um, hvernig haga ætti málum, þá fengu þeir erlendan sérfræðing til að kanna þessi mál hér á landi og á hvern hátt yrði bezt að þessu staðið. Þessi ágæti maður lagði það hins vegar til, að heimili yrðu ekki byggð úti um landið, heldur eingöngu í Reykjavík, og þetta álit hans var byggt á þeim sömu forsendum og svo margt annað hjá okkur, að hér væri bezt aðstaða til þess að geta veitt þá fullkomnustu þjónustu, sem hægt væri að fá, hér væri bezt nýting á starfsfólkinu, meðan við yfirleitt hefðum of fátt starfsfólk í þeirri grein. Þetta voru hans meginrök. Hins vegar er það ekki bara á þessu sviði, heldur svo mörgum öðrum, sem við höfum orðið að taka tillit til okkar sérstöku aðstæðna, og ég held einmitt, eins og sagt var hér áðan, að Sólborg á Akureyri sýni það, að það er full ástæða til þess að koma á fót heimilum fyrir vangefna í þeim landsfjórðungum, sem enn ekki hafa slík, þ. e. á Austfjörðum og Vestfjörðum. Og enda þótt það kunni að verða einhverjum örðugleikum háð í upphafi að afla sér kennslukrafta og góðs starfsfólks í þessu skyni, þá er vonandi, ef þessi heimili yrðu reist í sambandi við heilsugæzlustöðvar eða sjúkrahús, að þetta mál mundi allt verða auðveldara.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að nú á síðustu árum hefur mikil breyting orðið á afstöðu til þessa hóps. Það er nú orðin viðurkennd staðreynd, að stórum fjölda þeirra má kenna miklu meira en áður var talið, stóran fjölda má hæfa til vinnu af þeim, sem áður voru taldir gersamlega óvinnuhæfir, en allt þetta krefst sérmenntaðs starfsfólks. Og það er það sama í þessu efni hjá okkur eins og er í öðrum þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Okkur vantar yfirleitt alls staðar sérhæft starfsfólk.

Engu að síður er tvennt, sem skeður með því að hafa þessi hæli dreifð út um landið. Í fyrsta lagi, eins og komið hefur fram, að ættingjar eiga hægara með að fylgjast með líðan sinna afkvæma, og í öðru lagi er það í raun og veru styrkur fyrir heilsugæzlustöðvar og sjúkrahús úti á landi að fá sem flestar tegundir af stofnunum til sín. Ég held þess vegna, að það gæti einmitt verið stuðningur fyrir heilsugæzlu og þróun þeirra mála í þessum fjórðungum að staðsetja þetta heimili í sambandi við heilsugæzlustöð eða sjúkrahús þar, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að svo sterkur aðili sem Styrktarfélag vangefinna mun sannarlega verða fúst til aðstoðar.

Umr. frestað.

Á 50., 51., 54. og 55. fundi í Sþ., 17. og 21. marz, 6. og 11. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð umliðið síðan þessi till. var hér til umr., en ég mun hafa óskað eftir að taka til máls fyrst og fremst til þess að lýsa fyllsta stuðningi mínum við till. til þál. um vistheimili fyrir vangefna. Þessi mál hafa auðvitað oft komið til umr., bæði hér á hv. Alþ. og víðar, en mér finnst málið vera af þeim toga spunnið, að það þurfi virkilega að taka vel og myndarlega á. Mér finnst það vera hörmulegt, ef það er rétt, að fjöldi vangefins fólks er hingað og þangað úti um landið, sem þyrfti og ætti að vera á vistheimilum, á sama tíma sem það er góðæri í landinu. Það ætti ekki að vera ofverk þjóðarinnar að koma þessu fólki til aðstoðar.

Nú er auðvitað mikið og margt gert í þessum efnum. En ég býst við, að það eina, sem raunverulega dugar, sé að afla með einhverjum hætti fjár til þess að laga þessi mál. Og svo er enginn vafi á því, að sérstaklega menntað fólk þarf að vera til, og er kannske vafi á, að það sé til nú. En ég vil sem sé styðja þessa till. mjög eindregið og treysti því, að hæstv. ríkisstj. muni taka á þessum málum af myndarskap.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Rafknúin samgöngutæki.

Á 36. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja [171. mál] (A. 329).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41. og 44. fundi í Sþ., 22. og 24. febr., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þrem öðrum hv. þm. að flytja till. til þál. þess efnis, að athugun fari fram á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja hér á landi. Ég geri ráð fyrir, að það muni öllum hv. þm. kunnugt, að slík tæki hafa verið í notkun víða um heim um langt árabil, og þegar við höfum í huga, að fram undan eru frekari virkjanir hér á landi, — m. a. hefur komið fram, að slíkar virkjanir mundu byggjast á því, að hagkvæm orkusala gæti farið fram til notkunar hér á landi, og þar hefur fyrst og fremst verið getið um rafhitun til húsa, — þá finnst okkur flm. tímabært að óska eftir því, að slík athugun fari fram.

Það er enginn vafi á því, að eftir því sem tekst að selja meiri orku, þá verður hagkvæmni viðkomandi orkuvera betur tryggð. Það er ekki aðeins sú hugsunin, sem liggur að baki flutningi þessarar þáltill., heldur og sú hugsun, að máske megi með þessu ná fram samgöngubót í þéttbýli og þá hafandi í huga hinar miklu umræður og staðreyndir um mengun andrúmslofts af völdum þeirra samgöngutækja, sem fyrir eru, sem eru benzín- og olíudrifin tæki, en einmitt nú fyrir stuttu komu fréttir af erlendum vettvangi um það, að fram undan væri bylting í bifreiðaiðnaðinum á þann veg, að öll líkindi væru á því, að á næstu árum tækist að framleiða slík samgöngutæki til fjölskyldunotkunar, þannig að þau mundu verða samkeppnisfær, og væri þá ef til vill stærsta markmiðinu náð í sambandi við baráttu þeirra aðila, sem við þetta mengunarvandamál berjast í stórborgunum. Þau okkar, sem hafa komið út fyrir landsteinana, þekkja rafmagnsjárnbrautir í þéttbýli og nágrenni þeirra, og er ekki óhugsandi, að slík tæki gætu orðið ekki aðeins til framdráttar okkar samgöngum hér á landi heldur og til sparnaðar í þeim, um leið og slík tæki mundu aðstoða við að tryggja fjárhagslegan grundvöll orkuveranna. Við höfum einnig haft í huga þá staðreynd, að í nokkrum löndum heims hefur verið komið upp einspora rafmagnsbrautum, sem hafa tryggt samgöngur á erfiðu landi, þar sem bæði snjóar og frost og önnur slík óáran herjar, eins og hér hjá okkur, og sú spurning hlýtur að vakna, þegar rætt er um þetta mál, hvort einmitt slík samgöngutæki gætu ekki hjálpað okkur að halda samgöngum í því horfi sem æskilegt er við ákveðna landshluta hér á landi.

Mér sýnist, herra forseti, að í grg. komi fram flestar þær röksemdir, sem við höfum talið okkur þurfa að leggja fram með þessari þáltill. um athugun á þessu máli, og ég treysti því, að hæstv. orkumálaráðherra taki þessari till. vel, og í trausti þess leyfi ég mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði henni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Rannsóknardeild vegna sölu og neyzlu fíkniefna.

Á 37. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsóknardeild vegna sölu og neyzlu fíkniefna [176. mál] (A. 340).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41. og 44. fundi í Sþ., 22. og 24. febr., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Till. sú til þál. á þskj. 340, sem hér um ræðir, hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að setja nú þegar á fót sérstaka rannsóknardeild til eflingar tollgæzlu, löggæzlu og annars eftirlits með innflutningi, dreifingu og neyzlu fíkniefna. Deildinni verði m. a. gert kleift að afla þeirra áhalda og tækja, sem nauðsynleg eru til skjótrar greiningar efnanna, og að þjálfa til nefndra rannsóknarstarfa sérhæft starfslið.“

Neyzla fíkni-, ávana- og eiturefna er vaxandi vandamál víða um lönd. Segja má, að þessi ósiður fari eins og faraldur yfir löndin. Þetta er aldagamalt vandamál, og má þar minna á alkóhólið og tóbakið, sem þjóðirnar hafa nú að verulegu leyti gefizt upp við að hamla gegn. Við höfum hér á hinu háa Alþingi nýlega hlustað á þarfa hugvekju um alkóhólið, og mun ég því leiða hjá mér að ræða frekar um það. En mörg fleiri stórskaðleg ávana- og fíkni- og eiturefni hafa verið í notkun víða um heim um aldaraðir. Þar má nefna kannabis og ópíum-sambönd í Asíu og Afríku og kókaín-samböndin í Mið- og Suður-Ameríku og margt fleira. Enn fremur hafa nú á síðustu áratugum komið fram í dagsljósið ný efni, eins og ofskynjunarefni, og enn fremur ýmis róandi og örvandi lyf, sem ýmist eru notuð sem nytsöm læknislyf eða varasöm ávanalyf.

Vafalaust eru ýmsar ástæður fyrir því alvarlega eiturlyfjaflóði, sem nú flæðir yfir Evrópu og Norður-Ameríku. Þar á sinn þátt upplausn og öryggisleysi eftirstríðsáranna, stórbættar samgöngur, fjölbreyttari efnaiðnaður og enn fremur nú síðustu árin aukin fjárráð einstaklinga. Þá hafa fjársterkir hringar gerzt stórtækir nú síðustu árin í smygli þessara efna landa í milli, og beita þeir hinum ótrúlegustu brögðum, bæði til þess að koma efnunum í áfangastað og einnig til þess að afla neytenda. Það er nokkuð sannað, að skipulögð starf-

semi fer fram til þess að koma 12—16 ára skólaæsku á bragðið og tryggja þannig framtíðarneytendur.

Þessarar starfsemi er nú að verða vart hér á landi. Fíknilyfjum er nú smyglað inn í landið, og neyzlan fer ört vaxandi. Rannsóknir sýna, að fjöldi ungmenna, e. t. v. 2000 manns eða fleiri, hafa þegar komizt á bragðið, en ég tek þó skýrt fram, að í þessu efni eru tölur allar óábyggilegar og lítið upp úr þeim leggjandi. En búast má við vaxandi örðugleikum, sé ekki allrar árvekni gætt.

Hvað er ávani og fíkni? Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skilgreinir ávana sem ástand, er skapast af endurtekinni notkun lyfs, og aðaleinkennin eru:

1. Löngun til þess að halda áfram töku lyfs og framlengja þannig þá tilfinningu fyrir aukinni vellíðan, sem lyfið orsakar.

2. Lítil eða engin tilhneiging til þess að auka skammtinn.

3. Sá, er lyfið tekur, verður sálarlega háður því að vissu marki, en ekki líkamlega, enda kemur ekki til alvarlegra einkenna, þegar töku þess er hætt.

4. Þegar skaðleg áhrif koma í ljós, þá snerta þau fyrst og fremst einstaklinginn sjálfan.

Um fíkni segir hins vegar: Það er reglubundið eða stöðugt eitrunarástand, sem orsakast af endurtekinni töku lyfs og meðal einkennanna eru:

1. Óstöðvandi löngun eða raunveruleg þörf á því að taka efnið áfram og komast yfir það, hvað sem það kostar.

2. Tilhneiging til þess að auka skammtinn.

3. Neytandinn verður sálarlega og líkamlega háður efninu.

4. Afleiðingarnar eru skaðvænlegar, bæði fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið.

Hvers vegna neyta einstaklingar ávana- og fíkniefna? Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin getur níu orsaka til slíkrar neyzlu. Fyrst og fremst telja þeir vera um ýmsa geðræna erfiðleika eða sjúkdóma að ræða, vanmáttarkennd, líkamlega og andlega þreytu og streitu, hungur, erfiðar félagslegar aðstæður, lífsleiða og námsleiða. Þá má vafalítið nefna forvitni ungs fólks, áhuga fyrir að prófa það, sem umdeilt er og dularfullt, missætti og fjölskylduerjur samfara almennri óánægju með ríkjandi venjur innan þjóðfélagsins. Þá ræður vafalítið miklu hér um áróður vissra hópa, oft útsendara söluhringanna, er einskis svífast, vegsama áhrifin, en andmæla skaðseminni. Vitað er, að áróður hefur í ýmsum löndum árum saman verið lævís og útbreiddur fyrir neyzlu fíkniefna og árangur orðið nokkur.

Tvö af þeim ávana- og fíkniefnum, sem hæst ber hér, eru hass og LSD. Hass hefur lengst af verið álitið hættulítið ávanaefni, enda ekki farið fram víðtækar rannsóknir á áhrifum þess á mannslíkamann fyrr en nú á allra síðustu tímum. Eitt af þekktustu og áreiðanlegustu læknatímaritum heims, Lancet, birti svo nýlega niðurstöður læknanna Campbells, Evans og fleiri af rannsókn á 10 ungmennum um tvítugsaldur, er höfðu reykt hass árum saman. Við rannsókn þeirra kom í ljós, að öll ungmennin höfðu varanlegar heilaskemmdir, þ. e. heilarýrnun, sem væntanlega mun há þeim ævilangt. Heilarýrnun er sjúkdómur ellinnar, afleiðing æðakölkunar, mjög sjaldgæf hjá ungu fólki nema þá sem afleiðing höfuðslyss. Þetta er einnig sjúkdómur hnefaleikamannanna og ein aðalorsök þess, að hnefaleikar voru bannaðir hér á landi fyrir nokkrum árum.

Rannsóknir í Danmörku og Bandaríkjunum gefa einnig til kynna skaðleg áhrif hass á líkamann, þótt einnig finnist þeir rannsóknaraðilar, sem neita hættunni. Meðan það er talið líklegt, að langvarandi hassneyzla valdi heilarýrnun hjá ungmennum, þá verður að telja hassneyzlu lævísa hættu, sem vinna beri gegn svo sem unnt er.

LSD og því skyld efni eru alþekkt ofskynjunarefni, sem fáir mæla nú bót. Sá, er þess neytir, er sjálfum sér og öðrum hættulegur. Það sýnir e. t. v. betur en annað, hve varlega má treysta umsögnum um fíkniefni, að frægir rithöfundar hafa skrifað bækur um ágæti LSD og læknar dásamað áhrif þess. Síðar komu svo hörmungarnar í ljós.

Eins og áður er sagt, þá eigum við hér við vaxandi fíkniefnavandamál að etja. Menn greinir á um það, hve almenn neyzlan sé, en það er þó ekki meginatriðið. Við þekkjum ástandið í nágrannalöndunum og megum því vænta versnandi ástands, ef ekkert er að gert. Og þess vegna megum við engan tíma missa. Það sem ég álít að gera þurfi er m. a. eftirfarandi:

1. Að verjast smyglinu svo sem unnt er, og það er ekki sízt í þeim tilgangi, sem þessi till. er flutt. Þar má ekkert til spara, og afla verður þeirra tækja og áhalda, sem nauðsynleg eru, ásamt bættu skipulagi og stjórnun.

2. Að hefja skipulega, óhlutdræga, skynsamlega fræðslu um þau efni, sem hér er um að ræða, áhrif þeirra og skaðsemi. Þessi fræðsla þarf að fara fram í skólum, í fjölmiðlum, en hún er ákaflega vandmeðfarin og verður að fara fram á vegum sérmenntaðra kennara.

3. Við verðum að leita eftir samstarfi við unglingahópa, fá þá til liðsinnis í baráttunni með það fyrir augum að skapa andúð og viðbjóð á vímu.

4. Að leitazt verði við að útrýma þeim félagslegu aðstæðum í okkar þjóðfélagi, er gætu verkað hvetjandi á fíkniefnaneyzlu, beina áhuga ungmenna að heilbrigðri afþreyingu og fjölbreyttari verkefnum.

5. Refsa verður sölumönnunum og þeim, er efninu smygla.

6. Skapa verður aðstöðu til lækninga og endurhæfingar fyrir þá, sem verða fíkniefnunum að bráð.

7. Það verður að samræma löggjöf okkar löggjöf þeirra landa, er við munum hafa samráð við í baráttunni við fíkniefnin.

Við megum ekki láta það hafa áhrif á starf okkar að þessum málum, þótt hjáróma raddir heyrist, raddir, er dásama fíkniefnin, telja þau skaðlaus eða ekki verri en önnur, sem fyrir eru. Ég hef bent á það, hvernig heimsfrægir menn rangtúlkuðu áhrif LSD og margra örvandi lyfja, sem fyrir nokkrum áratugum voru talin alsaklaus og hver sem var gat keypt. Það er einnig alþekkt í læknaheiminum, að skaðleg áhrif lyfja geta fyrst komið fram eftir nokkurra ára notkun.

Öll ríki vilja vera laus við fíkniefni. Þau sem vilja gefa þau vægustu frjáls nú gera það fyrst og fremst vegna þess, að þau hafa gefizt upp í baráttunni. Slíkt má ekki henda okkur. Fámenni okkar, menntun og ýmis séraðstaða ætti að gera okkur kleift að ráða við þennan faraldur, ef við viljum eitthvað af mörkum leggja og bregðum skjótt við.

Á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fékk

íslenzka sendinefndin samþykkta tillögu um þessi efni. Efnisþættir ályktunartillögunnar voru eftirfarandi:

1. Allsherjarþingið hvetur öll ríki til að efla sjóð Sameinuðu þjóðanna til eftirlits með eiturlyfjum og sérstaklega til að fá æskuna til þátttöku í baráttunni gegn eiturlyfjavandamálunum.

2. Það fer fram á það við þær stofnanir Sameinuðu þjóðanna, sem fjalla um eiturlyfjavandamálið, að þær veiti vanþróuðum ríkjum nauðsynlega aðstoð til að ná auknum árangri í baráttunni gegn ólöglegri framleiðslu og dreifingu eiturefna.

3. Það skorar á öll ríki að setja löggjöf gegn neyzlu ávana- og eiturlyfja, þar sem þung refsing verði lögð við ólöglegri dreifingu lyfjanna.

4. Það hvetur ríkisstjórnir til þess að gera ráðstafanir til þess að uppfræða sérstaklega æskuna um hættur þær, er fylgja ofneyzlu ávana- og eiturlyfja, og að koma á fót aðstöðu til lækninga og endurhæfingar eiturlyfjaneytenda, sérstaklega æskufólks.

5. Það fer þess á leit við aðalritara Sameinuðu þjóðanna, að hann láti í samvinnu við þær sérstofnanir, sem hlut eiga að máli, gera skýrslu um, hvernig efla megi starfsemi samtakanna til aukins árangurs í baráttunni gegn eiturlyfjum og þá sérstaklega með æskuna í huga. Verði skýrslan lögð fyrir 53. þing efnahags- og félagsmálaráðsins.

Þessari tillögu var mjög vel tekið á þinginu. Fulltrúar fjölda ríkja tóku til máls um hana, og þeir voru sammála um, að hér væri um þarfa tillögu að ræða og sannarlega væri ástæða til þess að reyna að hamla gegn því ástandi, sem nú væri í heiminum.

Síðan þetta skeði hefur hreyfing verið hér í landi á þessum málum, og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp samþykkt, sem gerð var á almennum fundi, sem haldinn var að tilhlutan Ungmennafélags Njarðvíkur í Stapa sunnudaginn 13. febr. Hún hljóðar svo:

„Fundurinn skorar á þingmenn Reyknesinga:

1. Að bera fram sameiginlega þáltill., þar sem skorað er á ríkisstj. að ráða nú þegar sálfræðing til að fylgjast með og gera tillögur um afgreiðslu á öllum þeim lögreglu- og heilbrigðismálum, er snerta neyzlu ávana- og fíknilyfja.

2. Að beita sér fyrir endurskoðun á gildandi löggjöf um meðferð mála, er snerta notkun og dreifingu ávana- og fíknilyfja. Leitað verði álits innlendra og erlendra sérfræðinga við samningu þessara laga."

Enn fremur hefur Æskulýðsráð Reykjavíkur sent alþm. bréf, þar sem hvatt er til frekari aðgerða í þessum efnum. Ég get þessa hér til að sýna fram á þann mikla áhuga, sem nú er fyrir bættri aðstöðu til baráttunnar gegn eiturlyfjunum, og ég leyfi mér svo að lokum að óska eftir, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn. að umr. loknum.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það hljóta að sjálfsögðu allir góðir menn að vera því sammála, að það eigi að vinna gegn útbreiðslu og neyzlu fíkniefna. En spurningin er, hvaða aðferðir þar eru vænlegastar til árangurs. Þar getur verið nokkur vandi að velja og hafna. Sannleikurinn er nú sá. Það er auðvitað svo, að menn eru sammála um, að það þurfi að veita fræðslu um þessi efni og að auka eigi fræðslu um þessi efni. En það er ekki sama, hvernig sú fræðsla er í té látin. Ég held, að sú fræðsla gæti verið þannig í té látin, að hún gerði meiri skaða heldur en gagn. Ég held, að það sé ekki rétt að reka fræðslu um þessi efni með neinum hávaða eða auglýsingabrag, t. d. í fjölmiðlum. Ég held þvert á móti, eins og hv. flm. sagði hér áðan, að sú fræðsla, sem látin er í té um þessi efni, þurfi að vera skipuleg og óhlutdræg, sem þannig er innt af hendi í skólum, og það þurfi mjög til hennar að vanda.

Auðvitað eru allir sammála um, að það þurfi að beita tollgæzlu og löggæzlu til hins ýtrasta í þessu efni. En það getur hins vegar verið spurning um það, hversu réttmætt og heppilegt sé að beita ströngum refsingum í þessu sambandi. Og þá á ég ekki við þá, sem annast sölu og dreifingu, heldur hina, sem neyta, eins og löggjöfinni er háttað nú hér hjá okkur.

Vissulega er þetta heilbrigðismál mikið, en jafnvel á því sviði getur vandinn kannske verið nokkur, því að það er víst svo um sum þessi efni, sem geta orðið fíkniefni og ávanalyf, að það getur verið mjótt á milli, þannig að sum þeirra eru notuð sem læknislyf, og þarna verður líka dálítið vandratað. Þess vegna er þetta ekki eins einfalt mál og við fljótlega sýn gæti virzt. Það er margs að gæta. Þess vegna held ég, að það sé engum til góðs, að talað sé um þessi mál með miklum fullyrðingum.

Ég held, að það sé rétt, sem hv. flm. sagði, þegar hann var að lýsa því, hvernig ástandið væri hér í þessum efnum, að allar tölur um það, hve margir neytendur séu hér, séu óábyggilegar. Og af hverju? Af því að það liggur ekki fyrir um þetta nein viðhlítandi rannsókn. Þess vegna held ég, að það sé óvarlegt að vera að fara með of miklar fullyrðingar í þessu sambandi. Ég held, að það sé fullyrðing, sem kannske stenzt, en kannske stenzt ekki, að það séu 2000 ungmenni hér á landi háð þessu að einhverju leyti. Ég held, að það liggi ekki fyrir nein sú sönnun í þessum efnum, að réttlætanlegt sé að vera að kasta á milli sín tölum sem þessum og stimpla þannig að nokkru leyti svo stóran hóp ungmenna sem hér er gert með þessum hætti. En ég tók svo eftir, — það hefur kannske verið misheyrn, — að hv. flm. segði, að rannsóknir sýndu það, að hér væru 2000 ungmenni, sem þannig væri ástatt um. En mér er spurn, hvaða rannsóknir? Hverjar eru þær rannsóknir? Hver hefur framkvæmt rannsóknir? Hvar er þær rannsóknir að finna? Á þetta vildi ég nú benda, þó að það væri út af fyrir sig ekki ástæðan til þess, að ég stóð upp, og þó vil ég bæta því við, að mér hefur fundizt, að það, sem hefur verið talað um þetta t. d. í fjölmiðlum, hafi verið með dálitlum auglýsingablæ, of miklum a. m. k. eftir mínum smekk.

En ástæðan til þess, að ég stóð upp, var fyrst og fremst sú, að það eru viss ummæli í grg. með þessari þáltill., sem mér finnst að geti gefið tilefni til misskilnings og ég vil koma á framfæri nokkrum ábendingum um. En þó er kannske rétt aðeins að bæta við þetta, sem ég sagði um fullyrðingarnar. Mér finnst býsna margir vera nokkuð fullyrðingagjarnir í þessu sambandi. Og í grg. þarna stendur: Fullyrt er, að nú þegar sé fíkniefnum smyglað og dreift inn í landið með skipulegum hætti. Ja, það má náttúrlega fullyrða allt. En hvaða stoð er fyrir þessu? Og ef menn hafa stoð fyrir þessu, þá er það vissulega skylda þeirra, sem slíkt vita eða telja sig

sitja inni með vitneskju um það, að snúa sér til réttra aðila með þá vitneskju og gefa þeim upplýsingar um hana. Ég held, að ég muni það rétt, að ég hafi séð eða heyrt hv. flm. halda því fram í sjónvarpi á sínum tíma, að það væri rökstuddur grunur um, að hér væri starfandi fastur dreifingaraðili í landinu. Ef það er svo, þá er það skylda hvers manns, sem hefur slíkan rökstuddan grun, að snúa sér til réttra yfirvalda og skýra þeim frá því, því að hér er um alvarlegt mál að ræða, svo alvarlegt mál, að menn ættu ekki að temja sér of miklar fullyrðingar um það, án þess að geta staðið við þær. En í grg. með þessari till. stendur svo, með leyfi forseta:

„Á s. l. ári var settur á fót vísir að skipulögðu lög- og tollgæzlustarfi, þar sem til voru fengnir þrír menn, einn frá tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli, einn frá tollgæzlustjóra og einn frá lögreglunni í Reykjavík, og unnu þeir gott starf í söfnun upplýsinga um dreifingu og neyzlu fíkniefna í Reykjavík og nágrenni.

Sú rannsókn staðfesti, svo að ekki verður um villzt, að gripa þarf til skipulagðra og stóraukinna aðgerða á þessu sviði, og væri mjög miður, ef það starf og sá árangur, sem þegar hefur náðst, yrði ekki nýttur til hins ýtrasta."

Mér virðist í þessu felast það, að gefið sé í skyn, að það sé horfið frá eða hafi verið horfið frá þeim vísi að rannsóknum, sem settur var upp á s. l. ári, en það er ekki, það er misskilningur. Þessi mál eru margþætt, og þau eru þannig í eðli sínu, að þau heyra undir fjögur rn. Þau heyra undir dómsmál, dómsmrn., þau heyra undir heilbrigðismál, undir heilbrmrn., þau eru tilheyrandi tollgæzlu og heyra því undir fjmrn., og þau eru auðvitað fræðslumál og heyra því undir menntmrn. Það eru þannig fjögur rn., sem þessi mál heyra undir, og það var einmitt með þetta sjónarmið í huga, að settur var á fót þessi samstarfshópur á sínum tíma með óformlegum hætti, og hann starfaði að þessu máli og starfaði vel, og það er allt rétt, sem um það er sagt. En það er hins vegar alls ekki svo, að þessi starfsemi hafi verið niður lögð. En það kom upp innan þessa samstarfshóps ágreiningur um það, hvernig ætti að halda þessu starfi áfram. Einn af þessum mönnum, — það bættust reyndar fleiri í hópinn seinna, í þennan samstarfshóp, — deildarstjóri á Keflavíkurflugvelli, Kristján Pétursson, hélt því fram, að heppilegasta aðferðin væri að setja upp sérstaka deild, sem fengist við þessi málefni. Hinir töldu aftur á móti, að heppilegast væri að vinna að þessum málum á þann hátt, að þau væru eftir sem áður þáttur í þeim rn., sem færu með þessi mál, en hins vegar væri sett á fót formleg samstarfsnefnd þessara rn., þannig að tryggt væri, að það væri einn aðili, sem fylgdist með þessu öllu og vissi, hvað hvert rn. fyrir sig gerði, og ynni að þessu sameiginlega.

Ég hef hlustað á þessa aðila og tekið á móti skýrslum og tillögum frá þeim, og ég veit það, að deildarstjóri tollgæzlunnar á Keflavíkurvelli hefur unnið mjög gott starf og ekki nema allt gott um það að segja. En ég verð að segja það, að miðað við þau rök og þær upplýsingar, sem fyrir mig voru lögð, þá féllst ég á þá skoðun, að heppilegra væri að hafa þann hátt á, að þetta væri undir rn., það væri ekki ástæða til þess að fara að setja upp sérstaka stofnun utan við þau og þeim óháða. Það væri ekkert líklegra til áhrifaríks árangurs og mundi auk þess hafa kostnaðarauka í för með sér. Þess vegna féllst ég á það og önnur þau rn., sem þessi mál heyra undir, að sett yrði upp alveg formleg samstarfsnefnd, sem ætti að vinna að þessum málum, og það hefur verið gert. Í henni er fulltrúi frá dómsmrn., sem er formaður nefndarinnar, fulltrúi frá menntmrn., fulltrúi frá heilbrmrn. og fulltrúi frá fjmrn., sem er tollgæzlustjórinn sjálfur. En Kristján Pétursson kaus ekki að starfa í þessari nefnd áfram. Það má því ekki skilja þessi ummæli í grg. á þann veg, að horfið hafi verið frá þessu og lögð niður sú starfsemi, sem þarna var komin á fót. Þvert á móti er henni haldið áfram, og það er unnið að þessu með skipulögðum hætti. En þetta er að sjálfsögðu svo mikið alvörumál, að það er ágætt, að menn skoði það og velti því fyrir sér á alla lund, og sízt hef ég á móti því.

Ég er að sjálfsögðu sammála því, sem hv. flm. benti á um þau úrræði, sem hér kæmu til álita í þessu sambandi. Ég get alveg fallizt á það, að auðvitað þarf að koma í veg fyrir smygl eftir því sem unnt er, og það held ég að sé nú gert og unnið að því nokkuð með skipulegum hætti og samband haft við þá aðila, sem með þessi mál fara í öðrum löndum, og að upplýsingamiðlun þar á milli sé í sæmilegu lagi. Og það er haft samstarf við þær stofnanir í öðrum löndum, sem fara með þessi mál. Við tökum þátt í alþjóðasamstarfi um þetta, og þessi samstarfsnefnd hefur einmitt það með höndum.

Ég tek alveg undir það, sem hv. flm. sagði, að það væri nauðsyn á skipulegri fræðslu, og ég veit, að það hefur verið undirbúið og unnið að því og verður vafalaust gert. En vel má vera, að það þurfi að gera mun meira. Auðvitað er svo þriðja atriðið, sem hann benti á, sjálfsagt eitthvert hið allra áhrifaríkasta, þ. e. að komast í samband við unglingahópana og fá þá til að vinna að þessu, fá þá til að beita sér gegn þessu, fá það almenningsálit hjá þeim, sem beitir sér gagnvart því, sem er því miður nokkur tízka sjálfsagt meðal þessa fólks að kynna sér þetta og kannske neyta þess eitthvað. Auðvitað er það þýðingarmikið að reyna að vinna bug á þeim þjóðfélagslegu aðstæðum, sem kunna að liggja til þess, að mönnum hættir til þess að gripa til þessa.

Endurhæfingarstöð, ég get vel tekið undir það. Ég álít, að þar sé merkilegu máli hreyft og það þurfi einmitt að athuga. Og það er náttúrlega heilbrigðismál og heyrir þar undir.

Ég vil taka undir það og á allan hátt styðja það, að reynt sé að vinna gegn þessu böli, sem er böl hjá ýmsum þjóðum og jafnvel nágrannaþjóðum okkar, en við erum þó svo lánsamir, að það er nú tæpast hægt að taka svo sterkt til orða hér sem betur fer. Og ég hef að sjálfsögðu ekki á móti því, að þetta mál allt sé skoðað og þessi þáltill. fari í n. og fái þar sína athugun. Það er sjálfsagt.

En ég hef af þeim litlu kynnum, sem ég hef haft af þessu, og þeim upplýsingum, sem hafa verið lagðar fyrir mig í þessum efnum, komizt á þá skoðun, að það væri ekki heppilegt að hverfa svona að sérstakri deild, heldur væri heppilegra að vinna að þessu á þann hátt, sem gert hefur verið og hefur nú verið reynt að koma í formlegra horf en verið hefur. En það vil ég segja, að það er sjálfsagt að vera vakandi á allan hátt í þessum efnum. Og auðvitað er ég opinn fyrir því, ef mér er sýnt fram á, að ég hafi litið skakkt á, og eins ef annað kemur fram, sem sýnir, að annað er áhrifaríkara í þessu efni, þá er vitaskuld alveg sjálfsagt að hverfa að því ráði, því

að eins og ég drap á í upphafi míns máls, þá hljóta allir að vera sammála um það, að reyna að vinna gegn þessu og afstýra því, að þetta berist til okkar lands og verði hér sá ógæfuvaldur, sem það því miður er orðið jafnvel í okkar nágrannalöndum.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra undirtektir hæstv. forsrh. og skilning hans á því, hversu mikil nauðsyn er á að grípa til raunhæfra og róttækra aðgerða í þessu máli. Hitt er annað mál, að honum sýnist annað um aðgerðir en okkur flm. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja, en ég vil taka strax fram, ef ég kann að hafa misskilið ræðu hans á þá leið, að hún væri til varnar því, sem gert hefur verið, og hann hafi þá talið, að þessi till. væri flutt sem gagnrýni, þá er það alls ekki tilgangur okkar flm. að blása hér upp einhverja gagnrýni á stjórnvöld í þessu máli, heldur eingöngu að vekja athygli á mjög miklu nauðsynjamáli að okkar mati. En áður en ég vík nánar að einstökum ummælum í ræðu hæstv. forsrh., þá vildi ég leyfa mér að fara nokkrum almennum orðum um þetta mál.

Hér á dögunum var flutt skelegg ræða hér í þinginu, skelegg ræða til stuðnings auknum aðgerðum gegn ofnotkun áfengis. Þar var hvergi dregið úr því böli, sem óhóflegri áfengisneyzlu fylgir, og er ég sannarlega sammála þeim röddum, sem vara við hættunni af ofnotkun áfengis. En það er ekki fyrr en á allra síðustu dögum, sem fólk er að einhverju leyti að vakna upp við þann vonda draum, að annar vágestur stendur við dyr okkar, gestur, sem getur leitt yfir þessa þjóð meiri vandamál og meiri óhamingju en áfengið hefur nokkru sinni gert. Á ég þar við neyzlu fíkniefnanna.

Þjóðin er rétt að rumska, og þó eru raddir, sem vilja gera lítið úr vandanum, og aðrar, sem telja það hafa öfug áhrif að ræða um þessa hættu, allt tal um hana eigi að liggja kyrrt, það æsi aðeins upp forvitni og löngun unglinga til þess að ganga til móts við þessa nýju freistingu. Enn aðrir vilja jafnvel gefa sölu á vissum tegundum fíkniefna frjálsa, telja, að með því sé betra taumhald haft á vandanum og staðreyndin sé sú, að þessi efni sum hver séu mun skaðminni en t. d. áfengi. Út af fyrir sig er það lítil huggun, þótt komizt sé að þeirri niðurstöðu, að skaðsemin sé minni en af áfenginu. Vandamálið er engu að síður fyrir hendi.

En hver er þá reynsla annarra þjóða? Neyzla fíkniefna hefur gengið eins og faraldur meðal ungs fólks sérstaklega, og eiturlyfjaneytendur eru óðfluga að verða eitt stærsta vandamál heilbrigðis- og löggæzluyfirvalda um öll Vesturlönd. Í sumum þessara ríkja er ekkert til sparað, hvorki fjármagn né ráðstafanir, til þess að spyrna við fótum, en þjóðfélögin standa engu að síður ráðþrota, máttvana gagnvart þessum vanda, þessari óskaplegu holskeflu eymdar, upplausnar, afbrota, lífsleiða og sjúkdóma. Allt þetta er bæði orsök og afleiðing neyzlunnar. Og hver eru þá fórnarlömbin einkum og sér í lagi? Það er vitaskuld unga fólkið, nýja kynslóðin, sem á að taka við, erfa þau verðmæti, sem skapazt hafa, og halda áfram uppbyggingunni í þjóðfélaginu. Sumir segja, að unga fólkið flýi á náðir fíkniefna einmitt vegna andúðar á þessum sömu verðmætum, sem það á að taka við, sjái engan tilgang með því lífsgæðakapphlaupi, er viðgengizt hefur, standi ógn af því vélvædda og líflausa iðnaðarþjóðfélagi, sem gleypir það án tilfinninga og tillits. Vel má það vera, um það skal ég ekki segja. Lífið er sjálfsagt ekki mikils virði í augum þeirra, sem með því finna engan tilgang. En það breytir ekki þeirri skyldu, sem hvílir á samfélaginu að veita viðnám og bægja böli frá og berjast af öllum mætti gegn þeirri ógæfu, sem fylgir slíkum flótta sem neyzla eiturefna er. Það þarf engan kennimann til að sjá, að lífsleiði og minnimáttarkennd og vandamál einstaklinga verða aldrei leyst með því að gefast upp fyrir sjálfum sér og umhverfinu.

Í grg. með þessu frv. er tekið fram, að stöðugt standi yfir rannsóknir á líffræðilegum áhrifum neyzlunnar og skaðsemi hennar. En verður nokkurn tíma mælt tjónið, sem einstaklingarnir bíða á sálu sinni, á skipbroti persónuleikans og sjúkleika þess hugarfars, sem mótast af uppgjöf og undirgefni fyrir ofneyzlunni? Og hvað á einstaklingurinn sjálfur, ef hann hefur misst stjórn á sínum eigin viljastyrk, sjálfsvirðingu og metnaði, og hvað á þjóðin, ef einstaklingarnir hafa þannig glatað sjálfum sér? Í mínum augum eru engin tvímæli um það, að hér er ægilegur vágestur fyrir dyrum. Ekki eingöngu út frá sjónarmiði hins líffræðilega tjóns, heldur líka og ekki síður vegna hins félagslega ástands, sem virðist vera eiturlyfjaneyzlu samfara. Það er skylda löggjafarvaldsins að gera sér grein fyrir þessum voða, og það er stærsta verkefni þeirra manna, sem til forystu hafa valizt hjá þjóðinni hverju sinni, að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að spyrna við fótum. Til þess höfum við Íslendingar enn tækifæri. Við skulum horfast í augu við vandann, og við skulum ekki blekkja okkur með því, að fíkniefnaneyzla verði ekki vandamál hér á landi eins og annars staðar, ef ekkert verður að gert. Við Íslendingar höfum ekki efni á því að missa stóran hóp ungmenna út í slíka ógæfu, og við eigum heldur ekki að þurfa þess. Ef lífsleiði er orsök, þá höfum við ákjósanlega möguleika og ákjósanlegri möguleika en flestir aðrir vegna mannfæðar, verkefna og vitundar hvers einstaks um hlutverk sitt. Hjá lítilli þjóð þarf hver og einn að vinna margfalt starf, hver einstaklingur er dýrmæt eign þessa þjóðfélags og þýðingarmikill þáttur í þeirri stórkostlegu viðleitni að viðhalda og byggja upp sjálfstæði og framtíð þessarar þjóðar. Við svo háleit verkefni á engum að þurfa að leiðast, enginn að týnast í fjöldanum og enginn að gleymast í tilgangsleysi.

Rannsóknardeild sú, sem hér er gerð till. um, ræðst ekki á orsakirnar og er að því leyti takmörkuð, en í okkar huga, flm., getur hún orðið fyrsta skrefið og er sú aðgerð, sem nú í augnablikinu er mest aðkallandi. Hún leysir ekki allan vanda, en hún er síður en svo, eins og ég sagði hér í upphafi máls míns, áfellisdómur yfir því, sem nú þegar hefur verið gert. Hún er ekki flutt til að þjóna hvötum stjórnarandstöðu í refskák stjórnar og stjórnarandstöðu. Hún er ekki flutt til upphefðar fyrir flm. né til þess að sýnast í enn einu málinu, sem sofna skal í náðarfaðmi nefndanna. Hún er flutt af einlægni og vilja til að hrinda áfram máli, sem við flm. og allir þeir, sem um þessi mál hugsa, eru sammála um, að megi engan tíma missa. Og því betur sem ég hef kynnt mér ástand og þróun þessara mála, þá verð ég stöðugt sannfærðari um, að það, sem skiptir máli nú, sé, að nógu fljótt sé gripið til raunhæfra aðgerða, öflugri toll- og löggæzlu, stöðugs eftirlits, uppbyggingar upplýsingakerfis um sölu og dreifingu fíkniefna. Í þessum

málum eru neytendurnir ekki sökudólgarnir, heldur þeir, sem smygla slíkum varningi inn í landið og koma honum á framfæri. Og hverjir eru það? Hverjir eru það, sem selja og dreifa fíkniefnum? Er það skipulagt í einhverjum mæli? Og eftir hvaða leiðum berast þessi efni til landsins? Allt þetta þarf að rannsaka og þá rannsókn þarf að taka föstum tökum, og það dugar ekkert hálfkák. Hversu víðtæk er neyzlan orðin? Hvernig er efnum þessum dreift til neytenda? Eru starfræktir söluhringar o. s. frv. o. s. frv.

Aðeins takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um þessi atriði, en hitt er víst, að miklir fjármunir eru hér í húfi og hagnaðarvon í samanburði við smygl og sölu á áfengi og tóbaki er margföld á þessum vettvangi.

Sú ágæta en fábrotna athugun, sem gerð hefur verið á vegum lögreglu og tollgæzlu, má ekki verða að engu vegna — vil ég leyfa mér að segja — of vandaðs undirbúnings og flókinna nefndastarfa. Tíminn er að hlaupa frá okkur, og það þarf enga athugun til að gera sér ljóst, að margefld toll- og löggæzla er frumskilyrði þess, að við vandann verði að einhverju leyti ráðið. Því er það till. okkar, að nú þegar verði sett á fót rannsóknardeild, sem sérstaklega og eingöngu fylgist með sölu og neyzlu fíkniefna. Það er raunverulega lágmarkskrafa, og minna getur það varla verið frammi fyrir þeim ógnvaldi, sem nú er að halda innreið sína í landið. Málið má fyrir alla muni ekki tefjast vegna ágreinings um staðsetningu og yfirstjórn slíkrar deildar. Dómsmrh. verður að skera á þann hnút, en auk löggæzlu- og tollgæzlumanna tel ég áríðandi, að við slíka deild störfuðu sérfræðingar á sviði þjóðfélagsfræði, sálarfræði, efnafræði og öðrum þeim sviðum, sem geta lagt lið þeirri baráttu, sem hefja verður í þessu máli.

Hæstv. forsrh. lagði á það áherzlu, að vafasamt væri og varasamt að fullyrða of mikið í þessu máli. Ég tel, að flutningur þessarar till. hafi ekki gefið tilefni til þess að halda því fram, að við flm. séum að fullyrða eitthvað, og að gefnu tilefni vek ég athygli á, að þar sem talað er í fullyrðingatón í grg. er eingöngu verið að endurtaka það, sem sagt hefur verið á öðrum stöðum, opinberum vettvangi, m. a. í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum, og við erum því ekki að flytja hér neinn nýjan boðskap eða brydda upp á nýjum fullyrðingum. Við teljum hins vegar eðlilegt og rétt, að um þessar fullyrðingar sé rætt hér á hinu háa Alþingi, úr því að þær eru á annað borð orðnar fleygar.

Kunnáttumenn, sem hafa fengizt við rannsóknir þessara mála og hafa sérstaklega unnið að þeim á vegum dóms- og löggæzluyfirvalda, fullyrða, að hér séu nú þegar skipulagðir söluhringar til þess að smygla fíkniefnum inn í landið. Og þess vegna er full ástæða til þess að átta sig á því hér á þingi, hvort þessar fullyrðingar eigi við rök að styðjast, ekkert undan draga og reyna síðan að spyrna við fótum, ef einhver minnsti fótur er fyrir því, ef jafnvel er hugsanlegur sá möguleiki, að þessi skipulagða starfsemi fari fram nú.

Við erum heldur ekki að halda því fram í þessu máli, að algerlega hafi verið lögð niður öll rannsóknarstarfsemi á þessum vettvangi. En það er rétt, ég leyfi mér að fullyrða, að það er rétt, að úr henni hefur mjög dregið nú síðustu mánuðina. Frá þessum störfum hafa horfið menn mjög áhugasamir og duglegir, sem hafa unnið gott starf, og enginn hefur komið í þeirra stað, og tölur og skýrslur, sem frá þessum rannsóknarmálum koma í dag, sýna, að mjög hefur dregizt saman öll athugun á þessum málum. Og af því að nefndur var hér einn ákveðinn maður, Kristján Pétursson deildarstjóri á Keflavíkurflugvelli, þá vil ég sérstaklega geta þess, að ég tel, að hann hafi unnið mjög gott starf og þarft í þessum málum og enda þótt verið sé að gefa í skyn, að hann hafi fullyrt eitt eða annað og fullyrt of mikið, þá er ég í engum vafa um, að einmitt þessar fullyrðingar og það tal, sem hann hefur sett af stað um þessi mál, hefur þó vakið okkur til lífsins og vakið kannske fólk til umhugsunar um, að hér þarf að gera eitthvað meira en bara að skipa nefnd.

Hæstv. forsrh. vék að því, að þetta mál væri fjórþætt að því leyti, að það heyrði undir fjórar stofnanir, og ég held í þessu sambandi, að einmitt það, hversu þetta heyrir undir marga aðila, hafi tafið fyrir málinu. Því er haldið fram, og ég hef ástæðu til að trúa því, að einmitt það, að þessir aðilar, þessar stofnanir hafa ekki komið sér saman um það, hver skuli raunverulega stjórna, hver skuli vera efst og vera ráðandi, það sé ástæðan fyrir því, að raunhæfar aðgerðir hafa ekki verið settar á laggirnar af þeim krafti, sem við viljum að sé gert.

Það er einlæg sannfæring mín, að það sé rétt leið að stofna til sérstakrar rannsóknardeildar, það sé ekki að vefjast fyrir mörgum rn. og mörgum stofnunum, hver skuli með þetta fara. Það skuli skipa sérstaka rannsóknardeild, sem hafi þetta vandamál á sinni könnu eitt og eingöngu. Sú hefur þróunin orðið erlendis, og ég held, að við eigum að grípa strax til þeirra aðgerða og setja strax slíka deild á stofn til þess að reyna að fyrirbyggja frekari vanda, sem vitaskuld hlýtur að steðja að okkur.

Við höfum ekki tekið afstöðu til þess í grg. með okkar tillögugerð, hver skuli hafa með yfirstjórn þessarar rannsóknardeildar að gera. Þar koma til greina embætti eins og lögreglustjóraembættið í Reykjavík, yfirsakadómaraembættið, jafnvel saksóknari, jafnvel dómsmrn., og við teljum eðlilegt, að dómsmrh., eftir að hafa kannað þetta mál og áttað sig betur á því, skeri á þann hnút og úrskurði, undir hvaða embætti deildin skuli heyra.

Hæstv. forsrh. vék að því, að af því gæti orðið kostnaðarauki að stofna slíka sérstaka deild, en ég vil algerlega vísa þeim rökum á bug. Ég tel einfaldlega, að það eigi ekki að horfa í neinn kostnað, þegar við erum að tala um þessi mál og þegar við erum að ákveða einhverjar aðgerðir. Ef ekkert verður að gert, verður þetta vandamál miklu stærra og óviðráðanlegra en við gerum okkur hugmynd um í dag, og ég held, að sá kostnaður, sem hlýzt af því að gera ekkert eða lítið sem ekkert, verði margfaldur á við þann kostnað, sem mundi verða af stofnun rannsóknardeildar.

Herra forseti. Hér á þinginu kann okkur að greina á um stefnur og leiðir í stjórnmálabaráttunni. Við höfum mismunandi skoðanir á því, hvaða braut skal velja til betra ástands og aukinnar velferðar þegna þessa lands. En takmarkið er það sama hjá okkur öllum, heill og hamingja hvers og eins, og þar greinir okkur ekki á. Því er það von mín og trú og reyndar vissa, að við getum öll hér á þingi sameinazt í þessu máli, sameinazt í þeirri baráttu, sem þjóðfélagið verður að heyja gegn böl-valdinum mikla, fíkniefnunum. Við bægjum honum

eflaust aldrei fullkomlega frá, en við getum, ef við viljum, haldið honum í skefjum og forðað þessari þjóð frá örlögum, sem enginn sér ella fyrir endann á. Jafnvel þótt aðgerðir þær, sem við samþykkjum, forði aðeins einum ungum manni eða einni ungri stúlku frá þeim glötunarvegi, þá er þessi viðleitni réttlætanleg.

Umr. frestað.

Á 51., 54. og 55. fundi í Sþ., 21. marz, 6. og 11. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs, þegar till. þessi var hér á dagskrá fyrir alllöngu síðan, hvort sem það var nú 2. marz eða einhvern annan dag. Mun ég því nota tækifærið og fara um hana örfáum orðum nú. En fyrst ætla ég að lesa till. yfir, með leyfi hæstv. forseta, fyrst svona er langt um liðið.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að setja nú þegar á fót sérstaka rannsóknardeild til eflingar tollgæzlu, löggæzlu og annars eftirlits með innflutningi, dreifingu og neyzlu fíkniefna. Deildinni verði m. a. gert kleift að afla þeirra áhalda og tækja, sem nauðsynleg eru til skjótrar greiningar efnanna, og að þjálfa til nefndra rannsóknarstarfa sérhæft starfslið."

Ég hygg, að flestir eða allir hv. þm. hljóti að vera efnislega samþykkir þessari till. Hitt má vera, að menn greini nokkuð á um leiðir svo sem þá, sem nefnd er, að setja nú þegar á fót sérstaka rannsóknardeild í þessu skyni. En þróunin verður vafalaust sú í náinni framtíð, að sérhæfðum löggæzlumönnum verður falið að fást við þessi mál, sérstakri rannsóknarlögregludeild.

Eins og tekið er fram í grg., var nokkuð unnið að rannsókn mála þessara á s. l. ári. Þrír menn, einn frá lögreglustjóra í Reykjavík, annar frá tollgæzlustjóra og sá þriðji frá tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli, unnu á þessum vettvangi um 2—3 mánaða skeið. Er mér tjáð, að þeir hafi lokið rannsókn tæpra 80 mála. Þær skýrslur og upplýsingar munu nú vera til athugunar sem grundvöllur að framtíðarstarfi á þessu sviði.

Til þess að einhver árangur náist, þarf bæði fræðslu og fjármagn og má ekkert til spara, segja margir með miklum rétti. Þetta hefur lengi verið erfitt vandamál víða um lönd. Sameinuðu þjóðirnar hafa látið það til sín taka með margvíslegum hætti, enn fremur þjóðir Atlantshafsbandalagsins, og um það hefur verið fjallað á vettvangi Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins. En ég skal taka fram, að í þessum efnum ræði ég um ávana-, fíkni- og eiturlyf almennt án þess að greina þau nánar í hópa. Ég er ekki það kunnugur málum. Hygg ég þó, að í þessum efnum sé skeggið skylt hökunni, eitt leiði af öðru og þess vegna sé réttlætanlegt að tala um slík lyf og fjalla um þau undir einum og sama hatti.

En ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að ég tel, að í þessu máli gefist okkur Íslendingum gott tækifæri til þess að stemma á að ósi eða a. m. k. spyrna fast við fótum með hliðsjón af reynslu nágranna okkar og frændþjóða. Það er e. t. v. of mikið sagt, að unnt sé að stöðva þennan ófögnuð, en a. m. k. setja hömlur gegn þessu eins og hægt er. Þó bendir margt til þess, að jarðvegur sé góður um þessar mundir til að spyrna fast við fótum, eins og ég gat um. Ýmsir aðilar, bæði einstaklingar og félög, hafa þegar kvatt sér myndarlega hljóðs og vakið athygli á þessum voða. Fundir og ráðstefnur hafa verið haldnar. Ég held, að handhafar löggæzlunnar muni ekki láta sitt eftir liggja í þessu stríði, ef þeim verða sköpuð skilyrði til að vinna vel. En þeir eru samt ekki mikils megnugir nema í víðtækri og góðri samvinnu við marga aðila, þar á meðal allan almenning. Það er þó eindregin skoðun mín, að með ákveðnum gagnráðstöfunum þegar í stað og öflugu viðnámi, bæði af hálfu hins opinbera, stjórnvalda, toll- og löggæzlu, og alls almennings, þá megi takast að spyrna gegn þessari flóðbylgju, halda henni í skefjum meðan hún skellur yfir sem tízkufyrirbrigði og helzt af öllu gera hana algerlega útlæga úr landinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 72. fundi í Sþ., 17. maí, utan dagskrár, mælti

Ellert B. Schram: Herra forseti. Fyrr á þessu þingi leyfðum við okkur, ég ásamt hv. 3. þm. Reykn., Oddi Ólafssyni, að bera fram þáltill. þess efnis, að setja skyldi á fót rannsóknardeild til eflingar tollgæzlu og löggæzlu og annars eftirlits með innflutningi, dreifingu og neyzlu fíkniefna. Í grg. og í ræðum okkar, þegar við fylgdum málinu úr hlaði, bentum við á þá hættu, sem fíknilyfjum væri samfara, og lögðum áherzlu á, að þing og þjóð horfðist í augu við þann voða, sem fyrir dyrum væri, ef ekkert væri að gert. Vandamálið væri vonandi enn viðráðanlegt, en það gæti vissulega vaxið okkur yfir höfuð, ef flotið væri sofandi að feigðarósi. Í því sambandi minntum við á, að jafnvel í næstu nágrannalöndum okkar stæðu yfirvöld ráðþrota gagnvart geigvænlegri eiturlyfjaneyzlu og óðfluga væri það vandamál að verða eitt stærsta þjóðfélagsmeinið, einkum þó meðal æskufólks. Við tókum jafnframt fram, að gott starf hefði verið unnið af þeim fáu löggæzlumönnum, sem sérstaklega hefðu verið til kvaddir af hálfu lögreglu og tollyfirvalda, en það brautryðjendastarf mætti ekki niður falla og að engu verða með fálmkenndu og óskipulögðu áframhaldi.

Nokkrar umr. urðu um þessa þáltill., og þá kom m. a. fram það sjónarmið, að varlega skyldi fara í allar fullyrðingar og ekki mikla vandamálið um of fyrir okkur.

Þessi þáltill. fór til hv. allshn. og hefur ekki enn fengið afgreiðslu þar, enda þótt ætla mætti, að enginn ágreiningur þyrfti að vera um slíkt mál. Að mínu viti var það ótvíræð siðferðileg skylda Alþingis að tjá sig með afdráttarlausum hætti um mál þetta, og þykir mér því miður, að málið skuli ekki hafa fengið afgreiðslu í þessari nefnd.

Í gær var samþ. sem ályktun Sþ. *þáltill.* um varnir gegn ofneyzlu áfengis, og er sú till. vissulega góðra gjalda verð og fyllilega tímabær, en ég hygg, að flestir þm. séu sammála mér um, að neyzla fíknilyfja getur

orðið margfalt stærra og óhugnanlegra vandamál en áfengið, ef yfir okkur á að ganga sams konar ástand og nú ríkir í þessum efnum jafnvel í næstu nágrannalöndum og víðar um heim nú þegar í dag, svo að ekki sé talað um framtíðina. Þar sem nú eru aðeins nokkrir dagar til þingslita og fyrirsjáanlegt er, að áðurnefnd þáltill. hlýtur því miður ekki afgreiðslu á þessu þingi, þá hef ég leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár af tilefni, sem hefur undirstrikað með áþreifanlegum hætti þau varnaðarorð, sem í till. okkar hv. 3. þm. Reykn. fólust.

Þetta segi ég að því gefna tilefni, sem ekki hefur farið fram hjá neinum hv. þm. og lesa má um í fréttum síðustu daga. Þar hefur verið skýrt frá, að upptækt hafi verið gert verulegt magn af svonefndu hassi og LSD fíkniefnum í fórum ungmenna hér á landi. Þessum efnum mun hafa verið smyglað til landsins í því skyni að dreifa því meðal unglinga, og í frétt, sem m. a. er í einu dagblaðanna í morgun, er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Rannsókn málsins til þessa hefur leitt í ljós, að hér er um umfangsmikið smygl fíkniefna og sölu þeirra að ræða. Fundizt hafa um 200 g af hassi, en staðfesting hefur fengizt á smygli og sölu á þrem kílóum, sem komu frá Amsterdam með skipi til Akureyrar. Þá hefur við yfirheyrslurnar fengizt staðfesting á smygli á 67 töflum af LSD. Grunur leikur á, að fleiri efni komi við sögu í þessu máli, en í gær hafði ekki fengizt staðfesting á þeim grun. Þá leikur og grunur á, að meira magn af hassi en að framan greinir sé í málinu, og það skipti einnig kílóum. Þá er vitað, að ákveðnir aðilar hafa farið erlendis í innkaupaferðir í þeim tilgangi einum að kaupa fíkniefni og smygla þeim hingað til lands til dreifingar. Í gær var yfirheyrður fjöldi fólks, sem hefur keypt hass af forkólfum þessa fíkniefnahrings, en lögreglumenn þeir, sem að yfirheyrslunum unnu, vörðust allra frétta." Áfram segir í þessari frétt: „Við yfirheyrslurnar mun þó hafa fengizt staðfesting á því, að sala fíkniefnanna var gerð í auðgunarskyni, en söluverð hasskílós er um 250 þús. kr. hér á landi. Lauslega má áætla, að hagnaðurinn af sölu þeirra þriggja kílóa, sem vitað er um, nemi yfir 500 þús. kr. En úr þessu magni munu fást allt að 16 þús. skammtar til neyzlu."

Síðan segir, að nú sitji í gæzluvarðhaldi vegna máls þessa tveir ungir Reykvíkingar undir tvítugu og ung hjón úr Kópavogi.

Enginn veit, hvort og þá hversu miklu hefur verið smyglað og dreift með þessum hætti né heldur hvort hér sé um að ræða eina eða aðalsmygl- eða söluhringinn. Neyzla er eitt, en skipulagður smyglhringur, sem vinnur að því að dreifa þessum efnum meðal ungs fólks, er enn alvarlegra mál.

Dugnaður lögreglumanna og árvekni við uppljóstrun og rannsókn málsins hefur í alla staði verið mjög lofsverður, en það breytir því þó ekki, að tilviljun mun hafa ráðið uppljóstrunum frekar en skipulögð rannsóknar- og lögreglustarfsemi. Sú staðreynd og þetta óhugnanlega mál allt undirstrikar enn betur en fyrr, hversu brýnt verkefni það er, að sett sé á laggirnar skipulögð og öflug rannsóknardeild, sem eingöngu hefur þessi mál til meðferðar. Sjálfsagt er fullur vilji hjá dómsmrn. og svokallaðri samstarfsnefnd, sem sett hefur verið á laggirnar í þessum málum, fullur vilji hjá þessum báðum aðilum að taka þessi mál föstum tökum, en sannleikurinn er bara sá, að hér duga ekki lengur seinvirk nefndarstörf, sem ekki eru einu sinni í beinum tengslum við lögregluyfirvöld í Reykjavík. Hér þarf raunhæfar aðgerðir, ráðstafanir svo sem öfluga toll- og löggæzlu, fyrirbyggjandi starf og strangt eftirlit, sem allt skal unnið af fullum krafti og af fullri hörku.

Ég trúi því, að það sé samdóma álit og vilji Alþingis, að einskis verði látið ófreistað og ekkert verði til sparað að bægja eiturlyfjunum, þessum óhugnaði, frá okkar landi og okkar ungu og upprennandi kynslóð. Mannslífin hér á landi eru of dýrmæt þessari þjóð til að þeim verði fórnað á altari ólifnaðar og þeirrar eymdar, sem fíknilyfjaneyzlu fylgir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég segja það, að ég hef fylgzt með eða réttara sagt hef verið látinn fylgjast með þeirri rannsókn, sem fer nú fram í þessu máli, og mér er óhætt að segja, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, þá gengur sú rannsókn vel og eðlilega og er í fullum gangi. En ég veit, að hv. alþm. skilja, að ég get ekki sagt hér nánar um þessa hlið málsins á þessu stigi.

En að öðru leyti út af þeim orðum, sem hv. þm. lét falla, vil ég segja þetta: Það er unnið að þessum málum á skipulegan hátt, eins og ég hef reyndar skýrt frá áður hér á hv. Alþ. Sett hefur verið á stofn formleg samstarfsnefnd þeirra rn. og þeirra embætta, sem þessi mál heyra undir, og í þeirri nefnd eiga m. a. sæti sumir af þeim mönnum, sem áður höfðu unnið í samstarfshóp um þessi mál. M. ö. o., þar sitja þeir menn, sem þessum málum eru, að ég hygg, einna kunnugastir hér á landi.

Það var samdóma álit þess samstarfshóps að undanskildum einum, sem í honum starfaði, að það væri ekki ástæða til þess að setja upp sérstaka rannsóknardeild til þess að fást við þessi málefni, heldur mundi betur henta að hafa þennan háttinn á, að stofna til samstarfsnefndar þeirra embætta, sem þessi mál heyra undir. Einn þeirra manna, sem í þessum samstarfshópi hafði starfað um skeið, deildarstjóri á Keflavíkurflugvelli, Kristján Pétursson, sem hefur sýnt mikinn áhuga og dugnað í þessum málum, var á annarri skoðun um þetta. En af einhverjum ástæðum gat hann ekki átt samleið með þessum mönnum, sem að þessum málum höfðu áður starfað, og vildi ekki lengur starfa í þessari samstarfsnefnd, og fer ég ekki nánar út í það.

Ég hygg, eins og ég sagði áðan, að það sé nú unnið skipulega að þessum málum af þessum mönnum, sem við þau fást, og ég hygg nú, að það sé ekki hægt að segja, að það sé tilviljun háð, hvort upp kemst um smygl eða ekki. Ég hygg, að þessir aðilar hafi allgott samband t. d. við aðila í öðrum löndum, sem með þessi mál fara þar. Ég geri ráð fyrir því, að hv. alþm. skilji, að ég og þau rn., sem þessi mál heyra undir, hljóta að taka tillit til þess, sem þeir segja og leggja til í þessum málum, sem mest hafa um þau fjallað. En ég vil segja það, að ég er opinn fyrir öllum úrræðum í þessu efni og ég er reiðubúinn til þess að leggja það nú fyrir þessa samstarfsnefnd að svara þeirri spurningu, hvort hún telur hentara að taka upp annað skipulag í þessum efnum. Og það er síður en svo, að ég hafi bitið í mig neitt ákveðið fyrirkomulag á þessum málum. Það er sjálfsagt

að leita þeirra úrræða, sem að beztu manna yfirsýn munu duga bezt. Það vil ég segja. Og þess vegna get ég sagt það, hvað sem þessari þáltill. líður, sem ég svara ekki fyrir að öðru leyti, að ekki hefur verið afgreidd hér, þá mun þessum málum fullur gaumur gefinn og þeim ábendingum, sem fram komu í henni og reynt að hafa vakandi auga á þessum efnum.

Það er lofsverður og þakkarverður áhugi, sem fram kemur hjá hv. þm. í þessu máli, og ég vil nú segja það, að hann og — ég vil segja í góðri merkingu — hans líkar, ungir menn, sem af einhverjum ástæðum hafa skarað fram úr eða unnið afrek á ýmsum sviðum og eru því dáðir af fjölda æskufólks, slíkir menn geta unnið ákaflega mikið verk í þessum efnum með því að skapa það heilbrigða almenningsálit, sem hér mun bezt duga. Og síður en svo er ég að lasta það, að talað sé um þessi mál á Alþ. Það er ágætt. En ég vil segja það, að ég efast ekki um, að hv. þm. getur jafnvel utan þings haft enn meiri áhrif í þá átt, sem rétt er að stefna í þessum málum, með öðrum ungum mönnum, sem þessu máli vilja leggja lið. Og ég er honum alveg sammála um það, að einskis má láta ófreistað til þess að stemma stigu við þessu.

En ég er þeirrar skoðunar, að á þessum ófögnuði verði ekki unninn bugur með neinum skyndiaðgerðum, heldur þurfi til að koma stöðugt, markvisst og óþrotlegt starf, og ég veit, að um það eru allir hv. alþm. sammála. Eins og ég sagði, þá er ég alveg opinn fyrir öllum till. í þessu efni og sjálfsagt að leita þeirra úrræða, sem bezt gefast og þá með hliðsjón af þeirri reynslu, sem hér er fengin, og þeirri reynslu, sem annars staðar er fengin.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er aðeins örstutt til þess að þakka hæstv. forsrh. fyrir undirtektir hans og þann skilning, sem hann leggur í þessa ræðu mína hér áðan, sem er réttur. Það er ekki gert til þess að ásaka einn eða neinn fyrir framtaksleysi í sjálfu sér eða skort á vilja til þess að ráða bót á þessum málum, heldur til þess að vekja athygli þingheims og þjóðar vonandi á því óskaplega vandamáli, sem er hér að rísa og er miklu óhugnanlegra en flest annað, sem hefur dunið yfir þessa þjóð.

Þáltill. frá því í vetur, mín og hv. 3. þm. Reykn., var flutt vegna þess, að okkur var mikið niðri fyrir og við í einlægni og af áhuga töldum, að þetta væri mjög brýnt mál til meðferðar og væri nauðsynlegt, að Alþ. ályktaði á einn eða annan hátt í þessu máli. Það var ekki endilega svo, að við ætluðum að knýja í gegn einhverja ákveðna lausn á málinu eða að sú till., sem við settum fram, væri endilega það eina algilda og rétta í þessu máli, en við vorum þess fullvissir, að út úr nefndarstörfum og athugunum á málinu gæti komið einhver ákveðinn vilji þingsins í þá átt, að það væri tekið til öflugra ráðstafana. Og nú, þegar fréttir berast af svo víðtæku smygli og svo óskaplegu magni, sem í ráði er að dreifa hér í landinu í auðgunarskyni, þá er enn full ástæða til þess að viðhafa varnaðarorð og hvetja enn til þess, að gripið sé til viðeigandi ráðstafana. Ég treysti fyllilega þeim yfirvöldum, sem í þessu landi eru og þessi mál heyra undir, til þess að gera það. Ég vonast eingöngu til þess, að þeir beri gæfu til þess að gera það strax.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur verið upplýst hér af einum hv. þm., að tilteknu máli hafi verið vísað til allshn. Sþ. og hafi ekki hlotið afgreiðslu frá n. Ég vil í því sambandi leyfa mér að upplýsa, að til þessarar n. hefur á þinginu verið vísað rúmlega 70 málum og hún hefur þegar afgreitt rúmlega 50. Ég hygg, að mér sé óhætt að segja það fyrir mitt leyti, að sem formaður þessarar n. er ég reiðubúinn til þess að halda áfram fundahöldum um afgreiðslu mála í n., ef ráðamönnum sýnist að halda áfram þingi lengur en fram að hvítasunnunni.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Virkjunaraðstæður við Hraunsfjarðarvatn.

Á 37. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á virkjunaraðstæðum við Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi [177. mál] (A. 341).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. og 41. fundi í Sþ., 22. og 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill. á þskj. 341 um rannsókn á virkjunaraðstöðu við Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hið fyrsta rannsaka til hlítar aðstæður til virkjunar við Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi."

Á undanförnum árum hefur verið unnið ötullega að því að rafvæða byggðir landsins. Hefur því mikla verki miðað áfram jafnt og þétt. Segja má, að nú vanti aðeins herzlumuninn á, að takmarkinu verði náð. Jafnframt orkudreifingunni hefur orkuþörf vaxið mjög ört víða um land. Verður því að hafa vakandi auga á, hvernig hagkvæmast er að mæta þeirri þörf. Stefnt er að því að leysa dísilstöðvar af hólmi með vatnsaflsstöðvum, þar sem því verður við komið, og flétta raforkunet um landið allt eftir þörfum með tíð og tíma.

Orkunotkun á Vesturlandi hefur farið mjög vaxandi síðustu árin. Sé litið á Snæfellsnes út af fyrir sig, kemur í ljós, að dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins nær um alla hreppa á nesinu nema Skógarströnd. Á þessu svæði er aðeins ein lítil vatnsaflsstöð, Rjúkandavirkjun í Fossá við Ólafsvík, um 840 kw, en dísilstöðvar eru bæði

í Ólafsvík og Stykkishólmi. Á árinu 1970 er talið, að um 35% af heildarorkuframleiðslunni hafi komið frá dísilstöðvum á þessu svæði.

Við athugun á nýjum vatnsaflsvirkjunum á þessum slóðum hefur athygli manna sérstaklega beinzt að Hraunsfjarðarvatni. Það er á fjallgarðinum vestur af Kerlingarskarði í um 200 metra hæð yfir sjó. Frá því er allmikið fall í suður, en þó mun meira norður af til Hraunsfjarðar. Ef af virkjun yrði á þessum stað, er gert ráð fyrir, að göng yrðu sprengd inn í vatnið á allmiklu dýpi. Um það efni mætti leita ráða hjá Norðmönnum frændum okkar, sem hafa mikla reynslu af virkjunum við svipaðar aðstæður.

Þróunin hefur reyndar orðið sú í seinni tíð, að öll athygli eða mest athygli manna hefur beinzt að stórvirkjunum. Nú er horfið frá því að virkja bæjarlækinn eða fossinn í hlíðinni, ef hann hefur ekki upp á því meira afl að bjóða. Í stórum samtengdum kerfum mun þó vera næsta nauðsynlegt að hafa á nokkrum stöðum aflmiklar stöðvar, sem geta fullnægt raforkuþörfinni, þó að einhverjar tengilínur slitni eða bilanir verði. Hraunsfjarðarvatnsvirkjun yrði mjög vel staðsett að þessu leyti, einnig sem topp- og varastöð, þegar Snæfellsnesveita verður tengd nágrannahéruðum.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa látið fara fram frumathugun á virkjunaraðstæðum við Hraunsfjarðarvatn. Virðast þær vera ákjósanlegar. Margt er þó eftir að athuga og rannsaka. Hvaða áhrif hefði slík virkjun á hagsmuni veiðiréttareigenda á þessu vatnasvæði? Um það atriði yrði að fjalla alveg sérstaklega í góðri samvinnu við heimamenn. Ef viðunandi samkomulag kynni að nást í þeim efnum, væri bezt að fá sem fyrst úr því skorið og hafa allt á hreinu, en athuga að því frágengnu aðrar hugmyndir, sem uppi eru um aukna raforku á Vesturlandi, því að vissulega eiga sjónarmið veiðiréttareigenda og náttúruunnenda fullan rétt á sér.

Nefna má hugmyndina um virkjun sjávarfalla eða strauma í mynni Hvammsfjarðar, sem kann að virðast fjarstæðukennd, en hefur þó verið varpað fram, rædd af framsýnum mönnum í þessu efni og reynd af Brokeyjarbændum. En þar, í Brokey á Breiðafirði, mun fyrsta tilraunin hafa verið gerð til virkjunar sjávarfalla hér á landi fyrir mörgum áratugum síðan. Hvað sem öðru líður er þarna um óhemjuorku að ræða í straumunum, sem framtíðin getur glímt við að beizla og nýta.

Þá hefur verið rætt um virkjun Kláffoss í Hvítá í Borgarfirði og tengingu við Andakílsárvirkjun, sem haft hefur ómetanlega þýðingu fyrir allar byggðir Borgarfjarðar. Og svo sannarlega er full og rík ástæða til þess að skoða og rannsaka raforkuþörf alls Vesturlands í heild og leita að hinni beztu og hagkvæmustu lausn þeirra mála.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leggja til, að málinu verði vísað til hv. allshn.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér liggja fyrir þinginu tvær þáltill. um raforkumál á Vesturlandi, till. um virkjunaraðstöðu við Hraunsfjarðarvatn, sem nú er á dagskrá, og svo önnur till. um raforkumál í Vesturlandskjördæmi í heild, það er 187. mál, sem einnig er á dagskrá Sþ. í dag.

Á Vesturlandi er nú raforkumálum þannig komið, að Rafmagnsveitur ríkisins annast þar alla vinnslu raforku að undanskildu því, sem unnið er í Andakílsárvirkjun. Á Vesturlandi eru þrjú aðgreind raforkukerfi. Í fyrsta lagi Borgarfjarðarkerfið, sem fær orku frá Andakílsárvirkjun og að nokkru frá Landsvirkjun um Akraneslínu. Í öðru lagi er Snæfellsneskerfið, sem fær orku frá Rjúkandavirkjun við Ólafsvík og frá dísilstöðvum, og í þriðja lagi Dalakerfið, sem fær orku sína frá dísilstöð í Búðardal.

Eins og hv. frsm. tók fram hér áðan, er helsti virkjunarmöguleikinn á Snæfellsnessvæðinu Hraunsfjarðarvatn. Á Dalasvæðinu virðist hins vegar ekki um neina vænlega möguleika til virkjunar að ræða. En Borgarfjarðarsvæðið er þegar tengt Landsvirkjun og orkuöflun fyrir það er því samtvinnuð orkuöflun fyrir Landsvirkjunarsvæðið.

Við Hraunsfjarðarvatn hafa farið fram ýmsar virkjunarathuganir. M. a. hefur virkjunarsvæðið verið kortlagt til yfirlits, og vatnsrennslismælingar hafa farið þar fram í mörg ár. Á s. l. sumri létu Rafmagnsveitur ríkisins gera nýja frumáætlun um virkjun Hraunsfjarðarvatns. Nokkur frumkönnun hefur einnig farið fram á vegum Rafmagnsveitnanna á tengingu Snæfellsness- og Dalasvæðanna við Borgarfjörð. Orkustofnun er þeirrar skoðunar, að samtenging hinna þriggja aðgreindu raforkukerfa, sem nú eru á Vesturlandi, sé forsenda fyrir skynsamlegri lausn á raforkumálum í þessum landshluta. Og ef kemur til hugsanlegrar virkjunar í Hraunsfjarðarvatni, þá ætti að miða hana við slíka samtengingu. En eins og hv. frsm. tók fram hér áðan, þá hefur það komið fram, að virkjun á vatninu kann að hafa áhrif á veiði og fiskræktarmöguleika í Straumfjarðará, og ég hygg, að allir alþm. hafi fengið bréf frá Veiðifélagi Straumfjarðarár, þar sem till. til þál. um virkjun Hraunsfjarðarvatns er harðlega mótmælt og fundurinn lítur svo á, að úrbætur í raforkumálum Vesturlands hljóti fremur að felast í samtengingu við önnur orkuveitusvæði en aðgerðum, sem valda óbætanlegum spjöllum á eignum manna og náttúru landsins, eins og komizt er að orði í þessu bréfi, þannig að þarna virðist þegar komið upp vandamál, sem þekkt er frá öðrum stöðum og sem kann að torvelda framkvæmdir á þessum stað.

En á vegum Orkustofnunar er það ráðgert, að á næstu mánuðum fari fram kerfisathuganir á raforkumálum Vesturlands, þar sem m. a. verður athuguð vinnslugeta virkjunar við Hraunsfjarðarvatn inn á samtengt kerfi á Snæfellsnesi og í Dölum, með og án samtengingar þess kerfis við Borgarfjörð. Enn fremur verði þá athuguð afköst flutningsmannvirkja innan landshlutans borið saman við væntanlega orkuþörf og loks samtenging Snæfellsness og Dala við Borgarfjörð. Hér er um að ræða sams konar athugun og Orkustofnunin hefur nú í gangi fyrir Vestfirði og Norðurland.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram, svo að vitað væri, hvernig að þessum málum er nú unnið á vegum rn. og Orkustofnunarinnar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

22. Vestfjarðaáætlun.

Á 38. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um annan áfanga í samgönguþætti Vestfjarðaáætlunar [179. mál] (A. 343).

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41., 44., 50., 51., 54., 55., 56. og 57. fundi í Sþ., 22. og 24. febr., 2., 17. og 21. marz, 6., 11., 13. og 18. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 343 leyfum við óbreyttir þm. Vestf. okkur að leggja fram till. til þál. um annan áfanga í samgönguþætti Vestfjarðaáætlunar. Svonefnd Vestfjarðaáætlun hefur alloft verið til umr. á þessu þingi og er nokkur saga, en aðalástæðan fyrir því, að við leggjum þessa till. fram, er hins vegar sú, að sú skoðun virðist vera afar ríkjandi nú, þegar rætt er um heildaráætlun um samgöngumál í okkar landi, að samgöngumál á Vestfjörðum séu öll komin í hið bezta horf og sé þar nánast lokið því, sem gera þurfi með sérstökum vegáætlunum. Þetta er alger misskilningur, eins og ég vil leyfa mér og leitast við að benda á hér á eftir.

Fyrst vil ég fara örfáum orðum um aðdraganda þessa máls og sögu þess. Ég hygg, að því hafi fyrst verið hreyft á þingi 1959 með frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austfjörðum, sem flutt var af hv. þm. Hermanni Jónassyni, Sigurvin Einarssyni og Páli Þorsteinssyni, að taka sérstakt lán til vegaframkvæmda. Gert var ráð fyrir að verja 10 millj. kr. í því skyni, sem var allverulega upphæð í þá tíð. Frv. þetta var flutt fjórum sinnum á þingi, 1959, 1960, 1961 og 1962, og var að lokum vísað til ríkisstjórnarinnar.

Næsti þáttur þessa máls er samþykkt þáltill. um fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar fólksflótta frá Vestfjörðum, sem hv. þm. Gísli Jónsson var 1. flm. að og samþ. var 19. apríl 1963. Þar var gert ráð fyrir, að í lok þess árs lægi fyrir slík áætlun og yrði hún til fimm ára. Málinu var einnig hreyft með brtt. við fjárlög ársins 1964, 1965, 1966 og 1967, þegar hv. þm. Vestf., Hermann Jónasson og Sigurvin Einarsson, báru fram brtt. um 10 millj. kr. framlag til vega og 10 millj. kr. til stöðvunar á fólksflótta í samræmi við þá þáltill., sem samþ. hafði verið, eins og ég sagði áður, í apríl 1963.

Þessar aðgerðir allar koma málinu af stað og verða til þess, að hafin er framkvæmd við samgönguþátt Vestfjarðaáætlunar, sem við leyfum okkur að kalla svo, með lánsfjármagni að verulegu leyti frá ákveðnum sjóði Evrópuráðsins. Til undirbúnings þeim framkvæmdum voru fengnir hingað sérfræðingar, m. a. Norðmenn ásamt íslenzkum aðilum, sem unnu að þeirri áætlun, sem það fjármagn rann til. Í örfáum orðum var sú framkvæmd, sem þar var um að ræða, fyrst og fremst sú að leggja góða vegi, bætta vegi út frá þéttbýliskjörnum Vestfjarða, en að sjálfsögðu skilst öllum, að sú framkvæmd er ekki nema lítill þáttur í nauðsynlegri lagfæringu vega í kjördæminu í heild. Ég vil taka það fram, að mér sýnist, að það sem þarna hefur verið gert, sé mjög góðra gjalda vert, og er nú ástandið víða á fjallvegum á Vestfjörðum á milli þéttbýlisstaða stórum bætt og vel viðunandi, þó að víða séu stórátök, sem enn er ólokið.

Í þessari þáltill., sem við nú flytjum, leggjum við hins vegar höfuðáherzlu á það, að þessir bættu vegir og aðalbyggðir Vestfjarðakjördæmis verði tengdir við vegakerfi landsins. Ég leyfi mér að fullyrða, að ekki mun í öðrum landshluta svo stór hluti af íbúum kjördæmis vera í nánast engu vegasambandi við þéttbýli og aðalvegakerfi landsins eins og á Vestfjörðum, nema e. t. v. kunni að vera á Suðausturlandi. En þar á nú að bæta úr, eins og menn vita, með mjög myndarlegu átaki.

Við gerum með þessari þáltill. ekki ráð fyrir því, að með sérstakri áætlun verði unnið að fjölmörgum nauðsynlegum verkefnum eins og lagfæringum vega í byggð og milli þeirra góðu vega, sem nú hafa verið lagðir. Það teljum við vera verkefni vegáætlunar. Hins vegar hefur komið mjög átakanlega í ljós við störf okkar þm. Vestfjarða, að undirbúningi að vegáætlun eða kafla hennar, sem fjallar um Vestfjarðakjördæmi, að afar stórum þáttum þar verður alls ekki sinnt á hinni venjulegu vegáætlun. Ég vil aðeins nefna þar örfá dæmi.

Tengsl Vestfjarða við aðalvegakerfi landsins verða að öllum líkindum með tvennu móti. Annars vegar tengist suðurhlutinn með vegi, sem nú er um Barðastrandarsýslu, en norðurhlutinn tengist með nýjum vegi um Djúpið, nýjum vegi að Ögri og lagfæringu vegar, sem þaðan er, og breytingum, sem á þarf að gera. Engin af þessum framkvæmdum er nánast hugsanleg á vegáætlun. Af Djúpvegi er mér sagt að nú sé aðeins lokið 8—9%. Af vegaframkvæmd á Djúpvegi aðeins að Ögri, þar sem enginn vegur er, er áætlað ólokið um 90 millj. kr. Það hefur verið rætt um að ljúka þeirri framkvæmd á þremur árum, og ég vil lýsa eindregnum stuðningi mínum við þá ráðagerð og mun gera það, sem ég get, og við allir þm. Vestfjarða, til þess að svo megi verða. En það verður ekki gert á vegáætlun.

Um syðri leiðina er raunar nokkuð svipaða sögu að segja, þótt þar sé gamall og mjög erfiður vegur. Það eru stórkostlegar framkvæmdir, sem ekki hefur verið hreyft við þar, vegagerð um eða yfir Þorskafjörð eða innfirði Þorskafjarðar, vegagerð um hálsa þar, sem ávallt lokast í fyrstu snjóum, og vegagerð um firði, sem eru snjóþungir, eins og Vattarfjörður og fleiri. Ég ætla ekki að telja upp alla kafla, sem þar er ólokið og ekki verður gert á hinni venjulegu vegáætlun. Ég vil nefna þar þó sem dæmi, að ágætur vegur hefur verið lagður yfir eina erfiðustu heiðina, Þingmannaheiði, en þó er það svo, að hann situr þar eins og nokkurs konar eyja, beggja vegna

er ólokið köflum, m. a. kafla út á svonefnt Hörgsnes, sem þar er, og er áætlað, að sá vegur kosti einn 15 millj. kr., og er hann þó ekki nema tiltölulega mjög lítill kafli af því, sem ólokið er á þessari leið. Það hefur einnig komið mjög í ljós, þegar rætt hefur verið um vegaframkvæmdir t. d. í Dýrafirði og í Önundarfirði, sem eins og ég sagði áðan mætti ætla að framkvæma yrði á hinum venjulegu vegalögum og vegáætlun, að þar eru stórkostleg átök nauðsynleg, athuganir og framkvæmdir, til þess að unnt sé að vinna skipulega að endurbótum á þeim vegum. Í Dýrafirði hefur komið til greina og er í athugun að leggja veg yfir fjörðinn innanverðan, þar sem grynning er og nes beggja vegna. Það er í fljótu bragði skoðun verkfræðinga, að sú framkvæmd sé hagkvæm. Hún sparar mikla vegalögn um óbyggð svæði fyrir innan þessa vegi yfir fjörðinn og mundi verða arðbær á skömmum tíma. En það er ljóst, að slík framkvæmd, sem gæti kostað 30—40 millj. kr., verður ekki heldur gerð á hinni almennu vegáætlun. Aftur á móti er einnig ljóst, að vegagerð öll í Dýrafirði bíður að meira eða minna leyti eftir því, að lokið verði þessari athugun og ákvörðun tekin um það, hvort fara beri þarna yfir fjörðinn eða fyrir hann.

Mjög svipaða sögu er unnt að segja úr Önundarfirði. Í Önundarfirði kemur til greina að fara yfir fjörðinn á þremur stöðum, yfir vaðalinn og yfir útfall hans eða ósinn á tveimur stöðum. Verkfræðingar telja einnig, að þessi framkvæmd sé hagkvæm og arðbær, en þarna er aftur sömu söguna að segja. Það verður ekki ráðizt í nauðsynlegar endurbætur á vegum í Önundarfirði fyrr en ákveðið er, hvaða leið verður þarna farin.

Ég nefni þetta sem dæmi um mjög mikilvæga áfanga í vegamálum Vestfjarða, sem ekki verða framkvæmdir á hinni almennu vegáætlun, en er ólokið og standa beinlínis í vegi fyrir eðlilegri framkvæmd vegamála í þessu kjördæmi. Ég vil einnig nefna það, að á þeirri áætlun, sem unnið var að fyrir 3—4 árum, er enn ólokið vissum köflum, eins og frekari lagfæringu Bolungarvíkurvegar. Það er ekki lokið malbikun Ísafjarðarflugvallar, það er ekki lokið vegaframkvæmdum á Breiðadalsheiði, svo að eitthvað sé nefnt, og tökum við sérstaklega fram í þessari till., sem við leggjum hér fram, að þessum þáttum verði lokið hið fyrsta.

Þá vil ég segja örfá orð um Strandasýslu. Strandasýsla hefur að okkar viti af einhverjum óskiljanlegum ástæðum verið skilin frá okkar kjördæmi að verulegu leyti. M. a. er hún nú í Norðurlandsáætlun, og við erum þeirrar skoðunar einróma, að þessi aðgreining sé mjög til óhagræðis. Við teljum eðlilegra, að hún fylgi því kjördæmi, þar sem henni hefur verið skipað. Við viljum hins vegar ekki verða til þess að tefja vegaframkvæmdir í Strandasýslu, hvaðan sem fjármagnið fæst, hvort sem það er af Norðurlandsfé eða öðru, en leggjum áherzlu á það hins vegar, að í þeirri áætlun, sem gerð yrði um vegamál í Vestfjarðakjördæmi, verði lögð áherzla á að tengja Strandasýslu betur en nú er við aðra hluta kjördæmisins með vegum þar yfir heiðar, Tröllatunguheiði eða Laxárdalsheiði, og við leggjum sömuleiðis áherzlu á, að ef einhverjum hlutum Strandavegar verður ekki lokið með því fjármagni, sem fáanlegt verður til Norðurlandsáætlunar, verði gert ráð fyrir því að taka það með í þennan þátt Vestfjarðaáætlunar í samgöngumálum.

Ég vil svo að lokum leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa niðurlagsorð þessarar þáltill., sem skýra ýmislegt af því betur, sem ég hef nú lauslega drepið á. Þar segjum við:

„Jafnhliða því, sem unnið er að hinum stóru framkvæmdum samkv. sérstakri áætlun, m. a. á sviði vegamála, verður að leggja áherzlu á endurbætur á vegum í hinum ýmsu hreppum samkv. hinni almennu vegáætlun. M. a. er mjög áberandi á Vestfjörðum, eftir að góðir fjallvegir hafa verið lagðir á milli fjarða, hve vegir um byggð eru lélegir. Víða eru þeir ófærir fram eftir vori vegna skafla og bleytu, þótt hinir nýju fjallvegir séu opnir. Veldur þetta að sjálfsögðu miklum erfiðleikum og lélegri nýtingu fjallveganna. Úr þessu er nauðsynlegt að bæta hið fyrsta, ef hinir nýju vegir eiga að koma að fullum notum, en eðlilegt virðist, að það sé gert samkv. hinni almennu vegáætlun.

Ekki hefur heldur verið gert ráð fyrir svonefndri varanlegri vegagerð í þeirri áætlun, sem hér er lagt til, að gerð verði. Vegna sjávarútvegsins og fiskvinnslu er þó orðið nauðsynlegt að leggja olíumöl, malbik eða steypa vegakafla í kringum fiskvinnslustöðvar. Svo mun þó vera víðar, m. a. af þessari sömu ástæðu og vegna mikillar umferðar, t. d. frá Ísafjarðarflugvelli og út í Hnífsdal. Slíkt þarf að kanna sérstaklega.

Höfuðtilgangurinn með þessari þáltill. er að fá unnið skipulega að því að tengja þá nútíma vegakafla, sem hafa verið lagðir á undanförnum árum út frá þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum og á fáeinum stöðum í Strandasýslu, vegakerfi landsins sem fyrst og sem bezt."

Ég vona, að með þessum orðum hafi mér tekizt að sýna fram á, að víðs fjarri er því, að lokið sé þeim framkvæmdum í vegamálum Vestfjarða, sem ber að gera með sérstakri vegáætlun. Ég vona, að mér hafi tekizt að hrekja þann misskilning, sem eins og ég sagði í upphafi, mér virðist nokkuð ríkur í þessu sambandi. Með þessum orðum vil ég svo að lokum mælast til þess, að till. verði vísað til hv. allshn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég er meðflm. á þessari till. ásamt 2. þm. Vestf. Mér þykir því rétt að segja nokkur orð. Ég vil taka það fram, að ég er sammála hv. 1. flm. um þau verkefni, sem blasa við í vegagerð á Vestfjörðum, og ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða frekar um þann þátt málsins. En hv. þm. vék nokkuð að sögu Vestfjarðaáætlunarinnar, og hann hóf mál sitt og lauk máli sínu með því að tala um, að það væri almennur skilningur eða almennt álit, að það væri búið að gera allt, sem þyrfti að gera í vegamálum á Vestfjörðum, og þess vegna væri þungt fyrir fótum í þessum málum. Mér kemur þetta dálítið á óvart. Það hefur aldrei hvarflað að mér, að það væri nokkru lokið í þessu efni, og ég hef heldur ekki orðið var við þá skoðun hjá Vestfirðingum, að þeir teldu, að það væri öllu lokið, búið að vinna allt, sem þyrfti að vinna í þessum málum. Mér liggur við að halda, að þessi skoðun sé bundin við einhverja hópa, sem hv. þm. umgengst meira en almennt gerist, og þá hljóta böndin að berast að stjórnarliðinu og ríkisstj. En ef þetta er skilningur þar, þá er þetta mjög alvarlegt mál. Og við þurfum að standa á verði gegn slíkum misskilningi. Og ég leyfi mér að efast um, að hér sé um misskilning að ræða, heldur gæti ég haldið, að hér væri tylliástæða til

þess að standa á móti þeim eðlilegu till., sem hv. 1. þm. Vestf. og við aðrir þm. Vestf. berum hér fram.

Hv. 1. þm. Vestf. vék nokkuð að sögu Vestfjarðaáætlunarinnar. Ég ætla nú ekki að fara að fjölyrða um það mál hér. En ég get ekki látið hjá líða að skýra frá því, að hér heyrði ég ýmislegt, sem ég hef ekki áður heyrt sem þátt í sögu Vestfjarðaáætlunarinnar. Og ef á að segja sögu Vestfjarðaáætlunarinnar, þá var vissulega mörgu sleppt og því, sem ég held, að sé meira atriði en það, sem hv. 1. þm. Vestf. var að rifja upp. Ég hef aldrei heyrt það fyrr, ég hef aldrei heyrt því haldið fram fyrr, að till., sem borin var fram 1958 um aukið vegafé á Vestfjörðum og Austfjörðum, sé upphaf Vestfjarðaáætlunar. Ég leyfi mér að fullyrða, að fyrir 1958 hafi einstakir menn borið fram till. um auknar fjárveitingar, bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þetta er ekki upphaf Vestfjarðaáætlunar. Vestfjarðaáætlunin var hugsuð sem allt annað en smávegis aukafjárveitingar í einstaka vegi á Vestfjörðum og í leiðinni á Austfjörðum. Vestfjarðaáætlunin var hugsuð sem alhliða uppbygging þessa landshluta, ekki einungis í samgöngumálum og ekki þá einungis í vegamálum. Hvað varðar samgöngumálin, þá átti uppbyggingin að vera í vegamálum, í hafnarmálum og í flugmálum.

En samgönguþátturinn var ekki nema einn þáttur Vestfjarðaáætlunarinnar, eins og hún var hugsuð í upphafi. Í kjölfar samgönguáætlunarinnar átti að fylgja áætlun í atvinnumálum, í félagsmálum, í menningarmálum. Þegar við tölum um alhliða áætlun til að byggja upp og efla heilan landshluta, þá tölum við um þetta allt. Og það var í þessu efni, sem Vestfjarðaáætlunin markaði tímamót í viðleitni manna til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. Og upphaf þessa er þáltill., sem borin var fram á Alþ. 1962 af Gísla Jónssyni, hv. 1. þm. Vestf., af Gísla Jónssyni o. fl. Nákvæmara er að segja af Gísla Jónssyni og Kjartani J. Jóhannssyni. Það voru ekki aðrir þm. Vestf., það voru ekki fleiri.

Næsti þáttur hv. 1. þm. Vestf. í söguskýringu hans á upphafi Vestfjarðaáætlunar eru brtt. við fjárlög. Jú, það datt einhverjum í hug á þessum árum. Það datt einstöku þm. í hug á þessum árum, eins og jafnan, að bera fram brtt. við fjárlög. Auðvitað. En mestar umr. um Vestfjarðaáætlunina voru á Alþ. 1964 og 1965, og það var vegna þess, að þá var ræddur sá þáttur þessara mála, sem allt veltur á, og það er að afla fjár til framkvæmdanna. Ég ætla ekki að fara að rifja upp þær umr. Það mundi taka langan tíma.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði, að það hefði komið fé frá ákveðnum sjóði Evrópuráðsins, eins og hann orðaði það. Já, það kom fé frá ákveðnum sjóði Evrópuráðsins, og þennan sjóð köllum við Viðreisnarsjóð Evrópuráðsins, við skulum nefna þetta með réttum nöfnum. En umr. 1964 og 1965 snerust ákaflega mikið um það, hvort rétt væri að taka þetta lán. Það voru menn, sem töldu, að þetta væri ekki rétt. Og þeir lögðu svo mikla áherzlu á andstöðu sína við það að skapa grundvöll fyrir Vestfjarðaáætluninni, að þeir sögðu, að það gæti verið þjóðhættulegt að taka lán í þessum sjóði, sem þeir skírðu Flóttamannasjóð. Og þeir tóku auðvitað sjálfa sig alvarlega, þessir menn. Þegar þeir voru búnir að skíra sjóðinn Flóttamannasjóð, þá sáu þeir flóttamenn streyma til Íslands hvaðanæva að, til Vestfjarða. Og það var meira að segja sagt, að hætta yrði á því, að Jamaicamenn brytu niður íslenzkt þjóðerni á Vestfjörðum, ef tekið yrði lán í þessum sjóði.

Ég sagði, að ég ætlaði ekki að fara að rifja upp þessa hluti, og mig langar ekki til þess að fara að hefja allsherjarumræður um þetta. En síðan þetta skeði, held ég, að allir séu sammála um það, að rétt hafi verið að taka þetta lán og það hafi haft sína miklu þýðingu fyrir Vestfirði.

Nú er verið að tala um framhald Vestfjarðaáætlunar eða samgönguþáttarins. Ég vek athygli á því, að hv. 1. þm. Vestf. talaði aðeins um vegamálin. En eins og ég sagði áðan, þá var samgönguþáttur Vestfjarðaáætlunarinnar jafnt um vegamál, hafnamál og flugmál. Og það voru gerð stór átök í öllum þessum greinum. Og ég tel, að við megum ekki missa sjónar á því, að það er margt ógert enn á öðrum sviðum samgöngumálanna á Vestfjörðum en vegamálanna. En ég vil ekki draga úr því, sem hv. þm. sagði um nauðsyn þess að auka við það, sem gert hefur verið í vegamálum.

Í till. segir, og hv. þm. lagði áherzlu á það réttilega, að gerð yrði framkvæmdaáætlun um veigamestu verkefnin og unnið skipulega að málunum. Auðvitað er þetta sjálfsagt. En þetta var ekki gert almennt, áður en Vestfjarðaáætlunin kom til. Að þessu leyti braut Vestfjarðaáætlun blað í sögunni. Nú er talað um framkvæmdaáætlanir, skipulegar framkvæmdir í framfaramálum allra landshluta. Nú þykir þetta alveg sjálfsagt. Og vegna þess að það er sjálfsagt, þá er þetta ekki aðalatriði þeirrar till., sem hér liggur fyrir. Aðalatriðið er það, að veitt sé sérstakt framlag umfram venjulegar fjárveitingar til þeirra framkvæmda, sem við erum að tala um, umfram venjulegar framkvæmdir. Og ef við meinum eitthvað með þessu, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, að það er ekki hægt að gera alla hluti í einu. Ef við höldum því fram og tölum þannig, þá er það lýðskrum og ekkert annað. Við getum ekki gert um allt land sams konar hluti, — og það er heldur ekki ástæða til þess — og við ætluðum að gera og upphaflega var hugsað með Vestfjarðaáætluninni. En það er ákaflega þýðingarmikið að ljúka því verki, sem hafið var með Vestfjarðaáætluninni. Það á að ganga á undan að ljúka því, áður en önnur verkefni eru tekin fyrir. Ef við fáum ekki sérstakt fjármagn í þessum skilningi til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir, þá er þessi till. harla lítils virði. En ég ætla að vona, og ég ætla, að ég megi treysta því, að hæstv. ríkisstj. sjái til þess, að það verði veitt með einum eða öðrum hætti sérstakt fjármagn í þessu skyni, til þess að ekki þurfi að koma að því, að í framkvæmd hafi 1. þm. Vestf. og við hinir, sem fylgjum honum á þessari till., verið aðeins með sýndartillögu.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég gerði mér mjög far um, taldi ég, í málflutningi mínum að stilla orðum mínum í hóf, því að ég veit, að hv. síðasti ræðumaður er afar hörundsár, þegar rætt er um Vestfjarðaáætlun, og eru þar ríkar ástæður til.

Hv. ræðumaður taldi það furðulegt, að ég skyldi á það minnast, að sá misskilningur virtist ríkur víða, að lokið væri þeim áætlunum, þeirri vegaframkvæmd á Vestfjörðum, sem þyrfti að gera með sérstakri áætlun. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að í 1. mgr. grg. segir svo:

„Sá misskilningur virðist hins vegar mjög almennur, að með þessari framkvæmd Vestfjarðaáætlunar séu samgöngumál kjördæmisins og ekki sízt vegakerfi komið í viðunandi horf."

Undir þetta skrifar hann. Ég taldi mig fara hér með mál, sem við værum allir sammála um. Ég vísa því þessari aths. hans heim til föðurhúsanna, og ég hygg, að það væri betra, að hv. þm. léði ýmsu því eyra, sem aðrir, sem að ýmsum vegáætlunum vinna, um þessi mál tala. Mér hefur aldrei komið til hugar, að nokkur Vestfirðingur telji, eins og hann komst að orði, að lokið sé slíkum framkvæmdum á Vestfjörðum, og því síður dettur mér í hug, að nokkrum þm. Vestf. komi til hugar, að svo sé. Einmitt þess vegna er þessi sameiginlega þáltill. okkar þm. fram komin.

Hv. þm. ræddi töluvert um sögu og aðdraganda Vestfjarðaáætlunar. Ég reyndi að vera þar sem allra sögulegastur og meta sem minnst sjálfur, hvert mætti rekja aðdraganda þeirra framkvæmda, sem ég taldi lofsverðar og þar hafa verið gerðar. Ég sagði, að lagt hefði verið fram frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og gert ráð fyrir því, að til þessarar framkvæmdar yrðu teknar 10 millj. kr. að láni. Það hefur ekki verið hrakið, að þetta er í fyrsta sinn, sem lagt er til, að tekið verði sérstakt fjármagn að láni til stórra vegaframkvæmda, og ég vil vekja athygli á því, að þessar 10 millj. kr. voru ekki lítið fjármagn á mælikvarða þess tíma. Síðan hafa að vísu orðið fjölmargar gengisfellingar í tíð viðreisnarstjórnarinnar, og mig grunar, að þessar 10 millj. séu sízt minna en varið var til vegaframkvæmda á Vestfjörðum, þegar loksins að þeim kom. Það er reikningsdæmi. En hv. þm. getur sjálfur dundað við að reikna það út. Og það má vitanlega lengi um það deila, hvort þá endanlegu ákvörðun að taka sérstakt lán til vegaframkvæmda á Vestfjörðum megi fremur rekja til samþykktar á þáltill. um fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflótta frá Vestfjörðum, sem samþ. var 19. apríl 1963, eða til frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum, sem vísað var til ríkisstj. árið 1962. Mér er ekki kunnugt um það, hvort hefur orðið til þess, að hæstv. síðasta ríkisstj. ákvað að fara þessa leið. En hitt veit ég, að í þáltill. frá 1963 er gert ráð fyrir því, að í lok þess árs liggi fyrir fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar fólksflótta frá Vestfjörðum. Það er að vísu ekki minnzt á Vestfjarðaáætlun. Sú áætlun var aldrei lögð fram og margsinnis spurt eftir henni. Og brtt. við fjárlög, sem ég minntist á áðan, um 10 millj. kr. til vega og 10 til stöðvunar fólksflótta, voru fram komnar einmitt í þeim tilgangi að koma til framkvæmda þeirri þáltill., sem hv. Alþ. hafði samþ.

Ég hygg, að allt þetta, og ég er ekki að gera þar upp á milli, hafi stuðlað að þeim ágætu framkvæmdum, sem síðar urðu. En ég get einnig vakið athygli á því, að það er ekki fyrr en í marz 1971, að hæstv. ríkisstj. skrifar þáv. Efnahagsstofnun og óskar eftir því, að hafin verði vinna við atvinnumálaþátt Vestfjarðaáætlunar. Þá eru átta ár liðin frá því, að þáltill. var samþ. um fimm ára framkvæmdaáætlun, sem átti að liggja fyrir í lok ársins 1963, þannig að ég hygg, að það mætti vitanlega lengi ræða þessi mál, og ég efast ekki um, að hv. þm. þekkir vel þær umr., sem hér fóru fram á sínum tíma, en hverjar svo sem þær voru, þá efast ég um, að niðurstaða fáist í því, hvert megi rekja þær framkvæmdir, sem þarna hafa orðið, og ég sé ekki ástæðu til þess að vera að kasta hér á milli okkar orðum í því sambandi.

Það mætti einnig lengi ræða ýmsa þætti svonefndrar Vestfjarðaáætlunar, sem ég kaus að minnast ekki á. Það mætti t. d. spyrja að því, hvar þessi áætlun væri. Hvar er yfirleitt markmiðið, sem var sett fyrir þessa áætlun? Um þetta hefur oft verið spurt á fundum fyrir vestan, og við höfum aldrei fengið að sjá það. Um þetta hefur verið spurt í Efnahagsstofnuninni, og hún hefur sagt okkur, starfsmenn hennar, að það sé engin Vestfjarðaáætlun til. Það mætti einnig spyrja að því, hvers vegna hafi ekki verið lögð fram áætlun Norðmannanna um vegáætlun á Vestfjörðum. Um allt þetta mætti spyrja, og ég hygg, að ef svör fengjust og þessi plögg yrðu lögð fram, þá gætu umr. orðið æði fjörugar.

Ég kaus að nefna sjóð Evrópuráðsins engu ákveðnu nafni. Það er vitanlega réttast að nefna hann þá með enska nafninu, því að ensk nöfn má oft þýða á ýmsa vegu. Ég kaus að nefna hann ekki með ákveðnu nafni, því að mér er kunnugt um, að nafnið Flóttamannasjóður hefur farið mjög í taugarnar á sumum. En ég nefndi hann ákveðinn sjóð, og ég er ekki að vanþakka það fjármagn, sem þaðan hefur komið. Fjarri er það mér, og aldrei hef ég haft á orði, að það fjármagn muni á einn máta eða annan stuðla að flóttamannaflutningi til Vestfjarða. Ég ætla ekki að svara þeim ummælum.

Hv. þm. sagði, að ég hefði aðeins minnzt á vegamál. Ég minntist að vísu líka á Ísafjarðarflugvöll, það þyrfti að malbika hann, en hitt er rétt, eins og aftur segir í þessari þáltill.:

„Sérstaklega skal lögð áherzla á að tengja það vegakerfi, sem byggt var í fyrsta áfanga Vestfjarðaáætlunar í samgöngumálum, vegakerfi landsins með varanlegri vegagerð."

Ég kaus í minni framsögu að leggja sérstaka áherzlu á þetta, sem við allir flm. leggjum sérstaka áherzlu á í þáltill. Það er líka svo, að í þeim 1. áfanga, sem minnzt hefur verið á, var unnið mikið í hafnarmálum, og það er mikil spurning, hvort í hinum almennu hafnaráætlunum er ekki hægt að ljúka verulegum hluta af því, sem þar er enn ólokið. Þó eru þar vissir þættir, sem þarf að skoða sérstaklega. En ég er þeirrar skoðunar, að langsamlega stærsta ólokna átakið sé á sviði vegamála, langsamlega stærsta, og því hef ég lagt höfuðáherzlu á það, þó að ég sé alls ekki að gera lítið úr þeim ýmsu endurbótum, sem nú eru í gangi og verður haldið áfram í hafnarmálum og flugmálum Vestfjarða.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að með þessari till. erum við að leggja áherzlu á, að sérstakt fjármagn fáist til þessara framkvæmda, sem ég taldi mig rekja nokkuð ítarlega, að ekki verður lokið með hinum almennu vegáætlunum á nokkrum viðunandi tíma, ef nokkurn tíma. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það er mín skoðun, eins og við skrifum undir í grg., að það sé einnig tilgangurinn með þessu að leggja ríka áherzlu á, að stórkostlega miklu sé enn ólokið í vegamálum Vestfjarða og verður að sjálfsögðu að taka það með í þær allsherjaráætlanir, sem nú eru í gangi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við hv. 1. þm. Vestf. erum báðir flm. að þessari till., og þetta er ekki tilefni til þess, að við séum hér sérstaklega í deilum

um þetta mál. Ég vék að sögu þessa máls að gefnu tilefni. Hv. þm. segir, að ég sé viðkvæmur fyrir þessum málum. Hann getur haft sína skoðun á því, en harla viðkvæmur sýnist mér nú hv. þm. gerast, þegar hann hefur ítrekað haldið því fram, að till. um fjárveitingu til Vestfjarða og Austfjarða árið 1958 hafi verið upphaf Vestfjarðaáætlunar. En ég skal ekki fara frekar út í þá sálma.

Hv. þm. spurði: Hvers vegna var farið út í að taka lán til Vestfjarðaáætlunarinnar? Ég held, — ég segi þetta sem mína skoðun, — að það hafi verið raunhæfasta leiðin til þess að geta komið því fram að gera sérstakt átak fyrir Vestfirði. Ef það hefði átt að gera sérstakt átak fyrir Vestfirði með hinum almennu fjárveitingum, þá tel ég, að það hefði ekki náð fram að ganga, vegna þess að það hefðu komið önnur kjördæmi, aðrir landshlutar og krafizt slíks hins sama. En með því að útvega lán sérstaklega í þessum tilgangi, mátti segja, að ekkert væri af öðrum tekið. Og það var eðlilegt að taka þetta lán einmitt í Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, sem hefur það hlutverk að aðstoða aðildarríkin, aðildarríki sjóðsins, til þess að efla vissa landshluta og byggðarlög, sem eiga í vök að verjast og búa við fólksflótta. Mér fannst sjálfsagt, að Ísland nyti góðs af starfsemi þessa sjóðs. Og til gamans má geta þess, að það voru mjög hörð, ja, ég skal ekki segja mjög hörð átök, en það var mjög tvísýnt, að þessi sjóður yrði nokkurn tíma stofnaður á vegum Evrópuráðsins. Það var hörð andstaða í vissum aðildarríkjum, og það var ekki hægt að stofna hann nema tiltekinn fjöldi aðildarríkja vildi vera með. Og þegar í óefni var komið í þessum efnum, þá var það Ísland, sem tók af skarið, og það var mjög viturleg og skynsamleg ráðstöfun, og hún var gerð undir forustu dr. Kristins Guðmundssonar, sem þá var utanrrh. Og það má segja það hér, að síðan þetta skeði, nýtur Ísland töluverðs velvilja, jafnvel fram yfir ýmsa aðra innan þessara samtaka. Ég tel, að það hafi verið eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun að taka þetta lán.

Hv. þm. spurði: Hvar er Vestfjarðaáætlunin? Hvar hefur verið gerð grein fyrir þessu? Hvar er áætlunin? Maður hefur nú heyrt þessar spurningar. Ég vil ráðleggja hv. þm. að fara í utanrrn., fá að sjá afrit af bréfum og grg. og áætlunum, sem utanrrn. sendi með umsókn um lán úr Viðreisnarsjóðnum á sínum tíma. Þar liggur málið allt augljóst fyrir. Því miður er ég ekki með hér í höndum handhæg gögn, sem ég gæti afhent hv. þm. þegar í stað, svo sem fréttabréf Viðreisnarsjóðsins, þar sem skýrt er frá þessu öllu í opinberum plöggum. Ég held, að ég þurfi ekki að svara þessari spurningu frekar.

Þegar lánið var tekið á sínum tíma, þá var það skilyrði sett af Viðreisnarsjóðnum, að það yrði ekki einungis um framkvæmdaáætlun að ræða á sviði samgöngumála. Það yrði um alhliða uppbyggingu að ræða. Sjóðurinn vildi lána til þeirrar alhliða uppbyggingar, og það var í samræmi við hans starfshætti. Ég tel mjög miður farið, að þessu var ekki fylgt eftir í tíð fyrrv. ríkisstj., og ég er sammála hv. 1. þm. Vestf., að það varð of mikill dráttur á því að hefja undirbúning að öðrum þáttum Vestfjarðaáætlunarinnar. Ég er sammála um það. En úr því sem komið er, ríður mest á, að við leggjum okkur nú allir fram um að hraða málinu. Og þó að það megi með réttu finna að sumu í liðinni tíð, þá þarf núv. ríkisstj. að láta hendur standa fram úr ermum, ef hún ætlar að fylgja nú fram þessum málum, eins og til var stofnað í upphafi. En við skulum vænta, að svo verði, og ég veit, að við báðir, hv. 1. þm. Vestf. og ég, munum gera allt okkar til þess, að svo geti orðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Raforkumál í Vesturlandskjördæmi.

Á deildafundum 23. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á hagkvæmustu lausn raforkumála í Vesturlandskjördæmi í heild [187. mál] (A. 354).

Á 41. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 354 svo hljóðandi till. til þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta framkvæma sem allra fyrst í samráði við samtök sveitarfélaga á Vesturlandi ítarlega rannsókn á hagkvæmustu lausn raforkumála á Vesturlandi í heild, sem miðast við að tryggja þessum landshluta nægjanlega raforku, þar með talið til atvinnuuppbyggingar, svo sem í iðnaði og til upphitunar húsa.

Verði í þessari rannsókn leitazt við að finna leiðir til lækkunar á verði raforku, svo að það verði sambærilegt við það, sem lægst er á öðrum veitusvæðum í landinu.“

Ein aðalundirstaða framfara í nútímaþjóðfélagi er rafvæðing. Landið okkar er stórt og erfitt land, en meðal mestu kosta þess eru hinir miklu og margvíslegu möguleikar til raforkuframleiðslu. Okkar litla þjóð hefur þegar framkvæmt stórvirki á þessu sviði, og stefna verður markvisst að því, að áður en mörg ár líða ráðum við yfir nægjanlegri ódýrri raforku til alhliða framfara og lífsþæginda, og er rafmagn til húsahitunar þar stórt mál, sem bíður úrlausnar. Raforkumálin, stórvirkjanir og orkufrekur stóriðnaður hafa verið og eru efst á baugi með þjóðinni í dag, enda gera allir sér

grein fyrir því, að hér er um grundvallaratriði að ræða fyrir framtíð þjóðarinnar. Hver landshluti, hvert byggðarlag hefur því eðlilega tekið þessi mál til meðferðar með það fyrir augum að tryggja byggðarlaginu nægjanlega og ódýra raforku. Hins vegar verður það ljósara fyrir mönnum, þegar farið verður að skoða þessi mál vandlega, að athuga þarf þetta mál í stærri einingum í dag en gert var fyrir nokkrum árum. Aðalatriðið er að fá nægjanlega örugga raforku á hagstæðu verði, en ekki, hvar virkjun er staðsett.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi tóku þessi mál til meðferðar á ársfundi sínum 1971. Eru sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi sammála um nauðsyn þess, að fram fari ítarleg rannsókn á hagkvæmustu lausn raforkumála Vesturlands í heild, í fyrsta lagi til að tryggja öllum íbúum Vesturlands næga raforku, þar með talið til upphitunar húsa, og til atvinnuuppbyggingar, þar með talið til ýmissa iðngreina. Í öðru lagi, að þessi rannsókn beinist ekki síður að því, að raforkuverð í þessum landshluta verði sambærilegt við það, sem lægst er á öðrum veitusvæðum í landinu. Á þetta atriði verður að leggja sérstaka áherzlu. Það verður að teljast í alla staði réttlætismál, að rafmagnsverð verði það sama um land allt. Treysti ég því, að orkumálaráðherra og ríkisstj. í heild beiti sér fyrir lausn þessa réttlætismáls. En eins og flestum er kunnugt, er verð á raforku mjög mishátt í landinu. Hæst er verðið hjá Rafmagnsveitum ríkisins, sem er samkv. gjaldskrá 1. nóv. 1971 til heimilisnota, til lýsingar, 2.85 kr. á kwst. auk fastagjalds. Hjá ýmsum öðrum rafveitum er sambærilegt verð á sama tíma frá 1.70 til 2.00 kr. á kwst. Sést á þessu, að hér er um stórt mál að ræða.

Þörfin fyrir samræmdar aðgerðir til að tryggja raforkuþörf Vesturlands er aðkallandi. Orkuþörf á þessu landssvæði er mikil og fer vaxandi. Þótt fólksfjölgun á Vesturlandi hafi ekki verið ör hin síðari ár, hefur atvinnuuppbygging verið mikil. Er óhætt að fullyrða, að skilyrði til búsetu og fólksfjölgunar á Vesturlandi séu að mörgu leyti betri en í mörgum öðrum landshlutum. Þéttbýliskjarnar eru margir og vaxandi. Akranes hefur öll skilyrði til að eflast sem iðnaðarbær. Þar er Sementsverksmiðja ríkisins og vísir að öðrum fjölbreyttum iðnaði, sem brýn þörf er á að efla. Þar stendur fiskiðnaður traustum fótum, og kemur þar til greina niðursuðuiðnaður í stórum stíl. Akranes á að geta tekið við stærra þjónustuhlutverki fyrir Vesturland en nú er með bættu samgöngukerfi, ekki sízt á sviði skólamála og heilbrigðismála. Stóriðja við Hvalfjörð Vesturlandsmegin er mál, sem þarf að athuga vandlega. Borgarnes er vaxandi þjónustumiðstöð í verzlun og samgöngum. Liggja þræðir verzlunarinnar gegnum Borgarnes, um Borgarfjarðarhérað, Mýrar og vestur á Snæfellsnes. Á þessu svæði eru ein beztu landbúnaðarhéruð með margvíslegum búgreinum.

Á norðanverðu Snæfellsnesi eru fjórir útgerðarbæir, sem allir hafa lífvænlega aðstöðu. Útgerð og fiskiðnaður eru aðalatvinnugreinar á þessu svæði, og er framtíðarverkefnið að efla þessar atvinnugreinar sem mest á svæðinu á margvíslegan hátt. Kemur þar til greina niðursuðuiðnaður ásamt öðrum léttum iðngreinum. Í Búðardal er þegar risinn byggðarkjarni í Dalasýslu og er í örum vexti. Þar eru þjónustugreinar í verzlun og samgöngum og vísir að iðnaði.

Þetta stutta yfirlit sýnir ljóslega þörfina á öryggi í raforkumálum á þessu svæði. Raforku er nú dreift um Vesturlandskjördæmi af Rafmagnsveitum ríkisins og Andakílsárvirkjun, sem er héraðsveita. Sölusvæði hennar er Akranes, Borgarnes og Hvanneyri. Auk þess fær Andakílsárvirkjun um streng yfir Hvalfjörð rafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins, sem er að mestu selt til Sementsverksmiðju ríkisins gegnum Rafveitu Akraness. En Rafveitur ríkisins fá aftur rafmagn frá Andakílsárvirkjun til dreifingar í sveitum á sama svæði.

Andakílsárvirkjun hefur haft stórkostlega þýðingu fyrir íbúa svæðisins, sem ávallt hafa fengið raforku á mjög hagstæðu verði. Þessi virkjun er nú allt of lítil og stækkunarmöguleikar takmarkaðir. Virkjunin keypti rafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins gegnum Hvalfjarðarstreng á árinu 1970, 11.1 millj. kwst., en orkusala virkjunarinnar árið 1970 var 34.9 millj. kwst. Notkun Sementsverksmiðjunnar einnar 1970 var 10.3 millj. kwst. og s. l. ár, 1971, 12.2 millj. kwst. Láta mun því nærri, að Andakílsárvirkjun kaupi af Rafmagnsveitum ríkisins ⅓—¼ hluta raforku gegnum strenginn yfir Hvalfjörð, en verð þessa rafmagns er óhagstætt miðað við framleiðsluverð virkjunarinnar sjálfrar, og er sterkur áhugi fyrir því í héraði að fá keyptan þennan Hvalfjarðarstreng og möguleikanum á að kaupa raforku í heildsölu við stöðvarvegg í Elliðaárstöð. Telur virkjunarstjórn sig hafa haft loforð fyrir kaupum á þessum streng fyrir ca. 19 millj. kr. með greiðslu á 15 árum með 8% vöxtum. Þetta mál þarf að skoða nánar.

Á öllu vestursvæði kjördæmisins, þ. e. Snæfellsnes- og Dalasýslu, er aðeins ein vatnsaflsstöð, Rjúkandavirkjun í Fossá við Ólafsvík, sem er aðeins 840 kw. Hins vegar eru þrjár dísilstöðvar á svæðinu, samtals 2470 kw, í Ólafsvík 1200 kw, í Stykkishólmi 690 kw og í Búðardal 495 kw. Orkuframleiðslan á þessu svæði 1971 var samtals 12.5 millj. kwst., þar af 5.2 millj. kwst. frá dísilstöðvunum. Er mikill raforkuskortur á þessu svæði. Auk þess vantar enn rafmagn frá samveitu til um 140 sveitarbýla á Vesturlandi. Þar af eru 35 býli algerlega án rafmagns.

Það er augljóst mál, að ekki getur verið hagkvæmt né lausn til frambúðar að framleiða rafmagn með rekstri dísilstöðva. Er það og ein veigamikil ástæða hins háa raforkuverðs, sem er það hæsta á landinu, eins og áður getur.

Af framansögðu má ljóst vera, að brýn þörf er á því að finna hagkvæma lausn í raforkumálum Vesturlands. Margar hugmyndir og ráðagerðir eru uppi um þessi mál, eins og hér hafa þegar komið fram, t. d. virkjun við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði, sem gæti orðið 10—12 megawött að stærð. Hefur farið fram nokkur athugun á þeim virkjunarmöguleikum. Liggur fyrir áætlun um ca. 160—170 millj. kr. virkjun. Sú virkjun gæti verið rekin í nánum tengslum við Andakílsárvirkjun með fjarstýringu og er af mörgum talin hagstæð virkjun.

Þá hafa menn talað um virkjun við Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi, sbr. þáltill. 4. þm. Vesturl. á þskj. 341, sem hér hefur verið höfð framsaga um. Frumathugun á þessari virkjunarhugmynd hefur farið fram, án þess þó að upplýst sé um niðurstöður hennar. Nú þegar hafa komið fram hörð mótmæli gegn þessari virkjunarhugmynd frá aðalfundi Veiðifélags Straumfjarðarár, en Straumfjarðará á Snæfellsnesi er mjög góð

laxveiðiá. Hafa bændur 12 lögbýla, sem land eiga að ánni, haft allgóðar tekjur af leigu árinnar. Straumfjarðará hefur vatnsmagn sitt að mestu úr Hraunsfjarðar- og Baulárvallavötnum. Ekkert afrennsli svo að afgerandi sé er úr nefndum vötnum annað en í Straumfjarðará, sem rennur til suðurs. En ef virkjun við Hraunsfjarðarvatn á að verða möguleg, þarf að veita þessum vötnum norður af fjallgarðinum. Er þá nokkuð ljóst, að þá er Straumfjarðará úr sögunni sem laxveiðiá. Hér þarf að veita þessu atriði mjög mikinn gaum.

Þá kemur sterklega til greina sem lausn þessara mála samtenging alls orkusvæðisins, þ. e. Vesturlands, með línu frá Landsvirkjun.

Eins og ég hef rakið hér að framan og fram kemur í þáltill., þ. e. grg., eru raforkumál Vesturlands hin mikilvægustu mál fyrir íbúa og framtíð Vesturlands. Þar bíða mörg óleyst verkefni, sem nauðsyn ber til að leysa á sem hagstæðastan hátt fyrir kjördæmið í heild með það fyrir augum að tryggja nægjanlega raforku á hagstæðu verði.

Herra forseti. Ég taldi nauðsyn á að leiða þetta mál hér inn á hv. Alþ. með það fyrir augum, að unnið verði að málinu með heildarlausn þessa mikilvæga máls fyrir Vesturland í heild í huga. Ég treysti því, að málið fái framgang á yfirstandandi þingi. Ég legg til, að umr. verði frestað og þáltill. verði send til allshn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég leyfi mér að taka fyllilega undir þá till., sem hv. 1. þm. Vesturl. ræddi hér um. Ég álít hana hina merkustu og ágæta í alla staði. Einnig vil ég þakka hæstv. orkumálaráðherra upplýsingar frá hans hendi í þessu máli. Að gefnu tilefni vil ég þó leyfa mér að skýra viss atriði þessa máls í örfáum orðum.

Þessir hv. ræðumenn viku báðir að því, að þegar hefðu komið fram hörð mótmæli gegn hugmyndinni um að athuga aðstæður til virkjunar við Hraunsfjarðarvatn, og vitnuðu þar í fundarsamþykkt Veiðifélags Straumfjarðarár frá 27. f. m. Ég skal taka það strax fram, að það er ekki neitt aðalatriði af minni hálfu að virkja á þessum stað. Hins vegar vil ég láta ganga sem fyrst úr skugga um, hvort þar séu öll skilyrði fyrir hendi, bæði hvað snertir veiðiréttareigendur og annað. En hvað fundarsamþykktina snertir, þá er náttúrlega ekkert við hana að athuga. Þeir, sem undir hana rita, skýra mál sitt mjög greinilega og leggja spilin á borðið. En í grg. þeirri, sem fylgdi minni till., tek ég upp samþykkt, sem gerð var á aðalfundi sýslunefndar Snæfellinga s. l. ár. Þar er einmitt vikið að því, að þetta sama mál hafi verið til umr. á sýslufundum Snæfellinga a. m. k. 2—3 s. l. ár. Það er sannast mála, að þar hefur verið um þessi mál fjallað í raforkunefnd. Formaður þeirrar nefndar er einmitt sýslunefndarmaður Miklhreppinga, en þeir, sem hér eiga hlut að máli, eru ábúendur 12 lögbýla við Straumfjarðará í Miklaholtshreppi. Menn geta því skilið, að mér er nokkur vorkunn að hreyfa þessu máli hér á hv. Alþ., þar sem þessi mæti maður hefur orðað þessa till. og barizt fyrir henni á sýslufundum undanfarin ár.

Hitt er annað mál, að hér virðist liggja fyrir hrein afstaða veiðieigenda við Straumfjarðará, eins og hæstv. ráðh. gat um, og það þykir mér ágætt, því að þessi till. var ekki sízt flutt til þess að fá alveg úr skorið um afstöðu heimamanna í þessu efni. Hitt er svo rétt, að ég tek fyllilega undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að aðalatriðið fyrir okkur, sem búum á þessum slóðum, er vissulega það, að Vesturland hafi aðgang að nægri og ódýrri orku á komandi árum. Hitt skiptir minna máli, hvar virkjað verður.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

24. Fasteignaskráning og fasteignamat.

Á deildafundum 23. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fasteignaskráningu og fasteignamat [188. mál] (A. 355).

Á 41. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44., 50. og 54. fundi í Sþ., 2. og 17. marz, 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 355 um fasteignaskráningu og fasteignamat, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja nú þegar fram á Alþ. frv. til l. um fasteignaskráningu og fasteignamat, sem tryggi áframhaldandi starfsemi á sama grundvelli og lagður var við gerð aðalmats fasteigna 1970."

Eins og fram kemur í till., þá er lagt til, að ríkisstj. verði falið að leggja nú þegar fram á Alþ. frv. til l. um þetta efni, en satt að segja virðist það harla broslegt að vera að tala um að fela ríkisstj. ákveðin verk nú þegar, þegar slíkar till. hafa nú legið fyrir þinginu í nær 2½ mánuð, og verð ég að viðurkenna, að það eru mér mikil vonbrigði, að þessi till. hefur ekki fengizt rædd fyrr og ekki hafi verið gripið til einhverra ráðstafana, því að vissulega er fullt tilefni til.

Samkvæmt núgildandi lögum um fasteignamat, sem eru nr. 28 frá 1963, skal fara fram aðalmat á fasteignum 15. hvert ár, og samkv. þessum lögum lauk síðasta aðalmati á miðju ári 1970. Það hófst strax upp úr gildistöku þessara laga, og munu ýmsar matsnefndir þegar hafa hafið störf á því ári og sumar þeirra reyndar

lokið vissum matsstörfum fyrir árslok 1965. Öllum störfum aðalmatsins eða matsnefnda, sem framkvæmdu þetta aðalmat, lauk, eins og fyrr segir, á miðju ári 1970, og þetta aðalmat tók gildi nú í árslok 1971.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þá augljósu staðreynd, að eignir, sem metnar voru fyrir 7—8 árum a. m. k., hafa af ýmsum ástæðum breytzt í verði, bæði vegna verðlags og eins hins, að sumar þessara fasteigna voru ekki að fullu byggðar og aðrar hafa síðan verið endurnýjaðar eða bætt við þær að kostum og gæðum, þannig að það mat, sem fram fór á þessum tíma, er að mörgu leyti orðið úrelt í dag. Eftir að aðalmatinu lauk á miðju ári 1970, þá hafa að sjálfsögðu mjög margar byggingar risið, og skipta þær ekki aðeins hundruðum heldur þúsundum um allt land. Þessar fasteignir hafa ekki verið metnar á sama grundvelli og aðalmatið, en samkv. lögum er gert ráð fyrir því, að fram fari millimat, sem framkvæmt er af sérstökum matsnefndum, svokölluðum úttektarmönnum, en það millimat er framkvæmt á allt öðrum grundvelli, á öðrum forsendum en aðalmatið. Af þessum ástæðum hefur þegar gætt mikils misræmis milli mats, sem framkvæmt er samkv. aðalmati, og mats, sem framkvæmt er samkv. millimati. Þetta misræmi verður enn áþreifanlegra, þegar nú er gert ráð fyrir því, að fasteignamat sé lagt til grundvallar stórhækkuðum fasteignasköttum og þeir gerðir að mjög verulegum tekjustofnum hjá sveitarfélögum. Nú þegar á þetta reynir í fyrsta skipti, gjalddagi er ákveðinn 15. maí af fasteignasköttum á þessu ári, þá mun koma í ljós, ef ekkert verður að gert, mjög stórfellt misræmi á milli, ekki aðeins matsins, heldur líka þeirra skatta, sem lagðir eru á í samræmi við nefnd möt.

Mér er tjáð, að í Reykjavík einni séu frá því að aðalmati lauk á miðju ári 1970 a. m. k. á annað þúsund íbúðir, sem byggðar hafa verið og eru annaðhvort ekki metnar eða metnar samkv. millimati, þ. e. annars konar mati en allur meginþorri fasteigna eða íbúða hér í Reykjavík sem annars staðar. Það er engum vafa undirorpið, að ef þetta viðgengst, þá mun þetta misræmi koma í ljós og mjög ganga á þá réttarvitund, sem allur almenningur hefur hvað snertir slíkar opinberar framkvæmdir og eins hvað snertir álagningu skatta.

Af þessari ástæðu einni er augljóst mál, hversu þýðingarmikið er, að gripið sé föstum tökum fasteignamat og fasteignaskráning og það sett og gert á þann veg, að allir geti við unað, hvort sem okkur líkar við matið og hvort sem okkur líkar við skattana, þegar þeir eru á lagðir.

Í umr., sem fram fóru hér um skattafrv. fyrr í vetur, voru bornar fram ýmsar fsp. til ráðherra um framkvæmd þessara mála og spurzt fyrir um, hvernig ríkisstj. hygðist haga þessu, hvort hún hygðist ekki kippa þessum hlutum í lag og hvernig yfirleitt hún hygðist framkvæma álagninguna og afla þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar voru til þess, að álagning gæti farið fram. Við þessum fsp. bárust engin svör, og var helzt að heyra, að viðkomandi ráðh. væri lítið sem ekkert inni í þessu máli og gerði sér ekki ljóst það vandamál, sem við blasti.

Í dag er kominn 11. apríl. Eftir rétt rúman mánuð er gjalddagi fasteignaskatta, 15. maí, og eftir því sem fróðir menn telja og fyrir liggur, þá virðist næstum því útilokað, að sveitarfélög geti fengið upplýsingar frá fasteignamatsnefndum, svo að fullnægjandi sé og hægt sé að vinna úr þessum upplýsingum á þann veg, að hægt sé að leggja á skatta samkv. þeim. Má þar nefna t. d. þá samþykkt, sem gerð var með skattafrv., þar sem misjöfn álagning var gerð eða sett annars vegar á húsnæði undir atvinnu og hins vegar húsnæði fyrir íbúðir. Nú er það svo, að mjög margar eignir eru bæði notaðar til íbúðar og til atvinnurekstrar, og þarna þarf mikla útreikninga og uppskiptingu, bæði á húsunum sjálfum og lóðunum, og liggur fyrir, að það starfslið, þeir kraftar, sem fasteignamatsnefndir hafa yfir að ráða í dag, geta alls ekki sinnt þessu. Enn fremur þarf varla að taka fram, að lögin frá 1963 gera alls ekki ráð fyrir ýmsum þeim verkefnum, sem fyrir liggja samkv. nýjum frv. og samkv. þeim aðgerðum, sem nú eru fyrirhugaðar. Það væri því ástæða til þess að spyrja um það einu sinni enn, hvernig ríkisstj. hygðist framkvæma þessa hluti, og harma ég það í því sambandi, að ekki skuli sjást hér hæstv. ráðh. við þessa umr., og er ekki að sjá, að neinn þeirra sjái ástæðu til að hlýða á þessar umr. hér inni í þingsalnum, og er það kannske glöggt dæmi um þá virðingu, sem þeir sýna þeim málum, sem hv. þm. leggja hér fram og gera grein fyrir á þingi. (Gripið fram í.) Já, ég gat þess, að menn væru ekki í þingsal, en það er gott, að einhver hlustar þá úr fjarlægð. Enn fremur verður að gera ráð fyrir því, að þegar um fasteignaskráningu og fasteignamat er að ræða, þá þurfi slík stofnun sem hér er gerð till. um, fasteignamatsstofnun, að sinna ýmsum fleiri verkefnum, sem snerta fasteignamatið, en þeim, er varða skattlagninguna eingöngu. Það var í rauninni ein af grundvallarforsendum hins nýja fasteignamats, og var hin fjölþætta gagnasöfnun og vélræna úrvinnsla matsins í rauninni miðuð við það.

Það er deginum ljósara, að ef störfum Fasteignamats ríkisins verður ekki breytt til samræmis við þann starfsgrundvöll, sem lagður var við gerð aðalmatsins og hér hefur verið lýst, þá mun þessi mjög mikilvægi möguleiki glatast. Núgildandi lög skilgreina ekki ofannefnd verkefni né heldur önnur þau, sem upp kunna að koma og gera verður ráð fyrir, að falli í verkahring fasteignamats. Eins og fyrr segir, þá eru þessi lög sett fyrir tæpum áratug, og fasteignaskráning og fasteignamat hefur tekið miklum breytingum á þeim tíma, jafnframt því sem aukin tækni og vélakostur býður upp á aðra og fjölþættari úrvinnslu. Þetta hefur mönnum reyndar verið ljóst, enda hafa nefndir á vegum hæstv. rn. starfað að samningu frv., og mér er kunnugt um, að fyrir liggja drög að frv. til l. um fasteignamat og fasteignaskráningu, og verð ég reyndar með tilliti til allra aðstæðna að lýsa undrun minni á því, að ekki skuli hafa verið gerð gangskör að því að leggja þetta frv. fram á þessu þingi, og virðast ekki vera nein merki þess, að það sé í vændum.

Nú hefur þessi till. mín legið hér fyrir þinginu, eins og fyrr segir, í 2½ mánuð, og það var gerð till. um, að þetta frv. yrði lagt fram nú þegar, en ekki bólar á neinu frv. Þess vegna er með tilliti til þessara aðstæðna, sem ég hef getið um, þeirra knýjandi aðstæðna, sem álagning fasteignaskatta gefur tilefni til, svo og hinna margvíslegu annarra hlutverka slíkrar stofnunar full þörf og full ástæða til þess að knýja enn á um, að slíkt frv. verði lagt fram sem allra fyrst, svo að eðlilegt framhald og

full úrvinnsla eigi sér stað á því aðalmati, sem lauk á árinu 1970 og tók gildi 31. des. s. l.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Menntun heilbrigðisstarfsfólks.

Á 41. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um menntun heilbrigðisstarfsfólks [189. mál] (A. 359).

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44., 50. og 54. fundi í Sþ., 2. og 17. marz, 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 359 till. til þál., sem er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að unnt verði að mennta hérlendis ýmsa starfshópa heilbrigðisþjónustunnar, er nú verða að sækja nám sitt til útlanda. Um er að ræða ýmsa hópa heilbrigðistækna, svo og sjúkra- og iðjuþjálfara, félagsráðgjafa og sálfræðinga. Enn fremur að auka og bæta aðstöðu til kennslu hjúkrunarfólks."

Ég lít svo á, að okkar ágætu heilbrigðisstofnanir nýtist oft ekki til fulls vegna skorts á sérhæfðu starfsfólki. Þetta kom m. a. greinilega í ljós fyrir um það bil tveim árum, þegar heilbrigðisstjórnin hugðist leigja hótel til dvalar fyrir langlegusjúklinga, svo að sjúkrahúsin gætu stytt biðlista sína, en eftir að ráðamenn sjúkrahúsanna höfðu rætt allar hliðar þessara mála, þá varð það niðurstaðan, að slík ráðstöfun mundi ekki koma að haldi, vegna þess að sjúkrahúsin gætu ekki annað örari umsetningu nema þau fengju aukið starfslið af sérhæfðu fólki og slíkt væri ekki til.

E. t. v. er tilfinnanlegastur skorturinn á hjúkrunarkonum, bæði hjúkrunarkonum með almenna menntun og þá ekki síður hjúkrunarkonum sérmenntuðum. Af sérmenntuðum hjúkrunarkonum, sem skortir, mætti m. a. nefna sérmenntun í stjórnun, í hjúkrunarkennslu, í svæfingum, en sérmenntun í þessum greinum er tveggja ára nám. Þá þörfnumst við einnig sérmenntunar í eitt ár fyrir t. d. heilsuverndarhjúkrunarkonur, fyrir geðhjúkrun, fyrir barnahjúkrun, fyrir skurðstofuhjúkrun, fyrir röntgenhjúkrun o. s. frv. Þarna er því mikil nauðsyn á að skapa möguleika til framhaldsnáms fyrir hjúkrunarkonur. Ekki vil ég leyna því, að upphafið er þegar orðið til hér, en okkur vantar þessa aðstöðu í miklu ríkari mæli en nú er.

Varðandi almenna menntun hjúkrunarkvenna koma tvær leiðir til greina. Í fyrsta lagi stækkun þess skóla, sem fyrir er, Hjúkrunarskóla Íslands, og í öðru lagi stofnun nýs hjúkrunarskóla. Stækkun skólans, sem fyrir er, hefur verið margrædd og mikið ritað um þetta mál, en það gengur ekki né rekur, og er ekki séð, að það muni á næstunni bera neinn árangur. Aftur á móti hefur Reykjavíkurborg á undanförnum árum haft til athugunar að stofna sérstakan skóla í sambandi við Borgarspítalann, og er mér nú tjáð, að það mál sé komið mjög langt á veg, þannig að Borgarspítalinn sé í raun og veru reiðubúinn, þegar tilskilin leyfi fást, til þess að stofna hjá sér nýjan hjúkrunarskóla, og vonast ég til, að því máli verði sinnt þannig, að eitthvað rætist úr þeim bráða skorti, sem við eigum við að búa í þessum efnum.

En það eru ótal fleiri starfshópar, sem um er að ræða. Sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfarar eru starfshópar, sem eru nú starfandi við flestar heilbrigðisstofnanir. Það sjúkrahús er ekki reist, varla elliheimili, sem ekki þarf á starfskröftum sjúkraþjálfara að halda, og í a. m. k. tvö ár hefur verið í undirbúningi hér á landi að skapa möguleika til kennslu sjúkraþjálfa og iðjuþjálfa. En það gengur ekki né rekur með þetta heldur, og er mér þó tjáð, að Háskóli Íslands hafi tekið til alvarlegrar yfirvegunar að stofna deild, þar sem þessu fólki væri gefinn möguleiki til náms, og er ekki vafi á því, að það er eina leiðin til þess að bæta úr þeim skorti, sem hér er nú. Við þurfum a. m. k. á 100 sjúkraþjálfurum að halda í þessu landi innan skamms, en höfum ráð á aðeins 20—30. Eins og ég sagði áðan, fer þörfin fyrir þetta fólk ört vaxandi með aukinni endurhæfingu, og sama er reyndar að segja um ýmsa aðra sérmenntaða hópa innan endurhæfingarinnar, að skortur á þessu fólki háir öllum störfum á þessu sviði.

Félagsráðgjafar og sálfræðingar eru enn fremur hópar, sem við þörfnumst mjög. Allir okkar félagsráðgjafar og sálfræðingar eru menntaðir erlendis, og það er erfitt að ímynda sér, að þjóð, sem getur menntað og sérmenntað sína lækna, lögfræðinga og presta, geti ekki einnig menntað þessa starfshópa, sem ég er hér að ræða um. Þá þarf einnig að taka það til greina, að fjöldi af ungu fólki hefur hug á að komast í þetta nám. Það er svo, að við sumar verknámsdeildirnar, þar sem hjúkrunarsviðið er kjörsvið, er fjöldi af ungum stúlkum, sem hafa tekið þetta kjörsvið, en fá svo ekki aðstöðu til framhaldsmenntunar einmitt á sínu sviði, og þetta er okkur mjög til baga.

Ýmsa hópa heilbrigðistækna, sem mjög fer í vöxt að

nota innan heilbrigðisþjónustunnar, er ýmist byrjað að mennta hjá okkur með mjög góðum árangri, eða þá að nauðsyn er að gera slíkt hið allra bráðasta.

Eins og ég gat um áðan, þá verða okkar stofnanir ekki fullnýttar nema stóraukin menntun heilbrigðisstarfsfólks komi til. Varðandi sjúkra- og iðjuþjálfara, þá vil ég geta þess, að eins og ástandið er í dag, þá skortir okkur ekki húsnæði eða tæki til þess að þjálfa fólkið, en okkur skortir aðeins hið sérmenntaða starfsfólk. Það er mín skoðun, að Háskóli Íslands og Tækniskólinn í samvinnu við viðkomandi heilbrigðisstofnanir ættu að geta leyst þessa kennslu af hendi og þannig leyst mikinn vanda innan heilbrigðisþjónustunnar og gefið okkar unga fólki kost á auknu vali. Tillaga þessi er því ósk um, að ríkisstj. hraði athugun og rannsóknum í þessu nauðsynjamáli.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í þessari till. er skorað á ríkisstj. eða henni er falið réttara sagt að gera ráðstafanir til þess, að unnt verði að mennta hérlendis ýmsa starfshópa heilbrigðisþjónustunnar, sem nú verða að sækja nám sitt til útlanda. Það eru svo nefndir heilbrigðistæknar svo og sjúkra- og iðjuþjálfar, félagsráðgjafar og sálfræðingar, og enn fremur er ríkisstj. falið að auka og bæta aðstöðu til kennslu hjúkrunarfólks. Í tilefni af þessari till. þykir mér rétt að gera dálitla grein fyrir því, hvernig þessum málum er nú háttað hér á landi, ekki síst vegna þess, að hv. flm. virtist ekki vera fullkomlega ljóst, hvernig þessum málum er nú háttað. Þetta heyrir eðli sínu samkvæmt bæði undir menntmrn. og heilbrmrn., en ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir því, hvernig þessum málum er háttað í heild án tillits til þess, undir hvort rn. það heyrir.

Eins og hv. flm. tók fram, þá er mikill skortur hér á hjúkrunarfólki. Samt hefur verið starfandi hér Hjúkrunarskóli Íslands um 40 ára skeið, og hefur hann alls brautskráð næstum því 1000 hjúkrunarkonur. Hann tekur á móti nemendum tvisvar á ári, og þar hafa verið 33—45 nemendur hverju sinni. Aðsókn að skólanum er mikil og fer stöðugt vaxandi. Námstími er þarna þrjú ár, en inntökuskilyrði er gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla.

Í reglugerð um framhaldsdeildir gagnfræðaskóla er gert ráð fyrir hjúkrunarkjörsviði, og hafa nokkrir skólar haft það svið undanfarin ár. Nemendur með próf frá hjúkrunarkjörsviði hafa forgangsrétt til inngöngu í Hjúkrunarskóla Íslands umfram umsækjendur með annað jafnlangt undirbúningsnám.

En þessi skóli annar engan veginn að útskrifa það hjúkrunarlið, sem við þurfum á að halda, og þess vegna hefur, eins og hv. flm. gat um, verið um það rætt að undanförnu, hvort ekki væri tímabært, að stofnaður yrði annar skóli við Borgarspítalann. Að því máli hefur að undanförnu unnið fimm manna nefnd, tveir frá menntmrn., tveir frá Reykjavíkurborg og einn frá heilbrmrn., og ég vil lýsa því hér sem minni skoðun, að ég tel það bæði sjálfsagt og óhjákvæmilegt, að slíkur skóli verði stofnaður, og af hálfu heilbrmrn. hefur verið lögð á það mikil áherzla, að þetta mál næði fram að ganga, og við teljum okkur meira að segja hafa gengið úr skugga um, að þar væri unnt að fá mjög hæfa forstöðukonu.

Einnig hefur verið unnið að því á vegum heilbrmrn. að skipuleggja framhaldsmenntun ljósmæðra, þannig að þær gætu bætt við þekkingu sína og náð fullum réttindum sem hjúkrunarkonur. Að því máli hefur einnig verið unnið ötullega að undanförnu, og er raunar verið að ganga frá því þessa dagana. Ég geri mér vonir um, að þetta starf geti hafizt nú á þessu hausti, og á fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu í þessu skyni, þannig að þarna á að geta orðið allveruleg viðbót.

Hv. flm. minntist einnig á framhaldsmenntun hjúkrunarkvenna. Það var skipuð nefnd af menntmrn. í byrjun nóv. 1970 til að kanna möguleika á hjúkrunarnámi á háskólastigi, og sú nefnd skilaði áliti sínu á s. l. hausti. Hún hvatti eindregið til þess, að skipulagt yrði háskólanám í hjúkrun og að sérstakri starfsnefnd yrði falinn undirbúningur þess máls, og ég tel, að á þessu sé mjög mikil nauðsyn.

Önnur mikilvæg stétt heilbrigðisstarfsfólks eru sjúkraliðar. Hinn 29. des. s. l. undirritaði ég nýja reglugerð um nám og störf sjúkraliða, en slík reglugerð hafði ekki verið til fram að þeim tíma. Samt hafði nám sjúkraliða farið fram frá árinu 1966, en þá brautskráðust fyrstu sjúkraliðarnir frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Síðan hafa sex sjúkrahús fengið leyfi til að halda námskeið í sjúkrahjálp. Þau hafa flest haldið námskeið einu sinni á ári og hafa brautskráð 359 sjúkraliða alls. Með hinni nýju reglugerð, sem ég minntist á áðan, er nám sjúkraliða lengt úr átta mánaða námskeiði í eins árs skóla og bóknámið er bætt allverulega.

Annar mikilvægur hópur heilbrigðisstarfsfólks eru þroskaþjálfar. Frá haustinu 1958 hefur verið rekinn skóli fyrir gæzlusystur við fávitahælið í Kópavogi, og hefur sá skóli brautskráð 52 gæzlusystur. Hinn 28. okt. í fyrra undirritaði ég reglugerð fyrir þennan skóla, en þar var kveðið á um stjórn hans, námstíma, námsefni, prófkröfur og aðra starfsemi. Samkv. ósk félags gæzlusystra var breytt um starfsheiti þeirra og valið starfsheitið þroskaþjálfi. Námstími skólans er samkv. hinni nýju reglugerð 2½ ár, en var áður tvö ár, og alls skulu kenndar 910 stundir. Bóknám fer nú fram í námskeiðum og er bætt allverulega. Verknám fer fram á aðalfávitahæli ríkisins og öðrum skyldum stofnunum og eftir því, sem um verður samið af skólastjóra. Kostnaður við rekstur þessa skóla er greiddur úr ríkissjóði annar en laun nemenda í verknámi, þau greiðir viðkomandi stofnun.

Þá er hafin hér á Íslandi kennsla fyrir meinatækna. Fyrstu meinatæknarnir brautskráðust frá Tækniskóla Íslands árið 1968, alls 15 að tölu. Síðan hefur skólinn brautskráð 11—16 nemendur á ári, en þar eru nú 37 nemendur, þar af 24 innritaðir á s. l. hausti. Námstíminn er tvö ár. Bóknám fer fram í Tækniskólanum, en verknám í rannsóknastofum Landsspítalans, Borgarspítalans og Rannsóknastofu Háskólans. Inntökuskilyrði til þessa náms er stúdentspróf. Mestur hluti af kostnaði við skólann er greiddur af sérstakri fjárveitingu til Tækniskólans, og ríkisspítalarnir og Reykjavíkurborg hafa lagt fram nokkurt fé árlega til reksturs skólans. Nemendur taka ekki laun fyrra árið, en síðara árið, þegar þeir eru einkum við verknám, fá þeir 60% af launum meinatækna. Um þetta nám hefur enn ekki verið gengið

frá reglugerð, en að henni er nú unnið á vegum heilbrmrn.

Hinn 28. okt. í fyrra undirritaði ég nýja reglugerð fyrir röntgentæknaskóla, en þar er einnig um mikilvægan hóp að ræða, og í þessari nýju reglugerð er m. a. kveðið á um, að sjúkrahús með sérstakar röntgengreiningardeildir og a. m. k. 15 000 rannsóknir á ári megi starfrækja röntgentæknaskóla. Sjúkrahúsum þessum er heimilt að starfrækja sameiginlegan skóla. Borgarspítalinn og Landsspítalinn komu sér saman um að reka sameiginlegan röntgentæknaskóla, og tók hann til starfa 15. febr. s. l. Nemendur eru 12, og er það að sjálfsögðu allt of lítið, en inntökuskilyrði þarna er gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla, og námstími er 2½ ár. Námið er bæði bóklegt og verklegt, og fer verknámið fram á röntgendeildum fyrrnefndra sjúkrahúsa. Kostnaður við þetta nám er þannig, að laun kennara og kostnaður vegna prófa greiðist úr ríkissjóði, en námslaun nemenda og kennsluefni greiða viðkomandi sjúkrahús. Nemendur taka ekki laun fyrstu 6 mánuðina, en fá síðan 50% næstu 12 mánuði, og síðustu 12 mánuðina fá þeir 75% af launum röntgentækna. Örfáir röntgentæknar eru starfandi í landinu og þurfa að vera miklu fleiri, en hjúkrunarkonur hafa tekið röntgentækni sem sérnám, og þó nokkrar röntgenhjúkrunarkonur eru í starfi.

Hv. flm. gat þess í máli sínu hér áðan, að ekki væri hægt að læra sálfræði á Íslandi. Þetta er ekki rétt. Kennsla í sálfræði til B.A.-prófs hófst við heimspekideild Háskólans haustið 1971. Þar er mest stefnt að þriggja ára námi, þ. e. þremur B.A.-stigum. Jafnframt taki stúdent þrjú stig í einni eða tveimur öðrum greinum innan eða utan heimspekideildar og ljúki þannig B.A.-prófi eða sex stigum á þremur árum. Þetta nám telst fyrri hluti sálfræðináms þeirra, sem ætla að teljast fagsálfræðingar. Er gert ráð fyrir, að stúdentar ljúki sálfræðinámi erlendis á 2—3 árum, og hefur verið haft samband við nokkra háskóla í nærliggjandi löndum m. a. til þess að haga B.A.-kröfum hér á þann veg, að erlendir skólar taki við stúdentum héðan til framhaldsnáms. Í þessu sambandi má geta þess, að það er gert ráð fyrir því, að stúdentar í félagsfræði geti sótt þá kennslu, sem þeir þurfa á að halda í sálarfræði til B.A.-námsins, í heimspekideild. Það hefur verið rætt um það og undirbúið, að félagsráðgjafanám verði tekið upp við Háskóla Íslands og þá muni nemendur í þeirri grein sömuleiðis geta sótt sálfræðikennslu til heimspekideildar.

Eins og hv. flm. tók fram, þá er ekki enn hægt að nema sjúkraþjálfun hérlendis, og hefur þar því miður verið allt of lítið frumkvæði á undanförnum árum. Hér er ákaflega mikil þörf fyrir sjúkraþjálfa m. a. á þeim stofnunum, sem hv. flm. er tengdur. Þetta nám er víða erlendis þrjú ár. Á s. l. sumri leitaði landlæknir til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar varðandi nám sjúkraþjálfa, og er von á fulltrúa frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni hingað til lands í maí í vor til þess að ráðleggja, hvernig hægt er að taka upp þess háttar nám hér á Íslandi.

Þetta er í meginatriðum frásögn af því, hvernig háttað er menntun heilbrigðisstarfsfólks hér á landi. Ég er engan veginn að beiðast undan því, að Alþ. hvetji ríkisstj. til aukinnar athafnasemi á þessu sviði, síður en svo. Mér er fullkomlega ljóst, að þarna þarf að auka framkvæmdir til mikilla muna, en á hitt vil ég einnig leggja áherzlu, að þarna hefur sannarlega ekki verið um neina stöðnun að ræða að undanförnu, heldur hefur verið unnið mjög kappsamlega að þessum málum á vegum heilbr.- og trmrn., og það verður haldið áfram að gera það og stefna að því marki, að hér á landi verði hægt að mennta sem allra stærstan hóp heilbrigðisstarfsfólks, þannig að hjúkrunarstofnanir hér geti haft nægu starfsliði á að skipa.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Það var nú að sjálfsögðu ekki mín ætlun að halda því fram, að hér væri ekki menntað neitt heilbrigðisstarfsfólk. Í grg. með till. er einmitt getið um, að Tækniskóli Íslands hafi menntað meinatækna með góðum árangri og að hafin væri kennsla röntgentækna. Að sjálfsögðu hefur farið hér fram kennsla hjúkrunarkvenna og sjúkraliða í fjöldamörg ár og enn fremur margra annarra hópa heilbrigðisstarfsfólks, en það, sem á stendur, er þetta, að okkur vantar geysimargt fólk í þessar stéttir, og það gleður mig að heyra, að þessi mál eru í gangi og mikið aðhafzt, því að sannarlega veitir ekki af. Mér er kunnugt um það, eins og ég gat um hér áðan, að undirbúningur hefur verið í gangi alllengi að menntun sjúkraþjálfara, en það hefur gengið ósköp erfiðlega að fá þetta gert. Sömuleiðis er ég á því, að menntun félagsfræðinga og sálfræðinga eigi að vera auðveld hér á landi, þar sem við höfum bæði kennslu í almennri félagsfræði og sálfræði. Eftir því sem ég frétti, þá er það aðeins byrjun, sem hafin er að menntun sálfræðinga, og þeir þurfa enn að fara utan til þess að geta stundað hér starf í klínískri sálarfræði. Mér þykir mjög vænt um að heyra það, að þessi mál eru öll á hreyfingu og mikið aðhafzt, og það var tilgangurinn með þessu að örva það einmitt, og svo óska ég eftir, að till. verði vísað til allshn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að ræða þá till., sem hér liggur fyrir á þskj. 359, en ég hef hlýtt með athygli á þær fróðlegu umr., sem hér hafa fram farið, framsöguræðu hv. flm. og þá fróðlegu skýrslu, sem hæstv. ráðh. flutti hér áðan.

Það var aðeins eitt atriði, sem mig langar til að minnast á í sambandi við ræðu hæstv. ráðh. Hann ræddi m. a. um hjúkrunarkvennaskortinn, sem öllum er nú kunnugt um, og ráðstafanir, sem væri verið að reyna að gera til þess að bæta þar úr, og gat þess, ef ég tók rétt eftir, að starfandi væri nefnd í þessu máli. Um þá nefnd gat hann þess þá jafnframt, ef ég hef skilið mál hans rétt, að í nefndinni hefði komið til greina að stofna annan hjúkrunarkvennaskóla en þann, sem nú er, og þá við Borgarspítalann í Reykjavík. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort honum sé nokkuð kunnugt um það, að komið hefði til greina í nefndinni að stofna slíkan skóla við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar er um stórt sjúkrahús að ræða og fyrirætlanir uppi um að gera það þannig úr garði, að það verði mjög hliðstætt sjúkrahúsum í Reykjavík, og mér sýnist sem leikmanni, að ef það kemur til greina að fara að stofna hjúkrunarkvennaskóla við Borgarspítalann hér í Reykjavík, sem auðvitað er ekki nema allt gott um að segja, þá kynni það nú að koma einnig til greina, að stofnaður yrði slíkur skóli á Norðurlandi við Fjórð-

ungssjúkrahúsið á Akureyri. Hafi þetta ekki komið til greina í nefndinni, svo að ráðh. sé kunnugt um, þá vildi ég beina þeim tilmælum til hans, að hann hlutaðist til um það, að nefndin íhugi það mál.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er dálítið skemmtilegt dæmi um hollustu hv. norðlenzkra þm. við höfuðborg sína, að það er ekki lengur hægt að minnast á nokkra stofnun hér á Alþ., án þess að menn spyrji, hvort ekki megi velja henni stað á Akureyri.

Þessi nefnd, sem ég var að tala um áðan, var stofnuð sérstaklega út af hugmyndum um að stofna hjúkrunarskóla við Borgarspítalann í Reykjavík. Eins og ég gat um, þá eru aðilar að þessari nefnd tveir frá borgarstjórn Reykjavíkur og tveir frá menntmrn. og einn frá heilbrmrn., og hún er að kanna þetta vandamál einvörðungu. Ég hygg, að eins og sakir standa, þá sé ekki aðstaða til þess að koma upp hjúkrunarskóla við sjúkrahúsið á Akureyri, en sú aðstaða mun koma á næstu árum, vegna þess að þar er ætlunin að stækka sjúkrahúsið til mikilla muna og hafa það deildaskipt og láta það ná yfir mjög stórt svæði. Þá mundi koma upp aðstaða til að hafa þar sérstakan hjúkrunarskóla, en eins og sakir standa nú, þá er þessi aðstaða ekki fyrir hendi. Ég hef kannað það sérstaklega, og dómbærir menn telja, að það væri ekki hægt að starfrækja slíkan skóla við sjúkrahúsið á Akureyri eins og nú standa sakir, en sem sagt, ég tel, að sú staða muni breytast á tiltölulega skömmum tíma, eftir því sem sjúkrahúsið á Akureyri þróast, eins og ráð er fyrir gert m. a. í því frv., sem hér var lagt fram í dag.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég bið hæstv. ráðh. afsökunar á því, ef ég hef misskilið skýrslu hans áðan að því er varðaði hlutverk hjúkrunarkvennaskólanefndar, en ég hafði skilið það svo, að hún fjallaði um þetta vandamál almennt, en hann upplýsir nú, að hún fjalli eingöngu um möguleika á því að stofna nýjan hjúkrunarskóla við Borgarspítalann í Reykjavík. Nú kynni að vísu að vera möguleiki á því að víkka hlutverk þessarar nefndar, ef hæstv. ráðh. sýndist það athugunarvert, sem ég sagði hér áðan. Ég er nú leikmaður í þessum efnum, en nokkur kynni hef ég af sjúkrahúsum, bæði hér í höfuðborginni og einnig á Akureyri, og ég vil nú leyfa mér að setja fram það sjónarmið leikmanns, að aðstaðan til þess að reka hjúkrunarkvennaskóla við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sé ekki öllu lakari nú en hún var við Landsspítalann, þegar hjúkrunarkvennaskóli var hér fyrst stofnaður með kennslu í hjúkrunarfræðum. Annars vil ég mega vænta þess, að hæstv. ráðh. taki nú þetta mál til athugunar eftir að á það hefur verið bent.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

26. Vegabætur.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vegabætur [192. mál] (A. 368).

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44., 50. og 54. fundi í Sþ., 2. og 17. marz, 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., er á þskj. 368, 192. mál. Þessa till. flutti með mér Magnús H. Gíslason, sem átti hér sæti á Alþ. sem 1. þm. Norðurl. v. Tillgr. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta hið allra fyrsta gera áætlun um kostnað við að leggja akfæra vegi um þau byggðarlög, sem verst eru stödd í þeim efnum. Skal við það miðað, að vegurinn sé fær venjulegum ökutækjum árið um kring við eðlilegar aðstæður. Á grundvelli þeirrar áætlunar verði síðan hafizt handa um vegagerðina. Samráð skal haft við Vegagerð ríkisins og sýslunefndir héraðanna um áætlunargerðina."

Á undanförnum árum hafa verið gerðar áætlanir, sérstaklega í sambandi við landshlutana, eins og hv. þm. þekkja. Það var gerð áætlun, að vísu samgönguáætlun, um Vestfirði, vegáætlun, Austfjarðaáætlun, og nú er verið að vinna að áætlun um samgöngumál Norðurlands. Það hafa enn fremur verið gerðar áætlanir um hraðbrautaframkvæmdir, en enn sem komið er er ekki til nein áætlun um vegina í hinum afskekktari byggðarlögum, hvernig skuli háttað framkvæmdum við þá. En eins og háttað er nú í þjóðfélaginu, þá er öllum byggðum nauðsynlegt að hafa vegi, vegi, sem hægt er að komast um svo að segja alla daga ársins. Og það er mjög hætt við því, ef ekki kemst nein hreyfing á þessi mál, að þá verði þeir, sem verst eru settir, mjög vonlitlir um umbætur á næstu árum. Þess vegna er þessi þáltill. hér fram borin. Ég tel það mikilsvert, að menn geri sér grein fyrir því, hvort á að viðhalda þeirri byggð, sem er í landinu nú, og ef á að gera það, verður að huga að þessu verkefni, og eftir því sem það er gert fyrr, þá er líklegra, að komið verði í veg fyrir, að byggðir fari í eyði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

27. Rannsókn á safnamálum.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á safnamálum á Íslandi [195. mál] (A. 374).

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Inga Birna Jónsdóttir): Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Safnvarðafélags Íslands, Félags háskólakennara, Félags kennaraskólakennara, Arkitektafélags Íslands og Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Auk þess skipi menntmrh. formann nefndarinnar. Skal þessi nefnd rannsaka ástand safnamála á Íslandi og gera tillögur um úrbætur í þeim málum."

Einu sinni höfðu Íslendingar ekki efni á því að varðveita skinnbækur sínar. Þær voru fluttar úr landi og vistaðar í erlendum borgum, enda eins gott, því að annars hefðu þær trúlega glatazt. Það var áður en þeir áttu safn, þegar þeirra aðaláhyggja var sú að eiga ekki snæri, eins og frægt er orðið. Þeir tímar eru sem betur fer liðnir. Handritin koma heim, og við höfum þegar reist veglegt stórhýsi yfir þau, sem heitir Árnagarður.

Árið 1928 komu heim handrit og skjöl, sem geymd eru í Þjóðskjalasafninu við Hverfisgötu. Í dag, tæpri hálfri öld seinna, eru þau enn í sömu pökkum og þau komu í. Utan um þau er snæri, sem með tímanum sker þau í sundur. Svo illa hefur verið búið að þessari stofnun, að hvorki hefur fengizt starfslið né húsrými til þess að varðveita sómasamlega, hvað þá að vinna úr þeim efnivið, sem þar liggur. Á þessum uppgangs- og velgengnistímum, þegar við heimtum heim handrit í stað þess að vista þau í erlendum borgum, liggja þau undir skemmdum. Heyrzt hefur, að safnahúsið við Hverfisgötu verði lagt undir Þjóðskjalasafn. Um það hafa heyrzt margar óánægjuraddir, m. a. vegna þess, að Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn séu svo nátengdar stofnanir, að þær séu bezt komnar í nágrenni hvor við aðra.

Á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar ætlum við að reisa veglegan minnisvarða, þjóðarbókhlöðu. Fimm manna nefnd hefur unnið að undirbúningi þeirrar byggingar, sérstök byggingarnefnd, sem nýlega hefur skilað áliti til menntmrn. Fyrir skömmu hlustaði ég á umræður um þetta mál á fundi hjá Arkitektafélagi Íslands, þar sem í ljós kom, að ekki hefur verið leitað álits starfsmanna Háskólans, sem á þó að eiga sitt safn í bókhlöðunni. Ekki hafði verið leitað álits safnvarðanna við Hverfisgötu, sem eiga þó að starfa í bókhlöðunni, og ekki hafði verið lagt fyrir arkitekta almennt að hugsa út svona stórt og dýrt hús, sem verður að nýtast eins fullkomlega og frekast er unnt og það um ókomna áratugi, en ekki næstu 10 ár eða svo.

Við undirbúning þessa byggingarnefndarálits hafa verið höfð vinnubrögð hins litla samfélags, sem á ekki nema einn gáfaðan mann á hverju sviði og felur honum allt sitt traust og vit. Þess vegna er beðið um athugun á undirbúningi að byggingu þjóðarbókhlöðu, að okkur þykja þetta úrelt vinnubrögð og alls óviðunandi. Mér skilst, að nefndarálit byggingarnefndarinnar sé trúnaðarmál af þeirra hálfu eða m. ö. o. leyndarmál. Það sögðu a. m. k. Háskólans menn á arkitektafundinum, og fundargerðin liggur frammi. Hvernig má slíkt vera?

Afkoma þjóðar er háð atvinnuvegum hennar og þá ekki sízt því, hvort þeir eru samkv. kröfum tímans eða hvort þeir úreldast. Hin ýmsu félög atvinnuveganna, svo sem Fiskifélagið, Búnaðarfélagið og Iðnþróunarsjóður, svo að eitthvað sé nefnt, verða að fylgjast með gangi tímans til þess að vera ályktunarhæf í uppbyggingu atvinnuveganna. Til þess að svo megi vera, hljóta slíkar stofnanir að verða að fylgjast með því, sem gerist víðs vegar um heim í atvinnumálum. Tímarit og bækur, sem upplýsa um atvinnuvegi og hagfræði þeirra, eru á við og dreif í hinum ýmsu stofnunum, þar sem unnið er að uppbyggingu atvinnuveganna. Einn doktor í hagfræði hefur upplýst mig um, að öll slík söfn væru betur komin á einum stað.

Í raungreinum, t. d. í verkfræði, er einnig mjög mikilvægt, að nýjustu upplýsingar séu ávallt fyrir hendi. Það er hins vegar spurning, hvort slíkt safn á heima með atvinnubókasafni eða því hinu akademíska, sem verður í bókhlöðunni.

Eitt stærsta spurningarmerkið, sem ég veit um í safnamálum, er fræðslumyndasafnið. Nafnið sjálft á auðvitað að fela í sér svarið við því, til hvers það eigi að vera. Fræðslumyndir hljóta að eiga að notast í skólakerfinu. Í lögum um Fræðslumyndasafn ríkisins, sem mig langar til að vitna í, með leyfi hæstv. forseta, stendur:

„Hlutverk Fræðslumyndasafns ríkisins er, eftir því sem við verður komið:

c) Að lána skólum og öðrum fræðslustofnunum myndir og tæki til notkunar við kennslu. Enn fremur að lána eða leigja þessum aðilum svo og félögum, er hafa menningarmál á stefnuskrá sinni og standa öllum opin án tillits til stjórnmálaskoðana, myndir og tæki til afnota í sambandi við félags- og skemmtanalíf.

e) Að verja hluta af tekjum safnsins til útvegunar á hljómplötum og tónböndum til notkunar við fræðslu og félagslíf í skólum. Skal um þetta höfð samvinna við Ríkisútvarpið."

Raunveruleikinn er hins vegar sá, að kennslumyndir í safninu eru fáar, gamlar og fæstar í samræmi við námsefni í íslenzkum skólum. Mjög fátítt er, að um fleira en eitt eintak af hverri mynd sé að ræða, en viss

fjöldi eintaka er nauðsynlegur, til þess að um eðlilega dreifingu geti verið að ræða. Strax þarf að gera ráðstafanir til að fá sérfræðinga til að gera áætlun um uppbyggingu safnsins með tilliti til eðlilegra þarfa skólanna fyrir myndkennsluefni. Eðlilegt væri að sameina safnið almennu kennslutækja- og skólabókasafni, sem á hefði að skipa sérfræðingum í kennslutækni og safnfræði, sem gæti komið rekstrinum í æskilegt horf. T. d. er mikil þörf fyrir slíkt fræðslumyndasafn við Kennaraháskóla Íslands ásamt vinnuaðstöðu við framleiðslu á kennsluefni. Það liggur í hlutarins eðli, að Kennaraháskóli Íslands verði aðalmiðstöð hvers kyns kennslugagna. Eins og er, er Fræðslumyndasafn ríkisins í eins litlum tengslum við skólakerfið og hugsazt getur, og maður spyr: Til hvers er þetta safn eiginlega?

Listasafn ríkisins liggur undir skemmdum rétt eins og skinnblöðin forðum, sem vistuð voru í erlendum borgum. Ef ekkert verður aðhafzt hið bráðasta, borgar sig betur fyrir okkur að senda myndir meistaranna úr landi en geyma þær hér. Ekki höfum við fátæktina sem afsökun nú.

Héraðsbókasöfn eru sum góð, sum léleg. Heyrt hef ég um eitt slíkt safn, sem er geymt í appelsínukössum í innsta afdal á afskekktum bæ. Bókasafnsnefndin kemur aldrei saman, það þykir ekki þurfa, því að sá, sem safnið varðveitir, sér ávallt um að panta þær skáldsögur, sem efstar eru á vinsældalistanum fyrir hver jól.

Ég er hrædd um, að bændamenningin megi fara að vara sig. Varðveizla menningarverðmæta hefur ekki alltaf verið sterkasta hlið þjóðarinnar. En nú finnst mér við enga afsökun hafa fyrir því að láta við svo búið standa. Fyrsta skrefið er að athuga þessi mál á eins víðum og opnum grundvelli og unnt er, svo að einhver yfirsýn fáist. Ef við á annað borð byggjum þjóðarbókhlöðu, má hún ekki verða eitthvert rándýrt minnismerki, heldur á hún að hafa það mesta notagildi, sem hugsazt getur. Hún á að soga að sér hugmyndir, nemendur, handrit og spýta út bókum og lærðum mönnum, sem láta bókvitið í aska annarra. Það, hvort bókhlaðan rís ári fyrr eða seinna vegna slíkrar athugunar, gerir minna til en það, að undirbúningur hennar sé ekki nógu yfirgripsmikill.

Við höfum farið fram á það, að Safnvarðafélag Íslands tilnefni einn mann í þessa athugun. Þeir vita auðvitað, hvernig safn á að vera. Félag háskólakennara er beðið að tilnefna einn mann. Það er af því, að háskólamenn eiga að hafa sitt safn í þjóðarbókhlöðunni og hafa ýmislegt fram að færa í þeim efnum. Félag kennaraskólakennara á ýmsa meðlimi, sem þekkja kennslutækni og notkun fræðslumynda betur en þorri manna. Arkitektafélag Íslands hefur sýnt þjóðarbókhlöðumálinu mikinn áhuga og kann að geta leyst vandann hvað Listasafn ríkisins áhrærir. Menningar- og fræðslusamband alþýðu er fulltrúi alþýðumenningarinnar í landinu. Ástæða væri til að útnefna enn fleiri félög og stofnanir, sem gætu lagt þessu máli lið. Er það ósk flytjenda, að samband verði haft við sem flesta ábyrga aðila við undirbúning álits- og tillögugerðar.

Ég bind miklar vonir við, að vinnubrögð sem þessi verði til þess að opna sýn inn í störf þeirra manna, sem fjalla um opinber mál. Það hefur oft og tíðum verið hulið móðu, hvernig unnið er að undirbúningi stórframkvæmda, og loks þegar allt er klappað og klárt, er of seint að segja nokkuð eða gera nokkuð. Hafi þetta gamla kansellíkerfi einhvern tíma þótt brúklegt og gott á sinn hátt, þá er það fyrir löngu gengið sér til húðar. Í stað þess að grípa einhvers staðar inn í, þar sem öngþveitið er mest, og finna bráðabirgðalausnir hér og hvar, er nauðsynlegt að skoða vandlega, hvernig ástandið er og gera svo till. til úrbóta. Þá fyrst er hægt að bæta úr og breyta, svo að gagn sé að, og því er þessi till. lögð hér fram.

Ég legg til, að till. verði vísað til síðari umr. og allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Sumarbústaðir.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sumarbústaði [196. mál] (A. 375).

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50., 54., 55., 56., 58., 62., 63. og 65. fundi í Sþ., 17. marz, 6., 11., 13., 18. og 28. apríl, 2. og 5. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Hafnarskilyrði í Kelduhverfi.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um rannsókn hafnarskilyrða í Kelduhverfi [199. mál] (A. 381).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. og 54. fundi í Sþ., 17. marz og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till., sem hér liggur fyrir á þskj. 381 um rannsókn hafnarskilyrða í Kelduhverfi, er flutt af öllum þm. úr Norðurl. e., og hefur till. sama efnis raunar áður verið flutt hér á Alþingi og þá vísað til ríkisstj. Till. er þess efnis að fela ríkisstj. að láta rannsaka hafnarskilyrði í Kelduhverfi og leggja niðurstöður rannsóknarinnar fyrir Alþingi.

Það, sem hér er sérstaklega haft í huga, er Fjallahöfn, sem er við vestanverðan Axarfjörð. Hugmyndin um það að koma þarna upp höfn er ekki ný. Hún er sennilega jafngömul öldinni, en hins vegar hefur það aldrei verið rannsakað til hlítar, hvort þarna er raunverulega um þannig löguð hafnarskilyrði að ræða, að tiltækilegt sé að gera þar höfn. Slík höfn mundi vera mjög gagnleg, en um hana hefur raunar sérstaklega verið hugsað í sambandi við virkjun Dettifoss, sem einhvern tíma verður framkvæmd, og ef upp kæmi iðnaður í sambandi við orkuframleiðslu við Dettifoss, þá er að sjálfsögðu á það að líta m. a., að stytzta leiðin til sjávar frá Dettifossi er að Fjallahöfn.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál, en legg til fyrir hönd okkar flm., að umr. um þetta mál verði frestað og því vísað til allshn., en í þeirri n. er annað mál, sem er nokkuð skylt þessari tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

30. Samkeppni um teikningar af opinberum byggingum.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um samkeppni um teikningar af opinberum byggingum [200. mál] (A. 384).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. og 54. fundi í Sþ., 17. marz og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. á þskj. 384 um samkeppni um teikningar af opinberum byggingum, sem ég hef leyft mér að flytja, og hljóðar till. svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja fram frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, þar sem kveðið skal á um, að efna skuli að jafnaði til samkeppni um teikningar af opinberum byggingum."

Ég mun af ástæðum, sem viðstaddir geta sennilega gert sér grein fyrir, vera stuttorður og fara fljótt yfir sögu í virðingarskyni við þann fámenna hóp, sem hér er mættur, og stikla aðeins á stóru.

Fyrst vildi ég taka fram, að með lögum um opinberar framkvæmdir nr. 63 frá 1970 var að mínu áliti stigið ákaflega stórt spor í átt til þess að skipuleggja og búa betur að opinberum framkvæmdum, bæði hvað snertir framkvæmdina sjálfa svo og yfirstjórn, úttekt og fleira, sem snýr bæði að áætlunargerð og verklegum framkvæmdum. Í þessum lögum var auk annarra ýmissa ágætra ákvæða bundið fastmælum, að öll verk skyldu að jafnaði unnin samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Sú leið hefur verið farin í vaxandi mæli hér á landi af opinberum aðilum sem einkaaðilum, og hún hefur að allra dómi gefið góða raun, svo góða raun, að verksamningar samkv. reikningi tíðkast ekki nema undir mjög sérstökum og óvenjulegum kringumstæðum. Slík samkeppni, sem útboðin fela í sér, tryggir undir flestum ef ekki öllum kringumstæðum hagkvæmari tilboð, betri og hraðari vinnu og virkara skipulag á undirbúningi framkvæmda á úttekt verksins. En hvort sem það var viljandi eða óviljandi, þá gleymdist, sást yfir að setja inn í þessi lög ákvæði um útboð á einum hluta undirbúnings að opinberum framkvæmdum, en ekki þó minnsta þætti þess undirbúnings, og þar á ég við teiknivinnu og það, sem henni fylgir. Í dag er það enn þá áfram á valdi viðkomandi byggingaraðila að taka ákvörðun um, hverjir teikni bygginguna og ráða nokkuð ferðinni í því. Vitaskuld verður maður að gera ráð fyrir því, að þeir, sem standa að byggingunni, ráði í meginatriðum ferðinni í byggingunni eða nýtingu viðkomandi mannvirkis, en það, sem ég á við, er, að eftir að „prógrammering" hefur farið fram, þar sem fram kemur, hvað sé nauðsynlegt að rúmist í þessu mannvirki, þá eigi að fara fram útboð á teiknivinnunni, þannig að sem fallegust bygging náist. Auk þess, eins og ég fyrr sagði, eru meiri líkur á því, að byggingin verði hagnýtari og allt skipulag á undirbúningi og framkvæmd tryggara, þegar „prógrammering" liggur fyrir. Hún ætti raunverulega að tryggja, að svo væri.

Þessum sjónarmiðum til stuðnings hefur verið bent á, að auk þess sem þessi „prógrammering" væri tryggð, eins og fyrr er sagt, þá væri betur unnt fyrir viðkomandi aðila að gera samanburð og átta sig á ýmsum þeim valkostum og hugmyndum, sem fram kæmu í slíkri hugmyndasamkeppni. Hér á Íslandi er þegar starfandi allstór hópur mjög hæfra arkitekta og reyndar annarra, sem hafa heimild til þess að fá samþykktar teikningar, og þetta fólk er allajafna vel menntað og ágætlega hæft í störfum sínum og fyllilega treystandi til þess að taka þátt í slíkum samkeppnum og skila verkefnum eða till., sem nýtanlegar væru.

Arkitektafélag Íslands hefur sett fram óskir um slíkar hugmyndasamkeppnir, að þær yrðu fastmælum bundnar í lögum, og er þessi till. sprottin af umr., sem

fram hafa farið í framhaldi af óskum Arkitektafélags Íslands og þá einkum vegna byggingar væntanlegrar þjóðarbókhlöðu. Sú hugmynd, bygging þjóðarbókhlöðunnar, mun hafa komið upphaflega frá þjóðhátíðarnefnd þeirri, sem undirbýr 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, en þessi þjóðhátíðarnefnd setti fram óskir um, að stefnt yrði að byggingu bókhlöðunnar á þessu merka afmæli, og jafnframt var tekið fram af nefndinni, að hún óskaði eftir því, að fram færi samkeppni um teikningar að byggingunni. Til að gera langt mál stutt, þá er frá því að segja, að bæði fyrrv. hæstv. menntmrh. og núv. hæstv. menntmrh. hafa hafnað þessum hugmyndum, sem, eins og ég segi, upphaflega voru settar fram af þjóðhátíðarnefnd og síðan af Arkitektafélagi Íslands og síðar af ýmsum öðrum aðilum. Nú síðast í svarbréfi ráðh. dags. 8. febr., sem barst Arkitektafélagi Íslands, eftir að það hafði ítrekað þessar óskir sínar, voru rökin þau, að með tilliti til allra aðstæðna og málavaxta væri ekki hægt að verða við þessari ósk Arkitektafélagsins. Þó var tekið fram í þessu svari rn., að almennt væri það hlynnt samkeppni um teikningar að opinberum byggingum.

Nú vakna ýmsar spurningar varðandi byggingu þessarar þjóðarbókhlöðu og undirbúning að byggingu hennar, vegna þess að í svari ráðh., eins og ég hef getið um, er talað um, að með tilliti til allra aðstæðna sé ekki hægt að verða við þessari ósk, og er þá átt við, að undirbúningur sé svo langt á veg kominn og nú þegar sé búið að tala við ákveðna aðila um teikningar að þessari byggingu, að ekki verði aftur snúið. En hv. þm. barst nú fyrir skömmu bæklingur frá Arkitektafélagi Íslands, útgefinn í marz 1972, þar sem skýrt er frá umr. um hlutverk þjóðarbókhlöðu, umr., sem fram fóru á fundi, sem félagið efndi til í Norræna húsinu 19. febr. s. l. Ég ætla nú ekki að fara að lesa allan þennan bækling. En ég vil vekja athygli hins háa Alþingis á því, að ummæli þau, sem fulltrúar ýmissa háskóladeilda létu sér um munn fara á þessum fundi, gefa vissulega ekki tilefni til þess að álíta, að undirbúningur hafi verið merkilegur eða nægur. Nú er öllum kunnugt, að gert er ráð fyrir því, að í þessari þjóðarbókhlöðu verði jafnframt það, sem nú heitir Háskólabókasafn, ásamt með ýmsum öðrum söfnum, og því má telja líklegt, að við viðkomandi yfirvöld í Háskólanum hafi verið haft samráð og samvinna um það, hvernig þessari byggingu skyldi bezt hagað fyrir Háskólabókasafnið eða þá aðstöðu, sem þessar deildir þyrftu á að halda. Á þessum fundi 19. febr. tóku til máls forsetar ýmissa deilda, og nefni ég t. d. ummæli Sveins Skorra Höskuldssonar prófessors, með leyfi forseta, en þar segir um þetta af hans hálfu:

„En það var í tilefni af þeirri spurningu, sem formaður Arkitektafélagsins beindi hér til deildarforseta Háskólans um það, hvort rætt hefði verið við einstakar deildir um skipan þjóðarbókhlöðunnar, sem ég ætla aðeins að koma hér í pontuna. Þar get ég svarað hinu sama og forseti lagadeildar, að mér er ekki kunnugt um, að slíkar umr. hafi farið fram. Ég get a. m. k. fullyrt, að þau fjögur ár bráðum, sem ég hef haft kynni af heimspekideild, hafa slíkar viðræður ekki farið fram, og mér er heldur ekki kunnugt um, að þær hafi farið fram fyrr, en um það skal ég ekki fullyrða."

Prófessor Davíð Davíðsson, sem talaði fyrir hönd læknadeildar, segir um þessa sömu spurningu, með leyfi forseta:

„Því er fljótt til að svara. Ég er búinn að sitja í læknadeild í tæp 15 ár, og þetta mál hefur ekki verið rætt á deildarfundum þar, svo að ég viti, ekki í minni dekanstíð."

Prófessor Magnús Magnússon svarar með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Ég ætla fyrst að svara þeirri spurningu, sem beint var til deildaforseta Háskólans, hvort rætt hefði verið við deildir um þjóðarbókhlöðu. Að því er varðar verkfræði- og raunvísindadeild er svarið neitandi. Innan Háskólans er til bókasafnsnefnd, skipuð fulltrúum allra deilda. Þessi nefnd hefur lítið starfað á undanförnum árum, og mér er ekki kunnugt um, hvort þjóðarbókhlaðan hafi sérstaklega verið rædd þar."

Og svona mætti áfram rekja ummæli fulltrúa háskóladeildanna, og skal ég ekki frekar tíunda þau, en vil þó aðeins lesa upp eina tilvitnun enn, þar sem áhugamaður á fundinum, Ólafur Ragnar Grímsson, tók til máls í lok hans. Hann hafði þessa „súmmeringu" fram að færa eftir umr. fyrr á fundinum. Með leyfi forseta segir Ólafur Ragnar:

„Ég held, að bygging þessarar þjóðarbókhlöðu gæti orðið „fíaskó" og minnisvarði fyrir komandi kynslóðir um það, hvers konar fáránlegt þjóðfélagskerfi hér ríkti og hve „prímitívir" Íslendingar voru í stjórnsýslu og framkvæmdagetu á þessum tíma."

Svo mörg voru þau orð. Þetta er að vísu aðeins einn angi af því máli, sem hér er til umr. varðandi samkeppni um teikningar að opinberum byggingum, en er tíundað hér af mér til þess að árétta, að ég leyfi mér að efast um, að undirbúningur að byggingu þjóðarbókhlöðunnar sé á þann veg kominn, að ekki sé hægt að taka til greina óskir Arkitektafélagsins um, að efnt sé til hugmyndasamkeppni um þessa byggingu.

Hér fyrr á þinginu var til umr. þáltill. flutt af hv. þm. Ingu Birnu Jónsdóttur og Bjarna Guðnasyni, að mig minnir, um endurskoðun eða athugun á safnamálum Íslendinga, og þar vék 1. flm. þeirrar till. að þessu máli, hv. þm. Inga Birna Jónsdóttir. Á hennar máli mátti skilja, að ef sú þáltill. næði fram að ganga, liti hún svo á, að þessi mál yrðu öll endurskoðuð, stokkuð upp, og þá væri opnaður möguleiki einmitt fyrir þeirri hugmyndasamkeppni um þessa ákveðnu byggingu, sem ég er hér að ræða um. Nú hafði ég hugsað mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort þessi skilningur þm. væri á rökum reistur og hvort áhugamenn, bæði ég og aðrir, gætu gert sér vonir um, að þetta mál yrði tekið til endurskoðunar, en því miður, eins og oft hefur viljað til áður, þá eru flestallir ráðh. ekki viðlátnir og sýna, eins og ég sagði fyrr í dag, hinu háa Alþingi með því kannske sinn sóma og sína virðingu. Ég fór um þetta nokkrum orðum hér fyrr í dag af öðru tilefni. Þá var enginn ráðh. viðstaddur nema þegar hæstv. iðnrh. skauzt í gættina í þann sama mund, en nú er það eins og fyrr í dag, að hér situr enn sá ágæti ráðh., en það er bara því miður „vitlaus" ráðherra.

Ég skal ekki hafa um þetta miklu lengra mál. En ég geri mér vonir um, að hæstv. menntmrh. endurskoði afstöðu sína til þjóðarbókhlöðunnar og opinberrar samkeppni um teikningar að henni. Ég er enn vonbetri um, að þessi till. nái fram að ganga, þegar ég hef í huga

bréf hæstv. ráðh. frá 8. febr. s. l., þar sem beinlínis er tekið fram, að rn. sé almennt hlynnt samkeppni um teikningar að opinberum byggingum.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Þessari umr. var nú frestað hér s. l. þriðjudag vegna fjarveru hæstv. ráðh., og var reyndar farið um það nokkrum orðum, að ráðh. væru ekki viðstaddir þá umr. og reyndar önnur mál þann dag, að undanskildum einum. En ég vil nú lýsa eftir hæstv. menntmrh., því að tilgangur minn hingað upp í pontuna var að beina til hans lítilli fsp., þannig að það kemur að takmörkuðum notum, að ég sé hér aftur að ítreka þessa fsp., ef hann er ekki viðlátinn. (**Forseti:** Vill þm. hinkra við?) Já.

Já, herra forseti. Ég hefði kannske átt að gera hæstv. ráðh. aðvart um þessa fsp., sem reyndar var borin fram hér s. l. þriðjudag, en fékkst ekki svar við vegna fjarveru ráðh. En þar sem hún gerir ekki kröfu til neins sérstaks undirbúnings við svar, heldur eingöngu að leita eftir áliti ráðh., þá hef ég nú ekki gert boð á undan mér öðruvísi en með þeirri umr., sem hér fór fram s. l. þriðjudag.

Ég ætla ekki að endurtaka málflutning minn frá fyrri hluta þessarar umr., sem fjallaði um till. til þál. um samkeppni um teikningar að opinberum byggingum, en ég vakti athygli á því, að þessi till. væri að verulegu leyti sprottin upp úr umr., sem fram hafa farið nú í vetur um það, hvort efna skyldi til samkeppni um teikningar að væntanlegri þjóðarbókhlöðu. Í því sambandi vitnaði ég til bæklings, sem dreift hefur verið hér meðal þm. og er útgefinn af Arkitektafélagi Íslands í marz 1972, þar sem skýrt er frá umr. um hlutverk þjóðarbókhlöðu á fundi, sem fram fór 19. febr. s. l. Þetta gerði ég vegna þess, að eins og kunnugt er, þá hefur hæstv. menntmrh. hafnað þeirri ósk frá Arkitektafélagi Íslands, að efnt skyldi til opinberrar samkeppni um teikningar að þjóðarbókhlöðunni, og var það gert síðast með bréfi frá 8. febr. s. l. Sýnist sú ákvörðun ráðh. vera byggð á því, að undirbúningur sé svo langt á veg kominn, að ekki verði aftur snúið og ekki sé unnt að taka þessa ósk til greina af þeim sökum. Af þessu tilefni benti ég á, að fram kæmu í áðurnefndum bæklingi ummæli forsvarsmanna háskóladeilda, en gert er ráð fyrir því, að í væntanlegri þjóðarbókhlöðu verði sameinað m. a. Landsbókasafn og Háskólabókasafn og þar af leiðandi mætti ætla, að gætt væri hagsmuna Háskólans, þeirra deilda, sem afnot þyrftu að hafa af þessu bókasafni. En í ummælum forsvarsmanna háskóladeildanna, að ég held allra, og las ég hér upp s. l. þriðjudag hluta úr þessum ummælum, í þeim kemur fram, að nánast ekkert samráð hefur verið haft við deildir þeirra varðandi undirbúning að þessari þjóðarbókhlöðu og fyrirkomulagi á sameiningu safnanna og nýtingu á Háskólabókasafninu.

Ég vakti athygli á, að í lok fundarins hefði áhugamaður á fundinum, Ólafur Ragnar Grímsson, gefið þessum undirbúningi þá einkunn, að bygging þessarar þjóðarbókhlöðu gæti orðið „fíaskó“ og minnisvarði fyrir komandi kynslóðir um það, hvers konar fáránlegt þjóðfélagskerfi hér ríkti og hve „prímitívir“ Íslendingar væru í stjórnsýslu og framkvæmdagerð á þessum tíma. Nú ætla ég ekki að gera þessi orð að mínum, en þau eru vissulega stór, og sumir taka væntanlega mark á þeim. En með tilliti til allra þeirra upplýsinga og yfirlýsinga, sem gefnar voru á þessum fundi, þá leyfði ég mér að efast um, að undirbúningur væri þannig á veg kominn, að ekki væri hægt að taka tillit til óska Arkitektafélags Íslands og reyndar fleiri um það að efna til samkeppni um teikningar að þjóðarbókhlöðunni, sem mörg og gild rök sýnast vera fyrir.

Þá vakti ég athygli á því, að fyrr í vetur hefði verið hér til umr. till. til þál. flutt af tveim hv. þm., þeim Ingu Birnu Jónsdóttur og Bjarna Guðnasyni, um athugun á safnamálum Íslendinga, og þar var m. a. í till. og í grg. rætt um þjóðarbókhlöðuna sem safn. Það mátti skilja á frsm., hv. þm. Ingu Birnu Jónsdóttur, að ef sú till. næði fram að ganga og yrði samþykkt, sem maður verður að gera ráð fyrir, því að annars vegar eru flm. úr stjórnarliði, þá mátti skilja á frsm., að þar með væri tekinn til endurskoðunar undirbúningurinn og framkvæmdir að væntanlegri þjóðarbókhlöðu. Ég skildi líka orð hennar svo, að með því mætti gera ráð fyrir, að ráðh. eða rn. endurskoðaði afstöðu sína til samkeppni um teikningar að þjóðarbókhlöðunni. Vegna þess að nú vill svo til, að þessir flm. eru jafnframt flokksmenn hæstv. ráðh., þá geri ég ráð fyrir, að haft hafi verið samráð við ráðh. um flutning þessarar till. og hann eða flm. hafi sett fram þessar skoðanir sínar með vitund hæstv. ráðh. Af þessu öllu saman vildi ég gjarnan fá svör við því, hvort þetta væri réttur skilningur hjá flm. að áðurnefndri þáltill. og hvort þeir, sem hefðu áhuga fyrir samkeppni um teikningar að þjóðarbókhlöðunni, mættu vænta þess, að sú ákvörðun yrði tekin til endurskoðunar með hliðsjón af þessum ummælum og ýmsum atvikum svo og bréfi ráðh. frá 8. febr., þar sem hann gefur í skyn, að hann sé almennt hlynntur samkeppni um teikningar að opinberum byggingum.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég er nú ekki viss um, hvort ég hef náð að nema nógu nákvæmlega fsp. hv. 9. landsk. þm., en ég vona, að mér hafi þó tekizt að leggja í hana réttan skilning, því að ég get ekki gefið úrskurð um það, hvort skilningur hv. þm. á framkomnum þáltill. um þetta mál eða önnur er réttur. Þær bera með sér það, sem í þeirra texta stendur. En ég ætla ekki hér í ræðustól að fara að leggja út af texta þeirra. Hv. þm. gat þar sérstaklega till. um athugun á safnamálum, og vegna þess, að hún er fram komin, spyr hann, ef ég hef tekið rétt eftir, hvort vænta megi, að ákvörðun áður tekin um undirbúning að byggingu þjóðarbókhlöðu verði tekin til endurskoðunar. Svarið við því er nei.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

31. Bygging varðskips til landhelgisgæzlu.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um byggingu nýs varðskips til landhelgisgæzlu og áætlunargerð um eflingu Landhelgisgæzlunnar [201. mál] (A. 385).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50., 54. og 55. fundi í Sþ., 17. marz, 6. og 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Á þskj. 385 er till. frá mér og hv. 2. þm. Reykv. um byggingu nýs varðskips til landhelgisgæzlu og áætlunargerð um eflingu Landhelgisgæzlunnar. Það er gerð grein fyrir því í stuttri grg., að okkur hefur sýnzt vera nokkurt tómlæti um eflingu Landhelgisgæzlunnar, alveg sér í lagi með hliðsjón af þeim auknu verkefnum og viðfangsefnum, sem Landhelgisgæzlunni eru búin við útfærslu landhelginnar.

Við getum sagt, að eins og nú standa sakir, eigum við tvö úthafsskip fær til gæzlu 50 mílna landhelgi. Annað er Ægir, sem er nýtt skip og lokið var byggingu á 1968 og er ágætt skip í alla staði, og hitt er Óðinn, sem er hins vegar farið að eldast, en kom hingað nýtt 1959. Bæði þessi skip eru góð sjóskip, sterklega byggð og vel fær til þess að sinna landhelgisgæzlunni á úthafinu, sem ég kalla svo, eða þegar komið er út fyrir 50 mílna landhelgi. Svo er þriðja skipið, Þór, sem er gott sjóskip og ekkert nema gott um að segja annað en það, að vélar skipsins hafa frá öndverðu ekki verið eins og þær skyldu verið hafa. Nú er hins vegar ráðið, að nýjar aflvélar verði settar í skipið ásamt nokkrum endurbótum, sem gerðar verða á því, og þeim verður væntanlega lokið í haust í Danmörku, og ætti þá Þór að geta orðið þriðja skipið, sem fært væri til slíkrar gæzlu, enda þótt það sé nú orðið gamalt skip, byggt 1951. Tæplega er hægt að tala um hin skipin, Albert og Árvakur, til slíkra hluta. Albert er lítið skip, en ágætt sjóskip engu að síður, en það er aðeins 201 rúmlest, og Árvakur byggður til allt annarra hluta og því mjög lélegt sjóskip, eftir því sem mér er tjáð, og hefur ýmsum öðrum störfum að gegna. Mundu bæði þessi skip væntanlega annast gæzlu á miðunum hér nær landi, en gætu það ekki með nokkrum árangri á hinni stóru eða víkkuðu landhelgi, allt að 50 sjómílum.

Nú er ekki hugsunin hjá okkur, að við getum byggt neinn herskipaflota, þó að við færum út landhelgina í 50 sjómílur, en við þurfum að gá að okkur og halda við því, sem við höfum, og bæta við, eftir því sem verða má. Óðinn, sem er, eins og ég sagði, mjög gott skip, er þó byggður 1959. Þess vegna er þetta skip orðið 12-13 ára gamalt, og það fer að eldast, enda tekur sjálfsagt nokkurn tíma að koma sér niður á eða slá því föstu, hvers konar skip skuli byggt næst með hliðsjón af breyttum viðhorfum. Byggingartíminn er einnig ætíð nokkuð langur. Þó að horfið væri að þessu ráði nú, þá verður að gera ráð fyrir því, að nokkur ár líði, þar til nýtt varðskip yrði komið í hópinn til þess að aðstoða þau, sem fyrir eru. Enn fremur er svo þess að gæta, að till. gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. láti jafnframt gera áætlun um alhliða eflingu Landhelgisgæzlunnar á næstu árum, og í því felst það, að Landhelgisgæzlan sé byggð upp alhliða eftir fyrirframgerðri áætlun. Og þá kemur náttúrlega fyrst og fremst til greina flugið og þær ráðagerðir, sem eru í því sambandi.

Það er enginn vafi á því, að við gæzlu hinnar stóru landhelgi geta þar til hæfar flugvélar mjög aðstoðað skipin, enda þótt þau séu fá við gæzluna. Því miður stendur nú þannig á, að við erum vanbúnir að flugvélum, en það hefur verið upplýst hér á þinginu og alkunnugt, að verið er að athuga möguleika á að kaupa Fokker-friendship vél fyrir Landhelgisgæzluna, og tel ég, að það mundi vera mjög góð vél til þess að hafa með höndum gæzlu á hinni stóru landhelgi og geta gegnt svipuðu hlutverki og Sif, Skymastervélin, á sínum tíma gerði, sem Landhelgisgæzlan hafði til sinna afnota með mjög góðum árangri. Síðan er kunnugt um, að búið er að festa kaup á stærri þyrlu, og eftir upplýsingum hæstv. forsrh. eru til athugunar kaup á tveimur smærri þyrlum eða litlum þyrlum, eins og Eir var.

Nú er það alveg augljóst mál, að litlar þyrlur eins og Eir geta með engu móti sinnt nokkrum gæzlustörfum 50 sjómílur út í haf. Það er útilokað. Hins vegar sýndi reynslan af Eir mjög mikla hæfni þessara litlu véla til ýmiss konar gæzlu meðfram ströndum landsins, og þær voru einnig við ýmis störf í þágu Vitamálaskrifstofunnar og við gæzlu vitanna, sem þessar litlu þyrlur sýndu sig mjög góðar til að gæta.

Það hefur einnig komið fram hér, að menn hafa verið að tala um að fá þyrlur staðsettar á Vestfjörðum, ekki sízt vegna erfiðleika á læknisþjónustu þar og af ýmsum öðrum ástæðum. En þetta er mjög miklum vandkvæðum bundið, því að það að staðsetja þyrlu á Vestfjörðum t. d. og Austfjörðum þýðir, að hafa verður þar aðsetur fyrir slíkar litlar þyrlur og flugmenn og annað slíkt. Hins vegar er Ægir þannig búinn, að hann er með þyrluskýli, og ef slíku þyrluskýli væri líka hægt að koma fyrir á Óðni, sem ég veit nú ekki um, en bæði hafa þau þyrluþilfar, þar sem þyrla getur lent á, bæði þessi skip, má ætla, að í reyndinni verði mjög mikið um það, að tvö skip verði staðsett fyrir austan og vestan land. Ef við ættum tvær litlar þyrlur, sem væru á varðskipunum, þá tel ég það mjög mikilsvert, að þær gætu þá einmitt gegnt þessu hlutverki fyrir austan og vestan, að sinna þörfum fólksins í landi, því að einn þáttur landhelgisgæzlunnar er nú björgunarstörf, og margs konar þjónusta hefur í reyndinni verið innt af höndum af þeirra hálfu fyrir íbúana í hinum dreifðari byggðum landsins

og þar sem samgöngur eru erfiðar. Ég tel þess vegna mjög mikilvægt og fagna því, að keyptar verða tvær litlar þyrlur, sem mundu þá sennilega í ríkum mæli fylgja þessum skipum, stóru skipunum, eða vera staðsettar á þeim og hafa þannig aðstöðu til þess að sinna meira þörfunum úti á landi, fyrir vestan og austan, en þyrla, sem staðsett er hér í Reykjavík, hefur getað gert. En að sjálfsögðu tel ég þær ekki koma til álita sérstaklega í sambandi við gæzluna á stórri landhelgi. Ég veit ekki um hæfileika hinna stærri þyrla til þess. Ég efast um, að þær séu til þess fallnar að stunda landhelgisgæzlu allt að 50 sjómílur út í haf. Engu skal ég samt slá föstu um þetta, því að það er einmitt í okkar till. gert ráð fyrir því, að um þessi mál sé gerð fyrir fram áætlun að beztu manna yfirsýn og þeirra, sem um það eru sérfróðir, og Landhelgisgæzlan byggð upp á grundvelli slíkrar áætlunargerðar fyrir fram.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þessa till. Ég vil mega vænta þess, að hún geti fengið afgreiðslu og það sé samkomulag um afgreiðslu hennar. Hæstv. forsrh. hefur oftar en einu sinni tekið fram hér á þinginu nú að gefnu tilefni, að það ætti að vera óþarfi að gera ráð fyrir nokkrum ágreiningi milli þm. um styrkingu og eflingu Landhelgisgæzlunnar, og út frá því sjónarmiði vænti ég þess, að þessi till. geti fengið afgreiðslu.

Ég skal ekki blanda inn í þessar umr. því máli, sem við höfum áður rætt hér um, hversu aðbúnaður Landhelgisgæzlunnar í landi er því miður lélegur. En ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, þó ítreka það í allri vinsemd, að mjög teldi ég það mikilsvert, ef hæstv. ríkisstj. vildi endurskoða þær ráðagerðir, sem uppi hafa verið um það að svipta Landhelgisgæzluna því húsnæði, sem henni var ætlað og hefur verið ætlað um langan tíma í lögreglustöðinni og í tengslum þar bæði við löggæzlu og almannavarnir. Og ég vil leyfa mér að vona, að önnur lausn geti fengizt á húsnæðisvandræðum utanrrn. en sú, að það setjist að í því plássi, sem Landhelgisgæzlunni var ætlað um langan tíma.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessari till. verði vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið einni umr um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

32. Merking bifreiða öryrkja.

Á deildafundum 6. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um merkingu bifreiða öryrkja [203. mál] (A. 391).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 391 till. til þál. um merkingu bifreiða öryrkja. Till. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj. að láta merkja allar bifreiðar öryrkja, svo að þeim verði sýnd aukin tillitssemi í umferðinni."

Með þessu hef ég látið fylgja svofellda grg.:

„Með stóraukinni bifreiðaeign landsmanna og sívaxandi umferðarþunga á vegum hefur og mjög aukizt, að karlar og konur, sem hlotið hafa ýmiss konar örorku, eigi og aki bíl. Margt af þessu fólki er stórlega fatlað og þarf mjög á sínu farartæki að halda, en jafnljóst er hitt, að það þarf á fyllstu tillitssemi að halda af hendi annarra í umferðinni, og ætla má, að þá tillitssemi verði mun auðveldara að veita, ef merkingar bíla öryrkja verða teknar upp. Einhverjir kunna að segja, að ekki sé ætíð auðgert að draga skilin, öryrki og ekki öryrki, en hér má að sjálfsögðu leggja til grundvallar úthlutun ríkisins á bifreiðum til öryrkja, þar sem eftirgjöf á aðflutningsgjöldum er veitt, og auk þess mun Bifreiðaeftirlit ríkisins hafa fulla vitneskju um bifreiðaeign öryrkja. Loks má ætla, að margur öryrkinn leiti sjálfur með bifreið sína til merkingar, þegar sá háttur hefur verið tekinn upp, sér og öðrum til aukins öryggis."

Ég ætla, að hv. þm. sé algerlega ljóst, þó að ekki séu höfð mörg orð um þetta mál, hvað hér vakir fyrir mér sem tillögumanni. Þó vil ég aðeins bæta því við, að þessa till. flyt ég að beiðni ýmissa öryrkja, sem hafa fundið fyrir því, að oft vill svo verða, þegar menn eru í umferðinni, að þeir vita ekki, að sá, sem kannske er í vandræðum, er öryrki, og fram hjá honum er ekið, án þess að honum sé rétt hjálparhönd. Allir þekkja það, að margur er þannig fatlaður, að hann á t. d. erfitt með að skipta um dekk undir bíl. Stundum getur honum fremur fatazt en öðrum, ef óvarlega er fram hjá honum ekið, og margt fleira mætti tilnefna, sem ég þó ekki eyði tíma í hér.

Ég nefni það í grg., að það muni vera tiltölulega auðgert að afla upplýsinga um það, hverjir eru öryrkjar við akstur, og nefni þar til t. d. úthlutun ríkisins á bílum til öryrkja. Ég veit að vísu, að til eru menn, sem segja, að ýmsir hafi fengið bifreiðar þannig, án þess að teljast beinlínis fatlaðir til aksturs, og hugsanlegt er, að þetta sé að einhverju leyti rétt. En ég vil minna á það, að þessi úthlutun fer fram undir umsjá þriggja þjóðkunnra og valinþekktra lækna, þannig að það má ætla, að á þessu megi raunverulega byggja, og þeir, sem annað vilja segja, verða að minnast þess, að við, sem erum leikmenn, þekkjum ekki alltaf til um örorku manna. Þó að okkur sýnist þeir kannske fullfriskir, þá er ýmislegt að þeim, sem læknar vita um og kunna að meta, þó að við, sem leikmenn erum, kunnum það ekki.

Í öðru lagi bendi ég á það, að Bifreiðaeftirlit ríkisins muni vita deili á öryrkjum, sem í akstrinum eru eða

bifreið eiga, og í þriðja lagi, að þegar þessi háttur verður tekinn upp, þá muni margur sá, sem telji sér aukið öryggi í því, að þessi merking komist á, leita til viðkomandi yfirvalda og fá merkingunni komið á.

Eins og ég sagði í upphafi, tel ég alveg víst, að hv. alþm. kunni full skil á því, hvað hér vakir fyrir mér sem tillögumanni og hver nauðsyn og kostur væri á því, ef þessar merkingar væru teknar upp, og hef því ekki fleiri orð um þetta mál, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er ekki vafi á því, að fyrir flm. þessarar till. vakir gott eitt, og ég er honum algerlega samþykkur að vissu leyti, en ég vil þó taka það skýrt fram, að öryrkjar vilja ógjarnan aðskilja sig frá öðrum þegnum þjóðfélagsins. Þetta mál, merking á bifreiðum öryrkja, hefur að sjálfsögðu oft komið til umr. innan öryrkjahópanna, og það hefur einkum nú á síðustu árum verið almenn skoðun þeirra hópa, að þeir óskuðu ekki eftir skyldumerkingu á sínum bifreiðum af þeim ástæðum, sem ég gat um, að þeir vilja gjarnan vera venjulegir þjóðfélagsþegnar.

Hins vegar tel ég það mjög æskilegt, að þeir, sem þess óska, geti fengið sína bíla merkta einmitt í þeim tilgangi, sem flm. gat um. Það getur verið mjög bagalegt, ef bíll er stopp úti á þjóðvegi og lömuð manneskja í bílnum, og ég veit um dæmi þess, að slíkt fólk hefur orðið að bíða klukkutímum saman án þess að fá hjálp. Þetta mundi fyrirbyggt, ef bíllinn væri merktur. En hins vegar er tvennt til í þessu máli, ýmist að þeir, sem þess óska, merki sínar bifreiðar eða þá merkin séu þannig gerð, að þeim megi skjóta upp, þegar þörf er á þeim, en að aðgreina þeirra bíla frá bílum annarra að jafnaði tel ég ekki vera í samræmi við þá almennu skoðun, að öryrkjum beri að blanda inn í þjóðfélagið svo mikið sem unnt er.

Varðandi bílaúthlutun, vegna þess að minnst var á hana hér, þá get ég fyllilega tekið undir það nú, að þar séu valinkunnir læknar að verki, sem ekki sé ástæða til þess að efast um, að geri rétt. Ég er nefnilega sjálfur hættur í þessari nefnd núna, þannig að ég get vel sagt þetta. Þarna er sannarlega um viðkvæmt og erfitt vandamál að ræða, og ég veit, að það hefur legið í landi sú skoðun, að á þessu væri alláberandi misnotkun. En hins vegar vil ég nú gjarnan segja það eftir að hafa verið 10—12 ár í þessari nefnd, að í hvert skipti, sem kvartað hefur verið við mig og bent á einstök tilfelli, þá hafa þær kvartanir ekki haft við rök að styðjast, og ég hef að vísu heyrt um tilfelli, sem hafa verið mislukkuð, en þar eru fleiri aðilar að verki en við. Við sjáum ekki þetta fólk, sem um er að ræða, eins og allir vita, sem kunnugir eru. En ég vildi geta þess í þessu sambandi, að örorka manna er mjög misjöfn og menn bera hana mjög misjafnlega utan á sér og sumir, sem virðast allfriskir og með fulla endingu fram undan, geta verið í raun og veru mjög illa haldnir. Þetta er það, sem veldur þeim mönnum, sem að þessu vandasama verki starfa, miklum örðugleikum og ekki sízt síðan farið var að taka verulegt tillit til ýmissa félagslegra aðstæðna, þar sem iðulega er byggt á upplýsingum frá einhverjum ráðamönnum í heimahéraði. Allt þetta veldur þeim mönnum, sem með þessi mál fara, miklum vanda, en ég held nú, að ég geti fullyrt, að þeir reyni að gera það bezta í þessu máli sem öðrum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

33. Úttekt á embættismannakerfi.

Á deildafundum 6. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um úttekt á ráðuneytum, ríkisstofnunum og embættismannakerfi [204. mál] (A. 396).

Á 50., 54., 55. og 56. fundi í Sþ., 17. marz, 6., 11. og 13. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Í fjarveru 1. flm., Ingu Birnu Jónsdóttur, hef ég tekið að mér að fylgja þessari þáltill. úr hlaði. Hún beinist að því að gera úttekt á ráðuneytum, ríkisstofnunum og embættismannakerfi. Hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til að kanna og gera úttekt á ráðuneytum, ríkisstofnunum og embættismannakerfi og gera tillögur til úrbóta. Verkefni nefndarinnar skulu vera m. a. eftirfarandi:

1. Að kanna hlutverk og verkaskiptingu ráðuneyta og ríkisstofnana.

2. Að rannsaka nýtingu vinnuafls og vinnubrögð í ráðuneytum og opinberum stofnunum í því skyni að auka vinnuhagræðingu.

3. Að taka til athugunar húsnæðismál ráðuneyta og ríkisstofnana. Sérstaklega skal kannað, hvort æskilegt sé, að hið opinbera gerist í æ ríkari mæli leigutaki hjá einkaaðilum í stað þess að reisa eigið húsnæði.

4. Að gaumgæfa, hvort ekki sé unnt að koma á auknu stjórnunarlýðræði við ráðuneyti og ríkisstofnanir, og í því sambandi, hvort ekki sé æskilegt, að forstöðumenn ráðuneyta og ríkisstofnana verði ráðnir til skamms tíma í senn.

5. Að finna leiðir til að veita almenningi greiðari aðgang að ráðuneytum og ríkisstofnunum."

Eins og hv. þm. mun nú vera ljóst af þessum lestri, er tekið hér á nokkuð stóru og viðamiklu máli. Því hagar svo til, að ég hygg, að flestir ef ekki allir stjórnmálaflokkar íslenzkir hafi drepið á ríkisbáknið í stefnuskrám

sínum og talið, að það ætti að draga úr því eða hafa stjórn á því. Hins vegar hefur þetta farið á þann veg, að flokkarnir hafa ekki sinnt þessu máli eða a. m. k. ekki treyst sér til þess að gera neitt, sem skipti verulegu máli.

Segja má, að þeir, sem vilja sem minnst ríkisafskipti, keppi sjálfkrafa að því að halda ríkisbákninu í skefjum, en svo eru líka til aðrir, sem telja eðlilegt, að ríkið hafi veruleg afskipti af ýmsum þáttum þjóðfélagsins, en fyrir þeim mönnum vakir það, að ríkisbáknið eða ríkiskerfið sé vel skipulagt og þar sé vinnuhagræðing og sparnaður engu að síður. Stjórnmálaflokkarnir vilja nokkuð það sama á ólíkum forsendum. Niðurstaðan er sú, að þetta atriði, í einu orði ríkisbáknið, er verðugt viðfangsefni, a. m. k. að það sé kannað, hvað unnt sé að gera til þess að auka vinnuhagræðingu og sparnað, og þó að hér sé kannske stefnt hátt, þá þykist flm. vita, að eitthvað ætti að vera unnt að fá út úr þessari könnun.

Um þau atriði, sem hér eru nefnd, skal ég fara nokkrum orðum. Það er fyrst og fremst, að rn. virðast vera nokkuð mismunandi uppbyggð. Sum rn. eru að verulegu leyti afgreiðslustofnanir, kansellístofnanir. Önnur rn. eru að verða í vaxandi mæli stefnumótandi stofnanir, sem ég tel mjög eðlilega þróun, og ég hygg, að einhver samræming ætti að vera milli rn. um þetta atriði. Einnig virðist mér starfslið sumra rn. vera með þeim hætti, að það sé nokkuð einhliða, og eins og þingheimi er kunnugt, þá má segja, að lögfræði sé algengasta menntun þeirra manna, fulltrúa, sem starfa í rn., og einmitt það mannval bendir sérstaklega í þá átt, að rn. hafi verið öðru fremur kansellí- eða afgreiðslustofnanir. Ég hygg, að vert væri fyrir þessa nefnd, sem hér er höfð í huga, einmitt að taka til athugunar þá spurningu, hvernig undirbúningsmenntun starfsmanna í rn. ætti að vera háttað, þannig að undirbúningsmenntun og nýting starfsmanna komi að sem beztum notum.

Þá vil ég minnast á vinnuhagræðingu. Það vita allir, sem koma í rn., eða a. m. k. virðist þannig, að sumir menn eru mjög önnum kafnir og á þeim hvíla mörg brýn úrlausnarefni, sem erfitt er að leysa, en minna er að gera hjá öðrum. Þetta segir sig sjálft. Og flytjendur þessa máls hafa hugboð um það, að gera mætti meira af því að færa þá vinnukraft milli stofnana eða dreifa vinnunni kannske með betra móti en nú tíðkast.

Þá kem ég að öðru, sem er mjög viðkvæmt mál og hefur lengi verið höfuðverkur margra ríkisstj. Það er það fyrirkomulag, að ríkisstofnanir flykkjast mjög í leiguhúsnæði, og virðist ekki unnt eða hefur ekki tekizt fram að þessu að stöðva þá þróun. Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn., ber fram fsp. um þetta í Sþ., sem ég tel mjög eðlilega og sjálfsagða, því að það hlýtur að leiða til mikils vanda fyrir ríkið, hvernig ríkisstofnanir þurfa sífellt að leigja hjá einkaaðilum, greiða kannske margra ára háa leigu fyrir fram og í vissum skilningi greiða húsnæði fyrir eigandann, en standa síðan á götunni eftir nokkur ár. Ég skal ekki fara nánar út í þessa sálma, en ég hygg, að það hljóti að vera verkefni fyrir ríkisstj. að reyna að taka þessi mál alveg frá grunni, brjóta þau til mergjar og gera einhverja áætlun um byggingu húsnæðis fyrir opinberar stofnanir.

Þá vil ég benda á stjórnunarlýðræði, sem breiðist æ meira út um þjóðfélagið í líkingu við skólalýðræði og atvinnulýðræði, sem vaxandi skilningur er á, og ég hygg, að ríkisvaldið ætti að ganga mjög á undan í þessu efni og reyna, hvernig sem það er unnt, að fá aðild starfsmanna um ákvarðanir í ýmsum stofnunum. Að vísu eru þessar stofnanir með ýmsum hætti, og þetta er misauðvelt, en mér segir svo hugur um, að það mætti víða fá meiri aðild starfsmannanna að stjórnun stofnananna. Um þetta eru að sjálfsögðu skiptar skoðanir, en ég tel það einsýnt, við skulum segja t. d. í sambandi við Handritastofnun Íslands, þar sem nú eru að koma ný lög um hana, að menn, sem vinna þar, hafi aðild að stjórn hennar. Ég hef alltaf verið hlynntur því í sambandi við Ríkisútvarpið, að reynt væri að fá neytendur eða fulltrúa þeirra og ég tala ekki um fulltrúa starfsmannanna í útvarpsráð. Mörg hundruð manns vinna hjá sjónvarpi og hljóðvarpi, og mér finnst sjálfsagt, að þessir stóru hópar hafi fulltrúa í útvarpsráði. A. m. k. hef ég miklu meiri skilning á því en þegar pólitísku flokkarnir fá eitthvert ákveðið eyrnamark inn í stjórn Ríkisútvarpsins. Og við ýmsar stofnanir mætti reyna að koma á starfsmannaráðum, sem yrðu þá aðilar að rekstri fyrirtækjanna eða stofnananna.

Þá kem ég að einu atriði, sem gerð er hér grein fyrir á bls. 2 í grg. Það er sá háttur, að ríkisstofnanir dragi sig ekki inn í skel sína, heldur séu opnar og aðgengilegar fyrir almenning. Við höfum nú heyrt ýmsar sögur um það, hvað almenningi gengur erfiðlega að fá tengsl eða samband við rn., og hefur hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, sagt ýmsar fróðlegar sögur af því efni.

Það er enginn vafi á því, að það má margt gera til þess að auðvelda almenningi aðgang að ríkisstofnunum og starfsmönnum þeirra, og ég hygg, að þetta sé ákaflega veigamikill þáttur til að brúa bil milli almennings og ríkisstofnana, þannig að ríkisstofnanir verði ekki einhvers konar skrímsli í augum almennings, sem almenningur fær þá óbeit á. Hér eru með öðrum orðum ýmis vandamál, sem má velta fyrir sér og eru stór og erfið viðureignar. Því skal alls ekki leynt. En flm. eru sannfærðir um það, að fáist dugandi menn og röskir til þess að taka á þessu máli, þá sé enginn vafi á því, að sá kostnaður, sem yrði af þessu, mundi margborga sig, og þá kæmi vafalaust fram sá vandi, sem við er að etja og Alþ. og ríkisstj. gætu síðan tekið föstum tökum á.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

34. Endurskoðun bankakerfisins.

Á deildafundum 6. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun bankakerfisins [207. mál] (A. 400).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50., 54. og 55. fundi í Sþ., 17. marz, 6. og 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það lætur að líkum, að eitt meginverkefni hins háa Alþingis er að betrumbæta það þjóðfélag, sem við lifum í. Allajafna hafa úrbæturnar nokkurn kostnað í för með sér, enda er það ljóst af störfum Alþ., að það fjallar mestmegnis um efnahagsmál eða a. m. k. eyðir mestum tíma í þau. Hins vegar virðist mér nokkuð á skorta, að Alþ. sinni þeirri skyldu sinni að hafa aðhald með ýmsum hlutum í þjóðfélaginu, sem því ber tvímælalaust skylda til.

Alþ. veitir mikið fé í ýmsar áttir, en virðist oft og tíðum láta sig ekki allt of miklu varða um nýtingu þess fjár. A. m. k. mætti ætla það. Eftirlitsstarf ætti að vera eitt verkefna hins háa Alþingis, með vinnubrögðum og framkvæmdum, með opinberum stofnunum, með rn. og því, sem hér um ræðir, bankakerfinu. Hins vegar er það ljóst, að Alþ. verður aldrei betra en þeir flokkar, sem sitja það.

Á þskj. 400 er lögð fram till. til þál. um endurskoðun bankakerfisins, og hljóðar hún svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefjast þegar handa um endurskoðun bankakerfisins í því skyni m. a. að vinna að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða og koma á vinnuhagræðingu og sparnaði í bankarekstrinum."

Grg. með till. hefst á nokkrum spurningum, og mér þykir ekki úrskeiðis að telja þær upp.

„Hvers vegna sitja stjórnvöld með hendur í skauti, á meðan bankakerfið blæs út? Hvers vegna fjölgar bönkum stöðugt og bankaútibúum? Hvers vegna rísa stórhýsi banka, á meðan ríkisstofnanir kúldrast í leiguhúsnæði? Hvers vegna eru bankaráðin óvirk? Hvers vegna hafa stjórnmálaflokkarnir skipt bankastjórastöðum við ríkisbanka á milli sín? Hvers vegna ráða í raun og veru miðstjórnir flokkanna í bankastjórastöður? Hvers vegna þiggja bankastjórar 13 mánaða laun? Hvers vegna hefur Seðlabanki Íslands stuðlað að því að sprengja upp lóðaverð í Reykjavík? Hvers vegna hefur Seðlabankinn seilzt inn á svið, sem honum voru ekki ætluð? Hvers vegna slagar starfsmannafjöldi Seðlabankans upp í starfsmannafjölda allra rn.? Hvers vegna hafa bankar, einkabankar jafnt og ríkisbankar, greitt lítil sem engin opinber gjöld?"

Hér eru margar og stórar fullyrðingar. En efast nokkur hv. þm. um það, að eitthvað sé til í þessum staðhæfingum? Flm. eru í raun og veru þeirrar skoðunar, að það sé óþarft að rökstyðja þessar fullyrðingar. Hins vegar krefst hefðin, að þessari þáltill. sé fylgt úr hlaði með nokkrum orðum.

Nú eru starfandi í landinu seðlabanki, sjö viðskiptabankar, þar af þrír í ríkiseign, 50—60 sparisjóðir og um 60 innlánsdeildir samvinnufélaga. Engin sameiginleg löggjöf er til um viðskiptabankana, heldur einungis sérlög, sem fela í sér að sjálfsögðu sjálfstæði bankanna, þótt þessi sérlög hafi að vísu verið að nokkru samræmd. Enginn efast um, að bankar og sparisjóðir eru nauðsynlegar stofnanir í hverju þjóðfélagi til að greiða fyrir verzlun og viðskiptum og efla atvinnulífið. Hins vegar þarf að sjálfsögðu að hafa trausta stjórn á bönkum eins og öðrum stofnunum, og í raun og veru er óvenjumikið í húfi, þar sem bankarnir eru fjármagns- og fésýslustofnanir, sem hafa áhrif á flesta þætti þjóðlífsins með lánastarfsemi sinni. En bankakerfið hefur þanizt út eins og fýsibelgur. Á síðasta áratug hefur útibúum fjölgað úr 21 í 54, og eru um 20 útibú í Reykjavík. Í þessum tölum birtist samkeppni bankanna. Þeim banka, sem ekki hefur lagt kapp á að stofna útibú, vegnar miður í útþenslukapphlaupinu. Stofnun útibúa getur því verið hagkvæm frá sjónarmiði einstakra banka, en ekki heildarinnar. Þarf ekki annað en að arka niður Laugaveg frá Hlemmtorgi og niður í Austurstræti til að sannfærast um algert stjórnleysi í þessum málum, og skal ég ekki fara að leiða þingheim niður Laugaveg. Þar eru sums staðar ekki nema 200—300 metrar á milli útibúa, og þannig er það víðar í bænum. Sé litið til bankaútibúa úti á landi, blasir sama stjórnleysið við. Tveir bankar á Ísafirði, þrír ef ekki fjórir í Keflavík, ef maður telur Landsbankann þar með, auk eins sparisjóðs.

Öllum má vera ljóst, að stofnun útibúa og dreifing þeirra um landið á ekki að ráðast af samkeppni einstakra banka, heldur heildarþörf þjóðfélagsins. Augljóst er, að hér þarf skipulagningu. Það vantar augljóslega samræmda heildarstjórn á fjármagninu. Það vantar samræmda heildarstjórn á sparifé landsmanna. En óhófleg og stjórnlítil fjölgun útibúa er aðeins einn þáttur þessa máls. Þessu fylgir að sjálfsögðu gífurleg fjárfesting í húsnæði, vélakosti og bindingu vinnuafls. Lauslega áætlað eru um 1200 manns starfandi í bönkum í Reykjavík og fer vaxandi ár frá ári. Það virðist vera furðu auðsótt mál að fjölga starfsfólki í bönkum, á meðan ýmsar aðrar opinberar stofnanir þurfa jafnvel ár eftir ár að knékrjúpa til þess að fá einn starfsmann í viðbót. Þar sem peningarnir eru, þar er getan. Bankahallirnar rísa nú óðum frá grunni og setja æ meiri svip á bæinn, og nú á næstunni á að koma hátimbrað „mónument" krónu og aura, hús Seðlabankans á Arnarhóli. Annars eru byggingarraunir Seðlabankans kunnar hv. þm., og skulu þær ekki raktar hér, en hitt má þó nefna í leiðinni, að sú saga hefur átt þátt í því að sprengja upp lóðaverð hérna í miðborginni.

Á meðan þessu fer fram, eykur hið opinbera stöðugt við sig leiguhúsnæði og sannar það enn, að þar sem bankarnir eru, þar eru peningarnir, þar er valdið og þar er getan. Leiguhúsnæði hins opinbera skal ég ekki fara nánar út í að sinni, en mun gera það lítillega í sambandi við þáltill., sem ég hef staðið að ásamt öðrum þm., um úttekt á embættismannakerfinu og stofnunum þess.

Með stofnun Iðnaðarbankans 1951, þar sem ríkissjóður á innan við helming hlutafjár, var farið inn á þá braut að veita honum mörg sömu réttindi og ríkisbönkum, m. a. skattfrelsi. Þessu var haldið óbreyttu, þegar Verzlunarbankinn og Samvinnubankinn og Alþýðubankinn komu til sögunnar. Gjaldeyrisbankar munu greiða fé til ríkissjóðs af gjaldeyristekjum sínum, sem mun láta nærri að vera, þ. e. greiðslan mun vera

um 70 millj. á ári. Samkv. hinum nýju lögum um tekjustofna sveitarfélaga greiða bankar vægast sagt harla ómerkilegan skatt eða landsútsvar, sem mun vera áætlað í heild um 5 millj. kr. Það segir sig sjálft, að það er fráleitt, að bankar skuli vera skattfrjálsir, en út yfir tekur, þegar um einkabanka er að ræða. Mér er ekki kunnugt um neina hliðstæðu í þessu efni á Vesturlöndum, en ég skal ekki segja, hvernig það er í Nígeríu.

Stjórnleysið í bönkunum opinberast einnig í sambandi við launagreiðslur. Þar á sér sú skemmtilega staðreynd stað, að þar eru greidd 13 mánaða laun, og væri vert af því að spyrja fjmrh. eða bankamálaráðh., — en það virðist nú ekki hægt, því að þeir eru fjarstaddir, — hvað þeir kalli í raun og veru 13. mánuðinn í almanakinu. En það mun vera byggt á þeirri forsendu, að hér sé um eftirvinnu að ræða. Hér er greidd sem sagt ómæld eftirvinna á sama hátt og fyrrv. fjmrh. gerði fyrir 1—2 árum handa nokkrum forstöðumönnum ríkisstofnana og valdi þá úr eftir sjálfsmati.

Ég ætla mér ekki þá dul að halda því fram, að bankastarfsmenn séu oflaunaðir, síður en svo. En að greiða sumum starfsmönnum banka fyrir vinnu, sem þeir vinna aldrei eða lítið, er ekki verjandi. Og það er raunar ósanngjarnt fyrir það starfsfólk bankanna, sem raunverulega vinnur þessa eftirvinnu. En er ekki líka eitthvað bogið við það að greiða 13 mánaða laun einmitt í þeim stofnunum, þar sem vinnuvikan mun líklega einna stytzt og nær að öllum jafnaði ekki 40 stundum? Síðan hefur þessi ósvinna fært sig um allan bankann og líka til bankastjóra, sem að auki fá greidd laun fyrir þá fundi, sem þeir sitja með bankaráði. Þá er ekki um eftirvinnu að ræða, sem félli undir 13 mánaða kaupið. Það virðist vera að nálgast 14. mánuðinn. Og loks fá bankaráðsmenn þóknun fyrir 13 mánuði.

En stjórnleysið ríður ekki við einteyming. Nú er verið að færa þessa vitleysu yfir í aðrar stofnanir í þjóðfélaginu. Efnahagsstofnunin sáluga hafði 13 mánaða laun á ári. Og nú er komið að Framkvæmdastofnun ríkisins, sem virðist eiga að telja 13 mánuði í árinu. Það er m. ö. o. að myndast tvöfalt launakerfi á vegum hins opinbera.

Og nú vaknar spurningin: Er ráðamönnum þjóðarinnar í raun og veru hulið stjórnleysið í bankakerfinu? Auðvitað ekki. En af hverju er ekki reynt að hafa frekari stjórn á því? Svarið er einfalt. Stjórnmálaflokkarnir hafa skipt bankakerfinu á milli sín, eftir óskráðum úthlutunarreglum skipta þeir bankastjórastöðum á milli sín. Og á meðan flokkarnir fá sinn hlut og tryggja sér aðstöðu í bankakerfinu, eru þeir ánægðir og allt er talið með felldu. Þess vegna vilja þeir óbreytt ástand. Bankakerfið er orðið eins konar tryggingakerfi gömlu, pólitísku flokkanna, þar sem iðgjaldið er aðgerðaleysið í ósvinnunni. Bankaráðin eru óvirk, að mestu sýndarráð, að vísu drekka þau kaffi öðru hverju, enda ráða þau ekki bankastjóra í reynd né hafa eftirlit með daglegri sýslu bankanna. En þetta er afleiðing af þeirri stjórnvizku að hafa tvöfaldan pólitískan topp í bönkunum, bankaráðin og bankastjórana. Áhugi hjá flokkunum á bankamálum birtist einkum, þegar ráða á í bankastjórastöðu og reyna þannig að tryggja sér aðgang að fyrirgreiðslu og lánum. Lengra nær áhuginn naumast.

Með þessu er ekki sagt, að einstakir bankastjórar misbeiti valdi sínu í þágu flokkanna. En það liggur í hlutarins eðli, að aðild flokkanna að skipun þeirra er þeim fjötur um fót, og hætt er við því, að flokkarnir vilji hafa eitthvað fyrir snúð sinn. Hvaða vit og jöfnuður er í því, að óflokksbundnir menn séu nánast útilokaðir frá bankastjórastöðum? Hvernig stendur á því, að menn, sem bindast ekki pólitískum flokkum, eru útilokaðir frá því að komast í vissar stöður í þjóðfélaginu? Auðvitað á að auglýsa stöðurnar og láta ekki miðstjórnir einstakra flokka pukra með þessar stöður.

Í þessu sambandi vil ég bæta því við, að ég hef engan skilning á því, hvers vegna flokkar, pólitískir flokkar, eru að troða mönnum með sínum eyrnamörkum inn í alls konar ráð, eins og útvarpsráð, þjóðleikhúsráð, stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar o. s. frv. Ég skal ekki fara frekar út í þá sálma. En allt ber að sama brunni. Hinir pólitísku flokkar kunna sér ekki hóf og reyna stöðugt að tryggja aðstöðu sína með hóflítilli bitlingapólitík, og um leið dæma þeir marga ágæta menn utan flokka frá ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu.

En hvað um það, bankakerfið er í ólestri, því verður ekki neitað. Það þarf aðhald og stjórn, sem Alþ. þarf að láta í té, og það er skylda Alþ. að grípa í taumana. Það þarf að sameina banka og koma á vinnuhagræðingu og sparnaði í bankarekstrinum. Þá banka, sem þyrfti að sameina, skal ég ekki fjalla um, en það hafa verið hafðar uppi tillögur um að sameina t. d. Búnaðarbankann og Útvegsbankann, Verzlunarbankann og Iðnaðarbankann o. s. frv. En þetta þarf athugunar við. Ég vil benda á, að í stjórnarsamningnum segir, að það eigi að endurskoða allt bankakerfið, þ. á m. löggjöf varðandi Seðlabankann og hlutverk hans, og vinna að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða. Til þess að þetta verði ekki dauður bókstafur í málefnasamningnum, hef ég talið rétt að knýja á, til þess að eitthvað verði úr orðum. Enginn vafi er á því, að mesti vandi núv. ríkisstj. er efnahagsmálin. Það er hin ofsalega verðbólga og þensla, sem á sér stað í þjóðfélaginu. Ég hygg, að sparnaður og endurskoðun á bankakerfinu væri athöfn, sem mundi vera mikilvægur þáttur í því að hamla gegn verðbólgunni. Og annað. Það gæfi þó almenningi traust á því, að stjórnin vildi gera eitthvað.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri, en ég vænti þess, að hv. alþm. veiti þessu máli stuðning. Ég legg til, að þessum umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er nú farið að gerast æ tíðara hér í þingsölum, að stuðningsmenn ríkisstj. gerast órólegri og órólegri með framkvæmdaleysi þessa málefnasamnings, sem birtur var, þegar stjórnin var mynduð. Ég hygg þó, að síðustu orð hv. 3. landsk. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, eigi eftir að verða til þess, að við eigum eftir að sjá það í ríkara mæli en við þó höfum séð fram að þessu, þann óróleika, sem hlýtur að verða innan stjórnarliðsins um framkvæmd stjórnarstefnunnar og stefnu ríkisstj., sérstaklega í efnahagsmálum. Hann var að enda við að lýsa því hér yfir sem sinni skoðun, að þegar eftir aðeins 9—10 mánaða setu ríkisstj. væri orðin ofsaleg verðbólga og ofþensla í þjóðfélaginu. Ég hygg, að öllum þm. sé það ljóst, hvert stefnir í þeim málum. Það hefur verið bent á það hér

áður á Alþ., að þetta hlyti að verða afleiðing þeirrar stjórnarstefnu, sem ákveðin var, þegar ríkisstj. var mynduð, og sem birtist í málefnasamningi ríkisstj. Nú eru stjórnarliðar þegar, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, farnir að boða það og sjá fram á það, að þetta er að ske. Þess er að vænta, að þeir menn, sem þegar sjá þetta og viðurkenna, geri þá eitthvað til þess að reyna að koma í veg fyrir og reyna að stöðva þessa þróun, sem þeir telja, að sé að verða, að óðaverðbólga sé að skapast í þjóðfélaginu. Ég vil minna þennan hv. þm. á það, að það var einmitt óðaverðbólga, sem varð síðustu vinstri stjórn að falli samkv. yfirlýsingu þáv. hæstv. forsrh., Hermanns Jónassonar, sem lýsti því hér yfir úr þessum ræðustól, að slík óðaverðbólga væri að skella á í efnahagsmálum þjóðarinnar, að hann yrði að biðjast lausnar, vegna þess að ríkisstj. hans sá enga leið til þess að komast út úr vandanum.

Nú virðist það vera, að stuðningsmenn stjórnarinnar sjálfir séu þegar eftir fáa mánuði farnir að gera sér það ljóst, að þetta sama er að endurtaka sig hjá þeirri vinstri stjórn, sem nú ræður, og ég verð nú að segja, að það spáir varla um langa lífdaga, ef þetta er að verða almenn skoðun innan stjórnarliðsins. Almenningur sér mjög fram á, hvað er að gerast, og er því ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem styðja ríkisstj., sjái það einnig.

En stjórnarliðum hefur vissulega gefizt tækifæri til þess að sýna í verki, að þeir vildu þá eitthvað spara eða eitthvað fara varlegar með útþenslu í ríkiskerfinu. Mjög var á það bent, þegar fjárlög voru hér samþykkt, að þau hlytu að leiða af sér, eins og að þeim var staðið með þeirri geysilegu hækkun, sem varð á þeim frá árinu áður, verðbólgu og ofþenslu í öllum efnahagsmálum þjóðarinnar. Hvorki hv. 3. landsk. þm. né aðrir stuðningsmenn stjórnarinnar vildu á þetta hlusta og samþykktu fjárlögin eins og þau voru lögð fram af hæstv. ráðh. með öllum þeim viðbótarhækkunartillögum, sem frá stjórnarliðinu komu, þannig að það situr nú kannske sízt á þeim mönnum, sem þannig hafa staðið að verki, að koma hér upp í ræðustól og þenja sig yfir því, að þessi þensla sé að verða að veruleika og eigi án efa eftir að hafa mjög alvarleg eftirköst, mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðina í heild. Ég tel, að það sitji sízt á þessum mönnum, sem vitandi vits hafa staðið að því að skapa þessa verðbólgu og þá verðþenslu, sem hann var að boða hér, að þegar væri skollin á í þjóðfélaginu.

Í sambandi við ríkisstofnanir og ofþenslu í þeim málum, þá vil ég minna þennan hv. þm. á að hann stóð að því ásamt öðrum þm. stjórnarliðsins að setja á stofn einhverja þá stærstu stofnun, sem Alþ. hefur lengi staðið að að setja á stofn, en það var Framkvæmdastofnunin, sem samþ. var hér á Alþ. fyrir s. l. áramót. Ef lög um þessa stofnun eru lesin, kemur það í ljós, að þar er vissulega ekki stefnt í sparnaðarátt. Þessari stofnun er ekki einasta gert að taka við nokkrum hluta af því, sem bankakerfið þá hafði með höndum, heldur á hún að taka að sér að skipuleggja ýmiss konar framkvæmdir í þjóðfélaginu, sem áður höfðu annaðhvort verið í höndum opinberra aðila eða einstaklinga, og gera margar fleiri ráðstafanir í sambandi við efnahagsmálin. Mig langaði nú að spyrjast fyrir um það hjá þessum hv. þm. eða hæstv. forsrh., hver kostnaður mundi verða miðað við ársgrundvöll af þessari ríkisstofnun. Það heyrast sögur um það, að hún hafi byrjað á því að leigja sér húsnæði, manni er sagt af ótrúlegri stærð, og verðið á þessu húsnæði er manni sagt, að skipti milljónum á ári og það hafi verið leigt af einstaklingi og því hafi fylgt, að greidd hafi verið tveggja ára leiga fyrir fram. Nú skal ég ekki segja um það, hvort þetta er rétt, sem maður heyrir þannig á skotspónum, en hér á Alþ. ætti að vera hægt að fá upplýsingar um það, annaðhvort hjá þessum hv. þm. eða hæstv. forsrh., sem þessi stofnun heyrir undir, og væri ákaflega fróðlegt og raunar nauðsynlegt fyrir þingheim að vita það, hvað þarna er að gerast, og þá jafnhliða, hver kostnaður af þessari stofnun muni verða á ársgrundvelli. Ef hægt er að sannfæra þm. um það, að þessi stofnun spari fé fyrir ríkissjóð, spari ríkisútgjöldin, þá hefði náttúrlega hv. síðasti ræðumaður efni á því að koma upp í ræðustólinn og þenja sig yfir þeirri þróun, sem á sér stað í þessum málum, og þeirri breytingu, sem hann hefur staðið að, að þarna væri gerð.

Hann sagði það hér áðan, sem ég hafði nú ekki heyrt, að einnig í þessari stofnun ætti að taka upp þetta 13 mánaða launakerfi. Hann fordæmdi bankana mjög fyrir það. Ég skal ekkert um það deila og ekkert um það segja. Þetta er kerfi, sem lengi hefur verið gildandi hjá ríkisbönkunum og sennilega öðrum bönkum einnig. En nú upplýsir hann það hér á Alþ., að þetta 13 mánaða kerfi eigi einnig að yfirfærast á Framkvæmdastofnunina. Ég hafði nú satt að segja ekki heyrt það, þannig að þetta voru nýjar upplýsingar fyrir mig. En það sýnir þá a. m. k., að það er ákaflega lítil viðleitni hjá þeim, sem ráða þessari stofnun, í sparnaði fyrir ríkið, ef á að innleiða þetta kerfi einnig þar.

Það er að sjálfsögðu gott tækifæri einmitt út af þeirri ræðu, sem hv. þm. flutti hér, að tala langt mál um efnahagsmálin, eins og þau eru nú að þróast, og hann hefur gert sér fulla grein fyrir, hvert stefnir í þeim málum. Ég ætla nú ekki við þessar umr. að fara að eyða tíma þingsins í það, en það kemur ábyggilega að því síðar meir og kannske fyrr en nokkurn varir, að hér gefst tækifæri til þess að ræða efnahagsmálin og þá stefnu, sem ríkisstj. markaði með málefnasamningnum, og þá þróun, sem er að leiða af þeim stjórnarsáttmála, sem þá var gerður. En erindi mitt hér í ræðustólinn var í og með það að fá upplýsingar um það frá þessum hv. þm. eða þeim ráðh., sem um það kunna að vita, hver sé stærð húsnæðis þess, sem Framkvæmdastofnunin hefur leigt sér. Hver eru leigukjörin? Er það rétt, að þar hafi verið um að ræða greiðslu á húsaleigu fyrir fram í tvö ár til einstaklings? Og hver munu verða heildarútgjöld hjá þessari stofnun eða hver mun heildarkostnaður hennar verða miðað við ársgrundvöll?

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. úr hófi fram. Það er sjálfsagt margt hægt að segja um það, sem hv. 3. landsk. þm. lét orð um falla hér í framsöguræðu fyrir þessari till., sem nú liggur hér fyrir hv. Alþ. Ýmislegt þarf sjálfsagt að skoða í bankakerfinu. Það er með bankakerfið eins og með aðra mannlega starfsemi, að þar er ýmislegu áfátt. En erindi mitt hingað í pontuna var að gera að umtalsefni framkvæmdastofnunarlögin, sem var fyrsta verk núv. ríkisstj. að samþykkja hér á Alþ., eftir að það kom saman í

haust, og spyrja hv. 3. landsk. þm., hvort það sé misskilningur hjá mér, að hans flokkur og hann sjálfur hafi greitt atkv. með þessum lögum. Í þessum lögum er kveðið svo á, að þessari stofnun skuli stýrt af þrem framkvæmdaráðsmönnum, sem hafa hlotið nafnið kommissarar, og það er opinbert leyndarmál, að hver stjórnarflokkur réð einn af þessum mönnum. Hér er um að ræða vinnubrögð, sem eru jafnvel enn þá verri en þau, sem hv. 3. landsk. þm. var hér að hallmæla svo mjög og hafði þung og stór orð um. Hér er eingöngu um að ræða stjórnarflokkana, og allir landsmenn, sem þurfa að sækja undir þessa stofnun, þurfa að bera sín mál upp við þessa menn, sem eru valdir pólitískt af þrem stjórnarflokkum. Ég vil spyrja hv. þm., hefur hans flokkur ekki lagt blessun sína yfir þessi vinnubrögð með því að samþykkja þessi lög? Það held ég. Og það er einnig í þessari stofnun sjö manna stjórn, sem er hliðstæð bankaráðunum. Hvernig má það vera, að það sé svo sérstakur glæpur, að það séu bæði bankastjórar og bankaráð í bönkunum, ríkisbönkunum, en það sé alveg ljómandi gott, að hliðstætt sé að farið í Framkvæmdastofnuninni? Ég vil gjarnan fá upplýst hjá hv. þm., hvort hann lítur svo á, að hans flokkur hafi tekið á sig ábyrgð á þessum vinnubrögðum, sem viðgangast í bankakerfinu, með því að samþykkja þessi lög eða ekki.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi lýsa yfir stuðningi mínum við það, að bankakerfið sé endurskoðað. Í öðru lagi og fyrst og fremst kom ég hér upp til þess í og með að taka upp hanzkann fyrir bankastarfsmenn, sem mér fannst ekki alveg fráleitt, að frsm. fyrir till. sneiddi örlítið að, og þó held ég, að hafi ekki verið ætlun hans nema að litlu leyti. Ég vil upplýsa það, er hann var að tala um, að starfstími eða dagleg vinna bankastarfsmanna væri það stytzta, sem þekktist, en ég veit ekki annað en að það sé svipaður vinnutími í bönkum og yfirleitt hjá opinberum starfsmönnum, þ. e. að vinna hefst kl. 9 á morgnana og stendur til 5 síðdegis með venjulegum matmáls- og kaffihléum.

Hins vegar er það svo, a. m. k. í mörgum deildum aðalbankanna og ugglaust í öllum útibúum bankanna, að það er engan veginn hægt að ljúka daglegri vinnu á þessum tíma, og í staðinn fyrir að greiða þetta eftir einhverri sérstaklegri, nákvæmri reglu, yfirvinnuna, hefur sá háttur lengi tíðkazt í bönkunum að greiða þessa yfirvinnu með svokölluðum 13. mánuði. Þetta finnst ýmsum broslegt, og ég skal ekkert segja um það, hve skynsamlegt þetta er, en þetta er gömul regla, sem lengi hefur gilt, og þarf ég ekki að hafa um það fleiri orð. Hitt er rétt hjá frsm., að sumir starfsmenn munu ekki vinna ýkja mikla yfirvinnu, vegna þess að þannig háttar þeirra starfi, en ég fullyrði, að mjög margir bankastarfsmenn verða að leggja á sig mikla yfirvinnu, sem þeir fá ekki greidda nema á þennan hátt, þ. á m. held ég, að séu einmitt bankastjórarnir margir og útibússtjórarnir. Þeir verði að leggja á sig verulega yfirvinnu, sem aldrei er reiknuð á annan hátt en þennan.

Ég sagði áðan, að ég vildi lýsa stuðningi mínum við það, að bankalöggjöfin væri endurskoðuð, og til gamans og fróðleiks fyrir þá, sem vilja kynnast mínum skoðunum um þetta, vil ég upplýsa, að fyrir tveim árum hafði ég einmitt sett saman þáltill. um þetta mál, og ég ætla að leyfa mér að lesa hana hér og grg., en ég tek það fram, að þetta eru hugleiðingar mínar sem einstaklings og ef einhver vildi fóta sig á þeim til að skjóta á minn flokk, þá er það ástæðulaust og tilefnislaust, en þannig var till.:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj., að hún feli fimm sérfróðum mönnum að endurskoða og endursemja bankalöggjöf landsins og skuli því verki vera lokið fyrir næsta reglulegt Alþ. Endurskoðunin og endursamning bankalöggjafarinnar hafi að höfuðmarki að gera bankastarfsemina einfaldari og ódýrari í rekstri, bankar séu þjónar, en ekki herrar þjóðarinnar og ríkisvaldsins. Í þriðja lagi að móta útlánastarfsemi ákveðnar starfsreglur. Í fjórða lagi að tryggja og auka hagsmuni sparifjáreigenda gagnvart verðrýrnun peninga. Í fimmta lagi að stemma stigu við óhófi og eyðslu bankanna, hvað húsnæði þeirra og starfsaðstöðu snertir, og í sjötta lagi að afnema bankahlutafélög, þ. e. að aðeins ríkisbankar séu leyfðir og þeim ekki fjölgað frá því, sem nú er, eða jafnvel fækkað."

Þetta er öllu róttækara en hv. frsm. var með, en það er skoðun mín, að það hafi verið hið mesta glappaskot, hvaða flokkar sem að því hafa staðið, þegar bönkunum var fjölgað.

Og síðan er grg. á þessa lund, og ég les hana vegna þess, að hún skýrir enn fremur hugsanir mínar og skoðanir á þessum málum. Hún var þannig:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, að starfsemi banka hérlendis hefur hlotið allmikla gagnrýni. Sérstaklega hafa útlán þeirra legið undir gagnrýni og íburður þeirra um eigið húsnæði, þegar fjárþröng hefur þó þjakað þjóðarbúið. Þá blandast fáum hugur um, að bankakerfið er orðið óhóflega viðamikið í ekki stærra þjóðfélagi, og enn finnst mörgum, að bankarnir séu orðnir ríki í ríkinu, sérstaklega Seðlabankinn. Nú vita allir, að hvorugt er gott, að bankastofnanir séu of ráðríkar né of vanmáttugar innan þjóðfélagsins. Þar þarf að vera hið gullna en vandfundna meðalhóf á. Ofurvald Seðlabankans og valdaleysi viðskiptabankanna eða skortur á fastri samræmdri stjórn þeirra undanfarin ár gefur tilefni til athugunar og endurskoðunar á valdaaðstöðu bankakerfisins. Fáum mun blandast hugur um, að það hafi ekki gefið góða raun að fjölga bönkum, svo sem gert hefur verið með tilkomu Verzlunar-, Iðnaðar- og Samvinnubankans."

Þetta er samið, þegar Alþýðubankinn var ekki tilkominn, en persónulega bæti ég honum hér við.

„Óheppileg og ábyrgðarlítil samkeppni hefur skapazt um sparifé landsmanna, en sú samkeppni leitt til aukinnar útlánastarfsemi úr skynsamlegum farvegi. Stjórn á útlánastarfsemi má tvímælalaust gera ábyrgðarmeiri og hlutdrægnisminni í fáum bönkum en mörgum, með því einu að fjölga þeim í hverjum banka, sem með útlánavaldið fara. Loks er svo að hugleiða þann vanda og þá skyldu, sem þjóðfélaginu ber að leysa og bera, að tryggja sparifjáreigendum raungildi innlánsfjár síns, svo að þeir geti óhræddir falið bönkunum sparnað sinn, en slíkt er undirstaða heilbrigðrar og áhrifaríkrar bankastarfsemi, að sparifé landsmanna streymi í gegnum þá, en ekki utan þeirra. Að landsmenn finni það á eigin fjárhag, að það borgar sig að eignast innstæðu í banka."

Við þessar hugleiðingar vil ég svo bæta því, að þetta hefur enn farið úrskeiðis, það, sem ég legg hér síðast

áherzlu á, að fjármagnið streymi í gegnum bankana, en ekki fram hjá þeim. Ríkissjóður hefur í æ auknum mæli farið inn á þá braut að gefa út svokölluð spariinnlánsskírteini og þannig dregið út úr bönkunum sparifé og hindrað það, að viðskiptabankarnir gætu rekið skynsamlega útlánapólitík. Við þetta hefur svo bætzt það, sem nýverið hefur gerzt, þ. e. happdrættislánið til hringvegarins, sem ég skal alls ekki lasta sem framkvæmd, en fjármagnsaðferðina tel ég ekki hafa verið skynsamlega. Og svo það, sem kannske kórónar þetta þó, eru þau tíðindi, sem verið er að boða okkur alveg nýverið, þessir ágætu ríkissjóðsvíxlar, sem á að fara að gefa út.

Fleira ætla ég ekki að segja á þessu stigi málsins, en ég endurtek það, að ég tel ágætt, að það sé komin fram í Alþ. till. um, að bankakerfið verði allt endurskoðað.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessa till., en vildi aðeins taka það fram, að ég er alveg samþykkur meginefni þessarar till., því, að bankakerfið skuli endurskoðað, og vil minna á, að það er einmitt mælt svo fyrir í málefnasamningi ríkisstj., að þetta skuli gert, og mér er óhætt að segja, að við það ákvæði málefnasamningsins verður staðið, bankakerfið mun verða tekið til endurskoðunar, og er ekkert við því að segja, þó að það sé ekki allt gert á einum degi. Það verður eðlilega að taka sinn tíma og hafa sinn aðdraganda, að ýmsu því sé komið í framkvæmd, sem fyrirheit hefur verið gefið um í málefnasamningi ríkisstj. Þetta er í rauninni höfuðatriðið í því, sem ég vildi segja um þetta. Það eru svo ýmis aukaatriði, sem koma fram í grg. með þessari þáltill. og reyndar kom einnig fram í ræðu hv. flm., sem skiptar skoðanir geta verið um.

Ég skal ekki fara langt út í það. Ég tel, að það þjóni engum tilgangi að hefja langar umr. um þau atriði. En ég vil þó aðeins taka fram, — og þá sumpart vegna þess, hvernig mér finnst andinn í þessari grg. vera, þar sem býsnazt er yfir fjölgun banka og reyndar bankaútibúa, — að það hefur enginn banki verið settur á stofn hér á Íslandi án þess að Alþ., — án þess að löggjafinn — hafi samþ. það. Það er þess vegna alveg ástæðulaust að vera að láta að því liggja, að stjórnarvöld eða framkvæmdarvaldshafar hafi þar átt hlut að.

Um bankaútibúin er hins vegar það að segja, að þar er það Seðlabankinn, sem þarf að veita leyfi til, að þau séu sett á stofn. Það má þá skrifast á hans reikning. Ég hygg aftur á móti, að ef það mál er skoðað niður í kjölinn og athugað e. t. v. eilítið út frá öðrum forsendum en þeim, sem mér virtust koma fram hjá hv. flm., þá sé það nú ekki alveg jafnaugljóst, hvernig á að líta á þau mál, eins og hann vildi vera láta. Sjálfsagt má segja það, að á ýmsum stöðum, þar sem upp hafa risið tvö eða fleiri bankaútibú, sé það óeðlilegt, en á hitt vil ég benda, að fyrir fólkið, sem býr úti á landsbyggðinni, á hinum ýmsu stöðum, þá er það engan veginn lítilsvert atriði, að þar sé fyrir hendi peningastofnun. Það má vel vera, að það mætti hugsa sér eitthvert annað fyrirkomulag á því en að hafa útibú frá bönkunum. En ég hygg, að flestir muni telja, að það sé ekki lítilfjörlegt hagræði fyrir fólkið, sem býr víðs vegar um landið, að hafa hjá sér peningastofnun og það geti jafnvel verið hugsanlegt, að ég held, að slíkt örvi til sparnaðar, að menn leggi frekar inn peninga sína í þá stofnun, sem er hjá þeim, en ef þeir þyrftu að senda það allt suður í Reykjavík í einhvern aðalbanka. Án þess að ég ætli að fara að taka upp nokkra vörn fyrir fjölgun útibúa, þá held ég, að það verði að hafa svona ýmis atriði í huga í sambandi við það og að ekki megi líta á það of þröngsýnum augum. En áreiðanlega er eitt atriði, sem kemur og á að koma til greina í sambandi við endurskoðunina á bankakerfinu, þ. e. athugun á sameiningu á bönkum, og þá tek ég undir það líka. Það stingur einmitt oft í augu, að það séu kannske á tiltölulega litlum stöðum tvö eða fleiri útibú. Ég er því sammála.

Hér var áðan líka vikið að því, að mér skildist sem heldur óheppilegri þróun, að það væri farið inn á og hefði verið farið inn á á undanförnum árum útgáfu spariskírteina og með því dregið fé frá bönkunum. Þannig má líta á þetta, en ég held, að markmiðið með útgáfu spariskírteina sé auðvitað öðrum þræði að útvega fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda, en öðrum þræði held ég, að það hafi verið meiningin með því að örva til aukins sparnaðar. Það held ég, að hafi tekizt að einhverju leyti, því að ef menn setja lausafé sitt í þannig bréf, þá er betur tryggt, að það verði ekki tekið og sett í einhvers konar eyðslu, en ef það er í banka, þar sem auðvelt er að taka innstæðu út, oftast nær hvenær sem er. Ég held, að það verði líka að hafa þetta í huga í sambandi við útgáfu spariskírteinalánanna, og ég vil alls ekki undirskrifa það, að það sé óheppileg pólitík að hafa farið inn á þá braut, og ég vil alls ekki undirskrifa það, að það sé óheppileg pólitík að fara meira inn á þá braut en gert hefur verið að undanförnu.

Það eru nú settar fram ýmsar spurningar í upphafi grg. með þessari þáltill. Ég held, að það sé rétt, eins og hv. flm. komst að orði í framsöguræðu sinni, að þar væri um staðhæfingar að tefla frekar en spurningar, og má nú sjálfsagt segja, að sumar þær staðhæfingar séu nokkuð vafasamar, en alveg er ég sammála þeirri skoðun, sem kom fram hjá hv. flm., að ríkisstofnanir þyrftu að gera meira að því að byggja yfir sig í stað þess að kúldrast í leiguhúsnæði, eins og hann segir. Ég vænti þess, að hv. alþm. séu margir fleiri sama sinnis og hv. flm. og það standi ekki á stuðningi þeirra við það, að ríkisstofnunum, já, jafnvel sjálfu stjórnarráðinu, sé gert kleift að byggja yfir sig og þurfi ekki til frambúðar að vera í leiguhúsnæði. Ég álít það ákaflega óheppilega skipun, og ég álít, að það þurfi að breytast og mun styðja það af heilum hug.

Svo vil ég líka aðeins drepa á eitt atriði, sem hefur komið fram og kemur óbeint fram í þessari þáltill., kom reyndar fram líka hjá hv. ræðumanni hér áðan, þegar hann var að tala um Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég vil aðeins víkja að því, því að ég er alveg á öndverðum meiði við þau sjónarmið, sem virtust koma fram. Það er talið óeðlilegt, að Alþ., eða ef menn vilja heldur orða það svo, flokkarnir, sem virðast vera einhver svartur skuggi, sem ekki megi nefna, eigi fulltrúa í bankaráðum. Já, og fulltrúa í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég tel þetta heilbrigt, hef alltaf talið það heilbrigt. Ég tel, að löggjafarsamkoman, fulltrúar þjóðarinnar, þeir eigi beinlínis að eiga fulltrúa, sem geta haft aðstöðu til að fylgjast með þessum stofnunum og hafa áhrif á starf þeirra og rekstur. Ég álít þetta svo þýðingarmiklar stofnanir, stofnanir, sem fara með svo mikil

völd, sem m. a. fara með svo mikinn þátt fjárstjórnar, sem á eftir okkar stjórnskipunarkerfi fyrst og fremst að vera í höndum Alþ., að ég álít það eðlilegt, að Alþ. hafi með þessum hætti hönd í bagga með þessum stofnunum. Hitt er svo annað mál, hvort þessi bankaráð hafa verið nægilega virk. Um það verð ég að segja það, að þá verða þeir flokkar að eiga það að einhverju leyti við sína fulltrúa í þessum ráðum. En ég gæti ekki fellt mig við það, að það væru bara ráðnir þarna embættismenn, bankastjórar, sem ættu að fara með efstu stjórn og endanlega stjórn þessara stofnana, án þess að þeir hefðu sér við hlið og yfir sér eitthvert ráð, sem gæti litið til með þeim, og eins og ég hygg, að hafi komið fram hjá mér, þegar ég ræddi um Framkvæmdastofnun ríkisins á sínum tíma og mælti fyrir henni, þá réði hjá mér alveg sama sjónarmið um uppbyggingu á þeirri stofnun. Ég áleit, að það væri sjálfsagt, að Alþ. hefði einmitt hönd í bagga með stjórn þeirrar stofnunar á þann hátt, að það kysi henni stjórn. Það væri eðlilegt. Ég er þeirrar skoðunar, að það megi enn fjölga þessum ráðum. Ég er þeirrar skoðunar, að það séu ýmsar ríkisstofnanir hér, sem hefðu gott af því, að sett væri yfir þær þvílíkt ráð, þingkjörið ráð, sem fylgdist með starfsemi þeirra.

Ég álít það einmitt meginhlutverk Alþ. að tryggja það, þegar settar eru á fót ríkisstofnanir, sem er falið að fara með mikið vald, að Alþ. geti fylgzt með þeirra starfsemi, ríkisstofnun, sem kannske er veitt einkasala eða einkaréttur á einhverjum ákveðnum sviðum. Það er ekki óeðlilegt, að fólkið eigi þar sína fulltrúa í stjórn, þó að með þessum hætti sé.

Ég heyrði því miður ekki fsp., sem fram var borin af hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni. Mér er sagt, að hann hafi haft áhyggjur út af væntanlegu húsnæði Framkvæmdastofnunar ríkisins, það mundi verða of stórt. (Gripið fram í.) Já, ég hef nú ekki við höndina neinar tölur og get ekki svarað spurningunni að því leyti til, en ég hygg nú, að það sé alveg óþarft fyrir hv. þm. að hafa andvökunætur af því, að það verði svo óhóflega mikið í borið í þeim efnum, og í ekkert nýtt húsnæði er Framkvæmdastofnunin komin enn. Það er nú setið í því húsnæði, sem þessar stofnanir, sem sameinaðar voru, höfðu áður. Enn fremur vil ég benda þessum hv. þm. á það, að áreiðanlega verður ákvörðun um húsnæði þessarar stofnunar borin undir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og endanleg ákvörðun þar um tekin af henni. Þess vegna vil ég benda honum á að snúa sér til þeirra fulltrúa, sem flokkur hans á í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, og bæði leita eftir upplýsingum um þetta þar og leggja að þeim að standa vel á verði í þessu efni, og auðvitað gildir sama um húsnæði Framkvæmdastofnunar ríkisins eins og um húsnæði annarra ríkisstofnana. Ef þær taka slíkt húsnæði, verða þær að sækja um það og fá leyfi til þess hjá nefnd, sem sett er á stofn lögum samkvæmt, og Alþingi á hlut í, nefnd, sem kölluð er á vondu máli bremsunefnd, og ég veit ekki betur en að það sé formaður eða fulltrúi frá fjvn., sem á sæti í þeirri nefnd. Þótt ég hafi ekki alveg þau lög í huganum, sem um þetta fjalla, þá geri ég ráð fyrir því, að það sé nokkurn veginn sjálfsagður hlutur, að slík ríkisstofnun sem Framkvæmdastofnunin verði að lúta að þessu leyti sömu lögum og aðrir og verði að fá samþykki þessarar nefndar til slíkra ráðstafana.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þessa till. Þessar aths., sem ég hef sett hér fram, má auðvitað ekki skoða sem nein andmæli við þeirri meginstefnu, sem felst í þessari þáltill. Eins og ég sagði, er ég alveg sammála þeirri meginhugsun, sem í henni felst.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að færa hæstv. forsrh. þakkir fyrir það, hversu vel hann tók undir þá meginhugmynd, sem kemur fram í þáltill. Það er að sjálfsögðu meginatriðið. Hins vegar vænti ég þess, að hann virði mér til vorkunnar, þó að ég flytji þetta þrátt fyrir það, að það standi í málefnasamningnum, vegna þess að þingheimur gerir sér ljóst, að þetta er ólítill vandi við að fást. Einnig vil ég þakka hv. 1. landsk. þm. fyrir góðan skilning og undirtektir við þetta mál. Það var kannske eitt smáatriði, að hv. þm. taldi, að hefði komið fram hjá mér kannske einhver misskilningur eða ónákvæmni í sambandi við starfstíma bankastarfsmanna, og má vel vera, að það sé rétt. Hins vegar var það að sjálfsögðu ekki ætlun mín, heldur hitt, að vekja athygli á því, hversu undarlega væri með þessi mál farið, og ég hef ekki sannfærzt um það, að eðlilegt sé að greiða jafnvel fólki, sem vinnur kannske ekki mikla eftirvinnu, ómælda eftirvinnu, í samanburði við vinnu þeirra, sem skila svo mikilli vinnu, að það er sanngjarnt að greiða þeim heil mánaðarlaun í viðbót. Ég vil taka það skýrt fram, að það er alls ekki ætlun mín að telja, að bankastarfsmenn séu oflaunaðir, síður en svo, heldur mætti hafa þar annað fyrirkomulag á.

Að öðru leyti vil ég þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir. Hins vegar verð ég að segja það, að tveir hv. stjórnarandstæðingar tóku til máls og ræddu ekkert um þáltill., og má þá heita, að þeir séu ekki svara verðir. Reynt var að gera málflutning þennan, sem ég hef uppi, ómerkan með því að benda á, að ég hafi eða minn flokkur, stutt stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins. Í fyrsta lagi er þetta heldur ómerkilegur málflutningur, því að í stað þess, að þessir hv. þm. hefðu átt að ræða um, hvort þörf væri á endurskoðun bankakerfisins, þá er reynt, eins og ég sagði áðan, að gera þetta mál ómerkilegt með útúrsnúningum, en ég vil í þessu sambandi benda á, að ég greiddi ekki því atkv., að þrír yrðu kommissarar Framkvæmdastofnunarinnar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ekki verður það nú sagt, að hv. 3. landsk. þm. sé neitt stór í sér eða stórbrotinn, þegar hann kemur hér í ræðustól og flytur hæstv. forsrh. þakkir fyrir það, sem hann sagði hér. En það var nú aðallega það, að þetta stæði í málefnasamningnum og það mundi verða framkvæmt, þegar hann teldi það tímabært. Hins vegar sagði hæstv. forsrh. annað, sem ég hygg nú, að hv. þm. hljóti að hafa tekið eftir. Hann sagði, að fullyrðingar þessa hv. þm. væru mjög vafasamar. Ég hygg nú, að þetta sé nægjanlegt til þess að slá botninn úr öllum þeim stóryrðum, sem hv. þm. hafði hér áðan í sambandi við þetta mál í framsöguræðu sinni og þurfi ekki að ræða það frekar, því að þetta er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði. Ég hygg, að bæði það, sem þessi hv. þm. sagði nú og hefur reyndar oft sagt hér áður við ýmis tækifæri, að ýmsar fullyrðingar hans séu vægast sagt mjög vafasamar.

Hann sagði, að við værum ekki svara verðir, vegna þess að við hv. stjórnarandstæðingar, sem hérna tókum til máls, ég og hv. 5. þm. Norðurl. e., við hefðum ekki

rökrætt efni till. En hann gaf sannarlega sjálfur tilefni til þess í ræðu sinni, að farið væri út í aðra sálma, þegar hann er að gagnrýna nákvæmlega það sama sem hann hefur staðið að hér sjálfur á Alþingi að samþykkja, en það var í sambandi við Framkvæmdastofnunina. Hv. 5. þm. Norðurl. e. rakti það rækilega, að fyrirkomulagið á stjórn þeirrar stofnunar, sem þessi hv. þm. samþykkti hér fyrir áramót, væri nákvæmlega það sama og á yfirstjórn bankanna. Þar er sjö manna stjórn, og þar eru þrír undirmenn, sem samsvara bankastjórum, en eru bara kallaðir kommissarar í þessari stofnun, þannig að það fer ekkert á milli mála, að það þýðir náttúrlega ekki að vera að gagnrýna það, sem maður samþykkir sjálfur og nær fram að ganga á Alþ. Það er alveg út í hött hjá þessum hv. þm. og sýnir það, sem hæstv. forsrh. sagði, og staðfestir, að það ber að taka allar hans fullyrðingar með mjög mikilli varúð.

Ég beindi tiltekinni spurningu til þessa hv. þm. eða hæstv. forsrh., og hæstv. ráðh. sagðist ekki hafa þessar tölur sem ég bað um, á reiðum höndum. Við því er ekkert að segja. Ég ætlaði að spyrjast fyrir um þetta, en ég hélt nú satt að segja, að yfirmaður þessara mála, efnahagsmálanna, þar sem hér er um stórt mál að ræða eins og Framkvæmdastofnunina, að hann hefði nú eitthvað fylgzt með því og eitthvað vitað um kostnaðarhliðina á málinu, því að þetta hlýtur að skipta milljónum, ef ekki tugum milljóna, þannig að maður hefði ætlað, að hæstv. forsrh. hefði nú vitað um þetta. Hann hafði þá venjulegu aðferð, sem hér hefur oft verið beitt áður, að benda okkur á að snúa okkur til eins eða annars til að fá upplýsingar. Ég hef ekki aðstöðu, vegna þess að ég get ekki aflað mér þessara upplýsinga. Ég vil bara knýja hér fram á þingi frá þeim aðila, sem ekki verður vefengdur, sem er sjálfur hæstv. forsrh., hvað sé rétt í málinu. Ég vil kannske ekki fara eftir því, sem maður heyrir í bænum! Ég vil ekkert vera að hafa eftir fulltrúum, sem flokkurinn hefur kosið í stjórnir eða nefndir. Þm. eiga kröfu á því, að yfirmenn þeirra málaflokka, sem undir þá heyra, upplýsi þingheim um bæði kostnaðarhlið og það, sem kann að verða spurt um í sambandi við málið. Þetta tel ég, að við eigum alveg skýlausa heimtingu á, og ætlast til þess, að hæstv. forsrh., ef hann verður spurður um það síðar við annað tækifæri, sem ég efast ekki um, að muni gefast, hafi þessar tölur á reiðum höndum og þær komi hér inn í skjöl Alþingis.

Ég skal nú ekki fara að karpa við hv. 3. landsk. þm. um þessi mál frekar og tel þess ekki þurfa með, því að hæstv. forsrh. hefur gefið honum þá áminningu, sem honum dugir alveg í sambandi við málflutning sinn, að það sé ákaflega lítið að marka það, sem hann kemur með hér á Alþ.

Ég hefði nú kannske vænzt og haldið, að hæstv. forsrh. kæmi eitthvað inn á það, sem ég ræddi hér, en það var það, sem hv. 3. landsk. þm. upplýsti okkur um. Hann nefndi nú ekki orðið óðaverðbólga, en hann sagði, að öll efnahagsmálin væru að fara úr skorðum. Hans orð lágu beint til þess. Þetta er nákvæmlega það, sem ég sagði áðan. Þetta eru að heita má nákvæmlega sömu orðin og hæstv. forsrh. fyrrv. vinstri stjórnar viðhafði, þegar hann sagðist sjá sig tilneyddan til að segja af sér og slíta stjórnarsamstarfi. (Gripið fram í.) Ég þarf nú satt að segja að vekja athygli hæstv. forseta á því, hvort ekki þurfi að skoða heilsufar þessa hv. þm. Í hvert einasta skipti, sem hann kemur inn í umr., ég vil segja, að það gildi um flest mál og hefur verið sérstaklega áberandi í sambandi við varnamálið, þá virðist hann eiga ákaflega erfitt með að sitja kyrr í sæti sínu. Hann iðar þar allur og tifar og kallar fram í, og mér sýnist hann satt að segja haga sér ákaflega líkt og óþekktarstrákur, sem ekki getur setið kyrr í sæti sínu, vegna þess að hann er búinn að bleyta stólinn, sem hann situr í.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól að þessu sinni var nú eingöngu það að undirstrika, að í byrjun ræðu minnar hér áðan tók ég svo til orða, að það væri sjálfsagt að endurskoða bankakerfið. Allt íslenzkt þjóðlíf er í mótun, og við þurfum að endurskoða og endurskoða alla mögulega hluti. Annars er hætt við stöðnun, og ég held, að enginn hv. þm. sé á móti því að endurskoða hlutina.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, fyrst ég er kominn hér í ræðustól, að það er eitt atriði í sambandi við þessa þáltill., sem mér finnst dálítið merkilegt og lýsir stefnubreytingu af hálfu hv. stjórnarsinna hér á Alþ., og það er það, að nú eru þeir farnir að flytja þáltill. um efni, sem stendur í stjórnarsamningnum. Þetta átti að vera óalandi og óferjandi hér í haust í byrjun þings. Þegar við stjórnarandstæðingar vorum að reyna að flytja till. um hin og þessi mál, sem drepið var á í stjórnarsamningnum, þá komu hér bæði ráðh. og stjórnarsinnar í pontuna og lýstu vanþóknun sinni á þessu athæfi okkar, því að þetta stæði í málefnasamningnum og enginn gæti efazt um, að það yrði framkvæmt. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni yfir þessari stefnubreytingu, sem orðin er. Nú geta menn gengið að því vísu, að þeim verður ekki svarað þannig hér eftir, að það sé óþarfi að minnast á ein eða önnur mál, vegna þess að þau standi í stjórnarsamningnum.

Svo vil ég aðeins árétta það, sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni, að ég tel, að í ræðu hv. 3. landsk. þm. hafi hann ráðizt allharkalega á það, sem hann hefur áður bæði í blöðum og opinberlega kallað pólitíska spillingu, þ. e. hvernig farið er að því að kjósa í bankaráð og hvernig farið er að því að velja bankastjóra íslenzka bankakerfisins. Þetta hefur hann í ræðu og riti sagt, að væri pólitísk spilling. En ég var að benda honum og flokksmönnum hans á það, að þeir hafi ekki verið fyrr setztir á Alþ. en þeir hefðu gert slíkt hið sama og meira að segja bætt gráu ofan á svart með því að taka upp þessi vinnubrögð og bæta ýmsum ágöllum við, því að ríkisstj. á að skipa svokallað framkvæmdaráð. Og það er ríkisstj. ein, sem gerir þetta. Það eru stjórnarsinnar, sem sitja þar, þrír kommissarar, valdir sinn úr hverjum þingflokki, sem styður ríkisstj. Þetta er að mínum dómi margfalt meiri pólitísk spilling en þau vinnubrögð, sem hafa verið viðhöfð í sambandi við val á bankastjórum, ef að því hefur mátt finna.

Ég benti líka á það, að hv. þm. hefði gagnrýnt harkalega, hvernig valið er í bankaráðin. Hæstv. forsrh. hefur tekið upp hanzkann fyrir það og lýst sinni skoðun á því. Mín skoðun er sú sama. En skoðun hv. 3. landsk. þm. virðist vera allt önnur. Hans ræða hér um þetta var í raun og veru einn allsherjar áfellisdómur um vinnubrögð ríkisstj. við að lögfesta svokölluð lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem eins og ég segi eru ná-

kvæmlega að eðli sínu hliðstæð því, sem hefur gerzt um bankaráð og bankastjóra íslenzka bankakerfisins, nema þar er bætt við mörgum ágöllum. Þess vegna var ég að benda á það, að hv. þm. hefði bæði flengt sjálfan sig og ríkisstj. í heild fyrir þessi lög.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

35. Endurskoðun á tryggingakerfinu.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun á tryggingakerfinu [220. mál] (A. 446).

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um endurskoðun á tryggingakerfinu á þskj. 446. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða tryggingakerfið í heild í þeim tilgangi að gera það einfaldara, ódýrara og réttlátara. Eftirfarandi atriða sé einkum gætt:

1. Afnumið sé hið tvöfalda lögboðna örorku- og lífeyrissjóðakerfi, þannig að einn sameiginlegur lífeyrissjóður sé fyrir alla landsmenn. Miðað skal við, að upphæð fullra örorku- og lífeyrisbóta eftir 67 ára aldur geti numið allt að ⅔ af venjulegum starfslaunum, hafi bótaþegi engar aðrar tekjur, en lífeyrir sé nokkru lægri, ef um aðrar tekjur er að ræða.

2. Tryggingakerfið sé fjármagnað annað tveggja af ríkissjóði að öllu leyti eða af ríkissjóði og iðgjöldum einstaklinga. Verði síðari kosturinn valinn, skulu atvinnurekendur greiða ákveðna prósentu af nettótekjum, en launþegar og vinnuveitendur sameiginlega tiltekna prósentu af vinnulaunum, og sé miðað við dagvinnu og kauptryggingu sjómanna.

3. Þá lífeyrissjóði, sem til eru, sé heimilt að hafa í vörzlu þeirra aðila eða stéttarsamtaka, sem sjá um þá nú, og skal ávaxta þá og nýta á hagkvæman hátt fyrir viðkomandi aðila. Ríkisvaldið skal hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og verðtryggja, ef unnt er.

4. Takist eigi samkomulag um afnám iðgjalda til lögboðinna lífeyrissjóða stéttarfélaga, vegna þess að þeir séu álitnir nauðsynlegir til öflunar lánsfjár, þá verði frekar horfið að þeirri leið að afla lánsfjár með því að skylda einstaklinga á aldrinum 37—62 ára til að kaupa sparimerki, hliðstætt því, sem ungt fólk gerir nú. Miðað sé við 10% af venjulegum vinnulaunum. Sparimerkin skal verðtryggja og endurgreiða eftir ákveðnum reglum eigendum þeirra, eftir að þeir hafa náð 67 ára aldri. Sé eigandi sparimerkja látinn, áður en þau eru að fullu greidd, skal innistæða hans ganga til erfingja eftir sömu reglum og aðrar eignir."

Árið 1968 voru samþykkt lög um lífeyrissjóði fyrir aldraða félaga í stéttarfélögum. Litlar deilur urðu um þá löggjöf, því að samið hafði verið um þá lausn í sambandi við vinnudeilur. Þm. munu hafa litið á það sem samningsrof, væri frv. eigi samþykkt.

Í árslok 1970 var samþykkt lagafrv. á Alþ. um lífeyrissjóð bænda. Umr. miklar urðu um það frv., sem enduðu með því, að ákvæði var sett í lögin, að þau skyldu endurskoðuð innan tveggja ára. Ég minnist þess eigi, að svo stuttur reynslutími hafi verið ákveðinn áður í lögum. Það bendir til þess, að þm. hafi álitið lögin gölluð. Hannibal Valdimarsson taldi frv. hafa alla þá ókosti, sem lögin um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum höfðu, en komið hafði í ljós, að á þeirri löggjöf sneru iljar upp, þannig að þeir fengu flestar krónur, sem minnsta höfðu þörfina. Hannibal sagði enn fremur, að fulltrúar launþega hefðu samið um lífeyrissjóði, af því að vinnuveitendur voru fáanlegir að fara þá leið, en eigi að greiða hærra kaup. Iðgjöld launþega til lífeyrissjóða þýða, að í framtíðinni eru tekin 10% af dagkaupi allra launþega og lögð í óverðtryggða sjóði. Það skiptir eigi máli fyrir vinnuveitendur, hvort þeir greiða 6% af kaupi til launþega eða lífeyrissjóða. Vegna þessa ákvæðis jukust útgjöld vinnuveitenda um 6%, en tekjur launþega lækkuðu um 4%. Ljóst er því, að fyrrv. ríkisstj. hefur hér átt hlut að máli. Það var gildur þáttur í stefnu hennar og störfum að skattleggja atvinnuvegi og einstaklinga um framlög til sjóða. Endurteknar gengislækkanir hafa upprætt sparnaðarviðleitni fólks, en aukið þörf fyrir fleiri krónur til útlána. Hvert tækifæri var því notað til að stofna sjóði og einstaklingar og atvinnuvegir skattlagðir í þeim tilgangi. Sjóðir þessir eru svo notaðir öðrum þræði til útlána og einstaklingar og atvinnurekendur þannig látnir greiða vexti af eigin fé. Margþætt útgjöld valda því, að atvinnurekstur ber sig verr, og stuðla þannig óbeint að minni getu til að greiða eðlileg vinnulaun. Ég álít, að vinnuveitendur hafi verið tregir um of að semja um launahækkanir, einkum eftir gengisbreytingar, en þægir um of að greiða óbeinar álögur. Til skýringar læt ég hér fylgja lista yfir laun og launatengdan kostnað málmsveina eftir þriggja ára starf.

	Vikukostnaður	Á klst.
1. Laun	6 246.00	156.15
2. Orlof	520.29	13.01
3. Helgidagar	270.64	6.77

4.	Veikindi og slys	270.64	6.77
5.	Verkfæragjald	254.00	6.35
6.	Sjúkrasjóður	75.62	1.89
7.	Orlofsheimilasjóður	18.91	0.47
8.	Lífeyrissjóður	340.29	8.51
9.	Launaskattur	189.05	4.73
10.	Atvinnuleysistrygging	40.61	1.02
11.	Lífeyristrygging	91.80	2.30
12.	Slysatrygging	31.70	0.79
13.	Ábyrgðartrygging	113.43	2.84
14.	Iðnaðargjald	15.12	0.38
15.	Vinnuveitendagjald	75.62	1.89
16.	Vinnuföt	80.00	2.00
17.	Iðnlánasjóðsgjald	34.54	0.86
18.	Aðstöðugjald	86.34	2.16
	Það kostar samanlagt	8 754.60	218.89

Kaupið hjá þessum málmsveinum er rúmar 156 kr. á tímann, en það eru 18 aukaskattar, sem fylgja fyrir utan útsvar og skatta til ríkisins. Aukaskattarnir 18 nema 62 kr., þannig að heildarútgjöldin á klukkutíma verða 218 kr. Svo þurfa fyrirtækin að greiða útsvar og alla ríkisskatta þar fyrir utan. Það eru ofurlítið hærri útgjaldaliðir á iðnaðinum heldur en á sjávarútveginum. Það eru um 30 heildarskattar á sjávarútveginum, en þar eru skattar til ríkis og sveitarfélaga reiknaðir með. Þeim hefur verið að fjölga alveg fram á síðasta ár. Þetta er meira en fjárútlátin, því að þessu fylgir geysileg vinna að reikna þetta út og nær ótæmandi leiðindi fyrir atvinnurekendur, því að alltaf er verið að krefja þá um einhver viðbótargjöld. Og sannleikurinn er sá, að það, sem hefur bjargað atvinnurekendum nú, er verðhækkun á sjávarafurðum í tvö ár, sem hefur verið alveg óvenjuleg og eru ekki dæmi til þess á friðartímum. Verðmæti sjávarafurða hefur allt að því tvöfaldazt. En auk þessara óteljandi skatta eða nær óteljandi, þá eru erfiðleikarnir að fá lán í bönkunum, því að vegna endurtekinna gengislækkana hefur verðgildi sparifjárins minnkað og ef einhver einstaklingur þarf að fá smálán, þó að það sé ekki nema 50 þús. kr., þá er það eins og það sé verið að gera góðverk hjá bönkunum að veita þessum mönnum úrlausn.

Árskaup starfsmanns í dagvinnu er því um 325 þús. kr. Aðrar greiðslur vegna starfsmanns yfir árið eru því um 130 þús. Útsvör og skattar til ríkissjóðs eru eigi talin með, og útgjöld til lífeyrissjóðs eiga eftir að hækka.

Ég hef kynnt mér nokkuð tryggingamál í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Þar er tryggingakerfið einfalt, en eigi tvöfalt og þrefalt eins og hér. Um það er talað í þessum löndum, að heildarlífeyrir eigi að verða ⅔ af venjulegum vinnutekjum. En lífeyrir er eigi greiddur í Noregi og Danmörku fyrr en eftir 69 ára aldur.

Ellilífeyrir var hér árið 1970 50 þús. kr. fyrir einhleypan mann, en 90 þús. kr. fyrir hjón. Miðað við erlendan gjaldeyri lækkaði lífeyrir hér verulega við gengislækkanirnar 1967 og 1968. Nú er lífeyrir hér 120 þús. kr. fyrir einhleypan mann, en 216 þús. fyrir hjón. Hafi lífeyrisþegi aðrar tekjur, getur lífeyrir lækkað í 84 þús. fyrir einhleypan mann og hlutfallslega fyrir hjón. Þeir, sem dvelja á elliheimilum og sjúkrahúsum, geta fengið mun meira.

Í Danmörku fékk einhleypur maður árið 1970 116 þús. í ellilífeyri, en hjón 185 þús. í ísl. kr., ef um engar aðrar tekjur var að ræða. Hefði bótaþegi aðrar tekjur, gat lífeyrir lækkað í kr. 144 þús. fyrir hjón, en 95 þús. fyrir einhleypan mann. Ellilífeyrir er álíka mikill í Noregi, en nokkru hærri í Svíþjóð. Þar mun verðlag vera hærra. Ljóst er því, að ellilífeyrir er jafnhár á Íslandi nú og hjá nágrannaþjóðum okkar.

Í Noregi greiða atvinnurekendur, þar á meðal bændur, 7.8% af nettótekjum sínum í tryggingagjöld, launþegar 4% af launum, en atvinnurekendur 8.8% á móti. Ríki og sveitarfélög greiða lítið. Í Svíþjóð er svipað kerfi, en í Danmörku greiðir ríkið mun meira eða mestallan lífeyrinn. En iðgjöld einstaklinga eru lægri. Þessar tryggingar svara til almannatrygginga hér, og aðrar lögboðnar lífeyristryggingar eru eigi í þessum löndum, hvorki fyrir launþega né bændur. Þær hafa því einfalt tryggingakerfi. Finnar einir hafa sérstakan lífeyrissjóð fyrir bændur. Þar greiðir ríkið 50% iðgjalda, en 50% greiðir bóndinn beint, og er miðað við matsverð jarða. Það er viturlegri, heiðarlegri og einfaldari innheimtuaðferð en nota á hér.

Ríkið greiðir nú allan lífeyri hér og mikinn hluta sjúkrakostnaðar. Til tryggingamála er varið á þessu ári nær ⅓ af ríkisútgjöldum. Þar sem 4/5 hluta ríkistekna er aflað með óbeinum sköttum, er ljóst, að allir þurfa að greiða til tryggingamála verulegar fjárhæðir. Auk þessa þurfa félagar stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands að greiða 10% af dagvinnukaupi í lífeyrissjóði, en bændur 11%. Þeir bændur, sem hafa meira en meðalbú, eiga að greiða 50% til viðbótar. Formaður Stéttarsambands bænda heldur því fram, að neytendur eigi að greiða 3/5 af lífeyrissjóðsgjaldinu, en ríkið af þeim vörum, sem út eru fluttar eða notaðar til iðnaðar innanlands. Engin lagaskylda hvílir á ríkinu að gera slíkt. Landbúnaðarvörur hafa verið seldar innanlands fyrir eins hátt verð og gerlegt hefur verið, þegar undan er skilið s. l. kosningaár. Ég hygg, að svo muni verða framvegis. Sé verð á landbúnaðarvörum óeðlilega hátt miðað við önnur matvæli, dregur úr sölu. Það eru því takmörk fyrir því, hvað borgar sig að hækka verðið. Eigi hefur skort rök fyrir því, að bændur þyrftu að fá hærra verð til að hafa sömu laun og viðmiðunarstéttirnar. Þeir hafa t. d. aldrei fengið fulla vexti af bústofni, jörð og vélum við verðútreikning. Það er því blekking ein, að neytendur muni greiða 3/5 hluta af iðgjöldum til lífeyrissjóðs. Bændur gætu selt afurðir sínar fyrir jafnhátt verð, þó að engir lífeyrissjóðir væru til.

Félagar í stéttarfélögum og bændur munu því greiða, þegar lífeyriskerfið er fullþroskað eftir 1—2 ár, yfir 20% af dagvinnukaupi sínu til lífeyrissjóðstrygginga, sé tillit tekið til þess, sem greitt er í gegnum ríkiskerfið. Auk þess eru greiðslur til slysa-, atvinnuleysis- og sjúkratrygginga. Þetta er a. m. k. tvöfalt meira en nágrannaþjóðir okkar greiða og ætti að nægja til að hægt væri að greiða lífeyrisþegum 30—60% hærri lífeyri eftir 67 ára aldur en venjuleg vinnulaun eru, ef eigi væri um óvenjulega verðlækkun peninga að ræða. Þessu til viðbótar er kerfið allt tvöfalt eða þrefalt og fáránlegt í framkvæmd. Trúnaðarmenn verkalýðsfélaga hlaupa um og innheimta iðgjöld hjá vinnuveitendum, greiða gamalmennum nokkrar krónur ársfjórðungslega, sem væntanlega lækka bætur almannatrygginga hliðstætt,

þannig að þessar aukatekjur eru einskis virði fyrir aldraða fólkið nú. Kaupfélagsstjórar taka ákveðnar prósentur af innleggi hvers bónda auk ákveðinnar prósentu af heildarinnleggi. Mun hér vera um heimsmet að ræða hvað innheimtuaðferðir snertir, að vaða þannig í eigur manna án leyfis.

Örorkubætur og sennilega mat á örorku á að vera í tvennu lagi, sjúkrabætur í sumum tilfellum í þrennu lagi, því að ýmis stéttarfélög hafa sérstaka sjúkrasjóði, sem atvinnurekendur verða að borga í. Hér er því um tvöfalt og þrefalt innheimtukerfi að ræða og tvöfalt eða jafnvel þrefalt greiðslukerfi. Öllu þessu fylgir mikil skriffinnska og kostnaður.

Starfandi eru nú hér á landi a. m. k. 70 lífeyrissjóðir. Við hvern sjóð er starfandi stjórn, sennilega svona fimm manna stjórnir yfirleitt, þannig að í stjórnum þessara lífeyrissjóða eru sennilega um 400 manns.

Önnur hlið tryggingamálanna eru lífeyrisbætur. Opinberir starfsmenn hafa verðtryggð eftirlaun, þannig að lífeyrissjóður þeirra greiðir ákveðna prósentu launa miðað við það ár, sem þeir hættu störfum. Eftir 30—35 ára starfsaldur getur sú upphæð orðið ⅔ launa. Verði verðbreytingar eða launahækkanir, greiðir ríkissjóður mismuninn. Hefur sú fjárhæð farið vaxandi og nemur sennilega um 100 millj. nú. Auk þessa hafa opinberir starfsmenn lífeyri frá almannatryggingum, þannig að þeir eru á fullum launum, eftir að þeir hætta störfum. Þeir eru því á vissan hátt betur settir en á fyrri starfsárum sínum, þegar þeir þurftu að stofna heimili, ala upp börn og greiða námsskuldir.

Ráðherrar og þingmenn hafa nokkra sérstöðu. Hafi þeir gegnt þeim störfum um árabil, fá þeir í fyrsta lagi eftirlaun sem ráðherrar eða þingmenn. Sé um embættismann eða bankastjóra að ræða, hafa þeir eftirlaun sem slíkir. Sé um bændur eða félaga í stéttarfélögum að ræða, fá þeir væntanlega eftirlaun þannig, þegar þeir sjóðir taka til starfa til fulls að 13 árum liðnum. Eiga þær bætur að nema ⅔ hlutum vinnulauna. Í þriðja lagi eiga þeir að fá bætur frá almannatryggingum. Samanlagt nema þessar bætur sennilega hærri fjárhæð en tekjur viðkomandi aðila voru, meðan þeir voru í starfi.

Félagar í stéttarfélögum og bændur eiga að fá tvöfaldan lífeyri, þ. e. frá almannatryggingum og hinum lögboðnu lífeyrissjóðum, þegar þeir taka til starfa. Sé gert ráð fyrir, að bætur almannatrygginga nemi ⅔ af *venjulegum vinnulaunum, eins og stefnt virðist að nú*, og bætur sérsjóða nemi ⅔ hluta vinnulauna, ættu aldraðir lífeyrisþegar að hafa 20—30% meiri tekjur en þeir höfðu af vinnu sinni, meðan þeir voru ungir. Auk þess hafa margir aldraðir menn tekjur af eignum, og ýmsir geta haft einhver störf með höndum. Er það meira virði fyrir gamalt fólk en háar bætur. Ég tel það rétta stefnu, sem tekin var á þessu þingi, að hafa bætur lægri fyrir þá, *sem hafa vinnutekjur*.

Rétt er að gera sér ljóst, að ýmsir standa enn utan við þessa margþættu tryggingalöggjöf og eiga eigi von annarra ellibóta en frá almannatryggingum. Ég lít svo á, að tryggingakerfi okkar sé orðið frumskógarkennt og ástæða sé til að gera það ódýrara og einfaldara í framkvæmd. Einhverjir verða að borga til allra þessara sjóða og greiða kostnaðinn við hið margþætta og að nokkru leyti rangláta tryggingakerfi. Eigi þeir, sem hættir eru störfum að meira eða minna leyti, eru búnir að ala upp börn sín og eiga í mörgum tilfellum verulegar eignir, að hafa hærri árstekjur en ung hjón, sem þurfa að stofna heimili og ala upp nýja borgara, þá tel ég, að stefnt sé í öfuga átt. Það er hliðstætt og farið sé að bera á túnin, þegar grösin eru að fella fræ.

Gunnar Guðbjartsson taldi, að 2/5 hlutar af ársiðgjaldi bónda, sem hefði vísitölubú, miðað við verðlag ársins 1970, væru 13 200 kr. Þetta er sama upphæð og ég talaði um við umr. um lífeyrissjóð bænda. Árlega þarf því vísitölubúið að greiða 33 þús. kr., er þá miðað við verðlag 1970. Þeir, sem hafa eitt og hálft vísitölubú, þurfa að greiða 50% meira eða 49 500 kr. á ári, en 2/5 hlutar af þeirri upphæð eru 19 800 kr. Rétt er, að launþegar og bændur geri sér ljóst, hve hagkvæm hin nýja lífeyrissjóðslöggjöf er. Ég fékk því banka og tryggingafræðing til að reikna út, hve miklar fjárhæðir hver einstaklingur þyrfti að greiða. Tekin eru tímabilin 30 ár og 40 ár og reiknað með 10% vöxtum og vaxtavöxtum, en það eru þeir viðskiptavextir, sem nær allir verða að greiða að einhverju leyti, því að flestir skulda eitthvað. Iðgjöld eru reiknuð í tvennu lagi, þ. e. 2/5 hlutar og heildariðgjöld:

13 þús. kr. lagt inn árlega í 30 ár verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	2 352 264
13 þús. kr. lagt inn árlega í 40 ár verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	6 329 073
33 þús. kr. lagt inn árlega í 30 ár verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	5 971 133
33 þús. kr. lagt inn árlega í 4 ár verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	16 066 109
19 500 kr. lagt inn árlega í 30 ár verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	3 528 396
19 500 kr. lagt inn árlega í 40 ár verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	9 493 610
48 þús. kr. lagt inn árlega í 30 ár verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	8 685 284
48 þús. kr. lagt inn árlega í 40 ár verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	23 368 886

Það er þessi smáupphæð, sem við, sem erum sæmilega bjargálna bændur, yrðum að greiða beint eða óbeint á þessu 40 ára tímabili.

Ljóst er af þessari töflu, hve miklu skiptir fyrir ungt fólk að eignast eigið fé. Það er frumskilyrði þess, að það verði efnalega sjálfstæðir borgarar. Hagsýnn bóndi getur haft miklu meira en 10% vexti af því fé, sem hann leggur í bústofn. Eigi er því hagkvæmt fyrir bændur að greiða stórar fjárhæðir í sjóði, sem þeir eiga að fá endurgreiðslur úr að einhverju leyti eftir 40—50 ár, ef þeir eru þá eigi dauðir. Öllum má ljóst vera af þessari töflu, og þessa töflu geta þeir, sem vilja, fengið — það eiga raunar fáir logarithma, sem tekur þetta, — en Seðlabankinn hefur það, og tryggingafræðingarnir hafa það, og ef þið rengið þessar tölur hjá mér, þá getið þið fengið þá til að reikna það út. **(Gripið fram í:** Þetta er nú mjög orðum aukið.) Þetta er rétt reiknað enda

hefur þú aldrei reiknað þetta og veizt ekkert um það. Og ég get sagt ykkur sem dæmi, að einn ráðunauturinn í Búnaðarfélaginu sagði, að þetta væri ekki rétt hjá mér, og við fórum að reikna. Hann hafði góðar vélar. Og þegar hann var kominn milli 10 og 20 ár, þá sá maðurinn, að ég sagði satt. Hann sá, hve fljótt það margfaldaðist. (**Gripið fram í:** Það verður að mata vélarnar rétt.) Já, en það er gert, þar sem ég á í hlut.

Öllum má ljóst vera af þessari töflu, að það eru eigi litlar fjárhæðir, sem félagar í stéttarfélögum eiga að leggja á borð með sér til elliáranna, og ánægjulegt fyrir Gunnar Guðbjartsson og Hannibal Valdimarsson að geta gert sér ljóst, hvaða pinklar það eru, sem þeir hafa laumað á bak skjólstæðingum sínum. Vísitölubúið hefur greitt eftir 40 ár rúmar 16 millj. með 10% vöxtum og vaxtavöxtum. Svipaðar upphæðir verða launþegar, sem eru félagar í stéttarfélögum, að greiða, ef þeir hafa hliðstæðar tekjur, sem ég ætla, að þeir hafi. Í Alþýðusambandinu eru ca. 36 þús. félagar, og bændur eru nálægt 5 þús. Þegar lífeyrissjóðsgjöldin eru innheimt til fulls eftir 1—2 ár, er líklegt, að þau nemi árlega með óbreyttu verðlagi allt að 2 þús. millj. árlega. Lífeyrissjóðirnir eiga ekki að hefja greiðslu fyrr en eftir 13—14 ár. Í þessum sjóðum verður þá allhá upphæð með vöxtum og vaxtavöxtum, sé reiknað með fullum vöxtum. Mun sú fjárhæð nema yfir 40 milljörðum. Þá upphæð hafa hinir lægst launuðu í landinu greitt beint eða óbeint, auk allra annarra skatta. Ég álít, að hér sé farið öfugt að. Almennan sparnað á að efla með því að treysta verðgildi peninga og gera það m.a. með því að stilla í hóf útgjöldum og eyðslu.

Hér á landi munu starfandi um 70 lífeyrissjóðir, og eignir þeirra nema 3—4 milljörðum. Skráning krónunnar hefur breytzt s. l. 12 ár úr 16 kr. dollarinn í 88 kr. Í lífeyrissjóðum væri mikið fé, ef gengið hefði verið óbreytt. Tryggingafræðingar hafa réttilega á það bent, að óverðtryggðir lífeyrissjóðir séu nær óstarfhæfir vegna endurtekinna gengislækkana, sem hér hafa verið.

Starfsaldur þeirra, sem stunda langt nám, er mun skemmri en bænda og venjulegra launþega. Þetta atriði hafa þeir athugað, sem sömdu tryggingalög sjómanna, þótt illa sé raunar með sjómenn farið. Þar er hámark iðgjaldatímabilsins 30 ár. Launþegar og bændur eru hins vegar að greiða iðgjöld frá 16—20 ára aldri. Ljóst er af töflunni, að iðgjaldaupphæðin nær þrefaldast á fjórða áratugnum, hvað þá á hinum fimmta. Sá, sem greiðir iðgjald í 40 ár, greiðir því nærri þrisvar sinnum meira iðgjald, séu vextir og vaxtavextir reiknaðir með, en sá, sem greiðir iðgjöld í 30 ár. Þetta er stóra vitleysan í tryggingarlöggjöf bænda og stéttarfélaga. Það væri til mikilla bóta, ef tryggingatímabilið væri aðeins 30 ár og iðgjaldagreiðslur hæfust eigi fyrr en eftir 35 ára aldur, þannig að viðkomandi aðilar gætu verið búnir að stofna heimili og koma sér dálítið fyrir. Iðgjaldagreiðslur bænda og félaga í stéttarfélögum eru allt of háar, nema reiknað sé með miklum gengislækkunum. Vera má, að rétt sé að reikna með slíku, en í því tilfelli er viturlegast að reikna dæmið til enda. Niðurstaðan mundi þá verða sú, að hagkvæmast væri fyrir bændur og jafnvel fleiri að ráða sjálfir yfir krónum sínum, þeir gætu oftast verndað verðgildi þeirra. Bændur eru atvinnurekendur og þurfa á fé sínu að halda, meðan þeir reka búskap. Þessum atriðum hafa þeir gleymt, sem sömdu lögin um lífeyrissjóð bænda og félaga í stéttarfélögum. Heimilt er að draga iðgjöld frá tekjum. Það skiptir máli fyrir þá launþega, sem hafa miklar tekjur, en fyrir flesta, sem eru í stéttarfélögum, og bændur skiptir þetta litlu, því að fæstir þeirra greiða mikinn tekjuskatt.

Ljóst er af ummælum Gunnars Guðbjartssonar og samþykktum Stéttarsambands bænda, að meginforsendan fyrir stofnun lífeyrissjóðs bænda er stofnun lífeyrissjóðs félaga í stéttarfélögum og tillagið til stofnlánadeildarinnar. Það framlag er hliðstætt og tillag það, sem útgerðarmenn og iðnrekendur greiða til sinna sjóða. Vextir af stofnlánum hækkuðu 1960 úr 4½% í 6½%. Sé tekið tillit til framlags atvinnurekenda til stofnsjóðanna, svarar það til þess, að vextir hafi hækkað í 10%, en það eru venjulegir viðskiptavextir nú. Á hitt ber einnig að líta, að bændur hafa fengið ógengistryggð lán hjá stofnlánadeildinni, en það er mikils virði fyrir þá. Ég hef litið á tillagið til stofnlánadeildarinnar sem endurgreiðslu fyrir hagkvæm lánskjör og eigi talið, að hún skuldaði mér neitt, frekar hið gagnstæða.

Bændasamtökin sögðu ríkisstj. vel til vegar með því að leggja 1% gjald á afurðir bænda til eigin samtaka og Bændahallar. Ókosturinn við nýjar álögur er, að nær ógjörlegt er að losna við þær aftur. Þannig hefur þetta reynzt með 2% gjaldið á afurðir bænda, en það svarar til 5% af kaupi þeirra. Stéttarsambandið tók til sín þrisvar sinnum meira en það þurfti. Afganginn lagði það í Bændahöllina. Framvegis ætti Stéttarsambandið að komast af með þær tekjur, sem það á að fá í sinn hlut af rekstri Bændahallarinnar. Tillögur hafa þó eigi komið fram um að afnema framlag bænda til Stéttarsambandsins, en minnzt hefur verið á að stækka hótelið. Stéttarsambandið hefur sýnt lofsverðan áhuga á því að afnema 1% gjaldið til stofnlánadeildarinnar. Lífeyrissjóðsgjaldið má að nokkru rekja til þess áhuga. Þetta hefur tekizt á þann veg, að samkvæmt þeim lögum, sem nú gilda, eiga bændur að greiða næstu 20 árin í framlag í lífeyrissjóð og til stofnlánadeildarinnar nær 5% af andvirði afurða sinna. Ég met lítils lög, sem eiga að koma til framkvæmda eftir nokkur ár, því að óvíst er, að þau verði þá óbreytt. Hitt er staðreynd, að samkv. þeim lögum, sem í gildi eru, á að taka 5—6% af afurðaverði bænda á árabilinu 1973—1976, en það þýðir 15—18% af kaupi þeirra. Í stað þess að losna við að greiða 1% afurðaverðs til stofnlánadeildarinnar eru líkur til, að bændur fjármagni hana að öllu leyti í framtíðinni, enda vafalaust ekki annað þarfara gert, ef safna á stórfé í lífeyrissjóð hvort sem er. Skrafið um, að neytendur eigi að greiða 3/5 af lífeyrissjóðsgjaldi bænda, er óraunhæft. Neytendur eiga nóg með að greiða 10% af kaupi sínu til eigin sjóða, þó að þeir greiði eigi iðgjöld fyrir bændur. Útsöluverð var svo hátt á landbúnaðarafurðum, áður en niðurgreiðslur voru auknar í árslok 1970, að þær seldust treglega. Hið sama mun gerast, þegar niðurgreiðslur lækka. Framleiðsluráð verður eigi sakað um, að landbúnaðarvörur hafi eigi verið verðlagðar eins hátt og söluskilyrði leyfðu.

Ég hef rætt um hinn nýstofnaða lífeyrissjóð við ýmsa bændur. Allir hafa sagt, að þeir hafi eigi verið spurðir um stofnun hans og ekki um hann beðið. Stéttarsamband bænda var stofnað til þess að gæta hagsmuna þeirra viðvíkjandi verðlagningu og sölu afurða, en eigi til að finna upp nýja skatta á bændur. Það er tæpast rétt

af stéttarsambandsfundi, sem stendur í einn eða tvo daga, að taka afstöðu til flókinna lagafrv. án þess að hafa tíma eða aðstöðu til að kynna sér þau til hlítar. Þegar slík frv. eru flutt á Alþ., er því haldið fram, að viðkomandi stéttir óski eftir því, að þau séu samþykkt óbreytt, þó að slíkt sé með öllu óraunhæft. Það er því nær ógerlegt að hindra samþykkt slíkra frv., hvað gölluð sem þau eru.

Tryggingamál okkar stefna út í algerar öfgar. Bezt er að hafa kerfið sem einfaldast og sanngjarnast, að allir búi við hliðstæð kjör með eftirlaun. Það er öfugþróun að halda því fram, að atvinnurekendur þurfi aðrar eða meiri eftirlaunatryggingar en launþegar. Atvinnureksturinn krefst þess, að þeir eigi verulegar eignir, því að atvinnurekandinn þarf á meira fé að halda en launþeginn, meðan hann er í starfi. En hann hefur í flestum tilfellum minni þörf fyrir háan lífeyri. Það gefur auga leið, að hagkvæmara er að hafa örorkubætur og ellilífeyri í einu lagi en í tveimur lögboðnum kerfum, enda þekkist slíkt víst hvergi nema hjá okkur.

Meðalaldur karla á Íslandi er 71 ár, en konur verða lítið eitt eldri. Margir deyja áður en lífeyrisgreiðslur hefjast. Í fæstum tilfellum auka þeir útgjöld Tryggingastofnunar eða lífeyrissjóða. Ljóst er, að félagar í stéttarfélögum og bændur, sem hafa meðalbú, greiða á 40 árum með 10% vöxtum og vaxtavöxtum allt að 16 millj. kr. til lífeyrissjóða, miðað við verðlag það, sem nú er, og samkv. þeim lögum, sem nú gilda. Auk þess greiða þeir til almannatrygginga gegnum skattakerfið. Ráðamenn þjóðfélagsins ætla þegnunum að leggja allvel á borð með sér eftir 67 ára aldur. Í sérflokki eru bændur, sem reka stærri bú. Þeir eiga að greiða allt að 50% meira án tillits til þess, hvort þeir hafi meiri eða minni nettótekjur. Er sú lagasetning næsta frumleg.

Ég hef við engan talað, sem eigi vill, að gömlu fólki líði vel. Það bætir eigi líðan þeirra öldnu og veiku, þótt tekið sé allt að tvöfalt meira af vinnulaunum launþega og bænda en þörf er á og því fé safnað í sjóði, sem verðfelldir eru öðru hverju. Aldrað fólk hefur takmarkaða ánægju af því að eyða fjármunum.

Tryggingakerfið þarf að endurskoða og breyta þannig, að við höfum aðeins eitt lögboðið tryggingakerfi. Hins vegar á hverjum einstaklingi að vera heimilt að tryggja sig á þann hátt, sem hann telur æskilegt. Tvær leiðir eru til og báðar vel færar. Önnur er sú, sem farin var að nokkru á þessu þingi, þegar tryggingalöggjöfinni var breytt og ríkið tók að sér að greiða ellilífeyri og örorkubætur að öllu leyti. Hin leiðin er, að einstaklingar greiði iðgjöldin að mestu, eins og gert er í Noregi. Ætti þá að vera hægt að lækka skatta til ríkisins. Það skiptir eigi öllu, hvor þessara leiða er valin. Aðalatriðið er að gera tryggingakerfið einfalt og sanngjarnt, þannig að allir búi við svipuð kjör í tryggingamálum. Því fer fjarri, að svo sé nú. Öðru máli gegnir um sjúkratryggingar. Ég hygg, að betur verði með fjármuni farið, ef stærð sjúkrasamlaga er takmörkuð og málin að verulegu leyti í höndum fólksins sjálfs.

Viðurkenna ber, að fyrrv. ríkisstj. fór kænlega að, sé miðað við áhuga hennar við að stofna sjóði, með því að láta forráðamenn í samtökum stéttarfélaga og bænda fallast á eða óska eftir stofnun lífeyrissjóða. Sú beita var notuð að láta atvinnuleysistryggingar, stofnlánadeild og ríkissjóð greiða örlitlar fjárhæðir til þeirra öldruðu fyrir 15 árin. Nema þær fjárhæðir sennilega 5—10% af iðgjöldum til lífeyrissjóða. Þetta er hliðstætt því, þegar fiskimenn láta síldarbita á öngla, þegar veiða skal ýsu, þorsk og keilu. Þessu til viðbótar voru samþykkt lög nú fyrir áramótin þess efnis, að lífeyrir lækkar hjá þeim, sem aðrar tekjur hafa.

Í lífeyrissjóði stéttarfélaga og bænda greiða yfir 40 þús. einstaklingar 10% af kaupi sínu. Á nokkrum áratugum safnast stórfé í þessa sjóði, sé löggjöfin óbreytt. Þetta fé verður lánað til einstaklinga og atvinnufyrirtækja og braskað með það á ýmsan hátt. Sjóðir þessir munu því eiga verulegan hluta af eignum landsmanna eftir nokkra áratugi, hliðstætt því, sem kaþólska kirkjan átti fyrir siðaskiptin. Hér er á ferðinni meiri sósíalisering en áður hefur þekkzt hér á landi, því að ríkisvaldið mun vilja ráða yfir þessum sjóðum og þeirra starfsemi að meira eða minna leyti. Þetta þýðir því meira ríkisvald, en minna efnalegt sjálfstæði einstaklinga. Alþingi þarf að breyta þessari óviturlegu löggjöf, gera kerfið einfalt og afnema framlög til hinna mörgu lögbundnu lífeyrissjóða.

Viðurkenna ber, að sparifé okkar er lítið. Vera má, að eigi takist að skapa það traust á gjaldmiðlinum, að sparifé verði nægilegt til að fullnægja lánsfjárþörf atvinnufyrirtækja og einstaklinga. Ég hef því í 4. lið þáltill. bent á, að gerlegt væri að skylda fólk eldra en 35 ára til að kaupa sparimerki fyrir 10% af vinnulaunum sínum, hliðstætt því, sem ungt fólk gerir nú. Þessi sparimerki væru verðtryggð, en vextir hóflegir. Eigendur hefðu rétt til að fá endurgreiðslu eftir ákveðnum reglum, þegar þeir hefðu náð 67 ára aldri, og e. t. v. fyrr, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Innstæður þessar gengju til erfingja að eigendum látnum, hliðstætt og aðrar eignir. Ég held því eigi fram, að þessi leið sé æskileg, en álít hana þó sýnu betri en að lögþvinga fólk til að greiða 10% af kaupi sínu í óverðtryggða lífeyrissjóði frá 16—20 ára aldri, þar til það er 67 ára. Verulegur hluti hinna tryggðu fær aldrei neinar endurgreiðslur, en aðrir aðeins lítinn hluta þess, sem þeir hafa greitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

36. Aðstoð við nýlenduþjóðir Portúgals.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um aðstoð við nýlenduþjóðir Portúgals [221. mál] (A. 447).

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 54., 55., 56., 57., 58. og 61. fundi í Sþ., 6., 11., 13., 18. og 25. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 447 er till. til þál. um aðstoð við nýlenduþjóðir Portúgals, sem flutt er af mér ásamt þrem öðrum þm., einum úr hverjum hinna þingflokkanna. Þessi þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að veita þjóðum Angóla, Guinea-Bissau og Mósambík stuðning í sjálfstæðisbaráttu þeirra með því að bjóða fram aðstoð í formi matvæla, læknislyfja, kennslutækja eða með því að gefa fulltrúum þessara þjóða kost á að kynna sér stjórnarfar og þjóðfélagsuppbyggingu Íslendinga. Höfð skulu samráð og samvinna við sambærilega stuðningsstarfsemi hjá öðrum Norðurlandaþjóðum."

Eins og sjá má, felur till. sjálf í sér ekki annað en beina aðstoð við nýlenduþjóðir Portúgala í formi matvæla, lyfja eða annars slíks, og getur þessi till. sem slík varla valdið miklu fjaðrafoki eða deilum af þessu tilefni einu. Hins vegar er tekið fram í grg., að till. eða flutningur hennar megi skiljast sem siðferðilegur stuðningur við kröfu um frelsi og sjálfstæði hverrar þjóðar, og um leið felur hún í sér eindregna fordæmingu á nýlendustefnu Portúgals. Þannig hafa flestir reyndar litið þessa till. og tekið afstöðu til hennar. Af þessu tilefni ætti í sjálfu sér að vera óþarfi að minna á þá staðreynd, að Portúgal rígheldur enn í stefnu og hugarfar, sem fyrir löngu hefur verið hafnað meðal frjálsra og siðmenntaðra manna á Vesturlöndum. Á síðustu áratugum hafa þjóðir hins svokallaða þriðja heims, hinar fyrri nýlenduþjóðir, öðlazt sjálfstæði hver á fætur annarri. Hvort tveggja hefur þar komið til, að þjóðir Vesturlanda hafa horfið frá fyrri nýlendustefnu sinni og jafnframt eflt svo efnahagslega og menningarlega uppbyggingu meðal þessara þjóða, að þær eru í auknum mæli færar um að stjórna sér sjálfar. Þessi þróun er vissulega ánægjuleg og mjög í anda þeirra sjónarmiða, sem gætir meðal allra frjálsra manna um heim allan.

Nú er það ekki ætlan mín að vekja upp hér viðkvæmar deilur um afstöðuna til austurs og vesturs, en ég get þó ekki stillt mig um nú, þegar það er í tízku, sérstaklega meðal ungs fólks, að fordæma heimsveldisstefnu stórveldanna, að vekja athygli á þessum staðreyndum, þessari þróun, þeim staðreyndum, að á tiltölulega stuttum tíma hafa Vestur-Evrópuþjóðir veitt þjóðum og ríkjum, sem telja samtals um 700 millj. manna, frelsi og sjálfsstjórn. Á hinn bóginn blasir sú, ég vil segja viðurstyggilega staðreynd við, að á þessum sama tíma hafa Sovétríkin, heimsveldið í austri og forustuaflið í byltingar- og heimsvaldabaráttu kommúnismans, hneppt í fjötra þjóðir Austur-Evrópu og haldið þeim í sömu heljargreipunum og þær voru hnepptar í fyrir rúmum 20 árum. Þegar nú er talað í dag um nýlendukúgun og heimsveldapólitík svokallaðra stórvelda, þá er nauðsynlegt að minna á þessar sögulegu staðreyndir, því að auðvitað kemur enginn samanburður til greina á framferði einstakra stórvelda, þegar þróun þessara mála er skoðuð í heild.

Hitt er aftur mikið rétt, að víða í hinum svokallaða frjálsa heimi þrífst margvíslegt einræði í skjóli vopna og frelsissviptinga, engu betra en einræði kommúnismans. Og ljóst er, að það ástand er öllum lýðræðissinnum a. m. k. jafnmikið áhyggjuefni. Yfir það má og á enga fjöður að draga. Í því sambandi hefur gagnrýnin m. a. beinzt að ástandinu í Grikklandi og Portúgal, svo að dæmi séu nefnd. Menn hafa spurt, af hverju að tala um slík einangruð fyrirbæri eins og þessi tvö lönd? Af hverju ekki að beina spjótum sínum að ástandinu í Austur-Evrópu í stað þess að blása upp einangruð atvik eins og í Portúgal eða meðal nýlenduþjóða þessarar þjóðar? Það standi okkur nær að vinna að bættu ástandi í Evrópu en að skipta okkur af vandamálum í Afríku, þar sem við höfum minna vit eða þekkingu á aðstæðum öllum og komum engu öðru til leiðar en að styggja ágæta viðskiptaþjóð okkar.

En ég segi, við, sem teljum okkur lýðræðissinna og andstæðinga kommúnismans, erum dag hvern að beita okkur í okkar stjórnmálastarfi í þeim anda, og þarf enginn að sjálfsögðu að efast um andúð okkar og andstöðu gegn því ástandi kúgunar og ofbeldis, sem austan járntjalds ríkir. En ef við viljum láta taka mark á okkur og ef við erum sjálfum okkur samkvæmir, þá hljótum við að mótmæla og lýsa andúð okkar á einræði í hvers konar mynd, hvar og hvenær sem er. Og það er í raun inni í mínum augum a. m. k. sýnu alvarlegra, þegar þjóð, sem vill telja sig siðmenntaða og frelsisunnandi, eins og Portúgal vill kalla sig, heldur uppi harðsvíruðustu og afturhaldssömustu nýlendustefnu, sem sögur fara af á okkar dögum.

Ég ætla ekki að eyða orðum eða rekja þær ótrúlegu frásagnir, sem berast um framferði Portúgala gagnvart nýlendum sínum og því fólki, sem þar býr, en ég mun halda mig við þá meginstaðreynd, nýlendustefnu Portúgals, sem brýtur gegn grundvallarhugsjónum lýðræðisins. Ef samvizka einhverra er svo léttvæg, að þeir vilji þagga niður fordæmingu á slíkri nýlendustefnu og slíkri framkomu af þeim hvötum, að viðskiptahagsmunir okkar kunni að skerðast, þá er ekkert við því að segja, en sú ályktun verður vitaskuld óhjákvæmilega af því dregin, að stjórnmálaskoðanir og hugsjónir þessara sömu manna séu fólgnar í baráttu þeirra fyrir hagsmunum og fjármunum, hversu háleit sem sú afstaða kann að virðast.

Mikill meiri hluti mannkyns býr enn við ógnarstjórn einræðis, ýmist í gervi kommúnisma, kapítalisma eða fasistiskra herstjórna. Sumar þeirra þjóða, sem öðlazt hafa frelsi undan oki nýlenduheimsveldisstefnunnar, hafa sjálfar hlotið örlög lögregluríkisins af völdum heimamanna sjálfra. Gerræðisfullt stjórnarfar ellegar einræði í sínum margvíslegu myndum má og á ekki að draga úr lýðræðissinnuðum öflum í baráttu þeirra fyrir frelsi og sjálfstæði allra þjóða.

Ég vil aðeins segja í framhaldi af þessu, að ég tel, að hvers konar hjálparstarfsemi og aðstoð til þjóða, sem

þannig eru undirokaðar, eins og t. d. nýlenduþjóðir Portúgala, hljóti að hafa gott í för með sér og það sé til sæmdarauka fyrir Íslendinga að leggja sitt af mörkum. Með því framlagi og með slíkri aðstoð er að sjálfsögðu ekki lagður neinn dómur á þau pólitísku markmið, sem fyrir þeim öflum vaka, sem berjast til frelsis og sjálfstæðis. Sjálfstæðisbaráttan sem slík er eingöngu studd og að henni hlúð með þessari till., samkv. mínum skilningi a. m. k. Hitt er annað mál, að það er langt frá því, að með samþykkt þessarar till., ef til þess kemur, þá hafi Ísland í fyrsta skipti fordæmt nýlendustefnu Portúgals, því að frá og með árinu 1967 hafa Íslendingar a. m. k. fjórum sinnum greitt atkv. með till. þess efnis á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og frásagnir um, að Íslendingar hafi ávallt setið hjá við slíka atkvgr., eru alrangar. Íslenzka sendinefndin greiddi síðast atkv. með slíkri till., fordæmingu á nýlendustefnu Portúgals, nú í haust.

Hins vegar hafa nú í vetur borizt fregnir af einkennilegum aðdraganda að þessari ákvörðun íslenzkra stjórnvalda, þeirri ákvörðun að greiða atkv. með þessari till., og koma þær fregnir m. a. fram í skýrslum, sem einstakir sendifulltrúar okkar hjá Sameinuðu þjóðunum hafa sent frá sér í vetur og birzt hefur m. a. úr í dagblöðum. Einn fulltrúanna, dr. Bragi Jósepsson, hefur þannig skrifað skýrslu um störf íslenzku nefndarinnar, sem ég hef ekki séð, en til hennar hefur verið vitnað og ekki borið á móti því, að hún sé rétt og sé hans, og þar segir m. a. samkv. frásögnum. Með leyfi forseta ætla ég að vitna til þess. Þar segir:

„Um það bil tveimur vikum áður en portúgalska tillagan sá dagsins ljós, tjáði ambassador Hannes Kjartansson íslenzku sendinefndinni, að utanrrn. hefði áhyggjur út af því, að við gengjum í berhögg við hagsmuni Portúgala. Rn. staðfesti, að ríkisstj. hefði ákveðið á fundi, að Ísland skyldi sitja hjá við atkvgr. um þessa tillögu."

Þetta mun hafa verið við atkvgr. í svonefndri IV. nefnd hjá Sameinuðu þjóðunum, þar sem till. var fyrst sett fram, og samkv. frásögnum tóku íslenzku fulltrúarnir það til bragðs að vera fjarstaddir þessa atkvgr. í nefndinni til þess að forða Íslandi frá álitshnekki. Við atkvgr. í sjálfu allsherjarþinginu greiddi Ísland hins vegar atkv. með till., og var augljóst og frá því sagt, að skoðanabreyting hefði orðið á þessum tíma og ekki annað að sjá en afstaða ríkisstj. hefði breytzt frá þeim fundi, sem dr. Bragi Jósepsson vitnar til í skýrslu sinni, þeim fundi ríkisstj., þar sem hann segir, að hún hafi tekið þá ákvörðun, að Ísland skyldi sitja hjá við atkvgr. um þessa till. Nú er það svo, að eitt stærsta blómið í hnappagati þessarar ríkisstj. hæstv. var a. m. k. í upphafi svokölluð sjálfstæð utanríkisstefna, og enda þótt ráðh. Alþb. telji, að meiri hl. ríkisstj. hafi gengið af þessari sjálfstæðu utanríkisstefnu dauðri með hinni margfrægu ákvörðun í flugvallarmálinu, þá leyfi ég mér samt að vitna til þessarar sjálfstæðu utanríkisstefnu. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort það hafi verið liður í henni, þegar ríkisstj. tekur slíka ákvörðun á fundi hjá sér að sitja hjá við atkvgr. um fordæmingu á nýlendustefnu Portúgals, og hvort það sé í samræmi við hina sjálfstæðu utanríkisstefnu að taka tillit frekar til viðskiptahagsmuna okkar gagnvart Portúgal, þegar slík mál eru á döfinni. Því beini ég þeim spurningum til hæstv. utanrrh., hvort rétt sé með farið í skýrslu dr. Braga Jósepssonar, þegar hann tekur svo til orða mjög skilmerkilega, að utanrrn. hafi haft áhyggjur af því, að það mundi ganga í berhögg við hagsmuni Portúgals, ef Ísland greiddi atkv. með till., og hvort það sé rétt hjá dr. Braga Jósepssyni, að rn. hafi staðfest, að ríkisstj. hafi ákveðið á fundi, að Ísland skyldi sitja hjá við atkvgr. um þessa till. Enn fremur hefði ég áhuga fyrir að spyrja hæstv. utanrrh., ef þetta er rétt haft eftir fulltrúa okkar hjá Sameinuðu þjóðunum í haust, ef það er rétt, hvort það hafi verið samstaða innan ríkisstj. um þessa afstöðu. Enn fremur er ástæða til þess að spyrja um það líka, hvað skeði á milli þessara funda, sem til er vitnað, og svo þeirrar seinni ákvörðunar hjá ríkisstj. að greiða atkv. með till. um fordæmingu á nýlendustefnu Portúgala. Hvað kom til? Var sjálfstæða utanríkisstefnan endurskoðuð, eða var hún þá þegar kannske gengin fyrir ætternisstapann, svo að hægt var að taka heiðarlega afstöðu til þessarar tillögu?

Þetta eru spurningar, sem koma upp í huga manns, þegar þessi undarlegi aðdragandi að ákvörðunum um afstöðu Íslendinga hjá Sameinuðu þjóðunum er skoðaður, og þætti mér vænt um að fá svar við þessu hjá hæstv. utanrrh. Ef svar hans er jákvætt við þessum spurningum, jákvætt, sem staðfesting á því, að ummæli dr. Braga Jósepssonar séu rétt, þá er það vissulega til glöggvunar á skilgreiningunni á hugtakinu sjálfstæð utanríkisstefna, en ef hins vegar svör hans eru neikvæð, að þetta sé rangt með farið hjá fulltrúanum, þá hlýtur hann að fara með rangt mál á hendur ríkisstj., og hlýtur það að teljast mjög alvarlegur hlutur.

Herra forseti. Ég mun þá senn ljúka máli mínu, en vil að lokum segja, að hér var á ferðinni fyrir nokkru síðan, og var reyndar tilefni þessa tillöguflutnings, fulltrúi frá samtökum, sem berjast fyrir frelsi og sjálfstæði Angóla, og þessi fulltrúi var að leita eftir einhvers konar aðstoð frá íslenzkum stjórnvöldum, aðstoð í formi matvæla, lyfja eða annars þess háttar, og upplýst var, að hann hefði gengið á fund ríkisstj. og átt viðræður við ráðh., og nú er spurningin, hvort ríkisstj. hafi tekið einhverjar ákvarðanir um einhvern slíkan stuðning, hvort búast megi við yfirlýsingum þess efnis fljótlega. Nýlenduþjóðir þessar, bæði Angólamenn og aðrir, sem til er vitnað í þessari till., eiga vissulega í miklum erfiðleikum auk þess, sem þar er mikil eymd ríkjandi, bæði hvað snertir sjúkdóma og efnahag, fátækt. Þá er yfirgnæfandi meiri hluti þessara þjóða ólæs og óskrifandi, og ber það að sjálfsögðu glöggan vott um framkomu drottnaranna, hvernig þeir ala sína þegna. Látum það nú vera, en allir sjá, að fyrsta skrefið til aukins sjálfræðis og til þess, að þessar þjóðir geti stjórnað sér sjálfar, er það að sjálfsögðu, að þeim takist að efla svo menntun eða menningu í löndum sínum, að vel sé viðunandi, og því tel ég, að með samþykkt þessarar till., sem hér er lögð fram, sé stigið ekki stórt spor, en rétt spor í áttina, og að Íslendingar hafi með þeim hætti sýnt hug sinn til þessarar baráttu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur nú um nokkurt árabil samþykkt ályktanir, þar sem aðildarríkin eru hvött til að veita undirokuðum þjóðum og frelsishreyfingum þeirra siðferðilega og efnahagslega aðstoð. Á

síðasta allsherjarþingi hinn 20. des. s. l. var með yfirgnæfandi meiri hl. afgreidd till. varðandi nýlendusvæði Portúgals í Afríku. Ísland greiddi henni atkv. Í ályktuninni er staðfestur stuðningur þingsins við sjálfsákvörðunarrétt íbúa þessara svæða og viðurkennt lögmæti baráttu þeirra til að ná þessum rétti. Þingið fordæmdi Portúgal fyrir að fara ekki eftir fyrri ályktun Sameinuðu þjóðanna um þessi mál og fyrir að halda uppi nýlendustríði gegn íbúum Angóla, Mósambík og Guineu. Í ályktuninni eru öll ríki innan Sameinuðu þjóðanna hvött til að veita íbúum portúgölsku nýlendnanna siðferðilega og efnahagslega aðstoð í samráði við Einingarstofnun Afríkuríkja í þeim tilgangi að aðstoða þau við að ná rétti sínum til sjálfsákvörðunar og sjálfstæðis. Danir, Norðmenn og Svíar hafa tekið upp aðstoð við þjóðfrelsishreyfingarnar í portúgölsku nýlendunum í Afríku. En fram til þessa er ekki um að ræða neina skipulega samræmingu á aðstoð þeirra. Við það er miðað, að aðstoð sé grundvölluð á samþykktum allsherjarþingsins og eingöngu um að ræða aðstoð í formi matvæla, lyfja, fatnaðar, kennslubóka, kennsluáhalda og þess háttar, en ekki vopn.

Svíar hófu slíka aðstoð fyrstir, og ég hef einna mestar upplýsingar um aðstoð þeirra. Á sænskum fjárlögum 1971 nemur aðstoð Svía við þjóðfrelsishreyfingarnar 15 millj. sænskra kr. Þar af munu um 7—10 millj. hafa runnið til þjóðfrelsishreyfinga í nýlendum Portúgals. Auk aðstoðar í matvælum og þess háttar hefur ungt fólk frá nýlendunum verið styrkt til náms í Svíþjóð, en reynslan er sú hjá Svíum, að árangur af slíkum námsstyrkjum sé mjög takmarkaður miðað við kostnaðinn.

Áður en Svíar hafa ákveðið stuðning við tilteknar þjóðfrelsishreyfingar, hafa þeir reynt að gera sér grein fyrir þörf aðstoðar annars vegar og hins vegar fyrir því, hve vel hreyfingin er skipulögð, þannig að vænta megi, að aðstoðin komi að gagni. Þau samtök, sem Svíar hafa stutt, eru MPLA í Angóla, Frelimo í Mósambík og PAIGC í Guineu. Hins vegar munu þeir lítið hafa stutt FLNA, sem aðsetur hefur í Zaire og talið er hafa sig lítið í frammi í sjálfri Angóla. Norðmenn beina aðstoð sinni ýmist um hendur Sameinuðu þjóðanna og Einingarsamtaka Afríkuríkja eða beint til þjóðfrelsishreyfinganna. Aðstoð Norðmanna mun t. d. hafa farið til Mósambík-stofnunarinnar í Tanzaníu, sem er í senn skóli, aðallega í félagsfræðum, og einhvers konar aðlögunarstöð fyrir flóttamenn frá Mósambík. Þetta segi ég nú bara til upplýsinga um það, sem ég veit nýjast frá Norðurlöndunum í þessu efni.

Það er rétt, sem hv. 1. flm. sagði, að ríkisstj. lagði í málefnasamningi sínum áherzlu á frelsi og sjálfsákvörðunarrétt allra þjóða og fordæmdi því hvarvetna valdbeitingu. Hún telur, að Íslandi beri að styðja fátækar þjóðir til sjálfsbjargar og jafnréttis við efnaðar þjóðir. Í fjárlögum fyrir árið 1972 hafa verið hækkaðir talsvert fjárlagaliðir til alþjóðahjálparstarfsemi og til þróunarlandanna, eins og þessi upprifjun sýnir, þó að auðvitað sé hvergi nærri nægilega að gert. Það skal ég fyrstur manna játa.

Framlag til tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna, UNTAP, hefur hækkað úr 2.8 millj. kr. í 4 millj. á þessu ári. Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins, UNICEF, hefur framlagið hækkað úr 1 millj. 33 þús. í 1.2 millj. Til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna hefur framlagið hækkað úr 506 þús. í 556. Til flóttamannaaðstoðar við Palestínuflóttamenn hefur framlagið hækkað úr 880 þús. í 924. Til flóttamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna er óbreytt fjárveiting, 800 þús. Tillag til International Development Agency, sem er svipuð stofnun og hér er um að tefla, hefur hækkað úr 10 millj. 1971 upp í 16.4 millj. 1972, og nýr liður er á fjárlögum þessa árs, tillag til þróunarlandanna, 3 millj. kr.

Ísland hefur til þessa ekki veitt aðstoð til þjóðfrelsishreyfinga, og fjárveiting til slíkrar aðstoðar er ekki í fjárlögum þessa árs. Það hefur verið talið heppilegra og hagkvæmara að veita fjárframlög til viðurkenndrar hjálparstarfsemi á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Fulltrúi MPLA á Norðurlöndum, Agostinho Neto, heimsótti Ísland 1.—10. marz s. l., eins og hér var á minnzt. Hann átti viðtal við mig og forsrh. og fór fram á siðferðilega, pólitíska og efnahagslega aðstoð Íslands við þjóðfrelsishreyfinguna. Ég tjáði honum, að ríkisstj. hefði samúð með málstað hinna undirokuðu þjóða í Afríku, og mundi ég kanna, á hvaða hátt væri hægt að veita virkari aðstoð frá Íslandi til framdráttar málstað þessara þjóða. Við það mun ég reyna að standa, en til þess þarf kannske fyrst og fremst fjármagn.

Ég vil geta þess til skýringar á hækkun tillags til International Development Agency, að þar er um þriggja ára fjárframlag að tefla. Það var áætlað í fyrra 10 millj. kr., af því að endanlegar upplýsingar lágu ekki fyrir um það, hver talan ætti eða þyrfti að vera. Nú liggur það fyrir, að þriggja ára framlag þarf að vera 36 millj. 600 þús. kr. frá Íslandi, og til þess að jafna metin, tók fjvn. og Alþ. ákvörðun um það að rétta af framlag s. l. árs og gera framlagið 1972 eins og það á að vera, þannig að hækkunin, 6.4 millj., er til þess að koma framlögum beggja þessara ára í það horf, sem þau eiga að vera.

Þá kemur það í ljós af þessu stutta yfirliti, sem ég hér gaf, að sú stofnun eða nefnd, sem Alþ. stofnsetti í fyrra og hefur það að verkefni að sjá um aðstoð til þróunarlandanna á Íslandi, hefur nú í fyrsta skipti fengið fjárveitingu, að vísu litla, aðeins 3 millj. kr. Hún sótti um 20 millj. kr., en það var skorið niður í 3 millj. við afgreiðslu fjárlaga hér á hv. Alþingi.

Í mörg horn er að líta varðandi aðstoð til bágstaddra og til hjálparstarfsemi vegna náttúruhamfara og af völdum stríðs. Skemmst er að minnast hörmunganna í Bangla Desh, sem enn er langt frá því að vera lokið. Ríkisstj. hefur lagt nokkra fjármuni af mörkum til aðstoðar þar, bæði núv. ríkisstj. og sú fyrrv. Auk þess hafa Rauði krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar safnað verulegum upphæðum í því skyni. Hjálparbeiðnum frá flóttafólki í Súdan hefur að nokkru verið sinnt. Hjálparbeiðnum frá Biafra var sinnt á sínum tíma, og þannig gæti ég nefnt miklu fleiri tilvik um það, að hjálparbeiðnir berast hingað. Þær eru stöðugt að berast frá Flóttamannasjóðnum, frá Mannfjölgunarstofnuninni og fjölda annarra stofnana. Við höfum reynt að píra þessum takmörkuðu fjárveitingum í allar áttir nánast til þess að vera með, þó að öllum sé ljóst og engum ljósara en okkur, að um það munar því miður svo til ekki neitt. En það, sem þarf auðvitað fyrst og fremst til þess að sinna þessum hjálparbeiðnum og veita þessa aðstoð, er fjármagn, og það vantar okkur. Ég hef ekki talið mér

heimilt að fara langt út fyrir fjárlagaheimildir í því að styðja þær stofnanir og þær hreyfingar, sem þó vissulega ættu það skilið og væru þess verðar að okkar dómi. Ef hins vegar alþm. allra flokka hafa sérstakan áhuga fyrir því, sem ég ekki dreg í efa og till. lýsir raunar, að auka þessa aðstoð, þá skal ég taka fegins hendi á móti henni og afgreiða gegnum utanrrn. alla þá fjármuni, sem Alþ. telur, að Ísland geti við sig losað í þessu skyni.

Ég skal svo aðeins minnast á þær spurningar, sem hv. 9. landsk. þm. lagði fyrir mig út af afgreiðslu fordæmingartillögu á aðgerðum Portúgals á fundum Sameinuðu þjóðanna og þá segja það, að ég varð ákaflega hissa, þegar ég sá það, er ég kom heim erlendis frá, að Agostinho Neto, fastafulltrúi þjóðfrelsishreyfingar Angóla í Stokkhólmi, hefði á blaðamannafundi haldið því fram, að fulltrúar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hefðu ekki stutt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna till. um stuðning við sjálfstæðisbaráttu Angóla af ótta um saltfisksölu Íslendinga til Portúgals. Þessi ummæli fulltrúans, fastafulltrúa þjóðfrelsishreyfingar Angóla, herra Neto, voru þegar í stað leiðrétt af ríkisstj. og gefin út fréttatilkynning þann 6. marz, þar sem segir:

„Ummæli þessi eru á misskilningi byggð, og voru þau m. a. leiðrétt, þegar Agostinho Alberto Neto átti í morgun viðræður við Ólaf Jóhannesson forsrh."

Það rétta í málinu er, að samkv. fyrirmælum ríkisstj. greiddi sendinefnd Íslands atkv. með till. um stuðning við sjálfstæðisbaráttu Angóla og nýlendna Portúgals, þegar skýrsla IV. nefndarinnar og till. var til endanlegrar afgreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Greiddu samtals 105 ríki atkv. með till., þ. á m. Ísland og Norðurlöndin, átta voru á móti, en fimm fjarverandi. Þess skal enn fremur getið, að atkv. Íslands og Norðurlandanna hafa fallið þannig við atkvgr. um nýlendumál Portúgala á vettvangi Sameinuðu þjóðanna síðustu fimm árin: 1967, Ísland og Norðurlönd sátu öll hjá. 1968, Ísland og Norðurlönd greiddu atkv. með till. 1969, Ísland og Norðurlönd greiddu atkv. með till. 1970, Ísland og Norðurlönd sátu hjá við atkvgr. 1971, Ísland og Norðurlönd greiddu atkv. með till. Á þessu getur hv. 9. landsk. þm. séð það, að ríkisstjórn Íslands hefur breytt afstöðu sinni til fordæmingartillögu Portúgals frá því að fyrrv. ríkisstj. greiddi atkv. á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1970, því að þá sat Ísland hjá. Nú greiddi Ísland atkv. með.

Ég læt öllum áheyrendum eftir að geta sér til um það hugarfar, sem hafi staðið að baki hjásetunni á s. l. ári. Ég ætla ekki að vera með neinar getsakir uppi um það, en staðreyndin talar sínu máli.

Þá vil ég upplýsa út af málsmeðferðinni, að það er út af fyrir sig rétt, sem hv. 9. landsk. þm. sagði, að meðan till. var til meðferðar hjá IV. nefnd, þá höfðu stjórnendur Sambands ísl. fiskframleiðenda miklar áhyggjur af afstöðu okkar til till. á þingi Sameinuðu þjóðanna um fordæmingu á stefnu Portúgals, af markaðsástæðum, enda er saltfiskmarkaðurinn þýðingarmikill. Og stjórn Portúgals sendi okkur ýmsar orðsendingar um það, hvort við vildum ekki hugleiða okkar afstöðu. Ríkisstj. tók enga ákvörðun um atkvgr. í IV. nefnd. Hins vegar lét utanrrn. fulltrúana vita það, að bæði utanrrh. Portúgals og stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda hefðu komið í utanrrn. og lýst áhyggjum sínum út af fyrrgreindum málum. Um þessar áhyggjur lét ég fastanefndina vita, og með því að afgreiðslan í IV. nefnd var engan veginn endanleg afgreiðsla málsins, þá varð það að ráði, — og ég skal gjarnan bera ábyrgð á því og þarf ekki meðábyrgð eða uppáskrift annarra ráðh. um það, — að ég taldi, að það væri ekkert óeðlilegt, að málið væri athugað og það gæfist þá alltaf tími til þess að sýna hug sinn til till., þegar hún kæmi til allsherjarþingsins. Ríkisstj. tók hins vegar öll afstöðu með því að samþykkja till. í allsherjarþinginu, og ég hef ekki fyrr orðið þess var, að vinnubrögð í nefndum væru talin ráða úrslitum um það, hver afstaða manna eða þjóða væri til till., heldur sú atkvgr., sem endanlega fer fram um till. Sú atkvgr. fór fram 10. des., minnir mig, og hún var eindregin á þá lund, að Íslendingar ásamt 105 öðrum þjóðum fordæmdu nýlendustefnu Portúgala og breyttu afstöðu sinni frá árinu áður.

Um þessa till. skal ég svo að öðru leyti ekkert nema svo sem allt gott segja. Það er sjálfsagt, að alþm. staðfesti þá skoðun íslenzku ríkisstj. og íslenzku þjóðarinnar, að fordæma beri nýlendustefnu Portúgala. Og ég endurtek það, að ef Alþ. vill bæta við þær fjárveitingar, sem það vill láta af hendi rakna til aðstoðar við vanþróaðar þjóðir eða til aðstoðar við frelsisbaráttu þjóðfrelsishreyfinga, þá skal ég með mikilli ánægju greiða því atkv. og koma því til skila í gegnum utanrrn. og sendiráðin.

Umr. frestað.

Á 63. og 65. fundi í Sþ., 2. og 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 856).

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð langt um liðið síðan þetta mál var hér á dagskrá, en ég vil samt gera örlitla grein fyrir brtt., sem ég hyggst flytja við þáltill., og fylgja henni úr hlaði með örfáum orðum.

Í nýlendum sínum í Afríku kúga Portúgalir enn 10 millj. manna og svífast ekki við að beita hinum hrottalegustu aðferðum til að tryggja völd sín þar, m. a. hinum fullkomnustu eyðingartækjum nútíma hernaðar, svo sem napalmsprengjum og eiturvopnum, enda hefur nýlendustríðinu í Angóla, Guineu og Mósambík oft verið líkt við Vietnam-stríðið. Eins og Bandaríkjamenn þar hafa Portúgalir beitt stórfelldum eiturhernaði, ekki einungis gegn mannfólkinu, heldur gegn landinu sjálfu, gróðri þess og náttúru. Þegar styrkur þjóðfrelsisaflanna er svo mikill, að hann verður ekki unninn með vopnum, skal svelta þjóðina til hlýðni með eyðingu akra og engja. Þrátt fyrir hinn viðbjóðslega stríðsrekstur hefur Portúgal ekki tekizt að beygja alþýðu þessara Afríkuþjóða til hlýðni, og andspyrna þeirra hefur stöðugt magnazt.

Hér á Alþ. er nú komin fram þáltill., þar sem skorað er á ríkisstj. að veita hinum kúguðu nýlenduþjóðum Portúgals stuðning í formi matvæla, læknistækja og annars af því tagi. Ég fagna þessari till., en tel þó, að hún gangi allt of skammt, þótt í henni felist mikilvæg siðferðileg fordæming á framferði Portúgala, en forðazt er að taka pólitíska afstöðu með hinum stríðandi Afríkuþjóðum. Jafnframt er forðazt að minnast á tengsl

Portúgals við NATO, þótt ljóst sé, að vera þess í því sé ein meginforsenda þess, að Portúgal getur enn rekið hið kostnaðarsama nýlendustríð sitt. Það er hinn siðferðilegi, pólitíski og efnahagslegi stuðningur NATO og ýmissa NATO-þjóða, sem gerir Portúgal kleift að reka hina harðsvíruðu nýlendustefnu. Því frekar hlýtur þetta að snerta umræður okkar Íslendinga um þetta mál, að við erum félagar og lagsmenn Portúgals í Atlantshafsbandalaginu og berum því enn frekar ábyrgð á fjöldamorðum þeirra og eiturhernaði í Afríku. Ragnar Arnalds þm. og 5. flm. þessarar till. hefur tjáð mér, að hann hafi farið fram á það á sínum tíma við 1. flm. hennar, Ellert B. Schram, að komið væri inn á þessi tengsl Portúgals við NATO í till., en hann, 1. flm., hefði hafnað því. Þennan ótta hv. þm. við að bendla NATO við nýlendustríð Portúgala í Afríku ber að harma, en þrátt fyrir það hef ég ákveðið að flytja hér brtt. í þessa átt í þeirri von, að meiri hl. hv. þm. vilji álykta af raunsæi í þessu máli. Ég geri mér jafnvel vonir um, að hv. 1. flm. till., Ellert B. Schram, muni skipta um skoðun og styðja hana, ekki einvörðungu vegna þess, að það er í tízku að vera róttækur, eins og hann hefur sjálfur komizt að orði í ræðustól hér á Alþ., heldur vegna þess, að öll rök hníga í þá átt.

Í grg. með þáltill. er minnzt á fulltrúa þjóðfrelsisfylkingarinnar í Angóla, Agostinho Neto, og þess er réttilega getið, að hann hafi verið hér á landi nýlega í því skyni að kynna málefni þjóðfrelsishreyfingarinnar þar og leita stuðnings Íslendinga við málstað hennar, og þar sem ég geng út frá því sem vísu, að tillögumenn séu mér sammála um, að þessi sendimaður þjóðfrelsisfylkingarinnar í Angóla sé góður heimildarmaður, þegar nýlendustríð Portúgala er annars vegar, ætla ég að vitna í hann til stuðnings málflutningi mínum.

Í nýútkomnu fréttabréfi þjóðfrelsisfylkingarinnar í Angóla, sem Neto ritstýrir, segir hann á einum stað um efnahagslegan stuðning NATO og NATO-þjóða við Portúgal, með leyfi hæstv. forseta:

„Portúgal ver meira en 59% af þjóðartekjum sínum til stríðsins í Afríku. Heimsvaldasinnarnir hjálpa Portúgal með því að verzla við þá og með stórfelldum beinum lánveitingum, eins og Bandaríkin, sem ákváðu að láta Portúgal hafa 435 millj. dollara í gegnum bandaríska útflutnings- og innflutningsbankann".

Á öðrum stað greinir hann frá eiturefnahernaði Portúgala í Angóla. Eftir að hafa talið upp ýmsar flugvélategundir, sem notaðar eru í þessu skyni og fengnar eru frá hernaðarbandalaginu NATO, segir Neto, með leyfi hæstv. forseta:

„Stór landssvæði hafa verið sýkt með gróðureyðingarefni, því sama og Bandaríkjamenn nota í Indókína. Markmið portúgölsku nýlenduherranna er hið sama, að eyðileggja uppskeruna. Það er eyðing Casawa-akranna, sem vakir fyrir þeim. Casawa eða Maniok er aðalframleiðsluvara í landi okkar og helzta fæðutegund, eins og í öðrum löndum Afríku. ⅔ hlutar af þessari aðalframleiðsluvöru okkar voru eyðilagðir á árabilinu 1970—1971."

Svo mörg voru þau orð. Ég trúi því ekki, að það þurfi frjótt ímyndunarafl til að sjá, hve gölluð sú till. til þál. er, sem hér er til umr., þar sem hvergi er vikið að þeirri grundvallarstaðreynd, að aðild Portúgals að NATO er ein meginforsenda þess, að þetta fátæka og vanþróaða einræðisríki getur enn haldið úti ofbeldisstríði í nýlendum sínum í Afríku. Sjá menn ekki tilgangsleysið og tvískinnunginn í því, að við Íslendingar, aðilar að Atlantshafsbandalaginu, bjóðum fram smávægilega aðstoð í formi matvælagjafa og læknistækja og annars slíks, en samþykkjum síðan með þögninni og aðgerðarleysinu skipulagðar eiturherferðir, herferðir Portúgala, sem beita NATO-vopnum? Ég trúi ekki, að meiri hl. hv. þm. vilji lengur leika þetta hlutverk hræsnarans, að slá og eyða með annarri hendinni, en þykjast græða með hinni. Nokkur tonn af íslenzkri skreið breyta litlu um matvælaskort hinnar stríðandi alþýðu Angóla, Guineu og Mósambík, meðan fljúgandi NATO-vélfuglar sáldra eitri, dauða og örbirgð yfir akra og engi. Íslenzk læknistæki, þótt góð séu, mega sín lítils gegn svíðandi napalmsárum. Nei, hv. þm., tökum hiklaust pólitíska afstöðu gegn portúgölsku nýlenduherrunum og undanskiljum ekki þátt Atlantshafsbandalagsins og ýmissa Atlantshafsbandalagsríkja í þessu viðbjóðslega stríði. Bezti stuðningur okkar við alþýðu þessara landa væri sá, að við segðum skilið við hernaðarbandalagið NATO, en því miður er ekki að vænta þess, að slíkur meiri hluti sé hér og nú fyrir slíkri ákvörðun. En í trausti þess, að ýmsir, sem enn trúa blekkingum um jákvæðan tilgang Atlantshafsbandalagsins, viðurkenni þá staðreynd, að aðild Portúgals að NATO stendur fyrst og fremst í vegi fyrir uppgjöf þeirra í Afríku, í trausti þess legg ég fram eftirfarandi brtt., og er hugsað, að hún komi sem viðauki við þá þáltill., sem hér liggur frammi. Till. er svo hljóðandi:

„Jafnframt skorar Alþ. á ríkisstj. að beita sér fyrir því innan Atlantshafsbandalagsins, að Portúgal verði vikið úr bandalaginu, þar sem ljóst er, að pólitískur og efnahagslegur stuðningur NATO og ýmissa NATO-ríkja við Portúgal er hin helzta forsenda þess, að þeir geta enn kúgað og arðrænt nýlendur sínar."

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

37. Félagsmálafræðsla í skólum.

Á deildafundum 16. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um félagsmálafræðslu í skólum [223. mál] (A. 460).

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 52. fundi í Sþ., 21. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Hafsteinn Þorvaldsson): Herra forseti. Ég ætla að mæla hér fyrir till. minni á þskj. 460 um félagsmálafræðslu í skólum, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að framkvæmd verði ákvæði námsskrár og skyldunámsstigsins um fræðslu og þjálfun í félagsmálum fyrir nemendur á barna- og unglingaskólastigi. Einnig verði athugað, hvort ekki sé hægt sem fyrst að taka félagsmálanám sem kjörgrein á námsskrá gagnfræðadeilda og framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna. Jafnframt verði tryggt, að þeir skólar, sem útskrifa kennara, sjái nemendum sínum fyrir nægilegri menntun til að veita börnum og unglingum tilsögn á sviði menningarstarfsemi og hagnýtra félagsstarfa."

Í lýðræðisþjóðfélagi er það félagsleg skylda einstaklingsins að takast á hendur ýmiss konar félagsstörf í opinberri þjónustu eða í frjálsu félagsstarfi. Á undanförnum árum hefur oft verið vakið máls á því í ræðu og riti, að erfitt væri að fá ungt fólk til félagsstarfa á hinum margvíslegustu sviðum þjóðlífsins, svo sem í sveitarstjórnarmálum, stéttarfélögum, í ungmennafélögum og íþróttahreyfingunni. Ýmsar félagshreyfingar, t. d. verkalýðshreyfingin, samvinnuhreyfingin og ungmennafélagshreyfingin, hafa brugðizt við þessum vanda með ötulli og árangursríkri félagsmálafræðslu, en sú virðingarverða starfsemi nær aldrei til nægilega margra miðað við þarfir félagsstarfseminnar í landinu og þjóðfélagsins í heild.

Ég tel augljóst, að hér sé um brýnt þjóðfélagslegt hagsmunamál að ræða, og að mínum dómi hefur ríkisvaldið sjálft ráð á því tæki, sem ætti að duga til stórra afreka á þessu sviði, en það er skólakerfið í landinu.

Námsskrá skyldunámsstigsins gerir ráð fyrir fræðslu í félags- og menningarmálum, og vissulega er viðleitni til þess að framkvæma þau ákvæði námsskrárinnar í sumum barnaskólum, en því miður óvíða og allt of lítið. Ein veigamesta ástæðan fyrir þessari vanrækslu er sú alvarlega staðreynd, að þeir skólar, sem útskrifa kennara, hafa ekki búið kennaraefnin undir leiðbeinendastörf á sviði félagsmála. Á síðustu árum hafa gagnfræðaskólar leitazt við að koma á kjörgreinakerfi, og hefur sú viðleitni aukizt verulega við stofnun framhaldsdeilda fyrir gagnfræðinga. Hafa þannig verið opnuð nokkur kjörsvið, svo sem verzlunarkjörsvið, tæknikjörsvið, hjúkrunarkjörsvið og sums staðar nokkur fleiri, en mjög er þetta misjafnt í hinum ýmsu skólum og takmarkast að sjálfsögðu af kostnaði þeim, sem því fylgir.

Ef menntun kennara kemst í það horf, sem lagt er til í þáltill. minni, ætti án verulegs tilkostnaðar að vera hægt að setja á stofn félagsmálakjörsvið í gagnfræðaskólum. Í nokkrum framhaldsskólum hefur verið sýnd virðingarverð viðleitni í félagsmálafræðslu, svo sem fundarstjórn og ræðumennsku, sums staðar hefur líka verið komið á námskeiðum í framsögn og leiklist, og er sjálfsagt að koma slíkri fræðslu inn í þessa kjörgrein. Þá er og vel þess vert að geta þeirrar viðleitni, sem Reykholtsskóli í Borgarfirði hefur haft í frammi með sinni leiðbeinendadeild.

Það er mjög alvarleg staðreynd, að allur þorrinn af ungu fólki, sem kemur að loknu skólanámi til starfa á félagslegum vettvangi, — því að flestir, ef ekki allir, eru í einhverjum félögum, sumir reyndar í mörgum, — er ekki aðeins alveg þjálfunarlaus á sviði félagslegrar stjórnunar og skipulagningar, heldur vanmegnugur að tjá skoðanir sínar eða að útskýra málefni á mannfundum. Þetta leiðir ósjaldan til andlegrar einangrunar og vanmetakenndar einstaklingsins og veldur því, að góðar hugmyndir komast ekki á framfæri og góðir hæfileikar fá ekki að njóta sín. Þetta er brestur í skólakerfinu, og á þessu verður að ráða bót.

Það mun flestum kunnugt, að þátttöku í almennum fundarstörfum hefur hrakað mjög hin síðari ár. Almennur menntunarskortur á þessu sviði er auðvitað ekki eina orsök þess, heldur liggja til þess veigamiklar þjóðfélagslegar orsakir. En aukin félagsmálafræðsla í skólum á að geta breytt þessari óheillaþróun og glætt félagsvitund einstaklinganna.

Fyrir þremur árum setti Ungmennafélag Íslands á stofn eigin félagsmálaskóla í því ákveðna markmiði að leggja sitt af mörkum til að efla áhuga fólks á félagsstörfum og stuðla að þjálfun þess í skoðanatjáningu, ræðumennsku og öðrum hagnýtum félagsstörfum. Ungmennafélögin á Íslandi hafa raunar allt frá árdögum hreyfingarinnar í byrjun aldarinnar verið einn helzti félagsmálaskóli þjóðarinnar, þar sem mikill fjöldi æskufólks hefur hlotið félagslegt uppeldi og hagnýta þjálfun í skoðanatjáningu og öðru félagsstarfi.

Félagsmálaskóla Ungmennafélags Íslands er ætlað að halda þessu merki á lofti með almennri félagsmálafræðslu, ekki einungis fyrir ungmennafélaga, heldur sem víðast, þar sem áhugi er fyrir hendi. Og áhuginn er svo sannarlega fyrir hendi. Hvaðanæva að hafa borizt óskir um námskeið, og til þessa hafa verið haldin 12 námskeið, þar af 7 námskeið fyrir aðila utan UMFÍ. Nemendur skipta hundruðum, og það er ánægjulegt, að sumt af því fólki, sem á þessum námskeiðum sté sín fyrstu spor í ræðustól, lætur nú skörulega að sér kveða á málþingum og í félagsmálum.

Ég vil sérstaklega geta þess, að félagsmálaskóli UMFÍ hefur lagt áherzlu á samvinnu við skóla landsins, og á s. l. ári voru haldin námskeið, bæði í Kennaraskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni. Námskeið þessi hafa gefið mjög góða raun, en námskeiðin í Kennaraskóla Íslands eru aðeins áhugamannanámskeið á vegum nemendafélagsins og aðeins lítill hluti áhugasamra nemenda, sem tekur þátt í þeim.

Ungmennafélag Íslands hefur látið semja margs konar kennslugögn fyrir skólann, því að nær algjör skortur er á handbókum fyrir flestar greinar slíkrar fræðslu. Þess má þó geta í þessu sambandi, að nýstofnað æskulýðsráð ríkisins og framkvæmdastjóri þess vinna nú ötullega að öflun fræðsluefnis á þessum sviðum.

Rekstur félagsmálaskólans hefur verið fjárhagslega erfiður, en áhugi fyrir starfi hans hefur verið svo mikill, að lagt hefur verið kapp á að efla hann sem mest. Ég get fullyrt, að þessi stofnun er reiðubúin til aðstoðar við að bæta félagsmálafræðsluna í hinu almenna skólakerfi, og jákvæð reynsla í þeim efnum er þegar fyrir hendi. Vonandi gæti slík samvinna orðið til að hraða þeirri þróun, sem till. mín gerir ráð fyrir. Markmið félagsmálafræðslu í skólum hlýtur að vera þroskun einstaklingsins og þjálfun hans í því augnamiði að gera hann hæfan, ábyrgan og starfandi þjóðfélagsþegn. Maðurinn

er félagsvera, og þess vegna má ekki vanrækja eða gleyma einum veigamesta þættinum í uppeldismálum þjóðarinnar, sem er að efla og glæða félagslega vitund og félagsþroska æskunnar.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég leyfi mér að fara þess á leit við hv. d., að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

38. Umgengnis- og heilbrigðisvandamál á áningarstöðum.

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á umgengnis- og heilbrigðisvandamálum á áningarstöðum ferðamanna og útivistarsvæðum [224. mál] (A. 471).

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 54., 55., 56., 57. og 61. fundi í Sþ., 6., 11., 13., 18. og 25. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Blöndal): Herra forseti. Ég flyt hérna á þskj. 471 ásamt hv. 4. þm. Norðurl. v. till. til þál. um athugun á umgengnis- og heilbrigðisvandamálum á áningarstöðum ferðamanna og útivistarsvæðum. Till. okkar er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka, hversu unnt sé að leysa þau umgengnis- og heilbrigðisvandamál, sem nú eru komin upp og fara sívaxandi á hinum ýmsu útivistar- og áningarstöðum ferðamanna víðs vegar um landið, og gera jafnframt ráðstafanir til, að þau verði leyst hið allra fyrsta."

Mig langar til að fara um málið örfáum orðum. Ísland er land mjög aukinna ferðalaga og útivistar. Ferðamannastraumur yfir sumarmánuðina hefur vaxið gífurlega og mun enn vaxa ófyrirsjáanlega á næstu árum, ekki sízt straumur erlendra ferðamanna, sem meir og meir munu leita til Íslands, vegna þess að hér finna þeir náttúrufar og veðráttu, sem ekki verður fundin slík annars staðar. Leit ferðalangsins um næstu framtíð mun í vaxandi mæli verða leit að hinu sérstæða og ósnortna í stað hins venjulega, sem hingað til hefur verið bundið við byggðir og borgir. Þetta kemur af þeirri stórfelldu breytingu á verðmætamati, sem nú fer fram um heim allan. Hér á Íslandi veldur þessi breyting í ferðaháttum því, að æ fleiri fara um með viðlegubúnað og slá sér niður á áningarstaði þá, sem íslenzk náttúra býður bezta. Er þegar svo komið, að ýmsir þessir staðir eru orðnir þröngt setnir á sumrin. Þessi aukna sókn fólks á vissa staði kallar á aðstöðu, sem ekki var þörf fyrir þar áður. Ég nefni nokkur helztu atriði: Vatnslagnir, hreinlætistæki, sorptunnur, eftirlit og sums staðar skipulögð bílastæði. Sérstaklega er skortur á hreinu vatni og salernum alvarlegt mál á mörgum áningarstöðum og brýtur í bága við kröfur, sem nútímamenn gera til hreinlætis. Sorphreinsun er mjög víða alls engin eða ófullnægjandi, enda háttar víða þannig til, að enginn telur sig ábyrgan fyrir umgengni á þessum stöðum.

Mér er sérstaklega kunnugt um þessi vandamál í skóglendum í eigu Skógræktar ríkisins, enda er þar að finna ýmsa eftirsóttustu áningarstaði og útivistarsvæði í lágsveitum Íslands. Starfsmenn þessarar ríkisstofnunar reyna víða að leysa vandann eftir því sem þeir bezt geta, en fá þó lítt við ráðið, því að þeir ráða ekki yfir fé, sem til þyrfti. Sem dæmi um það, hve fjölmennt getur verið á sumum þessum áningarstöðum, vil ég nefna, að á litlu svæði í Þjórsárdal voru árið 1971 reist 932 tjöld á mánaðartíma frá miðjum júlí til miðs ágústs. Hinn 31. júlí s. l. voru þar samtímis 205 tjöld á mjög takmörkuðu svæði. Með fjórum í tjaldi, sem er sennileg áætlun, hafa jafnmargir dvalizt á þessu litla svæði á þessum degi og allir íbúar í miðlungskauptúni, enda þótt engin skemmtisamkoma væri þarna. Á öðrum skógarsvæðum, eins og Vöglum í Fnjóskadal og Hallormsstað, geta verið yfir 100 tjöld í einu yfir ferðamannatímann. Á eftirsóttum stað eins og í Ásbyrgi er ferskt og hreint vatn eitt stærsta vandamálið. Tjörnin í byrgisbotninum er alls ófullnægjandi vatnsból, enda baða sig margir í henni. Ég vona, að þessi fáu dæmi sýni ljóslega, svo að ekki verður um villzt, að hér er á fáum árum risið vandamál, sem snúast verður við af myndarskap, ef við viljum teljast menningarþjóð.

Hér er þó alveg ótalinn sá þáttur vandans, sem veit að óbyggðum Íslands. Hann er kannske dálítið annars eðlis, af því að þar vantar beinlínis áningarstaði með hreinlætisaðstöðu. Er það sérstaklega snúið mál, þegar hópar ferðast um og þá einkum útlendingar. Ég nefni dæmi af þeirri leið, sem ég þekki bezt, frá Reykjahlíð til Egilsstaða. Þar er enginn áningarstaður með hreinlætisaðstöðu. Svo er vafalaust á mörgum fleiri alfaraleiðum, þótt ég þekki það ekki. Mér er kunnugt um það, að opinberir aðilar eins og samgrn. og ferðamálaráð hafa opin augu fyrir þeim vanda, sem ég hef bent á, en þeir hafa ekki fengið að gert, vegna þess að fé skortir til aðgerða.

Hið háa Alþingi, sem með margvíslegu móti stuðlar að auknum ferðamannastraumi um landið, m. a. með stórbættum samgöngum og kynningu landsins á erlendum vettvangi, má ekki víkjast undan að leysa vanda eins og þennan, sem af hinni auknu umferð leiðir. Setja verður þá aðila, sem bezt til þekkja, í að

gera hið bráðasta úttekt á ástandinu og gera síðan á grundvelli hennar áætlun um aðgerðir. Skipulegt átak verður að hefjast ekki seinna en á næsta ári, ef vandinn á ekki að stækka enn meir frá því, sem nú er.

Ég hef þá þessi orð ekki fleiri, en vildi beina því til hv. þd., að málið yrði lagt fyrir allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

39. Flutningur fólks til þéttbýlis við Faxaflóa.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um þjóðfélagslega rannsókn á flutningi fólks til þéttbýlis við Faxaflóa [230. mál] (A. 486).

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Eysteinn Jónsson: Það eru fjórir hv. þm., sem flytja þessa þáltill., ég er sá fjórði í röðinni. Þrír þeirra eru ekki á Alþ. nú, og fellur því í minn hlut að mæla fyrir henni. En hún er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir framkvæmd þjóðfélagslegra rannsókna á orsökum fólksflutninga frá hinum ýmsu landshlutum til þéttbýlissvæðanna við Faxaflóa".

Um þetta vil ég fara aðeins örfáum orðum. Á undanförnum áratugum hafa hinir miklu búferlaflutningar verið eitt helzta einkenni íslenzkrar þjóðfélagsþróunar. Fólksflutningarnir til höfuðborgarsvæðisins, sem við getum kallað, hafa skapað margþætt vandamál, og þau setja mjög svip á alla íslenzka þjóðfélagsgerð.

Alþingi og ríkisstj. og ýmsir aðrir aðilar hafa ýmislegt gert til að reyna að draga úr þessari öru þróun, þessum miklu breytingum, og sjálfsagt hafa ýmsar framkvæmdir haft sín áhrif í þá átt, en samt sem áður hefur ekki fullur árangur náðst að flestra dómi í því að halda jafnvægi í byggð landsins.

Byggð hafa verið hafnarmannvirki, samgöngur efldar, atvinnufyrirtækjum hefur verið komið á fót, menntunaraðstaða bætt, en þrátt fyrir þetta rýrnar hlutfallslegur íbúafjöldi landsbyggðarinnar, sem við köllum, miðað við þéttbýlissvæðin hér við Faxaflóa. Fari svo fram sem horfir í þessum efnum, þá hlýtur fækkandi íbúafjöldi tiltölulega úti á landsbyggðinni að þýða, að örðugra verði um nýtingu landsgæðanna en vera ætti og af því mun leiða aukinn vanda á sviði framleiðslu bæði til lands og sjávar.

Mörg dæmi sýna og sanna, að þótt næg og mikil atvinna sé fyrir hendi, getur íbúum byggðarlaga allt að einu fækkað. Og þessi dæmi höfum við í reynd. Auðvelt er að geta sér til um orsakir oft og tíðum í þessu sambandi, en venjulega verður þar um tilgátur einar að ræða, hvað komi til. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að í þessu sambandi séu að verki ýmsir þættir, sem við fram að þessu höfum tæpast gert okkur nægilega vel grein fyrir. Þetta finnst okkur flm., og þess vegna höfum við lagt í það að flytja þessa þáltill. Teljum við, að það sé full ástæða til að skoða með nokkuð öðrum hætti en áður hefur verið gert forsendurnar eða ástæðurnar fyrir þessum miklu flutningum manna í landinu.

Á undanförnum árum hefur þjóðin eignazt unga og áhugasama fræðimenn í félagsvísindum, og komið hefur verið á fót námsbraut í þeirri grein við Háskóla Íslands. Finnst okkur flm., að nú sé tími til þess kominn, að fram fari vísindaleg athugun á því, hvaða öfl eru hér aðallega að verki í sambandi við þessa miklu fólksflutninga. Og um það fjallar þessi þáltill.

Við erum áreiðanlega öll sammála um það, að hér er um vandamál að ræða, og þyrfti að koma við skynsamlegum breytingum í þessu efni, en óneitanlega er það fyrsta skilyrði til að geta gert nægilega skynsamlegar ráðstafanir til þess að bæta úr, að mönnum séu orsakirnar fyllilega ljósar. Við höfum nú áreiðanlega mönnum á að skipa, sem geta framkvæmt athuganir af þessu tagi með betri árangri en áður hefur verið auðið, hafa betri skilyrði til að fá um þetta upplýsingar, sem geti varpað á þetta skærara ljósi en áður hefur verið unnt, og því er till. okkar fram komin.

Ég vil leggja til, að þessari þáltill. verði vísað til hv. fjvn. að loknum þessum fyrri hl. umr. Ég geng þess ekki dulinn, að einhver kostnaður hlýtur að fylgja því, að athugun af þessu tagi fari fram, og því finnst mér eðlilegt, að till. fari til hv. fjvn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Á mörgum undanförnum þingum hefur mjög verið talað um jafnvægi í byggð landsins hér í sölum Alþingis. Þm. eru allir sammála um það, að eðlilegt og nauðsynlegt sé að gera einhverjar ráðstafanir til þess að reyna að stöðva fólksflutninga utan úr dreifbýlinu og hingað til þéttbýlisins, eins og þeir hafa átt sér stað á undanförnum árum. Allmargar till. hafa verið fluttar í þessu sambandi, en árangur hefur lítill orðið og Alþ. aldrei tekið þetta mál neinum föstum tökum. Hvort vísindaleg athugun á þessu máli ræður þar nokkrum úrslitum, dreg ég mjög í efa, því að ég hygg, að flestum þm. séu nokkuð kunnar þær ástæður, sem liggja til þess, að þannig hefur farið, að meiri fólksflutningar hafa átt sér stað hingað til þéttbýlisins en almennt er talið æskilegt. Það, sem ég hygg, að flestir þm. séu sammála um, að sé í höfuðdráttum ástæða fyrir þessu, það er nokkuð margþætt kannske. En eitt atriðið eru samgöngumálin, því að með þeim hraða, sem í dag er orðinn á öllum hlutum,

liggur það ljóst fyrir, að fólk vill ekki búa úti í dreifbýlinu, ef það á ekki þess kost að geta flutt sig til eða ferðazt eins og það telur eðlilegast og telur henta nútíma aðstæðum. Það er mjög hætt við því, að það flytji sig þá til þeirra staða, sem það vill kannske hafa nánara samband við en það getur haft, ef það á ekki kost á greiðum samgöngum. Þetta mun vera ein af ástæðunum fyrir því, að fólk flytur utan af landsbyggðinni, það telur samgöngumálin víða ekki vera í því ástandi, sem það telur sér henta.

Þá er það vitað, að mjög er algengt, þar sem svo hefur þróazt, að menntastofnanir almennt eru staðsettar hér í höfuðstaðnum og þéttbýlinu, að það hefur beinlínis dregið fólk hingað til höfuðstaðarins og Faxaflóabyggðarinnar, þegar það þarf að koma börnum sínum til framhaldsskólamenntunar. Það ber að harma, að mjög hefur borið á því nú í vetur, að ekki virðist vera eins mikill áhugi hjá ráðamönnum þjóðarinnar fyrir því að breyta þarna um stefnu og maður gat þó ætlað að verið hefði áður. Hér hafa komið bæði till. og ábendingar um, að ýmsar menntastofnanir yrðu staðsettar utan þéttbýlissvæðanna og ýmsar opinberar stofnanir, ef því yrði við komið, en mér finnst þetta hafa fengið ákaflega daufar undirtektir. Ég tel, að það geti ráðið nokkrum úrslitum, hvaða stefna verður mörkuð í þessu sambandi, um það, hvort áframhaldandi fólksflutningar verða í jafnríkum mæli frá strjálbýlinu og hingað til þéttbýlisins.

Félagsleg aðstaða hefur auðvitað sín áhrif. Ef fólki finnst, að félagsleg aðstaða sé betri í þéttbýlinu en úti í strjálbýlinu, þá hefur það auðvitað áhrif í þá átt, að fólk flyzt frá sínum heimabyggðum og þangað sem það telur, að félagsleg aðstaða sé betri. Einnig er það eitt atriði, sem er mjög eðlilegt, að fólk vegi og meti, þegar það er með hugmyndir um að flytjast búferlum, en það er það, að vitað er, að það er mun dýrara að lifa úti í strjálbýlinu en hér í þéttbýlinu við Faxaflóann. Flutningur á öllum nauðsynjavörum, byggingarefni og því, sem fólk almennt þarfnast daglega og þarfnast til að geta reist heimili og búið úti í strjálbýlinu, mæðir eingöngu á þeim, sem þar eiga hlut að máli. Aðilar í strjálbýlinu verða bæði að kaupa dýrari nauðsynjavöru og byggingarefni og margt fleira. Nú er verið að samræma vinnulaun um land allt. Það hefur að vísu verið um nokkurn tíma þannig, að vinnulaun hafa verið samræmd, en nú er verið að stefna að því í ríkara mæli en áður að gera heildarsamninga fyrir landið allt. Menn hafa sömu laun og sömu kjör um land allt, jafnhá í dreifbýlinu og hér í þéttbýlinu, og þá auðvitað segir það sig sjálft, að ef fólk getur lifað ódýrara, fær nauðsynjar sínar á lægra verði á einum stað en öðrum og kannske ódýrari byggingarefni, þá hvetur það fólk til búflutninga til þeirra staða, þar sem það hyggur, að ódýrara sé að framfleyta sér og fjölskyldu sinni.

Þá er það eitt atriði, sem áður hefur borið hér á góma, sem ég tel, að stangist mjög á við þær hugmyndir og þann yfirlýsta vilja, sem er almennt hjá þm. um það að reyna að stöðva flutningana frá strjálbýlinu og hingað til þéttbýlisins, en það er í sambandi við hinar geysilega miklu húsnæðisbyggingar, sem eiga sér stað aðallega hér í höfuðborginni, þar sem ríkið er beinn aðili að, eins og t. d. Breiðholtsbyggingarnar. Það er vitað, að smærri sveitarfélög og jafnvel kaupstaðir hafa miklu veikari fjárhagsaðstöðu og þeir hafa ekki getað notfært sér þetta kerfi, eins og hefur verið gert hér í höfuðborginni. Ég vil minna þar á Breiðholtsbyggingarnar, sem ríkið hefur á undanförnum árum staðið fyrir að reisa og að mínum dómi hafa verið mjög ríkur þáttur í því að draga fólk utan af landsbyggðinni hingað til þéttbýlisins. Ég held, að allt þetta sé samverkandi og það liggi nokkuð ljóst fyrir í höfuðdráttum, hvað það er, sem skilur þarna á milli, og hvað það er, sem hvetur fólk beinlínis til þess að taka sig upp úr dreifbýlinu og flytja hingað til þéttbýlisins. Ég tel það illa farið, þegar vitað er um hinn almenna vilja alþm. til að reyna að gera þarna breytingu á og reyna að stöðva það, sem við köllum flóttann úr strjálbýlinu, að þá skuli Alþ. samtímis á undanförnum árum hafa stuðlað mjög að því í gegnum húsnæðismálakerfið að skapa hér forgangsaðstöðu, má segja, það er alveg rétt að orði komizt, það hefur skapazt hér forgangsaðstaða um að komast yfir húsnæði, sem ríkið hefur lagt mikla og beina fjármuni í. Þetta verkar beint á móti því, sem við allir erum sammála um, að sé rétt, að reynt sé að spyrna þarna við fæti eða reynt sé að draga úr þeim fólksflutningum, sem átt hafa sér stað úr strjálbýlinu hingað til þéttbýlisins á undanförnum árum. Þetta er mjög stórt mál, og ég tel það eitt af stærri málum Alþingis, að við þessu verði fundin ráð og gerðar ráðstafanir til þess að hefta fólksflóttann úr dreifbýlinu hingað til þéttbýlisins við Faxaflóa. Ég vil mjög vel unna Reykjavíkurborg og kaupstöðunum hér í kring og því fólki, sem hér vill búa, þess, að það búi hérna, en þjóðhagslega séð er full nauðsyn á því, að búseta dragist ekki meira saman en orðið er úti á landsbyggðinni. Þaðan kemur framleiðslan í mjög stórum stíl. Þær útflutningsafurðir, sem þjóðarbúið byggir afkomu sína mjög á, koma einmitt í mjög stórum stíl utan úr strjálbýlinu. Þar er sjávarfangs aflað, og þar er í stórum stíl gjaldeyrisöflunin á fyrsta stigi, þannig að ég tel, að Alþ. þurfi mjög að leggja sig fram um það að marka þarna aðra stefnu í raun en nú á sér stað. Ég held, að þm. allir geri sér þetta ljóst, og við erum allir sammála um, að þetta þurfi að gerast, en einhvern veginn hefur það farið svo, að þarna hafa verið mótverkandi aðgerðir frá hendi hins opinbera, sem hafa orðið þess valdandi, að aðgerðir hafa engar orðið í þessa átt, heldur aðeins umtal um það, að ráðstafanir væru nauðsynlegar í þessu sambandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 39:2 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

40. Vegagerð yfir Sprengisand.

Á deildafundum 22. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vegagerð yfir Sprengisand [232. mál] (A. 488).

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Benóný Arnórsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram till. til þál. á þskj. 488, um vegagerð yfir Sprengisand, en þar segir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á hagkvæmni vegagerðar yfir Sprengisand."

Eins og segir í grg., hafa hugmyndir um gerð vegar yfir Sprengisand verið í umr. manna á meðal alllengi, m. a. hafa Búnaðarþing og bæjarstjórn Húsavíkur gert samþykktir í þá átt nýverið. Engin athugun mun þó hafa farið fram á kostnaði við slíka vegagerð né tilraun verið gerð til að kanna hagkvæmni hennar. Telja má, að vegagerð yfir Sprengisand sé tiltölulega ódýr, þar sem vegarstæðið er að miklu leyti sandar og melar, snauðir af lífrænum efnum. Má benda á kostnað við lagningu 70 km vegar frá Búrfelli að Þórisósi, en vegur um Sprengisand að Mýri í Bárðardal kæmi til með að verða um 130—140 km langur og stytta akstursleiðina milli Húsavíkur og Reykjavíkur í kringum 100 km og milli Húsavíkur og Selfoss um rúma 200 km.

Í málefnasamningi ríkisstj., þar sem getið er einstakra verkefna, segir um samgöngumálin, með leyfi hæstv. forseta:

„Að endurskoða beri samgöngukerfið með hagkvæmustu þungavöruflutninga á sjó og landi í huga."

Enginn vafi er á því, að vegur um Sprengisand mundi auka mjög á hagkvæmni þungavöruflutninga á landi til Norðaustur- og Austurlands, því að út frá Sprengisandsleið mætti síðar leggja vegi niður í Eyjafjörð og að Brú á Jökuldal, en akstursleiðin frá Egilsstöðum til Reykjavíkur með vegi um Brú og Sprengisand mundi þá styttast um því sem næst 160 km. Auk þess mundi vegur um Sprengisand létta mjög á þeim umferðarþunga, sem nú er á veginum vestur og norður um land.

Það vörumagn hefur farið árvaxandi, sem flutt er milli landshluta með bifreiðum. Þróunin bendir í þá átt, að slíkt muni heldur aukast en minnka. Því er það mikilsvert mál að gaumgæfa til hlítar hagkvæmustu leiðir, ekki hvað sízt þær leiðir, sem létta mundu til muna þungaumferð af núverandi leiðum, sem hljóta að verða meginleiðir í farþegaflutningum. Einnig er rétt að geta þess, að nauðsyn ber til að skipuleggja vegi um öræfin og koma þannig í veg fyrir, að þau séu sundurskorin af bílaslóðum þvers og kruss, eins og nú er, til stórlýta og skemmda. Þetta mál þyrfti að ræða sérstaklega.

Ferðamannaþjónusta er ofarlega á dagskrá um þessar mundir og ekki hvað sízt möguleikar á öræfaferðum. Góður vegur um Sprengisand eykur mjög fjölbreytni í þeim efnum. Mundi hann tengja saman alþjóðaflugvöllinn í Keflavík og væntanlegan varaflugvöll á Norðurlandi. Ef ferðamannaþjónusta á að fara vel úr hendi og við ekki að drukkna í henni, þarf hún að skipuleggjast í tíma og þá einnig að taka mið af framkvæmdaáætlun í samgöngumálum. Það er viðurkennt, að Norðurland hefur vegna síns náttúrufars mikið aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Og þennan þátt ber að nýta skynsamlega til að tryggja búsetu þar. En þótt þetta sé rétt og skylt að skoða, er hitt þó enn stærra mál að bæta samgöngurnar milli strjálbýlis og þéttbýlis. Góðar og greiðar samgöngur eru lífæð hvers byggðarlags. Það getur ráðið úrslitum um viðgang dreifbýlisins, hvernig til tekst í samgöngumálum, en að undanförnu hefur það mjög orðið afskipt um uppbyggingu vegakerfisins. Á ég þá ekki við uppsteypta hraðbrautarspotta, sem kosta hundruð milljóna króna, heldur vel uppbyggða malarvegi, er færir væru mestan hluta ársins. Það er ekki nóg með það, að vegir úti á landsbyggðinni séu ófærir svo að vikum skiptir vegna snjóalaga, heldur verða þeir þegar snjóa leysir að slíkri forarvilpu, að þar er engum fært nema fuglinum fljúgandi, og mér eru þá efst í huga vegirnir í N.-Þingeyjarsýslu á s. l. vori.

Þetta ástand vega getur haldizt svo að vikum skiptir, og fer það þó nokkuð eftir tíðarfari. Það hefur komið í ljós, að vel uppbyggðir malarvegir grafast ekki í sundur í vorleysingum. Á þá getur að vísu hlaðizt snjór, en hann er að jafnaði auðvelt að hreinsa af, þar sem slíkir vegir eru hærri en næsta umhverfi. Eftir þá reynslu, sem fengizt hefur af slíkri vegagerð, blandast mér ekki hugur um, að vanþróun vegamála okkar á að leysast á þann hátt, en ekki með steyptum hraðbrautarspottum. Vera má, að slík vegagerð sé nauðsynleg hér í næsta nágrenni mesta þéttbýlis landsins, og trúlega verður að ljúka þeim framkvæmdum, sem þegar er byrjað á, en viljum við halda þeirri byggð, sem er úti um landið í dag, og ég tala nú ekki um, ef við ætlumst til, að hún aukist, verðum við að láta vegagerð landsbyggðarinnar sitja fyrir hraðbrautunum, ekki sízt þar sem heilbrigðisþjónusta virðist þróast í þá átt, að vegalengdir virðast ekki lengur skipta máli um staðsetningu lækna, heldur fer mikill hluti af starfstíma þeirra í bifreiðaakstur, ella verður að aka sjúklingum endalausar vegalengdir til að koma þeim undir læknishendur.

Herra forseti. Ég stytti nú mál mitt. Þegar ég ræði um uppbyggingu vegakerfisins, á ég ekki síður við styttingu akstursleiða, og vegur, sem kemur til með að stytta akstursleið milli landshluta um hundruð kílómetra, eins og Sprengisandsvegur mundi gera, hlýtur að vera þess virði, að athugaðir séu möguleikar á slíkri vegagerð.

Ég legg því til, að till. verði vísað til hv. fjvn. og umr. frestað.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þau eru ekki orðin fá málin á þessu hv. Alþ., sem fjalla um vegamál. Það er nú víst ekkert nýtt í þingsögunni, því að ég hygg, að ef blaðað væri í þskj. liðinna ára, þá kæmi það í ljós, að um fá einstök málefni hefðu verið flutt fleiri þingmál þing eftir þing en um samgöngumál og alveg sérstaklega vegamál. Þetta er náttúrlega ekkert einkennilegt, þegar þess er einfaldlega gætt, hvernig aðstæður eru í okkar landi, vegalengdirnar, strjálbýlið og margháttaðir samgönguerfiðleikar.

Ég held nú samt, að það sé ekki að bera í bakkafullan lækinn, þegar hv. 6. þm. Norðurl. e. flytur þessa till. um

að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á hagkvæmni vegagerðar yfir Sprengisand. Eins og hv. þm. tók fram, þá er þetta ekki nýtt mál. Sprengisandsleiðin er náttúrlega fyrst og fremst einhver elzta leiðin á milli landsfjórðunga frá örófi alda. Og þegar menn byrjuðu hér fyrst á vegagerð, þá var strax hugað að þessum háfjallaleiðum jafnhliða byggðavegunum. Hér á Alþ. hefur þetta mál einnig verið til meðferðar áður. Ég minnist þess, að árið 1955 fluttum við tveir þm. Austurlands, Halldór Ásgrímsson, sem þá var þm. N.-Múlasýslu, og ég, till. um athugun á vegarstæði yfir Sprengisand, því þótt í till. væri talað um athugun á vegarstæði milli landsfjórðunga, þá kom það fram í framsögu og víðar við meðferð málsins, að fyrst og fremst beindust þessar hugmyndir að Sprengisandi.

Vegamálastjóri sendi þá fjvn. ítarlega umsögn um þetta mál og greindi frá frumathugunum, sem höfðu farið fram á leiðinni, og hvernig ástatt var þá, en það var aðeins byrjað að fara yfir hálendið á bílum, sem þá voru ferjaðir yfir verstu vatnsföllin.

Þessi till. var samþ. þá, og athugun fór fram á þessu á þeim tíma. Síðan, í framhaldi af því, verður svo það, að þarna eru brúuð verstu vötnin, og þessi leið er nú orðin æði fjölfarin ferðamannaleið, þó að ekki sé hún uppbyggð.

Ég man eftir því, þegar þetta mál var flutt á sínum tíma, og e. t. v. gera svipaðar hugrenningar vart við sig nú, að manni finnst þetta kannske mikið í fang færzt að stefna inn á hálendið með vegagerð, meðan stór verkefni eru alls staðar annars staðar.

En þróun þessa hálendisvegar er eiginlega táknræn fyrir það, hvernig þörfin kallar á og hvernig verkefnin þrýsta sér að, þannig að undan þeim verður ekki komizt. Þetta er brotizt fyrst sisvona, eins og gert hefur verið víða, og síðan fara menn að huga að því að gera meira. Á þessu tímabili hefur verið opnuð greiðfær slóð fyrir ferðamenn yfir sumartímann, það er óhætt að segja það, og annað hefur einnig gerzt, að það er kominn uppbyggður vegur á æði löngum kafla á syðri hluta leiðarinnar eða inn undir Þórisvatn, vegna mannvirkjagerðarinnar þar. Mér finnst það þess vegna eðlilegt, að menn taki að hugleiða, hversu það megi takast og hvað það muni kosta og hvernig verði hagkvæmast að því unnið að byggja upp veg á þessari leið.

Nú eins og ævinlega eru verkefnin í vegamálunum gífurleg í öllum áttum, og við höfum nú ákveðið það, Íslendingar, að hefjast handa um eina alveg afmarkaða stórframkvæmd, sem opnar hringveginn umhverfis landið með því átaki, sem fyrirhugað er að gera á Skeiðarársandi á næstu þremur árum. En þrátt fyrir þetta, þá held ég, að skynsamlegt sé að taka nú að gera sér nokkru nánari grein en áður hefur verið fyrir vegagerð yfir hálendið, það sé skynsamlegt að ætla sér til þess góðan tíma. Það er vonandi af sú tíð, þegar vegir voru valdir á líkan hátt og gert var, þegar vegurinn var ákveðinn í Vopnafjörðinn. Það gerðist með þeim hætti, að ungir menn ákváðu að brjótast yfir heiðarnar niður í Vopnafjörð, áður en vegur var lagður. Þeir lentu í þoku og villtust fram á brún Burstafells og brutust þar niður við enda fellsins. En síðan var tínt í þessa slóð, í verstu holurnar, og byrjað að fara hana, og þannig var þetta vegarstæði ákveðið.

En þó að svona vegagerð eða ákvarðanir um vegarstæði séu nú úr sögunni, þá held ég, að það sé ágætt að ætla sér góðan tíma til þess að undirbúa stórframkvæmdir eins og það verður, þegar ráðizt verður í vegagerð yfir hálendið, sem auðvitað verður gert á sínum tíma. Það er áreiðanlega hafið yfir allan efa, að uppbyggður vegur þvert yfir hálendið verður ekki einasta þýðingarmikill fyrir ferðamálastarfsemi alla, heldur einnig fyrir aðra þætti atvinnulífsins, því eins og raunar liggur í augum uppi og 1. flm. tók fram, þá styttir sá vegur stórkostlega landleiðina milli mjög fjölmennra og þýðingarmikilla byggðarlaga. Ég er þess vegna mjög hlynntur því, að þessi till. fái jákvæða afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

41. Vísitölu- og gengistryggð lán Ferðamálasjóðs.

Á deildafundum 23. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á áhrifum vísitölu- og gengistryggðra lána Ferðamálasjóðs á greiðslugetu lántakenda og sérstaka aðstoð, þar sem þörf reynist [234. mál] (A. 497).

Á 54. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 55., 57. og 58. fundi í Sþ., 11. og 18. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 497 hef ég leyft mér að leggja fram till. til þál. um rannsókn á áhrifum vísitölu- og gengistryggðra lána Ferðamálasjóðs á greiðslugetu lántakenda og sérstaka aðstoð, þar sem þörf reynist.

Sá háttur hefur verið á hafður á lánum Ferðamálasjóðs, að þau hafa ýmist verið vísitölu- eða gengistryggð. Það er óþarft að lýsa hér þeim áhrifum, sem verðhækkanir og gengisfellingar hafa haft á vísitölu- og gengistryggð lán. Víða er nú svo orðið með vísitölutryggð lán, að afborganir eru orðnar langtum lægri en vísitöluálagið. Og með gengistryggð lán er það algengt, að þrátt fyrir miklar afborganir er skuldin enn töluvert

hærri en lánið upphaflega var. Út af fyrir sig getur slík vísitölu- eða gengistrygging lána verið eðlileg, og út af fyrir sig geta ýmsir lántakendur auðveldlega haft þær auknar tekjur með hækkuðu verðlagi og breyttu gengi, sem gerir þeim kleift að standa undir greiðslu afborgana og vaxta af slíkum lánum. Ég hygg þó, að svo sé fyrst og fremst í þéttbýlinu, stöðum eins og Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur og yfirleitt þar sem ferðamannastraumur er mikill og þar sem nýting gistihúsa er sæmileg mikinn hluta af árinu. En á mörgum smærri stöðum hefur gistihúsum verið komið á fót af nauðsyn fyrir ferðamenn, sem þar fara um og eiga ekki annars staðar gistingar von en e. t. v. á einum stað á stóru svæði eða jafnvel í heilli sýslu. Á mörgum slíkum stöðum, sem afviknir eru, er það algengt, að vegir lokast snemma og opnast seint, og ferðamannatíminn þar er oft ekki meira en 4—5 mánuðir. Ég þekki dæmi um slíkt og tek dæmi í þeirri grg., sem fylgir þessari þáltill., dæmi, þar sem mér sýnist algerlega ljóst, að lántakendur geta ekki staðið undir þeim álögum, sem vísitölu- og gengistrygging þeirra lána, sem þeir höfðu fengið, leggur á þá. Ég veit, að á öðrum staðnum blasir við, að lántakandi þurfi jafnvel að hætta sínum rekstri af þessum ástæðum, og eingöngu dugnaður hans og fjölskyldu hans hefur gert honum kleift að halda þó áfram enn. Mér sýnist því vera rík ástæða til þess að skoða áhrif þessara skilyrða, þessara vísitölu- og gengistrygginga, á greiðslugetu lántakenda. Ég hygg, að sú skoðun muni leiða í ljós það, sem ég hef nú sagt, að áhrifin eru mjög breytileg og víða þannig, að þau eru ekki réttlætanleg. Ég hygg, að það muni einnig koma í ljós, og það hefur raunar þegar orðið svo, að þeir, sem rekið hafa gistiheimili á afskekktum stöðum, hafa orðið eða eru við það að gefast upp, ef ekki kemur hér nokkur leiðrétting til. Í trausti þess, að slík athugun verði gerð, og ég er sannfærður um, að hún muni leiða þetta í ljós, sem ég hef rakið, legg ég til, að ríkisstj. hlutist til um einhverja sérstaka fjárhagsaðstoð við þá lántakendur, sem í ljós kemur, að þannig er ástatt fyrir, eins og ég hef nú minnzt á.

Ég hef ekki gert tilraun til þess að benda á leiðir, ef lánum þessum yrði breytt. Það getur verið erfitt, en ég læt hæstv. ríkisstj. um að finna leið til lausnar á þessum vanda, sem er tiltölulega mjög lítill miðað við fjölmargt annað, sem orðið hefur að leysa vegna erfiðleika af verðhækkunum og gengisfellingu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vísa til grg. til nánari skýringar á þessari þáltill., en vil leyfa mér að leggja til, að till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

42. Fjárstyrkur vegna þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Ólympíuleikum.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um fjárstyrk vegna þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Ólympíuleikum [243. mál] (A. 524).

Á 56. og 57. fundi í Sþ., 13. og 18. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Áður en ég vík að þessari till. til þál., sem ég hef leyft mér að bera hér fram ásamt hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, þá get ég ekki orða bundizt yfir þeirri mætingu, sem þm. leyfa sér að viðhafa hér í deild. Ég hef áður eða fyrir nokkrum dögum gert aths. út af áberandi fjarveru hæstv. ráðh. við mál, sem beinlínis heyra undir þá, og væri eðlilegt, að þeir tækju þátt í þeim umr., en það virðist vera svo, að þessar aths. og kvartanir mínar eigi engu síður við um hv. þm. Ég hef sem nýr þm. staðið í þeirri trú, að menn væru kjörnir hingað inn á þingið til þess að sækja þingið og fylgjast með þingstörfum og taka þátt í þeim, og ég spyr: Hvar eru þessir ágætu samþm. mínir, þegar hér situr næstum innan við einn tugur manna í þingsal hálfan eða heilan daginn? Ég geri ekki ráð fyrir því, að verið sé að sýna þeim málum lítilsvirðingu, sem hér eru til umr. í augnablikinu, heldur hefur þetta liðizt, og ég vil eindregið hvetja til þess, að mætingar þm. séu teknar fastari tökum og það sé tekið til athugunar einmitt nú, þegar þingsköp eru til umr. seinna á þessu þingi.

Menn hljóta að spyrja sjálfa sig: Til hvers er unnið að standa hér uppi í ræðustól og flytja stutt eða langt mál yfir tómum þingbekkjum? Ef ekki væru til fréttamenn, sem af miskunnsemi segja kannske frá þessu í stuttu máli, hvað hér er fjallað um í ræðupúlti, þá erum við að tala hér nánast yfir segulböndunum einum. Og ég vil vænta þess, að fréttamenn séu viðlátnir, þegar ég viðhef þessi orð, svo að það fari ekki á milli mála, hvert mitt álit er á þessum mætingum og þessari framkomu.

Till. sú, sem ég ásamt hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen hef leyft mér að flytja, er um fjárstyrk vegna þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Ólympíuleikum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að veita fé úr ríkissjóði til að standa undir óhjákvæmilegum og nauðsynlegum kostnaði við undirbúning og þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Ólympíuleikunum í München í sumar. Fjárveiting skal ákveðin að fengnum tillögum Ólympíunefndar Íslands og Íþróttasambands Íslands."

Sá leiðinlegi atburður skeði nú á s. l. vetri, þegar vetrarólympíuleikar fóru fram í Japan, að Ísland sá sér ekki fært að senda íslenzka íþróttamenn til þátttöku í þeim leikum. Mér hefur verið tjáð, að það stafi fyrst og fremst af því, að íþróttahreyfingin hafi ekki haft fjárhagslegt bolmagn til þess að senda fulltrúa til leikanna. Þess var sérstaklega getið í setningarræðu á þeim leikum, að þátttakendur væru færri vegna fjarveru einnar

þjóðar eða fulltrúa frá einni þjóðinni, og var þar átt við Ísland, og verður það að teljast leiðinlegt afspurnar, að Ísland sá sér ekki fært að senda menn til þessarar keppni, og ekki góð kynning fyrir okkar íþróttastarfsemi. Mín skoðun er eindregið sú, að árangur íþróttamanna á slíkum alþjóðlegum mótum skipti ekki mestu máli, heldur þátttaka okkar, og við ættum hverju sinni að leggja metnað okkar í að senda okkar íþróttafólk til slíkra hátíða eins og Ólympíuleikarnir eru og ekki sízt til þeirra.

Nú fara sumarleikar fram í München í Vestur-Þýzkalandi, og vegna þess hversu stutt, tiltölulega stutt er fyrir okkur Íslendinga að sækja þessa leika, þar sem þeir eru haldnir hér í Evrópu að þessu sinni, þá ættu að vera meiri möguleikar fyrir okkur að senda nú stæltan og gjörvulegan hóp íþróttamanna til þessara leika. Sá háttur hefur verið tekinn upp í ríkari mæli og ekki sízt hér hjá okkur Íslendingum að setja lágmarksskilyrði fyrir því, að menn séu sendir, þ. e. að íþróttafólkið þarf að ná vissum árangri til þess að öðlast réttindi, til þess að hafa möguleika til að verða sent, og auk þess þurfa í flokkaíþróttum viðkomandi keppnislið að bera sigurorð af öðrum í riðlum eða þar til uppsettum keppnum.

Það er í fersku minni flestra, að íslenzkir handknattleiksmenn tryggðu sér þátttöku í Ólympíuleikunum með glæsilegri frammistöðu í undankeppni á Spáni nú á dögunum, og frjálsíþróttafólk, sundfólk, lyftingamenn og ýmsir fleiri íþróttamenn hafa nú þegar náð eða eru í þann mund að ná þeim lágmarksárangri, sem krafizt er í viðkomandi íþróttagreinum, svo að þegar er ljóst, að Íslendingar gætu og ættu að senda allfjölmennan hóp til München. Þátttaka íslenzka handkanttleiksliðsins felur það í sér, að a. m. k. 20 kappleiksmenn þurfa að fara, eða hópurinn þarf samtals a. m. k. að vera um 20 manns, og ef maður gerir ráð fyrir því, að a. m. k. 10—15 manns úr öðrum íþróttagreinum nái viðkomandi lágmarksárangri, þá sjáum við strax, að þetta gæti orðið 40—50 manna hópur, sem til München yrði sendur. Ef þetta ágæta íþróttafólk hefur náð þessum lágmarksárangri, sem settur er, þá kemur að sjálfsögðu ekki annað til greina en að þátttaka þeirra sé tryggð. Íslenzkt íþróttafólk hefur nú undanfarin ár stundað æfingar og þjálfun með einmitt það markmið í huga að ná þessum lágmarksárangri, og Ólympíuleikarnir og þátttaka í þeim er fjölmörgu íþróttafólki hvatning til frekari íþróttaafreka og iðkana í viðkomandi íþróttagrein.

Nú þegar leikarnir nálgast og ljóst er, að allstór hópur getur farið héðan til þessara leika, þá hefur vaknað sú spurning, hvort íþróttahreyfingin hafi til þess fjárhagslegt bolmagn, og mál þetta hefur verið tekið upp í blöðum m. a. Það er mín skoðun, að ekki komi til greina, að tekið sé af almennu rekstrarfé íþróttahreyfingarinnar til þessarar þátttöku, heldur þurfi að verja sérstöku fjármagni til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem hlýzt af þátttöku okkar í leikunum. Á fjárlögum fyrir árið 1972 er gert ráð fyrir 250 þús. kr. fjárveitingu vegna Ólympíuþátttöku, en það er ljóst af því, sem ég hef sagt hér fyrr, að það dugar hvergi til að standa undir allra nauðsynlegasta kostnaði vegna beinnar þátttöku. Nú er það hins vegar svo, að að mínu viti þarf að koma til meira fé en bara það, sem lýtur að ferðakostnaðinum sjálfum og uppihaldi á staðnum. Ég held, að það sé sómi okkar, að þeir fulltrúar, sem leikana sækja, séu vel undir það búnir og geti lagt að sér og hafi til þess tíma og aðstöðu að undirbúa sig sem bezt hvað þjálfun snertir, og því lýsi ég því eindregið yfir, að auk beinnar þátttöku í ferðakostnaðinum sjálfum og uppihaldinu þurfi enn fremur til að koma fjárveitingar vegna þessa undirbúnings. Til gamans má geta þess, að nú í þeirri undankeppni handknattleiksmanna á Spáni fyrr í vetur, sem ég gat um hér áðan, atti íslenzka handknattleiksliðið kappi við norska handknattleiksliðið, og sá leikur varð jafn, en allra manna mál var, að norskir handknattleiksmenn hefðu staðið sig mjög vel í þessari keppni, og þeir hlutu reyndar annað sætið. En þá er þess vert að geta, að norska handknattleikssambandið hafði undirbúið þessa þátttöku mjög vel af mikilli kostgæfni og ekkert til sparað og hafði fengið til þess háar fjárfúlgur, að þeirra íþróttamenn væru sem bezt undirbúnir.

Það vekur ávallt áhuga Íslendinga og reyndar þjóðarathygli, þegar íslenzkir íþróttamenn standa sig vel á alþjóðlegum keppnismótum, og vissulega er góð frammistaða góð landkynning, en á sama tíma gerir íslenzkur almenningur sér ekki kannske alltaf grein fyrir því, hversu mikill aðstöðumunur er hjá íslenzkum íþróttamönnum annars vegar og erlendum hins vegar. Það má segja, að Ísland sé eitt af fáum ríkjum, ef ekki eina ríkið í hópi þeirra þjóða, sem við keppum við í íþróttum, við séum eina þjóðin, sem enn þá stundar íþróttir af áhuga einum saman. Atvinnumennska í íþróttum færist stöðugt í vöxt, og enda þótt íþróttamenn frá hinum ýmsu löndum taki þátt í Ólympíuleikunum sem áhugamenn, þá er það dulbúin áhugamennska, og flestir hverjir stunda íþróttir sínar nánast eingöngu. Af þessum ástæðum er enn frekari þörf á því, að okkar menn séu sem bezt undirbúnir, þannig að þeir geti skilað sómasamlegum árangri. Eins og fyrr sagði, þá skiptir í sjálfu sér frammistaðan sem slík ekki mestu máli, heldur það, að okkar menn geti komið fram með sóma og skilað sínu hlutverki þannig, að þar falli ekkert á.

Ég vil ekki geta neins til um það, hversu fjárveitingin þarf að vera mikil. Ég held hins vegar, að það sé nauðsynlegt að hafa samráð við Ólympíunefnd Íslands og Íþróttasamband Íslands, og því er það sett í till., að samráð skuli haft við þessa tvo aðila til þess að átta sig á, hversu mikils fjármagns er nauðsyn, og ég treysti því, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að íþróttahreyfingin fái þarna fjárveitingar, sem standi undir óhjákvæmilegum og nauðsynlegum kostnaði við undirbúning og þátttöku íslenzkra íþróttamanna á þann veg, sem ég hef hér lýst.

Svo leyfi ég mér að mæla með því, að þessari till. verði vísað til fjvn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til fjvn. með 40 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

43. Endurskoðun stjórnarskrárinnar (till. GTh).

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar [244. mál] (A. 525).

Á 56., 57. og 61. fundi í Sþ., 13., 18. og 25. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Efni þessarar þáltill. er það, að Alþingi álykti að efna til endurskoðunar á stjórnarskránni, að undirbúningur þess verks skuli falinn 11 manna stjórnarskrárnefnd. Skal hún þannig skipuð, að Alþingi kýs hlutfallskosningu sjö menn, Hæstiréttur nefnir tvo og lagadeild Háskóla Íslands aðra tvo. Forsrh. kveðji nefndina saman til fyrsta fundar, en nefndin skipti sjálf með sér störfum. Nefndinni er falið að semja frv. til nýrrar stjórnarskrár. Stjórnarskrárnefndin skal gefa þeim hagsmuna- og áhugamannasamtökum í landinu, sem hún telur ástæðu til, kost á að láta í té till. um endurbætur á stjórnarskránni, og nefndin skal haga störfum svo, að leggja megi till. hennar fyrir Alþingi 1974.

Stjórnarskrá Íslands er nær 100 ára gömul að stofni til. Kristján konungur IX. gaf okkur þessa stjórnarskrá 1874, kom með frelsisskrá í föðurhendi, eins og skáldið orti, og þessi stjórnarskrá færði okkur margt gott og hafði marga kosti til að bera. Hún tryggði okkur löggjafarvald, ráð yfir fjármálum okkar að vissu marki, mannréttindi, en á henni voru margir gallar, og kom það skjótlega fram. Einkum benti Jón Sigurðsson á það strax eftir að stjórnarskráin var gefin, að hún þyrfti mjög endurbóta og endurskoðunar við á mörgum sviðum.

Skömmu eftir fráfall Jóns Sigurðssonar nokkru síðar hófst hér á Alþingi barátta fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sú barátta stóð um langan aldur, og var aðsópsmesti og glæsilegasti forvígismaður hennar Benedikt Sveinsson sýslumaður, faðir Einars skálds Benediktssonar. Hann var afburðamaður á marga lund, og er fræg lýsing Matthíasar Jochumssonar á honum í ræðustól, þar sem segir m. a.:

Féll sem flaumiða
foss og háskriða
— fólk stóð forviða —
fall hans málkviða.

En und brábarði
brann sem logvarði
hugurinn skapharði,
er sitt hauður varði.

En í þrjá áratugi voru bornar fram till. um breytingar á stjórnarskránni án árangurs, vegna þess að samþykktum Alþingis var jafnan synjað staðfestingar af konungi og ríkisstjórn hans.

Það var fyrst skömmu eftir aldamótin, að árangur fékkst með þeirri mikilvægu breytingu, að stofnað var ráðherraembætti hér innanlands, þannig að íslenzkur maður skyldi taka við ráðherradómi með búsetu á Íslandi. Þetta var stórkostlegur sigur í okkar stjórnar- og frelsisbaráttu, og síðan hefur stjórnarskránni verið breytt átta sinnum til viðbótar. Árið 1915 voru nokkrar breytingar gerðar, m. a. þær, að konungskjör var lagt niður og landkjör tekið upp í staðinn og konur öðluðust kosningarrétt. Árið 1920 var stjórnarskránni breytt í samræmi við sambandslögin frá 1918. Árið 1934 var kjördæmaskipuninni breytt. Þá var einnig kosningarréttur lækkaður úr 25 árum í 21 ár. Árið 1942 var kjördæmaskipuninni enn breytt, og það sama ár var gerð önnur breyting á stjórnarskránni til þess að greiða fyrir stofnun lýðveldis, þegar þar að kæmi. Árið 1944 var svo lýðveldi stofnað og þær breytingar gerðar, sem leiddi af sambandsslitum við Danmörku. Árið 1959 var landinu skipt í átta kjördæmi með hlutbundnum kosningum, og gildir sú skipan enn, og loks var sú breyting gerð 1968, að kosningaraldur var færður niður um eitt ár, úr 21 í 20.

Þessar breytingar hafa flestar ef ekki allar verið mikilvægar. En stjórnarskráin hefur aldrei verið endurskoðuð í heild. Við undirbúning lýðveldisins var það ætlun þingflokkanna, að slík allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar færi fram. Til þess voru valdar nefndir, og unnið var að þessu máli í nokkur ár, en án þess að niðurstaða yrði. Þessi fyrirætlun, að landið eignaðist nýja endurskoðaða stjórnarskrá í sambandi við eða beinu framhaldi af stofnun lýðveldisins, varð því ekki að veruleika. Málið hefur legið niðri, en þó hefur því verið hreyft annað veifið. T. d. hafa nokkur frv. verið flutt á undanförnum árum hér á Alþingi um ýmsar tilteknar breytingar á stjórnarskránni. Árið 1965 fluttu þeir Einar Olgeirsson og Ragnar Arnalds frv. um ýmsar breytingar, og síðan var það sama frv. flutt aftur árið eftir og árið 1967 svipað frv., sem þeir fluttu Ragnar Arnalds og Magnús Kjartansson, og 1970 var enn í meginatriðum sama frv. til breytinga á stjórnarskránni flutt af Magnúsi Kjartanssyni og Jónasi Árnasyni. Ekkert þessara frv. náði fram að ganga. Till. til þál. hafa einnig verið fluttar á undanförnum árum. Árið 1966 flutti Karl Kristjánsson þáltill. um endurskoðun á stjórnarskránni. Árið 1967 flutti Gísli Guðmundsson þá till. óbreytta eða því sem næst. Árin 1969 og 1970 flutti Gísli Guðmundsson aftur till. um endurskoðun á stjórnarskránni og þá nokkuð aukna og breytta frá fyrri till. Engin þessara till. náði heldur fram að ganga.

Í stefnuyfirlýsingu fyrrv. ríkisstj. í okt. 1970 var komizt svo að orði, að ríkisstj. teldi tímabært, að haft væri samráð þingflokka um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Meðal ungra manna hefur það verið áberandi á undanförnum árum, að hvað eftir annað hefur verið hreyfing í þessa átt, að nauðsyn bæri til að endurskoða stjórnarskrána. Má þar nefna m. a. þjóðmálaráðstefnu,

sem félag í Háskólanum, Vaka, hélt í marzmánuði 1967, og þar lagði félagið áherzlu á eða þessi ráðstefna, að hið fyrsta yrði hafin heildarendurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Ráðstefnan harmar jafnframt það sinnuleysi, sem þessu brýna máli hefur verið sýnt allt frá stofnun lýðveldisins. Meginþætti núgildandi stjórnarskrár má rekja til upphafs 19. aldar, og er einsýnt, að nútímaþjóðfélagi hæfir ekki að öllu leyti sá stakkur, sem þá var sniðinn.

Ári síðar, 1968, efndi Samband ungra framsóknarmanna til stjórnarskrárráðstefnu, og þar var m. a. samþykkt ályktun, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstefnan vekur athygli á, að heildarendurskoðun lýðveldisstjórnarskrárinnar hefur nú dregizt í nær aldarfjórðung. Þótt meginstoðir stjórnskipunarinnar verði áfram þær sömu, krefjast ýmis atriði endurmótunar til samræmis við ný og nútímaleg viðhorf. Ráðstefnan álítur, að ljúka beri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar fyrir 11 alda afmæli byggðar í landinu."

Þetta var ályktun stjórnarskrárráðstefnu ungra framsóknarmanna 1968. Árið 1969 birti tímarit laganema fjögur merkileg erindi um málið, og árið eftir, 1970, hélt félag laganema, Orator, ráðstefnu um þetta mál. Ég nefni þessi atriði m. a. til þess að benda á, að meðal ungra manna hefur komið fram áhugi á þessu máli nú hin síðustu ár, og í heild, þegar litið er bæði til stefnuyfirlýsingar fyrrv. ríkisstj. í okt. 1970 og þeirra frv. og till., sem ég minntist hér á, þá verður að álykta, að almennur skilningur sé á því, að hér sé um nauðsynjamál að ræða.

Ástæðan til þess, að talið er ekki aðeins æskilegt heldur nauðsynlegt að endurskoða stjórnarskrána, er auðvitað fyrst og fremst sú, að mönnum er ljóst, að hún er um marga hluti úrelt orðin. Síðan hún var sett fyrir tæpum 100 árum, hafa orðið gerbreytingar í þjóðfélaginu. Í rauninni má segja, að það sé allt annað þjóðfélag á Íslandi 1972 en var 1874. Það eru allt aðrar hugmyndir meðal landsmanna um hin margvíslegustu efni. Umsvif opinberra aðila hafa færzt mjög í aukana. Margvísleg hagsmunasamtök eru orðin mikils ráðandi í þjóðfélaginu, sem þá voru ekki þekkt, svo sem samtök verkamanna og annarra launþega, atvinnuveganna o. s. frv. Ný útbreiðslutækni er komin til og ný og gerbreytt viðhorf til félagsmála, menningarmála og þjóðmála í heild. Það er því fullkomin nauðsyn á því, að stjórnarskráin sé í ljósi þessara miklu breytinga tekin til endurskoðunar. Það er ljóst, að margt þarf að endurskoða og breyta, mörgu þarf við að auka og gera nýmæli, eins og það var orðað í fornum lögum.

Í grg. þáltill. er þess getið, að með till. sé ráðgerð endurskoðun á öllum ákvæðum stjórnarskrárinnar. En í grg. eru talin upp 30 atriði, sem flm. vill sérstaklega benda á, að þurfi til athugunar og skoðunar að koma. Skal ég nú hér í stuttu máli rekja þessi atriði.

Fyrst er það að sjálfsögðu Alþingi sjálft. Alþingi hlýtur að verða hyrningarsteinn okkar þjóðskipulags. Af sögulegum, þjóðlegum ástæðum og í lýðræðisskipulagi, eins og við viljum öll viðhalda, hlýtur hin forna löggjafarsamkoma að verða grundvöllurinn. En í sambandi við skipan Alþingis kemur það fyrst til athugunar, hvort breyta skuli á þá lund að afnema deildaskiptingu og hafa aðeins eina málstofu.

Þegar Alþingi var skipt í tvær deildir, sem var gert 1874 með stjórnarskránni, — áður hafði það verið ein málstofa, — þá voru þau rök, sem til þess lágu, fyrst og fremst þau, að hinni efri deild var ætlað að gæta meiri varfærni, þeirrar varfærni, sem æskileg þótti þá, einkum með þeim hætti, að konungur eða stjórnin tilnefndi þá helming þm. í Ed., þannig að fulltrúar konungsvaldsins höfðu þar stöðvunarvald. Og þannig var það alla stund frá 1874 til 1903, að í Ed. var helmingur þm. konungkjörinn. Árið 1903 varð breyting á þessu, þannig að fram til 1915 voru konungkjörnir þm. ekki helmingur, heldur 3/7 þm. þar, en það ár var konungkjörið fellt niður og tekið upp landkjör í staðinn, þannig að með hlutfallskosningum um land allt skyldu kosnir þessir þm., en hins vegar var þetta sjónarmið um varfærni og gætni, „hin konservatívu sjónarmið", eins og það er oft kallað, svo ríkjandi þá, að aldursmark var sett miklu hærra um kosningarrétt en gert var til Nd., þannig að kosningarréttaraldurinn væri 25 ár til Nd., en 35 ár til landkjörs. Þannig stóðu mál fram til 1934, þegar kjördæmaskipuninni var breytt og landkjörið afnumið, en síðan hefur enginn munur verið á því, hvernig menn eru kosnir til Ed. og Nd., þannig að allan þann tíma hefur sú skipun verið, að allir þm. eru kosnir með sama hætti og Sþ. velur svo þriðjung þeirra til Ed.

Vegna þessara breytinga má segja, að sum þeirra mikilvægustu raka fyrir deildaskiptingunni séu niður fallin, en þó ekki öll. Ýmsir telja hér og erlendis, að meiri líkur séu til og jafnvel trygging fyrir vandlegri athugun mála, ef öll lagafrv. þurfa að ganga um hendur tveggja þingdeilda, en ekki einnar málstofu. Nú er það þannig, að 1934 var einnig gerð sú mikilvæga breyting, að fjárlagafrv. skyldu fara eingöngu til Sþ., en áður voru fjárlög afgreidd eins og önnur lög í báðum deildum í þrem umr. Þetta má segja, að hafi verið nokkurt spor í þá átt, að þingið skyldi vera ein málstofa. Ég ætla, að þessi breyting hafi þótt gefast vel, og ég hef ekki heyrt þess getið, að menn telji, að fjárlög hafi verið verr undirbúin eða verr úr garði gerð frá Alþingis hendi vegna þessarar breytingar. Ef hins vegar á að fara þá leið að gera þingið að einni málstofu, þá tel ég, að gera þurfi ýmsar ráðstafanir í því sambandi. Ef í Sþ. yrðu afgreidd öll lög við þrjár eða kannske fjórar umr., þá væri æskilegt að minni hyggju að stofna til laganefnda, að sérfræðingar fylgdust með málum, væru ekki aðeins til ráðuneytis, heldur hefðu nokkra umsjón með því, að frv. yrðu sem bezt úr garði gerð. Þetta er ekki nýmæli, vegna þess að árið 1929 voru samþykkt lög á þingi um það, að forsrh. væri heimilt að skipa þriggja manna nefnd, og skyldu tveir þeirra hafa lokið lagaprófi og þessir menn skyldu vera ríkisstj. og alþm., þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrv., samræmingu laga og annan undirbúning löggjafarmála. Þessi nefnd samkv. lögunum frá 1929 hefur aldrei verið skipuð. Forsætisráðherrar í 43 ár, sem hafa haft þessa heimild, hafa aldrei skipað slíka nefnd, og er þetta út af fyrir sig merkur þáttur í nefndasögu Íslands, en hér er um mjög merkilegt mál að ræða, og tel ég alveg sérstaklega, ef þingið yrði ein málstofa, að eitthvað í þá átt ætti upp að taka og jafnvel þó að þingið haldi áfram í tveimur deildum.

Sum okkar nágrannalanda hafa gert þessa breytingu, eins og bæði Danmörk og Svíþjóð, hætt við tvær deildir

og tekið upp eina málstofu. Að því er Danmörk snertir, þá ætla ég, að það sé almenn skoðun manna, að þessi breyting hafi ekki orðið til hins verra, heldur fremur til bóta. Ég skal engan dóm á það leggja hér, hvora þessa leið skuli fara, en þetta er eitt af því, sem þarf að athuga og skoða frá öllum hliðum við endurskoðun stjórnarskrárinnar. En í sambandi við þetta þarf að athuga margt um starfshætti Alþingis og alla starfsaðstöðu, og skal ég þar fara fljótt yfir sögu. Þau mál hafa verið nú undanfarin ár mjög til athugunar og m. a. í sambandi við þáltill., sem núv. hæstv. forseti Alþingis flutti fyrir nokkru, og hefur það m. a. komið í ljós í þeim frv., sem borin hafa verið fram til breytinga á þingsköpum. Ég vil aðeins nefna hér örfá atriði, sem eru að sumu leyti formlegs eðlis, en þó nauðsyn að gefa gaum. Það er t. d. ákvæði stjórnarskrárinnar um atkvgr. í þingi, sem þarf endurskoðunar við. Í 53. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þdm. sé á fundi og greiði þar atkv."

Þetta „og greiði þar atkv.", olli oft verulegum erfiðleikum við afgreiðslu mála, ef helmingur eða rúmur helmingur þm. greiddi ekki atkv. Sú leið var farin fyrir allmörgum árum, að í þingsköpin var sett túlkun á stjórnarskrárákvæði í 44. gr. þingskapa, þar sem segir, að „þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkv. við nafnakall, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvgr." Mörgum þótti þetta í öndverðu allankannalegt, þar sem þessi skýring þingskapa væri þvert ofan í orðalag stjórnarskrárinnar, en þetta var gert, og þetta hefur verið framkvæmt. Auðvitað væri æskilegra að fá hér samræmi milli stjórnarskrárinnar og þingskapa.

Annað atriði vil ég nefna. Í 3. gr. þingskapa er rætt um kosningu þingforseta, og rétt kjörinn forseti er sá, sem hefur meira en helming greiddra atkv. þeirra, er á fundi eru. Túlkun á þessu ákvæði hefur valdið nokkrum ágreiningi. M. a. kom það upp á síðastliðnu hausti, hvernig ætti að túlka þetta ákvæði, hvort hugsanlegt væri, að forseti, sem fengi minna en helming greiddra atkv., en hinir skiluðu auðum seðlum, væri rétt kjörinn eða ekki. Ég nefni þetta vegna þess, að atkvgr. og kosningar í Alþingi eru svo mikilvægar, að um þetta tel ég nauðsynlegt að hafa skýr og afdráttarlaus ákvæði í stjórnarskránni sjálfri, svo að um það ætti ekki að þurfa að deila.

Í sambandi við starfshætti Alþingis má einnig nefna, að æskilegt væri, að það kæmu skýrari reglur bæði um fyrirspurnir og um þáltill. Í þessu sambandi má einnig nefna það, að þegar í 29. gr. þingskapanna segir, að þáltill., sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, skuli ræða við tvær umr., þá er þetta ákvæði brot á stjórnarskránni, sem segir skýrum orðum í 41. gr.: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum." Hitt er svo annað mál, að þetta ákvæði hefur verið svo lengi í lögum og því hefur verið framfylgt svo lengi, að það er álit lögfræðinga, að þessi skilningur, sem í upphafi stangaðist á við stjórnarskrána, sé venjuhelgaður.

Í sambandi við skipun Alþingis kemur að sjálfsögðu tala alþingismanna til athugunar. Árið 1874, þegar stjórnarskráin var sett, voru þingmenn 36 talsins. Nú eru þeir 60, og má slá því föstu, að verðbólgan hefur víða verið stórstígari en í þessu efni. Sums staðar annars staðar er tala þingmanna breytileg eftir fólkstölu. Hér kemur auðvitað margt til greina. Ef einhverjir vildu við endurskoðun stjórnarskrárinnar fjölga þingmönnum, þá koma nú m. a. húsnæðismál Alþingis þar til greina, en út í þetta atriði skal ég ekki fara hér.

Í sambandi við Alþingi er svo sjálfsagt að fá ákvæði í stjórnarskrána um þingflokkana. Þar eru engin ákvæði um þá önnur en þau, að í 31. gr. er talað um, að 11 landskjörnir þingmenn skuli vera til jöfnunar milli þingflokka. Hins vegar eru þingflokkarnir orðnir svo mikilvægur þáttur í störfum Alþingis og stjórn þjóðmála, að það er eðlilegt, að í stjórnarskránni sjálfri séu reglur um starfsemi þeirra, réttindi og skyldur, og svo er það einnig í mörgum erlendum stjórnarskrám.

Næsta atriði, sem nefnt er í grg., er kjördæmaskipunin. Um hana hafa orðið miklar deilur á undanförnum árum og nokkrar stjórnarskrárbreytingar gerðar í sambandi við það mál. Því hefur verið haldið fram, að deilur um kjördæmaskipunina hafi í rauninni verið aðalorsök þess, að ekki hefur tekizt að framkvæma heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Um það skal ég ekki fullyrða neitt, en í mínum huga stendur það þannig, að ef efnt er til endurskoðunar stjórnarskrárinnar nú, þá ættu deilur um kjördæmaskipunina ekki að þurfa að trufla málið og útiloka endanlega afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Í rauninni eru tvö meginsjónarmið, sem flestir vilja í huga hafa í sambandi við kjördæmaskipun og kosningatilhögun. Annað sjónarmiðið er það, að samkvæmt lýðræðiskröfu eigi að vera hér jafnrétti, jafnrétti héraða, skoðanahópa og þjóðmálaflokka, til þess að hafa áhrif á skipun Alþingis, svo að Alþingi verði sem réttust mynd af vilja, skoðunum og viðhorfum þjóðarinnar, en um leið er það ákaflega almenn ósk, að menn þurfi ekki eingöngu að kjósa um stjórnmálaflokka og lista með fjölmörgum mönnum á, heldur geti menn kosið um persónur. Menn geti valið sér sinn sérstaka þingmann. Nú heyrum við það að vísu oft, að í þjóðmálum og sveitarstjórnarmálum eigi menn að velja og kjósa um málefni en ekki menn. Þetta hljómar fallega, en í framkvæmd er þetta á allt annan veg, vegna þess að ég ætla, að það sé sannmæli, að flestir kjósendur hafa hvort tveggja í huga. Þeir hafa bæði í huga þau málefni, þau stefnumál, sem þeir vilja greiða fyrir, en þeir miða einnig við það að velja þann eða þá menn, sem þeir treysta til þess að framfylgja þeim sjónarmiðum og treysta til þess að fara vel með þau völd, sem þeim eru falin. Að því leyti ætla ég, að flestir kjósendur hafi það hvort tveggja í huga, að velja um menn og málefni.

Þetta sjónarmið, að kjósendur geti einnig valið persónur, hefur að sjálfsögðu mjög verið til umr. víða um lönd, og margar þjóðir hafa reynt að leysa þetta. Ég ætla, að t. d. hafi Írar komizt allnærri skynsamlegri og heppilegri lausn í þessu efni. Danir að ýmsu leyti líka. Vestur-Þjóðverjar hafa leyst þetta þannig, að þeir sameina einmenningskjördæmi og hlutfallskosningar. Helmingur þingmanna í Þýzkalandi er kosinn í einmenningskjördæmum, en hinn helmingurinn er kosinn á landslistum, sem svarar til okkar landskjörsþingmanna. Hver atkvæðisseðill, sem maður fær til þingkosninga, er tveir dálkar. Í öðrum dálkinum eru hinir einstöku frambjóðendur, og í hinum dálkinum eru landslistar flokkanna. Hver kjósandi greiðir í raun og

veru tvö atkv., hann setur tvo krossa. Hann setur kross framan við þann mann, sem hann vill kjósa í þessu einmenningskjördæmi, og hann setur kross enn fremur framan við þann flokk eða þann landslista, sem hann vill veita brautargengi. Honum er frjálst að velja mann úr öðrum flokki en hann krossar við. Reynslan er hins vegar sú, að um 90% kjósenda í Þýzkalandi velja frambjóðanda, sem er úr þeim sama flokki sem hann krossaði við í hinum dálkinum. Sá, sem fær flest atkv. í einmenningskjördæminu, er kosinn þingmaður þess kjördæmis, en síðan er helmingur hinna þingsætanna notaður til jöfnunar milli flokkanna með þeim árangri, að þýzka þingið er um leið og það er skipað þingmönnum einmenningskjördæmanna um land allt nokkurn veginn rétt spegilmynd af vilja þjóðarinnar.

Margir spáðu því, þegar hlutfallskosningar voru látnar ráða þannig til helminga, að þetta mundi þýða, eins og víða, þar sem hlutfallskosningar hafa verið allsráðandi, að þingflokkar yrðu ákaflega margir. Reynslan hefur orðið sú gagnstæða í því landi. Í upphafi voru allmargir flokkar í Þýzkalandi, en nú hin síðari ár eru þingflokkarnir aðeins þrír, svo að þetta skipulag hefur síður en svo miðað að því að fjölga flokkunum.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta atriði, en í þessu sambandi má nefna, að sum lönd hafa í sínum stjórnarskrám meginreglur um kjördæmaskipunina, sem almenni löggjafinn getur svo fyllt út í. Hann getur útfyllt þann ramma, og þingmannatala einstakra kjördæma getur verið breytileg, eins og t. d. í Danmörku, þar sem á að endurskoða slíkt á 10 ára fresti samkvæmt manntali, og þannig er það í fleiri löndum.

Ég varpa hér aðeins fram þessum aths. og vil undirstrika það, sem nefnt er í grg., að æskilegt sé, að kannað sé með hliðsjón af íslenzkri reynslu og úrlausnum annarra þjóða, hvort unnt sé að samræma á viðhlítandi hátt einmenningskjördæmi og hlutfallskosningar.

Þriðja atriðið er kosningarrétturinn. Sú gjörbreyting hefur orðið á þessari öld, síðan stjórnarskráin var sett, að þá voru 6 þús. kosningarbærir menn eða tæplega 9% þjóðarinnar, en nú eru það yfir 120 þús. og um 60% þjóðarinnar. Um kosningarréttarskilyrðin ætla ég, að ekki séu neinar deilur að ráði nú að öðru leyti en því, að heyrzt hafa raddir um það frá einstökum hópum, að endurskoða eigi aldursmarkið og lækka það niður í 18 ár, eins og í sumum löndum öðrum. Í sambandi við kosningarréttinn má einnig nefna kjörgengið, og hafa sumir talið, að rétt væri, að fleiri starfsmenn hins opinbera væru sviptir kjörgengi en hæstaréttardómarar einir og forseti Íslands. T. d. er það þannig bæði í Englandi og Sviss, að allmargir embættismenn, prestar o. fl., eru ekki kjörgengir til þings. Í till. þeim, sem hér hafa legið fyrir Alþingi, hefur það m. a. komið fram, að athuga þurfi, hvort eigi að takmarka kjörgengi meir en nú er gert. Um það hef ég engar till. eða uppástungur að gera.

Samfara kosningarrétti er í ýmsum löndum ákveðin kosningaskylda, en í henni felst það, að sérhver sá, sem kosningarrétt hefur, er skyldur að neyta atkvæðisréttar síns að forfallalausu, hann er skyldur til að kjósa. Að sjálfsögðu getur hann skilað auðum seðli, ef hann vill, og ef hann getur sannað lögleg forföll, þá er það í lagi, en annars sætir hann viðurlögum, og er það venjulega áminning eða sekt. Hins vegar ætla ég, að þyngri refsing en sekt sé nú ekki lögð við slíku. Slík kosningaskylda hefur verið frá því fyrir aldamót í Belgíu, og virðist yfirleitt ánægja með þá skipan í öllum stjórnmálaflokkum, og þegar stjórnarskrá Belgíu var endurskoðuð fyrir þó nokkrum árum, þá komu engar till. fram um breytingar á kosningaskyldunni. Holland hefur líka lögleitt kosningaskyldu eftir belgískri fyrirmynd. Í Tékkóslóvakíu á tímum forsetanna Masaryks og Benes, meðan fullkomið lýðræði ríkti þar í landi, þá var þar kosningaskylda. Í ýmsum löndum fleirum, t. d. Ástralíu og Sviss, er í ýmsum fylkjum kosningaskylda til þjóðþingsins. Þetta atriði er til athugunar við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Næsta atriðið er þingræðið. Nú er svo ákveðið í stjórnarskránni, að stjórnskipulagið hjá okkur sé lýðveldi með þingbundinni stjórn. Þingræðið er út af fyrir sig ekki nefnt berum orðum, og spurningin er sú, hvort menn vilja lögfesta þingræðið berum orðum í stjórnarskránni og þá skýrgreina nánar, hvað í því felst. Nú er það að vísu þannig, að hér hafa a. m. k. áður fyrr verið uppi raddir um það, — það kom sérstaklega fram hjá mörgum í sambandi við lýðveldisstofnunina, — að við ættum ekki að halda áfram með þingræðið í því formi, sem það hefur verið, heldur ætti að veita forsetanum miklu meira vald en konungur hafði hin síðustu ár fyrir lýðveldisstofnunina og fara í því efni í sömu átt og er t. d. í Bandaríkjunum og nú í Frakklandi og í mörgum fleiri ríkjum, þar sem það er fyrst og fremst forseti landsins eða þjóðhöfðingi, sem skipar ríkisstjórn án atbeina þingsins. Ég geri ráð fyrir því, að þingræðið sé svo rótgróið hér á Íslandi, að við viljum halda í það. Eru þó í því sambandi mörg atriði, sem þarf að athuga, og þá sérstaklega það atriði, hvernig unnt sé að koma í veg fyrir langvarandi og háskalegar stjórnarkreppur. Nú hefur það komið fyrir áður fyrr hér á landi, að alllangur tími hefur liðið frá því að stjórn baðst lausnar þangað til unnt hefur verið að mynda nýja stjórn. Vitanlega má í þingræðislandi, þar sem enginn flokkur hefur meiri hluta, alltaf gera ráð fyrir því, að stjórnarkreppur geti orðið og þær alvarlegar. Nú er það þannig, að víða um lönd hefur þetta verið eitt hið mesta vandamál, t. d. á tímabilinu á milli heimsstyrjaldanna. Þjóðverjar höfðu t. d. hvorki meira né minna en 21 ríkisstjórn á árunum 1918 — 1932, og á árunum bæði á milli heimsstyrjaldanna og eftir styrjaldirnar til 1958, þá var meðalaldur ríkisstjórna í Frakklandi að ég ætla ekki nema um það bil hálft ár. Svo tíð stjórnarskipti skapa auðvitað óstöðugleika og festuleysi, og er þetta eitt af því, sem margar þingræðisþjóðir hafa þurft við að glíma. Oft hefur þá verið gripið til þess, ef meiri hluti þingsins hefur ekki náð samstöðu um ríkisstjórn, að skipa minnihlutastjórn eða embættismannastjórn, og æskilegt væri, að um það yrðu þá settar einhverjar reglur í stjórnarskránni. Þjóðverjar hafa sérstaka reglu, sem kom nú í ljós síðustu daga í sambandi við vantraustslillögu á þingi Þjóðverja, en þar er svo ákveðið í stjórnarskránni, að vantrausti er ekki hægt að lýsa á ríkisstj. nema um leið sé kosinn annar kanslari eða forsrh. Vantraustið er sem sagt fólgið í því, að þingið samþykkir að kjósa nýjan kanslara og fara fram á það við forseta landsins, að hann veiti fyrri kanslaranum

lausn, sem forsetinn er þá skyldugur að gera. Þetta hefur verið kallað jákvætt vantraust eða „konstruktivt" vantraust og a. m. k. komið þá í veg fyrir það, sem áður tíðkaðist víða um lönd, að lýst var vantrausti á ríkisstj. og henni komið frá, án þess að þeir, sem að því stóðu, hefðu nokkra möguleika á því að mynda aðra meirihlutastjórn. Þingræðið, ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir skaðlegar stjórnarkreppur, reglur um minnihlutastjórnir og utanþings- eða embættismannastjórnir eru atriði, sem mjög koma til athugunar í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Varðandi fjárlög er það nefnt í grg., að æskilegt væri, að lögfest yrði í stjórnarskránni, að fjárlög skuli afgreidd frá Alþingi áður en fjárhagsárið hefst, þ. e. fyrir áramót. Þessari reglu hefur verið fylgt nú í rúman áratug, en áður voru mikil brögð að því, að fjárlög voru ekki afgreidd fyrr en komið var nokkuð fram á næsta ár, þ. e. það ár, sem fjárlögin áttu að gilda fyrir. Þetta virðist æskilegt að festa í sjálfri stjórnarskránni. Enn fremur kemur það til athugunar, hvort hægt er að setja einhver ákvæði í stjórnarskrána til þess að koma í veg fyrir eða takmarka, skulum við segja, útgjaldahækkanir, eins og Bretar hafa t. d. Þar er það óheimilt, að einstakir þm. beri fram hækkunartillögur. Það er fjmrh. einn eða ríkisstj., sem má bera fram hækkunartillögur við fjárlagafrv. Ég býst við, að mörgum þætti þetta nú nokkuð hörð regla og ströng, enda má segja, að það sé ekki eingöngu hætta af því fyrir fjárhag ríkisins, að einstakir þm. flytji hækkunartillögur. Það þarf líka væntanlega að gera fleiri ráðstafanir.

Næst er nefnd vernd lýðræðisins, og sú vernd getur orðið með ýmsum hætti. Lýðræðið, sem er grundvöllur okkar stjórnskipunar, verður auðvitað að vernda og styrkja eins og unnt er. Það er hægt m. a. með skipulegri fræðslu í skólum og fjölmiðlum. Sum önnur lönd hafa gengið miklu lengra í þessu efni, og það af sögulegum ástæðum og vegna sorglegrar reynslu. T. d. er kveðið svo á í þýzku stjórnarskránni þar sem mönnum eru tryggð mannréttindi, að hver sá, sem notfærir sér tjáningarfrelsi, fundar- og félagafrelsi til þess að berjast gegn hinni frjálsu og lýðræðislegu grundvallarskipan, hann fyrirgerir þessum réttindum, og stjórnlagadómstóllinn sker hér úr.

Þessi regla er auðvitað tilkomin í stjórnarskrá V.-Þýzkalands eftir hina hörmulegu reynslu, sem Þjóðverjar gengu í gegnum á árunum á undan. En það er vissulega atriði í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar, hvað við gætum gert til að efla sem mest lýðræðið, og hef ég þá einkum í huga frjálsa fræðslu bæði í skólum landsins og fjölmiðlum, en margt fleira gæti komið til greina.

Um þjóðaratkvæði eru engin lög hér, og hafa fyrir skömmu verið fluttar till. um það efni. Árið 1969 fluttu þeir alþm. Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson og Páll Þorsteinsson till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði. Lögðu þeir til, að það mál yrði allt kannað. Við höfum haft hér þjóðaratkvæðagreiðslu 1908 og 1933 um bannlögin og 1916 um þegnskylduvinnu. Aðrar þjóðaratkvæðagreiðslur höfum við ekki haft nema að sjálfsögðu 1944 um sjálfa lýðveldisstjórnarskrána. Í stjórnarskránni er gert ráð fyrir, að ef menn vilja gera breytingu á kirkjuskipaninni, þá skuli það borið undir þjóðaratkvæði og eins ef forseti synjar lögum um staðfestingu, þá skuli það fara til þjóðaratkvæðis.

Í sambandi við þjóðaratkvæði eru hér í rauninni uppi sem annars staðar tvær meginskoðanir. Annars vegar sú, að það eigi að efla sem mest hið beina lýðræði, þ. e. að gefa kjósendum sem oftast kost á beinni þátttöku í löggjafarstarfinu eða starfi að þjóðmálum með því að bera undir almenning ýmis einstök mál. Hin skoðunin, sú, sem er ríkjandi í ýmsum löndum, t. d. Bretlandi og víðar er sú, að hið svokallaða óbeina eða fulltrúalýðræði sé æskilegra. Þingmenn þjóðarinnar séu til þess kosnir að ráða fram úr vandamálunum, meðan þeir hafa sitt umboð til þess, og það eigi ekki að létta af þeim þeim vanda eða draga úr þeirra ábyrgð á þjóðmálunum með því, að þeir geti skotið sér undan og látið fara fram þjóðaratkvgr. um hin og þessi mál. Þetta sjónarmið er töluvert ofarlega í ýmsum löndum og þjóðaratkvgr. þess vegna fátíðar eða óþekktar.

Við verðum auðvitað að gera okkur grein fyrir okkar aðstöðu í þessu efni. Önnur ríki hafa hér sögulegar hefðir, t. d. hefur í Sviss löngum verið ákaflega rúm heimild til þjóðaratkvgr. Stundum er skylt að leggja mál undir þjóðaratkvgr., eins og allar stjórnarskrárbreytingar og ýmsar mikilsverðar ákvarðanir þjóðþingsins og enn fremur milliríkjasamninga, sem gerðir eru til lengri tíma en 15 ára. Þetta er allt saman skylt að leggja undir þjóðaratkvgr. í Sviss. Auk þess er hægt að krefjast þjóðaratkvgr. um frv., ef átta kantónur eða fylki krefjast þess eða 30 þús. kjósendur. Auk þess hafa Svisslendingar þjóðaratkvgr. um það ekki þannig, að frv. frá þinginu sé lagt undir, heldur ef kjósendur óska eftir, að þingið taki eitthvert mál til meðferðar, t. d. ef kjósendur vilja eiga frumkvæði að stjórnarskrárbreytingu, þá geta 50 þús. þeirra krafizt þess, að þjóðþingið taki það mál til meðferðar. Þjóðaratkvgr. eru ákaflega tíðar í Sviss, og síðustu árin er talið, að þær hafi verið u. þ. b. fjórar að meðaltali á hverju ári. Er hér um mjög langa sögulega þróun og hefð að ræða.

Í ýmsum nýrri stjórnarskrám hafa verið tekin upp ákvæði um þjóðaratkvgr. með vissum reglum. Á Írlandi er nokkuð almenn heimild til þjóðaratkvgr. Í Danmörku var með nýju stjórnarskránni frá 1953 tekin upp heimild til þjóðaratkvgr., en þó þannig, að kjósendur geta ekki krafizt þjóðaratkvæðis, en hins vegar þriðjungur þingmanna. Ef frv. er samþ. í þinginu og þriðjungur þingmanna krefst þjóðaratkvæðis, þá er frestað að leggja málið til staðfestingar konungs, og þjóðaratkvgr. fer fram, og þá er frv. fellt, ef meiri hl. kjósenda greiðir atkv. á móti því, en þó því aðeins, að mótatkvæði séu 30% allra kosningarbærra manna í landinu. En í Danmörku eru margvísleg frv. undanþegin þjóðaratkvgr. Það er ekki hægt að leggja fjárlagafrv. undir þjóðaratkvæði, ekki heldur lög um lántökur ríkisins, ekki skattalög, ekki launa- og eftirlaunalög, ekki lög um eignarnám, og nokkur fleiri eru þannig upp talin, enn fremur ýmsir milliríkjasamningar, sem ekki er heimilt að krefjast þjóðaratkvæðis um.

Þetta mál allt saman um þjóðaratkvæði þarf að koma hér til skoðunar og væntanlega að setja um það ákvæði í stjórnarskrá, og þá má einnig benda á það, að þjóðaratkvgr. geta ýmist verið bindandi fyrir þjóðþingið eða til leiðbeiningar.

Næst er minnzt á valdsvið og verkefni forseta Íslands,

og þar kemur þetta meginatriði til greina, hvort einhverjar óskir eða raddir eru uppi um það að auka vald þjóðhöfðingjans frá því, sem verið hefur. Ég minnist þess, að í till. ungra framsóknarmanna frá 1968 var stungið upp á því, að forseti skyldi skipa alla hæstaréttardómara án tilnefningar ráðherra. Og till. í þessa átt hafa oftar verið orðaðar, að forseti skyldi fá heimild til þess að skipa ýmsa embættismenn, án þess að atbeina ráðherra þyrfti til. Varðandi synjunarvald á lögum tel ég, að núgildandi ákvæði stjórnarskrárinnar þurfi endurskoðunar við og séu í rauninni ákaflega óeðlileg, en þar segir svo, að ef forseti synjar lagafrv. staðfestingar, þá fái það engu að síður lagagildi, en síðan á að leggja það undir atkvæði allra kosningarbærra manna til samþykktar eða synjunar. M. ö. o., ef forseti er ósamþykkur frv. frá Alþingi, þá þarf hann fyrst að taka ákvörðun um að synja því staðfestingar, síðan er málið borið undir þjóðaratkvæði, og þar stendur málið þannig, að annars vegar er meiri hluti Alþingis og væntanlega ríkisstjórnin, sem styður frv., og hins vegar forseti, sem er því andvígur, en samkv. sinni stöðu má væntanlega ekki taka þátt í þessari baráttu.

Það koma margvíslegar aðrar aðferðir hér til greina. Hugsanleg væri t. d. sú aðferð, að í stað þess að taka ákvörðun um að synja frv. staðfestingar hefði forseti heimild til að segja, að áður en hann tæki afstöðu til frv., óskaði hann þjóðaratkvæðis. Það er hægt að hafa margvíslegan annan hátt á. Sums staðar er það þannig, að þótt þjóðhöfðingi synji lögum staðfestingar, þá öðlast þau gildi, ef sérstaklega aukinn meiri hluti þingsins samþykkir þau að nýju eða e. t. v. nýkosið þing. Þetta mál allt þarf að sjálfsögðu skoðunar við.

Næstu atriði varða svo dómaskipunina, og ég tel það eðlilegt, að ákveðið verði í stjórnarskránni, að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll í íslenzkum málum. Þetta er svo þýðingarmikið atriði í okkar stjórnskipun, að slíkt þarf auðvitað að ákvarðast í stjórnarskránni sjálfri. Enn fremur væri æskilegt, að í stjórnarskránni væri ákveðið um tölu dómara, þannig að löggjafarvaldið eða framkvæmdavaldið geti ekki þar um breytt. Einu sinni var t. d. svo á kveðið hjá okkur, að dómsmrh. væri heimilt að fjölga dómurum í Hæstarétti, þegar fé væri veitt til þess í fjárlögum. Það var náttúrlega ekki alls kostar viðkunnanlegt og æskilegra, að þetta yrði nánar ákveðið í stjórnarskrá.

Í heild þarf að búa þannig í stjórnarskránni um dómaskipunina, að allir meginþættir hennar séu þar ákveðnir. Dómaskipunin þarf auðvitað gagngerrar endurskoðunar við á mörgum sviðum, og skal ég ekki fara út í það mál hér. En eitt meginatriði er það og grundvöllur í okkar stjórnskipulagi, að þannig sé búið að dómendum, að þeir séu sem sjálfstæðastir og óháðastir í sínum störfum. Og m. a. þarf að búa þannig fjárhagslega að hinum æðstu dómendum landsins, að þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur af þeim sökum og neyðist til að verða sér úti um aukastörf. Þetta er talið í flestum öðrum lýðræðislöndum alveg grundvallarskilyrði fyrir algjörlega óháðu dómsvaldi.

Þá er minnzt á, að í stjórnarskránni verði ákveðið, að dómstólar skeri úr ágreiningi um það, hvort lög séu samrýmanleg stjórnarskránni. Um þetta er ekkert ákveðið í stjórnarskránni, en hins vegar hefur Hæstiréttur tekið sér það vald, eins og sjálfsagt er og eðlilegt í sambandi við grundvöll okkar stjórnarskrár, en það er æskilegra, að slíkt verði ákveðið í stjórnarskránni.

Út af embættisrekstri ráðherra er nú kveðið svo á, að sérstakur landsdómur skuli fjalla um það mál. Það er mjög til athugunar, hvort ekki ætti að ákveða, að það verði almennir dómstólar, sem fjalla um þau mál eins og annarra borgara í landinu.

Stjórnarskráin ákveður í 46. gr., að Alþingi sjálft skuli skera úr um það, hvort þm. þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þm. hafi misst kjörgengi. Þetta er í rauninni eðli sínu samkv. dómstólamál, hvort kosning hafi farið löglega fram eða ekki. Þetta ákvæði í stjórnarskránni á sínar sögulegu rætur, en virðist gjörsamlega úrelt og rétt, að dómstólar fái þetta vald. Í mjög mörgum löndum er það þannig nú, eins og t. d. Svíþjóð, Finnlandi, Englandi, Austurríki og mörgum öðrum, að þetta vald er í höndum dómstólanna, en ekki löggjafarþingsins.

Löngum var það hér svo, að dómsmrh. fór með ákæruvaldið í landinu, sem er ákaflega viðkvæmt vald. Ég held, að það sé óhætt að segja, að um nokkurra ára skeið voru ákaflega harðar deilur og viðkvæmar hér um meðferð þess máls og þá bornar fram sakir um misbeitingu ákæruvaldsins á ýmsum tímum á báða bóga, þannig að höfðuð væru sakamál gegn mönnum af lítilli ástæðu og svo sleppt eða látin niður falla saksókn, þar sem ástæða hefði verið til. Þetta mál var tekið upp og flutt frv. árið 1934 um að taka þetta vald úr höndum hins pólitíska ráðherra og stofna embætti opinbers ákæranda. Þetta komst nú ekki í framkvæmd fyrr en 1961, og síðan hefur starfað hér saksóknari ríkisins, sem nýtur að mestu leyti sömu stöðu og hæstaréttardómendur eftir því sem unnt er. Það væri æskilegt, að um þetta viðkvæma vald og meðferð þess væri ákveðið í stjórnarskránni, þannig að embætti saksóknara ríkisins væri þar fest.

Um stöðu sveitarfélaganna eru ákvæði í stjórnarskránni, að vísu ekki ýkja ákveðin, þar sem segir, að rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skuli skipað með lögum. Sveitarfélögin eru hins vegar svo veigamikill og þýðingarmikill þáttur í okkar stjórnarkerfi, að þeim verður að tryggja sem mest sjálfstæði, og varðandi störf þeirra og verkefni þyrfti að taka miklu skýrar og ákveðnar til orða í stjórnarskrá okkar. Í sumum stjórnarskrám, t. d. stjórnarskrá Austurríkis, eru sérstök ákvæði um sveitarfélögin til að tryggja sjálfstæði þeirra og heimild þeirra til að stjórna sjálf fjármálum sínum og til að leggja á skatta. Um sjálfstæði sveitarfélaganna þurfa að koma miklu ákveðnari ákvæði í stjórnarskrána.

Þá er einnig hér í næsta lið rætt um dreifingu valdsins, að athugað verði, hvernig megi dreifa valdi og verkefnum hins opinbera og koma í veg fyrir samsöfnun valds og verkefna á fáa staði og á fárra hendur. Það er mikil nauðsyn í okkar þjóðfélagi að stefna í þessa átt, og í sambandi við það og liðinn á undan, um sveitarfélögin, koma sérstaklega til athugunar ýmsar samtakaheildir, fylki, fjórðungar, landshlutasamtök, sem þurfa að fá aukin verkefni og aukin völd og möguleika til að sinna þeim verkefnum í okkar þjóðfélagi, og er þetta eitt af hinum mikilvægustu verkefnum, sem þarf að athuga í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Næst er talið æskilegt, að stuðningur ríkisins við kirkju og kristindóm verði tekinn til athugunar.

Næsti liður á eftir er um hin almennu mannréttindi í okkar stjórnarskrá, en margt er þar ófullkomið og úrelt, og um sumt þarf miklu skýrari ákvæði en nú er. En þess er einnig að gæta, að á þessum nær 100 árum, sem liðin eru, síðan þessi ákvæði voru sett, hafa orðið miklar breytingar, og eru margvísleg mannréttindi, sem nú eru talin sjálfsögð, ekki nefnd í okkar stjórnarskrá. Við erum aðilar að mannréttindayfirlýsingu frá 1948. Við erum aðilar að sáttmála Evrópuráðsins um mannréttindi, og þarf þetta hvort tveggja að koma til skoðunar.

Í þessu sambandi er fyrst nefndur hér réttur allra manna til vinnu og ákvæði um vinnuvernd. Í því sambandi má geta þess, að þegar mynduð var ríkisstjórn haustið 1944, svokölluð nýsköpunarstjórn, og hún ákvað að hefja endurskoðun stjórnarskrárinnar, þá var það m. a. tekið inn í stefnuskrá þeirrar stjórnar, að sett yrðu ótvíræð ákvæði um réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu eða þess framfæris, sem tryggingalöggjöfin ákveður.

Þá er nefndur réttur manna til menntunar og opinber aðstoð í því skyni og jöfn menntunaraðstaða, og má í því sambandi nefna það frv., sem nýlega hefur verið lagt fram af hálfu hæstv. ríkisstj. og undirbúið af sérstakri nefnd með fulltrúum allra þingflokka um jöfnun á aðstöðumun æskumanna til framhaldsmenntunar vegna búsetu. Það þarf að taka í stjórnarskrána almenn ákvæði til að tryggja rétt manna til menntunar og jafna menntunaraðstöðu.

Þá er réttur til trygginga vegna sjúkdóma, slysa, örorku, aldurs, missis fyrirvinnu og réttur til læknishjálpar og sjúkrahúsvistar. Þá er friðhelgi heimilis og einkalífs og eignarrétturinn og vernd hans, og eru um þetta allt saman ákvæði í flestum nútíma stjórnarskrám og víða töluvert ítarlegri en hjá okkur. En ákvæðið um prentfrelsi þarf að endurskoða með hliðsjón af þróun fjölmiðla og öll mannréttindaákvæði önnur með hliðsjón af mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Evrópuráðsins. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að margar stjórnarskrár hafa almenna yfirlýsingu um, að allir borgarar skuli vera jafnir fyrir lögunum. Enn fremur hafa sumar stjórnarskrár sérstök ákvæði um jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum. Þetta hvort tveggja er mjög til athugunar við endurskoðun íslenzku stjórnarskrárinnar.

Ég vil geta þess líka í þessu sambandi, að margar stjórnarskrár, hinar nýrri stjórnarskrár, viðurkenna sérstaklega fjölskylduna og hjúskapinn. Þannig er t. d. í írsku stjórnarskránni. Segir þar, að ríkið viðurkenni fjölskylduna sem eðlilega grundvallareiningu þjóðfélagsins og sem siðferðilega stofnun með réttindum ofar öllum settum lögum. Hjónabandið og fjölskyldan er í ýmsum fleiri stjórnarskrám sérstaklega nefnt og ákveðin vernd þeim til handa.

Næsta atriði, sem ég vildi nefna, og er nú kominn að lokum máls míns, er umboðsmaður þjóðþings eða ármaður Alþingis. Um það mál hafa verið fluttar till. áður hér á Alþingi af Kristjáni Thorlacius og fleirum á árunum 1964—1967 og nú á þessu og síðasta þingi af Pétri Sigurðssyni, og er það mikið ánægjuefni, að sú nefnd, sem fjallar um málið, hefur einróma lagt til, að sú till. verði samþ., en það er að kanna og undirbúa löggjöf um það mál. Ég tel, að það sé mjög æskilegt, að slíkt embætti sé stofnað hér, og hef talið lengi. Uppruni þess er ákaflega gamall. Það var 1809, sem þetta starf var stofnað í Svíþjóð, og síðar í Finnlandi, en langmesta athygli vakti stofnun þess 1953 í Danmörku, enda valdist til þess starfs maður, sem hefur byggt það svo upp, að athygli hefur vakið víða um lönd. En tilgangurinn er auðvitað sá að greiða fyrir eftirliti með stjórnsýslunni og stuðla að réttaröryggi borgaranna.

Ég hef minnzt á það áður, sem náttúrlega er ekkert aðalatriði þessa máls, að ég teldi orðið ármaður koma hér mjög til greina um þetta starf, og er þá miðað við, að þetta er fornt orð og þýddi í fornu máli, maður, sem hafði á vegum ríkisins eða þjóðhöfðingjans eftirlit með höndum, en aðalatriðið er það, að slíkt embætti verði stofnað, og ég tel æskilegra, að um það verði á sínum tíma sett bein ákvæði í stjórnarskrána, eins og er bæði í dönsku, finnsku og sænsku stjórnarskránni, en ekki látin nægja almenn lög, eins og er t. d. í Noregi.

Þá er í grg. nefnd náttúruvernd, sem mjög er æskilegt, að komi inn ákvæði um í stjórnarskrána, um stuðning við listir og vísindi, að ríkið skuli styrkja og vernda, og er það einnig í sumum stjórnarskrám, um forgangsrétt Íslendinga til náttúruauðlinda lands og landgrunns. Við höfum ákvæði og höfum haft alllengi um réttindi eða heimild útlendinga til að eignast hér fasteignir. Það eru settar mjög ákveðnar takmarkanir við því, að útlendingar geti eignazt hér fasteignir, og sömuleiðis skorður við því, að útlendingar geti eignazt hér atvinnuréttindi bæði til fiskveiða, fiskvinnslu o. s. frv. En um þetta mál allt þarf að setja sem gleggst ákvæði í stjórnarskrána.

Loks er það 30. liðurinn, sem hér er nefndur. Það er um, að athuga þurfi aðferðina við stjórnarskrárbreytingar. Nú er sá háttur hafður hér eftir okkar stjórnarskrá, að fyrst þarf Alþingi að samþykkja breytinguna, síðan þarf að rjúfa þing, og hið nýkjörna þing þarf að samþykkja breytinguna að nýju. Þessi aðferð hefur verið gagnrýnd og með réttu af ýmsum, sérstaklega vegna þess, að vilji þjóðarinnar í þessu efni þarf ekki að koma beinlínis fram. Við slíkar kosningar er oft fyrst og fremst kosið um önnur mál, kosið um störf og stefnu stjórnmálaflokkanna, hverjum stjórnmálaflokkanna menn vilji fela völd á Alþingi, hvað ríkisstj. skuli vera o. s. frv., en sjálf stjórnarskrárbreytingin fellur þá oft í skuggann. Til þess að stjórnarskrárbreyting verði beinlínis að vilja kjósendanna sjálfra, þá er auðvitað æskilegra að hafa beint þjóðaratkvæði um það, eins og var um sjálfa lýðveldisstjórnarskrána 1944.

Þannig er þetta nú í mörgum löndum, að samþykki beggja þingdeilda þarf til, en auk þess þarf að leggja undir beint þjóðaratkvæði. Danir hafa haft sama hátt á fram til 1953 og við, samþykki tveggja þinga með þingrofi og nýjum kosningum í milli, og þeir hafa bætt þjóðaratkvæði þar við. Þetta atriði þarf mjög skoðunar við, hvern hátt menn vilja á þessu hafa.

Ég hef rakið hér nokkuð þessi atriði, sem bent er á í grg., en vil undirstrika, að það er stjórnarskráin í heild og fjöldi annarra atriða, sem þarf að skoða. Ég hef hins vegar ekki valið þann kost að setja þessa ábendingarliði inn í sjálfa till., og ástæðan er sú, að vitanlega sýnist þm. sitt hverjum um það, hvaða atriði skuli sérstaklega nefna. Sumir vilja leggja áherzlu á eitt, aðrir á annað.

sumir vilja sleppa einhverju, sem aðrir vilja þar við hafa. Þess vegna hef ég litið svo á, að það gæti e. t. v. heldur orðið til trafala við að fá málið samþ., ef í sjálfri þáltill. væri talið upp það, sem sérstaklega skyldi skoða. Þessi er ástæðan til þess, að ég hef ekki sett þessi atriði inn í sjálfa tillgr., en að sjálfsögðu verða þau til athugunar og ábendingar fyrir þá nefnd, sem fengi málið til meðferðar.

Varðandi sjálfa nefndarskipunina, þá er gert ráð fyrir, að Sþ. kjósi sér menn, en auk þess, að tryggð sé sérfræðiþekking með því, að bæði Hæstiréttur og lagadeild Háskólans verði beðin að tilnefna menn, hvor um sig tvo aðila.

Nú er það þannig samkv. okkar stjórnsýslu, að stjórnarskráin fellur undir ráðuneyti forsrh., og til að undirstrika tengsl við forsrn., hef ég sett í till., að forsrh. kveðji nefndina saman til fyrsta fundar, og er það að sjálfsögðu ábending um það, að samstarf sé þar æskilegt á milli.

Það er gert ráð fyrir því hér, að stjórnarskrárnefnd skuli semja frv. til nýrrar stjórnarskrár. Það er ekki orðað svo, að hún skuli gera brtt. við gildandi stjórnarskrá, heldur ætlunin, að hún geri frv. að nýrri stjórnarskrá. Til að ná út til almennings sem mest er gert ráð fyrir, að hagsmunasamtök og áhugamannasamtök í landinu eigi þess kost að koma sínum óskum á framfæri, sem stjórnarskrárnefnd mundi þá meta. Í því sambandi vildi ég sérstaklega nefna launþegasamtökin og samtök atvinnuveganna, Samband ísl. sveitarfélaga, samtök öryrkja, og þannig mætti telja mörg fleiri, m. a. samtök rithöfunda, listamanna o. s. frv., eftir því sem stjórnarskrárnefnd ákvæði.

Það er gert ráð fyrir því, að nefndin hagi svo störfum, að till. hennar megi leggja fyrir Alþingi 1974. Það má vera, að sumum þyki það skammur tími. Ég álít, að svo sé ekki. Ég tel, að með þessum hætti yrði á þriðja ár, tæplega hálft þriðja ár til ráðstöfunar og frv. þá væntanlega lagt fyrir haustþingið 1974, og ef samstaða yrði sæmileg, mætti afgreiða það á því þingi, vorið 1975, en þá eiga kosningar að fara fram hvort sem er samkv. stjórnarskránni, þar sem fjögurra ára kjörtímabilið er á enda.

Ég held, að það sé einmitt mjög æskilegt að setja ákveðinn frest fyrir þetta starf, og tíminn er að mínu viti nægur, ef áhugann brestur ekki. Vilji er allt sem þarf.

Ég vil svo aðeins taka það fram að lokum, að ég tel, að endurskoðun stjórnarskrárinnar hafi margvíslega þýðingu fyrir okkar þjóðfélag, ekki aðeins þá, að einstök ákvæði stjórnarskrárinnar og hún í heild verði endurskoðuð, heldur mun þessi endurskoðun vekja landsfólkið til umræðu og umhugsunar um margvísleg hugtök og verðmæti, sem æskilegt er að ræða, og um margt er á hinum síðustu tímum komið nýtt gildismat. Við mundum við slíka heildarendurskoðun vekja upp umræður um marga þá hluti og mörg þau verðmæti, sem vissulega er þörf á að ræða til hlítar í okkar þjóðfélagi.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur flutt hér till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem er að meginefni samhljóða því, sem ég gat um, að hann hefði flutt undanfarin ár. Eins og hann tekur fram í grg. þeirrar till., þá höfum við átt viðræður, áður en till. voru fluttar um málið, og ég vænti þess, að þegar þessar till. báðar fara til n. — ég legg til, að það verði allshn. — þá geti tekizt þar samstaða um það að þoka þessu máli áleiðis.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þó að ég hafi hlýtt með athygli á hina fróðlegu framsöguræðu hv. 5. þm. Reykv. fyrir þáltill. á þskj. 525, mun ég ekki að þessu sinni gera hana að umræðuefni, heldur nota mér leyfi hæstv. forseta til þess að gera grein fyrir till. þeirri um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 531, enda er, eins og hæstv. forseti tók fram, samkomulag milli okkar flm. þessara tveggja till., að þær verði ræddar saman, og ég mun, eins og hann þegar gerði, leggja til að því er mína till. varðar, að henni verði vísað til allshn. En ég vil, eins og ég sagði, nota það leyfi, sem ég hef, til að gera grein fyrir till. á þskj. 531.

Mig langar til að byrja á því að litast ofurlítið um á sviði sögunnar og rifja það upp, að hinn 22. febr. 1944, er unnið var að stofnun lýðveldisins hér á Alþingi, gáfu stjórnarskrárnefndir beggja deilda þingsins út sameiginlegt álit um frv. til laga um stjórnarskrá lýðveldisins. Í þessu sameiginlega áliti þingnefndanna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það mun vera almenn skoðun í landinu, að mikil þörf sé gagngerrar endurskoðunar stjórnarskrárinnar og sú breyting ein sé ekki fullnægjandi, að lýðveldi verði stofnað í stað konungdæmis.“

Með þessum fyrirvara lögðu þingnefndirnar til, að afgreitt yrði frv., sem aðeins fól í sér þær breytingar, sem óhjákvæmilegar voru til þess, að þjóðkjörinn forseti yrði þjóðhöfðingi Íslendinga í stað Danakonungs. Síðan var lýðveldið formlega stofnað á Þingvöllum við Öxará 17. júní 1944. En Alþingi tók fyrirvara þingnefndanna til greina, lét átta manna milliþinganefndina frá 1942 í stjórnarskrármálinu halda áfram störfum og ákvað árið eftir, 1945, að skipuð skyldi 12 manna endurskoðunarnefnd átta manna nefndinni til ráðuneytis. Þarna voru þá samkvæmt ákvörðun Alþingis 20 menn að verki við það að semja það, sem almennt var nefnt lýðveldisstjórnarskráin. En frá þessari 20 manna nefnd komu aldrei neinar tillögur svo að mér sé kunnugt um, og eftir tvö ár felldi Alþingi niður umboð hennar, árið 1947. En á því sama ári fól Alþingi ríkisstj. að skipa nýja nefnd sjö manna til endurskoðunar stjórnarskrárinnar. Fyrir því eru prentaðar heimildir, að sex eða sjö árum eftir að nefndin var skipuð komu fram tillögur í nefndinni, þ.e. sjö manna nefndinni, en þær voru ekki afgreiddar, og nefndarálit kom aldrei fram. Það var sameiginlegt með öllum þessum stjórnarskrárnefndum, að nm. voru skipaðir eftir tilnefningu þingflokka.

Sú „almenna skoðun í landinu“, svo að notað sé orðalag þingnefndanna frá 1944, að mikil þörf væri á gagngerri endurskoðun stjórnarskrárinnar, kom víða fram. Fjórðungsþing Norðlendinga og Austfirðinga létu lýðveldisstjórnarskrármálið mjög til sín taka á fyrsta áratug lýðveldisins og gerðu tillögur um stjórnarskrárbreytingar, sem birtar voru og mikla athygli vöktu. Sunnanlands var stofnað stjórnarskrárfélag áhugamanna. Í blöð og tímarit var mikið um þetta mál ritað, og víða var um það rætt.

Árið 1959 var á Alþingi gerð mjög umdeild skyndibreyting á 31. gr. stjórnarskrárinnar og árið 1968 lítt eða

ekki umdeild breyting á 33. gr., en nú, 28 árum eftir stofnun lýðveldisins, hefur endurskoðun stjórnarskrárinnar enn ekki farið fram eða er a. m. k. ólokið og hin fyrirheitna lýðveldisstjórnarskrá því enn ófengin.

Kem ég þá næst að því, að veturinn 1966—1967 tók Karl Kristjánsson þáv. alþm. endurskoðunarmálið upp á ný með flutningi þáltill., þar sem gert var ráð fyrir, að meiri hl. endurskoðunarnefndar yrði skipaður fræðimönnum utan þings og nefndarforustan á vegum Hæstaréttar. Var sérstaklega lagt fyrir nefndina að gefa gaum allmörgum tilgreindum málsatriðum.

Ég hef síðan á Alþingi 1967, 1969 og 1970 leyft mér að flytja slíka till., í fyrstu nær óbreytta frá því sem hún var frá hendi Karls Kristjánssonar, en síðan hef ég aukið hana nokkuð með því að fjölga þeim málsatriðum, sem sérstaklega er bent á til athugunar. Sú till., sem ég flyt nú, er samhljóða till., sem ég flutti í fyrra, að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir tíu nm. í stað níu, þannig að Alþingi tilnefni fimm eða helming nefndarinnar. Er þá auðvitað flokkaveldi hér á Alþingi haft í huga, en því er ekki að neita, hvað sem um það má segja að öðru leyti, að það er til staðar. Með till. í fyrra tók ég saman nokkuð ítarlega grg., sem ég leyfi mér nú að vísa til, enda er hún þegar prentuð í skjalaparti Alþingistíðindanna.

Vil ég þá leyfa mér að lesa hér í heyranda hljóði þá till. til þál., sem fyrir liggur á þskj. 531, og mun síðan í stuttu máli gera grein fyrir efni hennar. En till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að stofna til endurskoðunar stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og fela ríkisstj. að skipa til þess 10 manna nefnd samkv. tilnefningu eftirgreindra aðila:

1. Alþingi tilnefni fimm.
2. Lagadeild Háskóla Íslands tilnefni tvo.
3. Hæstiréttur tilnefni þrjá og einn þeirra sé formaður nefndarinnar.

Nefndin taki m. a. til athugunar eftirtalin efnisatriði:

1. **Forsetaembættið.** Hvort fyrirkomulag æðstu stjórnar Íslands sé svo heppilegt sem það gæti verið og hvaða skipan hennar mundi vera bezt við hæfi þjóðarinnar.

2. **Skipting Alþingis í deildir.** Hvort hún sé úrelt orðin og ein málstofa hagkvæmari.

3. **Aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds.** Hvort þörf sé skýrari ákvæða um þessa greiningu.

4. **Samskipti við önnur ríki.** Nauðsyn ákvæða er marki rétt ríkisstjórnar og Alþingis til samninga við aðrar þjóðir.

5. **Þjóðaratkvæði.** Ákvæði um, hvenær rétt sé eða skylt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu og hvað hún gildi.

6. **Kjörgengi.** Hvort ástæða sé til að takmarka kjörgengi meira en nú er gert í 34. gr. stjórnarskrárinnar.

7. **Kjördæmaskipun.** Hvort rétt sé að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verða kosnir saman óhlutbundnum kosningum, en uppbótarþingmenn engir.

8. **Þingflokkar.** Hvort þörf sé lagasetningar um skyldur og réttindi þingflokka.

9. **Ný skipting landsins í samtakaheildir.** Hvort æskilegt sé að taka inn í stjórnarskrána ákveðna skiptingu landsins í fylki eða aðrar nýjar samtakaheildir, er hafi sjálfstjórn í sérmálum, enda leiti nefndin um þetta álits sýslunefnda, bæjarstjórna, borgarstjórnar Reykjavíkur, Sambands ísl. sveitarfélaga og sérsambanda sveitar- eða sýslufélaga í einstökum landshlutum.

10. **Bráðabirgðalög.** Hvort ástæða sé til að kveða nánar á en nú er gert um útgáfu bráðabirgðalaga og gildistíma.

11. **Eignakaup og eignasala ríkisins.** Hvort þörf sé nýrra ákvæða um eignakaup og eignasölu ríkissjóðs og ríkisstofnana.

12. **Óeðlileg verðhækkun lands og fasteigna.** Hvort gerlegt sé og nauðsynlegt að hindra með stjórnarskrárákvæði óeðlilega verðhækkun lands og fasteigna.

13. **Réttur og skylda til starfs.** Hvort ástæða sé til að kveða á um rétt og skyldur þjóðfélagsþegna til starfa.

14. **Jöfn menntunaraðstaða.** Hvort kveða skuli á um, að þjóðfélaginu sé skylt að sjá svo um, að börnum og ungmennum, hvar sem þau eiga heima á landinu, skuli gert kleift að afla sér almennrar menntunar.

15. **Vörn landsins.** Hvort ákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar eigi þar heima á komandi tímum.

16. **Þingsetningartími.** Hvort rétt sé, að í stað „15. dag febrúarmánaðar“ í 35. gr. stjórnarskrárinnar komi annar tími, t. d. 1. október.

17. **Hækkun ríkisútgjalda.** Hvort rétt sé að kveða nánar á en nú er gert um frumkvæði að hækkun ríkisútgjalda.

18. **Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.** Hvort bæta skuli ákvæðum úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna við VII. kafla stjórnarskrárinnar og breyta 70. gr. hennar með hliðsjón af nútíma löggjöf.

19. **Skyldur við landið.** Hvort tilhlýðilegt sé og gagnlegt til leiðbeiningar á komandi tímum, að stjórnarskráin hefjist á yfirlýsingum um skyldur þjóðarinnar við landið og nauðsyn landsbyggðar, enda jafnframt kveðið á um þá almennu reglu, að fasteignir og náttúruauðæfi séu í eigu Íslendinga.

20. **Stjórnlagaþing.** Hvort ráðlegt sé, að sérstaklega kjörið stjórnlagaþing fjalli um stjórnarskrána.

Með opinberri tilkynningu skal þeim, er þess kynnu að óska, gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina skriflegum og rökstuddum brtt. við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma, sem nefndin ákveður.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem unnt er og skili till. sínum til Alþingis. Skal að því stefnt, að lýðveldisstjórnarskrá geti tekið gildi á árinu 1974.“

Þegar ég nú hef lesið till. eins og hún hljóðar á þskj. 531, vil ég svo með fáum orðum gera grein fyrir hinum einstöku liðum, sem sérstaklega er tekið fram, að endurskoðunarnefndin skuli endurskoða og taka til meðferðar. En það ber auðvitað að taka fram, að með þeirri upptalningu er engan veginn takmarkað frumkvæði nefndarinnar í þessum efnum, þannig að hún getur að sjálfsögðu þrátt fyrir þessa upptalningu tekið til meðferðar hver þau atriði, sem henni finnst ástæða til að fjalla um. Ég mun þá fara nokkrum orðum um hvern lið fyrir sig af þeim 20, sem sérstaklega er gert ráð fyrir, að nefndin athugi, og mun gera það í sömu röð og þeir standa í tillögunni.

Um 1. lið. Um hlutverk forseta Íslands, hvert það skuli vera á komandi tímum, eru skiptar skoðanir í

landinu. Sú till. hefur komið fram, að forsrh. verði falið það hlutverk og hann verði á hverjum tíma þjóðhöfðingi. En einnig hafa verið uppi till. um að auka vald hins þjóðkjörna forseta.

Um 2. lið. Tvímælis orkar, að rétt sé að halda deildaskiptingu á Alþingi. Sums staðar eru þm. kosnir á tvennan hátt, hvor deild út af fyrir sig. Hér er ekki um slíkt að ræða.

Um 3. tölul. Í sambandi við að auka vald forseta lýðveldisins hefur oft verið um það rætt, að koma þyrfti á gleggri aðgreiningu framkvæmdavalds, löggjafarvalds og dómsvalds en nú á sér stað. Til greina kemur, að forseti en ekki Alþingi velji ríkisstjórn á hverjum tíma og að ráðherrar eigi ekki sæti á Alþingi, og eru dæmi til slíks. Því er af ýmsum haldið fram, að Alþingi yrði á þennan hátt óháðara í löggjöf gagnvart ríkisstjórn og framkvæmdavaldi og jafnframt sjálfstæðara í sínum verkefnum. Gagnrýni fer vaxandi á því, að þm. kveði sjálfir upp úrskurð um gildi kosninga sinna, sem telja má dómsmál.

Um 4. tölul. Samskipti við önnur ríki eru vandasöm, og þeim fylgir mikil ábyrgð. Til greina kemur að takmarka rétt ríkisstjórnar og e. t. v. Alþingis til aðgerða á þessu sviði meira en nú er gert eða setja skýrari ákvæði um þetta efni.

Um 5. tölul. Alþingi hefur stundum ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvgr. um tiltekin mál, án þess að slík atkvgr. sé bindandi. Til greina kemur, að stjórnarskráin mæli fyrir um þjóðaratkvæði umfram það, sem hún gerir nú, þegar sérstaklega stendur á um, hvert gildi hún skuli hafa.

Um 6. tölul. Ástæða er til að athuga, hvort takmarka þurfi kjörgengi við alþingiskosningar meira en nú er gert, t. d. vegna aldurs eða lengdar þingsetu, vegna þess að tiltekin störf samrýmist ekki þátttöku í stjórnmálabaráttu eða þannig að skilyrði verði sett um búsetu frambjóðenda í kjördæmum sínum.

Um 7. tölul. Núverandi kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag ýtir undir flokksræði. Hér eru kosningar ópersónulegar, og það gerir kjósendum erfiðara fyrir, torveldar samskipti milli þm. og kjósenda hans og er til þess fallið að slæva ábyrgðartilfinningu þm. að margra dómi. Krafan um, að þm. verði kosnir í einmenningskjördæmum virðist eiga vaxandi fylgi að fagna, einkum meðal hinna yngri kjósenda í landinu.

Um 8. tölul. Umsvif stjórnmálaflokka fara stöðugt vaxandi. Þeir verja meiri og minni fjármunum til starfsmannahalds og annars kostnaðar af ýmsu tagi í áróðursskyni. Dagblaðaútgáfufyrirtæki þeirra í höfuðborginni velta að líkindum samtals hundruðum millj. á ári. Stjórnarskráin ætlar flokkum sérstakan rétt, en þar skortir að margra dómi fyrirmæli um, að setja skuli lög um stjórnmálaflokka, réttindi þeirra og skyldur gagnvart flokksmönnum og þjóðinni.

Um 9. tölul. Sjálfstæði þjóðarinnar er m. a. undir því komið, að landsbyggð haldist. Til þess að svo verði, þarf að vera jafnvægi milli landshluta. Með þetta fyrir augum þarf að margra dómi að skipta landinu í nokkur stór umdæmi eða fylki með sjálfsstjórn í tilteknum sérmálum innan ríkisheildarinnar. Ættu þá að vera ákvæði um þetta í stjórnarskránni.

Um 10. tölul. Útgáfa bráðabirgðalaga er oft umdeild. Réttur ríkisstjórnar til útgáfu slíkra laga ætti að líkindum að vera meiri takmörkunum háður en hann er nú.

Um 11. tölul. Til greina kemur að setja ný ákvæði um eignakaup og eignasölu ríkissjóðs og ríkisstofnana og þrengja valdsvið ríkisstjórnar í þessum efnum.

Um 12. tölul. Oft hefur verið vakið máls á því, að koma þurfi í veg fyrir óeðlilega verðhækkun lands og fasteigna. Ef lagaákvæði um það efni eiga að koma að gagni, þurfa þau að líkindum að vera í stjórnarskránni. Dæmi voru til þess fyrir nokkrum árum, að einn fermetri lands í miðborg Reykjavíkur væri seldur á 25—30 þús. kr., og er slík þróun áhyggjuefni. Sama má raunar segja um land, sem látið er af hendi til hins opinbera eða í almannaþágu víðar um landið.

Um 13. lið. Fordæmi munu vera fyrir því, að í stjórnarskrá sé kveðið á um rétt og skyldu til að inna starf af hendi. Er slíkt einnig athugandi hér, og hefur því máli áður verið hreyft opinberlega.

Um 14. tölul. Til greina kemur, að stjórnarskráin mæli fyrir um, að þjóðfélaginu sé skylt að sjá svo um, að börnum og ungmennum, hvar sem þau eiga heima á landinu, sé gert kleift að afla sér almennrar menntunar.

Um 15. tölul. Ástæða er til að athuga, hvort 75. gr. stjórnarskrárinnar eigi þar heima eftirleiðis, en hún fjallar um vörn landsins.

Um 16. tölul. Núverandi ákvæði stjórnarskrárinnar um þingsetningardag virðist úrelt og eðlilegt að breyta því.

Um 17. tölul. Tillögur hafa verið uppi um, að frumkvæði að hækkun ríkisútgjalda verði háð stjórnarskrárákvæði, og sjálfsagt að gefa því gaum.

Um 18. tölul. Til greina kemur að taka í stjórnarskrána ákvæði úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, og eðlilegt er að breyta 70. gr. stjórnarskrárinnar varðandi framfærslu með hliðsjón af nútíma löggjöf um þau efni.

Um 19. tölul. Vel fer á því, að í stjórnarskránni verði almenn yfirlýsing um skyldur þjóðarinnar við landið og þá m. a., að henni beri að halda því í byggð og helga sér þannig áfram landsréttinn, enda sé þá jafnframt kveðið á um, að Íslendingar eigi yfirleitt fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi. Ætti slík yfirlýsing að vera í upphafi stjórnarskrárinnar. Dæmi eru til þess, að hliðstæðar yfirlýsingar séu í stjórnarskrám annarra ríkja og þá þar settar til að minna á mikilsverð undirstöðuatriði, sem talið er, að ekki megi gleymast.

Um 20. tölul. Tillögur hafa komið fram um það oftar en einu sinni, að kosið verði sérstakt stjórnlagaþing, sem hafi það verkefni eitt að fjalla um stjórnarskrána, þannig að afstaða kjósenda til annarra málefna þurfi ekki að hafa áhrif á kosningu þess.

Það skal tekið fram, að till. sú til þál., sem ég er að mæla fyrir, um endurskoðun stjórnarskrárinnar er ekki flokksmál, enda hefur flm. ekki farið fram á, að henni verði veitt flokksfylgi. Er að því leyti eins ástatt um hana og endurskoðunartillögurnar, sem fluttar voru á Alþingi 1966, 1967, 1969 og 1970. En æskilegt væri, að sem víðtækast samstarf gæti tekizt um þetta mál, um setningu nýrrar lýðveldisstjórnarskrár, er verða mætti traustari hornsteinn landsbyggðar og þjóðarsjálfstæðis en stjórnarskrá sú, er nú gildir.

Ég leyfi mér að lokum að vekja athygli á því, að í 20. tölul. tillögunnar er svo fyrir mælt, að með opinberri tilkynningu skuli þeim, er þess kynnu að óska, gefinn

kostur á að koma á framfæri við nefndina skriflegum og rökstuddum brtt. við stjórnarskrána fyrir þann tíma, sem endurskoðunarnefndin kynni að taka til.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um till., en óska þess, eins og ég sagði áðan, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

44. Endurskoðun stjórnarskrárinnar (till. GíslG).

Á deildafundum 12. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar [246. mál] (A. 531).

Á 56., 57. og 61. fundi í Sþ., 13., 18. og 25. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr. [Sjá umræður um næsta mál á undan, till. GTh.]

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

45. Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum.

Á deildafundum 12. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum [247. mál] (A. 532).

Á 56. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 57., 61., 62., 63. og 65. fundi í Sþ., 18., 25. og 28. apríl, 2. og 9. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég flutti hér fyrr á þinginu fsp. til hæstv. menntmrh. um stofnun fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum í samræmi við 6. gr. laga frá 2. apríl 1971. Ég lýsti því þá, að ég hefði orðið fyrir nokkrum vonbrigðum af svari hæstv. ráðh., og eftir að ég hafði ítarlega lesið svar hans, sá ég, að þar komu fram atriði, sem ég tel, að nánari athugunar þurfi við, og gáfu mér tilefni til að vera 1. flm. að þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir. En í svari hæstv. ráðh. segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en stofnaður verði fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum og aðrir þeir, sem gert er ráð fyrir í lögunum, þarf að athuga, hver raunveruleg þörf er fyrir starfsfólk með þá menntun, sem gert er ráð fyrir að þessir skólar veiti, og hver þörf kann að vera á fólki í fiskiðnaði með aðra menntun, en engin slík athugun hefur farið fram."

Þetta gaf mér tilefni til að kynna mér nokkru nánar, hver aðstaða fiskiðnaðarins væri raunverulega í sambandi við fræðslukerfið, miðað við aðrar atvinnugreinar og fræðslukerfið í heild. Ég fékk um þetta skýrslu, og kemur þá í ljós, að í menntaskólum landsins eru samtals 3 255 nemendur, og er þar talin með framhaldsdeildin við Hamrahlíðarskóla, þar sem í eru 230 nemendur. Í háskólum eru samtals 2 849 nemendur, þar af 874 erlendis. Í Kennaraskólanum og Kennaraháskólanum eru samtals 701 nemandi. Það virðist því, að á þessu almenna fræðslustigi, menntaskólum og framhaldsskólum og háskólum, séu um 6 800 nemendur. Í þeim skólum, sem ekki verða beint taldir til neinnar sérstakrar atvinnugreinar, svo sem Tækniskólanum o. fl., þar eru 683 nemendur, þar af 453, sem stunda nám erlendis og starfslána eða starfsstyrkja njóta. Það vill því segja, að í menntaskólum og framhaldsskólum, æðri skólum, eru um 7 500 nemendur samtals. Þegar komið er að atvinnugreinunum, þá skiptist þetta þannig, að í iðnaði eða í iðnskólunum eru 2 050 nemendur, í verzlunarskólunum eru 802 nemendur, í landbúnaðarskólum eru samtals 136 nemendur, þar með eru taldir garðyrkjuskólar, sem í eru 23 nemendur. Þegar að sjávarútveginum kemur, þá eru í fiskimannadeild stýrimannaskólanna tveggja um 120 nemendur, og í Vélstjóraskólanum eru 303 nemendur. Ég hygg, að bæði í iðnaði og verzlun og reyndar kannske landbúnaði líka sé þetta eðlilegt, að þessir skólar fullnægi þeirri þörf, sem þessar atvinnugreinar krefjast í sambandi við æðri menntun í þessum starfsgreinum. Þegar aftur kemur að fiskiðnaðinum, þá er aðeins um að ræða 30 nemendur, sem nú eru í undirbúningsdeild fiskiðnskólans, sem hér tók til starfa á s. l. hausti. Ég hygg, að hv. alþm. geti verið sammála um

þessa atvinnugrein, fiskiðnaðinn, að það hefur allt of lengi dregizt að veita þeim aðilum, sem vilja afla sér frekari menntunar í sambandi við þessa iðngrein, aðstöðu til þess.

Vegna þess að það kom fram í svari hæstv. ráðh., að hann var ekki viss um, hver þörf raunverulega væri fyrir starfsfólk með aukna menntun í þessu sambandi, þá hygg ég, að við getum verið um það sammála, að þörfin er þarna mjög rík. Ég tel ekki, að það geti verið eðlilegt um þennan annan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, að ekki séu nema 30 nemendur í skóla, sem ætti að veita þar frekari menntun.

Ég vil ekki tímans vegna hafa um þetta öllu fleiri orð, en ég hygg, að öllum hljóti að vera ljós nauðsyn á því, að þarna verður að verða breyting á, og ég tel, að það megi ekki draga það helzt deginum lengur að skapa þá aðstöðu, sem nauðsynleg er, til að veruleg breyting geti þarna á orðið. Ég vil í því sambandi benda á það, sem öllum er reyndar kunnugt, að verið er að gera síauknar kröfur til þessarar atvinnugreinar, fiskiðnaðarins, í ýmsu sambandi, bæði með hreinlæti og annað, vélvæðing hefur orðið þar mikil, og því eðlilegt, að ungu fólki, sem vill hasla sér völl í þessum iðnaði, verði veitt aðstaða til frekara náms en nú er.

Ég get ekki verið á sama máli og hæstv. menntmrh. um, að það beri að skilja lög um fiskvinnsluskóla frá 2. apríl 1971 á þann veg, að ekki beri að setja upp fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, því að ég tel, að 6. gr. kveði alveg skýrt á um það, og ég hygg, að engum hafi dottið það í hug, þegar verið var að ræða málið hér á s. l. vetri. Þá hefur engum dottið annað í hug en að til skóla yrði stofnað í Vestmannaeyjum samtímis og skóli yrði stofnaður á Suðvesturlandi, eins og lögin gera ráð fyrir, því að það er beinlínis tekið fram í þessari sömu grein, að á árunum 1972—1975 skuli unnið að undirbúningi að stofnun fiskvinnsluskóla annars staðar á landinu. Ég tel, að það sé kveðið alveg skýrt á um það, að ætlazt hafi verið til, að þegar á árinu 1972 yrði stofnað til fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, eins og nú hefur verið gert hér í Reykjavík eða á Suðvesturlandi. Og 7. gr. þessara sömu laga mælir fyrir um það, hvernig skólanefnd skuli skipuð og hvenær hún skuli skipuð, og tel ég, að það sé samkv. lögunum þegar orðið tímabært að skipa skólanefnd fyrir fiskvinnsluskólann í Vestmannaeyjum, og það er það, sem við flm. þessarar till. viljum leggja áherzlu á, að það verði undinn að því bráður bugur að skipa skólanefndina og að til fiskvinnsluskóla verði stofnað þegar á næsta hausti, eins og við teljum að lögin frá 2. apríl 1971 geri ráð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 56 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

46. Fiskihafnir.

Á deildafundum 17. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fiskihafnir [258. mál] (A. 572).

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 58. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Fyrr í þessum mánuði horfði ég á kvikmynd í sjónvarpinu, sem fjallaði um þjóðflutningana miklu, sem urðu rómverska ríkinu að falli. Söguskýrandi myndarinnar var ekki í neinum vafa um orsök þjóðflutninganna. Orsök þeirra var leitin að gullinu. Gullið var æðsta tákn verðmæta þess tíma og er víst enn í margra hugum. Við, sem horft höfum á þjóðflutningana hér innanlands og viljum skilja þá, hljótum fyrst og fremst að gera okkur grein fyrir því, að orsök þeirra er sú sama og hinna fornu. Það er leitin að gullinu í hinum nýju myndum þess, lífsþægindunum.

Þegar ég tala um þjóðflutninga, á ég ekki við þá breytingu, að fólki fækkar í frumatvinnugreinum, landbúnaði og sjávarútvegi, og fjölgar í iðnaði og þjónustugreinum, heldur hitt, að meira en helmingur þjóðarinnar er kominn hér á Reykjanesskagann. Aðalmisskilningur margra, sem þessi mál hugleiða af fullri vinsemd að eigin sögn, liggur í því, að þeir telja legu og landgæði Reykjanesskagans forsendu flutninganna, en svo er ekki nema að litlu leyti. Aðsetur stjórnvaldanna hér á þessu svæði ásamt samþjöppun fjármála- og þjónustustarfsemi er höfuðorsök flutninganna. Þar að auki höfðu atburðir eins og síðari heimsstyrjöldin með hernámi Íslands mikil áhrif. Ranglát löggjöf á ýmsum sviðum hefur og stuðlað að fólksflutningum. Þau lög, sem ég ætla óþörfust landsbyggðinni í dag, eru hafnalögin. Þau valda lömun í þjónustustarfsemi sjávarplássanna. Mér er ljóst, að vegna hafnanna er verið að hrekja fólk úr sjávarplássum úti um allt land til Reykjavíkur, því að hver vill búa á annars og þriðja flokks þjónustusvæði? Hinu opinbera hefur nú um langt árabil gengið verr og verr að fá menn til þjónustustarfa úti á landi. Á sama tíma og gatnagerð fleygir áfram á aðalþéttbýlissvæðunum, hefur hún víða staðið í stað í sjávarplássunum og óvistleiki þeirra staða því stuðlað að því, að fólk hélzt þar ekki við, þótt það slægi til að fara út á land til reynslu.

Nú er það svo, að öll viljum við eiga veglega höfuðborg sem drottningu norðursins, en jafnframt öfluga landsbyggð, og efnahagslegt sjálfstæði landsins verður ekki tryggt nema með því að nýta landgæði landsins alls. Sjávarplássin hringinn í kringum landið eru stoðir þess efnahagskerfis, sem farsæld þjóðarinnar byggist á í dag. Sú þáltill., sem ég flyt hér, er þeim mikið hagsmunamál. Það er lykillinn að fjárhagslegum framkvæmdamætti þeirra. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að allar fiskihafnir landsins verði

gerðar að landshöfnum, en telur eðlilegt, að framkvæmd þess verði í áföngum.“

Og ég leyfi mér einnig, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þá grg., sem hér fylgir með:

Með lögum frá Alþ. eru öllum sveitarfélögum ætlaðir sömu tekjustofnar. Það verður því að teljast réttlætismál, að þeim séu ætluð hliðstæð verkefni. Mikið skortir á, að svo sé. Fiskihafnirnar hafa tekið til sín bróðurpartinn af fjárhagsgetu sjávarplássanna og þar með orðið þess valdandi, að þjónustustarfsemi og framkvæmdir á öðrum sviðum hafa setið á hakanum. Fiskihafnirnar eru hluti af atvinnutækjum sjávarútvegsins, jafnnauðsynlegar og bátarnir og frystihúsin. Kostnaður við þær er því með réttu hluti af rekstrarkostnaði sjávarútvegsins. Þar sem vitað er, að sjávarútvegurinn greiðir opinber gjöld að fullu til jafns við aðra atvinnuvegi, ber honum og sú þjónusta af hálfu ríkisvaldsins, er hann þarfnast. Á sama tíma sem ríkisvaldið veitir sjómönnum skattfríðindi sem viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi þeirra starfa, sem þeir vinna, er það í hrópandi ósamræmi, að sjávarplássunum, heimkynnum þeirra, er gert að skyldu að leggja svo mikið fé til hafnarmála, að fjárhagsgetu þeirra er ofboðið og önnur þjónusta lömuð. Hver vill búa á svæði, sem er þannig dæmt til kyrrsetu? Hver vill bera ábyrgð á því að dæma þessi svæði til slíkrar kyrrstöðu? Hafa þeir, sem vinna við fiskinn, eitthvað til saka unnið, er réttlætir þær aðgerðir af hálfu hins opinbera að ræna sveitarfélög þeirra svo framkvæmdagetu sinni? Ég segi nei, og þess vegna legg ég til, að þessi þáltill. verði samþykkt. Og ég vil mælast til þess, að henni verði vísað til samgmn.

Hér á eftir er svo fskj. frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um sama málefni, og ég vænti þess, að þm. hafi kynnt sér það, og læt því ógert að lesa hér meir.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að leggja neinn dóm á gildandi hafnalög, má vel vera, að eitthvað sé að þeim að finna, en ég verð að segja það fyrir mig, að mér finnst orðalag till. vera þannig, að a. m. k. á ég ákaflega bágt með að veita henni stuðning, eins og hún er orðuð, þar sem sagt er, að allar fiskihafnir landsins verði gerðar að landshöfnum. Mér er það vel ljóst, að margar hafnir úti í dreifbýlinu eru þannig settar, að þær hafa mjög erfiðan fjárhag og eiga erfitt með að vera byggðar upp á þann hátt, sem æskilegast væri, og mætti vel vera, að gagnvart sumum þeirra væri það eðlilegt, að þær nytu meira ríkisframlags og yrðu gerðar að landshöfnum. Aðrar hafnir eru þannig settar, að ég er sannfærður um, að sveitarstjórnarmenn á þeim stöðum óska ekki eftir því, að þeirra hafnir verði gerðar að landshöfnum. Þetta er eins og frsm. réttilega tók fram mjög snar þáttur í þeim störfum, sem sveitarstjórnarmönnum eru ætluð, þ. e. að sjá um uppbyggingu hafnanna, og ég hygg, að margir þeirra hafi þá skoðun, að þessi mál séu betur komin í þeirra höndum, heimamanna, en væri þeim stjórnað frá einni allsherjarmiðstöð, kannske í höfuðstaðnum, hvort sem það væri rn. eða aðrir aðilar, sem til þess yrðu kosnir, en þá yrðu hafnirnar að mínum dómi margar allt of háðar ríkisvaldinu, ef það á eitt að hafa þar alla umsjón.

Það var nú erindi mitt hingað í ræðustól að mælast til þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, sendi þetta til umsagnar öllum þeim sveitarstjórnum, sem hafnarmálin snerta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

47. Raforkumál.

Á deildafundum 19. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um raforkumál [262. mál] (A. 590).

Á 61. og 62. fundi í Sþ., 25. og 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var till. enn tekin til fyrri umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Um sama leyti og þessi till. til þál. um raforkumál var lögð inn í prentsmiðju, þá sendi ég nokkur eintök af henni til allra þingflokka hér á hinu háa Alþingi og fór þess á leit við þingflokkana, að þeir kynntu sér þetta mál sem bezt til þess að tryggja sem greiðasta afgreiðslu og sem auðveldastar umr. um þetta mál hér í þinginu. Ég vænti þess, að þetta hafi verið gert í þingflokkunum, vegna þess að að minni hyggju er hér um mjög stórvægilegt mál að ræða. Þetta er till. um stefnumörkun, og þessa till. hefur samið og tekið saman fskj., sem henni fylgja, sérstök nefnd, sem ég skipaði um miðjan nóv. s. l., en í henni áttu sæti Jakob Gíslason orkumálastjóri, og var hann formaður, en aðrir nm. voru dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Árni Snævarr ráðuneytisstjóri, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, Sigurður Thoroddsen verkfræðingur, Jakob Björnsson deildarverkfræðingur og Guðjón Guðmundsson skrifstofustjóri. Þessir menn unnu að þessum málum sem persónulegir ráðgjafar mínir, en ekki sem fulltrúar neinnar þeirrar stofnunar, sem þeir kunna að eiga sæti í.

En ástæðan til þess, að ég taldi nauðsynlegt að marka framtíðarstefnu um þróun raforkumála á Íslandi, er sú, að ég tel, að við séum þar komnir að mjög merkilegum tímamótum. Við höfum fyrr á þessu ári minnzt þess, að 25 ár eru liðin síðan raforkulögin komu til framkvæmda, og rifjað upp, hversu stórfelld þróun hefur orðið á sviði raforkumála á þessu tímabili. Áður en sú löggjöf var sett og sú markvissa forusta tekin upp, sem

þar var gert ráð fyrir, þá var þannig ástatt, að aðeins stærstu bæjarfélögin áttu kost á raforku frá vatnsaflsstöðvum, en í minni kaupstöðum voru olíukyntar rafstöðvar. En á þessu tímabili hefur raforkuvinnslan þrettánfaldazt á Íslandi og rafaflið aukizt úr 26.5 megawöttum í 335 megawött. Raforkuvinnslan á mann á Íslandi mun nú vera hin fimmta hæsta í heimi. Við stöndum á því sviði á svipuðu stigi og Svíþjóð og Bandaríkin, aðeins Noregur og Kanada eru þrepi fyrir ofan okkur.

Dreifing raforkunnar er einnig orðin mjög víðtæk hér á landi, og núv. ríkisstj. hefur ákveðið að framkvæma þriggja ára áætlun um rafvæðingu sveita, en að henni lokinni munu aðeins verða um 160 afskekkt býli utan samveitna, en af þeim hafa um 110 einkarafstöðvar. Ég hygg, að óhætt muni að fullyrða, að óvíða og kannske hvergi í heiminum mun dreifing raforku jafnvíðtæk í svo strjálbýlu landi. En þó að við höfum náð þessum mikilvæga áfanga, sem ég hef nú verið að lýsa, þá er það svo, að nýting raforku á Íslandi er enn sem komið er aðeins á byrjunarstigi. Við höfum virkjað innan við 10% af því vatnsafli, sem talið er hagkvæmt að virkja, og ámóta mikil orka er talin fólgin í jarðhitasvæðunum á Íslandi, og þar er nýtingin ámóta mikil. Þarna eru því afar mikil verðmæti, sem þjóðin þarf að nýta til iðnþróunar, ef hún á að halda til jafns við önnur og margfalt fjölmennari þjóðfélög.

Sú kenning heyrðist um skeið, að hætta væri á, að þessar orkulindir yrðu okkur ónýtar vegna kjarnorkurafstöðvanna og því yrðum við að flýta okkur að koma þeim í verð, jafnvel hvaða kostir sem byðust. Reynslan hefur nú afsannað þessa kenningu. Raforkuverð á heimsmarkaði hefur farið hækkandi að undanförnu, og við eigum enn kost á því að framleiða raforku ódýrari en flestar þjóðir aðrar. Talið er, að þau kjarnorkuver, sem nú er verið að koma upp eða er rætt um að koma upp, muni framleiða raforku, sem kosti 7—8 mills á kwst. vegna mengunarhættu og kostnaðar við að losna við úrgangsefni frá slíkum stöðvum. Til samanburðar má geta þess, að framleiðslukostnaður á kwst. er áætlaður helmingi lægri en þetta frá Sigölduvirkjun og aðeins þriðjungur frá Búrfellsvirkjun. Við höfum því ekki dregizt aftur úr í þróuninni og munum naumast gera það fyrr en leiðir finnast til að beizla vetnisorkuna. Engu að síður þurfum við sjálfra okkar vegna að auka sem örast raforkuvinnsluna og þróa jafnhliða orkufrekan iðnað, sem er forsenda þess, að unnt sé að ráðast í þær stórvirkjanir, sem hagkvæmastar eru.

Nýting orkulinda landsins er afar stórt verkefni, og það er svo stórt miðað við okkar aðstæður, aðstæður þessa litla þjóðfélags, að brýna nauðsyn ber til að sameina kraftana, ef hagkvæm nýting þessara auðlinda á að vera möguleg. Þess er að vænta, að hagkvæmast muni vera að virkja í stórum einingum, enda þótt minni virkjanir geti einnig átt rétt á sér, þar sem sérstakar aðstæður mæla með þeim. Virkjanir er hagkvæmast að reka samtengdar, þannig að orkumarkaðurinn verði sem stærstur. Með því móti næst bezt nýting þeirra og þær geta aðstoðað hver aðra, t. d. í vatnsþurrðar- og bilunartilvikum, og sökum þess hve vatnsvirkjanir eru fjármagnsfrekar framkvæmdir, þá ber ríka nauðsyn til þess, að framkvæmdir á einum stað í einum landshluta séu samræmdar sams konar framkvæmdum á öðrum stað í öðrum landshluta, svo að ein taki við af annarri fremur en unnið sé að mörgum samhliða. Með slíkri samræmingu er fjármagnsþörfinni haldið í lágmarki, stuðlað að sem jöfnustum verkefnum fyrir verktaka á þessu sviði o. s. frv. Allt ber þetta að þeim brunni, að nauðsynlegt sé, að til sé í landinu einn aðili, er hafi heildaryfirsýn yfir nýtingu orkulindanna og öflun raforku, annist skipulagningu þessarar starfsemi og taki allar meiri háttar ákvarðanir. Og einmitt þetta er fyrsta atriðið í till. þeirri til þál., sem hér er til umr. Þar segir svo í upphafi:

„Stefnt skal að því, að öll meginraforkuvinnsla og raforkuflutningur í landinu verði í höndum eins aðila, að því, að raforkukerfi einstakra landshluta verði tengd saman og að því, að verð á raforku verði sem næst því að vera hið sama um land allt."

Sem sé, hér er að því stefnt að auka innlenda markaðinn fyrir raforku sem allra mest, gefa landsmönnum öllum sem jafnastan rétt á þeirri orku, sem við framleiðum, og stuðla þannig að iðnvæðingu og iðnaðarþróun um land allt. Það er að því stefnt, að framleiðsla raforku verði hliðstætt samfélagslegt verkefni eins og til að mynda Landssíminn. En það er ekki einfalt mál að búa til slíka miðstjórnarskipan, eins og þarna er talað um, án þess að hún rekist á eðlileg og sjálfsögð lýðræðissjónarmið, sem uppi eru og sjálfsagt er, að uppi séu í einstökum landshlutum. Þar sitja landsmenn allir sannarlega ekki við sama borð. Og þess vegna er ekki raunsætt að hugsa sér, að hægt verði að koma upp slíku heildarfyrirtæki í einum áfanga. Í landshlutunum eru orkuvinnslufyrirtæki nú í höndum ýmissa aðila, og í annan stað er það sjálfsagt lýðræðissjónarmið, að landshlutarnir fái sem öflugasta aðild að raforkuskipulaginu í heild og eigi þess sem greiðastan kost að koma sjónarmiðum sínum og hagsmunum á framfæri. Því er það mjög eðlilegt, að 1. áfangi þessarar heildarstefnu, sem ég hef talað um, sé sá, að í hverjum landshluta fyrir sig verði stofnað orkuvinnslufyrirtæki, er hafi með höndum orkuvinnslu, flutning rafmagns milli héraða og heildsölu til dreifiveitna innan hvers landshluta um sig. Að þessu atriði er vikið í a-lið fyrri hluta þáltill., þar sem sagt er, að stefnt skuli að því, að raforkuvinnslufyrirtæki í hverjum landshluta sameinist og stofnuð verði þar fyrirtæki, er hafi með höndum raforkuvinnslu, flutning rafmagns milli héraða og heildsölu til dreifiveitna. Fyrirtæki þessi verði sameign ríkissjóðs og þeirra sýslu- og sveitarfélaga á svæðinu, sem þess óska og verðmæti leggja fram. Eignarhluti ríkissjóðs má aldrei vera minni en 50% í hverju þessara fyrirtækja.

Það er á allra vitorði, að það geti verið hætta á því, að sterk miðstjórn missi eðlileg tengsl og nauðsynlegt samband við það fólk, sem henni er ætlað að þjóna, og í þessu tilviki notendur raforkunnar víðs vegar um land. Í veg fyrir slíka ókosti verður að reyna að koma með því að byggja miðstjórnarvaldið upp neðan frá, þ. e. frá notendunum sjálfum, og þess vegna er lagt til, að þessu markmiði samstjórnar á raforkuvinnslunni verði náð í nokkrum áföngum og samstjórnin verði smátt og smátt skipulögð með fyrirtækjum í höndum notenda raforkunnar um land allt. Þannig verði byggð upp sérstök raforkuvinnslufyrirtæki í hverjum landshluta með sameiningu slíkra fyrirtækja, sem nú eru starfandi í

hverjum landshluta fyrir sig. Hér eru engar ákvarðanir teknar um landfræðileg mörk slíkra fyrirtækja. Það hlýtur að ráðast mjög mikið af því, hvernig til tekst um samninga um sameiningu og af ýmsum staðháttum. T. a. m. má minna á það í þessu sambandi, að Andakílsárvirkjun er nú innan orkuveitusvæðis Landsvirkjunar. Það er ekki vitað, hvort sameining Landsvirkjunar og Andakílsárvirkjunar er hugsanleg eða hvort heppilegra væri að skerða nokkuð orkuveitusvæði Landsvirkjunar og stofna sérstakt fyrirtæki á Vesturlandi.

Það er gert ráð fyrir því, að þau sýslu- og sveitarfélög á hverju svæði, sem þess óska og verðmæti leggja fram, geti gerzt eignaraðilar í landshlutafyrirtækjum þessum. Verðmætaframlög geta bæði verið í formi virkjana og flutningslína, sem þessir aðilar eiga nú þegar, eða í reiðufé. En þeir, sem leggja fram verðmæti, munu eiga þess kost að taka þátt í stjórn fyrirtækjanna. En að öðru leyti er ekki tímabært enn þá að gera nákvæmari till. að reglum um slíka stjórnarþátttöku. Það verður að ráðast af reynslunni, viðræðum og samningum á milli þeirra aðila, sem þarna eiga hagsmuna að gæta.

Í b-lið till. er um það rætt, að ríkisstj. byrji á því að vinna að myndun slíks landshlutafyrirtækis á Norðurlandi, en síðan verði unnið að þessu verkefni í öðrum landshlutum. Á Norðurlandi hagar svo til, að þar eru allmörg raforkuver. Sum eru í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, þ. e. eign ríkissjóðs, önnur eru í eigu sameignarfélags sveitarfélags og ríkissjóðs, og hin þriðju eru eign sveitarfélags. Sameining og samræming er þar sérstaklega nauðsynleg, og verði af henni, er þess að vænta, að mörg vandamál leysist.

Í b-liðnum er svo um það talað, að á sama hátt verði unnið að sameiningu raforkuvera í öðrum landshlutum og komið upp slíkum landshlutafyrirtækjum í einum landshlutanum af öðrum. Hlutverk þessara fyrirtækja í raforkuvinnslunni á að vera það fyrst og fremst að vaka yfir því, að jafnan sé tiltæk nægileg raforka handa notendum í viðkomandi landshluta á sem hagstæðustu verði. Fyrirtækin eiga að fylgjast með þróun notkunar á sínu svæði og gera orkuspár fram í tímann. Fyrirtækin eiga að leggja ásamt tilsvarandi fyrirtækjum í öðrum landshlutum niðurstöður slíkra athugana á væntanlegri raforkuþörf fyrir stjórn hins sameiginlega landsfyrirtækis, sem þessi landshlutafyrirtæki eiga að eiga aðild að. Á grundvelli þessara niðurstaðna úr öllum landshlutum verði síðan teknar sameiginlegar ákvarðanir í stjórn landsfyrirtækisins um næstu aðgerðir í virkjunarmálum og þær síðan sendar Alþ. sem beiðni um nauðsynlegar heimildir. Með landshlutafyrirtækjunum á þannig að vera komið í veg fyrir, að hagur raforkunotenda í einstökum hlutum landsins sé vanræktur af fjarlægu miðstjórnarvaldi. Með þeim og beinni aðild þeirra að hinu sameiginlega landsfyrirtæki eiga eðlileg áhrif einstakra landshluta á raforkuvinnsluna í landinu að vera tryggð. Sérstaklega á þessi skipan að koma í veg fyrir, að þarfir einstakra byggða séu ranglega metnar eða vanmetnar sakir ókunnugleika manna, sem illa þekkja til, en slíkt er oft stærsti ókostur sterkrar miðstjórnar. Jafnframt á þessi skipan að efla eðlilegan áhuga einstaklinga og landshluta og ábyrgðartilfinningu fyrir öflun raforku sjálfum þeim til handa.

Í c-lið I. hlutans er síðan rætt um það, að þessi landshlutafyrirtæki sameinist í eitt fyrirtæki, sem ég hef mér til hægðarauka stundum kallað Landsvirkjun Íslands. Ég geri ráð fyrir því, að slíku fyrirtæki væri hægt að koma formlega á laggirnar, þegar búið væri að stofna t. d. tvö landshlutafyrirtæki, en markmiðið er að sjálfsögðu það, að landshlutafyrirtækin um land allt eigi beina aðild að þessari Landsvirkjun Íslands. Ætlazt er til þess, að eignarhluti ríkisins í þessu sameiginlega fyrirtæki verði ekki minni en 50%, en verkefni þessa fyrirtækis kom fram í upphafi máls míns. Það er veigamesta hlutverk þessa sameiginlega fyrirtækis að vera vettvangur landshlutafyrirtækjanna til sameiginlegs átaks við nýtingu á orkulindum landsins. Það á að taka ákvarðanir um byggingu og staðarval nýrra orkuvera og flutningslína. Það á að vinna að gerð orkusölusamninga landshlutafyrirtækjanna til tryggingar heildarsamræmi og ákveða heildsöluverð á raforku. Og með því móti getur það mótað stefnuna í orkusölumálum og samræmt verðið með það markmið fyrir augum, að heildsöluverð á raforku verði eins á öllu landinu. En að sjálfsögðu verða allar endanlegar ákvarðanir á þessu sviði í höndum Alþ. eins og verið hefur. Það er í rauninni óþarft að taka það fram.

Í þessu sambandi er einnig gert ráð fyrir því, að þetta sameiginlega fyrirtæki, Landsvirkjun Íslands, geti sjálft reist og rekið orkuver og flutningslínur og einnig að það geti keypt slík mannvirki. Að hve miklu leyti um það verður að ræða, að þetta landsfyrirtæki reisi eigin orkuver, fer væntanlega mest eftir stærð verkefna hverju sinni, hvort þau eru einstökum landshlutafyrirtækjum ofviða, þannig að sameiginlegt átak allra þurfi til. Einnig þetta getur verið háð staðarvali væntanlegra mannvirkja. Um þetta verður tæplega annað sagt á þessu stigi en það, að trúlega verður þróunin sú, að hin minni verkefni og staðbundnari verði í höndum landshlutafyrirtækjanna, en stórverkefni, sem verða að vera sameiginlegt átak þjóðarinnar allrar, verði leyst í sameiningu á vegum landsfyrirtækisins. Þar eð verkefni í virkjunarmálum munu væntanlega fara sístækkandi, er þess að vænta, að orkuver í eigu landsfyrirtækisins verði fá í fyrstu, en að þeim fari fjölgandi, þegar tímar líða fram. Loks er einnig gert ráð fyrir því í þessari þáltill., að landshlutafyrirtæki geti sameinazt landsfyrirtækinu, ef þau kjósa það sjálf. Um skipan stjórnar landsfyrirtækisins er ekki fjallað í þessari þáltill., heldur yrði það að koma til á síðara stigi málsmeðferðarinnar.

Í II. hluta till. er fjallað um dreifingu raforku. Þar er stefnt að því marki, að sala til almennrar neyzlu verði í stærri rekstrareiningum en þorri dreifiveitna er nú. Dreifing raforkunnar á Íslandi er nú í höndum 24 aðila, og þegar Rafmagnsveitur ríkisins eru undanskildar, eru allar dreifiveiturnar í eigu sveitarfélaga. Eins og fram kemur hér á bls. 7 í þessu þskj., þá eru dreifiveiturnar yfirleitt ákaflega litlar. Rafmagnsveitur ríkisins hafa á hendi auk mikillar raforkuframleiðslu og flutninga dreifingu á næstum allri raforku um strjálbýlið og nokkuð í þéttbýli. Á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins munu nú búa 43—44 þús. manns. Ljóst er, að fjölmargar sveitarfélagarafveitur eru allt of litlar sem venjulegar rekstrareiningar. Margs konar hagræðing í rekstri og tækniþjónustu er lítt framkvæmanleg, þar sem rekstrareiningarnar eru svona litlar. Af þessum sökum er lagt til, að gerð verði tilraun til að breyta um og vinna að því, að rekstrareiningarnar verði stærri en

verið hefur. Og það er gert ráð fyrir því, að einnig að þessu verkefni verði unnið í áföngum. Fyrst og fremst er það lagt til í þessari þáltill., að Rafmagnsveitum ríkisins verði skipt í nokkuð sjálfstæðar landshlutaveitur með landfræðilegum mörkum. Mörkin eru ekki ákveðin, en hafa má til hliðsjónar kjördæmaskiptinguna og núverandi svæðaskiptingu Rafmagnsveitna ríkisins, sem rakin er hér í þessu þskj. Hver landshlutaveita á að hafa stjórn í héraði, en það þykir ekki tímabært að tiltaka í þessari þáltill., hvernig þeirri stjórn skuli háttað. Hlutverk landshlutaveitna er að hafa á hendi rekstur sinnar veitu, gera orkuspár fyrir orkuveitusvæðið, gera fjárhagsáætlanir og till. um nýbyggingar og endurbyggingar.

Í b-lið II. hluta þáltill. er svo gert ráð fyrir því, að Rafmagnsveitur ríkisins starfi sem heildarstjórn þessara dreifiveitna og annist sérstaka samningsgerð fyrir þær og samræmingu á vinnubrögðum. Rafmagnsveitur ríkisins mundu þannig vinna að því að semja gjaldskrár, annast samninga um kaup á raforku af raforkuvinnslufyrirtækjum, útvega fjármagn til nýbygginga, fjalla um meiri háttar framkvæmdir og veita ýmiss konar tækniþjónustu, sem landshlutaveitur væru eigi megnugar að veita, a. m. k. naumast á fyrsta stigi. Með þessari skipan er stjórn á raforkudreifingunni á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins í verulegum mæli flutt heim í héruðin sjálf. Er þess að vænta, að sú skipan auðveldi sameiningu rafveitna sveitarfélaga við nágrannaveitur, þannig að stærri og lífvænlegri rekstrareiningar fáist fram.

Í c-lið þessa hluta þáltill. er gert ráð fyrir því, að sýslu- og sveitarfélög á hverju orkuveitusvæði eigi þess kost að gerast þátttakendur í landshlutaveitum, enda leggi þau fram verðmæti, en ríkissjóður ætlast til þess, að hann eigi helming í hverju slíku fyrirtæki. Verðmætaframlögin geta verið þannig, að rafveita í eigu sveitarfélags sameinist landshlutaveitunni eða sveitarfélögin leggi fram reiðufé. Um slík atriði yrði að sjálfsögðu að semja hverju sinni og ástæðulaust að hafa um það nokkur ákvæði fyrir fram. Og þar sem margt er að sjálfsögðu óljóst í þessu efni enn þá og ekki kunnugt um afstöðu sveitar- og sýslufélaga í þessum efnum að fullu, þá eru hér ekki gerðar till. um það, hvernig stjórnir landshlutaveitnanna skuli skipaðar.

Í d-lið er svo fjallað sérstaklega um stórar sveitarfélagsrafveitur. Það er gert ráð fyrir því, að þar sem um slíkar stórar dreifiveitur er að ræða, þurfi ekki að vera um að ræða helmingsaðild ríkisins, heldur megi um það semja á svæðum, sem hafa yfir 10 þús. íbúa, að eignarhluti ríkissjóðs verði minni, og um fyrirkomulagið yrði að sjálfsögðu að fara eftir samningum hverju sinni. Auðvitað er ekki ætlunin að neyða hin sjálfstæðu fyrirtæki til neinnar sameiningar. Því er gert ráð fyrir því, að þær rafveitur, sem þess óska, geti starfað áfram alveg sjálfstætt með óbreyttu skipulagi eða sameinazt öðrum sveitarfélagarafveitum. Hins vegar tel ég, að ríkisvaldið þurfi í ýmsum tilvikum að reyna að vinna að því, að slík sameining eigi sér stað, til þess að rekstrareiningarnar verði reknar af hagkvæmni og heppilegri stærð.

Eins og hér hefur komið fram, er að því stefnt annars vegar, að rafveiturnar verði af hagkvæmri stærð, og hins vegar, að hinn almenni neytandi fái meiri og betri aðstöðu til að hafa áhrif á rekstur þeirra og jafnframt beri nokkra ábyrgð á hagkvæmni rekstursins.

Þetta eru aðalatriðin í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir. Þetta eru þær meginhugmyndir, sem þar er fjallað um, bæði að því er varðar orkuvinnslu, flutninga og dreifingu raforku. Eins og menn sjá, falla hér tvö meginsjónarmið saman í einn farveg. Í þeim er gert ráð fyrir stórauknu ákvörðunarvaldi landshlutanna, bæði að því er tekur til orkuframleiðslu og dreifingar. Að undanförnu hefur verið uppi mikil gagnrýni í landshlutunum, vegna þess að þeir telja sig ekki hafa átt þess kost að koma á framfæri eðlilegum hagsmunum sínum og óskum. Þeir hafa orðið að sækja allt undir hið svokallaða Reykjavíkurvald. Ég tel, að þessi gagnrýni sé í mörgum tilvikum eðlileg og það sé nauðsynlegt, að landshlutarnir fái stóraukið ákvörðunarvald, eins og ráð er fyrir gert í þessum till. En till. stefna einnig að því, að öll meginraforkuvinnsla og raforkuflutningur í landinu verði í höndum eins aðila, svo að unnt sé að koma við nútímalegri skipulagningu, röðun framkvæmda og nútímatækni í samrekstri. Þessi sjónarmið eru ekki andstæð, eins og oft er haldið fram í opinberum umr., heldur eiga þau að geta fallið í sama farveg. Leiðin til þess er lýðræðislegt skipulag, þar sem landshlutafyrirtækin eiga beina aðild að hinni sameiginlegu Landsvirkjun Íslands og héruðin stjórni landshlutaveitunum. En sameign þjóðarinnar allrar á þessu kerfi og sameiginleg yfirstjórn er alger forsenda þess, að okkur takist að þróa raforkumálin á hagkvæman hátt. Við megum aldrei gleyma því, hvað samfélag okkar er lítið, og við höfum öllum öðrum síður efni á því að sóa kröftum okkar í tvíverknað og margverknað eða standa í innbyrðis erjum og oftast ástæðulausum milli héraða og landshluta um þróun þessara mála. Því verðum við að hafa stjórnvizku og samhug til þess að gera hvort tveggja í senn, tryggja eðlileg lýðræðisleg mörk landshlutanna og heildarþarfir þessa litla þjóðfélags. Forsenda þeirrar þróunar er samtenging orkuveitusvæða. Og af því leiðir, að þær skipulagsbreytingar, sem um er fjallað í þáltill., munu koma til framkvæmda á alllöngum tíma, allmörgum næstu árum, ef Alþ. fellst á þá stefnu, sem í þáltill. felst. En að samtengingarmálunum er nú skipulega unnið. Það er orðið mjög tímabært t. d. að tengja saman landshlutana fyrir norðan, Norðurlandshlutana báða, og slík samtenging á Vesturlandi er einnig orðin ákaflega brýn. Og það er alkunna, að ríkisstj. hefur þegar lýst yfir þeirri stefnu sinni, að leggja beri línu frá Búrfellssvæðinu til Norðurlands, og síðan mun þetta samtengda kerfi á sínum tíma ná einnig til Austurlands og til Vestfjarða.

Ég sagði áðan, að stóraukin nýting okkar á orkulindum væri forsenda þess, að við gætum haldið áfram að þróa iðnað og látið hann þróast af miklu meiri hraða en verið hefur að undanförnu. Og ég vil í þessu sambandi leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að orkuframleiðsla ein saman skilar ekki miklum arði. Iðnaðarveldi nútímans halda lágu verði á hráefnum og á orku, en arðurinn fæst af fullunnum iðnaðarvarningi. Það væri því léleg nýting á hinum miklu möguleikum okkar að selja þá sem hráorku handa erlendum aðilum. Gildi orkunnar er fyrst og fremst það, að hún er undirstaða iðnvæðingar, og því þurfum við að leggja áherzlu á það, að íslenzk iðnvæðing haldist í hendur við orku-

framleiðsluna. Í því sambandi munum við að sjálfsögðu þurfa á samvinnu við fjölmarga erlenda aðila að halda, bæði til þess að tryggja fjármagn, þekkingu á sviði vísinda og tækni og aðstöðu á alþjóðlegum mörkuðum. En við þurfum sjálfir að setja okkur það mark að vera hlutgengir aðilar í þessari framleiðslu. Ég tel, að í samningum við erlenda aðila um orkufrekan iðnað hér á landi verðum við að tryggja meirihlutaeign Íslendinga í slíkum fyrirtækjum. Við verðum að sjálfsögðu að tryggja það, að þau lúti í einu og öllu íslenzkum lögum, og við verðum að tryggja hagkvæmt raforkuverð, þótt verðlagningarvandamálið verði auðvitað minna, ef við eigum sjálfir meiri hl. í fyrirtækjunum. Þessi stefna er í samræmi við þá þróun, sem ég þekki til í þeim löndum, sem eru að hefja nútímalega iðnvæðingu. Og það er þessi stefna ein, sem tryggir það, að okkur nýtist sjálfum sem bezt arðurinn af orkulindum okkar og að hann verði að mestu eftir í landinu, að hann verði þjóðfélagi okkar efnahagsleg og menningarleg lyftistöng. Ég tel, að slík þjóðleg iðnþróun verði að ná til landsins alls. En forsendur þess eru ekki einar saman stórvirkjanir, heldur einmitt þau skipulagsmál, sem þessi þáltill. fjallar um. Samtenging og samstjórn á orkuvinnslu, orkuflutningi og dreifingu er undirstaða þess, að orkan verði eins ódýr og tök eru á og hún nýtist öllum landshlutum ásamt þeim iðnþróunarmöguleikum, sem henni fylgja. Þess vegna er skipulag raforkumála afar veigamikið atriði að minni hyggju og forsenda fyrir frekari þróun á fjölmörgum sviðum.

Ég gat þess í upphafi, að ég hefði sent handrit að þessari þáltill. til allra þingflokka um svipað leyti og hún var send í prentun. Ég gerði þetta vegna þess, að ég geri mér vonir um, að um þetta mál geti tekizt víðtæk samstaða hér á Alþ. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að í þessari þáltill. er komið mjög til móts við till., sem flutt var fyrr á þessu þingi af níu þm. Sjálfstfl., þar sem einmitt var farið fram á stóraukna aðild héraðanna að dreifiveitunum. Ég vil einnig minna á það, að það hefur verið mjög góð samstaða hér á þingi um allar meiri háttar ákvarðanir í raforkumálum um mjög langt skeið. Síðustu stórákvarðanir Alþ. í þeim efnum, ákvarðanirnar um heimild til Búrfellsvirkjunar, til virkjunar við Sigöldu og til virkjunar við Hrauneyjafoss, hafa verið teknar samróma. Ég held, að það væri ákaflega æskilegt, að slík samstaða gæti haldið áfram. Og ég geri mér vonir um, að það séu mjög góðar forsendur fyrir slíkri samstöðu. Ég ræddi talsvert um þær hugmyndir, sem felast í þessari þáltill., á landsfundi Sambands ísl. rafveitna fyrr á þessum vetri. Undirtektir þær, sem þar komu fram, voru afar jákvæðar og eftir það hefur Laxárvirkjunarstjórn samþykkt sérstaka ályktun, þar sem lýst er stuðningi við þessa stefnu, og forustumenn Andakílsárvirkjunar hafa einnig rætt við mig og lýst því yfir, að þeir hafi mjög mikinn áhuga á framgangi þessarar stefnu.

En í þessari þáltill. felst aðeins stefnumörkun. Farið er fram á það, að Alþ. dragi upp meginlínur, sem síðan verði stuðzt við um frekari þróun. Í kjölfar slíkrar ákvörðunar kæmu hins vegar umfangsmiklir og flóknir samningar og margvísleg lagasetning. Að því leyti, sem þau mál kunna að verða á mínum vegum, þá mun ég að sjálfsögðu tryggja það, að að þeim málum öllum verði unnið með sem breiðastri þátttöku allra aðila.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að till. verði vísað til fjvn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér er nú ekki fyllilega ljóst, hvernig beri að líta á þetta þingmál, sem við höfum fyrir framan okkur. Það er með nokkrum einstökum blæ, þar sem ríkisstj. ber fram till. til þál. mjög almennt orðaða um stefnumörkun í raforkumálum, sem eru ein af okkar þýðingarmeiri málum, en hins vegar þó þannig, að það er í raun og veru afar erfitt fyrir hv. alþm. að gera sér grein fyrir, hvað rúmast í þessari stefnumörkun eða í þessari þáltill. Ég held, að það sé mjög varasamt, sem virðist móta hér vinnuaðferðir, að hafa ekki meira samráð en gert hefur verið við sveitarstjórnirnar í þessu landi og þau samtök rafveitna, sem fyrir hendi eru, áður en slík stefnumótun á að ákveðast eða ef það er ætlazt til þess, að þm. ákvarði stefnumótun á svona almennum grundvelli eins og hér er um að ræða.

Eins og fram kemur í þáltill., þá er saga raforkumálanna allmikið tíunduð, og þá sjáum við, að hún byggist öll á því, að það eru einingarnar, sveitarstjórnirnar og héruðin, sem hafa hafizt handa um rafvirkjanirnar í landinu, og síðan hafa einingarnar stækkað og veitukerfin orðið stærri. Þess vegna virðist það í eðli sínu vera mjög þýðingarmikið atriði að hafa miklu nánara samband við sjálfar sveitarstjórnirnar en hér hefur verið haft við undirbúning málsins og þyrfti að hafa við löggjöf um þessi mál. Það er t. d. mjög einkennilegt, finnst mér, þegar lögð er fram þáltill. af hæstv. iðnrh. um raforkumálin, að minnast þess, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var sett á laggirnar nefnd til þess að endurskoða vatnalögin á Íslandi. Auðvitað var það grundvöllurinn undir stórrafvirkjunum að hafa tímabæra löggjöf á hverjum tíma í sambandi við vatnsföllin og vatnalöggjöfina. Hún er mjög gömul eða frá 1920, rúml. 50 ára gömul, sú vatnalöggjöf, sem við höfum. Fyrrv. ríkisstj. skipaði nefnd til þess að endurskoða vatnalögin. Ég held, að það hafi verið í apríl á s. l. ári. Í þessari nefnd voru Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, sem var formaður, dr. Gaukur Jörundsson sérfræðingur í eignarrétti, dr. Gunnar Sigurðsson verkfræðingur og Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri, sem sennilega er með einna mesta reynslu og þekkingu á þessu sviði af ráðuneytisstjórum okkar miðað við þann aldur og reynslu, sem hann býr yfir. Það er svo eitt af fyrstu verkum þessarar ríkisstj., þegar hún tekur við völdum, að þakka þessari nefnd fyrir vel unnin störf og leysa hana upp. Mér hafði ekki komið til hugar annað en að hér væri um að ræða starfsemi sérfræðinganefndar, sem þyrfti vissulega langan starfstíma, og eins og menn sjá af því, hvernig nefndin er skipuð, þá er það fyrst og fremst frá sérfræðilegu sjónarmiði. En auðvitað er það, eins og ég sagði áðan, m. a. grundvöllur undir stórátök í raforkumálum og rafvæðingu landsins að hafa tímabær vatnalög. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur einhver önnur áform um skipun nýrrar nefndar í þessu sambandi. Það er mér ókunnugt um, en ég furðaði mig á því, að hún skyldi telja, þar sem fram undan eru miklar aðgerðir í raforkumálunum, að ótímabært væri, að við endurskoðuðum okkar vatnalög. Með svipuðum hætti var sett á laggirnar nefnd til að endurskoða námalögin, sem eru enn þá eldri lög. Nú er það svo, að

þegar þau voru lögð fram á þingi á sínum tíma, þá voru uppi miklar deilur í landinu um námaréttindi, og sennilega væri skynsamlegast af okkur að fara hægt með afgreiðslu þess máls, meðan þær deilur eru ekki útkljáðar fyrir dómstólum. Hins vegar er þetta svipaðs eðlis hvort tveggja, vatnalögin og námalögin, og okkur er kunnugt um það, að þau hafa orðið og eru því miður grundvöllur margvíslegra deilna og mismunandi skoðana hjá okkur um réttinn til vatnsfallanna, til námanna, afréttanna o. s. frv., sem ég skal ekki tíunda á þessu stigi málsins.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þegar hann sendi þingflokkunum till. þessa meðan hún var í prentun, þá taldi hann sig gera það, til þess að þingflokkarnir hefðu betri aðstöðu til þess að átta sig á efni till. og fyrr en ella væri, af því að það tæki nokkurn tíma að prenta hana. Það er út af fyrir sig þakkarvert, en í raun og veru er till. þannig almennt orðuð, að það er ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir þeirri stefnumörkun, sem í henni felst. Augljóst er þó, eins og kom mjög oft fram í máli hæstv. ráðh., að hér er auðvitað um mikið miðstjórnarvald að ræða í raforkumálunum, enda segir í fyrstu setningunni, með leyfi hæstv. forseta: „Stefnt skal að því, að öll meginraforkuvinnsla og raforkuflutningur í landinu verði í höndum eins aðila." Svo eru hins vegar falleg orð um það, að stofna eigi landshlutaveitur og það eigi að vera sérstök stjórn í landshlutunum yfir þessum veitum, en hvernig hún er skipuð, inn á það er ekki farið. Mér finnst, að það sé til of mikils ætlazt, að hv. alþm. setji ramma, eins og hér er ætlazt til, um þá væntanlega mjög mikilsverðu og þýðingarmiklu löggjöf, sem hlýtur að verða sett á næstu árum í sambandi við okkar orkumál. Í raun og veru hefði verið eðlilegra að efna til endurskoðunar á orkulögunum og hafa góðan fyrirvara um það og leggja slíkt mál fyrir þingið, þannig að það væri ekki ætlazt til þess, að það væri snöggsoðið eða afgreitt í einum hvelli, heldur hefðu menn virkilega tóm og tíma til þess að kynna sér málin, og mætti gjarnan með slíkt mál fara eins og hæstv. ráðh. hefur einnig hugsað sér varðandi heilbrigðisþjónustuna, að það sé lagt fram á þinginu til að sýna það, en síðan gefist tóm til þess að ræða þetta og þá fyrst og fremst við sveitarstjórnirnar, sem eru sterkur aðili í þessu, eins og ég hef áður sagt, og afgreiða það að athuguðu máli og með sem beztu samráði við sveitarstjórnirnar.

Það er líka vitnað í það í þessari till., að það eigi að koma upp landshlutavirkjunum, bæði veitum og virkjunarfyrirtækjum, og það er allt gott um það að segja, en auðvitað er hægt að stefna að því í framkvæmd ríkisstj. á hverjum tíma, án þess að lagt sé fyrir þingið að gera ályktun, þál., eins og hér er um að ræða. Ég vil ekki segja, að það vaki fyrir hæstv. ráðh., mér dettur það ekki í hug, á grundvelli svona till., ef hún yrði samþ., að setja brbl. um jafnþýðingarmikið mál og orkumál, sem hugsanlega væri hægt að gera. Þingið er búið að lýsa yfir stefnu sinni í þessu, og nú setjum við þessi orkulög svona. Það væri algjörlega óverjandi, og ég er ekki að gera því skóna, að það vaki fyrir ríkisstj. eða þessum hæstv. ráðh., en þá segi ég, að það liggi heldur ekki á að gera ályktun eins og hér um ræðir. Ég teldi, að það væri eðlilegast að hafa hana til betri athugunar og kannske ekki sízt fyrir hæstv. raforkumálaráðh. sjálfan, því að við höfum nú heyrt hann segja sitthvað í raforkumálum á undanförnum árum, sem er töluvert öðruvísi en hann talaði nú eða eins og hann er farinn að tala upp á síðkastið og hefur talað á opinberum vettvangi. Það var ein höfuðsynd hjá fyrrv. ríkisstj. að selja raforkuna til stóriðju á Íslandi, en nú skilst mér, að það eigi að koma upp stóriðju við hvert einasta orkuver í landinu og það sé það, sem meginmáli skipti.

Raforkumálin hafa ekki verið ágreiningslaus hér á Alþ. Á sínum tíma var það kannske fyrst og fremst deilan um raforkumálin, sem olli hinu mikla brambolti og þingrofi á árunum eftir 1930, og þegar stórvirkjun var fyrst ákveðin við Búrfell í Þjórsá, þá var það sannast að segja ekki ágreiningslaust. Landsvirkjunarlögin voru ágreiningslaus, það er alveg rétt. Það þýddi ekki það, að samkvæmt þeim væri ákveðin stóriðja, að þau væru grundvöllurinn undir stórvirkjun, síður en svo. Þetta hefur verið eitt mesta deilumál, sem hér hefur verið uppi á Alþ. á síðari árum, hvernig að þessum málum verði staðið. Það er ekkert nýtt að tengja saman landshluta. Það hafa margir þm. sagt og gert grein fyrir, og samveitur eða samstarf milli margra rafveitna er auðvitað hægt að hafa, eins og tíðkast á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, án þess að ríkið sé alls staðar aðalatriðið eða höfuðpaurinn í virkjunum, bæði heima í héruðunum og heildarvirkjunum. Þetta er bæði gert á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Þeir möguleikar og það afl, sem um er að ræða, er virkjað saman, og einmitt byggt neðan frá. Það er eins og það sé einhver ný kúnst, að menn eigi að byggja neðan frá. Mér finnst nú yfirleitt, að byggingarnar grundvallist á því að byggja neðan frá, en menn byrji ekki á toppinum, þegar á að byggja eitthvað. Það er góðra gjalda vert, sem um það er sagt hér í þessari þáltill.

Það var eitt aðalauglýsingarmálið hér í haust hjá hæstv. ríkisstj. og þessum hæstv. ráðh., að nú ætti að fara að byggja Sigölduvirkjun í áföngum, í þrem áföngum, eins og þar var talað um, og það var einn aðalkostur þess, og það átti að vera mesta nýmetið í því, að það væri virkjað, enda þótt það væri enginn markaður fyrir orkuna, áður en menn gætu tryggt sér markaðinn fyrir orkuna. Nú hef ég í höndum upplýsingar, sem sýna það, að með því að reisa Sigölduvirkjun í þrem áföngum, þá er þetta miklu, miklu dýrari virkjun og kostnaðarsamari og leiðir til miklu dýrari raforku fyrir allan almenning en ef hægt væri að virkja stórt við Sigöldu á grundvelli orkumarkaðar, sem væri fyrir hendi, eða a. m. k. einhver nasasjón um. Ég hef, ásamt fleiri þm. Sjálfstfl. borið fram till. um, að þingið skipaði stóriðjunefnd, þannig að það gæti fengið að fylgjast með á hverjum tíma meira en ella þeim áformum, sem eru um það að ná samkomulagi um orkufrekan iðnað sem grundvöll undir stórvirkjun í landinu. N., sem fékk það mál til meðferðar, leggur til, að því sé vísað til ríkisstj. til frekari fyrirgreiðslu, og skil ég þá afgreiðslu þannig, að ríkisstj. vilji samræma þær aðgerðir, sem hún er með á prjónunum í þessu sambandi, og verður kannske farið eitthvað svipað að og á sínum tíma, þegar stóriðjunefnd var sett á laggirnar innan þingsins, skipuð af fyrrv. ríkisstj., án þess að nokkur sérstök till. væri um það áður, heldur var það gert í samráði við þingflokkana. Út frá þessu sjónarmiði get ég vel fellt mig við þá afgreiðslu á því máli, ef menn vilja hafa þann hátt á, en

það er auðvitað mjög þýðingarmikið og veigamikið fyrir Alþ. á hverjum tíma að vita, hvað er um að ræða.

Nú kemur hæstv. raforkumálaráðh. og talar fyrir þessari till. hér, en segir ekkert orð um þau áform, sem hugsanleg eru um nýjan orkumarkað í landinu, stóriðju eða orkufrekan iðnað, ekkert einasta orð. Mér finnst það nú nokkuð snubbótt. Það liggur fyrir, að samkv. þeim kostnaðaráætlunum, sem birtar hafa verið um Sigölduvirkjun, þá má gera ráð fyrir því, að vextir og afborganir lána vegna fyrsta byggingaráfanga virkjunarinnar muni nema a. m. k. sömu upphæð og heildartekjur Landsvirkjunar af orkusölu til rafveitna árið 1970. M. ö. o. mundi greiðslubyrðin, sem félli á hinn almenna notanda, tvöfaldast með tilkomu fyrsta áfanga Sigölduvirkjunar, án þess að nokkur von sé til þess, að markaðurinn aukist að sama skapi. Það getur aðeins þýtt það, sem allir hljóta að sjá, að rafmagnsverðið hækki, nema hægt sé að selja orku til stóriðju eða Sigölduvirkjun sé frestað, þar til hinn almenni markaður hefur a. m. k. tvöfaldazt frá því, sem hann var árið 1970. Ég hef einnig upplýsingar um það frá sérfróðum mönnum, að það væri sennilega ódýrasta aðferðin til þess að fá fullnægt orkuþörfinni á Suðvesturlandi núna að ljúka þeim áformum, sem uppi voru um Laxárvirkjun og leiða línu suður frá Laxárvirkjuninni. Þetta gæti dugað í 2—3 ár eða þar um bil til þess að fullnægja markaðinum, og á meðan eykst markaðurinn hér fyrir sunnan, sem skapar ný skilyrði til þess að fá orkufrekan iðnað í millitíðinni.

Það hefur margoft verið talað um það, og hæstv. ráðh. vék að því, að það væri ekki mikils virði fyrir okkur að selja hráorku, eins og kallað var, þ. e. til erlendra fyrirtækja. Nú er það svo, að það, sem við höfum selt til erlendra fyrirtækja, þ. e. ÍSALs, sem er eign erlends fyrirtækis, hefur byggt upp stóriðju hér á landi, sem þróar einnig iðnaðinn almennt og veitir margvísleg áhrif til eflingar iðnþróunar almennt í þjóðfélaginu, og það er svo fjarri því, að við séum þarna að selja orku eða eyðileggja eitthvað fyrir okkur, því að eins og aðstaðan er í dag, þá er gert ráð fyrir því, að mjög hagkvæmt sé að virkja kannske 28 þús. eða 30 þús. kwst. á ári. Jafnvel þó að við gerum orkusölusamninga við erlenda aðila um þetta, þá eru þeir löngu liðnir, samningarnir, og orkan þá öll fallin okkur til miklu fyrr en það, að við hefðum nokkurt tjón af því. Ég vil gjarnan láta þm. gera sér grein fyrir því, að það var auðvitað engan veginn verið að útiloka komandi kynslóð frá notkun þessara auðlinda okkar, þó að við gerðum orkusölusamning um áratugi fram í tímann. Ég hef hér fyrir framan mig plagg, þar sem verið er að reyna að gera spá 50 ár fram í tímann, og þetta er það langur tími, að allir orkusölusamningar, sem gerðir eru í dag, eru löngu útrunnir og löngu búið að greiða að fullu upp lán vegna virkjana. M. ö. o., löngu áður en þessi 50 ár eru liðin, mundum við eiga skuldlausa sérhverja virkjun, sem reist yrði í dag, og gætum ráðstafað raforkunni frá henni eins og bezt þætti og hefðum á sama tíma notið ódýrari orku vegna stærðar virkjunarinnar. Það er því síður en svo, að með stórvirkjunum, þar sem verið er að selja svo og svo mikinn hluta til stóriðju, séum við að fórna nokkrum sköpuðum hlut. Ef við tækjum það dæmi, að mannfjöldinn á Íslandi tvöfaldist á 50 árum og yrði þá orðinn um 400 þús. manns eftir þessi 50 ár og almenn orkunotkun á hvern mann fimmtánfaldaðist á þessu tímabili, sem er nú miklu meira en hefur gerzt hjá okkur, — ég held, að 1969 og 1970 hafi ekki nema sexfaldazt orkunotkunin á mann, — þá má búast við því, að eftir 50 ár noti hver maður 33 300 kwst. og þjóðin öll mundi þá nota rúml. 13 þús. gwst., en samkv. áætlunum Orkustofnunar er vatnsafl á Íslandi hagkvæmlega virkjanlegt 30—35 þús. gwst. á ári. Hún kann að vera eitthvað mismunandi hagkvæm þessi orka, en það er talið, að hún sé fyrir hendi, og þetta dæmi sýnir, að það eru engar líkur til þess, að við getum nýtt þessar auðlindir okkar til almennra nota á næstu 50 árum, og miðað við þessa tölu, sem ég hef verið með hér, yrði eftir næg orka eftir 50 ár til allrar almennrar notkunar og til 20—25 álbræðslna af þeirri stærð, sem er rekin nú í Straumsvík, og þá á ég við 40 þús. tonna bræðslu. Það er ágætt, að augu manna séu kannske að opnast fyrir því, hversu mikilvægt það er fyrir okkur að nota vatnsaflið einmitt til stóriðju og til tímabundinnar sölu, því að við geymum ekki aflið í ánum, það flýtur til sjávar ónotað, meðan við höfum ekki aðstöðu til þess að virkja það í stórum stíl fyrir okkur sjálfa, en það getum við auðvitað gert í samvinnu við erlenda aðila og með þeim hætti, sem okkur sjálfum er mjög hagkvæmt.

Deilt var um það endalaust fram og til baka, að við seldum rafmagn frá Búrfellsvirkjun á of lágu verði til álbræðslunnar. Nú er talað um að selja — og það hefur komið fram á opinberum vettvangi — að selja á 35 aura kwst. úr Sigölduvirkjun. Það er kostnaðarverðið úr Sigölduvirkjun. Við seljum yfir kostnaðarverði rafmagn frá Búrfellsvirkjun, og ég held, að hæstv. iðnrh. hafi sagt, að þegar erlendum aðilum væri tjáð það, að þeir gætu fengið kwst. fyrir 35 aura, af því að það væri kostnaðarverð, þá hafi þeim ekkert litizt á það. En það er bæði önnur aðstaða við Sigölduvirkjunina, og svo hefur allt verðlag hækkað frá því að Búrfellsvirkjunin var byggð, en það er í raun og veru það sama, sem liggur hér til grundvallar, að hæstv. ráðh. er að gera sér grein fyrir því að geta selt raforku ódýru verði og sem næst kostnaðarverði, en þó þannig, að við höfum sjálfir hag af því að selja þetta til stóriðju í einni eða annarri mynd.

Ég held því miður, að innan ramma þessarar þál. rúmist miklu meira en hæstv. ráðh. vill vera láta í þeirri veru, að miðstjórnarvaldið ríki og ráði og gengið sé fram hjá landshlutaveitunum, og mér finnst þetta fara töluvert í aðra átt en þær till., sem sjálfstæðismenn hafa flutt hér á þessu þingi um landshlutaveitur, og einnig till., sem samþykktar voru á síðasta þingi, t. d. till. til þál. um raforkumál Vestfjarða. Þar voru flm. ekki aðeins sjálfstæðismenn, heldur menn úr öðrum flokkum, Framsfl. einnig, en þar segir m. a. í lok þeirrar till., að það eigi að kanna óskir sveitarfélaga um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæðunum. Það er þetta, sem liggur til grundvallar hugmyndinni um landshlutaveitur og landshlutavirkjanir, einnig, ef um það er að ræða, að sveitarfélögin hafi sína eigin aðstöðu og sterka aðstöðu til þess að virkja heima í héraði og einnig að veita rafmagninu um hinar dreifðu byggðir með aukinni og meiri sjálfstjórn, eins og þessi till. fór fram á, sem samþ. var í fyrra, og eins og vikið er að í þeirri till., sem

sjálfstæðismenn flytja nú á þessu þingi um landshlutaveitur.

Í stjórnarsáttmálanum sagði, með leyfi hæstv. forseta, að það ætti „að hefjast handa um undirbúning að stórum vatnsafls- og jarðhitavirkjunum, er nægi til hitunar á húsakosti landsmanna og tryggi íslenzkum atvinnuvegum næga raforku". Þarna er ekki vikið neitt að neinum orkufrekum iðnaði eða stóriðju í landinu frekar en í ræðu hæstv. ráðh. nú, sem grundvelli fyrir því, að almenningur geti fengið ódýra orku eða átt kost á ódýrri orku. Ég skil vel, að ráðh. vilji lýsa skoðunum sínum og hver ríkisstj. vilji gefa stefnumarkandi yfirlýsingu, alveg á sama hátt og fyrrv. ríkisstj. gerði það, og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að minna á þá stefnumörkun, sem fyrrv. ríkisstj. hafði í þessum efnum. Hún fór ekki fram á það, að samþ. yrði þáltill. um það, en því var lýst yfir af fyrrv. ríkisstj., að stefnt skyldi að virkjun stórfljóta landsins, byggingu stórra orkuvera, sem yrðu grundvöllur fjölþættrar iðnvæðingar í landinu, orkuver landsins yrðu eign Íslendinga, en til þess að virkja mætti í stórum stíl og undir lántöku yrði risið á sem hagkvæmastan hátt, sem tryggði ódýrari raforku, og til þess að styrkari stoðum væri rennt undir atvinnulíf landsmanna, yrði erlendu fjármagni veitt aðild að stóriðju, ef hagkvæmt þætti samkvæmt mati hverju sinni og landsmenn brysti fjárhagslegt bolmagn eða aðstöðu til framkvæmda. Meiningin var að meta þetta á hverjum tíma, og að sjálfsögðu af Alþ., hvort ástæða þætti til að stofna til fyrirtækja með erlendum aðilum. Við gerðum það á þennan hátt með Kísiliðjuna, sem er miklu minna fyrirtæki en álbræðslan, en þar er ríkissjóður með meirihlutaaðild. Hins vegar varð það niðurstaðan á sínum tíma, að álbræðslan yrði eingöngu í höndum erlendra aðila. Hér var á það litið, að um slíkan iðnað er að ræða, að mörg þrep hans eru í höndum eins aðila, allt frá því að álið er unnið úr jarðefnunum. Þessir aðilar hafa einnig álmarkaðinn erlendis, sem mjög miklu máli skiptir. Við Kísiliðjuna var þá einnig hafður sá háttur, að stofnað var samhliða sjálfri iðjunni markaðsfyrirtæki, sem útlendingarnir ráða sjálfir mestu um og hafa í höndum sér markaðinn erlendis, en hann er talinn mjög viðkvæmur í þessari framleiðslu.

Það er margar leiðir hægt að fara í þessu sambandi, og það er ekkert aðalatriði fyrir okkur Íslendinga, eins og stundum heyrist nú sagt og hæstv. iðnrh. hefur lagt áherzlu á, að við þurfum endilega í upphafi að vera meirihlutaaðilar í fyrirtækjunum. Iðulega þegar rætt hefur verið um samvinnu við erlenda aðila, þá hefur það verið gert í þeirri veru, að Íslendingar eignuðust á tilteknu árabili, t. d. 5—10 ára bili, meiri hl. í fyrirtækjunum eða kannske á lengra árabili, 10—15 árum, allt fyrirtækið, þegar útlendingarnir, sem settu fjármagnið í fyrirtækið, teldu, að þeir væru búnir að afskrifa fyrirtækið á þeirra mælikvarða.

Ég álít, að við þurfum að haga okkar ráði eftir aðstæðum á hverjum tíma og þess vegna sé mjög erfitt fyrir alþm. að binda sig við tiltekna stefnuyfirlýsingu eins og þessa þál. hér og reyndar óþarft. Þetta er algjörlega óþarft. Ríkisstj. getur tilkynnt okkur og öðrum aðilum, að hverju hún vilji stefna í þessu sambandi, og síðan er eðlilegt og hægt að framkvæma samninga við landshlutaveitur og aðra aðila í landinu á grundvelli þeirrar löggjafar, sem fyrir hendi er, og með endurskoðun orkulaga. Það er mikið vandaverk að endurskoða orkulögin, og þá kemur fyrst til með að reyna á það, hvernig menn vilja hafa ákvæði orkulaga í einstökum tilfellum, þegar maður hefur frv. í þeim efnum, en ekki svona almenna ályktun, eins og hér um ræðir.

Það er heldur ekkert nýtt að leiða orkuna um landið. Þegar hæstv. ráðh. segir, að það sé nú meiningin að ljúka rafvæðingu sveitanna á þrem árum, er hann að tala um áætlun, sem var fyrir hendi, áður en fyrrv. ríkisstj. lét af völdum. Hún var þá til fjögurra ára, en það þótti nú eitthvað mannalegra að segja, við skulum gera þetta á þrem árum, og það er ágætt, ef það lukkast. Heyrt hef ég suma segja, að þó að það hafi verið orðað þannig, þá hafi nú ekki verið gert ráð fyrir því, að það mundi verða gert á skemmri tíma en á fjórum árum, en þessi áætlun lá fyrir, þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og þess vegna finnst mér ekki, að í þessari þáltill. sé nein ný boðun að öðru leyti en því, — og það er það, sem ég óttast, — að það er þessi keimur miðstjórnarvaldsins. Ég legg áherzlu á það, að rafvæðingin og orkuverin hafa í raun og veru sprottið upp fyrir frumkvæði sveitarfélaganna, og við skulum segja, það er eðlilegt. Reykjavík hefur kannske verið afkastamest af sveitarfélögunum á þessu sviði, enda þar mest fjölmennið, og síðan hefur virkjun Reykjavíkur þróazt upp í það að verða virkjun Reykjavíkur og ríkisins. Það var einnig gert ráð fyrir hugsanlegri eign Laxárvirkjunar í Landsvirkjun, eins og frá þeirri löggjöf var gengið á sínum tíma. Allt þetta kemur að sjálfsögðu til álita. Ég held, að við þurfum ekki á því að halda að slá því föstu fyrir fram með neinni þál., eins og hér er um að ræða, heldur eigum að þróa málin í samkomulagi við sveitarfélögin og hinar einstöku orkuveitur. Við þurfum þá í því sambandi alveg nauðsynlega að hafa í hyggju endurskoðun á vatnalögum, því að annars getum við búizt við stöðugum og sífelldum árekstrum út af slíkri löggjöf, ef ekki er reynt að samræma hana kröfum tímans, þeim kröfum, sem nútíminn gerir í þessu sambandi, og 50 ára löggjöf á þessu sviði er af ýmsum ástæðum og eðlilega orðin úrelt.

Ég segi svo að lokum, að það er ekki nema góðra gjalda vert að leggja fram svona ályktun. Ýmsar upplýsingar, sem fylgja í grg. og fylgiskjölum, eru nokkurs virði fyrir þm. Sennilega hafa flestir þeirra séð þetta áður í skýrslum frá Orkustofnun eða öðrum aðilum, sem um þessi mál fjalla, en það er engu að síður gagnlegt, að þessar upplýsingar liggi fyrir. Við höfum venjulega farið þá leið að virkja sjálfir fram til þessa, Íslendingar, þó að við höfum selt erlendum aðilum orkuna. Nú er í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að virkja að einhverju leyti í samvinnu við erlenda aðila. Ef við hugsum t. d. til Austurlandsvirkjunar, þar sem við getum virkjað stórkostlega virkjun, sem hefði nógu mikið afl til fjölda álbræðslna, þá væri ekkert að því, að við, sem erum alltaf í fjármagnsskorti sjálfir, notuðum erlent fjármagn til þess að aðstoða okkur við virkjanirnar, en semdum um það um leið, að við eignuðumst þessar virkjanir smátt og smátt og á skömmum tíma. Við hefðum kannske þannig alveg jafnmikinn hag af því eins og ef við værum að brjótast í þessu einir út af fyrir okkur og yrðum þá að sjálfsögðu að takmarka okkur við okkar takmarkaða fjármagn, þannig að við

værum bæði lengur að virkja og tækjum fjármagnið kannske frá öðrum framkvæmdum, sem þá á hverjum tíma væri eins gott að hafa lausar hendur við, við skulum segja í uppbyggingu hraðfrystihúsanna, uppbyggingu skipastólsins o. s. frv.

Ég vildi mega vænta þess, að það þyrftu ekki að verða miklar deilur á Alþ. um virkjunarmál okkar í framtíðinni, og það get ég alveg tekið undir með hæstv. ráðh., en það hefur nú samt sem áður því miður verið þannig, að um þetta hefur áður staðið mikill styrr og það eru mismunandi skoðanir uppi. Við sjálfstæðismenn höfum í tillöguflutningi okkar lagt megináherzlu á það að koma upp landshlutaveitum, og það lágu fyrir samningagerðir frá fyrrv. ríkisstj. um að selja vissar línur eða styrkja héruðin, bæði Vestmannaeyjar og Andakíl. Frá þeim málum er nú ekki gengið. Ég vildi mega vænta þess, að ekki þyrfti að verða ágreiningur um það, og ef menn raunverulega meina það, eins og orðað er hér í þessum till., að koma upp landshlutaveitum, þar sem sjálfstjórn héraðanna er virt, þá er að ganga í það og gera samkomulag við sveitarfélögin um það.

Ég óttast keiminn af því, sem hér kemur fram í fyrstu setningunni. Þetta á allt að vera undir einni hendi. Mér finnst eðlilegra, að á þau sveitarfélög, sem á sínum tíma áttu frumkvæðið að orkuverum og orkuveitum í þessu landi, verði hlustað og við þau verði talað, áður en ákvarðanir eru teknar á þinginu. Það rekur engin nauðsyn til þess að samþykkja svona þál., en hitt er brýnt, að ganga í það að endurskoða orkulögin í samráði við þá aðila, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, þ. e. sveitarfélögin og einstaklingana, sem eiga að nota raforkuna. Þess vegna vildi ég mega vænta þess, að hæstv. ráðh. legði ekki megináherzlu á afgreiðslu þessarar þál. á þessu þingi, heldur gæfi þm. og öðrum aðilum, sem hér eiga um að fjalla, kost á því að athuga, með hverjum hætti verður bezt búið um þessi mál innan ramma nýrrar og endurskoðaðrar orkulöggjafar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég mun aðallega ræða um 2. lið þeirrar till., sem hér liggur fyrir, þ. e. þann kafla, sem fjallar um dreifingu raforkunnar. Hæstv. iðnrh. minntist áðan á till. okkar níu sjálfstæðismanna, sem flutt var hér fyrr á þinginu varðandi dreifingu raforkunnar, en mér sýnist satt að segja, að það sé ákaflega frjálsleg túlkun, ef ráðh. heldur, að það sé verið að mæta þeim óskum, sem settar voru fram í þeirri þáltill., sem hér um ræðir. Ég vil leyfa mér að lesa fyrri hluta þessarar till., með leyfi hæstv. forseta, en hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar endurskoða orkulög nr. 58 29. apríl 1967, með það fyrir augum, að komið verði á sérstökum orkuveitum landshluta, er taki við verkefnum Rafmagnsveitna ríkisins."

Á þessu er geysilegur munur, á því, sem lagt er til í till. þeirri, sem hér er um að ræða, og till. hæstv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir til umr., enda þarf ekki annað en líta á upphaf grg. með till., þar sem gerð er grein fyrir, hverjir hafi staðið að samningu till. Þar kemur alveg greinilega fram, að þar er alveg sett til hliðar sjónarmið sveitarfélaga og sjónarmið Sambands ísl. rafveitna. Þetta eru að sjálfsögðu ágætir menn, sem hafa staðið að þessari till. Það eru tæknimenn og menn, sem hafa sérþekkingu á fjármálasviðinu, en það hefur ekki verið haft svo mikið við sveitarfélögin í landinu eða Samband ísl. rafveitna að gefa þeim nokkurn kost á því að eiga fulltrúa við samningu þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, og segir það út af fyrir sig sína sögu um þá stefnumörkun, sem hæstv. ráðh. var hér að lýsa í raforkumálunum.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að það á að láta raforkumálin, dreifinguna einnig, þróast inn á þá braut, að það verði ríkisvaldið sjálft eða stofnun, sem heyrir beint undir ríkisvaldið, sem kemur til með að hafa yfirstjórn þessara mála. Þetta er að sjálfsögðu ekkert nýtt á þessu þingi, því að við höfum séð, hvert stefnir í fleiri atriðum. Má þar benda á Framkvæmdastofnun og fleiri aðila, sem nú eiga að fá mjög aukið vald, sem áður hefur verið í höndum bæði einstaklinga og sveitarfélaga. Og þetta var, að ég taldi, mjög rækilega undirstrikað af hæstv. ráðh. hér áðan. Hann lýsti því, að yfirstjórn þessara mála ætti að vera á svipuðum grundvelli og hjá Landssímanum. Í því felst, að stofnun hér í Reykjavík — hvort sem það yrðu nú Rafmagnsveitur ríkisins eða aðrir — ætti að setja gjaldskrárnar og síðan ætti maður að heyra tilkynningu um það í útvarpinu, að nú væri þessi og þessi gjaldskrárbreyting gerð og eftir því bæri að fara. Þetta er sannarlega ekki það, sem sveitarfélögin óska eftir og hafa stefnt að. Sveitarfélögin telja, að eins og málum er komið í sambandi við dreifinguna, þá sé að því leyti lokið hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins og samtök sveitarfélaganna, landshlutasamtök, eins og að er stefnt, séu þess vel umkomin að taka að sér að annast það hlutverk, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa fram að þessu haft varðandi þessa hlið raforkumálanna. Við, sem erum nú kunnugir þessum málum úti á landsbyggðinni, fáum ekki séð, hvers vegna í ósköpunum þarf þarna millilið, sem leggur 20% á raforkuna frá heildsalanum til sveitarfélagsrafveitnanna. Ég tel þetta vitanlega gersamlega óþarft og það sé bara verið að auka kostnaðinn við raforkudreifinguna og hækka verðið á raforkunni til almennings. Það liggur alveg ljóst fyrir, að þessi milliliður leggur um 20% á, og í sambandi við það má benda á, að í lögum um Landsvirkjun er beint gert ráð fyrir því, að Landsvirkjun selji beint til rafveitna sveitarfélaga, þannig að það er ekkert, sem hindrar það, að sveitarfélögin sjálf, eins og ráðh. sagði réttilega, með því ef til vill að færa saman fleiri veitur í eina landshlutaveitu, verði þess umkomin að sjá fyrir sínum málum sjálf og annast tæknilegu hliðar málanna að því er varðar neytendur. Ég tel því, að þáltill., eins og hún liggur fyrir að þessu leyti varðandi dreifinguna, stefni í þveröfuga átt við það, sem við níu þm. Sjálfstfl. lögðum til í okkar till., sem hér var rædd fyrr á þinginu.

Ég vil benda á í þessu sambandi, að sala raforku er að okkar dómi einn þátturinn í því, sem sveitarstjórnir eiga að annast, alveg eins og vatnsveitur og annað slíkt, sem talið er sjálfsagt, að undir þær heyri, og þess vegna þurfi ekki að hafa þarna neinn millilið, sem nú á að verða yfirstjórn, eins og þáltill. gerir ráð fyrir, að Rafmagnsveitur ríkisins verði. Það er mjög misjafnt í hverju sveitarfélagi, hvernig ráðamenn raforkumála þar vilja haga töxtum rafveitnanna. Það hentar betur á einum stað en öðrum að hafa þennan taxta eitthvað lægri, en annan taxta þá eitthvað hærri. Er það bæði í sambandi

úti um hinar dreifðu byggðir landsins sé raunverulegt, af því að það ráði einhverju um framkvæmdina.

Ég vil aðeins víkja svolítið nánar að þessu. Hæstv. ráðh. sagði svo um landshlutaveitur í þessari ræðu, sem hann flutti á miðsvetrarfundi Sambands ísl. rafveitna: „Þessar landshlutaveitur þurfa að hafa stjórn í héraði og vera algerlega sjálfstæðar rekstrareiningar.“ En ráðh. bætir við, því að Adam var ekki lengi í Paradís, eins og menn muna: „Rafmagnsveitur ríkisins eiga hins vegar að hafa á hendi yfirstjórn þessara landshlutaveitna, gera t. d. samninga fyrir þær um kaup á raforku, annast fjármögnun til nýrra framkvæmda og hafa ákvörðunarvald um meiri háttar framkvæmdir.“

Ég vil undirstrika þetta mjög rækilega hér fyrir hv. Alþ., þar sem ráðh. fer fram á, að þessi þáltill. verði samþ. óbreytt, að mér virðist, að í þessum orðum hans felist, að hann vilji hafa meira ákvörðunarvald í höndum ríkisins, í höndum eins aðila en hann vildi vera láta hér í sinni framsöguræðu. Mér finnst einnig mjög athyglisvert, að hugtak, sem ég vildi kalla „ríkiskapítalisma“, einkennir mjög þessa þáltill. Það er ekki á færri en sex stöðum í þessari stuttu till. komið inn á það, að eignarhluti ríkissjóðs megi aldrei vera minni en 50%, ekki í landshlutafyrirtækjunum og ekki heldur í því, sem ráðh. nefndi hér Íslandsvirkjun, að mig minnir, þ. e. sameiginlegu fyrirtæki þessara aðila. Og það er skýrt tekið fram, að þau sveitarfélög, sem verðmæti leggja fram, geti aðeins orðið þátttakendur í þessum fyrirtækjum. Mér er spurn, hvað álítur hæstv. ráðh., að mörg sveitarfélög, eins og að þeim er búið nú með tekjustofna, hafi möguleika til þess að leggja fram fjármagn á móti ríkisvaldinu, sem getur farið í Seðlabankann og dregið þar yfir 1800 millj., ef því sýnist, eða farið ofan í vasann á skattborgurunum með fasteignasköttum eða tekjusköttum, eins og nýlega hefur verið gert? Hvaða möguleika hafa sveitarfélögin til þess að eiga í fullu tré við ríkisvaldið, ef það á að vera grundvöllur að samningum og samkomulagi milli ríkisvalds og sveitarfélaga, fjármagnið? Ég hélt, að hæstv. ráðh. hefði allt aðrar skoðanir í þessum efnum. Ég hélt, að hann hefði lýðræðisleg sjónarmið meira í heiðri en ríkiskapítalismann. Ég held því, að það þurfi mjög að endurskoða þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, ef hún á að teljast fullnægjandi að því leyti, að þessi stefna geti orðið grundvöllur að jákvæðu samkomulagi sveitarstjórna og ríkisvalds í því að halda áfram rafvæðingu landsins og virkja fallvötn eins og hefur komið hér fram hjá hv. þm., að er mikið nauðsynjamál, og auðvitað er nú, eins og hæstv. ráðh. tók fram, um veruleg þáttaskil að ræða á þessu sviði. Því er, ég vil undirstrika það, mikil nauðsyn á því nú að taka raforkumálin til heildarathugunar, ekki síst vegna þess, að nú er t. d. innan sjónmáls að rafvæða allt landið. Við vitum það, að fyrir liggja stórkostlegir möguleikar fyrir okkur í virkjun fallvatna, og þess vegna er mikil ástæða til þess að taka þessi mál til heildarathugunar, en ekki með þessari stefnu, sem hér kemur fram, að ríkisvaldið geti farið með sveitarfélögin eins og þar er fyrir ætlazt.

Öll raforkumálin eru nú í höndum sveitarfélaganna eða ríkisins, sem er eðlilegur hlutur og ég er ekki að mæla gegn, en ég álít, að það eigi að fara að þessu með allt öðrum hætti. Ég hefði haldið, að landshlutaveiturnar, rafveitur landshlutanna, væru eitt það verkefni, sem ætti að fela sveitarfélögunum. Við erum alltaf að tala um, að það verði að endurskoða verkefnaskiptingu ríkisins og sveitarfélaganna, vegna þess að fólkið í sveitarfélögunum hefur beinni og nánari tengsl við þá, sem stjórna þeim, og það getur haft beinni áhrif á sína hagsmuni með þessum hætti. Og við höfum verið að tala um, að þetta mundi auka lýðræðið í þjóðfélaginu, gera það virkara. Það er því að mínum dómi fullkomin ástæða til þess að kanna það, hvort það er ekki rétt einmitt núna, þegar rafvæðingu landsins er að ljúka, eins og ég var að segja áðan, hvort þá er ekki einmitt ástæða til þess að athuga það mjög gaumgæfilega að fela sveitarfélögunum dreifingu raforku úti um land og rekstur rafveitna, viðhald þeirra o. s. frv. Ég fæ ekki betur séð en með þeim hætti megi að verulegu leyti losna við það bákn, sem heitir Rafmagnsveitur ríkisins. Rafveitur landshlutanna úti um land gætu sem bezt keypt sér tæknilega aðstoð, og einhvern veginn finnst mér, að ríkissjóði veiti ekki af að losna við eitthvað af því, sem hann hefur á sinni könnu.

Hvernig fara ætti með orkuöflunina, það er kannske meiri spurning, en það mætti hugsa sér að gera það kannske á hliðstæðan hátt eins og hér er að vikið og stjórn Laxárvirkjunar hefur gert samþykkt um, að þar verði um að ræða sameiginleg orkuvinnslufyrirtæki ríkis og sveitarfélaga í hinum ýmsu landshlutum. Ég vil benda á, að þó að slíkar leiðir yrðu farnar í skipulagi raforkumála, þá er ekki verið að koma í veg fyrir, að hægt sé að stjórna þeim með svokallaðri heildarstjórn, eins og margir leggja mjög mikla áherzlu á, og að sjálfsögðu er hún mikilvæg. En ég vil benda á, að víða erlendis eru farnar svipaðar leiðir og ég var að nefna hér, t. d. á Norðurlöndum. Þar er sett löggjöf um samrekstur orkuvinnslufyrirtækja, og þar er sett löggjöf um samstarf rafveitna, en ekki farin sú leið að þjóðnýta þessar stofnanir til þess að ná einhverju hagkvæmnimarkmiði með heildarstjórn.

Ég sé ekki mikla ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál hér við fyrri umr., framar því, sem ég hef þegar gert, en ég vil enda með því að benda á það, að ef lýðræðislegt ákvörðunarvald fólksins í landinu verður tryggt í raforkumálunum, sem beinast lýðræðislegt ákvörðunarvald fólksins í landinu verður tryggt og ríkiskapítalistisk sjónarmið verða heldur látin liggja í láginni, þá býst ég við því, að ég gæti fylgt slíkri till., en ekki eins og hún er hér orðuð, því að ég sé ekki betur en í henni komi fram mjög ákveðin þjóðnýtingarstefna á öllum raforkumálum landsins.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Á þskj. 590, sem nefnist till. til þál. um raforkumál, er hreyft hvorki meira né minna en stefnumörkun í raforkuvinnslu landsmanna. Hæstv. iðnrh. hefur, eins og hann rakti hér áðan, lagt drög að því, að um þetta mál gætu orðið nokkrar umr., með því að veita þingflokkunum upplýsingar um það, áður en skjalið kom fram, og þakka ég það. Mér sýnist satt að segja undarlegt, hvað þm. hafa þó að því er virðist lítinn áhuga á þessu máli, ef dæma má af þeirri litlu sveit, sem hér hefur setið og hlustað á umr. Ég lít svo á fyrir mitt leyti, að með þessu skjali sé fyrst og fremst verið að móta þá stefnu, sem talin getur verið nauðsynleg til þess að ná því markmiði, sem sett er fram í málefnasamningi hæstv. ríkis-

stj., að jafnaðarverð skuli verða eða því sem næst á raforku um land allt. Þetta lít ég á sem meginatriði þessa mikilvæga máls. Til þess að svo megi verða, að þetta jafnaðarverð náist, er ljóst, að virkja verður þar á landinu, sem hagkvæmast er hverju sinni. En ef sú orka, sem þannig er virkjuð, á að koma öllum landsmönnum til nota, er aftur á móti ljóst, að samtenging verður að eiga sér stað á milli allra orkusvæðanna. Þetta eru afleiðingar af því meginmarkmiði, sem ég nefndi áðan.

Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að möguleikar okkar Íslendinga með orku eru gífurlegir. Bæði veldur það, að raforkuverð fer mjög hækkandi á erlendum mörkuðum og vatnsorkan orðin af skornum skammti. T. d. get ég getið þess, að ég las núna fyrir tveimur dögum um athyglisverða athugun, sem gerð hefur verið í Bandaríkjunum á orkuverði þar, og er því spáð, að orkuverð muni tvöfaldast fram til aldamóta, og það er þrátt fyrir það, að kjarnorkan verði tekin í mjög vaxandi mæli til framleiðslu á raforku, og þrátt fyrir það, að kjarnorkuverðið fari frekar lækkandi heldur en hitt. Engu að síður er því þannig spáð, að raforkuverðið tvöfaldist.

Vatnsafl hefur ýmsa kosti fram yfir aðra orku. Vatnsafl hefur t. d. þann stóra kost, að það veldur ekki mengun eða röskun á umhverfi, sem yfirleitt öll önnur orkuframleiðsla gerir og er stórkostlegur liður í þeirri hækkun raforkuverðs, sem talin er vera fram undan. En vatnsafl er, eins og ég sagði áðan, á þrotum víða. T. d. mun vera væntanleg í Noregi till. frá ríkisstj. þar um nýtingu þess vatnsafls, sem Norðmenn eiga eftir, og er þar talið, að það vatnsafl verði þrotið, sem vel er virkjanlegt, um eða eftir 1980.

En það er fleira athyglisvert í þessari áætlun Norðmanna. Þeir eru að bollaleggja að leggja til hliðar u. þ. b. 20—25% af vatnsafli landsins af umhverfisástæðum, þar eð þeir telja, að ekki sé rétt að leggja undir vatn þau svæði, sem þar er um að ræða. Við Íslendingar höfum hins vegar aðeins notfært okkur um það bil 8% af því vatnsafli, sem virkjanlegt er með sæmilega góðu móti, þótt eitthvað sé það mismunandi ódýrt og hagkvæmt, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., og það má vel vera, að það sé einhver hluti, sem ætti að setja til hliðar, en engu að síður er ljóst, að við eigum mikið vatnsafl ónotað og mikla möguleika þar. Þörf okkar er einnig gífurleg. Það er staðreynd. Það hefur verið minnzt á upphitun húsa, og get ég tekið undir hvert orð, sem þar hefur verið sagt. Það er einnig staðreynd, að olía verður stöðugt dýrari í heiminum, hækkar óðum, og verður því þörf okkar fyrir annan og hagkvæmari orkugjafa enn meiri. Það er einnig sannfæring mín, að raforka sé ekki nýtt nálægt því eins og unnt væri í ýmsum innlendum iðnaði. Ég get nefnt það sem dæmi, að athugun, sem gerð var á Akureyri, fyrir verksmiðjuna Iðunni þar, leiddi í ljós, að það var hagkvæmara að nota raforkuknúinn ketil til gufuframleiðslu en olíu. Áburðarverksmiðjan gerði svipaða athugun, og kom það sama í ljós, að hagkvæmara var að nota raforkuna, meðan raforkuverðið var um 40 aurar hver kwst. miðað við það verð á hráolíu, sem nú er. Og þetta er ekki lágt verð. Það er sannfæring mín, að ef skipulega væri leitað í íslenzkum iðnaði, þá væri víða um að ræða stórt álag, sem vel mætti færa yfir á raforkunotkun.

Það hefur verið minnzt hér nokkuð á orkufrekan iðnað, og er það að vonum, því að að sjálfsögðu aukast okkar möguleikar á þessu sviði eftir því sem raforka verður kostnaðarmeiri erlendis. Og ég geri ráð fyrir því og veit, að það er stefna hæstv. ríkisstj. að efla orkufrekan iðnað eins og frekast er unnt og eins og raforkuframleiðslan leyfir okkur og nauðsynlegt kann að vera til þess að fá sem bezta nýtingu út úr hverju einstöku skrefi í virkjun okkar fallvatna. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess að fara út í ítarlegar umr. hér um orkufrekan iðnað, ekkert fremur en um almenna notkun orkunnar innanlands. Á báðum sviðunum er þörfin gífurlega mikil, það vitum við, og er það ein af meginástæðunum fyrir því, að rétt er að líta á skipulag þessara mála vel og vandlega. Spurningin í mínum huga er því sú, hvaða skipulag sé rétt og eðlilegt á orkuvinnslu landsins, raforkuvinnslu landsmanna til þess að ná því meginmarkmiði, sem ég nefndi áðan, jafnaðarverði á orku um land allt og fullnægja því, sem nauðsynlegt er vegna þeirra þarfa og möguleika, sem ég hef nú rakið.

Það er sannfæring mín, að heildaryfirsýn yfir orkuvinnslu landsins sé nauðsynleg. Ég get ekki fallizt á það, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að fremur ætti að skipta upp orkudreifingunni enn meira en nú er en sameina hana í eitt. Það er sannfæring mín, að einhver einn aðili þarf að gera þær athuganir og áætlanir, sem hljóta að verða lagðar til grundvallar, þegar virkjunarstaðir eru valdir, og hinar ýmsu leiðir til dreifingar raforku og jafnaðarverð ákveðið. Ég sakna þess t. d. hér, að ekki skuli vera unnið að heildaráætlun fyrir raforkuvinnslu í landinu, eins og Norðmenn eru nú að leggja fram. Það er sannfæring mín, að slík athugun muni leiða í ljós, að á vissum stöðum er ekki rétt að virkja eins og ráðgert hefur verið, og a. m. k. er vafalaust, að slík athugun hefði getað komið í veg fyrir þau leiðindi, sem orðið hafa við Laxá fyrir norðan, og e. t. v. hefði slík athugun, ef fyrr hefði legið fyrir, komið í veg fyrir ýmiss konar vandræði, sem af því munu hljótast, ef ekki verður talið rétt að leggja Þjórsárver undir vatn. Mývatn og Þjórsárver eru tvö stór svæði með mjög sérstæða líffræði, sem nauðsynlegt er að athuga vandlega og átti að athuga, áður en nokkrar áætlanir voru gerðar um virkjanir fallvatna, sem á þessum svæðum eiga uppsprettur sínar. Ef ákveðið verður að leggja ekki Þjórsárver undir vatn, er ljóst, að nálægt því allar áætlanir um virkjanir Þjórsár riðlast, og má vel vera, ef svo hefði verið ljóst fyrr, að aðrar ákvarðanir og aðrar framkvæmdir hefðu verið teknar og gerðar í þessu sambandi. Vel má t. d. vera, að heildaryfirsýn yfir orkuvinnslu landsins leiddi í ljós, að skynsamlegra væri að leggja meiri áherzlu á stórar virkjanir á Norðausturlandi, sem hafa verið í athugun, en á Þjórsárvirkjanirnar til stóriðjuframkvæmda. Ég held því, að varla geti verið um það nokkrar deilur, að í okkar litla og fámenna landi er heildaryfirsýn yfir orkuvinnsluna, dreifingu hennar og nýtingu höfuðnauðsyn og grundvallaratriði.

Ég fyrir mitt leyti get einnig fallizt á þá skoðun, sem fram kemur í þáltill., að rétt sé að sameina meira en verið hefur hin ýmsu smáu fyrirtæki sveitarfélaga í öllum landshlutum. Ég hygg, að það sé þeim til góðs. Ég er sannfærður um það. Ég er hins vegar ekki sannfærður um það enn, að nauðsynlegt sé, að hið opinbera eigi minnst 50% í slíkum landshlutafyrirtækjum, til þess að

sú samræming, sem gert er ráð fyrir að hér fari fram, nái fram að ganga. Þetta er eitt atriði, sem ég fyrir mitt leyti vil skoða betur. Ef svo skyldi reynast eftir ítarlega og vandlega athugun, að þetta væri nauðsynlegt til þess að ná því meginmarkmiði, sem ég nefndi áðan, jafnaðarverði og skipulegri nýtingu raforkunnar í landinu, þá get ég fyrir mitt leyti fallizt á þetta. Ég tel þetta þá aukaatriði. Hins vegar fæ ég ekki að svo komnu máli séð, að það samstarf og sú samræming, sem ég hef nú rakið nokkrum orðum og tel nauðsynlega, fáist ekki án þess að þetta skilyrði sé sett. Ég vil aðeins geta þess í þessu sambandi, að ég sakna þess í þessari ágætu og fróðlegu þáltill., að ekki er þar minnzt nema lítið eitt á Landsvirkjun. Hvar á Landsvirkjun að falla inn í þessa mynd, sem hér er um að ræða? Landsvirkjun er að sjálfsögðu langsamlega stærsti raforkuframleiðandi landsins og með langsamlega stærstar framkvæmdir á sinni könnu, en þær framkvæmdir hafa raunar verið að verulegu leyti fyrir utan allt heildarskipulag á raforkuframleiðslu landsmanna og nýtingu okkar vatnsafls. Það er alveg ljóst, að Landsvirkjun verður að falla inn í þessa mynd, og það er ekki síður nauðsynlegt að marka stefnu að þessu leyti nú en hverja aðra stefnu í skipulagi raforkumála.

Ég get dregið saman niðurstöður mínar af þessum fáu orðum með því að leggja enn áherzlu á, að ég tel það megintilganginn með þessari þáltill. að ná jafnaðarverði og lágu verði fyrir landsmenn alla á raforku. Það er megintilgangurinn. Og það er grundvöllur þess, að raforkan verði notuð í vaxandi mæli til upphitunar, til íslenzks iðnaðar, eins og ég minntist á áðan, og til fjölmargra fleiri þarfa landsmanna sjálfra. Það er einnig grundvöllur þess, að raforkan verði nýtt í orkufrekan iðnað, þannig að skynsamlegt sé og ekki spilli fyrir framtíðarþróun. Þetta eru grundvallaratriðin.

Skipulagsmálin þarf að taka til endurskoðunar til þess að fullnægja þessum grundvallaratriðum, og mér sýnist sú þáltill., sem hér er lögð fram, skapa mjög góðan vettvang til slíkra umr., og þær þurfa að fara hér fram, og Alþ. þarf fyrr en síðar að móta ákveðna stefnu og vilja sinn í þessu máli.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. ýkja mikið, en það eru örfáar aths., sem mig langaði að koma fram með. Hér hafa talað þrír fulltrúar af hálfu Sjálfstfl., þ. á m. formaður flokksins, hv. þm. Jóhann Hafstein. Hann virtist telja það mjög óeðlilegt, að lögð væri fram þáltill., þar sem farið væri fram á það, að Alþ. markaði stefnuna í raforkumálum, þá meginstefnu, sem ætti að reyna að framkvæma á næstu árum og áratugum. Hann taldi, að það væri engin ástæða til að leggja fram slíka till. Hann sagði, að ríkisstj. gæti tilkynnt Alþ., hvaða stefnu hún hefði.

Þarna er ég á algerlega andstæðri skoðun. Ég tel það bæði lýðræðisleg og þingleg vinnubrögð að mælast til þess við Alþ., að það fjalli um jafnveigamikið atriði og þetta og marki heildarstefnuna og á grundvelli slíkrar heildarstefnu verði svo unnið að þeirri löggjöf, sem þarf að breyta í því sambandi, og þeim samningum, sem verður að taka upp við fjölmarga aðila. Ég held, að einmitt vinnubrögð af þessu tagi séu vinnubrögð, sem alþm. eigi að óska eftir, en ekki að gagnrýna, eins og þessi hv. þm. gerði.

Hv. þm. vék í upphafi að því, að hann undraðist, að ekki skyldi unnið að endurskoðun vatnalaga og taldi, að það væri forsenda fyrir framkvæmdum á þessu sviði. Í því sambandi lét hann þess getið, að frv. af hliðstæðu tagi væru námulög, sem unnin voru, meðan hann var iðnrh. á Íslandi, og þá komst hann svo að orði, að það mundi vera ráðlegt að fara hægt í þeim málum. Ég fæ nú ekki almennilega komið þessu saman og heim. Ég tók við þessu frv. um námulög, þegar ég hóf störf í iðnrn., og ég lagði þau fyrir þetta þing, og ég tel ákaflega mikilvægt, að þau lög nái fram að ganga, því að ég tel, að þau séu í öllum aðalatriðum mjög svo mikilvægt plagg. Á sama hátt tel ég, að það væri mjög nauðsynlegt, að vatnalögin væru endurskoðuð líka.

Hv. þm. minntist á brbl. í sambandi við þessa þáltill., en sagðist nú ekki reikna með því, að það væri meiningin að nota þessa þáltill. til þess að setja brbl. Ég skal lýsa því yfir ákaflega skýrt, að það er ákaflega fjarri mér, mér hefur hreinlega ekki dottið það í hug, að nokkur maður hefði þvílíkt ímyndunarafl, að hann hugsaði sér, að maður setti brbl. á grundvelli þáltill. af þessu tagi. Að sjálfsögðu mun ég leggja á það mikla áherzlu, að við alla gerð frv., og ég tala nú ekki um samþykkt frv. um þetta efni, verði haft sem nánast samráð við Alþ. og við sveitarstjórnir og við alla þá aðila, sem hagsmuna eiga að gæta. Ég hef sannarlega ekki áhuga á því að fara á bak við einn eða neinn í þessu sambandi.

Hv. þm. vildi bera brigður á það, að það hefði ekki verið ágreiningur um stórákvarðanir í raforkumálum á undanförnum árum, og fór að minnast á álbræðslusamningana í því sambandi. Það var ekki neinn ágreiningur hér á þingi um Búrfellsvirkjun. Hún var samþ. einróma. Ágreiningurinn var um hitt, hvernig farið var með raforkuna frá virkjuninni, um samninginn, sem gerður var við svissnesku álbræðsluna. Þar kom ágreiningurinn fram. Hann var ekki um raforkumál. Hann var um þau viðskiptamál, þann samning, sem gerður var við erlendan aðila. Og þar er um að ræða „prinsíp"-ágreining á milli mín og þessa hv. þm., ágreining, sem enn virðist vera óbreyttur, eftir því sem hann talaði í ræðu sinni hér áðan. Ég tel, að við eigum ekki að ráðast í stórvirkjun á Íslandi til þess að sjá erlendum auðfélögum fyrir raforku, svo að þau geti haft þar hagkvæma framleiðslu fyrir sig og flutt arðinn af þeirri framleiðslu að meiri hluta til úr landi. Þetta tel ég vera algerlega ranga stefnu. Ég taldi það, þegar álbræðslusamningurinn var gerður, og ég er á nákvæmlega sömu skoðun enn þá. Það er algerlega rangt hjá þessum hv. þm., að ég lýsi öðrum skoðunum nú um þetta mál en ég gerði fyrir nokkrum árum. Ég hef nákvæmlega sömu skoðanir á þessum málum, og ég held, að þessi hv. þm. ætti ekki að tala að fyrra bragði um raforkusamninginn, sem hann gerði við álbræðsluna, sem tryggir henni raforku fyrir 22 aura á kwst. á sama tíma og við erum nú að ráðast í virkjun, þar sem kostnaðarverðið verður 35 aurar á kwst., sem við verðum sjálfir að búa við og þau fyrirtæki, sem við kunnum að standa að í sambandi við það. (**LárJ:** Kostar sú virkjun ekki meira?) Kostar sú virkjun ekki meira? Þetta er það raforkuverð, sem okkur sjálfum er

skammtað á sama tíma og erlendur aðili á að búa við það í aldarfjórðung að fá raforkuna fyrir 22 aura. Það eru slík viðskipti, sem ég er algerlega andvígur. Og ég tel ekki, að útlendingar eigi að hafa sérréttindi að því er varðar raforku á Íslandi. Ég tel, að við eigum að nýta raforkuna í þágu okkar sjálfra.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið auglýsingaskrum, þegar ríkisstj. tilkynnti í haust, að það væri ákveðið að virkja við Sigöldu, enda þótt enginn markaður væri fyrir hendi, sagði þessi hv. þm. Enginn markaður. Þessi hv. þm. var þeirrar skoðunar, að það ætti ekki að ákveða virkjun við Sigöldu án þess að tryggja sér erlendan viðskiptavin áður. Hann vildi, að það yrði hafður sami háttur á og hafður var í sambandi við virkjun Búrfells, að samningar við erlendan aðila væru forsenda þess, að hægt væri að ráðast í stórvirkjun á Íslandi. En þetta er samningsaðstaða, sem ég tel vera algerlega óviðunandi fyrir Íslendinga. Ef erlendur aðili veit, að við treystum okkur ekki til þess að ráðast í stórvirkjun nema það náist samningar við hann, þá er hann kominn með samningsaðstöðu, sem er gersamlega óviðunandi fyrir okkur.

Það er ekki rétt hjá þessum hv. þm., að það sé ekki til markaður á Íslandi. Sá markaður er til. Hann er til í sambandi við húshitun. Landsvirkjun gerði grein fyrir því í áætlunum sínum um virkjanir í Tungnaá, að hún teldi vera á núverandi landsvirkjunarsvæði einu saman markað, sem jafngilti nærri 400 gigawattstundum á ári með þróun þeirri, sem yrði á næstu árum. Þetta er hátt í helmingur af raforkunni frá Sigölduvirkjun, og hér er einvörðungu um núverandi landsvirkjunarsvæði að ræða. Þessi markaður er mun stærri annars staðar á landinu, m. a. á Norðurlandi, þannig að þennan markað er hægt að stækka með samtengingu, eins og að er stefnt. Við erum ekki að kasta okkur út í neina óvissu með því að taka ákvörðun um virkjun við Sigöldu. Við höfum þennan markað, og við þurfum ekki að láta neina erlenda aðila setja okkur neina afarkosti í því sambandi. Ef okkur bjóðast ekki kostir, sem okkur henta og okkur falla og eru í samræmi við okkar hagsmuni, við erlenda aðila, þá höfum við þennan markað. Og það er það, sem gefur okkur nauðsynlegan styrk í viðræðum við erlenda aðila.

Ég minntist á það í ræðu minni hér áðan, að það færu fram viðræður við ýmsa erlenda aðila um orkufrekan iðnað á Íslandi. Ég lét þess sérstaklega getið. En ég greindi einnig frá því, á hvaða forsendum ég teldi, að hægt væri að gera samninga af slíku tagi. Og forsendurnar voru þær, að Íslendingar ættu eða eignuðust meiri hluta í slíkum fyrirtækjum, þau lytu í einu og öllu íslenzkum lögum og að Alþingi Íslendinga hefði rétt yfir slíkum fyrirtækjum eins og öðrum, og við munum ekki una því, að erlendur gerðardómur segði okkur fyrir verkum um, hvernig ætti að túlka samningsákvæði. Samningar af slíku tagi tel ég að aldrei framar verði gerðir á Íslandi. Ég hef sagt það áður hér í þinginu, og ég er sannfærður um, að það verður aldrei gert.

Annars fannst mér það einkenna ræðu þessa hv. þm. og flokksbræðra hans beggja, að þeir gerðu ekki grein fyrir neinni stefnumörkun af sinni hálfu. Í þessari þáltill. er lögð fram alveg tiltekin stefna, skýr og einföld tiltekin stefna. En af hálfu Sjálfstfl. er ekki um neina slíka stefnumörkun að ræða, engan valkost. Menn koma bara hér og gera aths., yfirleitt ákaflega smávægilegar. En það er engin stefna, sem þarna er boðuð til andstöðu við það, sem hér er lagt til. Ég lagði á það mikla áherzlu í sambandi við gerð þessarar þáltill., að ég vildi, að þar yrði mótuð slík stefna, að um hana gæti tekizt sem víðtækust samstaða. Ég tel mig þar hafa komið til móts við margs konar gagnrýni, sem ég tel mjög eðlilega og réttmæta og sem m. a. ýmsir þm. Sjálfstfl. hafa flíkað mjög hér í þinginu. Ég gerði þetta vegna þess, að ég taldi þetta rétt og ég gerði þetta í þeirri trú, að þm. Sjálfstfl. hefðu það málefnalega afstöðu til mála, að þeir gætu þá komið til samvinnu um mál af þessu tagi, sem skipta þjóðina alla og þróun okkar þjóðfélags ákaflega miklu máli.

Hv. þm. Guðlaugur Gíslason taldi, að með till. um dreifingu raforku væri ekki komið eins langt til móts við till. Sjálfstfl., sem níu þm. hans fluttu hér áður, eins og ég vildi vera láta. Ég held nú samt, að svo sé, ef menn vilja yfirleitt fallast á raunveruleika mála í stað þess að hengja sig í orð. Það kom fram hjá honum og hefur oft komið fram hjá þm. ákaflega hörð og ómakleg gagnrýni á Rafmagnsveitur ríkisins. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa á undanförnum aldarfjórðungi unnið ákaflega merkilegt starf og þær eiga meginþátt í þeirri mjög svo jákvæðu og stórfelldu þróun raforkumála, sem hefur mótað þetta tímabil. Rafmagnsveitur ríkisins selja um 43 þús. landsmanna raforku beint eins og nú er og annast auk þess heildsölu til byggðarlaga miðað við 33 þús. manns. Þegar frá er talið höfuðborgarsvæðið, þá lætur nærri, að Rafmagnsveitur ríkisins sjái beint og óbeint fyrir raforku til um 80% annarra landsmanna. Þessi mikla dreifing á raforku, sem við erum réttilega hreyknir af og þar sem við stöndum e. t. v. framar en nokkur önnur þjóð, sem býr í landi, sem er ámóta strjálbýlt og Ísland, þessi mikla dreifing er fyrst og fremst afrek Rafmagnsveitna ríkisins. Og þó að skipulag Rafmagnsveitnanna sé núna ekki að minni hyggju í samræmi við viðhorf okkar tíma, þá eiga menn að viðurkenna þessa staðreynd engu að síður. Í till. er lagt til, að nú þegar verði Rafmagnsveitum ríkisins skipt í landshlutaveitur með landfræðilegum mörkum, er hafi stjórn í héraði og séu sjálfstæðar rekstrareiningar. Þar er lagt til, að fyrirkomulaginu verði breytt á þessa leið, að landinu verði skipt niður með landfræðilegum mörkum og það verði stjórn í héraði og sjálfstæðar rekstrareiningar. Ef þarna er ekki komið til móts við þau sjónarmið héraðanna, að heimamenn eigi að geta sagt til um sínar eigin þarfir og framkvæmdir, þá skil ég ekki, hvað menn eru að fara. Vissulega er einnig lagt til, að Rafmagnsveiturnar sameiginlega hafi svo eina heildarstjórn til þess að sinna sameiginlegum verkefnum, sem ég er viss um, að allir skilja, að væru ekki á valdi þessara dreifiveitna eins og nú standa sakir. Við megum aldrei gleyma því, hve við erum fáir og að við erum ekki þess megnugir að halda uppi alls konar þjónustu nema við sameinum krafta okkar. Og það verðum við að gera á þessu sviði einnig, og það er gersamlega ástæðulaust að vera að búa þarna til einhvern ágreining á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Það er í sjálfu sér engin eðlileg forsenda fyrir slíkum ágreiningi. Ríkið tók að sér forustu í þessum málum til þess að tryggja landsmönnum öllum raforku. Það var tilgangurinn. Og þessi tilgangur hefur

náðst. Ríkið hefur sannarlega engan áhuga á því að sitja yfir hlut almennings úti um landið, engan áhuga. Og hvers vegna ætti ríkið að hafa áhuga á því? Menn eru þarna að búa til ágreining, þar sem enginn ágreiningur ætti að vera, og ég tel, að það sé mjög auðvelt að uppræta þennan ágreining, einmitt með þessari dreifingu, sem gert er ráð fyrir í till.

Hv. þm. Lárus Jónsson taldi, að ég hefði lagt of mikið upp úr ályktun Laxárvirkjunarstjórnar, þar sem hún lýsti jákvæðri afstöðu til þeirrar hugmyndar minnar, að stofnað yrði sérstakt landshlutafyrirtæki á Norðurlandi og í öðrum landshlutum. Það má vel vera, að í mínum orðum hafi falizt einhver víðari merking en er í þessari ályktun. Engu að síður var ályktunin mjög ótvíræður stuðningur við þær hugmyndir, sem ég gerði grein fyrir á fundi Sambands ísl. rafveitna og felast í þessari þáltill. En þar er allt saman í samhengi hvað við annað að sjálfsögðu. Og þegar Laxárvirkjunarstjórn tók sína jákvæðu afstöðu til þessa atriðis, þá vissi hún ósköp vel, að það var liður í stærri hugmynd, stærri samtengingu, og að sjálfsögðu kom þar fram jákvæð afstaða, sem ég fagna mjög.

Hér hefur mikið verið talað um miðstjórnarvald ríkisins, og að hér í þessari till. sé stefnt að miðstjórnarvaldi ríkisins, ríkiskapítalisma og ég veit ekki hvað og hvað. Ég held, að það sé algerlega augljóst mál, að ef við eigum að hagnýta orkulindir okkar eins og við þurfum að gera, þá verðum við að vera menn til þess að sameina krafta okkar, einbeita okkur, allri getu þessarar litlu þjóðar til þess að stuðla að slíkri þróun. Það tæki, sem við höfum í því sambandi, er ríkið. Og við skulum ekki tala um ríkið eins og einhvern fjarlægan hlut utan og ofan við okkur, því að ríkið erum við sjálf, það er þjóðin, það erum við þm., og það er ríkisstj. Og það lýðræðiskerfi, sem við byggjum upp, er aðferðin til þess, að þegnarnir geti haft áhrif á ákvarðanir þessa ríkis, að menn geti haft lýðræðisleg áhrif á ákvarðanirnar, en engu að síður sé hægt að beita sameiginlegum krafti. Og tilgangurinn með þessari Landsvirkjun Íslands, sem um er rætt, er einmitt sá, að hægt sé að beita þessu sameiginlega afli og við getum hagnýtt þá möguleika, sem gefast, á sem hagkvæmastan hátt. En þarna er einnig gert ráð fyrir lýðræðislegri uppbyggingu, þannig að landshlutarnir og fólkið geti haft bein áhrif á slíkar ákvarðanir. Það er það, sem felst í þessari till. Það er verið að búa til kerfi, beint lýðræðiskerfi, þar sem áhrif landshlutanna eru tryggð, en þar sem það er einnig tryggt, að það geti komið til sameiginlegra átaka. Og ef við getum ekki unnið þannig að málum eins og þessum og raunar miklu fleiri málum, þá munum við ekki geta staðið í samkeppni við aðra. Þjóðfélag okkar er svo smátt og einstakir aðilar í því eru svo lítils megnugir, að við munum ákaflega fljótt dragast aftur úr, ef við temjum okkur ekki samvinnu, lýðræðislega samvinnu af þessu tagi. Og einmitt þess vegna geri ég mér vonir um það enn þá, þrátt fyrir þær aths., sem hér hafa komið fram í ræðum þm. Sjálfstfl. og sem mér finnst vera minni háttar, að við getum náð samstöðu um sameiginlega stefnumörkun á þessu sviði. Ég legg á það mjög mikla áherzlu, að þessi till. verði tekin til afgreiðslu á þessu þingi, vegna þess að sú stefna, sem í henni felst, er þannig, að það mun að sjálfsögðu taka mörg ár að framkvæma hana. Það verður að framkvæma hana í mörgum áföngum, og þess vegna er það alveg nauðsynlegt, að hægt sé að hefjast handa um hagnýt verkefni á því sviði sem allra, allra fyrst, samninga við sveitarfélög, viðræður við alla mögulega aðila, breytingar á gildandi lögum o. s. frv. Og ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að að svo miklu leyti sem ég kem nálægt slíkum málum framvegis, þá mun ég tryggja það, að það verði sem allra breiðust samvinna um alla þróun þessara mála.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af aths., sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. En hann lét í ljós nokkra undrun yfir því, að nefndin, sem sett hafði verið til þess að endurskoða vatnalögin, skyldi hafa verið lögð niður. Þar sem ég ber ábyrgð á þessari ákvörðun, vil ég gera grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem lágu þar að baki.

Þegar þessi ákvörðun var tekin, stóð svo á, eins og hv. þm. er nú kunnugt um, að það höfðu risið hér á landi allmörg málaferli, að hægt er að segja, um stefnuatriði eða „prinsíp"-mál í sambandi við það efni, sem vatnalögin fjalla um og skilning á ýmsum ákvæðum þeirra. Ég nefni t. d. mál um Mývatn, ég nefni mál, sem hér hefur risið sunnanlands um rétt til vatna á afréttum eða almenningum, og enn fremur eru enn í gangi málaferli vegna Laxárvirkjunar. Þegar þannig stóð á, þá taldi ég ekki rétt að fara að efna til endurskoðunar á vatnalögunum fyrr en fyrir lægju úrlausnir dómstóla um þessi atriði. Mér fannst óeðlilegt að fara, eins og hefði mátt segja, að grípa að nokkru leyti fram fyrir hendurnar á dómstólum í þessu efni, og eins og hv. þm. vék að, voru t. d. í þessari nefnd, sem var skipuð hinum ágætustu mönnum, einn hæstaréttardómari, annar sérfræðingur í eignarrétti, sem oft situr sem varadómari í Hæstarétti og hefur m. a. að ég hygg setið eitthvað í þessum svokölluðu Laxármálum. Ég held, að það hefði verið óheppilegt, að þessir aðilar og aðrir hefðu farið að setja eitthvað á blað um þessi efni, sem dómar eiga eftir að ganga um. Og það hefði e. t. v. getað vakið upp einhverja tortryggni, að þeir hefðu þar farið að halda fram einhverjum sjónarmiðum, sem að einhverju leyti hefðu komið inn á þessi efni, sem um er deilt í þessu sambandi. Þetta var fyrst og fremst ástæðan til þess, að ég taldi rétt að fella þessa endurskoðun niður að sinni, og reyndar hef ég ástæðu til að álíta vegna annarra ummæla, sem féllu hjá hv. þm., að hann sé mér ekki ósammála um þetta atriði í sjálfu sér.

Ég viðurkenni, að það hefði auðvitað mátt hafa annan hátt á í þessu efni, sem sagt að gera ráð fyrir því við þessa nefnd, að hún bara frestaði sínum störfum og léti ekki frá sér fara mikið, á meðan á þessum málaferlum stæði. En þessi málaferli geta staðið nokkur ár, og það er nú svona heldur áhugi fyrir því að fækka nefndum hefur mér skilizt, og ég hefði ekki talið það eðlilegt að láta svona nefnd vera til á pappírnum, svo að árum skipti, án þess að hún gerði neitt.

Þetta eru sem sagt ástæðurnar fyrir því, að þessi nefnd var lögð niður, en ekki það, að ég sé þeirrar skoðunar, að vanþörf sé á endurskoðun vatnalaga. Ég fellst alveg á, að það geti verið ástæða til þess að endurskoða þau. En sú endurskoðun er sjálfsagt mikið vandaverk. Setning vatnalaga reyndist nú ekkert auðveld á sínum tíma, því að það voru ærið skiptar skoð-

anir uppi um það efni, og ég býst satt að segja við eftir því, hvernig orð falla enn í dag, að það séu í landinu æði skiptar skoðanir um ýmis „prinsíp"-atriði í sambandi við vatnalög og eignarrétt á vötnum. En auðvitað þarf að skoða þetta, og það verður væntanlega gert, hvort sem það verð ég eða einhver annar, sem á sínum tíma stofnar til þeirrar endurskoðunar. En ég álít, að það sé skynsamlegra, að þá liggi fyrir niðurstöður dómstóla til leiðbeiningar um þessi meginatriði, sem um var deilt.

Annað vildi ég ekki segja. Ég skal ekki fara að blanda mér hér í umr. um þá þáltill., sem hér liggur fyrir. Það liggur í hlutarins eðli, að ég er sammála þeirri meginstefnu, sem í henni felst.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vildi leiðrétta hér eitt eða tvö atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. iðnrh., þar sem hann í fyrsta lagi sagði, að við hefðum enga stefnu í raforkumálum. Ég vil í sambandi við dreifingu raforkunnar, sem ég ræddi um, benda á þá þáltill., sem hér var til umr. fyrr í vetur. Þar er mörkuð alveg skýr og ákveðin stefna, þar sem við leggjum til, að landshlutasamtök sveitarfélaga taki við því hlutverki, sem Raforkumálaskrifstofan hefur annazt í mjög stórum mæli fram að þessu. Þetta er stefnubreyting frá því, sem verið hefur, og ég tel, að þetta sé miklu ákveðnari stefna en fram kemur í þeirri þáltill., sem hér er til umr. nú, þar sem ákaflega erfitt er að sjá eða skilja tilgang till. og samræma hann því, sem hæstv. ráðh. vill túlka hann nú.

Þá vil ég í öðru lagi mótmæla því, að ég hafi verið með nokkurn ómaklegan áróður á Rafmagnsveitur ríkisins eða þeirra starf. Ég held, að ég hafi haft mjög svipuð orð um þær og hæstv. ráðh., að þær hafi á undanförnum áratugum unnið mjög gott og mikið starf í sambandi við raforkumálin, bæði í sambandi við orkuframleiðslu og dreifingu, meðan ekki var aðstaða til að aðrir aðilar gætu annazt þetta. Okkur greinir á um það, að ég held því fram, að raforkumálin hafi nú þróazt á það stig, að samtök sveitarfélaga, landshlutasamtök þeirra, séu þess megnug að yfirtaka það af starfi Rafmagnsveitna ríkisins, sem þær hafa annazt í sambandi við dreifinguna. Ég tel, að málin hafi þróazt þannig, að Rafmagnsveiturnar séu ekki lengur orðnar nauðsynlegur milliliður og sveitarfélögin eigi að taka þessi mál í sínar hendur sem einn þáttinn í því starfi, sem er eðlilegt að mínum dómi, að sveitarfélögin hafi með að gera. Okkur greinir á um þetta. Hæstv. ráðh. hefur sagt það hér, og það kemur fram í þáltill., að Rafmagnsveitur ríkisins eigi enn þá að vera a. m. k. að hálfu leyti eigandi að dreifikerfunum. Ég tel hins vegar, að sveitarfélagið geti mjög vel annazt þetta, eins og nú er komið málum.

Þá ítrekaði hæstv. ráðh. það aftur hér í sinni síðari ræðu, að hann vildi hafa gott samband við sveitarstjórnir í sambandi við raforkumálin. Það, sem hlýtur að vekja tortryggni um það, að þetta sé af einlægni mælt, er þá, hvernig sú nefnd, sem hann skipaði á sínum tíma til að útbúa þessa þáltill., var skipuð. Hefði hæstv. ráðh. viljað hafa gott samstarf við sveitarfélögin og Samband ísl. rafveitna, sem vissulega eru orðin stórir aðilar í sambandi við raforkumálin, þá hefði hann átt að sýna það í verki og skipa fulltrúa frá þessum aðilum í nefndina, sem nú átti að marka hina nýju stefnu, sem hefur verið lögð fram og hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir. Ég tel, að með því að ganga fram hjá þessum aðilum hafi hann síður en svo sýnt, að hann vilji í verki hafa nána samvinnu við þessa aðila, Samband ísl. sveitarfélaga eða Samband ísl. rafveitna, sem vissulega hljóta eðli málsins samkv. að hafa mikinn áhuga fyrir því, og þetta hlýtur að snerta þessa aðila báða mjög mikið, hvernig stefnan verður mótuð í framtíðinni í sambandi við raforkumálin, aðallega þó í sambandi við dreifingu raforkunnar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það eru vissulega mörg atriði, sem freistandi væri að ræða í sambandi við þessa þáltill., enda gefur lengd hennar ein út af fyrir sig tilefni til þess, ef gera má ráð fyrir, að innihald hennar sé í samræmi við lengdina, að ræða hana allítarlega. Ég skal þó reyna að forðast það, en aðeins nefna nokkur atriði, sem upp í hugann komu, þegar ég hlýddi á hæstv. ráðh. tala fyrir þessari till. og reyndar áður í sambandi við lestur og athugun till. Hæstv. ráðh. gat um, að ýmsir ágætir menn hefðu undirbúið þetta mál, og það eru vissulega allt mætir og góðir menn. Ég leyfi mér nú hins vegar að spyrjast fyrir um það, sem ekki kom glöggt fram hjá hæstv. ráðh., hvort líta bæri á þessa till. sem till. þessara manna eða hvort hér væri ekki um það að ræða, að hann hefði falið þessum embættismönnum á grundvelli einhverrar ákveðinnar meginstefnu, sem hann hefði sjálfur markað, að setja á blað það, sem hér liggur fyrir framan okkur. Það finnst mér trúlegra, og það væri a. m. k. æskilegt að fá að vita, hvort þetta er embættismannatillaga eða hvort hann hefur ekki beinlínis lagt fyrir þá að leysa þetta vandamál eða marka stefnu, sem mér finnst ákaflega eðlilegt, að hann gerði, og þetta hafi í rauninni verið vinnunefnd, sem þarna hafi starfað að því að forma till. Og satt að segja verð ég nú að segja það, af því að mér eru kunnir margir þeir mætu menn, sem þarna hafa verið að verki, að mér finnst till. í mörgum greinum ótrúlega óljós og einkennilega orðuð, ef hún er komin frá þessum mönnum að öllu leyti eða a. m. k. ef marka má mikla sannfæringu þeirra. En látum það vera.

Það er annað, sem líka kemur upp í hugann, þegar maður skoðar svona þáltill., sem hæstv. ríkisstj. leggur fyrir Alþ. í því skyni að fá markaða stefnu. Og það er sú spurning, hvort ekki sé heilsteypt stefna hjá hæstv. ríkisstj. í þessu máli, þannig að till. sé komin til vegna þess, að þar sé ágreiningur um málið eða a. m. k. ekki ákveðin, fastmótuð stefna allra hæstv. ráðh., þannig að þeir að vísu hafi gefið hæstv. iðnrh. leyfi til þess að flytja þessa till., en það sé fyrst og fremst stefnumörkun, sem hann sé hér að leita stuðnings við, vegna þess að það sé ekki fullkomlega fastmótuð sannfæring allra meðráðherra hans, að svona beri á málum að halda, en þeir eftir atvikum vilji fella sig við það, ef hann fær fyrir henni meirihlutafylgi hér á meðal þm. Ég spyr að þessu vegna þess, að að öðrum kosti er málið ákaflega einkennilega til komið, og það kannske gefur mér nokkurn rétt að spyrja með þessum hætti, að ég hef sjálfur átt hlut að því að leggja þáltill. fyrir Alþ. um staðgreiðslukerfi skatta, sem sumum fannst einkennilegt líka, að ég legði fyrir þingið, en það átti sín tildrög í því m. a., að ég sjálfur var ekki fullkomlega sannfærður um, að rétt væri að innleiða staðgreiðslukerfið, en benti hins vegar

bæði á kosti þess og galla. Málið hafði verið rætt það mikið hér á þingi og gerðar um það ályktanir, að ég taldi rétt, að Alþ. fengi að segja um það skoðun sína, og meðráðherrar mínir voru ekki heldur fyrir fram sannfærðir um, að rétt væri að taka þetta kerfi upp. Engu að síður var leitað álits Alþ. um málið.

Ég nefni þetta sem dæmi fyrir hæstv. iðnrh., ef hann vill vitna í eitthvað hliðstætt, og spyr, hvort það sé ekki hugsanlegt, að þessi till. hans nú sé fyrst og fremst skoðanakönnun, sem meðráðherrar hans hafi látið gott heita, að hann leitaði eftir, án þess að hér sé verið að slá fram fastmarkaðri stefnu ríkisstj. um það, að svona skuli þetta vera og á engan hátt annan. Þetta er mjög æskilegt að vita, vegna þess að ef hér er verið að leita eftir samstöðu við Alþ., alla flokka, þá er auðvitað sjálfsagt að skoða málið í því ljósi, og sé það ætlunin, þá verð ég þó að láta í ljós mikla undrun mína, ef hæstv. ráðh. ætlar að knýja þetta mál fram nú, vegna þess að það er komið að þinglokum. Við höfum að vísu fengið að sjá þetta fyrir ekki löngu síðan, og hér er vissulega um mikið mál að ræða, nýja stefnu, segir hæstv. ráðh., og ef hann ætlast til þess, eins og hann segir hér í dag, að hann vonist til, að það geti orðið um það samstaða á milli allra flokka, eins og hefur verið í orkumálum að undanförnu, eins og hann orðaði það, þá finnst mér hann ekki leggja lið sitt til þess, ef hann ætlar að knýja þingið til þess að gera ályktun í jafnumfangsmiklu máli eins og þessu án þess að fá svigrúm til þess að kanna það betur en er nokkur möguleiki að gera á þeim dögum, sem eru nú til þingloka. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég er alls ekki reiðubúinn til þess að taka afstöðu til þessa máls m. a. vegna þess, að ég tel, að það sé ekki nema sjálfsagður hlutur og í rauninni í samræmi við það, sem hæstv. ráðh. sagði, og ég býst við, að það sé svo í huga margra annarra hv. þm., að þeir vilji gjarnan hafa samráð við sína heimamenn.

Það eru rafmagnsveitur í mörgum héruðum og flestum kjördæmum þessa lands. Það eru sjálfstæðar virkjanir, það eru samvirkjanir sveitarfélaga og ríkis, og það eru algerar ríkisvirkjanir. Öll þessi skipan mála eða allar þessar tegundir af skipan mála eru til í sambandi við virkjanirnar sjálfar. Um þetta hafa farið fram miklar umr. Það hafa farið fram miklar umr. um t. d. jöfnun raforkuverðs. Það er búið að vera til umr. hér í þingi langalengi, og sýnist sitt hverjum um það. Að vísu telja allir, að að því verði stefnt, og mín skoðun er, að svo hljóti þetta að fara að lokum. En í ljósi þessarar staðreyndar og í ljósi þess mikilvægis, sem það vissulega er, og ég tek undir það með hæstv. ráðh., að reyna að fá sameiginlega stefnu í jafnstóru máli og hér er um að ræða, sem er mál ekki aðeins þessara næstu ára, heldur næstu áratuga, þó að við horfum nú ekki lengra fram í tímann, þá skiptir það miklu máli, að það sé ekki verið að breyta þar um grundvallarstefnu eftir því hvaða stjórn situr hverju sinni. Í því er ég honum sammála. En þegar hann talar um það, sem rétt er einnig, að þó að þessi till. verði samþ. nú á þessu þingi, þá muni það taka langan tíma að koma þessu í framkvæmd, þá sé ég ekki, hvernig hann getur ætlazt til þess og telur í rauninni nokkra þörf á því að knýja Alþ. til þess að taka ákvörðun í málinu núna, sem gæti leitt til óheppilegrar niðurstöðu, vegna þess að ég held, að við getum sameinað skoðanir okkar í þessu máli. Ég er hæstv. ráðh. sammála um það, þó að þar beri vissulega á milli sem höfuðatriði það miðstjórnarvald, sem hér er stefnt að með þessari till. Hins vegar held ég, að það geti ekki orðið neinn ágreiningur um það, að mynduð verði sérveitukerfi eða héraðsveitur. Það er í rauninni sameiginleg skoðun flestra í þessu efni, en þar er um flókið vandamál að ræða. Það eru til í þessum héruðum sumum hreinar ríkisvirkjanir. Það eru til, eins og ég segi, samvirkjanir ríkis og sveitarfélaga, og það eru til algerar einkavirkjanir þessara héraða, þannig að allt þetta þarf að skoðast mjög vandlega, hvernig hægt er að koma þessu á. Þróunin hefur öll gengið í átt til aukins samruna, og það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það hlýtur að líða að því, að öll orkuver landsins verði tengd saman. En það er hægt að gera þetta með mismunandi hætti. Hafa þegar verið mörkuð ýmis mikilvæg stefnuatriði í þessu, eins og t. d. með lögunum um Landsvirkjun og ákvæðunum um það, að Laxárvirkjun geti gerzt aðili að Landsvirkjun, ef hún óski eftir því. Þá er gert ráð fyrir því að tengja saman samveitukerfi Norðurlands og Suðurlands, ef það þykir henta. Austurlandið verður vafalaust þar með, og önnur héruð landsins koma, þegar tímar líða. En það þarf margt að skoða í þessu efni.

Það kemur nú á daginn, að einn af ágætum hv. þm. Norðurl. e. og hæstv. ráðh. greinir á um það, hvernig beri að skilja ályktun Laxárvirkjunarstjórnar um skoðanir hæstv. ráðh. Hann vill túlka hana sem algert jáyrði Laxárvirkjunarstjórnar við þeirri hugmynd, sem hér er sett fram. Ég leyfi mér að taka undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér, að ég held, að hæstv. ráðh. leggi of ríkan skilning í það, sem hér er um að ræða. Þar hefur komið fram velvilji, sem ég hygg, að sé hvarvetna fyrir hendi, ef skynsamlega er á málum haldið. Ég er hæstv. ráðh. sammála um, að það hafi verið rétt, að hann túlkaði þetta mál á fundi Sambands ísl. rafveitna, en það á ekki að þvinga þm. til þess að taka afstöðu í svona máli á 2—3 vikum, um grundvallarstefnumörkun til framtíðarinnar, án þess að þeir geti farið heim í sín kjördæmi og rætt þessa nýju hugmynd — hann segir sjálfur, hæstv. ráðh., að hér sé um nýja stefnu að ræða, — við þá aðila, sem með orkumálin fara. Ég vil nú biðja hæstv. ráðh. bara í fullri vinsemd að taka það til íhugunar, hvort mín skoðun í þessu efni sé ekki rétt. Ég er sannarlega ekki að mæla þar af neinum fjandskap við þær hugmyndir, sem hæstv. ráðh. er með, en ég tel, að það væri hreinn flumbruskapur að fara að heimta það af þinginu — það getur verið, að hann geti knúið sitt lið til þess, hann knýr varla aðra til þess — að samþykkja þessa þál. hér, og niðurstaðan yrði þá sú, að við kæmum klofnir fram í máli, sem við kannske alls ekki erum klofnir í.

Þessu vildi ég leyfa mér að skjóta fram sem grundvallaratriði í þessu máli, án þess að fara að ræða einstök atriði þess. En við sjáum nú strax, hvað þetta er flókið, til viðbótar því, sem ég gat um, hinar mörgu tegundir orkuvera, hvernig eignaraðild þeirra er háttað. Landsvirkjun er sameign ríkis og Reykjavíkurborgar. En hver er skoðun Reykjavíkurborgar á því, að talað er um, að ríkið eigi áfram að eiga, eins og það er orðað, a. m. k. 50% í þessari nýju Landsvirkjun Íslands, þá væntanlega þessari Landsvirkjun hér? Hún verður stofninn að Landsvirkjuninni. Á þá smám saman að rýra hlut

Reykjavíkurborgar og eignaraðild að þessari virkjun? Og með hvaða hætti á það að gerast, og hvað segir Reykjavíkurborg um það? Lýstu þeir blessun sinni yfir þessu á fundi Sambands ísl. rafveitna? Ég spyr. Borgarstjóri Reykjavíkur á hér sæti á Alþ., og hefði verið æskilegt, að hann hefði getað fengið tækifæri til þess að lýsa skoðun sinni í því máli. Vonandi getur hann það, áður en til loka málsins kemur, en hér er vissulega ekki um lítið atriði að ræða.

Ég held, að eins og þetta mál liggur fyrir og ef á ekki að fá að skýra það betur, heldur aðeins að gleypa það hrátt, eins og það er lagt hér fyrir, þá skapist sú mikla tortryggni, sem hér hefur verið vikið að, að hér sé stefnt að algeru miðstjórnarvaldi um alla orkuvinnslu í landinu. Ég skal engu um það spá, hvort þróunin verður sú og að sett verði upp slíkt fyrirtæki, sem hæstv. ráðh. talar um. En ég held, að menn vilji hugsa sig töluvert um, áður en þeir fara að slá föstu slíku miðstjórnarvaldi yfir allri orkuvinnslu undir einum hatti. Og það er vægast sagt ákaflega hæpið að halda því fram, að af því að til séu héraðsveitur, sem eigi aðild að þessu mikla bákni, þar sem ríkið á að vera a. m. k. helmingsaðili, — ég legg áherzlu á, a. m. k. helmingsaðili, — leiði það af sér, að verið sé að auka valdsvið héraðanna. Varla a. m. k. þeirra, sem þegar eiga sín orkuver sjálf. En það kann vel að vera miðað við þá þróun, sem er í rafvæðingarmálum, og þá miklu nauðsyn, sem hæstv. ráðh. gat um og við getum allir tekið undir að sé á því að framleiða ódýra raforku, að þetta reynist að lokum skynsamlegt að gera. En ég held, að málin hafi verið að þróast í heilbrigða átt á undanförnum árum og skilningur manna sé smám saman að vaxa á því, að það þurfi jafnsjálfsagðan hlut og að tengja saman orkuver. Það muni koma. Þetta er ekki ný uppáfynding hjá hæstv. ráðh. og að því leyti ekki nein ný kenning. Þetta hafa menn vitað, að yrði þróunin, eftir því sem orkumálin mjökuðust áfram. Að vísu hafa menn gjarnan viljað hafa virkjanir sem víðast um landið, og auðvitað væri það alveg fráleitt að ætla að virkja á einum stað í landinu og dreifa svo með „hundum" rafmagninu um allt landið. Það mundi skapa slíkt öryggisleysi, að það væri ekki tiltækilegt, enda veit ég, að það er ekki skoðun hæstv. ráðh. En það er hægt að gera þetta með ýmsum hætti, og þessi orkuver þurfa ekki öll að vera undir sömu stjórn. Það má tengja þau saman, og það má vel hugsa sér nána samvinnu á milli þeirra, án þess að þau séu eign sama aðila, alveg eins og verið hefur, þannig að það er ekkert upplagt mál endilega á þessu stigi að ætla nú allt í einu að fara að rjúka í að marka ákveðna stefnu í þessu, sem í rauninni ekkert liggur á að gera.

Menn eru sammála um það, eins og hæstv. ráðh. sagði, hvað gert hefur verið. Menn eru sammála um, að ráðizt verði í nýja stórvirkjun hér. Að vísu eru menn ekki sammála um, hvort eigi að ráðast í þetta án þess að nokkur vissa sé um, hvort nokkur þurfi á rafmagninu að halda eða ekki. Þar er ég á öðru máli en hæstv. ráðh. Ég held, að það væri ekki giftusamlegt, en ég skal ekki fara út í þá sálma. En um þessa þróun hafa menn verið sammála, og því þá í ósköpunum að vera að knýja hv. þm. með offorsi nú á síðustu dögum þingsins til þess að fara að skrifa undir þennan langhund, sem þessi þáltill. óneitanlega er, og fá ekki að skoða hana ofan í kjölinn, hvað í henni raunverulega felist?

Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. segi, að ég sé með þessu enn þá einu sinni að sýna það, að Sjálfstfl. hafi enga stefnu í orkumálum og bjóði ekki upp á neina aðra stefnu. Við erum ekkert endilega að segja, að við getum ekki fallizt á margt, sem í þessari till. er, og við höfum vissulega ráðið í veigamiklum efnum um stefnuna í orkumálum undanfarin ár. Ég veit ekki betur en að undanfarin 12 ár hafi orkumálaráðh. verið úr Sjálfstfl. og hafi markað stefnuna í orkumálum, þá stefnu, sem hæstv. núv. orkumálaráðh. segir, að enginn ágreiningur sé um. Þá er naumast hægt að segja, að flokkurinn hafi enga stefnu.

Nei, ég ítreka það og legg á það áherzlu við hæstv. ráðh. og trúi ekki öðru en hann a. m. k. vilji íhuga það, ef hann hefur á annað borð áhuga á því, sem hann sagði hér, að fá um þetta mikla hagsmunamál þjóðarinnar samstöðu, að hann knýi ekki fram afgreiðslu þessarar till. Það hefur sína þýðingu, að hann hefur lagt hana fram, en æskilegt er, að þm. geti farið heim og rætt við þá menn, sem með orkumál fara í þeirra kjördæmum. Ég óska þess fyrir mitt leyti, og með því móti er ég ekkert að lýsa andstöðu né meðmælum, heldur vil ég skoða það nánar, hvernig menn líta á þessi mál, sem ábyrgð bera á orkumálunum í mínu kjördæmi a. m. k., þó að ég hugsi ekki lengra, og mér þykir ólíklegt annað en að sú hugsun sé ofarlega í huga margra hv. þm., ekki síður í stjórnarliðinu en í stjórnarandstöðunni.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil fyrst svara tveimur fsp., sem hv. þm. Magnús Jónsson beindi hér til mín. Hann spurði mig, hvort þessar till. væru till. þeirra sjö manna, sem nefndir eru í grg. till., eða hvort það væru till. mínar. Þetta eru að sjálfsögðu till. ríkisstj. Þær eru unnar í mínu rn. með tilstyrk þessara sjö ágætu manna. Eins og ég sagði áðan, voru þeir persónulegir ráðgjafar mínir í þessu máli. Ég ráðgaðist við þá, ég sagði þeim frá mínum hugmyndum, þeir sögðu mér frá sínum hugmyndum, og að sjálfsögðu eru þeir allir sammála þeirri stefnu, sem í till. felst. Ég held, að það geti enginn áfellzt mig fyrir, að ég hafi valið í þessa nefnd út frá einhverjum pólitískum sjónarmiðum. (Gripið fram í.) Nei, en ég verð að lýsa yfir sérstakri undrun minni á því, að ég sá það í Morgunblaðinu á dögunum, að í þessari till. kæmi fram einhver vinstri afturhaldsstefna. Mér þykir það dálítið einkennilegt, ef það er orðin afstaða Sjálfstfl. eða mat Sjálfstfl. á mönnum, að til að mynda menn eins og dr. Jóhannes Nordal og Árni Snævarr séu orðnir vinstri afturhaldsmenn.

Í annan stað spurði hv. þm. Magnús Jónsson um það, hvort þetta væri flutt hér sem einhvers konar skoðanakönnun, hvort þetta væri líkt því, þegar hann flutti á sínum tíma þáltill. um staðgreiðslukerfi skatta og mælti með og móti og hafði eiginlega enga fastmótaða stefnu sjálfur. Sú er ekki raunin. Þessi þáltill. er flutt af ríkisstj. En ríkisstj. telur það ákaflega mikilvægt, að framtíðarstefnan sé mótuð af Alþ. einmitt nú. Eins og hv. þm. Magnús Jónsson tók fram, eru það margir fleiri aðilar en ríkið, sem eiga mikilla hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Þar er um að ræða sveitarfélög, þar er um að ræða einkarafveitur. Það verður mikið og flókið mál að semja við þessa aðila og ná sameiginlegri niðurstöðu í viðræðum við þá. Og einmitt þess vegna eru það að

minni hyggju rétt þingræðisleg og lýðræðisleg vinnubrögð, að hér sé mótuð heildarstefna í þessum málum og síðan verði farið í það að reyna að framkvæma þá stefnu í verki.

Ég tel ekki, að ég sé að fara fram á það, að Alþ. afgreiði þetta mál af neinum flumbruskap. Eins og ég hef getið um áður, sendi ég þingflokkunum öllum handrit af þessu fyrir mánuði, að ég hygg, og ég talaði við þm. í öllum flokkum, að ég hygg, og fór fram á það, að þeir létu mig vita, ef það væru einhver atriði, sem þeir hefðu hug á að breyta, og ég sagðist vera mjög fús til samvinnu um þessi mál. Þingflokkarnir hafa haft þetta mál til umr. hjá sér um langan tíma, og ég vænti þess, að þeir hafi notað þann tíma vel.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., það er engin byltingarstefna boðuð í þessari till. Þarna er um að ræða fjölmörg atriði, sem við höfum rætt um á undanförnum árum og ég veit ekki til þess, að neinn ágreiningur sé um. Það er ekki verið að fara þvert á hluti, sem verið hafa að gerast að undanförnu, síður en svo. Þetta er í ákaflega eðlilegu samhengi við þá þróun, sem hefur verið hér á Íslandi núna í aldarfjórðung. Ef þetta væri eitthvert algert nýmæli, eitthvað, sem kæmi þvert á það, sem tíðkazt hefur að undanförnu, þá skildi ég það, að hv. þm. þyrftu að hugsa sig dálítið mikið um. En sú er sannarlega ekki raunin. Ég tel ákaflega mikla nauðsyn á því, að framkvæmdum í þessum málum sé hraðað eftir megni. Ég geri mér það ljóst, að þau hljóta að taka langan tíma. En ég segi fyrir mig, ég vil mjög gjarnan geta notað sumarið í sumar til þess að þoka fram því, sem hægt er að þoka fram í sambandi við þessi mál. Og mér finnst alls ekki vera farið fram á mikið að ætlast til þess, að Alþ. móti heildarstefnuna í þessum málum. Síðan mun reyna á fjölmörg framkvæmdaatriði í sambandi við óhjákvæmilega lagasetningu varðandi þessi mál, og að sjálfsögðu verður haft samband við Alþ. um alla slíka þætti. Það má vel vera, að reynslan sýni okkur það, að við þurfum að breyta einhverju í þessu. En það, sem við getum gert núna, er að móta þá heildarstefnu, sem við teljum sannasta og réttasta eins og þekking okkar og reynsla sýnir okkur núna, þannig að ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut því til fyrirstöðu, að hægt sé að afgreiða þessa till. á þessu þingi, og mér finnst ekki, að ég sé þar með neina tilætlunarsemi við hv. þm.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að gera örfáar aths. við mál hæstv. ráðh., einkum að því er varðar túlkun hans á samþykkt stjórnar Laxárvirkjunar. Ég gerði aths. um það í fyrri ræðu minni og las þá hér þessa samþykkt, sem ótvírætt er aðeins um einn þátt þeirrar stefnu, sem fram kemur í þessari þáltill., og ég vil endurtaka og lesa upp aftur þessa samþykkt:

„Stjórn Laxárvirkjunar lýsir yfir jákvæðri afstöðu til þeirra hugmynda iðnrh. um orkuvinnslufyrirtæki fyrir Norðurland, sem fram komu í ræðu hans á miðsvetrarfundi Sambands ísl. rafveitna. Stjórn Laxárvirkjunar telur eðlilegt, að skipuð verði nefnd til könnunar á málinu og telur sig reiðubúna til þess að tilnefna mann í þá nefnd."

Hér er sem sagt lýst þeim vilja, að ákveðin hugmynd um einn þátt þessarar stefnu verði könnuð. Mér þykir það skjóta mjög skökku við, ef hæstv. ráðh. getur sagt það hér, að öll þessi stefna sé auðvitað í samhengi og þess vegna beri að túlka þetta sem jáyrði við allri stefnu þeirri, sem fram kemur í þessari þáltill. Það er lögjöfnun, sem ég tel, að sé ákaflega furðuleg og skil ekki, hvernig hægt er að koma heim og saman.

Enda þótt stefnt sé að landshlutafyrirtækjum um orkuvinnslu, bæði á Norðurlandi og annars staðar, þá er vitanlega hægt að haga öðrum þáttum skipulags raforkumálanna á allt annan hátt en gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Ég benti á í minni ræðu, að það kæmi mjög til álita, hvort ekki væri rétt að fela sveitarfélögunum í einstökum landshlutum í sameign þeirra eða í samstarfi þeirra að reka dreifiveitur t. d. Það er ekkert, sem kemur í veg fyrir það, þó að um sé að ræða, að stofnuð séu orkuvinnslufyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna í hinum ýmsu landshlutum. Þar er um að ræða allt aðra stefnu samt sem áður en kemur fram í þessari þáltill., því að það er skýrt tekið fram í henni, að ríkið skuli eiga a. m. k. 50% í dreifiveitum landshlutanna. Og ég spyr: Ef ríkið á 50% í dreifiveitum landshlutanna og það á líka 50% í þeim fyrirtækjum, sem eiga að vera eins konar yfirstjórn þessara fyrirtækja, hvað er þá vald heimamanna orðið mikið í þessum málum? Ég benti einnig á, að það kynni að vera erfitt fyrir sveitarstjórnir að finna fjármagn, því að það er skýrt tekið fram í þessari þáltill., að sveitarstjórnir þurfi að finna fjármagn til þess að leggja fram á móti ríkinu til þess að taka eðlilegan þátt í þessum dreifiveitum, landshlutafyrirtækjum, sem annast bæði dreifingu og orkuvinnslu. Ég verð því að segja, að það er í algeru ósamræmi við rök almennrar skynsemi að tala um það, að stjórn Laxárvirkjunar leggi blessun sína yfir þessa þáltill. í heild.

Við erum alltaf að tala um, að við þurfum að fá sveitarstjórnunum meiri verkefni. Það sé eðlilegt frá lýðræðislegu sjónarmiði, vegna þess að fólkið heima fyrir viti betur, hvar skórinn kreppir á hinum ýmsu sviðum. Raforkumálin eru einn sá þáttur, sem fólk hefur einna mestan áhuga á að hafa sem beinust áhrif á, og þess vegna finnst mér, — og ég er ekki einn um þá skoðun, — að það hljóti að koma mjög til álita að fela samtökum sveitarfélaga dreifingu raforku. Og ég benti á það í minni ræðu áðan, þannig að ég verð að segja það, að þær aths. hæstv. ráðh., að ekki hefðu komið fram neinar hugmyndir um aðra stefnu frá öðrum ræðumönnum hér, eru svona meira en lítið hæpnar.

Fyrst ég er hér staðinn upp á annað borð, langar mig aðeins til að gera aths. við margítrekaðar staðhæfingar hæstv. ráðh. um sölu á raforku til stóriðju. Hann hefur oft hér á hv. Alþ. gert samanburð á því að selja raforku á 22 aura frá Búrfellsvirkjun og 35 aura frá Sigölduvirkjun. Og hann hefur meira að segja sagt hér, — ég held, að það sé rétt munað hjá mér, — að Íslendingar væru 4 þús. millj. ríkari, ef þeir hefðu selt orkuna á sínum tíma frá Búrfellsvirkjun á 35 aura. Ég fæ nú ekki séð, hvernig hægt er að gera svona samanburð og ætlast til þess, að hv. alþm. taki þetta sem góða og gilda vöru. Auðvitað kostaði Búrfellsvirkjun á sínum tíma margfalt minna en Sigölduvirkjun. Við vitum það, að rekstrarkostnaður orkuvera er fyrst og fremst fólginn í þeim mikla fjármagnskostnaði, sem þeim er samfara. Og hvert kw í Sigölduvirkjun er því miklu dýrara fyrir þjóðina en í Búrfellsvirkjun, vegna þess að þar er mikill

verðmunur á, bæði vegna verðhækkana og eins líka vegna þess, að Sigölduvirkjun er ekki eins hagkvæm og Búrfellsvirkjun. Það er það, sem þarf að mæla, hvað verður eftir, en ekki brúttósöluverð. Það er það, sem þarf að mæla, þegar á að fara að bera saman hagkvæmni slíkra virkjana. Það væri alveg eins hægt fyrir okkur að segja: Hvers vegna seldum við fisk 1967? Það var miklu óhagkvæmara fyrir okkur að selja fisk 1967 en nú. (**MK:** Bindandi samning til 25 ára, en fiskverð eins og það var fyrir nokkrum árum.) Við seldum fisk þá, og það var hagkvæmt fyrir okkur að selja hann þá. Við hefðum ekki verið hér, ef við hefðum ekki selt fisk 1967, þannig að ég fæ ekki séð, að svona lagaður samanburður fái staðizt og undarlegt að ætlast til þess, að alþm. taki þetta sem góða og gilda vöru. Það hefur nú að vísu komið oft fram, að hæstv. ráðh. gera sér ekki allt of háar hugmyndir um greind okkar alþm. og þekkingu, en mér finnst nú skörin færast svo upp í bekkinn, að ég get ekki orða bundizt, þegar svona er borið á borð.

Eins þetta með samningsaðstöðuna við erlenda aðila, hvort það skipti höfuðmáli, hvort samið er við erlenda aðila um leið og virkjunarákvörðun er tekin eða hvort það er gert síðar. Ef við gerum samning um stórfellda orkusölu við erlenda aðila, þá erum við ekki bara að tala við einn aðila hverju sinni, en aftur á móti, ef við geymum það að gera samninga við aðila, sem kaupa orku í stórum stíl, hvort sem það eru innlendir eða erlendir aðilar, ef við geymum það að gera samninga við þá, eftir að við erum búnir að taka ákvörðun um virkjun og færum að framkvæma virkjunina, þá fæ ég ekki betur séð en það sé algerlega hægt að setja okkur stólinn fyrir dyrnar, því að við verðum að selja orkuna. En við förum út í Sigölduvirkjun núna án nokkurra orkusölusamninga, hvort sem það er við innlenda eða erlenda aðila, þannig að ef við getum ekki nýtt virkjunina til fulls fljótlega eftir að hún er byggð, þá hljótum við að gera alveg stórfellt fjármálalegt glappaskot, því að það kostar okkur alveg jafnmikið að framleiða þessa orku, hvort sem við seljum hana eða seljum hana ekki. Það skiptir auðvitað meginmáli í þessu efni, að það þarf að gera orkusölusamninga við innlenda eða erlenda aðila og tengja það ákvörðun um stórvirkjanir, og það er bitamunur en ekki fjár, hvort það er gert þannig, að tekin er ákvörðun á pappírnum um það að gera einhverja virkjun, en verða síðan að semja, það er bitamunur en ekki fjár, hvort það er sem sagt gert samtímis eða eftir á.

Ég vil spyrja í þessu sambandi, og hæstv. ráðh. getur upplýst mig um það: Er mögulegt að fara út í framkvæmd á Sigölduvirkjun án stórfelldra orkusölusamninga, og verður þess vegna ekki að tengja raunverulegar ákvarðanir um virkjunina við slíka samninga, hvort sem það er við erlenda eða innlenda aðila?

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr., en í framhaldi af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér réttilega áðan um röksemdir hæstv. iðnrh. um orkuverð og stóriðju, sem ég verð nú satt að segja að segja líka, að ég hlustaði á með mikilli forundrun og hef oft gert, þá var enn eitt atriði, sem hæstv. ráðh. gat um, sem hann sagði, að engum manni mundi detta í hug hér eftir að gera, og það væri að semja við erlendan aðila um það, að viðkomandi aðili keypti á þann hátt, sem hefur verið gert í sambandi við álbræðsluna, hinn erlendi aðili ætti algerlega fyrirtækið, iðnfyrirtækið, og gerði aðeins orkusölusamning eða orkukaupasamning við íslenzka ríkið eða þann aðila, sem orkuna á hér á landi. Ég held, að það, sem gerzt hefur að undanförnu, hafi sannfært menn um, að þetta er tvímælalaust rétt að gera í ýmsum tilfellum, og við höfum alveg fyrir okkur sláandi dæmi. Hvar hefðum við verið staddir í sambandi við það, ef við hefðum átt álbræðsluna í Straumsvík, hefðum verið búnir að slá fyrir henni lán erlendis, sem ég skal ekkert segja nema við hefðum getað, þegar verður stórfelldur samdráttur á álsölu í heiminum og við ráðum ekki við markaðinn? Og það er staðreynd, að Swiss Aluminium lét keyra þessa verksmiðju stanzlaust, en ekki draga úr framleiðslunni, eingöngu vegna þess að þeir voru bundnir af orkusölusamningi við okkur og urðu að nýta þessa orku. Ég held, að við höfum þarna alveg sláandi dæmi um það, hversu gálaust það hefði í rauninni verið, ef við hefðum sjálfir ætlað að fara að taka á okkur þá áhættu að reisa álbræðslu í stað þess að gera þá samninga, sem gerðir voru í sambandi við álbræðsluna. Ég held því, að einmitt þessi reynsla okkar nú, hvað hefur gerzt, muni verða þess valdandi, að jafnvel hæstv. iðnrh., sem ég veit, að er gáfaður og íhugull maður, muni fullkomlega íhuga það, hvort ekki sé rétt að gera einhverja svipaða samninga, þegar að því kemur, að hann semur við einhvern erlendan aðila, sem mér skilst, að hann hafi marga á fingrum sér. Ég veit ekki, hvort það er á hverjum fingri, en það séu margir möguleikar og margir hafi áhuga og hann vilji gjarnan við marga tala, en það má mikið vera, ef hann hugsar sig ekki um tvisvar, áður en hann fer að taka allt of mikla áhættu af stóráhættusömum rekstri, sem kostar mikið fjármagn í fjárfestingu, eins og á sér stað með álbræðsluna, ef hægt er að gera það á annan hátt, eins og hér hefur gerzt með okkar samningum við Swiss Aluminium.

En aðalástæðan til þess, að ég stóð hér á fætur, var sú, að ég harma það mjög, að hæstv. ráðh. skyldi taka þá afstöðu, sem hann hefur gert í þessu máli. Það getur verið, að það séu 3—4 vikur síðan hann afhenti okkur til athugunar þessa löngu grg., sem er ekki um neitt smámál, og því fer víðs fjarri, að það hafi verið eining um þetta mál hér á Alþ., einstök veigamikil atriði þess eins og bæði jöfnunarverð á raforku, eignarrétt á orkuverum og annað þess konar. Hann getur ekki ætlazt til þess, að allir þm. séu reiðubúnir að taka afstöðu til þessarar stefnumörkunar hans, jafnvel þó að dr. Jóhannes Nordal, sem ég virði mikils og ég vona, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. taki eins mikið mark á í öllum öðrum efnum og hann virðist hafa gert í þessu efni, þó að hann sé höfundur að þessu plaggi. En ég a. m. k. get ekki tekið þá afstöðu, og það liggur þá alveg ljóst fyrir eftir þessa afstöðu hæstv. ráðh., að það er á hans ábyrgð, en ekki okkar þm., náist ekki eining og verði andstaða við lausn þessa máls og það komi þannig fram, að það virðist vera klofningur um heildarstefnuna í orkumálum Íslands. Ég vil sem þm. fá að ræða þessi mál, sem eru þýðingarmestu mál fyrir flest eða öll kjördæmi. Ég vil fá að ræða þau við ábyrga aðila heima í mínu kjördæmi, og ég vænti þess, að aðrir þm. hugsi eins og láti sér ekki nægja það eitt, að hæstv. ráðh. með

ráðunautum sínum hafi hugsað þetta mál. Það er góðra gjalda vert. En við viljum fá að skoða það, og ég álít það ekki sýna neinn aumingjaskap hjá hv. þm., þó að þeir vilji ekki taka afstöðu til þessa veigamikla máls, sem hefur jafnmargar hliðar, án þess að ræða við ábyrga aðila heima í sínum kjördæmum. Og ef hæstv. ráðh. ætlar því að knýja þetta mál fram núna, þá er það algerlega á hans ábyrgð, að það verður ekki eining hér á Alþ. um afgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Sþ., 5. maí, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til fjvn. með 42 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

48. Upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar.

Á deildafundum 21. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fjárhagslegan stuðning við upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar [263. mál] (A. 599).

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 62., 63. og 65. fundi í Sþ., 28. apríl, 2. og 9. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 599 höfum við hv. 12. þm. Reykv. og hv. 9. landsk. þm. leyft okkur að flytja till. til þál. um fjárhagslegan stuðning við upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar. Við lifum á nýrri upplýsingaröld í þeim skilningi, að meiri möguleikar hafa skapazt til söfnunar upplýsinga og gagnavinnslu en áður með tilkomu nýrra tækja og nýjum geymsluaðferðum. Jafnframt hefur þjóðlífið orðið flóknara og kröfur aukizt um, að ákvarðanir séu teknar á grundvelli haldgóðra upplýsinga. Einnig má bæta því við, að hinn almenni borgari gerir meiri kröfur til þess en áður, að leyndardómshulu sé svipt af starfsemi einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera. Verður þetta að teljast eðlileg ósk í lýðræðisþjóðfélagi og forsenda þess, að einstaklingar geti myndað sér skoðun sjálfir á grundvelli þeirra gagna, sem staðið hefur verið að með hlutlægum hætti. Samtök allra atvinnuvega á Íslandi hafa skynjað bæði þörfina á því að safna upplýsingum og miðla fróðleik til félaga sinna og almennings. Sömuleiðis hefur og að sjálfsögðu verið unnið að margs konar upplýsingasöfnun og útgáfustarfsemi á vegum opinberra aðila, og má þar nefna Hagstofu Íslands og Efnahagsstofnunina, ráðuneyti, Seðlabanka Íslands og fleiri aðila. Þegar talað er um höfuðatvinnuvegi Íslendinga, er einatt notuð fjórskiptingin í sjávarútveg, landbúnað, iðnað og verzlun. Á vegum bæði sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar eru rekin samtök eða stofnanir styrktar í þágu þeirra, sem stunda margs konar upplýsinga- og rannsóknarstarfsemi. Þessir aðilar njóta stuðnings af hálfu hins opinbera í einu eða öðru formi. Það heitir að vísu ekki jafnan, að stuðningurinn sé beint til rannsóknarstarfsemi, en hún er kostuð af rekstrarfénu. Þetta á við um Búnaðarfélag Íslands í landbúnaði, Fiskifélag Íslands í sjávarútvegi, Iðnþróunarstofnun Íslands og útflutningsmiðstöð í iðnaði. Auk þess eru reknar rannsóknarstofnanir í þágu þessara atvinnuvega, sbr. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, fiskiðnaðarins, byggingariðnaðarins og iðnaðarins, að ógleymdri Hafrannsóknastofnuninni, Rannsóknaráði ríkisins o. fl.

Hér skulu ekki tilfærðar tölur um fjárveitingar til þessara stofnana, en greinilegt er, að verzlunin í landinu er mjög afskipt í þessum efnum. Þetta er þó ekki vegna þess, að ekki séu næg verk að vinna eða að ekki sé mikilvægt að efla upplýsingasöfnun og rannsóknir á íslenzkri verzlun. Bæði samtök verzlunarinnar og opinberir aðilar hafa hvað eftir annað bent á tilfinnanlegan skort á upplýsingum um verzlunina og talið brýnna úrbóta þörf. Þá þáltill., sem hér er flutt, ber að skoða í ljósi þessa. Það er ekki óeðlilegt, að ríkisvaldið styðji verzlunina í því að safna frumupplýsingum um ýmsa þætti verzlunarinnar, sem opinberir aðilar hefðu ekki komizt yfir að vinna í náinni framtíð, auk þess sem mikill akkur væri í að koma á staðlaðri upplýsingasöfnun á breiðum grundvelli innan verzlunarinnar sjálfrar í því skyni að geta fengið ferskar og sambærilegar upplýsingar um stöðu verzlunarinnar og þróun, þegar taka á mikilvægar ákvarðanir í verzlunarmálum. Auk þess eru ýmis atriði, sem varða almennan fróðleik, eins og um skipulagsuppbyggingu verzlunarinnar, vörudreifingu um landið og fleira.

Nú er verzlunin mjög margþætt grein, bæði með tilliti til mismunandi verzlunarstiga, verzlunarforma og tegunda af vöru og þjónustu. Æskilegt væri, að allir aðilar verzlunarinnar gætu sameinazt um rekstur upplýsinga- og rannsóknarmiðstöðvar viðskiptalífsins og að þetta verði sérstök stofnun, sem yrði fjármögnuð með fé frá samtökum verzlunarinnar og frá hinu opinbera. Sterklega kemur einnig til greina, að þessi starfsemi yrði tengd viðskiptadeild Háskólans með einum eða öðrum hætti, t. d. gæti viðskiptadeild átt aðild að stjórn stofnunarinnar eða tekið að sér að vinna tiltekin verkefni á hennar vegum. Mér er kunnugt um, að a. m. k. bæði í Noregi og Danmörku hefur hið opinbera veitt fjárframlög til verzlunarinnar til upplýsingasöfnunar og rannsóknarstarfsemi.

Hér er ekki unnt að greina í smáatriðum frá því, í hverju starfsemi rannsóknarmiðstöðvar viðskiptalífsins

yrði fólgin, en til frekari glöggvunar um, hvað fyrir flm. þáltill. vakir, má nefna eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi að gera sams konar yfirlit yfir rekstur verzlunarinnar, helzt á ýmsum þáttum hennar aðgreindum, og Efnahagsstofnunin og væntanlega nú Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gert fyrir sjávarútveg og iðnað og að nokkru leyti landbúnað.

Í öðru lagi að gera yfirlit yfir fjölda heildverzlana og smásöluverzlana eftir veltu, fjölda starfsmanna, launagreiðslum, sköttum og gjöldum af ýmsu tagi, vöruflokkum, birgðamagni, starfsþáttum og þess háttar, auk þess sem kannaðar skulu breytingar milli ára á framangreindum liðum með tilliti til mismunandi verzlunarstarfsemi.

Í þriðja lagi má nefna að flokka fyrirtækin eftir rekstrarformi og eignaraðild, svo og að kanna stofnun fyrirtækja og fyrirtækjaslit.

Í fjórða lagi að kanna skiptingu verzlunar í heildsölu og smásölu milli ríkisfyrirtækja, samtaka framleiðenda, Sambands ísl. samvinnufélaga og einkaaðila, eftir því sem við á. Að kanna vörudreifingu um landið og hvernig henni verði bezt hagað með tilliti til heilbrigðrar byggðaþróunar. Að gera könnun á mismunandi dreifileiðum, bæði með tilliti til innfluttrar vöru og vöru framleiddrar innanlands. Einnig skal gert yfirlit yfir, hvernig fjármögnun á mismunandi starfsþáttum fer fram og hvaða greiðsluskilmálar eru á mismunandi stigum í keðjunni frá framleiðanda til hins endanlega neytanda. Að gera samanburð við hliðstæða starfsemi erlendis, eftir því sem kostur er á. Að gera till. um skynsamlega flokkun á verzluninni með tilliti til framtíðarkannana, sömuleiðis að vinna eftir þessari flokkun og að gera till. um staðlaða gerð framtalseyðublaða og könnunargagna með tilliti til þess, að handhægar upplýsingar fáist og úrvinnsla þeirra verði sem greiðust, m. a. með því að miða hana við notkun rafreikna.

Eðlilegt er, að hér sé höfð náin samvinna við Hagstofu Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, Seðlabanka Íslands og ríkisskattstjóra, svo að helztu aðilar séu nefndir. Þá má að lokum geta um, að út verði gefnar upplýsingar reglulega um verzlunina í landinu.

Með samþykkt þeirrar till., sem hér er flutt, væri gefið vilyrði fyrir fjárhagslegum stuðningi hins opinbera, sem flm. till. eru sannfærðir um, að nægja mundi til, að úr framkvæmd yrði, enda verður að telja, að verzlunin eigi siðferðilegan rétt á slíkum stuðningi til jafns við aðra aðalatvinnuvegi þjóðarinnar.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að till. þessari verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 18. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

49. Starfshættir skóla og aðstaða til líkamsræktar.

Á deildafundum 24. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um starfshætti skóla og aðstöðu til líkamsræktar [266. mál] (A. 614).

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 62., 63. og 65. fundi í Sþ., 28. apríl, 2. og 9. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 614 um starfshætti skóla og aðstöðu til líkamsræktar. Till. er þannig orðuð:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka:

1) aðstöðu til líkamsræktar í skólum landsins,
2) vinnuálagið í skólum.

Rannsókninni skal hraðað svo sem tök eru á, og gera skal Alþingi grein fyrir árangri, þegar það kemur saman í haust."

Það er öllum hv. þm. vitanlegt, að skólamálin yfir höfuð að tala eru nú mjög í deiglunni. Hér hafa verið til meðferðar á Alþ. á undanförnum vetrum ýmis frv. um skólamál. Sum þeirra hafa verið útrædd og afgreidd, önnur sýnd og síðan tekin aftur til nýrrar meðferðar hjá stjórnarvöldum. Svo er t. d. um grunnskólafrv., sem flutt var hér á þingi í fyrra, en ekki afgreitt þá og væntanlega er í athugun hjá skólayfirvöldum. Nefndir hafa setið að störfum og sitja enn á ýmsum sviðum skólamálanna, og það eru í gangi svokallaðar skólarannsóknir ár frá ári.

Það er engin furða, þótt þannig séu mörg járn í eldi varðandi þessi umfangsmiklu mál, fræðslumálin, því að hér er vissulega mikið í húfi.

Útgjöld hins opinbera vegna skólahalds almennt í landinu eru afar mikil, þannig að samtalan úr þeim dálki fjárlaga, sem heyrir undir menntmrn., er 3 milljarðar kr. á árinu 1972. Það er að vísu ekki allt vegna skólakostnaðar, enda er sá kostnaður, sem ríkið greiðir, ekki nema hluti af þeim heildarkostnaði, sem fer til þess að halda skólakerfinu gangandi. Og ef með er talin sú vinna, sem skólanemendur sjálfir leggja fram á sínum skólaárum, er áreiðanlega óhætt að tvöfalda þessa tölu, án þess að nokkrar ýkjur séu í frammi hafðar.

Skólarnir eru tvímælalaust langstærsta starfssviðið í þessu þjóðfélagi, langstærsta starfssviðið, næst á eftir heimilunum sjálfum. Nýlega hefur verið sagt frá því í fréttum útvarpsins, að í skólum séu nú í vetur 63 þús. manns. Þegar við íhugum það enn fremur, að þarna er ungt fólk, sem er í mótun, og í húfi er bæði andlegur og líkamlegur þroski þess, svo og ræðst það á skólaárum, hvert viðhorf þess verður til þjóðfélagsins, þá má öllum það ljóst vera, hvað hér er mikið í húfi.

Heimilin voru áður fyrr svo til einráð um uppeldismálin. Þetta hefur breytzt. Enn þá eru það heimilin, sem fyrstu árin móta hinn uppvaxandi borgara, en síð-

an taka skólarnir við jafnframt. Og þegar þess er gætt, hversu langur skólatíminn er orðinn og hversu kerfisbundið skólarnir vinna, þá eru e. t. v. áhöld um það, hvorir hafi meiri áhrif á unga fólkið, heimilin eða skólarnir. En mér er nær að halda vegna þessa, sem ég nefndi, að þá séu skólarnir kannske, þegar allt kemur til alls, sterkastir, a. m. k. varðandi það fólk, sem lengri skólagöngu stundar. Ég held þess vegna, að óhætt sé að segja, að það varði alþjóð meira en flest annað, sem fram fer innan veggja skólanna, og það er þess vegna ekki óeðlilegt, þótt oft sé rætt um þessi mál hér á Alþ. og lagðar hér fram ýmsar till. og frv. flutt um þessi efni.

Ég ætla ekki í þessari framsögu, sem ég vona, að ég geti haft ekki allt of langa, vegna þess hve takmarkaður tími er orðinn hér á Alþ., að ræða skólamálin almennt. Það er alveg utan við efni þessarar till. og þar að auki á engan hátt á mínu færi að gera þeim málum nokkur skil. En það er sjálfsagt enginn vafi á því, að upp úr því, sem nú er verið að gera í skólamálum, má vænta mikilla breytinga á starfi skólanna. Menn eru þeirrar skoðunar, að námið eins og það nú er sé ekki nógu hnitmiðað, og menn vilja leggja jöfnum höndum áherzlu á andlegan og líkamlegan þroska. Það er talað um, að stytta þurfi t. d. stúdentsnámið. Það þurfi að gerbreyta tilhögun náms á mörgum skólastigum, jafnvel neðan frá og allt upp úr, að manni skilst, og þá fyrst og fremst með það fyrir augum að taka upp hagnýtara nám, sem þjóni betur því starfi, sem nemandinn tekur sér fyrir hendur að námi loknu og sem geri honum mögulegt að nýta sem bezt tímann, sem hann ver til skólastarfsins, meðan hann er í skóla.

En þrátt fyrir það, að hiklaust megi vænta árangurs af þeirri vinnu, sem nú er í það lögð að endurskoða skólamálin í heild, þá er það hins vegar víst, að þetta tekur allt saman sinn tíma og hlýtur að taka langan tíma, jafnvel þótt unnið sé að því með myndarskap. En þessi till., sem ég hef leyft mér að flytja hér, er nánast um það, að fram verði látin fara skyndiathugun á tveimur afmörkuðum sviðum.

Ég skal með fáum orðum gera grein fyrir ástæðunum til þess, að ég flyt þessa till. Ég vil fyrst fara nokkrum orðum um þann þáttinn, sem fjallar um vinnuálagið. En það er almennt álit, held ég mér sé óhætt að segja, að það sé mjög handahófskennt, hversu mikið vinnuálag er í hinum ýmsu skólum og á hinum ýmsu skólastigum.

Það mun hafa verið á síðasta þingi, sem nokkrar umr. urðu um þetta efni. Það var við 1. umr. um frv. til l. um skólakerfi, sem þá var lagt hér fram, og mun umr. hafa farið fram í janúar. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, flutti þá ræðu, sem síðar var birt í blöðum í úrdrætti og vakti töluverða athygli. Hann ræddi þar um vinnuskilyrði skólafólksins, einkum varðandi heimavinnuna. Sýndi hann fram á, hvernig hún oft og einatt og á ýmsum skólastigum er í engu samræmi við almennan vinnutíma fullorðins fólks. Eftir skólatíma á daginn er unglingunum gert að vinna heima fleiri klukkustundir og oft við allsendis óhæfileg vinnuskilyrði, eins og að líkum lætur, miðað við þann húsakost, sem fyrir hendi er hjá fjölskyldum. Jafnvel stóru, nýju húsin eru ekki sérlega heppileg til þess að gefa tækifæri eða veita næði til slíkra starfa.

Ég man, að hann benti sérstaklega á það, hversu niðurdrepandi það hlyti að vera, andlega séð, að hafa fyrir framan sig, kannske árum saman á hverjum einasta degi yfir skólatímann, næstum óyfirstíganleg eða kannske alveg óviðráðanleg viðfangsefni og finna það alltaf á sér, að þeim yrði ekki lokið á fullnægjandi hátt. Og hann varaði við því, að verkefnin, sem nemendum væri ætluð heima, væru miðuð við harðsæknustu nemendurna, afburðafólkið. Þau þyrftu að sjálfsögðu að miðast við getu hins almenna nemanda. Hann sagði á þessa leið: „Það verður að finna nýjar leiðir í verkstjórn í skólunum, svo að námið verði eins og eðlileg vinna, unnin á eðlilegum tíma.“ Og í lok þessarar ræðu sinnar komst Eysteinn Jónsson m. a. þannig að orði, og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna til þeirra ummæla. Hann sagði:

„Það verður að ryðja nýjar brautir með hjálp þeirrar reynslu, sem aðrar þjóðir hafa. Ég þekki fólk, sem á heima á Norðurlöndum og á unglinga í skólum, sem eru þannig settir, að þeir fara á morgnana um kl. 8 að heiman og koma svo heim aftur um kl. 4. Hafa þá lokið dagsverki oftast nær. Þetta er eins og annað líf. Þetta er eðlilegt líf.

Hjá okkur líkist þetta engu eðlilegu lífi. Það er nánast eins og martröð. Við erum náttúrlega samdauna þessu, og það þarf sjálfsagt mikið átak til þess bara að sjá þetta, gera sér grein fyrir þessu. Því að það liggur hér í landi að ætla unglingum miklu meira verk en fullorðnu fólki, og niðurstaðan er líka eftir því oft á tíðum“, sagði þessi hv. þm. í niðurlagi ræðu sinnar um þetta efni í fyrra.

Síðan þessar umr. fóru fram og raunar áður, hef ég oft hugleitt þessi mál, þennan þátt sérstaklega, og ég hef rætt við ýmsa foreldra, sem eiga börn í skóla á ýmsum skólastigum. Sumir, og þeir eru fleiri, segja svipaða sögu. Þeir segja það álit sitt, að heimavinnan sé óeðlilega mikil og aðstaðan til að leysa hana af hendi engan veginn viðunandi. Sumir segja, að sín börn sitji jafnan yfir bókum og verkefnum lon og don, þegar heim er komið. Það verði lítið um tíma til að lesa bækur um almennt efni, til að hlusta á útvarp eða að horfa á sjónvarp eða stunda félagslíf. Lítið um tíma til þess að sinna slíkum hlutum, sem almennt eru þó taldir tilheyra nútímalífi. Hinu leyni ég alls ekki, að einstaka, en þeir eru færri, segja aðra sögu. Þeirra reynsla er sú, að það sé ekki óeðlilegt álag á þeirra börnum. Ég hygg, að báðir hafi rétt fyrir sér. Nú er það svo sem auðvitað, að nemendur í skólum, svo sem annað fólk, eru ákaflega ólíkir. Sumir eru röskir til verka, aðrir seinfærir. Fyrir utan það, að menn eru mismunandi kappsfullir og áhugasamir. En þrátt fyrir þá staðreynd, sem auðvitað öllum er ljós, hef ég þó dregið þær ályktanir af því, sem ég hef komizt á snoðir um almennt um þessi mál, að það sé hvergi nærri nógu gott skipulag á í þessum efnum né nægilegt samræmi á milli hinna einstöku skóla og skólastiga að því er þetta varðar.

Hér við bætist svo það, að í vetur hef ég orðið persónulega vitni að einu afbrigði vinnuálags í skólum þessa lands. Og það, sem ég hef þar orðið vitni að, hefur vakið furðu mína og beinlínis óhug. Þetta er í handavinnudeild Kennaraháskóla Íslands. Ég hef fylgzt allnáið með nokkrum nemendum í skólanum. Eftir því sem mér skilst, eru þarna mjög dugandi kennarar. Ég þekki þá ekki persónulega, en allt, sem þessir nemendur, sem ég þekki aftur á móti allnáið, hafa af þeim að

segja, er yfirleitt mjög gott. Þeir eru góðir í umgengni og hjálpsamir við nemendur og allt eðlilegt á þann hátt, og ég hygg, að nemendur nái þarna mjög mikilli leikni, að kennslan sé fjölbreytt, a. m. k. hjá stúlkum, og allt gott um hana að segja út af fyrir sig.

En þá er það heimavinnan. Það er tvennt, sem hefur vakið sérstaka athygli mína í sambandi við heimavinnu nemenda við þessa skólastofnun, handavinnudeild Kennaraháskóla Íslands. Annars vegar er það, að þar virðist skipta algjörlega í tvö horn að því er varðar pilta og stúlkur. Eftir því sem ég bezt veit, njóta bæði kynin sömu réttinda að námi loknu í þessum skóla og eiga að taka sömu laun fyrir kennslu í handavinnu, ef þau stunda hana í sömu skólum. En mismunurinn á heimavinnu virðist mér vera afskaplegur. Piltar vinna að sjálfsögðu með ýmis verkfæri. Þarna eru notaðir, eins og að líkum lætur, hefilbekkir og margs konar smíðavélar o. s. frv. Slík verkfæri verða að sjálfsögðu ekki flutt heim í íbúðir fólks. Þar af leiðir, að þeirra heimaverkefni eru mjög lítil. Og ég hef það fyrir satt, að þeir, sem dugmiklir eru, geti notað seinni hluta dags til þess að vinna aðra vinnu.

Aftur á móti hjá stúlkunum eru heimaverkefnin ákaflega mikil. Og að mínum dómi er þessi munur algjörlega óeðlilegur. Hann er miklu meiri en eðlilegt er og hægt er í raun og veru að forsvara, miðað við það, að bæði kynin stefna að sama prófi og hljóta sömu réttindi að námi loknu. Þetta er annað.

Hitt er svo varðandi sjálft vinnuálagið hjá stúlkunum. Ég þekki mjög vel til þess arna vegna persónulegra kynna minna af nokkrum nemendum í þessum skóla í vetur. Ég hef orðið vitni þess, að það hefur verið föst venja að fara á fætur á milli kl. 7 og 7½, þó nær 7 framan af vetri. Síðan er farið í skólann um kl. 8. Tímum lýkur þar mismunandi snemma dags, eins og venja er, en yfirleitt samt unnið í skólanum daglangt eða mjög oft eftir að hinum fasta skólatíma lýkur, því að þar þykir vinnuaðstaða betri. Síðan er komið heim, oft svona nálægt kvöldmat. Það er gleyptur í sig maturinn, og síðan er sezt að vinnu. Og það hefur verið unnið til kl. 1 og 2 á hverri nóttu sex daga í viku þori ég að fullyrða, frá því á haustnóttum og fram á þennan dag. Það hefur heldur dregið úr þessu nú upp á síðkastið, og mér skilst eingöngu af því, að nemendur hafa ekki haft úthald til að þola þennan stutta svefntíma mánuðum saman. En eigi að síður er stefnt að því að vera mættur í skólann kl. 8, og ég hygg, að það hafi sjaldan verið farið að sofa fyrir kl. 1. Í grg. með till. er því slegið föstu, að dæmi séu til þess, að vinnutími skólafólks hafi farið yfir 80 klst. á viku. Ég vildi ekki hafa neinar ýkjur í frammi í grg. með till., en sannleikurinn er sá, að þessi tala er í rauninni allt of lág, því að vinnutíminn hefur verið miklu lengri en þetta.

Við þetta bætist svo það, að vinnan þarna er ákaflega einhliða. Þetta er handavinna við saum, hekl og prjón og ýmislegt annað af því, sem kallað er kvenlegar hannyrðir. Það eru mjög fáir bóklegir tímar á viku eftir að kemur í þessa verknámsdeild. Og í vetur var alls engin leikfimikennsla um hönd höfð né líkamsrækt af nokkru tagi. Hvernig halda menn svo, að ástand þessara nemenda heilsufarslega séð sé orðið eftir sjö mánaða törn á þennan hátt, sem ég hef nú lýst?

Ég ætla ekki að ræða um það neitt nánar, hvernig hópurinn er á sig kominn í dag, en ég get þó getið þess, að mjög algeng einkenni eru nú þreyta og þyngsli í höfði og vöðvabólga á hálsi og herðum. Nú eru byrjuð próf í skólunum, og það eru erfiðir dagar í þessum skóla, alveg eins og í öðrum skólum landsins. Og nemendur herða nú náttúrlega vökurnar, eftir því sem hægt er, ofan á allt, sem á undan er gengið í vetur og ég hef áður lýst. Þetta minnir á gömlu sögurnar um tóvinnuna á vetrum. En þá voru bara engin vökulög sjómanna, og þá var ekki búið að finna upp 40 stunda vinnuviku. Þá notuðu menn vökustaura, þegar leið að lokum, — ég ætla, að allir hv. þm. viti, hvað það var. Nú er það apparat óþekkt meðal ungs fólks. En er ekki full ástæða til þess að óttast það, að aðrir og verri vökustaurar séu notaðir nú, þegar í óefni er komið? Það má spyrja, hverju þjóni svona vinnubrögð. Hvort ekki sé hægt að haga þessu með einhverjum öðrum hætti án þess að tapa verulega í. Og það má spyrja, er verið með þessum vinnubrögðum að búa fólk undir frjótt og hamingjusamt lífsstarf, eða er það eitthvað annað, sem gerist með þessum hætti?

Nú vildi ég síðastur manna verða til þess að mæla með iðjuleysi ungmenna, síðastur manna. En ég held þó, að hóf sé bezt að hafa í öllum máta. Ég held, að menn ættu a. m. k. að geta orðið sammála um það, af því að skólanám er auðvitað vinna eins og annað, sem menn leggja fyrir sig á ýmsum æviskeiðum, að gera svona álíka kröfur um vinnutíma og afköst til fólks á skólaaldri eins og gert er til fullorðins fólks almennt. Ég held, að það hljóti flestir að geta orðið sammála um það.

Ég skal alveg játa það, að kynni mín af því, sem ég nú hef verið að lýsa og af nemendum þessa skóla í vetur leið, þau hafa ýtt undir mig með það að flytja þessa þáltill., sem hér liggur fyrir. Eins og ég sagði áðan, er mér vitanlega ljóst, eins og allir líka vita, að nemendur eins og annað fólk eru mjög misjafnir og sumir seinir og aðrir röskir og sumir eru vanir að vinna og aðrir óvanir því. Og má vera, að þeir nemendur, sem ég hafði kynni af, séu í hópi hinna seinvirku. En í sambandi við þetta fólk, sem þarna er að starfi, er ástæða til að hafa það í huga, að þetta fólk hefur allt lokið landsprófi eða gagnfræðaprófi. Og það fólk, sem ég þekki persónulega, er þaulvant að vinna á öðrum sviðum. Það hefur verið í síldarsöltun á sínum tíma með öllum þeim vökum, sem því starfi fylgdu, og hörku. Það hefur unnið í frystihúsum, unnið við landbúnaðarstörf einnig, það er m. ö. o. vant bæði skólavinnu og líkamlegri áreynslu í töluvert ríkum mæli.

Ég vil aftur minna á það, sem ég sagði áðan í öðru sambandi, að álag á nemendur í skólum þarf að miða við eitthvert meðallag.

Ástæðan til þess, að ég hef skýrt frá þessum dæmum, er sú, að ég nauðaþekki þau, og eins og ég sagði, þau eru líka beinlínis hvati að þessum tillöguflutningi. En með vísun til þeirra atriða, sem ég drap á úr ræðu hv. 1. þm. Austf. í fyrra, og vísun til viðtala minna við fólk, sem á börn í öðrum skólum og á allt öðrum skólastigum, þá tek ég skýrt fram, að það er ekki vegna þess, að ég álíti, að það, sem þarna hefur gerzt, sé neitt einsdæmi, að ég nefni það sérstaklega, heldur geri ég það til þess að skýra myndina. Ég álít, að það sé

þörf aðgæzlu miklu víðar en þarna, bæði um sjálft vinnuálagið og um mismuninn á milli kynja, sem einnig kemur fram í þessu tiltekna dæmi og ég vék að fyrr. Ég vil og taka það fram, að ég er sannfærður um það, að þar sem svona mistök hafa orðið, — því að ég kalla þetta mistök, ég leyfi mér það, — þar eru þau ekki af því sprottin, að það fólk, sem þar vinnur, sé að yfirlögðu ráði eða neitt í þá áttina að leggja óhóflega vinnu á sína nemendur. Því fer víðs fjarri. En sannleikurinn er sá, og það þekkjum við víða úr öllu mannlegu lífi, vil ég segja, að menn eru tiltölulega fljótir að venjast hlutunum, vaninn er ákaflega sterkur og það sterkur, að við gerum okkur oft ekki grein fyrir því, hvað honum fylgir og hvað í venjunum felst. Þess vegna er það, að við höfum öll meiri og minni þörf fyrir, að bent sé á það, sem miður fer á þessum sviðum og öðrum, með það í huga, að reynt sé að spyrna við fótum og bæta um.

Annar þáttur þessarar till. fjallar um aðstöðu til líkamsræktar. Nú hefur það verið lengi í lögum landsins, að öllum ungmennum skuli séð fyrir nokkurri kennslu í leikfimi og öðrum líkamlegum íþróttum. Þetta hefur verið lengi í lögum, en hvernig er ástatt í þessum efnum? Hvernig er framkvæmdin? Það skortir víða húsnæði, segja menn, til þess að hægt sé að uppfylla þær kröfur, sem lögin gera í þessum efnum. Sannleikurinn er nú sá, að það er margt hægt að gera án fullkomins húsnæðis, ef nægur vilji er fyrir hendi, og meira að segja án nokkurs húsnæðis. Við höfum t. d. séð það þm. í vetur út um gluggana í Þórshamri, að fyrri hluta dags hleypur þar stundum fram hjá hópur ungra manna. Ég tók eftir þessu nokkrum sinnum og vissi ekki, hverju þetta sætti. En mér hefur nú verið sagt, að þetta séu nemendur úr Menntaskólanum við Tjörnina, sem gera þetta eftir hvatningu leikfimikennara síns, þar sem þeir hafi lítið eða ekkert íþróttahúsnæði. Það er margt hægt að gera, ef nægur vilji er fyrir hendi. En ég álít líka, að við eigum að geta svona yfir höfuð að tala látið í té sæmilega aðstöðu til þess, að unnt sé að stunda líkamsrækt við skóla okkar með eðlilegum hætti, ef nægilegrar hagsýni er gætt.

Mér er það mjög til efs, að í skólamannvirkjagerð okkar á undanförnum árum hafi verið gætt nægilega mikillar hagsýni. Mér er það mjög til efs. Ég verð að játa það, að ég get lítið um þetta fullyrt, er enginn fagmaður og hef ekki persónulega kynnzt nema fáum dæmum, sem mér finnst bera vott um einstaka óhagsýni. Skal þó nefna eitt. Við Húsmæðraskólann á Hallormsstað stóð til að byggja kennarabústað. Beðið var um teikningu frá opinberum aðilum. Við fengum teikningu að kennarabústað. Hann var 185 m² að flatarmáli, ætlaður einum kennara. Stofunni var þannig fyrir komið á þessari teikningu, að hún var í einni lengju og var að mig minnir 14 m á lengd! Hún hét ýmsum nöfnum, dagstofa, borðstofa o. s. frv., en lengdin var þessi. Það gerir þessa mynd enn afskræmilegri að mínu mati, að þetta er teiknað fyrir húsmæðraskóla. Það er nefnilega mjög venjulegt, að einmitt kennarar við húsmæðraskóla komi nýútskrifaðir úr Húsmæðrakennaraskólanum og kenni oft ekki nema stutta hríð, því að þá giftast þær, þessar góðu stúlkur, og eru á bak og burt. Þetta er aðeins eitt dæmi, en ég óttast það, að við höfum ekki alltaf gætt nægilegrar hagsýni, þegar við erum að byggja okkar skólamannvirki, og að vöntunin á íþróttaaðstöðunni kunni að einhverju leyti að stafa af því.

Ég get nú ekki látið vera að vekja athygli á ákaflega miklum þverstæðum, sem ég hef orðið sjónarvottur að í vetur í sambandi við skólamál annars vegar og almennan aðbúnað að fólki hins vegar. Í vetur fórum við fjvnm. í Menntaskólann í Reykjavík að líta þar á húsakynni. Þar sáum við furðulega sjón. Ég man sérstaklega eftir þremur stofum, sem við gengum um. Ein stofan var samsett úr tveimur íbúðarherbergjum í gömlu íbúðarhúsi. Til þess að koma nægilega mörgum fyrir varð svo þröngt um miðbik stofunnar, sem mjókkaði þar aðeins, að nokkrir nemendur urðu að fara fram á gang og inn hinum megin til þess að komast að töflunni. Í annarri stofu var setið svo þétt, að þegar nemendur voru setztir, hafði kennaraborðið stöðu þannig, að kennarinn sneri andlitinu út að vegg, en vanganum í nemendur, óðruvísi varð því ekki fyrir komið, nema að fækka í bekknum. Í þriðju stofunni sýndist mér þó vera þrengst, því að þar var ekkert pláss fyrir kennaraborð. Ég efast um, að þar hafi verið pláss fyrir stól kennara, ég skal þó ekki fullyrða um það, en ætli það hafi verið eftir nema fyrir sólana á skónum hans. Þetta er svo furðulegt, að yfir það ná engin orð, þegar þess er gætt, að hér í þessum bæ og víðs vegar um allt land býr sá almenni borgari í mjög góðum húsakynnum almennt og margir hverjir í slíkum höllum og svo stórum að flatarmáli, að það rétt djarfar fyrir veggjum, þegar ekki er því meiri lýsing inni. Að því hef ég orðið vottur. Það er a. m. k. ómögulegt að trúa því, að þetta þurfi að vera svona, að nemendur, sem koma úr þessum húsum, ég vil segja úr venjulegum ágætum íbúðum okkar yfir höfuð, að það þurfi að stúa þeim svona saman eins og þorski í fiskstæðu í gamla daga, á meðan menn kunnu að stúa og létu hnakkana snúa upp. Þetta er svo ömurlegt á að horfa, að það tekur engu tali. Þarna eru einhver mistök á ferðinni. Og þó að það kunni að hafa verið erfiðleikar að bæta úr þessu, þá er þetta allsendis óforsvaranlegt. Við sáum íþróttaaðstöðuna í þessum gamla skóla, sem er ein elzta og virðulegasta menntastofnun í þessu landi, og hún er einn salur, sem nú er talinn allt of lítill, sturtur mjög fáar og léleg aðstaða í búningsklefum, og þó er þetta ætlað fyrir 30 nemendur til hreinlætis eftir leikfimitíma. En í þessum skóla er þó sem sagt vottur að aðstöðu til líkamsræktar. Og okkur var sagt, að allir nemendur fengju þar tvo tíma á viku í því skyni.

Það er staðreynd, að í vetur hafa 63 þús. manns verið í skólum á Íslandi. Við skulum minnast þess, að þetta fólk, unga fólkið í dag, situr í skólunum ekki nokkra mánuði, eins og við gerðum, sem nú erum orðin miðaldra og eldri, heldur 10—20 vetur, eftir því hvað skólagangan er löng. Þarna er ungt fólk í vexti og í mótun. Við þetta bætist svo það, þegar við hugleiðum málið með tilliti til líkamsræktar og þarfarinnar á því sviði, að allt þjóðlíf okkar er stöðugt að færast meira og meira í stólana, í skrifstofu- og þjónustustörf. Vélvæddur iðnaður, að ógleymdum vélvæddum heimilum, þetta er það, sem við búum við í dag. Þetta útheimtir, að lögð sé meiri alúð við líkamsrækt í skólum landsins. Ég held, að það þurfi ekki frekari rökstuðning fyrir því, að nauðsynlegt er að gaumgæfa þessa hlið málanna alveg sérstaklega.

Ég minnti á það í upphafi máls míns, að skólamálin eru með vissum hætti mjög í deiglunni. Það eru byggð skólahús í ákafa, og við þurfum að gera hvort tveggja í senn, hafa undan fjölguninni og ljúka því að byggja upp fyrir æskuna almennt, því að skólahús voru auðvitað ekki til hér fyrir nokkrum áratugum síðan fremur en aðrar byggingar. Það er stefnt að því að gera námsefnið hagnýtara, taka upp nýjar kennsluaðferðir og beita nýrri skipan í skólastarfinu í heild og á einstökum skólastigum. Því má kannske spyrja sem svo: Til hvers er þá að vera að flytja till. á borð við þessa, sem ég hef lagt hér fram, till. um sérstaka rannsókn á aðstöðu til líkamsræktar og á vinnuálagi í skólunum? Því til vil ég svara þessu: Í fyrsta lagi álít ég ástandið á þessum væng mjög alvarlegt og svo alvarlegt, að hópar ungs fólks á ýmsum skólastigum — hvað stórir get ég náttúrlega ekki gert mér grein fyrir — eigi það beinlínis á hættu að bíða varanlegt heilsutjón, bæði vegna vanabundinna og óskynsamlegra vinnubragða og meðfylgjandi streitu og svo vegna skorts á líkamsrækt, vegna hreyfingarleysis í bókstaflegum skilningi. Og í öðru lagi tel ég, að með góðum vilja sé unnt að afmarka þessi atriði, sem till. fjallar um, og mögulegt sé að gera sér grein fyrir ástandinu á þessum sviðum og hefjast handa um úrbætur á þeim fyrr en ella væri, ef beðið væri eftir niðurstöðum af þeim almennu aðgerðum, sem nú fara fram og ég hef áður vikið að, og þessi atriði þá ekki tekin fyrir afmörkuð. Ég tel, að hér sé um það alvarlegt mál að ræða og jafnframt nokkuð einangrað, að það beri að veita því þann forgang að skoða það alveg sérstaklega.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 18. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

50. Samkeppnisaðstaða íslenzks skipasmíðaiðnaðar.

Á deildafundum 26. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan [267. mál] (A. 624).

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 63., 65., 71. og 74. fundi í Sþ., 2., 9., 16. og 18. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

51. Alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum.

Á deildafundum 15. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, að alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum í opinberri þjónustu [284. mál] (A. 795).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

52. Sáttastörf í vinnudeilum.

Á deildafundum 18. maí var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sáttastörf í vinnudeilum [287. mál] (A. 877).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

53. Fasteignaskattur af íbúðum aldraðra.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um niðurfellingu fasteignaskatts af íbúðum aldraðra [69. mál] (A. 75).

Á 11. fundi í Nd., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Nd., 17. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þessi litla till. til þál., sem hér liggur fyrir, miðar að því að auðvelda öldruðu fólki að búa sem lengst í sínum eigin íbúðum. Vegna framfara í læknisfræði og meiri heilsugæzlu, betri efnahags almennings og bættrar aðbúðar á flesta lund hefur fjöldi þeirra, sem kemst á elliár, aukizt á síðustu árum og fjöldi þeirra, sem við gott heilsufar búa í ellinni, hefur farið vaxandi. Þannig voru í Reykjavík árið 1910 aðeins 5.28% íbúanna 65 ára og eldri. Í árslok 1964 er sú tala komin upp í 8.4%, og reiknað er með því, að árið 1974 verði 10% íbúa Reykjavíkur 65 ára og eldri. Árið 1980 er gert ráð fyrir, að hlutfallstalan hafi enn hækkað að miklum mun og meira en menn höfðu áður vænzt vegna tilkomu nýrra aðgerða til þess að koma í veg fyrir fólksfjölgun. Víða

um lönd er gert ráð fyrir því, að þá verði hlutfallstala aldraðra komin upp í 15% og jafnvel þar yfir. Þessi þróun hefur leitt til þess, að æ fleiri gera sér ljóst, að elliheimili í hinum gamla skilningi þess orðs er ekki lengur fullnægjandi lausn á málefnum aldraðra.

Sá hópur aldraðra fer stækkandi, sem óskar eftir og hefur heilsu til að starfa og lifa sjálfstætt, búa á eigin heimilum lengur en áður. Þannig var á Alþ. 1959 samþ. þáltill. um, að skipuð skyldi nefnd til að kanna skilyrði aldraðs fólks til þess að nota starfsorku sína. Sú nefnd komst m. a. að þeirri niðurstöðu, sem ég hygg og vona, að flestir séu farnir að aðhyllast, að ákjósanlegast væri, að aldrað fólk, sem þess æskir, gæti sem lengst dvalizt á eigin heimilum. Væri það eitt höfuðskilyrði þess, að aldraðir gætu notið starfsorku sinnar, þótt hún væri að einhverju leyti minni en fyrr á árum, sjálfum sér til ánægju og betri heilsu og þjóðfélaginu til heilla. Til þess að þetta sé unnt, eru ýmsar ráðstafanir nauðsynlegar, — fleiri en þær að búa fjárhagslega í haginn fyrir hina öldruðu. Þar til má telja heimilishjálp, þ. e. aðstoð við ýmiss konar snúninga og innkaup, erfiðustu störf í ræstingu, jafnvel matseld. Matsendingar utan úr bæ í sumum tilvikum mætti nefna í því sambandi. Þá kemur til heimilishjúkrun, sem mjög er þörf í þessu tilliti, og ýmsar félagslegar ráðstafanir til að vinna gegn einangrun hinna öldruðu. Má benda á það, að á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg unnið stórátak á ýmsum þessara sviða og þessum sviðum öllum raunar. Margir aldraðir borgarar þessa bæjar hafa notið góðs af. Mig langar í þessu sambandi til að benda á eitt atriði, sem ég veit ekki til, að tíðkist mjög víða enn þá, en ég held, að gæti verulega stuðlað að því, að fleiri gætu búið á sínum fyrri eigin heimilum eða þá ásamt nákomnum ættingjum heldur en ella væri, og það er dagheimili fyrir aldraða. Hér í gær voru til umr. dagheimili fyrir annan aldursflokk í þjóðfélaginu. En ég get ekki stillt mig um að skýra hv. þd. frá einu dagheimili, sem ég hef séð, fyrir aldraða. Það var rekið í Oslóborg í gömlu, stóru einbýlishúsi, 200 ára gömlu. Það hafði verið innréttað á mjög skemmtilegan hátt. Á þessu dagheimili voru 15 aldraðir borgarar, sem komu kl. 9 á morgnana. Þeir, sem þess óskuðu, voru sóttir í sérstökum smálangferðabíl, og þarna dvaldist fólkið undir umsjón hjúkrunarkonu, sem var forstöðukona. Það var e. t. v. ekki nauðsynlegt, að forstöðukonan væri hjúkrunarkona, en hún sá um, að þessu fólki leið vel í alla staði. Það sat við spil og föndur og borðaði saman í hádeginu, og síðan fór það heim eða var skilað heim kl. 5 eða 6 síðdegis. Þetta var fólk, sem óskaði þess að vera heima hjá ættingjum sínum, og ættingjarnir vildu hafa það heima hjá sér. En í mörgum tilvikum stóð svo á, að það var kannske um að ræða eina dóttur eða einn son, sem hafði hinn aldraða borgara hjá sér og þurfti að vinna úti að deginum, en sá aldraði var aftur á móti orðinn nokkuð farinn að heilsu, þannig að ekki þótti á það hættandi að hafa viðkomandi einan heima allan daginn auk þess, sem það stuðlaði að leiðindum og þunglyndi. Ég nefni þetta atriði hér, því að þetta er eitt af því merkasta, sem ég hef séð á þessu sviði, og ég held, að þetta gæti mjög komið til greina til að leysa af hólmi að einhverju leyti hin gömlu elliheimili.

Þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir af þessu tagi, þá fer auðvitað ekki hjá því, að það verður alltaf stór sá hópur, sem þarf á hælisvist að halda af einhverjum ástæðum. Til að skýra, hvernig stefnan er í húsnæðismálum aldraðra í nokkrum öðrum löndum, þá langar mig að nefna nokkur atriði, sem koma fram í áliti nefndar, sem starfaði að málefnum aldraðra á vegum norsku ríkisstj. og skilaði áliti um íbúðir aldraðra fyrir tæpu ári. Norska nefndin setti fram sem grundvallarstefnu í þessum málum, að bezta lausnin fyrir flest aldrað fólk væri að fá að búa sem lengst á eigin heimilum. Og nefndin benti á, að góðar íbúðir fyrir eldra fólk ásamt vel skipulagðri heimahjúkrun og heimilishjálp mundi minnka aðsóknina að elliheimilum og mundi einnig minnka ásóknina í hjúkrunarheimili og dvalarheimili. Takmarkið, sagði nefndin, að væri í fyrsta lagi, að þær íbúðir, sem fyrir hendi væru fyrir aldraða eða væri reiknað með, að aldraðir byggju í á næstu árum, þyrftu að vera af þeirri gerð, að þær hentuðu sérstaklega þörfum aldraðra, og í öðru lagi að nægilega mikið væri byggt af íbúðum fyrir aldraða með fullnægjandi útbúnaði og sem sérstaklega væri miðaður við þarfir þeirra. Í þriðja lagi, að kostnaðurinn við íbúðirnar, kostnaðurinn við að búa í þeim væri ekki hærri en svo, að hinir eldri gætu borið hann. Til að nefna aðeins höfuðstefnuna í þessu í fleiri löndum, má í stuttu máli segja, að í öllum vestur-evrópskum löndum sé það viðurkennd regla, að bezta leiðin til að hjálpa hinum eldri sé að veita þeim tækifæri til að búa svo lengi sem mögulegt er í eigin íbúðum, fremur en að hið aldraða fólk flytti á stofnanir.

Í Finnlandi ríkir sú höfuðstefna, að íbúðir aldraðra séu ekki saman í hverfum eða endilega saman í sérstökum ellimiðstöðvum, heldur sé æskilegast fyrir hina öldruðu, að þeim sé dreift sem víðast innan um annað fólk í venjulegum íbúðarhverfum. Stefnan er að fara með hið aldraða fólk sem almenna borgara í þjóðfélaginu, en ekki sérstakan einangraðan hóp. Í Frakklandi eru yfirvöldin líka andstæð því að einangra hina öldruðu hópa á sérsvæðum, jafnvel þótt það væri ódýrara heldur en hitt. Þar er talið, að slík einangrun muni gera menn andlega aldraða fyrr en þarf. Sama má segja, að stefnan sé í Hollandi, í Englandi og víða í Bandaríkjunum raunar, einnig í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Í þeim þrem löndum og Englandi eru einnig gerðar sérstakar ráðstafanir í sambandi við lán og fjárstuðning til þess að betrumbæta eldri íbúðir hinna öldruðu til að gera þær enn hæfari til þess að fullnægja þeim þörfum, sem þeir hafa sérstaklega fram yfir aðra borgara.

Ég hef getið hér um ýmis atriði, sem ég tel renna stoðum undir þá skoðun og þá stefnu, að stuðla beri að því, að aldrað fólk búi sem lengst í sínum eigin íbúðum. Kannanir, sem gerðar hafa verið á vilja hinna öldruðu sjálfra í þessu tilliti, hafa einnig leitt í ljós, að það er ósk þeirra, að svo sé gert, ef unnt er. Núna stendur yfir, eins og kunnugt er, endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, og reiknað er með, að vegna stórhækkaðs fasteignamats muni koma til mikillar hækkunar á fasteignaskatti. Þegar aldrað fólk, sem núna býr í eigin íbúðum, keypti íbúð sína kannske fyrir mörgum árum, þá byrjaði það að greiða ýmiss konar skatta af þessari ráðstöfun sinni, og eftir gildandi lögum á skattgreiðsla af fasteign eða a. m. k. fasteignaskattur að halda áfram alla ævi húseigandans og svo loks, er hann fellur frá,

leggst á þessa sömu eign stórfelldur erfðafjárskattur. Einhvern veginn finnst mér það skjóta skökku við, að endalaust sé skattlagt það fólk, sem hefur lagt á sig mikið erfiði einhvern tíma á unga aldri eða e. t. v. á miðjum aldri til þess að eignast íbúð yfir höfuðið og m. a. til þess að skapa sér öryggi í ellinni. Það þráir að verða engum öðrum til byrði og leggur kapp á að losna sem fyrst við skuldir af þessari íbúð. Við skulum muna, að kynslóðin, sem núna er öldruð, er kynslóðin, sem hefur lagt kapp á það og metnað sinn í að skulda ekki neinum neitt. Fólk greiðir fyrst skatt af tekjunum sínum, leggur svo eitthvað af afgangstekjunum sínum í það að kaupa sér íbúð eða húseign. Það greiddi fyrir mörgum árum eignarskatt og eignarútsvar af þessari húseign, fasteignaskatt aftur og aftur og aftur, og eignarskatturinn fór hækkandi eftir því, sem skuldirnar lækkuðu, þannig að það er ærin fúlga í skattgreiðslum, sem slíkir húseigendur hafa þegar greitt til hins opinbera fyrir það eitt að búa í sinni eigin íbúð, sem þeir í mörgum tilfellum eru fyrir löngu búnir að borga. Mér finnst það skjóta skökku við, ef svo loksins, þegar þetta aldraða fólk er komið á þann aldur, að það getur ekki lengur, e.t.v. vegna heilsu sinnar eða þá vegna laga um hámarksaldur starfsmanna og annarra reglna, haft þær tekjur, sem það hafði áður, ef það þarf að selja íbúð sína og leysa upp heimili sitt vegna þess eins, að hið opinbera íþyngir því með sköttum fyrir það eitt að búa í þessari íbúð. Hitt finnst mér vera sönnu nær, að það sé fjárhagslega hagkvæmt auk þess að vera almennt heilsusamlegt, það er einnig fjárhagslega léttir fyrir hið opinbera, að þetta aldraða fólk búi svo lengi sem auðið er í sínum eigin íbúðum. Það leitar þá ekki til hins opinbera um vist á stofnunum í sama mæli, svo sem hætt er við, að ella mundi vera í mörgum tilfellum, án þess að það raunverulega langaði til þess. Margir eru þannig, að þeir vilja heldur búa innan um aldrað fólk á sérstökum stofnunum fyrir aldraða. Þó eru þeir miklu fleiri, sem vilja heldur lifa áfram meira einkalífi, ef svo má segja, vera sjálfum sér nógir og búa áfram í sínum eigin íbúðum svo lengi sem heilsa leyfir og ýmiss konar aðstoð fæst til að gera það kleift.

Ég vil skýra frá því, að mér hefur dottið í hug í sambandi við þessa till., að til þess að hún kæmi að enn meira liði við að framkvæma þá stefnu, sem ég hef hér í huga, að gera hinum öldruðu kleift að búa sem lengst í eigin íbúðum, þá hefði komið til greina að mínum dómi einhvers konar ívilnun í sambandi við skatta af leiguíbúðum, sem aldað fólk býr í. Ég hafði látið mér detta í hug, að slík ívilnun gæti verkað í raun sem lækkuð húsaleiga fyrir hina öldruðu, en mér er ljóst, að það er mun örðugra að framkvæma þetta en það, sem hér er farið fram á og liggur beint við að taka inn í þær till., sem lagðar munu verða fyrir Alþ. um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en það er, að þær eigin íbúðir aldraðra, sem vel að merkja eru notaðar til íbúðar fyrir þá sjálfa, séu undanþegnar fasteignaskatti. Núna er þetta svo um ýmiss konar stofnanir eins og elliheimili, og mér sýnist ekki minni ástæða til þess, að það gildi einnig um íbúðir, sem hinir öldruðu sjálfir hafa lagt á sig það erfiði að eignast.

Ég þykist mega vænta þess, að flestir hv. þm. styðji í raun og veru þá stefnu, sem fram kemur í þessari till., og vonast til þess, að hv. þd. samþykki þessa till., þannig að tekið verði tillit til hennar við þá endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú fer fram.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að gera till. um það, að umr. um till. verði frestað og henni verði vísað til heilbr.- og félmn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir að hafa vakið máls á þessum þýðingarmiklu málum, þar sem um er að ræða málefni aldraðra hér á landi, og þótt ekki hefði verið nema vegna till. sjálfrar, þá er full ástæða fyrir mig að fara nokkrum orðum um hana, sérstaklega vegna þess, að ég hef nú um nokkuð langt árabil haft nokkuð með þessi mál að gera á vegum frjálsra félagasamtaka, sem hafa starfað að þessum málum.

Þegar maður horfir á till. sjálfa sem slíka, þá auðvitað hlýtur fyrsta spurningin að vera sú, hvort hægt sé að fara í kringum þann tilgang, sem ætlazt er til með till. sjálfri. Væri hægt að hugsa sér, að aldrað fólk, sem enn þá býr kannske í allt of stórri íbúð, stærri íbúð en það þarf að nota, ef það nyti slíkra fríðinda, að það mundi kannske losna við að borga skatta? Hins vegar er um eina leið að ræða í þessu nauðsynlega máli, eins og hv. þm. benti réttilega á, til þess að aldrað fólk geti sem lengst dvalizt á sínum heimilum, og auðvitað ber að stuðla að því af fremsta megni, þótt ég hins vegar dragi mjög í efa þau orð hv. þm., að það séu miklu fleiri, sem vilja búa í eigin íbúðum en á nútíma dvalarheimili, eins og þau eru rekin í dag, einfaldlega vegna þess, að ég hef rekið mig á það sjálfur, að það er ekki allt gleypandi hrátt, þótt komið sé frá Norðurlöndum eða nágrannaþjóðum. Íslendingar hugsa nokkuð öðruvísi.

Ég tek alveg undir orð hv. þm. um það, að elliheimili séu ekki fullnægjandi lausn fyrir aldraða. En ef hv. þm. vissu um það, að elliheimilin, þau, sem eru starfrækt hér á landi, eru eina lausnin fyrir gamla fólkið á Íslandi í dag, þá býst ég við, að það mundi a. m. k. verða skoðun margra, að við ættum frekar að snúa okkur af alhug og stórhug að því að leysa það vandamál, áður en við snúum okkur að öðrum. En ég tek undir það með hv. þm., að það finnast margar leiðir til þess einmitt að létta á þessari miklu þörf, og hv. 12. þm. Reykv. hefur hér bent á eina leið í sinni till. Auk þess kom hún inn á ákaflega, ég vil ekki aðeins segja þýðingarmikla heldur athyglisverða hluti, sem hún benti á í sinni framsöguræðu og reyndar hefur hér verið unnið að nokkuð og þó kannske sérstaklega hjá Reykjavíkurborg. Þar á ég við heimilishjálpina og jafnvel heimilishjúkrun, þótt því miður hafi enn orðið minna um, að eitt af þeim stóru verkefnum á þessu sviði, þ.e. matseld fyrir aldraða eða matarsendingar, kæmist til framkvæmda.

En það, sem aðallega fékk mig til þess að standa upp, voru orð hennar um dagheimili aldraðra. Þegar ég sá þessa till. til þál., sem ég sá nú ekki fyrr en nú fyrir tveimur dögum vegna fjarveru minnar síðustu viku, þá sá ég, að þetta sparaði mér sjálfum tillöguflutning hér á Alþ. á þann veg, að þarna er auðvelt að koma einfaldri brtt. við, vegna þess að nú ekki alls fyrir löngu lagði ég þá till. fyrir ráðamenn Reykjavíkurborgar, að Reykjavíkurborg riði á vaðið um það að koma slíkri stofnun á fót. Þetta var gert af ákveðnu tilefni, en það er, að hús, sem á sínum tíma var reist af miklum stórhug fyrir verkamenn hér í höfuðborginni, virðist vera búið að

glata þeim tilgangi sínum, og á ég hér við Hafnarbúðir, sem standa við Reykjavíkurhöfn, en mér virðist einsætt, að þar sé um alla þá aðstöðu að ræða, sem hægt væri að gera þessa tilraun hér á landi með. Og að sjálfsögðu, þegar einhver reynsla væri þar á fengin, þá fyndist mér, að Alþingi Íslendinga ætti að gangast fyrir því, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur og í stærri kaupstöðunum, að slík starfsemi yrði styrkt, eins og gert er nú með börn okkar.

Ég tek alveg heils hugar undir með hv. flm. um nauðsyn þess að koma slíkri þjónustu á fót. Við vitum, að það er fullt af börnum eða fólki, sem á aldraða foreldra eða foreldri, sem vill hafa þetta gamla fólk hjá sér og gamla fólkið vill vera hjá því, en á ekki kost á því vegna þess m. a., að þetta fólk vinnur úti, sem æ færist meira í vöxt hér hjá okkur, eins og reyndar öðrum þjóðum. En einmitt, ef það gæti komið gamla fólkinu í félagsskap við annað gamalt fólk, þar sem umönnun væri fyrir það, þar sem það fengi mat og aðhlynningu, jafnvel hjúkrun, sjúkraþjálfun og aðra þá þjónustu, sem aldraðir þurfa á að halda, þá mundi þessu fólki skapast miklir möguleikar á því að hafa gamla fólkið lengur hjá sér en ella. Það er einmitt þetta atriði, sem við þurfum nú að kanna mjög ítarlega í sambandi við málefni aldraðra hér á landi, enda er reyndar gert ráð fyrir því í þeirri áætlun, sem nú hefur verið gerð um byggingu dvalarheimilis í Hafnarfirði á næstu árum, sem einmitt sjómannadagssamtökin standa að. Það er gert ráð fyrir því, að slík dagheimili verði í sambandi við það heimili auk annarrar þjónustu, svo sem endurhæfingarþjónustu fyrir aldraða, sem líka telst orðin nauðsynleg á vorum dögum. Slík heimili má hugsa sér í sambandi við margs konar aðra opinbera þjónustu, en ég held samt sem áður, að áður en farið verður út í að hugsa það frekar, þá beri að gera þessa tilraun hjá okkur, og ég vænti þess, að Reykjavíkurborg sjái sér fært að gera þessa tilraun í þessu húsi, og a. m. k. vona ég, að þeir, sem að byggingu þess stóðu á sínum tíma, geti frekar hugsað sér þar slíka starfsemi en einhverja aðra, sem jafnvel hefur komið til mála.

Það mætti vissulega margt segja um þetta mál og halda langa tölu um það. Ég vil samt undirstrika það, sem ég sagði áðan, að erlendu sjónarmiðin eru ekki einhlít hér. Ég hef sjálfur rekið mig á það. Og þar á ég t. d. við þá staðreynd, að aldrað fólk á Íslandi virðist vera miklu þrengra í þeirri skoðun sinni að dveljast með sínum næstu en vorir nágrannar, og hef ég kynnt mér það líka á elliheimilum í nágrannalöndum okkar. Það virðist miklu frekar vera sú skoðun uppi hjá stærri hóp íslenzkra aldraðra, að þeir vilji halda áfram að vera út af fyrir sig, vera ekki byrði sínum börnum. Það virðist vera meginhugsunin, vera ekki byrði þeirra. Þar utan kemur líka auðvitað sú stóra ásókn á þessi tvö stóru elliheimili eða dvalarheimili hér í Reykjavík utan af landi. Þar á ég auðvitað við læknisþjónustuna úti um land, en það virðist vera einn meginóttinn, sem þjakar okkar aldraða fólk og það af skiljanlegum ástæðum, bæði þjakar það um leið og það á óskina, ef það kemst hingað, þar sem læknisþjónustan er bezt, að þá muni því líða betur á sínum efstu dögum. Bæði þetta og reyndar fleiri atriði koma inn í þetta, en einmitt vegna þess að við virðumst ekki hafa sömu skoðun á þessu máli, ég og hv. flm., þá held ég, að það væri mikið ráð fyrir Alþ., að sú hv. n., sem málið fær til meðferðar, komi með þá brtt. við till. að fela Alþ. að láta fara fram könnun á vilja gamla fólksins, eins og tveir kaupstaðir, sem mér er kunnugt um, hafa gert. Þar á ég annars vegar við Akranes og hins vegar Hafnarfjörð, sem gert hafa mjög ítarlegar kannanir á vilja og þörf gamla fólksins fyrir heimili eða fyrir aðra aðstoð, nútíma aðstoð. Þetta er ekki nein uppfynding hjá þessum kaupstöðum hér á landi. Ég hef leitað fyrirmyndar í okkar nágrannalöndum, og minnist ég sérstaklega rannsóknar, sem hefur farið fram í útborg Oslóar fyrir nokkrum árum og þeir m. a. byggja sínar framtíðaráætlanir á. Þótt mín störf á þessu sviði hafi aðallega farið til þess að reisa elliheimili, og full þörf er fyrir þau enn þá, þá geri ég mér líka fulla grein fyrir því, að það er langt frá því að vera einhlít lausn, og þar fyrir utan tel ég hreinustu fásinnu að reisa slík heimili í dag öðruvísi en þau standi í sambandi við fjölbýli og læknamiðstöð, sem áætluð er, þar sem fullkomin læknisþjónusta er og fólkið a. m. k. getur notið þess öryggis, sem slík þjónusta veitir.

Varðandi það, sem ég hóf mál mitt á, hvort hætta væri á, að slík framkvæmd, sem þáltill. felur í sér, hvort sú hætta væri fyrir hendi, að slíkt yrði misnotað, vil ég benda á það, að þá væri æskilegt að fylgjast með þeirri þróun og þeirri reynslu, sem fæst af þeirri tilraun, sem verið er að gera um byggingu sérstakra íbúða fyrir aldraða. Reyndar hefur þetta verið áður gert af hendi Reykjavíkurborgar, og nú eru þeir að taka nýtt slíkt heimili í notkun. Það er reyndar verið að gera í nágrenni þeirrar byggingar einnig, en samt sem áður gengur það nokkuð lengra, vegna þess að það fólk, sem þar mun búa í sérstökum íbúðum fyrir aldraða, á tryggingu í því að geta notið aðhlynningar á dvalarheimili á síðara stigi, ef þörf krefur, hjúkrunarheimili og sjúkradeild fyrir aldraða. En það liggur hins vegar ekki fyrir, að aðrir slíkir eigi kost á því.

Ég vil aðeins að lokum, herra forseti, taka undir það, að þessi till. verði samþ. Að sjálfsögðu fer hún til n. Ég vil benda n. á þær aths., sem hér hafa komið fram og á þýðingu þessara mála fyrir okkar þjóðfélag í dag, þjóðfélagið í heild og þá kannske ekki síst fyrir hið aldraða fólk, sem, eins og hv. flm. réttilega benti á, hefur skilað sínu þýðingarmikla dagsverki fyrir íslenzka þjóð.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem væntanlega tekur þetta mál til meðferðar, heilbr.- og félmn., þá mun ég vera mjög stuttorður, en engu að síður tel ég rétt að taka hér til máls.

Það er enginn vafi á því, að flm. hafa hreyft hér við mjög merkilegu máli, og ég hygg, að það sé vilji allra stjórnmálaflokka að reyna að sinna aldraða fólkinu í þjóðfélaginu sem frekast má verða, en hitt má kannske segja, að eitthvað skilji, með hvaða hætti og að hve miklu leyti þetta sé gert. Það, sem veldur því, að ég tek nú til máls, er fyrst og fremst tilhögunin. Hér er gert ráð fyrir heimildarákvæði, þ. e. að sveitarstjórnum verði heimilt að fella niður fasteignaskatt af eigin íbúðum þeirra, sem náð hafa 67 ára aldri.

Þetta gæti falið í sér, að sumar sveitarstjórnir felldu þennan fasteignaskatt niður að einhverju eða öllu leyti, en aðrar sveitarstjórnir hefðu ekki bolmagn til þess. Þetta gæti þá leitt til nokkurs misréttis að mínum dómi

gagnvart gamla fólkinu, því að það væri þá kannske háð búsetu og ríkidæmi sveitarfélaganna, hvort gamla fólkið yrði aðnjótandi þessa eða ekki. Ég teldi heppilegt, að þetta yrði beinlínis lögbundið á þann hátt, að gamalt fólk, sem hefur nauman lífeyri, t. d. þann lífeyri, sem það hlýtur frá almennu tryggingunum, og býr í íbúð, sem er lítil og miðast við lágt fasteignamat, fái þau hlunnindi, sem felast í því ákvæði, sem hér er lagt til. Ég er nú þannig innstilltur, að ég tel enga eða litla ástæðu að veita ríku fólki, þótt það sé orðið gamalt, hlunnindi á þennan hátt.

Það hefur vakið nokkra furðu mína í sambandi við löggjöf Íslendinga í félagsmálum, að það virðist vera nokkur hneiging til þess að taka ekki tillit til efnahags fólks. Þetta sést m.a. í sambandi við ellilífeyri almannatrygginga, þar sem allir taka sömu upphæð án tillits til efnahags, og leiðir af sér þá ósvinnu, að aðilar sem hafa ellilífeyri svo að skiptir tugum þús. úr öðrum sjóðum, taka sömu upphæð og fólk, sem hefur einungis þennan litla lífeyri. Og fleiri atriði mætti nefna einmitt úr þessum lögum um almennar tryggingar. Þetta leiðir til þess, að fátæka fólkið býr við skort og hefur naumt, en ríka fólkið, þá, sem betur mega, varðar litlu, þótt það fái 6—7 þús. kr. á mánuði í ellilífeyri. Og nú er okkar löggjöf um almennar tryggingar orðin geysidýrt bákn, og ég held, að það mætti laga þessar tryggingar verulega með skynsamlegum tilfærslum án aukinna útgjalda. Á sama hátt tel ég, að sjónarmiðið hljóti að vera það að fella niður fasteignaskatt fyrir það fólk, sem á við þröngan fjárhag að búa, og aðra ekki.

Hins vegar vil ég taka það skýrt fram, að ég kann vel að meta þá félagslegu hugsjón, sem kemur fram í þáltill. þeirri, sem hér er, ekki síst þar sem hún kemur frá Sjálfstfl.-þm., sem hafa þá stórkostlegu lífsskoðun, sem nefnist einstaklingsframtak og felur í sér að duga eða drepast. Að öðru leyti mun ég ekkert um þetta segja, en tel, að hér sé hreyft mjög góðu og merku máli.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í tilefni af niðurlagsorðum seinasta ræðumanns langar mig aðeins til þess að segja þetta: Mér finnst sanngjarnt, að þjóðfélagið láti þá njóta þess í ellinni, sem hafa lagt það á sig að sýna með miklu erfiði, að þeir vilja duga og hefur tekizt það. Þeir, sem af einhverjum ástæðum eiga við erfiðan kost að búa, ég efast um, að þeir séu betur settir í ellinni, þótt hinir, sem tekizt hefur að vera sjálfbjarga í ellinni, séu skattpíndir. Ég held, að þeir megi alveg njóta afraksturs af sínu erfiði og viðurkenningar síns þjóðfélags í því, að þeir séu ekki skattlagðir endalaust fram yfir dauðastund aftur og aftur fyrir það, að þeim skuli hafa tekizt að eignast þak yfir höfuðið. Hitt er svo alveg rétt, og ég skil ósköp vel þá hugsjón, sem kom fram hjá hv. þm. Bjarna Guðnasyni, að vitaskuld ber hinu opinbera að létta þeim, sem erfiðast eiga, lífsbaráttuna á þessum efstu árum ævi sinnar. En ég tel, að það hreki ekki það, sem hér hefur verið sagt, að þeir, sem hafa lagt á sig erfiði til að vinna fyrir og spara saman fé til að eiga til elliáranna og verða ekki til byrði, að þeir eigi ekki síður að njóta fyrirgreiðslu í ellinni af þeim sökum. Sú tilhögun, sem hv. þm. Bjarni Guðnason nefndi, mundi hins vegar með nokkrum hætti stuðla að fyrirhyggjuleysi fólks og koma í veg fyrir það, að fólk reyni að búa í haginn fyrir sig á efstu árum.

Að öðru leyti stóð ég hér fyrst og fremst upp vegna nokkurra atriða, sem fram komu í ræðu flokksbróður míns og ágæts félaga, hv. 10. þm. Reykv. Hann byrjaði sína ræðu á því að segja, að varhugavert væri nú í þessu efni að gleypa allt hrátt, sem frá útlöndum kæmi, þótt um frændþjóðir væri að ræða. Mér varð nú á að hugsa, að eins og það mun satt vera, að hjörtum mannanna svipi saman í Súdan og í Grímsnesinu, þá held ég, að það sé ekki fráleitt, að sálir mannanna hjá grannþjóðum séu mjög skyldar. Og þess vegna held ég, að við getum dregið talsverða lærdóma af reynslu okkar grannþjóða í þessu efni. Hins vegar tek ég undir það, að það væri mjög þarft að láta fara fram víðtæka könnun á því meðal aldraðs fólks, hver vilji þess væri í sambandi við húsnæðismál þess í ellinni. Hv. þm. minntist hér á könnun, sem fram fór í tveimur bæjarfélögum, og ég vil geta þess, að svo vill til, að ég hef hér í höndum niðurstöður könnunar, sem gerð var í öðru þessara bæjarfélaga. Mig langar til að lesa fyrir hv. þm. svör við þessari spurningu: „Teljið þér yður þarfnast vistar á dvalarheimili nú?" „Já", svöruðu 8 konur, „nei" svöruðu 112 konur, óákveðnar voru 3. „Já" svöruðu 7 karlar, „nei" svöruðu 105 karlar, óákveðnir voru 2. Ég hygg, að þetta gefi til kynna, að við getum ekki alveg dregið beinar ályktanir af því, sem fram kemur og hefur komið fram undanfarið í ásókn og eftirspurn eftir plássum á dvalarheimilum, enda benti hv. þm. á, að það hafi verið allt að því — ég held, að hann hafi nú sagt, að það væri eina lausnin, sem um væri að ræða. Ég vil nú ekki alveg taka undir það, — nei, vafalaust hefur hann ekki átt við það, það hefur sjálfsagt verið mín misheyrn, svo margt sem gert er til þess að stuðla að því, að aldrað fólk geti haldið heilsu sem lengst og lifað sjálfstæðu lífi sem lengst.

Svo langar mig til þess að lýsa gleði minni yfir þeirri till., sem hann lýsti hér, að hann hefði þegar flutt varðandi aldrað fólk hér í Reykjavík og dagheimili fyrir það fólk. Mér finnst sú hugmynd mjög snjöll, og raunar kom mér það ekki á óvart, því að þessi hv. þm. hefur fyrr lagt margt gott til mála á þessu sviði og býr yfir mikilli reynslu í þessum efnum, og ég vona af heilum hug, að það takist að koma þessari till. í framkvæmd, sem hann hefur borið fram.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hef litlu við þetta að bæta og sérstaklega þó ekki við orð hv. flm. Ég vil þó aðeins skýra frá því, að mér er kunnugt um niðurstöðurnar, sem komu fram í umræddri könnun, ekki aðeins hjá þessu sveitarfélagi, heldur og hinu, sem nú hefur verið framkvæmd. En það, sem auðvitað er meginefni míns máls í þessu, er það, að þarna koma þó fram í þessu eina sveitarfélagi ákveðnir aðilar, sem sjá enga aðra lausn fyrir sjálfa sig en þá að hafa slíkt heimili. Þau eru ekki til í dag. Sjálfur veit ég um það, að aðeins á Dvalarheimili aldraðra sjómanna bíður hátt á fimmta hundrað manns eftir vist. Á elliheimilinu Grund svarar forstjórinn í dag: Það er ekki hægt að veita neinu fólki hér viðtöku a. m. k. næstu 1—2 árin. Ég hugsa, að þetta sé þó fólkið, sem kannske er langverst farið og þarf mest á aðstoð að halda. Ég tel einmitt bráðnauðsynlegt til þess að létta á þessari miklu þörf, sem þarna er, að reynt sé að gera allar aðrar

ráðstafanir til þess að létta á vandamálinu, eins og ég segi.

Ég vil aðeins taka undir orð hv. flm., 12. þm. Reykv., varðandi orð fyrra ræðumanns, hv. 3. landsk. þm., einmitt þegar hún benti á fyrirhyggjuleysið. Við þekkjum það, að Tryggingastofnun ríkisins hefur heimild til þess að borga liðlega 100% ofan á ellilífeyri til þess fólks, sem ekki hefur fjárhagslega getu til þess að greiða sín gjöld, ef á slíkar stofnanir er farið. Þetta er að sjálfsögðu rétt og skylt, og engan ber að setja þar utangarðs, ef þannig stendur á um hans fjárhagsmál. Hitt er annað mál, að það kemur ærið oft upp hjá öldruðu fólki, sem hefur verið fyrirhyggjusamt og reglusamt, lagt fyrir allt sitt líf, eignazt húskofa, að ef það fer á slíka stofnun og biður um hækkun á sínum ellilífeyri, þá er svarið: nei, því miður, það er ekki hægt nema þá að ákaflega litlu leyti, fyrr en þú ert búinn með þessar eignir þínar. Þú ert eignamaður, þú ert eignakona, þú verður að ljúka við að borða út þína eign, áður en þú nýtur kannske sama réttar og sá aðilinn, sem við hlið hans stendur og kannske hefur sjálfur átt sök, — við skulum ekki segja sök, en ástæðan hafi verið sjálfgerð hjá honum í sambandi við óreglusemi eða óráðsíu. Þessu fólki þykir þetta auðvitað ákaflega harður kostur, sem skiljanlegt er. En ég held samt sem áður, að það sé ákaflega erfitt að finna þarna einhvern milliveg, þótt ég hins vegar skilji ákaflega vel sjónarmið hv. 3. landsk. þm. um það, sem ég tek mjög fastlega undir, að í fyrsta lagi á ekki að setja það fyrir sig, þótt þeir, sem við slíka erfiðleika búa, eigi hvorki eignir, lendur eða lausa aura, eins og sagt var. En þar fyrir utan tek ég líka undir orð hv. flm., 12. þm. Reykv., að það megi kannske ganga aðeins skemmra í því að refsa hinum fyrirhyggjusömu fyrir sitt líf.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr. Ég vil taka fram, að ég álít þær mjög fróðlegar og uppbyggilegar og þær hugmyndir, sem hér hafa fram komið hjá fyrri ræðumönnum, gefa öðrum frekari innsýn inn í þetta mál og gætu eða ættu að geta leitt til skynsamlegri og réttari niðurstöðu. En tilefni þess, að ég bið hér um orðið, er framlag hv. 3. landsk. þm. til þessara umræðna og þau ummæli hans, að það veki undrun, að slík till. skuli koma úr röðum sjálfstæðismanna. Hann segir: Sjálfstfl. hefur stutt einstaklingsfrelsi. (Gripið fram í.) Það var talað um einstaklingsfrelsi áðan, þá kenningu að duga eða drepast, og hefur hann að því er virðist talið sjálfum sér trú um það, að það væri innihald þeirrar stefnu, sem Sjálfstfl. fylgir, einfaldlega að duga eða drepast og að ekki komi neitt annað til greina. Ekki veit ég, hvort þetta stafar af því, að hann sjálfur er búinn að reka svona mikinn áróður fyrir þessum kenningum, að hann er sjálfur farinn að trúa því eða þá að til kemur hrein fáfræði. Alla vega tel ég ástæðu til þess, ef slíkar kenningar eru hér uppi á hinu háa Alþingi, að uppfræða hv. 3. landsk. þm. og kannske ýmsa aðra um það, hver stefna Sjálfstfl. er. Ég mun ekki gera það í þessum umr., en fæ kannske tilefni til þess seinna, tel alla vega fulla ástæðu til þess. Ég vil þó segja frá því, ef hv. 3. landsk. þm. kann ekki á því deili, að allt frá því að Sjálfstfl. var stofnaður hefur það verið eitt af hans stefnuskráratriðum að stuðla að félagslegri samhjálp í þessu þjóðfélagi. Það var sett fram í stefnuskrá Sjálfstfl. strax við stofnun hans, að auk þess sem einstaklingurinn ætti að fá að njóta sín, ætti að stuðla að því að bjarga og hjálpa þeim til sjálfsbjargar, sem undir verða í lífsbaráttunni að einu eða öðru leyti. Hins vegar hefur það aldrei verið stefna Sjálfstfl., að menn ættu að vera háðir því opinbera, ættu að vera þannig í sveit settir, að þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur af sínu lífi, sínum tekjum. Þeir þyrftu að sjálfsögðu að treysta á sjálfa sig fyrst og fremst, en fá aðstoð til sjálfsbjargar, ef þeir yrðu undir. Þetta er megininntak stefnu Sjálfstfl. á þessu sviði, á sviði félagslegrar samhjálpar. Í reynd hefur Sjálfstfl. mjög stefnt að þessum málum, svo sem saga hans sýnir, og skal ég ekki vitna til annars en t. d. þátttöku Sjálfstfl. í almannatryggingunum. Án þess að ég sé að karpa um það, hver eigi stærsta þáttinn í því, höfum við vissulega staðið að umbótum á því sviði. Eins vil ég minna á mjög myndarlegar framkvæmdir og framfarir, sem átt hafa sér stað á þessu sviði, félagsmálasviðinu, hér í Reykjavíkurborg, þar sem Sjálfstfl. hefur haft veg og vanda af því að stuðla að mjög aukinni félagslegri aðstoð til handa þeim, sem undir verða í lífsbaráttunni.

Hins vegar vil ég að gefnu tilefni taka fram, að ég styð þá hugmynd, sem hann setur fram hér og gerir aths. við, þ. e. að tryggingakerfið eigi að byggja þannig upp og vera í framkvæmd á þann hátt, að það hjálpi einmitt þessu fólki, sem þarf á hjálp að halda. Það á ekki að byggja þetta kerfi upp þannig, að það komi jafnframt til góða fyrir þá, sem ekki þurfa á slíkri hjálp að halda, sem eru svo efnalega vel settir, að þeir geta bjargað sjálfum sér. Þetta er einmitt sú hugmynd, sem ég hef sett fram í kosningabaráttunni og vil þá ítreka hérna, ef þetta er ekki kosningafundur að mati hv. 3. landsk. þm., og ég tel sjálfur og hef sett fram þá skoðun, að tryggingakerfið að þessu leyti sé orðið úrelt. Ég hef nefnt t. d. fjölskyldubæturnar máli mínu til sönnunar. Þar er verið að greiða fé til fólks algerlega án tillits til þess, hvort það þurfi á því að halda, og síðan er þetta fé tekið aftur úr einum vasanum og sett í hinn. Ég vænti þess, að við hv. 3. landsk. þm. getum sameinazt í því að standa hér að tillögum á hv. Alþ., sem stuðla að breytingu á tryggingakerfinu að þessu leyti. Og um leið og ég áskil mér allan rétt til þess að fræða hann á seinni fundum hér á Alþ. um stefnu Sjálfstfl. á þessu sviði, vil ég fá leyfi til að snúa mér til hans, þegar þar að kemur, einmitt með þessar hugmyndir og vænti þá þess, að hann styðji mig í þeirri tillögugerð.

Bjarnfríður Leósdóttir: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig lengur um að taka örlítinn þátt í þessum umr. Það er búið að ræða hér mikið um velferð aldraðra, og margt hefur borið á góma. Það, sem er efni þessarar till., að taka undan útgjöld aldraðra af húsnæði sínu til þess að gera þeim kleift að búa lengur sjálfstætt, er að mínu mati gott, svo langt sem það nær. En þegar við hugsum um það, að þetta er tekjustofn sveitarfélaga, verðum við um leið að athuga það, hverjum við erum að hygla, þeim, sem þurfa mest á því að halda, eða öðrum, sem hafa meiri ráð á að greiða til bæjarins. Ég veit, að núna verður mörgum það ofarlega í huga, sem búa í litlu húsnæði og eru orðnir aldraðir, þegar þessi nýi fasteignaskattur tekur gildi, hvernig þeir geti haldið áfram að búa í sínu húsnæði, og er það skiljanlegt. En

það eru fleiri borgarar en þeir og eru líka aldraðir. Það eru þeir, sem eiga ekki húsnæði. Það eru þeir, sem búa í leiguhúsnæði. Hvernig eigum við þá að jafna bilið þar á milli? Eigum við að verðlauna það fólk, sem býr í eigin húsnæði, en hegna hinu, sem ekki hefur getað eignazt sitt eigið húsnæði? Ég held, að um leið og á að létta af öldruðum fasteignaskatti, verðum við að hugleiða það, á hvern hátt við getum hugsað um hina, sem ekkert eiga, því að ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki aðeins dugnaður og það að hafa sparað, sem ræður því, að fólk eignast eigið hús. Það er margt annað, og fólk getur hugsað sér mismuninn á því að hafa lifað með stóra fjölskyldu á verkamannalaunum eða að vera embættismaður. Síðan, þegar hann er orðinn aldraður embættismaður, er hann með lífeyri, verðtryggðan lífeyri, sem getur verið mörgum sinnum meiri en laun verkamannsins.

Ég held, að við verðum að athuga þessa till. nánar, áður en við samþykkjum hana, og hafa þá í huga velferð aldraðra, fleiri en þeirra, sem búa í sínu eigin húsnæði.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

54. Tækniskóli Íslands á Akureyri.

Á 46. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um Tækniskóla Íslands á Akureyri [208. mál] (A. 406).

Á 57. fundi í Nd., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 58. fundi í Nd., 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 14. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 406 till. til þál. um Tækniskóla Íslands á Akureyri. Till. er þess efnis, að Nd. Alþingis álykti að lýsa yfir þeim vilja sínum, að Tækniskóli Íslands verði fluttur frá Reykjavík til Akureyrar, þó þannig, að heimilt verði, ef nauðsynlegt þykir, að starfrækja í Reykjavík undirbúningsdeild og einstakar bekkjardeildir í tengslum við Tækniskóla Íslands á Akureyri.

Till. þessa flutti ég fyrir rúmlega fjórum vikum hér í hv. d., og var það að nokkru leyti að gefnu tilefni, sem ég flutti hana á þeim tíma, vegna bréfs, sem hér barst þá, dags. 29. febr., frá bæjarstjóranum á Akureyri um þessi mál ásamt ýmsum fleiri skjölum þessa máls, og kem ég að þeim síðar. En ég valdi þann kostinn að flytja till. í þessari hv. d., vegna þess að eins og kunnugt er, þá hefur Sþ. mikinn fjölda þáltill. til meðferðar, og ég taldi þess meiri von, að þetta mál kæmist á dagskrá og til meðferðar í n. með því að flytja það í d. heldur en í Sþ. sem ég ella hefði gert. Nú hefur reyndin orðið sú, að nokkur dráttur hefur orðið á því, að till. hafi verið tekin fyrir hér í d., og skal ekki um það sakast.

Lög um Tækniskóla Íslands voru sett hér á hinu háa Alþingi á árinu 1963. Þegar það mál var til meðferðar, bárust um það mjög ákveðnar óskir af Norðurlandi, að þessi nýja skólastofnun yrði staðsett norðanlands og þá á Akureyri, og var talið þá, eins og margir telja nú, að þarna væri tækifæri til þess að láta það sjást í verki, að menn teldu, að stofnanir sem þessi þyrftu ekki endilega að vera til staðar í höfuðborginni. Niðurstaðan varð samt sú eftir allmiklar umræður manna á milli hér á Alþ., að ákveðið var, að Tækniskóli Íslands skyldi vera í Reykjavík, en á Akureyri skyldi setja á stofn undirbúningsdeild og mætti þar einnig starfrækja einstakar bekkjardeildir, en stefna skyldi að því að stofna fullkominn tækniskóla á Akureyri. Þróun málsins hefur svo orðið sú, að tækniskóli var settur á stofn hér í Reykjavík og hefur starfað síðan, en hins vegar hefur ekki verið búið þannig að skólanum hér í Reykjavík, að það sé í rauninni til neinnar frambúðar, þannig að skólinn hafi verulega fest hér rætur. Á Akureyri hefur starfað undirbúningsdeild, a. m. k. flest ár, ef ekki öll ár síðan, en aðrar sérstakar bekkjardeildir hafa ekki starfað þar og ekki verið hafinn neinn undirbúningur af hálfu ríkisstj., að því ég ætla, að setja þar upp fullkominn tækniskóla.

En á Norðurlandi er vakandi áhugi á því, að þessi stofnun verði staðsett á Akureyri, og skal ég í því sambandi t. d. leyfa mér að minna á ályktun frá Fjórðungsþingi Norðlendinga frá 23. okt. 1969, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá skorar þingið á sömu yfirvöld [þ. e. yfirvöld landsins] og Alþingi að taka til gagngerðrar athugunar, hvort eigi sé rétt að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar, og bendir á fordæmi annarra þjóða, sérstaklega Norðmanna, þessu máli til stuðnings."

Enn gerði hið sama Fjórðungsþing Norðlendinga ályktun um þetta mál hinn 10. sept. 1971, á s. l. ári, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í því sambandi ítrekar þingið fyrri áskoranir Fjórðungssambands Norðlendinga um, að Tækniskóli Íslands verði á Akureyri."

Og svona til fróðleiks vil ég enn geta þess, þó að það hins vegar varði annað mál, að þar stendur, að tekið sé undir ábendingar um, að væntanlegur fiskiðnskóli verði reistur á Ísafirði.

Á fundi sínum 18. nóv. 1970 gerði bæjarstjórn Akureyrar ályktun um þetta mál, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af framansögðu og með tilliti til þróunar í nágrannalöndum skorar bæjarstjórn Akureyrar á hæstv. ríkisstjórn Íslands að taka til vandlegrar athugunar, hvort eigi sé rétt og þjóðhagslega hagkvæmt að

flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar, svo og eitthvað af starfsemi Háskóla Íslands. Til að auðvelda slíkt býðst bæjarstjórn til að láta ríkinu í té endurgjaldslaust lóðir á mjög hentugum stað á Akureyri fyrir skóla þessa."

Svipuð ályktun var endurtekin hinn 11. febr. s. l. í bæjarráði Akureyrar.

Í bréfi dagsettu 29. febr. s. l., sem ég nefndi áðan og mér barst í hendur og að ég ætla fleiri þm., er mjög ítarleg grg. um þetta mál, sem bæjarstjórinn á Akureyri hefur tekið saman fyrir hönd bæjarstjórnarinnar þar og þeirra annarra aðila fyrir norðan, sem beitt hafa sér fyrir þessu máli. Ég vil leyfa mér, af því að ég get ekki gert betur grein fyrir þessu máli en þar er gert, að lesa upp hér fyrir hv. þd. nokkra kafla úr þessari grg., og ég vil biðja hv. þm., sérstaklega ef einhverjir kynnu að vera, sem telja það fráleitt að gera þá breytingu, sem farið er fram á í till., að taka vel eftir þeim rökum fyrir þessu máli, sem fram koma í þessari grg. Þar stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun undirritaðs, [bæjarstjórans] og þeirra, sem að ályktunum þessum standa, [bæjarstjórnar Akureyrar, bæjarráðs Akureyrar og Fjórðungssambands Norðlendinga o. fl.] að þessi aðgerð [flutningur Tækniskólans til Akureyrar] muni verða sú áhrifaríkasta, sem hugsazt getur til að stuðla að þeirri eflingu Norðurlands, sem flestir virðast sammála um, að nauðsynleg sé, a. m. k. þegar samdar eru stefnuskrár stjórnmálaflokka og málefnasamningar gerðir. Raunar tel ég, að allir Íslendingar vilji, að landið byggist upp á skynsamlegan hátt, þannig að lífvænlegar byggðir blómgist og bæirnir úti um land verði þróttmiklar miðstöðvar atvinnulífs og þjónustu, en sá hugsunarháttur virðist því miður vera algengur, a. m. k. suðvestanlands og meðal ráðamanna, að uppbygging úti á landi eigi eingöngu að felast í vaxandi útgerð, vinnslu landbúnaðarafurða og bættu samgöngukerfi. Þetta eru vissulega nauðsynlegir þættir uppbyggingarinnar, en þeir munu vissulega ekki duga til í háþróuðu þjóðfélagi, þar sem meiri hluti ungmenna velur sér starfssvið í greinum iðnaðar og þjónustu, og munu því velja sér bústað þar, sem slík atvinnutækifæri bjóðast. Þessi hugsunarháttur, að landsbyggðin eigi að hugsa um fisk og kjöt, en Reykjavík um allt hitt, minnir vissulega á heimsveldishugsjón Kiplings, þar sem Reykjavík virðist eiga að gegna hlutverki Stóra-Bretlands, en landsbyggðin nýlendnanna.

Á árunum 1972 til 1980 munu um 39 300 manns á Íslandi ná tvítugsaldri. Þetta er u. þ. b. fimmtungur þjóðarinnar. Líklegt er, að fjórðungur til þriðjungur þessa fólks, eða 10—14 þúsund manns, muni setjast að annars staðar en þar, sem það er uppalið. Þessi hópur hefur aldrei í sögu þjóðarinnar verið eins stór, og að líkindum mun hann aldrei verða hlutfallslega eins stór aftur." Ég vil skjóta því hér inn, að það liggur í því, að fæðingartalan hefur lækkað til muna síðustu árin og útflutningur aukizt. „Það, hvar þetta fólk sezt að, mun ráða úrslitum um þróun byggðar í landinu um fyrirsjáanlega framtíð. Ef að líkum lætur, ef uppbygging stóriðjufyrirtækja og opinberra stofnana, svo sem æðri menntastofnana, einskorðast við höfuðborgarsvæðið, mun þetta fólk flest flytja suður. En ef umtalið um jafnvægi í byggð landsins er annað en kosningafagurgali, getur ríkisvaldið haft úrslitaáhrif á búsetuval þess. Og þá ber að hafa í huga, að einungis lítill hluti þess mun vinna í fiski og kjöti.

Staðsetning opinberra stofnana er það stjórntæki til áhrifa á byggðaþróunina, sem ríkisvaldið hefur fyllilega á valdi sínu og getur þar að auki verið það áhrifamesta og ódýrasta miðað við áhrif. Þetta hafa nágrannaþjóðir okkar séð, svo sem Norðmenn og Svíar, og þegar ríkisstj. sú, sem nú situr, var mynduð, virtust þeir, sem að henni standa, sjá þetta. Þegar þessi mál hafa verið til umr. á undanförnum árum, þegar nýjar stofnanir hafa verið settar á fót, hefur hagkvæmnissjónarmið stofnunarinnar ævinlega setið í fyrirrúmi og stofnunin lent í Reykjavík, svo sem Fiskiðnskólinn.

Því mótmælir enginn, að flutningur opinberrar stofnunar kostar fé og rekstur stofnunar getur kostað meira fyrsta kastið úti á landi en í höfuðborginni. En það er reynsla Norðmanna, að slíkir erfiðleikar verði ævinlega yfirunnir. Og sú er reynslan hér einnig. Menn voru ekki sammála um að stofna menntaskóla á Akureyri né að Laugarvatni, Ísafirði eða Egilsstöðum, og áþekkum rökum beitt gegn því eins og gegn flutningi Tækniskólans nú.

Tækniskóli Íslands er ekki hluti af miðstjórnarkerfi ríkisins og getur þess vegna verið annars staðar en í Reykjavík. Skólinn mundi vissulega njóta nálægðar við ýmsar vísinda- og tæknistofnanir í Reykjavík, en eins og í Þrándheimi mundi hann með tímanum hlaða slíku utan á sig hér nyrðra. Hér mundi skólinn verða höfuðstofnun bæjarins, og hann mundi njóta sérstakrar umhyggju bæjarbúa og bæjarstjórnar, en syðra hyrfi hann í systemið. Einnig yrði félagsleg staða nemenda þessa skóla hér mun hærri en syðra. Bæjarstjórn býður skólanum framtíðarlóð á þeim bezta stað, sem skipulagsmenn geta fundið honum, án gatnagerðargjalds. Skólinn hefði, hvað kennslukrafta snertir, mikla stoð af Menntaskólanum á Akureyri og öfugt, og ekki býst ég við erfiðleikum á að fá væntanlega fasta kennara skólans til að setjast hér að. Akureyri getur boðið slíku fólki fyrsta flokks aðbúnað, sennilega betri en nokkur staður annar á landinu, enda ekki lengur tregða á að fá t. d. háskólamenntaða menn til að setjast hér að, bjóðist atvinna. Menn, sem geta stundað stundakennslu við skólann, eru færri hér en í Reykjavík, en tæknimenntuðum mönnum fjölgar hér nú mjög ört. Hér í bæ búa nú og starfa 14 verkfræðingar úr ýmsum greinum verkfræði, og hefur þeim að undanförnu fjölgað til jafnaðar um 1—2 á ári. Tæknifræðingar eru hér enn fleiri og fjölgar örar, og stærðfræði- og eðlisfræðimenntaðir menn kenna hér við Menntaskólann á Akureyri og Gagnfræðaskóla Akureyrar. Verksmiðjurnar hér bjóða upp á mjög góða aðstöðu til þjálfunar framleiðslutæknifræðinga, sem verða mjög þýðingarmikil stétt í framtíðinni, og ýmis önnur aðstaða er hér fyrir hendi, er að verða til eða verður fyrirsjáanlega til á næstu árum, sem koma mun Tækniskólanum að haldi. Og þegar á allt er litið, er ekki með nokkru móti unnt að sjá, að neinir óyfirstíganlegir erfiðleikar verði á vegi Tækniskóla Íslands á Akureyri."

Enn fremur segir hér að lokum í þessari grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Það kostar vissulega fé og ákveðna erfiðleika í fyrstu að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar og gera Akureyri að miðstöð tæknimenntunar í landinu.

En hér á landi er það siður að verja stórfé til ýmiss konar framkvæmda, oft lítt arðbærra, til að bæta aðstöðu ýmiss konar plássa á landsbyggðinni til að veiða fisk eða framleiða kjöt. Hér þarf ekki að vera um meiri viðbótarkostnað að ræða en sem samsvarar bryggjustúf, vegarspotta, svo að ekki sé nú talað um skuttogara. Og þessi fjárfesting yrði vissulega arðbær, því hún gæti einmitt orðið vítamínsprautan, sem Norðurland vantar, til að það fari að vaxa af sjálfu sér."

„Ég vil skora á alþm. alla," segir enn fremur í þessari skýrslu, „að íhuga, hvílíka þýðingu opinberar stofnanir geta haft í þróun byggðarinnar í landinu, séu þær rétt staðsettar. Nefna má fjölda stofnana, sem ekki eru hluti miðstjórnarkerfisins og unnt ætti þess vegna að vera að nota sem tæki til að hafa áhrif á byggðaþróun, og er full þörf á, að mál þessi verði tekin til heillegrar athugunar, því að nú eru síðustu forvöð til að skipuleggja landið.

Akureyringar og Norðlendingar aðrir líta á staðsetningu Tækniskólans sem prófmál um alvöru landsfeðra í þessu sambandi, og ég er viss um, að margir aðrir, sem úti á landi búa, eru sama sinnis."

Svo segir í þessari skýrslu og er þar margt fleira skráð, sem ég ætla ekki að lesa hér upp. En ég vil aðeins að lokum vekja athygli á því, að ég hef gert ráð fyrir því, að í þessari ályktun, ef samþ. verður, felist viljayfirlýsing frá hv. Nd. um flutning Tækniskólans til Akureyrar. En ég hef jafnframt gert ráð fyrir því, að með tilliti til þess, hve hér í höfuðborginni eru margir, sem þurfa á tækninámi að halda, yrði gert ráð fyrir möguleikum til þess, að hér verði bæði starfandi undirbúningsdeild og sérstakar bekkjardeildir í Reykjavík, þó að aðalstofnun Tækniskóla Íslands hefði aðalaðsetur á Akureyri. En ég segi eins og sá, sem ritaði skýrsluna, sem ég las upp úr hér áðan, að ég tel, að hér sé um prófmál að ræða um það, hvað Alþ. vill gera eða hvaða stefnu Alþ. í raun og veru vill taka í málefnum landsbyggðar á Íslandi.

Ég legg til, að umr. um till. verði frestað og henni verði vísað til hv. landbn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Meginefni þessarar till., eins og fram hefur komið, er það, að Nd. Alþingis lýsi yfir þeim vilja sínum, að Tækniskóli Íslands verði fluttur frá Reykjavík til Akureyrar. Það er e. t. v. óþarfi fyrir mig persónulega að lýsa yfir sérstökum stuðningi við þessa stefnu, því að ég hef áður á hv. Alþ. látið orð falla í þessa átt og lýst þeirri skoðun minni, að full ástæða sé til þess að grípa nú það tækifæri, sem fyrir hendi er, að flytja höfuðstöðvar Tækniskólans til Akureyrar. En þegar ég tala um sérstakt tækifæri nú til þess að flytja Tækniskólann, þá á ég auðvitað við það, að skólinn er enn eins og barn í reifum. Hann hefur ekki enn tekið út þroska, hann á við ónógan aðbúnað að stríða, nánast lélegt atlæti, sem stendur vexti hans fyrir þrifum. Það er mikið vafamál, hvort Tækniskólinn hefur fest svo djúpar rætur í Reykjavík, þótt hann hafi verið staðsettur þar frá upphafi, að það þurfi að standa í vegi fyrir flutningi hans. Ég sé ekki, að það sé verið að rífa upp neitt með rótum og er því fullkomlega sammála hv. flm., sem hér var að ljúka máli sínu.

Ég vil endurtaka það, sem ég hef áður sagt við umr. fyrr á þessu þingi, að nú er tækifæri til þess að vinna að flutningi skólans til Akureyrar. Íslendingum er nauðsyn að eiga a. m. k. einn fullkominn tækniskóla. Það var ætlunin með stofnun Tækniskóla Íslands, að hann yrði sem fullkomnastur og bezt búinn. Nú eru liðin u. þ. b. níu ár síðan Tækniskólinn tók til starfa, en því fer fjarri, að vel sé að honum búið, og fátt eitt virðist á döfinni, sem bendir til þess, að úrbætur séu í nánd. Það er því óneitanlega tækifæri til þess að ræða framtíð Tækniskólans og þ. á m., hvar hann skuli vera staðsettur.

Ég vil benda sérstaklega á það, að enda þótt skólinn hafi frá upphafi starfað í Reykjavík, þá hafa ekki verið gerðar neinar slíkar ráðstafanir hvað snertir t. d. byggingar skólans, að þær geri það óhjákvæmilegt, að skólinn verði um aldur og ævi í Reykjavík. Þvert á móti vil ég fullyrða, að engar framtíðarráðstafanir hafi verið gerðar, þannig að skólinn sé svo rótfastur í Reykjavík, að honum verði ekki hróflað þaðan. Skólinn hefur ætíð verið á hrakhólum með húsnæði, og svo er enn. Skólinn er því ekki bundinn við Reykjavík vegna bygginga sinna eða vegna landareigna. Sannleikurinn er sá, að Tækniskólinn hefur að öllu leyti lélega aðstöðu og ræður yfir litlum eignum í Reykjavík. Honum hefur ekki verið búin nein framtíðaraðstaða hér, svo að það er einskis í misst út af fyrir sig, þótt skólinn yrði fluttur frá Reykjavík.

Það er margt, sem mælir með því, að sú stefna verði mörkuð, að Tækniskólinn verði staðsettur á Akureyri. Fyrir utan það, sem ég hef nú nefnt um það, að skólinn sé enn ómótaður og laus á rót sinni í Reykjavík, þá koma til aðrar ástæður, sem að mínum dómi vega þungt á metunum. Að mínum dómi er þetta tækniskólamál ekkert einangrað fyrirbæri. Staðsetning Tækniskólans er að sjálfsögðu aðeins hluti af stærra máli. Þess vegna vil ég vara við því að líta á staðsetningu Tækniskólans frá allt of þröngum sjónarhóli. Og sérstaklega vil ég andmæla þeirri skoðun, sem ég hef orðið nokkuð var við upp á síðkastið, að hér sé um að ræða ýmist sérvizkulega þráhyggju vissra þm. eða forustumanna sveitarfélaga eða eigingjarna heimtufrekju Akureyringa, sem vilji gína yfir öllu lausu og föstu í landinu og telji sig eiga rétt fram yfir flesta aðra landsmenn. Ekkert af þessu er rétt. Akureyringar eða Norðlendingar aðrir hafa enga löngun til þess að ganga á annarra rétt, hvorki í þessu efni né öðrum. Hitt má vel vera, að Akureyringar og Norðlendingar yfirleitt hafi haft nokkra forustu fyrir þeirri hreyfingu, sem nú er uppi um skynsamlegar aðgerðir í dreifingu ríkisstofnana og opinberrar þjónustustarfsemi. Þessi hreyfing hefur að markmiði að stuðla að jafnvægi í byggð landsins eftir því, sem frekast er kostur. Akureyringar gera sér að sjálfsögðu ljósa grein fyrir möguleikum Akureyrar til stóraukins vaxtar og eflingar, og við gerum okkar ákveðnu kröfur til samfélagsins í því sambandi. Það er ekkert launungarmál, að við teljum það bæði rétt og skynsamlegt út frá almennu, þjóðfélagslegu sjónarmiði, að Akureyri verði efld mikið frá því, sem nú er, ekki til þess að soga til sín merginn úr nágrannabyggðum eða annarri landsbyggð, heldur til þess að treysta landsbyggðina í heild, koma á skynsamlegu jafnvægi eða a. m. k. nokkru mótvægi gegn einhliða vexti höfuðborgarsvæðisins. Þetta þýðir ekki, að Akureyri eigi að verða önnur Reykjavík, sem keppir að því að soga til sín fólkið, fjármagnið og þjónustuna á ranglátan hátt og á annarra kostnað. Vöxtur Akureyrar

þarf að verða mikill, en má aldrei verða svo ör og svo mikill, að það komi niður á öðrum. Það er ekki keppikefli Akureyrar og ekki neins manns markmið að krefjast alls handa Akureyri og einskis handa öðrum. En um það verður ekki efazt, að Akureyri er ákjósanlegri staður en ýmsir aðrir staðir utan höfuðborgarinnar til þess að vera miðstöð margs konar starfsemi. Og þegar svo stendur á, á Akureyri að fá að njóta þess. Það er engin ágirnd og enginn gleypigangur, heldur eðlilegt stefnumál.

Ég er sannfærður um það, að á einu sviði er mögulegt og einnig rétt að efla Akureyri öðrum stöðum fremur. En það er á sviði skólamála. Ég hef sannfæringu fyrir því, að hægt sé að koma þar upp raunverulegum skólabæ eða skólamiðstöð, þar sem væri aðsetur margs konar framhaldsskóla og sérgreinaskóla. Þessari skoðun minni hef ég svo oft lýst áður hér á hv. Alþ., að ég þarf ekki að fara um hana mörgum orðum nú. Það er þegar fyrir hendi verulegur vísir að skólamiðstöð á Akureyri, en enn vantar mikið á, að skólastarfið þar sé svo fjölbreytt og umfangsmikið sem það gæti orðið. Það væri ómetanlegt fyrir þróun Akureyrarbæjar að fá Tækniskóla Íslands fluttan til Akureyrar. En ég vil enn minna á, að fleiri skóla mætti hugsa sér staðsetta á Akureyri. Sérstaklega nefni ég verzlunarskóla, enda getur það ekki dregizt öllu lengur, að tekin verði ákvörðun um stofnun almenns verzlunarskóla í landinu, sem rekinn sé á vegum ríkisins. Núverandi ástand í þessum efnum er óviðunandi. Einnig nefni ég enn einu sinni stofnun garðyrkjuskóla, sem verið hefur áhugamál margra um árabil. Og ég vil einnig minna á eflingu vélfræðikennslunnar, sem nú þegar fer fram á Akureyri, og fleira mætti nefna, og hef ég raunar minnzt á þessi mál áður.

En svo að ég víki aftur að Tækniskóla Íslands og flutningi hans til Akureyrar, þá get ég endurtekið það, sem ég sagði áðan, að slíkt yrði ómetanlegt fyrir bæinn. Tækniskólinn kemur til með að verða svo fjölmenn og fyrirferðarmikil stofnun, að hann mun hafa ótrúlega sterk áhrif á umhverfi sitt, bæði beint og óbeint. Menningarlegu áhrifin eru augljós, efnahagslegu áhrifin ættu einnig að liggja í augum uppi. Búsetu- og fólksfjöldaáhrifin hljóta að verða mikil af svo umfangsmikilli stofnun, og þeirra mundi vissulega gæta meira í fámennum bæ en fjölmennum. Ekki er neitt vafamál, að á Akureyri mundi Tækniskólinn bera höfuð og herðar yfir flestar aðrar stofnanir. Hann yrði sannkallað óskabarn bæjarbúa og stolt bæjarins. Menn mundu láta sér verulega annt um hag skólans, eins og bæjarstjórinn á Akureyri benti á í grg. þeirri, sem hv. flm. las hér áðan. Það er engin hætta á því, að skólinn lenti í einangrun eða útlegð á Akureyri.

Akureyri er að vísu engin stórborg, en þær munu ekki margar smáborgir í heiminum, að ekki sé minnzt á bæi með 11—12 þús. íbúa, sem búa yfir fjölbreyttara bæjarlífi en Akureyri. Samgöngur við landsbyggðina og við umheiminn eru mjög góðar. Verzlun er umfangsmikil, atvinnulíf fjölbreytt. Akureyri er umfram allt iðnaðarbær, sem stendur Reykjavík í flestu á sporði og í sumum greinum líklega langtum framar. Það er því langt frá því, að Tækniskólinn lenti í útlegð, þótt hann yrði staðsettur á Akureyri. Hitt mun kannske sönnu nær, að þar yrði hann nær sjálfri kviku þjóðlífsins. Þar yrðu nemendur í enn nánari snertingu við atvinnulífið og þau framtíðarstörf, sem þeir koma til með að vinna, en nokkurn tíma í Reykjavík. En ekki getur neitt af þessu gerzt af sjálfu sér. Mér er ljóst, að ýmsir örðugleikar eru á því yfirleitt að koma upp fullkomnum tækniskóla hér á landi, og reynsla síðasta áratugar sannar það. En ég held, að það sé á misskilningi byggt, að það sé miklu örðugra að koma skólanum upp á Akureyri en í Reykjavík. Ég held, að þar geti ekki, eins og nú er komið, ákaflega miklu munað. Beinn fjárhagslegur munur getur varla komið til greina. Það yrði ekki dýrara að reisa byggingar yfir skólann á Akureyri, og það er ekki erfiðara að búa skólann kennsluaðstöðu að öðru leyti. Ósannað mál er, að erfiðara verði að fá fasta kennara til Akureyrar, ef rétt er á haldið, en í Reykjavík, og útvegun stundakennara og annars starfsliðs ætti ekki að vera óyfirstíganlegt vandamál. Auðvitað verður að játa það, að Akureyrarbær er tæpast við því búinn að taka á móti Tækniskólanum með nokkurra vikna eða nokkurra mánaða fyrirvara. Slíkt er auðvitað ofætlun. Það er hvorki vit né sanngirni í því að setja dæmið þannig upp. En ef sú stefna verður tekin og samræmdar aðgerðir ríkis og bæjarfélags fá að njóta sín, þá efast ég ekki um, að hægt yrði á nokkrum árum að vinna að flutningi Tækniskólans til Akureyrar. Ég aðhyllist þá lausn. Ég álít, að úr því sem komið er eigi ekki að gera neitt frekar, sem yrði til þess að rótfesta skólann í Reykjavík.

Ég tel, að nú beri að taka málefni Tækniskólans til endurskoðunar með það fyrir augum, að starfsemi hans verði flutt til Akureyrar og það innan ekki allt of margra ára. Óhjákvæmilegt er, að skólinn starfi um sinn í Reykjavík, eins og verið hefur, og sjálfsagt að gera eðlilegar ráðstafanir í því sambandi, en af þessu leiðir m. a., að ekki ber að fara út í neinar dýrar byggingarframkvæmdir á vegum skólans hér í Reykjavík.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, herra forseti, enda má gera ráð fyrir, að síðar gefist tækifæri til þess að ræða málefni Tækniskólans, ef frv. það, sem liggur fyrir hv. Ed., verður tekið hér til umr. Raunar er það mín skoðun, að það frv. ætti ekki að fara lengra en það er nú komið. En fari svo, að því verði vísað til hv. Nd., þá mun ég beita mér gegn framgangi þess, að svo miklu leyti sem það er á mínu valdi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa algerri andstöðu minni við efni þessarar þáltill. Ég tel, að á næstu árum komi ekki til nokkurra mála, að hægt sé að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar nema því aðeins, að skólinn setji mjög verulega niður. Það er ekki hægt að halda uppi kennslu af þeirri tegund, sem nú er haldið uppi í Tækniskóla Íslands og þarf að halda þar uppi, með kennslukröftum, sem nú eru fyrir hendi á Akureyri eða fáanlegir eru þangað um fyrirsjáanlega framtíð. Flutningur skólans til Akureyrar á allra næstu árum hlyti því að verða Tækniskólanum til mjög verulegs tjóns. Samþykkt till. mundi auk þess hafa það í för með sér, eins og greinilega kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að stöðvun yrði á nauðsynlegum framkvæmdum í þágu skólans, sem nú eru bráðnauðsynlegar, enda er skólinn ungur, nýstofnaður og hefur verið í mjög örri uppbyggingu á fyrstu starfsárum sínum.

Það kom greinilega fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að ef slík till. sem þessi yrði samþ., þá sigldi það í kjölfar þess arna, að það frv., sem nú er til meðferðar í hv. Ed., ætti að stöðvast og bráðnauðsynlegar byggingarframkvæmdir í þágu hans ætti líka að stöðva. Það, sem fyrir flm. till. vakir, er m. ö. o. að hefta framþróun Tækniskólans hér í Reykjavík, sem mundi verða skólanum, nemendum hans og íslenzkum iðnaði og íslenzkri tækniþróun verulegur fjötur um fót. Slíkt tel ég með engu móti mega gerast.

Stofnun Tækniskólans var á sínum tíma eitt mikilvægasta sporið í framfaraátt, sem stigið var á undanförnum áratug í íslenzkum skólamálum. Það var stórkostleg þörf fyrir skólastofnun einmitt eins og þá, sem Tækniskólinn er og hefur reynzt vera. Hann hefur bætt úr mjög brýnni þörf. Það er ekki við því að búast, að skóli sem þessi verði fullskapaður á örfáum árum. Hann hefur verið í mjög örri uppbyggingu, og sú uppbygging þarf nauðsynlega að halda áfram. Samþykkt till. sem þessarar mundi stöðva þessa uppbyggingu eða a. m. k. verða mjög verulegur dragbítur á hana. Þess vegna tel ég hana vera skaðlega og tel ástæðu til þess að mótmæla henni mjög eindregið og vara við því, að þessi stefna verði mörkuð.

Í þessum orðum mínum felst engan veginn sú skoðun, að ekki sé æskilegt að flytja ýmsar ríkisstofnanir og þar á meðal skóla frá Reykjavík eða Suðvesturlandssvæðinu og út á landsbyggðina. Þá stefnu tel ég tvímælalaust vera æskilega að dreifa mikilvægum ríkisstofnunum, mikilvægum þjóðfélagsstofnunum meira um landið en átt hefur sér stað, enda er þetta ríkjandi stefna t. d. á Norðurlöndum og ýmsum öðrum löndum í Vestur-Evrópu. Að þessu tel ég tvímælalaust eiga að vinna og gera það með skipulegum hætti. En það má ekki bera niður á röngum og óheppilegum stöðum, og það tel ég einmitt, að mundi verða gert, ef tekin væri ákvörðun um það að rífa unga, bráðnauðsynlega stofnun, sem er í örri uppbyggingu, upp með rótum og flytja hana út á land. Það eru margar aðrar stofnanir hér í Reykjavík, sem miklu, miklu meiri ástæða væri til að athuga um, hvort ekki væru álíka vel eða jafnvel betur komnar utan Reykjavíkur en einmitt Tækniskólinn. Ég tel satt að segja, að vandfundin sé stofnun, sem væri hægt að gera meiri skaða með flutningi frá Reykjavík en einmitt Tækniskóla Íslands, vegna þess að það er ný stofnun, sem er í örri uppbyggingu og er þess eðlis, að hún krefst mjög sérhæfðra starfskrafta. Kennarar við Tækniskólann munu vera fleiri miðað við nemendur en í nokkrum öðrum skóla að Háskólanum þó líklega undanteknum. Og það gefur auga leið, hversu óheppilegt er að velja einmitt slíka stofnun til þess að flytja frá Reykjavík og í bæ, sem hefur þó ekki nema rúmlega 10 þús. íbúa, einmitt slíka stofnun, vegna þess að ég tel mig vera mjög kunnugan málefnum Tækniskólans, vegna þess að hann var stofnaður í þeirri tíð, er ég veitti menntmrn. forustu. Vegna þess að ég hef mikinn áhuga á því, að hann sé efldur, en ekki sé dregið úr þroska hans, þá vildi ég mjög eindregið vara hv. þd. við því að marka þessa stefnu.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að gera að umtalsefni þá þáltill., er hér liggur fyrir og gerir ráð fyrir því, að Alþ. ályktí að lýsa yfir þeim vilja sínum, að Tækniskóli Íslands verði fluttur frá Reykjavík til Akureyrar o. s. frv., eins og segir í till. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa þáltill., en ég vil, að það komi skýrt fram, að ég er í grundvallaratriðum andsnúinn þeirri hugmynd, sem þar er sett fram. Flm. og stuðningsmenn till. hafa rætt um það, að tækifærið væri einmitt nú til þess að flytja þennan skóla norður í land, vegna þess að hann væri ekki búinn að festa rætur í Reykjavík og ekki búinn að taka á sig fulla mynd. Það er rétt, að málefni Tækniskólans hafa á síðustu árum verið vanrækt og það hefur ekki verið staðið nægilega vel að því að byggja hann upp og tengja hann við aðra þætti menntakerfisins. Hugmyndir hafa komið fram, sem ég tel, að séu til farsældar, að færa meginhluta af verkefnum skólans yfir á háskólastig. Síðan yrðu stofnaðir aðrir skólar, svonefndir tæknaskólar, sem gerðu ráð fyrir styttri menntun og væru til að þjóna framhaldsmenntun fyrir iðnaðarmenn.

Ég vil einnig benda á það, að vandamálin við flutning skólans norður í land eru ekki bara þau tæknilegu, ekki bara þau, sem snúa að aðbúnaði hans með tilliti til tækja og kennslukrafta, eins og ég held, að hljóti þó að koma upp, heldur eru þarna fleiri vankantar. Ég vil benda á það máli mínu til stuðnings, að nú í dag eru u. þ. b. 200 nemendur í skólanum. 65—66% þeirra eru búsettir hér í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu, en einungis u. þ. b. 34% annars staðar að af landinu. Og þessi fjölmenni hópur Reykvíkinga, sem þarna yrði að fara norður í land, fullorðið fólk flest hvert, það gerði kröfu til þess, að það hefði þar viðunandi aðstöðu, það fengi þar híbýli til að búa í með sínar fjölskyldur og gæzluheimili fyrir börn sín svo að eitthvað sé nefnt. Slíka aðstöðu hefur það kannske hér fyrir sunnan, og má segja, að ýmis aðstaða af þessu tagi sé ekki til staðar norður í landi, enda hefur það komið fram hjá stuðningsmönnum till., að ef þessi ákvörðun yrði tekin, mundi það vafalaust tefja framkvæmd og eflingu skólans um nokkur ár. Það tæki vafalaust nokkur ár að búa svo um hnútana, að hægt væri að byggja upp öflugan tækniskóla norður á Akureyri. Þá má einnig benda á það, að í hópi nemenda skólans, — og ég held, að þegar við hér á Alþ. erum að fjalla um þessi mál, verðum við að hlusta á þær raddir, sem koma frá nemendum skólans, — að í þeirra hópi hefur farið fram könnun um þetta ákveðna atriði, hvort rétt væri að flytja skólann frá Reykjavík. Og í þeirri könnun hefur komið fram, að 72.6% nemenda skólans vilja, að hann verði staðsettur í Reykjavík, en einungis 21.7% að hann verði fluttur norður. Hins vegar eru óákveðnir í þessari könnun 5.7%. Þetta er slík afdráttarlaus yfirlýsing um vilja nemendanna sjálfra, að ég held, að við verðum að taka tillit til þeirra nú, þegar hér fara fram umræður um málið.

Ég ætla ekki að fara að halda lengri tölu og bera fram fleiri rök gegn þessari till. Þó mætti vafalaust tína fram ýmis önnur, en ég vil einungis fordæma það orðalag, sem fram kemur í bréfi því, sem hv. þm. Gísli Guðmundsson las upp hér áðan, þegar hann gerði grein fyrir till., þar sem segir, að þetta einstaka mál sé prófmál á það, hvort alþm. vilji efla byggðina úti á landi. Mér finnst það ósæmilegt að stilla alþm. á þennan hátt upp við vegg og segja, að samþykki þeir ekki till. sem þessa, þá séu þeir andsnúnir jafnvægi og eðlilegri

byggðaþróun á Íslandi. Þessu hljóta alþm. að mótmæla. Og ég fyrir mína parta hef verið fylgjandi því, að staðið væri þannig að málum, að landsbyggðin væri efld og komið væri á heilbrigðu byggðajafnvægi á Íslandi, því að ég geri mér grein fyrir, að margt í þeirri þróun, sem átt hefur sér stað á síðustu árum í byggðarmálum, er mjög óheppilegt og getur leitt til ófarnaðar. En ég tek undir þær raddir, sem hér hafa komið fram hjá öðrum þm., síðasta hv. þm., að ég tel, að það séu margar stofnanir, sem betur færi á að staðsetja norður í landi, og það mál vildi ég skoða frekar.

Að lokum vil ég taka það fram, að ein grundvallarforsenda þess, að hægt sé að byggja upp öflugan tækniskóla og tæknimenntun á Íslandi, er, að fyrr sé búið að byggja upp fullkomna verknámsskóla fyrir iðnaðarmenn okkar. Ég held, að það sé heppilegt, að þeir, sem leggja út í tækninám, komi úr röðum iðnaðarmanna fyrst og fremst. Því er nú brýnna en flest annað að bæta menntunaraðstöðu þeirra, og ég vil minna þá þm., sem að þessari till. standa og hana styðja, á það, að nú eru u. þ. b. sex ár síðan hv. Alþ. samþykkti að koma upp verknámsskóla iðnaðarins á Akureyri og þegar hefur afskaplega lítið verið hafizt handa um að byggja þann skóla upp. Og ég held, að ég fari ekki með rangt mál, þegar ég segi, að það hafi ekki verið sköpuð nein veruleg verknámsaðstaða fyrir Iðnskólann á Akureyri, eins og þó ætti að vera búið að gera. Iðnskólinn þar mun að einhverju leyti hafa afnot af vélakosti vélskólastigs, sem þar hefur aðsetur. Þannig er nú búið að þessu námsstigi, og þeir ágætu Akureyringar og Norðlendingar, sem vilja efla byggðarlag sitt, og ég veit, að þeir vilja það heils hugar, ættu að taka höndum saman um að byggja upp veglegan, góðan verknámsskóla iðnaðarins á Akureyri, svo að sómi væri að. Það stæði þeim nær, eins og málum er nú háttað.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það verður nú tæplega sagt, að hv. 7. þm. Reykv. hafi tekið lítið upp í sig í ræðu sinni hér áðan. Hann var æríð stórorður um þessa till. og hélt því fram, að það væri bókstaflega ekki hægt að flytja Tækniskólann norður, og ekki aðeins það, heldur líka yrði það skólanum til stórtjóns, ef hann yrði fluttur norður í land. Og auk þess kom sú ágæta fullyrðing hv. þm., að þessi skóli, Tækniskólinn, sem nú er í Reykjavík, hefði verið í örri uppbyggingu undanfarin ár. Ég held nú, að hv. þm. hefði getað sagt eitthvað minna. Að vísu er þessum hv. þm. málið skylt að því leyti, að hann er búinn að vera yfirmaður skólans, yfirvald skólans, þau níu ár, sem hann hefur starfað, og það má vera, að hann sé svo ánægður með yfirstjórn sína, að honum finnist, að þessi stofnun hafi verið í örri uppbyggingu þessi ár. En ég held þó, að flestir viti annað, að skólinn hefur ekki verið í örri uppbyggingu, heldur hefur hann verið í hinni örgustu niðurlægingu þennan nærfellt áratug, sem hann hefur starfað.

Þeirri fullyrðingu hv. 7. þm. Reykv., að það sé ekki hægt að flytja skólann norður og það yrði skólanum til stórtjóns, ef svo yrði gert, vil ég ekki einasta mótmæla, heldur vil ég vísa til þess, sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni, þar sem ég flutti, að ég held á mjög hógværan hátt, rök fyrir því, að skólinn yrði ekki illa í sveit settur á Akureyri, og það er ekki verið að senda hann í neina útlegð, því fer fjarri. Það er auðvitað hægt að benda á það, að Akureyri sé ekki með háa fólkstölu miðað við það, sem gerist í stórborgum eða borgum erlendis, þó að smáborgir séu taldar. En ég vil minna á það enn, sem ég gerði áðan, að þótt svo sé, hefur Akureyri á margan hátt sérstöðu meðal smábæja vegna þeirrar fjölbreytni menningarlífs og atvinnulífs og þjóðlífs yfirleitt, sem þar er fyrir.

Í ræðu hv. 8. þm. Reykv. var eitt atriði, sem ég sé ástæðu til að ræða. Það var sú fullyrðing hans, að flutningurinn mundi tefja uppbyggingu skólans. Ég held, að við þurfum að athuga þetta nokkru nánar. Það má vel vera, að sumum kunni að finnast sem þarna sé farið með rétt mál. En ég er ekki þeirrar skoðunar, að þótt sú stefna yrði nú tekin að vinna að flutningi skólans til Akureyrar og hugsa fyrir framtíðaruppbyggingu skólans þar, þá sé ég ekki, að það þyrfti að tefja uppbyggingu Tækniskóla Íslands á nokkurn hátt. Það sé ég ekki, því að augljóst er, að ef á að vinna að uppbyggingu skólans, þá verður að gera það með byggingarframkvæmdum, og það tekur ekki lengri tíma að koma þeim upp á Akureyri, ef sú stefna yrði tekin að koma þeim þar upp. Ég held líka, að ef þar er önnur aðstaða, sem ég veit með vissu, að forráðamenn Akureyrarbæjar gera sér fulla grein fyrir, að verður að vera fyrir hendi, en það er sú aðstaða að taka við auknum fólksfjölda, sem leiða mundi af staðsetningu skólans á Akureyri, þá er vel hægt að flytja skólann norður. Vitanlega yrði að vinna að því líka að koma upp auknu húsnæði, sem þyrfti vegna nemenda og kennara og annarra, sem flyttust norður í sambandi við skólann. Þetta er hægt að framkvæma og gera áætlanir um, án þess að það verði á nokkurn hátt til þess að tefja framtíðaruppbyggingu Tækniskóla Íslands. Þess vegna vil ég andmæla þessari fullyrðingu hv. 8. þm. Reykv., vegna þess að ég hef ástæðu til að halda, að ýmsir verði til að trúa henni. En ef rétt er á haldið, þá er ég sannfærður um, að þessi fullyrðing er röng og engin ástæða til þess að óttast, að svo þurfi að fara sem í henni felst. Það er engin ástæða til að ætla, að það þyrfti að verða til þess að tefja framtíðaruppbyggingu Tækniskóla Íslands, þó að hann yrði fluttur til Akureyrar, en hitt er ljóst, að það yrði e. t. v. að standa að einhverju leyti á annan veg að framkvæmdunum en ella væri.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð nú, en ég vona, að hv. Nd. beri gæfu til þess að lýsa yfir þeim vilja, sem fram kemur í þessari þáltill.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa orðið um þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, um flutning Tækniskóla Íslands til Akureyrar, vildi ég aðeins vekja athygli hv. d. á því, að fyrir hv. Alþ. liggur nú frv. um Tækniskóla Íslands. Það liggur fyrir í Ed., eins og hér hefur raunar komið fram í umr., en við það frv. er komin fram brtt. frá hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnúsi Jónssyni, um það, að í því frv. verði kveðið á um, að Tækniskóli Íslands skuli rísa á Akureyri. Það er því engin ástæða til þess að gera því skóna, að afgreiðsla þess frv. þurfi að dragast af þeim ástæðum, að verið sé að fjalla um það hér á hv. Alþ. að flytja skólann til Akureyrar. Það liggur fyrir, að ákvörðun um þetta er hægt að taka nú þegar. Húsnæðismál skólans eru í því

ástandi, að hann getur ekki við unað hér í Reykjavík. Hér þyrfti að byggja yfir skólann, nákvæmlega það sama þyrfti að gera á Akureyri, og það eru engin rök til þess, að ekki sé hægt að byggja hliðstætt húsnæði á Akureyri fyrir Tækniskóla Íslands eins og í Reykjavík. Ég held, að hv. þm. geti orðið alveg sammála um það.

Um það atriði, að ekki fáist kennaralið til Akureyrar, hafa verið settar fram hér ýmsar fullyrðingar. Það er gott og blessað að setja fram fullyrðingar um slík efni, en það hefði verið skemmtilegra, að undir þær fullyrðingar væri reynt að renna einhverjum rökstuðningi, einhverjum stoðum. Ég fæ ekki séð, að þær fullyrðingar fái staðizt miðað við það, að á Akureyri er þegar um að ræða harðsnúið lið háskólamanna, sem geta kennt við slíka stofnun, auk þess sem þar eru öll skilyrði fyrir hvaða fólk sem er að búa þar, þannig að ég held, að kennaralið við Tækniskóla Íslands á Akureyri geti ekki orðið rökstuðningur gegn því að flytja skólann þangað, að það fáist ekki.

Ég vil ekki fjölyrða frekar um þetta mál að sinni, en ég get ekki stillt mig um að minnast hér á eina röksemd, sem kom fram hjá einum hv. þm., að 60—65% nemenda Tækniskóla Íslands búi í Reykjavík. Þetta er atriði, sem ég tel, að séu fremur haldlítil rök, ef litið er á það, að hundruð og jafnvel þúsundir nemenda utan af landsbyggðinni búa í Reykjavík og hafa enga sérstaka fyrirgreiðslu hér af hálfu hins opinbera. Þeir búa í venjulegu húsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu og hafa útvegað sér það sjálfir og eins allan sinn aðbúnað, þannig að ég fæ ekki betur séð en nemendur héðan úr Reykjavík gætu á svipaðan hátt komizt af á Akureyri. Eða hvaða rök eru til þess, að nemendur utan af landi þurfi einmitt að standa í því að útvega sér aðstöðu, ef þeir vilja sækja skólann? Ég held, að það sé ekki um að ræða rök, sem séu þess eðlis, að þau þurfi að vera gegn staðsetningu skólans á Akureyri.

Ég vil ekki leyna þeirri skoðun minni, að ég held, að það væri réttara fyrir Alþ. að fjalla um staðarval ríkisstofnana á annan hátt en gert hefur verið undanfarið, enda hef ég flutt um það þáltill. Ég held, að það séu miklu heppilegri vinnubrögð að fjalla um þessi mál í samhengi, þannig að reynt sé að finna heildarlausn á þessum vanda, og ég vil minna á, að það eigi einmitt að vera í höndum Alþ. að gera þetta. Þess vegna hef ég gert till. um það, að Alþ. kjósi nefnd manna til þess að leggja till. um þetta atriði fyrir næsta þing. Með þessu er ég þó ekki að segja, að það sé ekki hægt að taka afstöðu til einstakra mála eins og þess, sem hér liggur fyrir, og ég fæ ekki séð, að nein rök, sem eru þess eðlis, að það sé útilokað að taka ákvörðun um, að Tækniskóli Íslands flytjist til Akureyrar, hafi komið fram í þessum umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, enda hæfir það ekki, að ég sé að lengja þessar umr. eða tefja á nokkurn hátt, því að ég hef áhuga fyrir, að málið geti komizt þegar til n. Mig langar samt til þess að minnast á ein tvö eða þrjú atriði, sem komið hafa fram í umr., aðeins örfáum orðum, en að öðru leyti hef ég engu við það að bæta, sem hv. samþm. mínir, þeir hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Norðurl. e., hafa nú nýlega sagt um þetta mál.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því sérstaklega, áður en málið fer til n., að það er alls ekki verið að slá því föstu með þeirri stefnuyfirlýsingu, sem orðuð er í till., að engin tækniskólakennsla fari fram í Reykjavík, heldur er beinlínis gert ráð fyrir því, að það verði tekið til athugunar að starfrækja hér í Reykjavík bæði undirbúningsdeild og sérstakar bekkjardeildir, þó að aðalskólinn eða miðstöð skólans yrði á Akureyri. Og þetta er auðvitað hugsað með tilliti til þeirra mörgu nemenda, sem í slíkum skóla verða og heima eiga í höfuðborginni. Hins vegar mega þeir góðu menn, sem eru að hugsa um heimilisfeður í Reykjavík, sem þurfi að sækja þennan skóla og ekki geti komið börnum sínum á barnaheimili á Akureyri, líka hugleiða það, að skólann í Reykjavík kunna líka að sækja heimilisfeður, sem hafa ekki aðstöðu til þess að koma börnum sínum á barnaheimili hér. Mér sýnist, að barnaheimili hér í Reykjavík geri ekki betur en nægja Reykvíkingum sjálfum.

Ég held nú og minnist þar gamallar reynslu, að það þurfi ekki að taka mjög langan tíma að koma upp Tækniskólanum á Akureyri. Reynslan varð sú, þegar átti að stofna menntaskóla á Akureyri á sínum tíma, að það tók mjög skamman tíma að setja hann á fót. Og þá voru bornar fram alveg sömu röksemdirnar eins og hér hafa komið fram gegn Tækniskólanum, alveg sömu röksemdirnar, að það væri ekki hægt að fá kennslukrafta o. s. frv., en það reyndist enginn vandi að fá kennslukrafta til Menntaskólans á Akureyri, og að öllum öðrum ólöstuðum, þá efast ég um, að þeir kennslukraftar, sem sá skóli hefur notið, hafi staðið neitt að baki þeim kennslukröftum almennt, sem starfað hafa við menntaskólana í Reykjavík. Að öðru leyti get ég vísað til þeirra upplýsinga um möguleika á kennslukröftum og námsaðstöðu, sem fram koma í skýrslu þeirri, sem ég las upp hér áðan.

Ég lofaði því að verða ekki langorður, en mig langaði til að bera fram fsp. til hv. 7. þm. Reykv. Hann hefur nú því miður vikið úr þingsalnum. Ég ætlast ekki heldur til þess, að henni sé svarað á þessum fundi. En hv. þm. sagði, að hann væri því reyndar fylgjandi, að ýmsar opinberar stofnanir væru fluttar úr höfuðstaðnum og dreift um landið. En það mætti bara ekki bera niður á röngum stað. Nú væri borið niður á röngum stað. Þetta hefur maður stundum áður heyrt. Þetta heyrðum við fyrir mörgum árum, þegar talað var um að flytja t. d. Húsmæðrakennaraskóla Íslands til Akureyrar. Það var ekkert húsnæði til þá í Reykjavík, en það var til á Akureyri. Samt var þá sagt, að borið væri niður á röngum stað. En látum það eiga sig. Það, sem mig langar til að fara fram á við þennan hv. þm., er það, að hann nefni eitthvert dæmi um stofnun, sem hann telur, að hægt væri að flytja burt úr Reykjavík, án þess að borið væri niður á röngum stað, nefni þó ekki væri nema eitt dæmi. Ég vona, að einhver skili því til hans, að ég hafi borið fram þessa fsp. og vonist til þess að fá svar við henni, þegar till. kemur aftur til umr. eða fyrr.

Hv. þm., sem síðar talaði, Sigurður Magnússon, komst þannig að orði, að það væri ósæmilegt orðalag í skýrslunni, sem ég las upp áðan, að þetta mál væri prófmál á ákveðna stefnu í landshlutamálum. Ég sé ekki neitt ósæmilegt við þetta, og ég held, að hv. þm. hafi mismælt sig, þegar hann notaði þetta orð. Þetta mál er vissulega prófmál, og ég tek sjálfur alveg undir það, að ég tel það prófmál. En það er ekki eina próf-

málið. Það eru fleiri prófmál um þessa stefnu. Þau munu verða og hafa verið flutt á þinginu. Þetta er prófmál, en það er ekki eina prófmálið.

Ég skal svo enda á því, að mér þykir það tiltölulega góð útkoma, að 22% af nemendafundinum, sem haldinn var í Tækniskólanum, skuli hafa óskað eftir því að flytja skólann til Akureyrar. Ég hélt satt að segja, svona eftir atvikum, að þeir mundu verða miklu færri. En ég minnist þess líka, að fyrir 50 árum, þegar fyrst var farið að ræða um það að stofna menntaskóla á Akureyri, þá voru nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík svo að segja allir á móti því, að þetta væri gert. Það var mikill áróður, sem þá var rekinn í skólanum á móti þessari hugmynd, en í lokin fór það svo, og ég man það vel, því að ég var staddur þar, að á nemendafundi í Menntaskólanum var samþykkt með meiri hl. atkv. að mæla með því, að menntaskóli yrði stofnaður á Akureyri. Þannig hafði þeim nemendum aukizt víðsýni við það að heyra umr. um þetta mál og kynna sér það. Þannig vona ég, að fari einnig í Tækniskólanum hér í Reykjavík.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

55. Stuðningur við friðaráætlun þjóðfrelsishreyfingarinnar í Suður-Víetnam.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um stuðning íslenzku ríkisstjórnarinnar við friðaráætlun þjóðfrelsishreyfingarinnar í Suður-Víetnam [257. mál] (A. 571).

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 72., 74., 75., 76., 79., 80., 82. og 83. fundi í Nd., 8., 10., 12., 15. og 17. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

Fyrirspurnir.

1. Vegamál í Vesturlandskjördæmi.

Á 3. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:
Fsp. til samgrh. um vegamál í Vesturlandskjördæmi [18. mál, 1] (A. 18).

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrir nokkru síðan voru birtar í Hagtíðindum upplýsingar um mannfjölda á Íslandi 1. des. s. l. Í þeim tölum kom í ljós, að á árinu 1970 fækkaði fólki í þremur af kjördæmum landsins. Eitt af þessum kjördæmum var Vesturlandskjördæmi, og kann það að koma ýmsum á óvart. Undanfarin ár hefur verið mjög hæg fjölgun í þessu kjördæmi, hvergi nærri til hlutfalls við heildarfjölgun þjóðarinnar, og hefur því raunverulega verið um íbúatap að ræða.

Ég nefni þetta, af því að mér finnst, að það renni stoðum undir þá útbreiddu skoðun, að nú sé nauðsynlegt að gera meiri háttar átak til að bæta og styrkja búskaparmöguleika og atvinnuhætti á Vesturlandi. Í þeim tilgangi tel ég, að fyrst sé nauðsynlegt að gera veigamikið átak í samgöngumálum þessa héraðs. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram nokkrar fsp. um vegamál í Vesturlandskjördæmi til hæstv. samgrh.

Fyrsta fsp. er á þessa leið: Hvenær lýkur þeirri rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð, sem ákveðin var með þál. 18. apríl 1967?

Þm. Vesturl. hafa undanfarin missiri að heita má skipzt á við að reka á eftir þessu máli og spyrja um það. Er ekki óeðlilegt, að menn skuli vera farið að lengja eftir niðurstöðum þessarar rannsóknar, því að miklar vonir eru við hana tengdar um framkvæmdir, sem gætu orðið til þess að stytta þann tíma, sem nú fer í það að aka fyrir Hvalfjörð.

Önnur spurningin er á þessa lund: Hvenær lýkur undirbúningsrannsóknum vegna brúargerðar yfir ósa Hvítár hjá Borgarnesi? Þetta er framkvæmd, sem íbúar héraðsins hugsa nú í mjög vaxandi mæli til, og er því eðlilegt, að menn spyrji, jafnvel örlítið óþolinmóðir, hvernig miði þeim undirbúningsrannsóknum, sem gera verður vegna þessarar brúargerðar.

Í þriðja lagi spyr ég: Hvenær verður varanlegt slitlag lagt á hraðbrautir út frá Akranesi og Borgarnesi? Mér skilst, að umferð sé orðin það mikil út frá þessum byggðum, að vegir þar fari að komast í hraðbrautaflokk, og þess vegna varpa ég fram þeirri spurningu, hvort menn eygi það, að unnt verði að gera þessa vegi með varanlegu slitlagi.

Og að lokum er spurt í fjórða lagi: Er undirbúningur hafinn að nauðsynlegum endurbótum, sem gera verður á veginum frá Borgarnesi til þéttbýliskjarnanna á norðanverðu Snæfellsnesi og í sambandi við Heydalsveg? Það er kunnugt öllum þeim, sem farið hafa um þessar slóðir, Mýrar og sunnanvert Snæfellsnes, að aðalvegir eru þar á löngum köflum orðnir algerlega ófullnægjandi, og verður að gera veigamiklar áætlanir að framkvæmdum til þess að endurbæta þessa leið. Þegar Heydalsvegur opnast, mun umferð þarna enn aukast og verður því ríkari ástæða til þess, að til komi verulegar vegabætur.

Ég vil að lokum benda á, að höfuðbrautir um Vesturlandskjördæmi, sem ég spyr um, hafa einnig mjög mikla þýðingu fyrir samgöngur milli landshluta og til annarra kjördæma og mundu því koma miklu fleira fólki að beinum notum en því, sem á Vesturlandi sjálfu býr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þessar viðamiklu spurningar hafa verið sendar embætti vegamálastjóra, og eru svörin byggð á upplýsingum vegamálaskrifstofunnar.

Fyrsti liður spurningarinnar er: „Hvenær lýkur þeirri rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð, sem ákveðin var með þál. 18. apríl 1967?

2. Hvenær lýkur undirbúningsrannsóknum vegna brúargerðar yfir ósa Hvítár hjá Borgarnesi?

3. Hvenær verður varanlegt slitlag lagt á hraðbrautir út frá Akranesi og Borgarnesi?

4. Er undirbúningur hafinn að nauðsynlegum endurbótum, sem gera verður á veginum frá Borgarnesi til þéttbýliskjarnanna á norðanverðu Snæfellsnesi í sambandi við Heydalsveg?"

Svörin eru á þessa leið:

1. Fsp. um störf Hvalfjarðarvegarnefndar var borin fram á Alþ. á s. l. hausti, og gerði þáv. samgrh. ítarlega grein fyrir störfum nefndarinnar fram til ársloka 1970. Síðan hefur nefndin unnið áfram að úrvinnslu gagna og lokaskýrslu, og er gert ráð fyrir, að niðurstöður hennar geti legið fyrir snemma á næsta ári og því verið tiltækar, þegar vegáætlunin fyrir árin 1972—1975 kemur til meðferðar á Alþingi.

2. Varðandi rannsóknir á Borgarfirði. Á þessu ári hefur verið og er unnið að ýmsum rannsóknum og

mælingum í sambandi við framtíðarlausn samgangna við Borgarfjörð. Tilhögun rannsókna og mælinga í ár hefur miðazt við, að þær gefi nothæfan grundvöll til að gera megi frumsamanburð á kostnaði og tækni við þær tvær meginúrlausnir, sem til greina geta komið, í fyrsta lagi leið yfir Borgarfjörðinn frá Seleyri að Borgarnesi og í öðru lagi leið fyrir botn Borgarfjarðar. Jafnframt yrðu þessar rannsóknir undirstaða frekari rannsókna, sem nauðsynlegar verða, þegar samanburður ofangreindra leiða liggur fyrir og önnur hvor þeirra leiða verður valin. Einkum gildir þetta um leið nr. 1, Seleyri—Borgarnes. En verði hún fyrir valinu, er ljóst, að framkvæma þarf miklar viðbótarrannsóknir, þar eð sú lausn getur falið í sér víðtæk áhrif á vatnsstöðu í innanverðum firðinum og þar með á landnytjar, laxveiði og fleira þess háttar.

Helztu þættir rannsókna og mælinga, sem unnið hefur verið að á þessu ári, eru eftirfarandi:

a. Framkvæmdar voru seismískar botnrannsóknir á fyrirhuguðum brúar- og veglínum.

b. Komið hefur verið upp síritandi vatnshæðarmælum á þrem stöðum til að fylgjast með vatnsborðssveiflum í innanverðum Borgarfirði og í ánum, sem til hans falla.

c. Mældar hafa verið veglínur á báðum áðurgreindum leiðum og framkvæmdar jarðvegsrannsóknir á hinum mældu línum.

d. Í framhaldi af seismískum botnrannsóknum voru framkvæmdar sjómælingar til viðbótar þeim, sem áður voru gerðar.

e. Unnið er nú að kortagerð af svæðinu, og er þar um að ræða kort af landi og sjávarbotni í Borgarfirði.

f. Ýmsar aðrar athuganir hafa verið gerðar eða eru í gangi, svo sem umferðartalningar, athuganir á framburði í ám o. fl.

Þess er að vænta, að þessum rannsóknum ljúki fyrir áramót n. k. Ætti þá úrvinnsla gagna og fyrsti samanburður ofangreindra hugsanlegra lausna að geta farið fram fyrri hluta ársins 1972.

3. Hvenær verður varanlegt slitlag lagt á hraðbrautir út frá Akranesi og Borgarnesi? Eins og fram kemur í fsp., eru Akranesvegur og Borgarnesbraut í flokki hraðbrauta samkv. flokkun þjóðvega í vegáætlun fyrir árin 1969—1972. Hins vegar er hvorki í þeirri vegáætlun né heldur í endurskoðaðri vegáætlun fyrir árið 1971 eða í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 veitt neitt fé til lagningar varanlegs slitlags á þessar hraðbrautir. Og hvenær það verður gert fer að sjálfsögðu eftir ákvörðun Alþ. En ný vegáætlun fyrir árin 1972—1975 á að vera samin af Alþ. því, sem nú situr, samkv. ákvæðum vegalaga.

4. Er undirbúningur hafinn að nauðsynlegum endurbótum, sem gera verður á veginum frá Borgarnesi til þéttbýliskjarnanna á norðanverðu Snæfellsnesi í sambandi við Heydalsveg? Frá Borgarnesi til Stykkishólms eru 98 km, þegar farið er um Kerlingarskarð. Leiðin milli þessara staða lengist um 14 km við það að fara um Heydalsveg og Skógarstrandarveg, en Heydalsvegur verður opnaður fyrir umferð í lok þessa árs, þó að hann sé ekki enn þá fullgerður. Vonir standa til, að vegurinn um Heydal reynist mun snjóléttari en vegurinn um Kerlingarskarð og Bröttubrekku, og muni því verða hagkvæmt að beina vetrarumferð á norðanvert Snæfellsnes og til Dalasýslu um þann veg, þó að leiðin milli Borgarness og Stykkishólms lengist, eins og áður er sagt, um 14 km við þetta og leiðin milli Borgarness og Búðardals um 10 km miðað við leiðirnar um Kerlingarskarð og Bröttubrekku hins vegar. Þeir vegarkaflar, sem sérstaklega er nauðsynlegt að lagfæra vegna vetrarumferðar milli Borgarness og kauptúnanna á norðanverðu Snæfellsnesi, eru Stykkishólmsvegurinn frá Borgarnesi að vegamótum Heydalsvegar og vegurinn inn fyrir Álftafjörðinn á Skógarstrandarvegi. Versti hlutinn af Stykkishólmsvegi á þessari leið er kaflinn frá Borgarnesi að Hítará, sem er 27 km. Gert er ráð fyrir, að nota megi núverandi veglínu á 5.4 km vegalengd með því að styrkja veginn, en af þeim 21.6 km, sem endurbyggja þarf, hefur verið lokið við mælingar á fimm vegarköflum, sem alls eru 10.6 km að lengd, og því eftir að mæla fyrir breytingum á um 11 km vegalengd. Lokið verður endurbyggingu fyrsta vegarkaflans af þessum fimm á þessu hausti, en það er kaflinn um Borg á Mýrum.

Það skal tekið fram, að mjög aðkallandi er að endurbyggja meira af Stykkishólmsvegi en kaflann milli Borgarness og Hítarár, enda er mikið af þessum vegi lagt á fyrstu tveim áratugum þessarar aldar og því eðlilega ekki miðað við þá umferð, sem þar er í dag og enn síður þá, sem þar verður í næstu framtíð. Vegurinn inn fyrir Álftafjörð á Skógarstrandarvegi er alls 8.1 km að lengd, og þarf að endurbyggja mikinn hluta þess vegar og þó sérstaklega veginn um Narfeyrarhlíð. Mælingar hafa verið gerðar á vegi yfir Álftafjörð, og mundi það stytta leiðina um 5.5 km. Fullkominn samanburður á kostnaði við þessa tvo möguleika liggur þó ekki fyrir, en það er ljóst, að vegur yfir fjörðinn með brú verður æði miklu dýrari en endurbætur á núverandi vegi inn fyrir fjarðarbotninn. Hvort hagnaður umferðarinnar af styttingu vegarins er í samræmi við þennan kostnaðarmismun, er ekki heldur ljóst, þó að líkurnar fyrir því aukist með vaxandi umferð við tilkomu Heydalsvegarins. En það er gefinn hlutur, að umferðin um þessa leið kemur til með að vaxa að miklum mun við opnun Heydalsvegar.

Ég vona, að þessu stóra máli séu gerð nokkur skil með þessum upplýsingum vegamálastjórnarinnar um það, hvernig þessi mál standa, en um samgöngumálin yfir Hvalfjörð og athuganir á þeim málum vil ég segja það sem mína persónulega skoðun, að ég teldi, að inn í þá athugun, áður en henni væri lokið, þyrfti að koma athugun á möguleikum á að leysa persónuflutningana milli Reykjavíkur og Akraness með helikopter.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir skýr og ítarleg svör. Eins og svör hans bera með sér, er hér um mjög veigamiklar samgönguframkvæmdir að ræða, og margvíslegur og mikill undirbúningur hefur átt sér stað og þarf að eiga sér stað. Ég vil aðeins lýsa þeirri von minni, að hæstv. ráðh. styðji þessi mál og ýti á eftir þeim eins og framast er unnt, því að þessar framkvæmdir eru ekki aðeins fyrir eitt kjördæmi, heldur er þetta veigamikill þáttur í meginvegakerfi landsins. Ég vil að lokum lýsa ánægju minni með þann stórhug, sem kom fram í síðustu orðum ráðh. um lausn á farþegaflutningum milli Reykja-

víkur og Akraness. Ég vildi, að sú hugmynd hans gæti rætzt sem fyrst.

Jón Árnason: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við þessa fsp. frá hv. 8. landsk. þm. Það var á árinu 1967, eins og fram kemur í fsp., sem samþ. var till. til þál. um að kanna, á hvern hátt yrði bezt fyrir komið samgöngum yfir Hvalfjörð. Þessi rannsókn hefur staðið alla tíð síðan, og það hefur verið veitt fé til hennar á fjárlögum, svo að þess vegna hefði átt að vera hægt að ljúka þessari rannsókn fyrr en raun ber vitni um. Á s. l. þingi var gerð fsp. um þetta sama mál, og samkv. upplýsingum, sem þá komu fram, var gert ráð fyrir, að á því þingi mundu liggja fyrir endanlegar niðurstöður um þessar athuganir. Samt sem áður sáu þær ekki dagsins ljós og sjá ekki enn þá, eftir því sem hæstv. samgrh. hefur hér upplýst.

Ég tel, að það sé mjög nauðsynlegt að flýta þessum rannsóknum og ljúka þeim sem allra fyrst, og það er m. a. vegna samgangnanna milli þéttbýlisins hér í Reykjavík, höfuðborgarsvæðisins, og Akraness. Þar er, eins og kunnugt er, um mjög mikla fólksflutninga að ræða, og eru nú 40—50 þús. farþegar, sem eiga þarna leið um á hverju ári.

En ég tók m. a. til máls til þess að upplýsa það, að það er skoðun mín, að sú till., sem hæstv. samgrh. lýsti sig fylgjandi og 8. landsk. þm. einnig, sé ekki lausn á vandamálum okkar Akurnesinga, því að enda þótt við kæmumst með fólkið í helikopter á milli þessara staða, þá er ýmislegt annað, sem útheimtir góðar samgöngur og ekki verður flutt í helikopter. Það hefur komið í ljós í vaxandi mæli á undanförnum árum, að fólkið vill geta haft aðstöðu til að flytja bílana á milli þessara staða, og ég hygg, að það eigi langt í land, að slíkur helikopter komi hér á milli, að menn geti almennt tekið bílana með sér. Ég hygg, að það sé nær því, að tvöfaldazt hafi á þessu ári eftirspurnin eftir bílaflutningum á milli Reykjavíkur og Akraness, og enda þótt um svona mikla aukningu sé að ræða á þessum flutningum, þá liggur við, að oft og tíðum hafi ekki verið hægt að sinna allri eftirspurninni, sem hér hefur verið um að ræða, vegna þess að Akraborgin hefur ekki möguleika til að taka nema mjög takmarkaðan bílafjölda til flutninga á þessari leið. Ég tel því, að það sé sýnt, að bezta leiðin til þess að leysa þessar samgöngur á viðunandi hátt hljóti að verða bílferja, hraðskreið bílferja, sem geri hvort tveggja: annist fólksflutningana og leysi einnig vandamál annarra flutninga. Ferja fyrir fólksbíla, sem tekur einnig stóra bíla, sem fara til Norður- og Vesturlandsins, yrði enn meira knýjandi eftir að t. d. brú kæmi hjá Borgarnesi, eins og gert er ráð fyrir og rannsóknir eiga sér stað um. Hér er vissulega um stórmál að ræða, sem niðurstöður þurfa að liggja fyrir um sem allra fyrst.

Í sambandi við síðasta liðinn í fsp., lið nr. 4, hvort undirbúningur sé hafinn að nauðsynlegum endurbótum, sem gera verður á þjóðveginum frá Borgarnesi til þéttbýliskjarnanna á norðanverðu Snæfellsnesi í sambandi við Heydalsveg, vil ég taka þetta fram: Það þarf vitanlega að gera miklu meiri rannsóknir og endurbyggingar á þjóðveginum til þéttbýliskjarnanna á norðanverðu Snæfellsnesi en bara vestur að Heydalsvegi, því að eins og kunnugt er kemur hann í samband í Kolbeinsstaðahreppi og liggur fram Hnappadalinn. En fyrir vestan þann hluta liggja vitanlega geysiþýðingarmiklir vegir, sem verður að endurbyggja. Við vitum, að í Staðarsveitinni og víðar á leiðinni vestur í sjávarþorpin á norðanverðu Snæfellsnesi er um vegarkafla að ræða, sem svo er ástatt um, að það þolir ekki nokkra bið, að þeir verði endurbyggðir.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í sambandi við þessar umr. Svo vikið sé að brúnni hjá Borgarnesi yfir Hvítárósa, þá virðist vera nokkuð í land enn þá með það, að þar liggi endanlegar niðurstöður fyrir varðandi rannsóknirnar, eftir því sem hæstv. samgrh. upplýsti hér áðan, en við verðum að vona, að þeim miði áfram, því að ég er viss um, að sú brú, sem tengir byggðirnar báðum megin við Hvítá um Hvítárósa, hlýtur að koma fyrr en varir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Við höfum nú hlustað á skilmerkileg svör hæstv. samgrh. við fsp. um samgöngumál á Vesturlandi. Okkur finnst hægt miða í þessum efnum og mikið, sem þurfi að gera og liggi fyrir. Við megum þó ekki gleyma að geta þess, sem gert er. Ég tel, að á þessu ári hafi a. m. k. náðst tveir merkir áfangar í vegagerð á Vesturlandi, sem ég vil ekki láta hjá líða að minnast á, fyrst þessi mál bar á góma. Það er í fyrsta lagi Útnesvegur, vegurinn fyrir Jökul úr Breiðavík að Hellissandi. Hann var byggður upp á þessu sumri á mikilvægum kafla, sem eftir var. Það er áreiðanlegt, að Snæfellingar á útnesinu telja þar merkum áfanga náð.

Í öðru lagi vil ég geta þess, að umferð um Heydalsveg verður hafin innan skamms. Það er meira að segja farið að aka hann nú þegar, þó að eftir sé að tengja eina brú á þeirri leið. Það má ekki minna vera en þessa atburðar sé minnzt örfáum orðum, þar sem þessi vegur er jafngamall lýðveldinu. Hann komst í tölu þjóðvega árið 1944 fyrir tillöguflutning þáv. þm. Snæf., Gunnars Thoroddsen. Þessara tveggja áfanga vil ég ekki láta ógetið, en jafnframt fara þess á leit við hæstv. samgrh., að hann haldi þessum málum vel vakandi. Þegar þessum áföngum er náð yfir Snæfellsnesfjallgarðinn og fyrir enda hans, þá er Álftafjörður versti þröskuldurinn á leiðinni inn með Breiðafirðinum og inn Skógarströnd. Ég flutti till. til þál. um athugun á brúargerð yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi árið 1968, að ég ætla. Vildi ég biðja hæstv. samgrh. að láta hraða þeirri athugun, sem hann raunar minntist á áðan. Verði stefnt að því að leysa þetta mál og huga jafnframt að næsta áfanga, sem er vegur yfir Laxárdalsheiði.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það hefur komið hér fram, að þm. Vesturl. þykir seint miða að ljúka þessum rannsóknum, en öllum má nú ljóst vera, að þetta er ærið fjölþætt verkefni og verður ekki hrist fram úr erminni með orðum einum. Það verður að undirbyggja þessar aðgerðir og velja um möguleika þarna að undangengnum ítarlegum rannsóknum. Ég vil líka taka það fram, að í svari, sem hæstv. samgrh. gaf Alþ. í fyrra, kom fram, að nokkuð hefði það tafið störf nefndarinnar, sem að þessu verkefni vinnur, að ekki hefðu verið fjárveitingar fyrir hendi, en þessar rannsóknir eru dýrar. Í svari ráðh. þá sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem engin fjárveiting fékkst til framhaldandi starfa nefndarinnar á árinu 1968, tilkynnti rn. nefnd-

inni með bréfi 12. marz 1968, að fresta yrði frekari störfum nefndarinnar um sinn. Engin fjárveiting fékkst tekin á fjárlög fyrir árið 1969 til greiðslu kostnaðar við áframhaldandi störf Hvalfjarðarnefndar. Svo rættist úr því á árinu 1970, og nú er ekki kvartað um það, að ekki verði hægt að ljúka verkefnunum vegna þess, að ekki séu fjárveitingar fyrir hendi."

Þetta taldi ég rétt að kæmi fram, þegar talað var um, að störfin drægjust mjög hjá nefndinni. Þarna urðu tafir á, vegna þess að ekki voru fjárveitingar fyrir hendi um alllangt tímabil.

Ég varpaði fram í lok máls míns áðan hugmynd um að leysa fólksflutningaspursmálið milli höfuðborgarinnar og Akraneskaupstaðar með helikopter. Ég slæ því ekki fram sem neinum sjálfsögðum möguleika, en ég tel rétt, að sú nefnd, sem fjallar um og á að komast að niðurstöðu um kostnaðinn við þá möguleika, sem hér hafa verið skoðaðir, athugi einnig möguleikana varðandi hina úrlausnina og þá kostnaðarhliðina á slíku tæki, sem þar væri um að ræða, og rekstrarkostnaðinn að sjálfsögðu líka, svo að hægt verði að bera alla möguleikana saman, helzt áður en þessi nefnd lýkur störfum. Á það ekki að þurfa að tefja neitt fyrir niðurstöðum hennar.

Hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, sagði, að það leysti ekki vandann. Ég hygg, að fólksflutningavandann leysi þetta vel, ef kostnaðarhliðin verður ekki ósambærileg við aðrar úrlausnir. Það er meira að segja hægt að hafa samband á klukkutímafresti eða svo milli Reykjavíkur og Akraness, sem þá væri búið að færast nær borginni verulega með þeirri úrlausn, sem aldrei yrði gert með ferjusambandi á nokkurn hátt nema nokkrum sinnum á dag. Bílasamband er nú á milli borgarinnar og Akraness, og vegurinn um Hvalfjörð verður ekki tekinn úr sambandi, og þá leiðina fara þá flestir, sem í bílum vilja ferðast, og vöruflutningarnir eru komnir fyrir Hvalfjörð. Það virðist þá aðallega vera samanburðurinn um það að halda uppi útgerð skips með 13 manna áhöfn milli Reykjavíkur og Akraness til þess að fullnægja fólksflutningaþörfinni eða taka til þess helikopter með flugmanni og einni flugþernu. Má þá helikopterinn vera margfalt dýrari í rekstri en skip, ef það á ekki að standast samanburð við það, sem við búum nú við. Nú vitum við það meira að segja úr hernaðarfréttum nútímans, að helikopterar eru til með tvær skrúfur, sem lyfta bílum alveg eins og ekkert. Hafa þá eins og ránfugl í klónum og flytja bíla þannig á milli staða lengri vegalengdir en hér er um að ræða, svo að ef hv. þm. vildi hanga í bíl sínum neðan í helikopter, þá er sá möguleiki til fyrir hann, ef honum lægi mikið á að komast á milli Akraness og Alþingis.

2. Læknaskortur í strjálbýli.

Á 3. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um læknaskort í strjálbýli [18. mál, 2] (A. 18).

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til ríkisstj. um læknaskort í strjálbýli. Þessi mál hafa mjög verið til meðferðar á Alþ. á undanförnum árum, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt. Alþ. hefur gert ýmsar samþykktir um þessi mál, og má m. a. minna á þál., sem afgreidd var hér seint á þingi 1969 um skipun mþn. til þess að endurskoða löggjöf um heilbrigðisþjónustu landsmanna í heild. Þessi nefnd var skipuð, og það hefur komið fram álit frá henni og verið sent út til skoðunar. Í því áliti felast vissulega mörg nýmæli, og má hiklaust segja, að það er mjög athyglisvert. Nú var mér kunnugt um það, að yfirvöld heilbrigðismála og m. a. hæstv. heilbrmrh. hafa ýmislegt gert á undanförnum vikum einmitt í sambandi við læknaskortinn í strjálbýlinu. En mér þótti þó rétt þegar í þingbyrjun að óska eftir upplýsingum um þessi mál, um aðgerðir og áform ríkisstj. Mér fannst þetta rétt, bæði af því að málið hefur margsinnis verið til meðferðar hér á Alþ., án þess að viðunandi lausn hafi á því fengizt, og eins sakir þess að þetta er stórkostlegt alvöru- og öryggismál dreifbýlismanna um allt landið, og í Austurlandskjördæmi er stöðugt ríkjandi ellegar þá yfirvofandi hreint neyðarástand á vissum sviðum. Þess vegna þótti mér fyllsta ástæða til þess að óska nú þegar eftir upplýsingum um málið, alveg frá fyrstu hendi. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en fsp. mín, sem er í tveimur liðum, er þannig:

Hvað hyggst ríkisstj. gera til að bæta úr læknaskorti í strjálbýli:

a. Með bráðabirgðaráðstöfunum?

b. Með ráðstöfunum, er tryggt gætu til frambúðar viðhlítandi heilbrigðisþjónustu?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson gat um, þá hafa fsp. og umr. um þetta mál mótað störf undanfarinna þinga og raunar ekki aðeins undanfarin ár, heldur undanfarna áratugi, því að þetta er vandamál, sem er tengt breytingum, sem hafa verið að gerast hér á Íslandi á undanförnum áratugum, að því er varðar búsetu og atvinnuhætti og þau miklu vandamál, sem dreifbýlið hefur átt við að etja í því sambandi. Þetta er því ekki aðeins heilbrigðismál í þröngum skilningi, þetta snertir alla þróun atvinnumála og efnahagsmála, og ég hygg, að við náum aldrei tökum á þessu vandamáli einangruðu, heldur verðum að leysa það í tengslum við önnur atriði. Þetta held ég, að sé grundvallaratriði í þessu sambandi, og skal ekki ræða það frekar. En mig langar að víkja að einu sérstöku atriði, sem mér finnst ekki hafa verið nægur gaumur gefinn, áður en ég tek beint að svara fsp. hv. þm.

Það atriði, sem mig langaði að minnast sérstaklega á, er það, að hér er komið upp það ástand, að skortur er á fólki í heilbrigðisstéttum á Íslandi. Það er almennur læknaskortur á Íslandi, ekki aðeins í strjálbýlinu, held-

ur um land allt. Það er almennur skortur á hjúkrunarfólki á Íslandi, bæði hér í Reykjavík og úti um landið, og það er skortur á fólki í öðrum heilbrigðisstéttum. Þetta stafar af því, að okkur hefur ekki tekizt að skipuleggja þróun þessara mála á samfelldan hátt. Við leggjum á ráðin um það að koma hér upp nýjum sjúkrahúsum og nýjum sjúkrahúsdeildum. Við leggjum í mikinn kostnað við að byggja myndarleg hús og búa þau nútímalegum tækjum. En svo kemur það einatt í ljós, að þegar þessar stofnanir eiga að taka til starfa, þá er ekki nægjanlegt fólk til að vinna þar, og stundum verða slíkar stofnanir að vera lokaðar mánuðum saman. Og þetta er vissulega mjög alvarlegt mál. Við verðum að ná tökum á því að láta þessa hluti þróast í samfellu, þannig að verklegar framkvæmdir okkar á þessu sviði haldist í hendur við næga menntun starfsfólks í þessum greinum.

Nýlega hefur verið athugað sérstaklega ástandið að því er hjúkrunarkonur varðar, og heilbrmrn. birti fyrir nokkrum vikum grg., sem Kjartan Jóhannsson verkfræðingur hafði samið um það efni, og þar voru ákaflega fróðlegar niðurstöður. Þessi grg. hefur verið birt í blöðum, og ég vænti þess, að allir hv. alþm. hafi veitt henni athygli. En þar kom í ljós, að eins og nú horfir, þá vantar a. m. k. 100 hjúkrunarkonur í störf hér á landi, og þrátt fyrir þá fjölgun, sem orðið hefur á nemendum í Hjúkrunarskóla Íslands, mun halla á ógæfuhlið í vaxandi mæli á næstu árum, ef ekki verður úr þessu bætt.

Og ástandið að því er varðar lækna er á sömu lund. Að vísu er auðvelt að færa rök að því, að við séum betur settir að því er varðar lækna hér en mörg eða flest lönd heims, — með því að deila fjölda lækna í fjölda íbúa, þá séum við betur settir en aðrir. En engu að síður er það staðreynd, að sé litið á það kerfi, sem við höfum byggt upp í landinu, þ. e. hversu margar læknisstöður séu í landinu á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og í læknishéruðum, þá er mjög alvarlegur læknaskortur á Íslandi. Það var t. d. kannað núna í haust, hvernig ástatt væri á aðalspítölunum, Borgarspítala, Landsspítala, Landakoti og á Akureyri. Þar eru 33 stöður fyrir kandídata, en þá höfðu ekki fengizt nema 22 kandídatar í þessar stöður. Það voru 11 stúdentar, sem þarna unnu til þess að fylla upp í hreinar eyður, vegna þess að það skorti útlærða menn til að gegna þessum störfum. Og sama máli gegndi um aðstoðarlæknisstöður, þær voru ekki heldur fullskipaðar, það vantaði menn þar einnig. Á Akureyri kom upp sérstakt vandamál vegna þess, að þar létust þrír læknar með stuttu millibili. Það hefur verið reynt frá því í haust að fá menn til að gegna störfum á Akureyri, sem á að vera þægilegur staður til starfa fyrir lækna samkvæmt almennum sjónarmiðum, en þetta hefur ekki tekizt. Og það má segja, að þar vanti nú heimilislækna fyrir nær 3000 manns með yfir 1000 börn á framfæri.

Ástæðan fyrir þessu er sú, að það hefur verið mjög óeðlileg takmörkun á fjölda þeirra lækna, sem útskrifazt hafa úr Háskóla Íslands, og þar hafa verið uppi eða voru uppi um skeið mjög annarleg sjónarmið um nauðsyn þess að takmarka fjölda lækna, sem þar útskrifuðust, enda er það svo, að það eru ákaflega fáir læknar, sem þarna hafa útskrifazt síðustu árin. Árið 1970 útskrifuðust 17 kandídatar frá Háskóla Íslands. Á þessu ári, 1971, útskrifuðust 24 kandídatar, þar af voru þrír erlendir menn, sem hefja störf erlendis að sjálfsögðu, þannig að aðeins er um að ræða 21 til þess að hefja störf á Íslandi. Árið 1972 mun útskrifast 21 kandídat, þar af tveir útlendingar, þannig að aðeins er um að ræða 19 Íslendinga. Og 1973 munu útskrifast 30 kandídatar, þar af tveir útlendingar. Eftir það á þetta að fara batnandi. En þessi fjöldi er allt of lítill, miðað við þarfir okkar, eins og við sjáum á því, að núna í ár fara 16 til útlanda í sérnám á sama tíma og 21 Íslendingur útskrifast.

Þetta er ástand, sem menn verða að gera sér ljóst. Það er almennur læknaskortur á Íslandi. Og þetta er mál, sem verður að taka til gaumgæfilegrar og alvarlegrar athugunar. Ég tel, að ríkisstj. verði að hafa forgöngu um það, að læknadeild Háskóla Íslands endurskoði sem fyrst afstöðu sína og mat á því, hversu marga lækna þarf að útskrifa frá Háskólanum árlega, og að kennslan í læknadeild verði fyrst og fremst að miða að því, að nægilega margir læknar verði til starfa á Íslandi. Við bætum aldrei úr þessu vandamáli án þess, að hér útskrifist nægilega margir læknar. Og við þessa áætlunargerð verða menn að sjálfsögðu að taka tillit til þess, að nú er kominn sameiginlegur vinnumarkaður á þessu sviði á öllum Norðurlöndum og raunar á stærra svæði, og við verðum að reikna með því sem sjálfsögðum hlut, að hluti af íslenzkum læknum starfi erlendis einhvern tíma. Það eru ekki til nein ráð til að koma í veg fyrir þetta, og við skulum ekki reyna að gera það. En öll þessi mál, þ. e. endurskipulagningu eða heildarskipulag fólks til starfa í heilbrigðisstéttum, verður að taka upp á breiðum grundvelli. Og ég vænti þess, að menntmrn. og heilbrmrn. taki að sér að hafa forgöngu um þá endurskoðun.

Ég vildi vekja athygli á þessum staðreyndum vegna þess að ég tel, að menn geti ekki fjallað um þetta mikla vandamál á eðlilegan hátt án þess að gera sér þessar staðreyndir ljósar. Það er almennur læknaskortur á Íslandi. Nú í haust kom þessi læknaskortur mjög alvarlega fram. Um síðustu mánaðamót urðu hvorki meira né minna en 11 læknishéruð laus, læknishéruð, sem áður höfðu verið starfrækt af níu læknum. Þessi héruð voru: Ólafsvíkurhérað, Búðardals- og Reykhólahérað, en þeim hafði áður verið gegnt af einum lækni frá Búðardal, Hvammstangahérað, en þar höfðu tveir læknar starfað, Ólafsfjarðarhérað, Kópaskers- og Raufarhafnarhérað, en þau hafa alllengi verið læknislaus, en á tímabili verið gegnt af einum lækni, sem setið hefur á Húsavík, Þórshafnar- og Vopnafjarðarhérað, þessum héruðum hefur verið gegnt af einum lækni, sem setið hefur á Vopnafirði, Eskifjarðarhérað og Djúpavogshérað. Hér var um mjög alvarlegar horfur að ræða. Og það voru þegar í stað gerðar eins víðtækar ráðstafanir og hægt var að gera af hálfu landlæknis og annarra heilbrigðisyfirvalda til þess að útvega lækna í þessi héruð með öllum tiltækum ráðum. Það var haft samráð við stjórnir læknafélaga, við ráðningarstjóra kandídata og stúdenta og við yfirlækna Landsspítala og Borgarspítala. Smátt og smátt fékkst sú niðurstaða, að læknir, sem áður sat í Ólafsfirði, sótti um Ólafsvíkurhérað, þannig að vandi þess leystist. Læknir, sem kom heim frá Svíþjóð, tók að sér Búðardals- og Reykhólahérað. Einn læknir fékkst í Hvammstangahérað. Læknir fékkst til setu á Húsavík til þess að gegna

Kópaskers- og Raufarhafnarhéraði. Og læknir kom frá Sviþjóð til þess að gegna Eskifjarðarhéraði. Að því er snertir Þórshafnar- og Vopnafjarðarhéruð, þá hafa fengizt þangað læknar til skemmri dvalar, og standa vonir til, að málefni þessara héraða verði leyst á þann veg fram yfir áramót. En gert er ráð fyrir, að læknir fáist til lengri setu á Vopnafirði og gegni Þórshöfn frá 1. febr. 1972. En þá vantar enn lækna í Ólafsfjarðarhérað og í Djúpavogshérað og einn lækni í Hvammstangahérað.

Þegar sýnt þótti, að ekki mundu fást læknar í þau tvö afskekktu héruð, sem rætt var um, Ólafsfjörð og Djúpavog, þá tók ég það til ráðs að kalla saman fulltrúa Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur á sérstakan fund til að ræða þessi málefni á breiðum grundvelli og óska eftir till. þeirra og samstarfi við lausn þessa vandamáls, og ég bað þá hreinlega að leggja sig í framkróka til þess að leysa þessi vandamál með okkur, þar eð ég taldi þarna vera um algert neyðarástand að ræða. Eftir þennan fund sendi ég bréf til allra starfandi lækna í Reykjavík og nágrenni og fór fram á það, að þeir hugleiddu það hver um sig persónulega, hvort þeir gætu komið til móts við okkur í þessum vanda. Ég benti á það, að ef læknar á þessu svæði gæfu sig fram til setu í héruðum einn til tvo mánuði á ári, þá væri hægt að leysa þennan vanda til bráðabirgða, meðan verið væri að finna einhverjar endanlegar lausnir. Og nú að undanförnu og þessa dagana er haft persónulegt samband við alla þessa lækna, og ég vona, að af þessu verði árangur vegna þess, og það vil ég taka skýrt fram, að læknar hafa tekið þessu frumkvæði mjög vel og þeir hafa látið í ljós fullan vilja á því að aðstoða heilbrigðisyfirvöldin við að leysa þennan vanda.

Á meðan þetta ástand stendur á þessum stöðum, sem ég nefndi, þá hefur málum verið ráðið þannig á Ólafsfirði, að þar hefur verið ráðin til starfa héraðshjúkrunarkona, og gert er ráð fyrir, að lyfsali á Dalvík setji upp útsölu lyfja á Ólafsfirði og síðan mun héraðshjúkrunarkonan hafa samband við héraðslækni á Dalvík vegna þeirra sjúklinga, er til hennar leita þar. Djúpavogi er þannig ráðstafað, að Egilsstaðalæknar sinna kalli þangað, en ljósmóðir á staðnum starfar að hjúkrunarstörfum og hefur umsjón með lyfjum og afhendir þau eftir fyrirsögn læknis. Þá hefur verið komið á neyðarkallssímaþjónustu við lyflæknis- og handlæknisdeild Landsspítalans fyrir Djúpavogshérað, og sams konar þjónustu er verið að reyna að koma á frá héruðum norðan- og norðaustanlands, sem læknislaus eru, við sjúkrahúsið á Akureyri. Þá vil ég geta þess, að landlæknir hefur haft sérstakt samband við Landhelgisgæzluna og farið fram á það við hana, að hún hagaði staðsetningu varðskipa með tilliti til þessara vandamála. Landhelgisgæzlan hefur oft verið til ómetanlegrar aðstoðar við sjúklinga í héruðum, þar sem lítið hefur verið um lækna, og við höfum farið fram á það við Landhelgisgæzluna, að hún taki tillit til þessa vandamáls. Einnig er það í sérstakri athugun á vegum rn. að hafa frumkvæði að því að kaupa bíla, sem hentugir eru til flutninga, þar sem samgöngur eru mjög erfiðar. En læknar hafa oft á það minnzt, að opinberir aðilar yrðu að aðstoða við það vandamál. Auk þeirra héraða, sem hér hafa verið talin, þá er vitað, að Dalvíkurhérað er laust í byrjun nóvember, en gert er ráð fyrir, að núverandi héraðslæknir þar verði settur um óákveðinn tíma. Einnig mun Kirkjubæjarhérað losna fljótlega og Hveragerðishérað um næstu áramót. Og enn er ekki útséð um það, hvernig takast muni að fá lækna í þessi héruð.

Ég hef nú lýst þeim breytingum, sem urðu í læknishéruðum um síðustu áramót, og þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið á vegum landlæknis og rn. til þess að leysa þennan vanda með bráðabirgðaráðstöfunum. Ég geri mér, eins og ég sagði, vonir um, að það muni halda áfram að greiðast úr þessum vanda á einhvern hátt, þó að vissulega sé ekki um að ræða neina lausn, sem hægt er að una við sem endanlega lausn.

En þá er komið að síðari hluta spurningarinnar, því veigamikla máli, hvernig hægt sé að skipa þessum málum þannig, að varanleg lausn fáist.

Eins og ég gat um áðan, þá er læknaskortur í strjálbýli ein af afleiðingum almenns læknaskorts í landinu. En þegar um almennan skort er að ræða, þá vita allir, að hann bitnar mest á strjálbýlinu. Á þessu verður ekki ráðin bót, fyrr en læknum hefur verið fjölgað á Íslandi, og þess vegna er þar um tvennt að ræða, annars vegar að gera þær tilraunir, sem tiltækilegar eru, til þess að fá íslenzka lækna, sem starfa erlendis, til þess að koma til Íslands, og í öðru lagi, að læknadeildin skipuleggi störf sín þannig, að hún reyni að tryggja, að læknar útskrifist í samræmi við raunverulega þörf á Íslandi.

Að því er varðar íslenzka lækna, sem dveljast erlendis, þá hefur rn. uppi ráðagerðir um það að hafa beint samband við þá, annaðhvort bréflega eða með fundum, og kynna þeim ástand þessara mála á Íslandi og reyna að beita áhrifum sínum til þess að fá hluta þeirra til að koma til Íslands á nýjan leik og aðstoða okkur við að leysa þennan vanda. Og að því er læknadeildina snertir, þá hef ég hug á því, eins og ég sagði áðan, að ríkisstj. taki það mál upp og menntmrn. og heilbrmrn. fjalli sérstaklega um samvinnu sín á milli á þessu sviði.

En þótt nægilega margir læknar væru til á Íslandi, þyrfti vissulega að endurskipuleggja það kerfi, sem fyrir er í landinu, því að það kerfi, sem nú er í landinu, er ekki í samræmi við breyttar aðstæður og ekki í samræmi við kröfur tímans. Aðstaða til lækninga utan sjúkrahúsa er í flestum tilvikum orðin miklu lakari en á sjúkrahúsunum sjálfum, og það hefur gengið hægar hér en víða annars staðar, að menn geri sér grein fyrir því, að læknisstarfið er heildarstarf fyrir sjúklinginn og það er óeðlilegt að hluta það í sundur eftir því, hvort sjúklingurinn þarf á meiri eða minni læknishjálp að halda, þ. e. eftir því, hvort honum nægir að leita til læknis á lækningastofu eða hvort það þarf að leggja hann á sjúkrahús. Það þarf að auka til mikilla muna samstarf sjúkrahúslækna og lækna utan sjúkrahúsa. Og það þarf að tryggja það, að sú góða aðstaða, sem nú er á sjúkrahúsum á Íslandi, nýtist sem bezt öllum sjúklingum, einnig þeim, sem ekki þarf að leggja inn á sjúkrahús. Þar er um að ræða rannsóknaraðstöðu, sem er ákaflega mikilvæg og læknar vilja ekki án vera um þessar mundir. Þess vegna tel ég, að framtíðin hljóti að verða sú, að við sjúkrahúsin hvarvetna um land og einnig hér í þéttbýlinu hljóti að koma upp opnar göngudeildir, sem taki að sér mjög verulegan hluta af almennri læknisþjónustu, þeirri þjónustu, sem heimilislæknar hafa haft.

Eins og minnzt var á hér af hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni, hafa verið samin drög að nýju frv. um heilbrigðisþjónustu. Þessi drög komu fram á s. l. vori, og þau hafa verið send mörgum aðilum til umsagnar, og rn. hefur fengið fjölmargar aths. við þetta mál. Þær meginbreytingar, sem gert er ráð fyrir í þessum drögum, eru þær að reyna að koma heilbrigðisþjónustunni allri í samræmt kerfi, þ. e. að koma á sérhæfingu starfs utan sjúkrahúsa, að embættislæknisstörfin séu falin sérstökum fáum mönnum og almennu læknisstörfin séu sem mest rekin með hópstarfi á heilsugæzlustöðvum, sem alls staðar starfi við sjúkrahús, þar sem því verður við komið. Og að því er sjúkrahúsin snertir, þá er gert ráð fyrir því í þessum lagadrögum, að ákveðin afstaða sé tekin til starfsskiptingar þeirra og dreifingar um landið. Ég ætla ekki að þessu sinni að rekja efni þessara frv.-draga frekar, en þetta mál er allt í athugun í heilbrmrn. og það verður athugað gaumgæfilega á næstu vikum. Ég vænti þess, að þetta frv. verði síðar á þessu þingi lagt fram í einhverri mynd, og þá mun að sjálfsögðu verða mjög víðtæk athugun á þessu máli hér á vegum Alþ. Ég vil láta þess getið, að þarna tel ég vera um svo vandasamt mál að ræða, að ég tel sjálfsagt, að Alþ. hafi það lengi til meðferðar og fjalli mjög gaumgæfilega um það. En ég vænti þess, að hugmyndir þær, sem í því frv. felast, muni stuðla að því að tryggja eða búa í haginn fyrir þá varanlegu lausn, sem hv. þm. talaði um.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var nú eiginlega ekki ætlun mín að taka til máls við þessa umr. hér á hv. Alþ., en vegna þess að þessi mál bar á góma, taldi ég mér skylt að gera hér örstutta aths.

Ég vil fyrst þakka hæstv. ráðh. fyrir þá yfirgripsmiklu ræðu, sem hann hefur flutt hér um þetta mikilvæga mál, og þá benda á það, sem raunar kom fram í hans máli, að það þyrfti að gera tvennt í þessum efnum. Í fyrsta lagi þarf að finna einhverja bráðabirgðaúrlausn á þessu efni og í annan stað að hyggja að framtíðarskipulagi þessara mála. En ég vil benda á eitt í þessu sambandi, sem ég tel ákaflega mikilvægt, og það var ástæðan fyrir því, að ég tók hér til máls nú. En það er, að víða þar sem læknaskorturinn er tilfinnanlegastur, þar eru samgöngur afar erfiðar, og það hefur einhvern veginn æxlazt svo, að ekki virðist vera nægilega mikið samráð milli samgönguyfirvalda og heilbrigðisyfirvalda um lausn á þessu máli. Það er þannig t. d. víða á Norðurl. e., að þar er rutt snjó af vegum einu sinni í mánuði, en læknar eiga að komast til staða tvisvar í mánuði, þar sem yfirleitt er mjög mikill snjór á vetrum og svo snjóþungt, að það verður að teljast furðuleg ráðstöfun, að svona skuli að farið. Eins er um stað eins og Ólafsfjörð, sem er algerlega samgöngulaus að kalla nema á sjó, þegar snjóar í einn erfiðasta fjallveg landsins, Múlaveg. Það er í reglum samgrn., að einungis skuli ryðja snjó af þeim vegi einu sinni í viku, og ef það er gert á mánudegi og snjóar á þriðjudegi, þá má ekki ryðja þaðan snjó á miðvikudegi, jafnvel þótt þar sé fársjúkur maður fyrir. Þetta held ég, að þurfi að taka til gagngerðrar endurskoðunar, og ég vil beina þeim tilmælum bæði til hæstv. heilbrmrh. og samgrh., að úr þessu verði bætt hið snarasta.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að þakka svör hæstv. ráðh. Það kemur glöggt í ljós varðandi fyrri lið fsp., að það hefur verið sýnd mjög virðingarverð viðleitni til þess af hálfu ráðamanna heilbrigðismála og ráðh. sér í lagi að ná fram einhverri skyndiúrlausn til þess að bægja frá dyrum bráðri neyð í þessu efni. Mér þykir einnig mjög vænt um að heyra það, að varðandi síðari liðinn, þá hugsar ríkisstj. sér að vinna á breiðum grunni að framtíðarlausn málsins. Mér skilst á ræðu ráðh., að ríkisstj. hafi í hyggju allt í senn að leita til íslenzkra lækna erlendis og kynna þeim neyðarástandið hér og hvetja þá til að sýna nokkurn þegnskap, að beita sér fyrir því að efla læknadeildina, efla hana til aukinna afkasta, ef svo mætti segja, og loks að halda áfram af fullum krafti að undirbúa skipulagsbreytingu heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Ég vil leyfa mér að undirstrika það, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh., að í þessu máli eru sennilega tvö meginatriði, sem við verðum að hafa í huga, annars vegar það, að endanleg eða viðunandi lausn fæst aldrei nema með því að vinna að málinu á mjög breiðum grunni og þá koma inn í fleiri atriði en aðeins hvað snertir læknana sjálfa og það starfslið, sem að heilbrigðismálunum vinnur, mörg fleiri atriði. Hv. 5. þm. Norðurl. e. áréttaði þessa skoðun ráðh. með ljósu dæmi. Hins vegar er svo það meginatriði, sem áður hefur oft verið lögð áherzla á hér á hv. Alþ., þetta, að það er læknaskortur í landinu og ekki aðeins læknaskortur, heldur skortur á öðru starfsliði, og það er eitthvert allra fyrsta atriðið að bæta úr honum.

Það er kannske vorkunnarmál, þó að það hafi vafizt nokkuð fyrir hv. Alþ. og öðrum þeim, sem að þessum málum vinna, að ráða bót á því óvænta ófremdarástandi, sem verður, þegar fjölmennur hópur lærdómsmanna, sem fyrir eigið harðfylgi og með verulegum stuðningi af almannafé hefur aflað sér menntunar til að gegna þýðingarmiklu þjónustustarfi fyrir landsfólkið, telur sig ekki lengur geta sinnt þörfum verulegs hluta þjóðarinnar. En þennan vanda verður nú að leysa, hvað sem það kostar.

Það er auðvitað rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. og ég hef áður drepið á, að það er almennur skortur á fólki, almennur læknaskortur í landinu. En það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að læknaþjónustan í strjálbýlinu er algert sérmál. Og ég vil segja það að lokum, að það er ekki hægt að kalla það annað en hneykslismál af verstu gráðu, að það skuli raunar varða missi þeirra mannréttinda, sem landslög ákveða þegnunum varðandi heilbrigðisþjónustuna, ef menn ætla sér að nytja gæði landsins t. d. austur í Vopnafirði eða á suðausturanverðu Íslandi. Og ég vona, að ekki aðeins ríkisstj. heldur allir hv. alþm. og aðrir, sem hlut eiga að máli, taki höndum saman um að vinna að lausn þessa máls.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir hans skeleggu og greinargóðu ræðu, þar sem tekið var á þessum vandamálum og þau skýrð af víðsýni, og sannarlega var þetta allt rétt, sem hann sagði okkur um þetta mikla vandamál þjóðarinnar. Læknaskortur er almennur hér í landi, og hann er mikið vandamál. Og það má segja, að varðandi strjálbýlið sé þetta þjóðfélagslega mjög mikilvægt vandamál. Það fyrsta, sem okkur dettur þá í hug, er að leita eftir

orsökunum. Það er alveg rétt, sem fram hefur komið hjá hv. ræðumönnum, að almennur læknaskortur er í landinu, en þó ber að hafa það í huga, að við eigum lækna úti í útlöndum, sem gætu hæglega leyst öll þessi vandkvæði á svipstundu, lækna, sem eru búnir að vera árum saman erlendis, sem eru fulllærðir til heimkomu. En spursmálið er þá þetta, hvers vegna koma þeir ekki heim? Óneitanlega leitum við þeirrar ástæðu, að aðstaða sé ekki fyrir hendi, sú aðstaða, sem þeir vilja sætta sig við.

Ég hef nú sérstaklega kynnt mér þetta ástand úti á landinu, og það er ekki að neita því, að það er víða ekki nógu vel búið að læknum til þess, að hægt sé að ætlast til, að þeir setjist þar að. Að vísu hefur þetta batnað nokkuð á síðustu árum. Skortur á ýmsum tækjum og hjálpargögnum, samgönguerfiðleikar og margt fleira veldur því, að læknar geta illa hugsað sér að staðfestast á þessum stöðum. Og í raun og veru er það ástand, sem verið hefur nú á undanförnum árum, að læknar hafa verið í 20—30 héruðum á landinu aðeins 3—6 mánuði upp í eitt ár í einu, fólkinu algerlega ófullnægjandi.

Oft er talað um það, að læknar hafi há laun. En læknar hafa líka aðra vinnuaðstöðu en flestir aðrir þjóðfélagsþegnar. Á undanförnum árum hefur það verið þannig í fjöldamörgum héruðum, að læknar hafa orðið að sinna tveimur læknishéruðum, og samkv. læknaskipunarlögum er þeim beinlínis fyrirskipað að hafa gegningarskyldu allan sólarhringinn og alla daga ársins. Þetta getur ungum mönnum reynzt tiltölulega auðvelt fyrsta kastið og í stuttan tíma. En þegar frá líður, verður þessi vinnuaðstaða fullkomlega óhæfileg. Og þannig orðaði það ungur læknir, sem var búinn að vera tvö ár úti í héraði, á fundi nú fyrir skömmu, að hér væri um hreina vinnuþrælkun að ræða. Þar að auki bætist það við, að læknar hafa ekki getað fengið hjúkrunarkonur, meinatækna, jafnvel ekki ritara til þess að aðstoða sig við þessi miklu störf þeirra. Og það byggist á tvennu. Í fyrsta lagi hefur ríkisvaldið ekki verið örlátt á aðstoðarfólk handa læknum, og í öðru lagi er þetta fólk mjög oft ekki til á þessum stöðum. Ungir læknar, sem útskrifast úr læknadeildinni, standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að þeir geta valið úr 30—40 stöðum hér í Reykjavík og nágrenni. Þeir geta valið úr stöðum í þéttbýlinu úti á landi, þeir geta valið úr stöðum í nágrannalöndunum, og þeir eiga að sjálfsögðu þess kost að fara út í strjálbýlið. Og mér er fullkunnugt um það, að margir ungu læknanna hafa hug á því að fara út á land. Þeir viðurkenna það, að héraðslæknisstarfið er eitt frjósamasta læknisstarfið, og þeir viðurkenna líka, að það er að sjálfsögðu alltaf aðgengilegt fyrir ungan mann að starfa, þar sem þörfin er mest. En flestir eru fjölskyldumenn, og þeir verða að gera sér grein fyrir því á raunsæjan hátt, hvar þeir eigi að setja sig niður til frambúðar. Og þá kemur hér vandamál, sem ekki hefur verið mikið rætt um enn. Þetta mál verður held ég aldrei leyst til frambúðar, nema bætt verði félagsleg aðstaða öll á þessum stöðum, nema skólamál, samgöngumál og menntunaraðstaða öll verði stórbætt úti í strjálbýlinu. Þetta er líka ein ástæðan fyrir því, að læknarnir fást ekki þangað. Þar að auki hefur það sýnt sig, að ef læknir er kominn út í hérað, þá virðist gersamlega óhugsandi að fá annan lækni til þess að leysa hann af, til þess að hann geti fengið sér eðlilegt sumarfrí, svo að hann geti fengið sér frí til frekara náms, en það er þessum læknum í strjálbýlinu sérstaklega nauðsynlegt, vegna þess að þeir hafa að sjálfsögðu ekki eins mikla starfsþjálfun þar eins og víða annars staðar.

Ég er sammála flestu af því, sem hæstv. heilbrmrh. sagði um framtíðarlausn í þessum málum. Þó er mér það ljóst, að ekki verður allt bætt í þessum málum á Íslandi með læknamiðstöðvunum. Þær eru mjög þarfar og mjög nauðsynlegar, en staðhættir, samgöngumál, fjallvegir og ótal aðrar ástæður valda því, að við munum þurfa að hafa lækna í einmenningshéruðum, ef fólkið okkar á að búa við góða læknisþjónustu. Og ég held því, að eitt aðkallandi málið núna til þess að leysa þetta bæði til bráðabirgða og sem varanlega lausn sé að rannsaka fyllilega, hvort hagur og kjör lækna í litlu héruðunum eru með þeim hætti, að það sé aðgengilegt. Ég er sannfærður um, að svo er ekki. Þá verður að sjálfsögðu að miða við eðlilega vinnuaðstöðu.

Það er mikil sorgarsaga, hve illa við erum búnir að heilbrigðisstarfsfólki, og það er hörmulegt, að land, sem á sinn háskóla, sem getur útskrifað lækna, útskrifað lögfræðinga og presta o. s. frv., skuli ekki geta útskrifað ýmsa heilbrigðisþjónustuaðstoðarmenn, sem nauðsynlegir eru okkur hér í landi. Ég á þar einkum við sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa, vinnuþjálfara og ýmsar aðrar stéttir, sem okkur er fullkomin nauðsyn að geta útbúið fyrir ævistarf hér í þessu landi.

Fyrir nokkrum árum var svo ástatt hér, að það var útilokað í raun og veru að sinna fullnægjandi rannsóknarstörfum á spítala vegna skorts á meinatæknum. Þá var tekið það ráð, að hér var Tækniskólanum falið að mennta meinatækna. Nú er ástandið allt annað í þessum efnum, og ef við fengjum annan hjúkrunarkvennaskóla, ef við fengjum aðstöðu til náms fyrir félagsráðgjafa, fyrir sjúkraþjálfara og fyrir ýmsar aðrar hjálparstéttir læknanna og heilbrigðisþjónustunnar, þá er ég sannfærður um, að það yrði auðveldara að leysa þetta mál til frambúðar.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er náttúrlega engin leið að gera þessu stóra máli skil hér á þessum vettvangi nú, í fsp.-tíma á Alþ., en mér fannst nú samt ástæða til að taka undir eitt og annað, sem hér hefur verið sagt í þessum umr. Og ég vil þá sérstaklega taka mér í munn það orð, sem fyrirspyrjandi notaði í ræðu sinni, þar sem hann talaði um neyðarástand í þessum efnum. Það er áreiðanlegt, að þetta er ekki ofsagt hvað varðar læknaþjónustu í landinu. Þar er um algert neyðarástand að ræða. Ég býst við, að þetta eigi við um alla landshluta, og þetta mun jafnvel gilda um Reykjavík líka.

Mér þykir ástæða til þess að minna á það, úr því að ég er kominn hér í ræðustól, að af þeim læknishéruðum, sem eru í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, þar sem ég þekki bezt til, þá má segja, að obbinn af þessum læknishéruðum séu óveitt langtímum saman og löngum. Þannig er t. d. um öll læknishéruðin í Norður-Þingeyjarsýslu. Það hefur verið svo um langa hríð, að Norður-Þingeyjarsýsla, öll sú sýsla, hefur verið læknislaus. Það hefur ekki fengizt maður til þess að gegna þeim þrem læknishéruðum, sem eru í þeirri sýslu. Að

vísu er komin einhver bráðabirgðalausn núna þessar vikurnar fyrir þessi héruð, en hversu lengi það stendur, vitum við ekki. Einnig er þess að geta, að Breiðumýrarhérað, sem nær yfir hluta af Suður-Þingeyjarsýslu, er nú og hefur lengi verið óveitt, er að vísu gegnt frá Húsavík. Ástandið er þannig í einum stærsta kaupstað norðanlands, Ólafsfirði, að þar er nú læknislaust og það er reynt að bæta úr því, eins og hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, með því að ráða héraðshjúkrunarkonu. Og þannig er ástandið á Dalvík, að þar verður læknislaust að réttu, vegna þess að læknirinn er kominn á hámarksaldur, núv. héraðslæknir er kominn á hámarksaldur embættismanna og hlýtur þess vegna að láta af störfum. En hins vegar leggur hann það mikla rækt við þennan stað, að hann hefur hugsað sér að vera þar eitthvað áfram við læknisstörf.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þetta er mjög flókið vandamál, og það er alveg útilokað, að ég geti farið út í það að ræða það mjög náið. Hins vegar vil ég leyfa mér að taka undir ýmislegt, sem hér hefur komið, og þá alveg sérstaklega áskorun til Háskólans og til læknastéttarinnar um það að vinna með Alþ. og með ríkisstj. að frambúðarlausn þessa máls. Ég held, að á þessa samvinnu hafi stórlega skort að undanförnu og þetta sé ein meginorsökin til þess, hversu mjög hefur sigið á ógæfuhliðina í þessum efnum. Undir þetta vil ég alveg sérstaklega taka og efast reyndar ekki um eftir þeim undirtektum, sem nú hafa nýlega komið fram frá læknastéttinni, að þessi samvinna muni komast á, en þó held ég, að hlutur eins aðilans í þessu liggi eftir og það sé hlutur Háskólans, hlutur læknadeildarinnar, og ég vil alveg sérstaklega taka undir þá áskorun, sem hér hefur komið fram um, að læknadeildin taki sín mál til fullkominnar endurskoðunar og setji sér ný og miklu skýrari markmið en hún virðist starfa eftir nú í dag.

3. Þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgrh. um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum [37. mál, 3] (A. 38).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh., svo hljóðandi:

Hefur ríkisstj. uppi áform um að beita sér fyrir breytingu á vegalögum á þann veg, að ríkið taki að sér uppbyggingu þjóðvega, sem liggja um kaupstaði og kauptún?

Mér er fyllilega ljóst, að hér er um veigamikið mál að ræða og svo viðamikið hvað snertir hina fjárhagslegu hlið, að fsp. og stutt útskýring á henni eiga kannske hæpinn rétt á sér. En mér þótti þó ástæða til að ætla, að brýnt væri að hreyfa þessu máli og vekja á því eftirtekt með einhverjum hætti. Hér er á dagskrá eitt af veigamestu verkefnum margra eða flestra sveitarfélaga, og inn í þetta spinnst svo hlutur ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar, sem reyndar kemur æ víðar til álita, hvernig háttað eigi að vera. Sveitarfélögin, meira að segja þau smærri, stefna í æ ríkara mæli að varanlegri gatnagerð, og víða er stórátak fram undan í þessum efnum. Hér fléttast inn í vandamálið hvað snertir umhverfi frystihúsanna hin þjóðhagslega nauðsyn þess, að þar verði bætt úr hið bráðasta. Það er hins vegar staðreynd, að sveitarfélögin flest hver berjast mjög í bökkum og hafa mörg hver a. m. k. síður en svo fjárhagslegt bolmagn til slíkra framkvæmda. Það er því alveg ljóst, að hér þarf til að koma mikil fyrirgreiðsla ríkisvalds og lánastofnana umfram þó ófullnægjandi fjárhagsaðstoð, sem svonefnt þéttbýlisvegafé gerir ráð fyrir. En hér kemur víða til atriði, sem þessi fsp. beinist sérstaklega að. Mjög víða hagar svo til, að þjóðvegur liggur eftir endilöngum kaupstað eða kauptúni eða þá að verulegum hluta. Verði í það ráðizt, sem full þörf er á, að gera þessa vegi hvarvetna úr varanlegu efni, er útilokað að sveitarfélögin taki það verkefni á sínar herðar einvörðungu með þéttbýlisfé eitt að veganesti frá því opinbera, enda miðast sú fjárveiting, sem þannig fæst, alls ekki við þetta sérstaklega, heldur hreinlega íbúatölu hvers staðar. Ég vil í þessu sambandi benda á eftirfarandi:

Slíkur vegur þjónar ekki nema að takmörkuðu leyti viðkomandi sveitarfélagi, en er fyrst og fremst hlekkur í hinu samfellda vegakerfi landsins, sem ríkið sér um og annast uppbyggingu og viðhald á. Þetta sjónarmið hefur fengið viðurkenningu í hinum svonefndu hraðbrautum. Það eru fordæmi fyrir því, að ríkið hafi tekið slíka vegi að sér, og mun þar hafa verið notuð heimild í 34. gr. vegalaga, sem kveður svo á, að 10% af þéttbýlisvegafénu skuli haldið eftir og varið til þýðingarmikilla og áríðandi verkefna. Ég hef grun um, að fé samkv. þessari heimild sé þegar fullnýtt alllangt fram í tímann, svo að hér hygg ég, að lítinn stuðning sé að hafa. Þótt svo væri, er þó hér um svo óverulega fjárhæð að ræða, að hún kæmi að litlu haldi, ef stórátak yrði víða gert í þessum efnum. Mér þykir því sem öll rök hnígi að því, að hér þurfi til að koma veruleg breyting á vegalögum, m. a. með breyttri skiptingu þéttbýlisfjárins og aukningu þess, enda fæ ég ekki séð annað en ríkinu beri að koma til liðs við sveitarfélögin á myndarlegan hátt. Ég geri mér hins vegar fullljóst, að hér er um mikla fjármuni að ræða og margt kallar að, ekki sízt á sviði samgöngumála. En aðalástæðan til þess, að ég leyfði mér að koma fram með fsp. þessa, er sú, að mjög víða á Austurlandi hagar svo til um þjóðvegi, þar sem umferð er mikil, að þeir liggja um kauptúnin endilöng, eins og Reyðarfjörður og Búðir í Fáskrúðsfirði eru gleggst dæmi um. Umferðin er að sumarlagi að mjög verulegu leyti almenn þjóðvegaumferð, en miklu síður umferð innanbæjar. Það er hún aðeins um háveturinn. Einmitt á Austurlandi er nú verið að skipuleggja miklar framkvæmdir í varanlegri gatnagerð, og þessir vegir koma þar e. t. v. fyrst til álita. Það væri því t. d. þessum

sveitarfélögum og eflaust fleirum mikils virði, ef það gæti legið sem fyrst fyrir, á hvern hátt eigi að leysa þessi mál hvað snertir þjóðvegina eða hvort búast megi við óbreyttu fyrirkomulagi. Og ég hygg, að hér þurfi að koma til sérstakar ráðstafanir til að létta undir með sveitarfélögunum og gera þeim kleift að leysa þessi mál sem myndarlegast, í hvaða formi sem menn kynnu svo að vilja hafa þær ráðstafanir. Þetta á einkanlega við um þau fólksfæstu vegna núgildandi skipunar. Því er þessari fsp. nú beint til hæstv. ráðh., ef hann gæti upplýst um hugsanlega ákvörðun ríkisstj. varðandi það að taka þetta sérstaka atriði fyrir á einn eða annan veg og ráða þar á nokkra bót.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil segja hér nokkur orð í tilefni af fsp. hv. þm. og rifja þá upp fsp. hans, sem er svo hljóðandi:

„Hefur ríkisstj. uppi áform um að beita sér fyrir breytingu á vegalögum á þann veg, að ríkið taki að sér uppbyggingu þjóðvega, sem liggja um kaupstaði eða kauptún?“

Eins og hann vék að, segir svo í 32. gr. vegalaga, sem eru nr. 71 frá 1963: „Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda.“ Þetta er grundvallarregla samkv. gildandi lögum. Enn fremur: „Skal árlegt framlag vera 12.5% af heildartekjum vegamála það ár samkv. XIV. kafla þessara laga.“

Með lögum nr. 7 frá 10. apríl 1968, um breytingu á vegalögum nr. 71 frá 1963, er ákvæðið í 32. gr. þrengt nokkuð með því að í 1. málsgr. 38. gr. er bætt við nýjum málslið, þar sem segir: „Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.“

Þessu heimildarákvæði hefur verið beitt síðan.

Samkv. yfirliti um heildartekjur til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr. og einnig samkv. 34. gr. varðandi hinn svokallaða 10% sjóð vegalaga hafa heildarframlög til þjóðvega í þéttbýli fyrir árin 1964—1971 numið alls um 360.6 millj. kr. Framlög samkv. 30. gr. hafa á sama tíma numið um 40.1 millj. kr., og hefur því fé verið skipt þannig, að Kópavogskaupstaður hefur fengið 29.3 millj., Selfosshreppur 10 millj., Hveragerðishreppur 800 þús. kr. Í grg. með till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969—1972 er á fskj. yfir þjóðvegi í þéttbýli hinn 1. jan. 1969, samkv. reglugerð nr. 44 frá 1965, tekið fram, að þessir vegir séu þá alls 97.8 km að lengd og þar af með varanlegu slitlagi aðeins 25.2 km, eða liðlega fjórðungur þessara vega. Lagningu varanlegs slitlags á þjóðvegi í þéttbýli hefur þó þokað nokkuð áleiðis á liðnum þremur árum, en tæmandi skýrslur um það, hvernig því máli er nú komið, liggja ekki fyrir eins og er. Þó er unnið að öflun slíkra skýrslna í sambandi við endurskoðun á reglugerðinni nr. 44 frá 1965.

Nefnd þeirri, sem undirbjó frv. til vegalaga, sem lögfest var hér á Alþ. í des. 1963, var það ljóst, að með skiptingu á framlagi til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. höfðatölureglu yrði fámennustu kauptúnum og kaupstöðum gert mjög erfitt fyrir að ljúka lagningu vega sinna. Því var tekið upp ákvæði í 34. gr. um 10% sjóðinn, til þess að unnt væri að flýta framkvæmdum, þar sem sérstök ástæða þætti til, eða ljúka ákveðnum áföngum eða stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum, eins og það er orðað sérstaklega í greininni. Hins vegar hefur þessi sjóður undanfarin átta ár verið bundinn við lausn tveggja mjög kostnaðarsamra verkefna, lagningu Hafnarfjarðarvegar um Kópavog og Suðurlandsvegar um Selfoss, og hafa því aðrir kaupstaðir og kauptún ekki notið neins fjármagns úr þessum sjóði, eins og til var ætlazt. Þetta gildir um 10% sjóðinn. Engin heildaráætlun liggur fyrir um kostnað við að ljúka lagningu þjóðvega í þéttbýli, en samkv. reglugerð nr. 44 frá 1965 eiga hlutaðeigandi sveitarfélög að sjá um hönnun þeirra vega og þurfa aðeins að leggja fram tæknilegar og fjárhagslegar áætlanir um lagningu þeirra fyrir Vegagerð ríkisins, áður en framkvæmd er hafin.

Við þá endurskoðun á reglugerð nr. 44 frá 1965, sem nú er unnið að, mætti væntanlega gera svona í grófum dráttum áætlun um heildarkostnað við að ljúka lagningu þessara vega til þess að fá nokkra hugmynd um stærð viðfangsefnisins. Væri mjög æskilegt, að slík heildaráætlun lægi fyrir, og nálega nauðsynlegt, að það lægi fyrir, áður en horfið væri að því ráði að breyta gildandi ákvæðum vegalaga um framlög úr Vegasjóði til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum. En þessi heildaráætlun liggur ekki fyrir og þannig ekki vitað um stærð verkefnisins, og er því svarið endanlega þetta, að ríkisstj. telur ekki hyggilegt að taka ákvarðanir um þessar aðgerðir, sem óskað er raunar eftir í fsp., fyrr en þessari endurskoðun er lokið og maður sér, hversu víðtækt og stórt þetta verkefni er, en vitað er, að það er allstórt.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka samgrh. skýr og greinargóð svör við án efa ófullkominni fsp. minni, en ég vil undirstrika það sérstaklega, að ákvæðin um þéttbýlisvegaféð eru þannig, að þau leysa allan vanda jafnt miðað við fólksfjölda, eins og einmitt var tekið fram, en engan veginn sérstaklega miðað við þá almennu þjóðvegaumferð, sem er á hverjum stað. Og vegna þess er það glöggt, að þeir staðir, sem taka við mestri slíkri umferð, verða að fá frekari fyrirgreiðslu en aðrir. Og ég treysti því fullkomlega, að hæstv. ráðh. og samverkamenn hans muni vinna hér að, svo að þar fáist á nokkur bót.

4. Afurðalán iðnfyrirtækja.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til viðskrh. um afurðalán iðnfyrirtækja [51. mál, 1] (A. 53).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 47 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér fsp. til hæstv. viðskrh. Það hefði kannske verið álitamál, hvort ég hefði átt að beina fsp. til hæstv. iðnrh., en ég valdi þennan kost, vegna þess að þar sem hæstv. viðskrh. fer með bankamál og hér er um þess eðlis mál að ræða, þá taldi ég rétt, að fsp. væri beint þangað. Fsp. er svo hljóðandi:

Hvenær má gera ráð fyrir, að iðnfyrirtæki, sem framleiða vörur til útflutnings, fái notið svipaðrar fyrirgreiðslu hjá bönkum varðandi afurðalán út á framleiðslu sína eins og aðrir atvinnuvegir, svo sem sjávarútvegur og landbúnaður?

Mér þótti ástæða til að koma þessu máli hér á dagskrá, til þess að hægt væri að gera sér grein fyrir því, hvernig þessi mál standa í það heila tekið. Það er mikið talað um það nú til dags og er sjálfsagt góður siður, að það þurfi að efla iðnað til útflutnings, og hér á ég ekki við stóriðnað eða við niðursuðu- og niðurlagningariðnað, vegna þess að ég geng út frá því, að með öðrum hætti sé séð fyrir rekstrarfjárþörf þeirra fyrirtækja. Hér er ég fyrst og fremst að hugsa um ýmiss konar smærri iðnfyrirtæki víðs vegar um landið, sem eru að basla við að framleiða ýmiss konar iðnaðarvörur, sem ætlaðar eru til útflutnings. Það hefur þegar í ýmsum tilvikum orðið talsverður árangur í þessu efni, en mér er fullljóst, að það er mikið vandamál fyrir ýmis þessi fyrirtæki, að þau skuli ekki fá eðlileg afurðalán út á vörur, sem ætlaðar eru til útflutnings. Margt af þessum vörum er þess eðlis, að það þarf að framleiða þær allt árið, en það er árstíðabundið, hvenær þær eru fluttar úr landi eða seldar. Það þarf að brúa þetta bil. Ég veit mætavel, að það hefur mikið verið gert fyrir iðnaðinn á Íslandi á undanförnum árum. Ég veit, að miklar upphæðir hafa verið lánaðar í gegnum Iðnlánasjóð, en þá fyrst og fremst til fjárfestingar. Háar upphæðir hafa verið lánaðar sem sérstök aðstoð við iðnaðinn. En þegar kemur að því, að framleiða þurfi á lager, ef svo má segja, framleiða, án þess að um afsetningu strax geti verið að ræða, þá harðnar býsna mikið á dalnum hjá ýmsum.

Það hafa oft áður komið hér fram á hv. Alþ. frv. og till. í þessa átt til aðstoðar iðnaðinum, og þau hafa yfirleitt gengið miklu lengra, og ekki skal ég draga úr því, að það þyrfti að gera miklu meira. Það þyrfti t. d. að lána út á framleiðslu, sem er ætluð til sölu innanlands og sem er nokkuð öruggt að muni seljast. En ég tek aðeins þetta einstaka dæmi út úr hér, sem sé út á þá vöru, sem ætluð er til sölu erlendis og talið sæmilega öruggt að muni seljast úr landi. Þessi rekstrarfjárskortur er geigvænlegur hjá ýmsum minni fyrirtækjum, og það, sem verra er kannske, að ýmis þessara litlu fyrirtækja hafa hreint ekki fasteignir til að veðsetja. Mér er kunnugt um, að þetta hefur verið mikið rætt hjá Félagi ísl. iðnrekenda, og ég hef hér undir höndum bréf, sem Félag ísl. iðnrekenda skrifaði Seðlabanka Íslands 27. maí, og ætla að leyfa mér að lesa þetta bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Félag ísl. iðnrekenda og útflutningsskrifstofa þess fara þess á leit, að þér beitið yður fyrir því, að fjármögnun útflutningsframleiðslu verði komið á ákveðið kerfi. Í því sambandi leyfum við okkur að koma á framfæri eftirfarandi tillögum um lánveitingafyrirkomulag: Vörur, sem samið hefur verið um sölu á til útflutnings og afhenda á síðar á tímabilinu og/eða vörur, sem að mati útflytjenda þurfa að vera fyrir hendi til þess að afgreiða endurpantanir o. fl., verði settar í tollvörugeymslu. Varan er geymd í læstum geymslum, en tolleftirlitið á staðnum gefur út viðurkenningu fyrir því, að vörunni hafi verið komið þar fyrir með framvísun sundurliðaðra reikninga um viðkomandi vörur frá framleiðanda og útflytjanda ásamt viðurkenningu tollyfirvalda um móttöku vörunnar svo og fullnægjandi yfirlýsingu um vátryggingu, hafi varan fullnægt þeim kröfum, sem gera verður til þess, að varan sé veðhæf vegna útflutningslána. Geymsluhafi, þ. e. útflytjandinn, hefur heimild til þess að umpakka vörur í tollvörugeymslu, enda sé strangt eftirlit með því, að engin vara sé flutt þaðan út án framvísunar fullnægjandi skjala. Þegar varan er flutt úr landi eða af öðrum ástæðum tekin úr geymslu, endurgreiðir viðkomandi framleiðandi banka andvirðið, sem lánað hefur verið samkv. áður gerðu samkomulagi. Jafnframt áritar banki úttektarbeiðnir, sem heimila handhafa úttekt vörunnar úr tollvörugeymslu undir eftirliti tollvarða. Framleiðandi, lántakandi, er ábyrgur gagnvart bankanum um endurgreiðslu lánsins með tryggingu í andvirði vörunnar, sem í geymslu er. Hámarkslánstími sé tvö ár. Framkvæmdastjóri Tollvörugeymslunnar h. f. í Reykjavík og fulltrúi tollstjóra á staðnum hafa lýst sig reiðubúna til að ræða nánar allt fyrirkomulag um framkvæmd geymslu og afgreiðslu úr og í tollvörugeymslu.

Það eru vinsamleg tilmæli, að þetta mál verði tekið til athugunar þegar í stað, en telja má fullvíst, að öll aukning, t. d. á útflutningi fatnaðar, sé háð útflutningslánafyrirkomulagi, a. m. k. miðað við óbreytt efnahagsástand.

Gunnar J. Friðriksson,
form. Félags ísl. iðnrekenda."

Hér er sem sé bent á leið til þess að tryggja það, að þær vörur, sem lánað yrði út á, séu í tryggri geymslu, á meðan þær eru að veði fyrir lánunum. Þetta hefur verið eitt mesta vandamálið, og það kann vel að vera, að hægt sé að finna einhverja aðra og betri leið í þessu efni, en ég lagði fsp. fram í þeim tilgangi að reyna að fá það upplýst, hvernig þetta mál stendur í stórum dráttum og hvort ekki sé líklegt, eins og ég geng út frá, að þessum málum verði komið í viðunandi lag sem fyrst. Ég álít nefnilega, að ef á að efla þennan útflutningsiðnað, þá sé tæpast til nein önnur leið, sem verði árangursríkari, en einmitt sú, að framleiðendur geti átt von á því að fá einhverja aðstoð með rekstrarfé til þess að halda áfram sinni framleiðslu.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég hef beint þessari fsp. til Seðlabankans og óskað eftir umsögn hans um það, hvernig þessum málum væri nú fyrir komið, en eins og kunnugt er, hefur Seðlabankinn með að gera ákvarðanir varðandi hin sérstöku afurðalán. Ég tel rétt að lesa hér upp svar bankans, eins og það var mér sent. En það er þannig:

„Um nokkurt skeið hefur verið í athugun hjá Seðla-

banka Íslands, á hvern hátt almennu fyrirgreiðslukerfi vegna útflutnings iðnaðarvara annarra en fjárfestingarvara yrði haganlegast fyrir komið. Mikill eðlismunur er á útflutningsframleiðslu iðnaðarins annars vegar og sjávarútvegs og landbúnaðar hins vegar. Annars vegar er um tiltölulega samkynja framleiðslu að ræða, sem lítið breytist ár frá ári, en hins vegar er um ósamkynja fjölbreytta framleiðslu að ræða, sem eins líklegt er að breytist ár frá ári, eins og t. d. tízkufatnaður, og er seld jafnt á innlendum sem erlendum markaði. Margs er því að gæta, og sjónarmið þarf að samræma, áður en hægt er að koma á þessu almenna fyrirgreiðslukerfi.

Á hinn bóginn hefur að undanförnu verið unnið að því að koma fyrirgreiðslu vegna útflutningsiðnaðarins í betra horf, og ber þar að minnast, að með stofnun útflutningslánasjóðs, sem hóf störf á þessu ári, var leyst úr þörfum iðnaðarins vegna útflutnings á fjárfestingarvörum, og einnig er gert ráð fyrir, að sjóðurinn geti lánað út á stærri sölusamninga annarra iðnaðarvara. Seðlabankinn hefur alltaf frá árinu 1966 reynt að stuðla að auknum útflutningi iðnaðarvara með lánveitingum, og hafa þær lánveitingar farið vaxandi ár frá ári. Vegna margbreytileika iðnaðarvara er hins vegar ekki hægt að koma við föstum útlánareglum, heldur verður um að ræða einstakar ákvarðanir með tilliti til þarfa hverju sinni. Samkv. þessu hefur fyrirgreiðsla verið í ýmsu formi, þar sem í sumum tilvikum hefur verið veitt aðstoð til hráefnakaupa, en í öðrum verið veitt lán, sem nemur ákveðnum hundraðshluta af staðfestri pöntun. Þar sem um samkynja vörur er að ræða, hefur verið komið á föstu afurðalánakerfi. Er stöðugt unnið að því að leita leiða til að bæta og auka fyrirgreiðslu í formi afurðalána til útflutningsiðnaðarins."

Þannig er það svar, sem mér hefur borizt varðandi þessa fsp., frá Seðlabankanum. En með því fylgir svo nokkur tafla, sem gefur til kynna, hvernig afurðalán skiptast á milli hinna einstöku atvinnugreina á vissum tilteknum tímum, og ef ég nefni niðurstöðuna á þessari töflu, sem er miðuð við ágústmánuð, þá kemur í ljós, að afurðalán til sjávarútvegsins eru þá talin vera 1197 millj. kr. og allt vegna útflutnings. Afurðalán til landbúnaðar eru talin vera 689 millj. kr., þar af vegna útflutnings 60 millj., en 629 millj. vegna innanlandssölu. Til iðnaðarins eru talin afurðalán vegna útflutnings samtals 60 millj. kr., vegna samkeppni við innflutning á innanlandsmarkaði 27 millj. kr. og vegna innanlandssölu 69.6 millj. kr., eða samtals til iðnaðarins 157 millj. kr.

Þetta eru sem sagt þær upplýsingar, sem mér hafa borizt varðandi þessa fsp. Ég skal svo aðeins segja mína skoðun á þessu þýðingarmikla máli. Mál þetta hefur verið rætt hér á Alþ. oft áður. Ég hef þá látið uppi mína skoðun á því, hvernig ætti að standa að þessum málum, og mín skoðun í þeim efnum er algerlega óbreytt. Ég tel, að það sé sjálfsagt að reyna að byggja upp þannig lánafyrirgreiðslu í þessum efnum, að allar útflutningsgreinar búi við sem sambærilegust lánakjör. Þar verði ekki gerður greinarmunur á því, hvort um er að ræða sjávarafurðir ætlaðar til útflutnings, landbúnaðarafurðir ætlaðar til útflutnings eða iðnaðarvörur ætlaðar til útflutnings. Ég tel, að það sé rétt að hafa lánafyrirgreiðsluna sem jafnasta, en álít, að hér eigi fyrst og fremst að miða við útflutningsvöruframleiðslu. Það er mín skoðun, að varðandi framleiðslu, sem ætluð er til innanlandssölu, verði eðli málsins samkv. að gilda talsvert mikið aðrar reglur. Ég vil gjarnan vinna að því að reyna að koma þessu í betra horf en verið hefur. En eins og fram kemur í svari Seðlabankans, þá er það skoðun hans og þeirra, sem með þessi mál hafa haft að gera, að varðandi afurðalán til iðnaðarins sé í ýmsum tilvikum nokkuð vandasamt að skapa fastar reglur, vegna þess að hann geri hvort tveggja að framleiða vörur fyrir innanlandsmarkað og utanlandsmarkað, sem erfitt sé að greina á milli. Það er sjálfsagt að skoða nánar þessi atriði, en ég sé á þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, auk þeirra, sem hér hafa komið fram, að fyrirgreiðsla bankanna til iðnaðarins í sambandi við útflutning er mjög mismunandi, og satt að segja sýnist mér, að í sumum tilfellum sé fyrirgreiðsla við útflutningsiðnað fyllilega sambærileg við það, sem bezt gerist fyrir sjávarútveg, nema ég efast um það fyrir mitt leyti, að hægt sé að telja, að heildarvaxtakjör séu jafnhagstæð. En mér sýnist vera nokkuð misjafnt form á þessu.

Ég get ekki gefið hv. 2. landsk. þm. frekari svör við þessari fsp. á þessu stigi málsins. Ég vænti, að hann telji þessi svör frá minni hálfu fullnægjandi, en mín skoðun er, að ég ætla, nokkuð ákveðin í þessu máli, og ég er tilbúinn til þess að vinna að því að reyna að koma hér á fastari lánareglum, m. a. í samráði við samtök iðnaðarins, þegar þau samtök leita til mín með það, en það hafa þau ekki gert til þessa, sem kannske er ekki heldur von þann stutta tíma, sem ég hef haft með þessi mál að gera.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans við fsp. minni, þó að ég fengi nú kannske ekki eins jákvæð svör og ég hefði vonazt til. Það kemur í ljós, að hann er á nákvæmlega sömu skoðun og ég um það, að hér sé um hálfgert vandræðamál að ræða og að það þurfi að reyna að leita úrlausnar um fyrirkomulag á þessum afurðalánum iðnaðarins. En auðvitað eru allir sammála um, að það sé enginn eðlismunur á því, hvort verið er að flytja út iðnaðarvörur eða aðrar vörur frá öðrum atvinnuvegum. Allir ættu að fá sömu fyrirgreiðslu í formi afurðalána. En mér finnst það bara hafa einhvern veginn legið við, að iðnaðurinn væri svona eins og hálfgerður annars flokks atvinnuvegur.

Talað er um, að það sé svo óskaplega erfitt að finna reglur til þess að leysa hér vandamál, sem ég viðurkenni, að er fyrir hendi. Félag ísl. iðnrekenda hefur bent á aðferð til þess að leysa þetta vandamál, og ég skal sannarlega koma því áleiðis, að hæstv. viðskrh. er tilbúinn til þess að beita sér fyrir lausn á þessu máli með samtökum iðnaðarins, og ég efast ekki eitt augnablik um, að hæstv. iðnrh. er tilbúinn til að gera hið sama. Og ég ætla þá ekki að lengja umr., en vonast til, að við getum allir setzt niður og leyst vandamálið.

5. Veggjald á Reykjanesbraut.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um veggjald á Reykjanesbraut [51. mál, 2] (A. 53).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 48 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Tilefni þess, að ég ber hér fram á hinu háa Alþingi þá fsp., sem birtist á þskj. 53, til hæstv. samgrh. um veggjald á Reykjanesbraut, er áhugi íbúa Reykjaneskjördæmis sunnan Hafnarfjarðar fyrir því að fá vitneskju um, hvort núv. ríkisstj. hugsi sér að fylgja fram þeirri yfirlýsingu fyrrv. hæstv. samgrh., sem hann kom fram með rétt fyrir síðustu alþingiskosningar í sumar í Morgunblaðinu hinn 6. júní þess efnis, að umrætt veggjald yrði fellt niður. En fsp. mín hljóðar svo:

Hyggst ríkisstj. afnema veggjald á umferð um Reykjanesbraut, og sé svo, hvenær kæmi það til framkvæmda?

Annar aðaltilgangurinn með fsp. er sá að vekja athygli hv. alþm. á þessu máli og á þeirri staðreynd, að Reykjanesbraut er einasti þjóðvegurinn hér á landi, þar sem tekið er veggjald af umferð, svo óréttlátt sem það nú er, en svo hefur það verið allt frá árinu 1965. Í því blaðaviðtali við fyrrv. hæstv. samgrh., sem ég hef hér vitnað til, kemur fram, að hann telur höfuðástæðuna fyrir því, að rétt sé nú að afnema veggjaldið á Reykjanesbraut, vera þá, að ekki reynist fært að leggja veggjald á umferð um Vesturlandsveg og Suðurlandsveg. M. ö. o., ekki er forsvaranlegt að halda áfram innheimtu veggjaldsins á Reykjanesbraut, af því að ekki má leggja slíkan skatt á veg með varanlegu slitlagi til Suðurlands og Vesturlands. Ég ætla að láta liggja á milli hluta að ræða slíka röksemdafærslu. Fyrir mér vakir með þessari fsp. að reyna að hafa áhrif á, að hið órétt-láta veggjald á Reykjanesbraut verði fellt niður hið allra fyrsta.

Það er óhætt að fullyrða, að Suðurnesjamenn fögnuðu ákvörðun ráðh. um niðurfellingu veggjaldsins, þótt fremur hefðu þeir kosið, að yfirlýsingin kæmi það tímanlega fyrir síðustu kosningar, að hæstv. ráðh. gæfist tími til að fylgja því loforði fram með afnámi veggjaldsins, áður en hann fór frá og nýr maður tók við. En því miður var því nú ekki að heilsa. Svo virðist sem ekki gæfist tími til þess að láta afnema veggjaldið, og því er sem er, að enn greiða Suðurnesjamenn og aðrir, sem um Reykjanesbraut fara, hinn óréttláta vegaskatt. Úr því sem komið er, verða menn að leggja traust sitt á núv. hæstv. samgrh. í þessum efnum og vona, að hann standi við loforð fyrirrennara síns og afnemi veggjaldið á Reykjanesbraut hið allra fyrsta.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Svar mitt við þessari fsp. er á þessa leið:

Um þetta mál hefur ríkisstj. ekki tekið ákvörðun, hvorki um að halda þessari gjaldheimtu áfram né um hitt að fella hana niður. En þegar hliðstæður í hraðbrautagerð liggja fyrir, mun málið verða tekið til ákvörðunar, og það get ég fullyrt í nafni ríkisstj., að þá verður tekin „prinsíp"-afstaða til málsins, þ. e. annaðhvort horfið með öllu frá innheimtu veggjalda eða þá að slíkt gjald á hraðbrautirnar norður og vestur verður lagt á, þegar ámóta áfanga og sambærilegum er náð í gerð þeirra og Reykjanesbrautin er. En það mundi að minni hyggju verða á næsta sumri, sem þeim áföngum yrði náð í hraðbrautagerð út frá borginni.

Þetta er svar mitt til hv. fyrirspyrjanda. Hann gat þess í framsöguræðu sinni, að fyrrv. samgrh. hefði gefið yfirlýsingu um það, að veggjaldið á Reykjanesbraut yrði lagt niður. Ef hann hefði gert þetta á lögformlega bindandi hátt fyrir ráðh., þá hefði ekki þurft að spyrja mig um þetta, þá hefði málið aðeins legið fyrir mér að framkvæma það. En hann hefur engin spor skilið eftir sig í þá átt í rn., sporið er aðeins í viðtali við hann í Morgunblaðinu, að ég hygg.

Frásagnir ráðh. í opinberum blöðum eru nú sennilega að allra áliti ekki bindandi um ákvarðanir ríkisstj. Hann hafði tekið þá afstöðu, að hann mundi ekki leggja veggjald á vegina austur til Selfoss og vestur um, og þar af leiddi auðvitað, að hann hugðist ekki halda áfram gjaldheimtu eftir það af Reykjanesbraut. Hans afstaða er því alveg bundin við ákvarðanir um hliðstæður, þegar þær skapast.

Aðeins örfá orð í viðbót, sem ég hygg, að sé viðeigandi að gefa í upplýsingaformi hv. alþm. Innheimtan á veggjaldi á Reykjanesbraut hófst haustið 1965 og hefur verið haldið áfram síðan. Og það má segja, að meðan engir aðrir landsmenn búa við slíkan forlátaveg eins og Reykjanesbrautin er, þá hafi það verið forréttindi á kostnað alþjóðar, að þessi braut hefur verið í notkun og veggjaldið þannig nokkurn veginn rökrétt afleiðing af þessum forréttindum, sem íbúar Suðurnesja hafa notið og njóta. En þegar þetta hættir að vera forréttindi þessa fólks, þá er að sjálfsögðu rétt, að ákvörðun sé um það tekin, að gjaldið sé ekki innheimt af þeim einum áfram, heldur þá öllum þeim, sem slíkra forréttinda njóta um afburðavegagerð, sem aðrir njóta ekki. Og sú ákvörðun verður tekin, þegar það liggur fyrir.

Menn gætu spurt um, hvernig upphaflega vegagjaldið var grundvallað. Á hverju byggðist það að fara að leggja þarna á sérstakt vegagjald? Jú, það var byggt á athugunum, sem studdust við alþjóðleg „norm" og útreikninga, og upphaflega var við það miðað, að það næmi helmingi þeirrar upphæðar, sem sparast mundi við að aka eftir núverandi vegi í stað gamla malarvegarins, en allflestir muna, að það var heldur óhrjálegt að aka hann, og fyrrv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, kallaði þann veg Ódáðahraun íslenzkra vega og var ekki rangnefni. Niðurstaðan af athugunum, sem gerðar hafa verið á vegagjaldinu, er sú, að vegagjaldið ætti nú að vera 100% hærra en það er, ef fylgja ætti þeim forsendum, sem settar voru við ákvörðun gjaldsins í upphafi, eða m. ö. o., gjaldið er nú aðeins helmingur þess, sem það ætti að vera, ef það hefði verið látið hækka í hlutfalli við aðrar verðlagsbreytingar síðan.

Þá hefur einnig komið fram við athugun, að umferðargjaldið gæti staðið undir greiðslu vaxta og vísitöluálags lána, sem á Reykjanesbrautinni hvíla, ef það hefði fylgt verðlagi á hverjum tíma. En síðan hafa verðlagsbreytingar orðið slíkar, að það ætti að vera 100% hærra til þess að standa undir vöxtum og vísitöluálagi, og má þannig segja, að búið sé að fella gjaldið niður að hálfu. Hins vegar hefur ríkið borið allan stofnkostnað vegarins og hálfan vaxta- og vísitölukostnað. Notendurnir borga sem sé helming vaxta af þeim lánum, sem á veginum hvíla.

Þá skal ég einmitt í tilefni af því, sem kom hér fram fyrr á fundinum, víkja að því, hvert stefnir með erlendar lántökur til hraðbrautagerðar. Nú erum við af því reynslunni ríkari, ef gengisfellingarpólitík er fylgt a. m. k. Lagningu vegarins var að fullu lokið í árslok 1967, og stofnkostnaður hans að meðtöldum fjármagnskostnaði á byggingartímanum var 282 millj. kr. Nú gætu menn spurt: Er nú ekki komið langt að borga þennan stofnkostnað niður? Er þá nokkur ástæða til þess að halda vegagjaldinu áfram? Ég játa, að það væri ástæðulaust að vera að halda því áfram, þegar búið væri að borga stofnkostnaðinn niður. En sú mynd blasir nú þannig við: Stofnkostnaðurinn var, þegar vegagerðinni lauk, 282 millj., en þessi skuld er nú hins vegar komin upp í 395 millj. kr. í árslok 1970. Og þessi hækkun stafar mest af því, að mikill hluti af fjáröflun til vegarins eru erlend lán og einnig spariskírteini ríkissjóðs. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir því, að greiðslur vaxta og afborgana og vísitöluálags nemi alls 62 millj. kr. og verði þá skuldin í árslok 1971 427 millj. kr., þ. e. hér er orðið um að ræða hækkun, að mér sýnist, upp á 145 millj. kr., þrátt fyrir allar þær greiðslur, sem átt hafa sér stað, 145 millj. kr. Þá skal að lokum upplýst, að ríkissjóður tók við öllum lánagreiðslum vegna Reykjanesbrautar þann 1. jan. 1970 og upp í greiðslur af þeim lánum er fjárveiting á vegáætlun til Reykjanesbrautarinnar og nettótekjur af vegagjaldinu. Og þetta hvort tveggja nemur í ár 24 millj. kr., og er þar af fjárveiting á vegáætlun 6.8 millj. Nettótekjur af vegagjaldinu á þessu ári eru þannig áætlaðar um 17 millj., kunna að verða 17—18 millj.

Þetta þótti mér rétt að upplýsa í sambandi við málefni Reykjanesbrautar í tilefni af því, sem um var spurt, en svarið gaf ég hér í upphafi míns máls. Enn þá hefur ekki verið tekin „prinsíp"-ákvörðun um málið, en verður gert, þegar svipaðir áfangar liggja fyrir í hraðbrautargerð suður og austur og vestur.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svar hans, en ég verð jafnframt að láta í ljósi nokkur vonbrigði með það, að hann hefur ekki talið sér fært á þessu stigi málsins að gefa um það skýlausar yfirlýsingar, hvort þessi vegskattur komi til með að verða áfram eða ekki. Hann talaði um þennan veg sem forréttindi á kostnað alþjóðar. Ég vil í því sambandi minna á það, að vegir hér á landi eru feikilega misjafnir, misjafnlega vel byggðir. Við eigum t. d. ágætis veg hér á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og sem betur fer þurfum við ekki að borga vegskatt fyrir að aka eftir honum. Það eru fleiri ágætir vegir úti um landið svo og einnig vegir, sem litlu fé hefur verið kostað til miðað við það, sem lagning Reykjanesbrautar kostaði, þannig að ég held, að það sé mjög hæpið að tala um forréttindi í sambandi við Reykjanesbrautina í þessu sambandi.

Hann lét að því liggja, að þegar hliðstæðir vegir og Reykjanesbrautin væru fyrir hendi hér á landi, mundi þetta mál tekið til endurskoðunar og athugunar á nýjan leik. Ég leyfi mér að vona, að sú athugun, sem þá verður gerð á þessu máli, leiði til þeirrar ákvörðunar, að þessi óréttláti skattur verði felldur niður.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Í framhaldi af þeim umr., sem hér hafa átt sér stað út af veggjaldinu á Reykjanesbrautinni, vil ég leyfa mér að undirstrika þá ákvörðun fyrrv. samgrh., að hann hafi ætlað sér að fella veggjaldið niður frá og með áramótunum 1972—1973, þ. e. frá 1. jan. 1973. Hæstv. samgrh. minntist á það eða gat þess hér, að þessi ákvörðun ráðh. hefði ekki verið tekin á lögformlega bindandi hátt. Ég vil þá aðeins vekja athygli hans á því, að í vegalögum er grein, þar sem segir, að ráðh. sé heimilt að leggja á veggjald, þannig að þótt hann hefði ákvarðað að leggja veggjaldið niður, þá gæti hæstv. núv. samgrh. ákveðið að leggja veggjaldið á aftur. En ástæðan fyrir þessari ákvörðun ráðh. er sú, að í vegáætlun fyrir árið 1971 og í bráðabirgðaáætlun fyrir árið 1972 er gert ráð fyrir ákveðnum tekjum af veggjaldinu, þannig að grundvöllur fyrir niðurlagningu eða afnámi veggjaldsins var ekki fyrir hendi fyrr en 1. jan. 1973, þegar ný vegáætlun hefur verið samin, sú, er lögð verður fyrir Alþ. í vetur, ný áætlun fyrir árið 1972 og fyrir næstu þrjú ár þar á eftir.

En það má vekja athygli á því, að ráðh. fyrrv. hafði þegar markað stefnuna í þessu máli, og hann gerði það m. a. með því, að veggjaldið hefur ekki hækkað allt frá því 1965, enda þótt margt í þessu landi hafi hækkað á því tímabili, og ef samanburður væri gerður á ýmsum gjöldum frá 1965 og þessu, þá ætti þetta gjald að vera töluvert hærra. En það var einmitt þá, þegar umr. áttu sér stað um það, hvort hækka skyldi veggjaldið á Reykjanesbraut, að ráðh. tók þá ákvörðun, að með tíð og tíma skyldi veggjaldið afnumið, og það fólst í því, að það var ekki hækkað. Hans ákvörðun var svo sú, að veggjaldið skyldi niður fellt 1. jan. 1973.

Það er alveg rétt, sem hv. fyrirspyrjandi, 5. landsk. þm., Stefán Gunnlaugsson, gat um. Þetta mál er mikið áhugamál í okkar kjördæmi, og það finnst mörgum, að hér sé um óréttlátan skatt að ræða. Þetta hefur ævinlega verið svo, enda þótt ýmsir hafi á sínum tíma, þegar lagt var út í þessa fjárfreku framkvæmd, varpað fram þeirri hugmynd, að þar sem hér væri um töluvert sérstaka framkvæmd að ræða, þá væri ekki óeðlilegt, að a. m. k. fyrst um sinn yrði tekið veggjald af þessum sérstæða vegi. Ég skal nú ekki rekja þá sögu alla hér, en ég trúi því, að þm. stjórnarliðsins úr okkar kjördæmi muni ekki láta á sér standa í þessu máli nú og aðstoða okkur hina við það að fá fram ákvörðun fyrrv. ráðh. um það, að veggjaldið verði fellt niður frá og með 1. jan. 1973, en ég geri nú ekki ráð fyrir því, að farið verði fram á það, að það, sem þegar hefur verið greitt, verði endurgreitt og þaðan af síður með vöxtum.

Jón Skaftason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður var að hvetja okkur stjórnarstuðningsmenn úr Reykja-

neskjördæmi til að standa nú með þeim þm., sem skipa stjórnarandstöðuna úr því sama ágæta kjördæmi, um að berjast fyrir því, að vegarskatturinn verði afnuminn. Ég vona, að það taki okkur núv. stjórnarþm. úr Reykjaneskjördæmi ekki nema árið að fá þetta niður fellt, þó að fyrrv. stjórnarstuðningsmönnum úr Reykjaneskjördæmi hafi ekki miðað neitt áleiðis í heil sex ár. En þess var getið hér í upphafi af hæstv. samgrh., að einn orðsnjallasti stjórnmálaforingi þessa lands síðustu áratugina, Ólafur heitinn Thors, hefði nefnt veginn frá Hafnarfirði og suður á Suðurnes „Ódáðahraun íslenzkra vega", og vissulega var það satt. Það vissu allir, sem um þennan veg fóru, að þá fyrst reyndi verulega á bifreiðar á þjóðvegakerfi landsins, þegar á þennan vegarspotta kom, og ég vil í því sambandi mótmæla því sérstaklega, sem fram kom hjá hæstv. samgrh. áðan, að vegagerðin á Reykjanesbraut hafi verið sérstök forréttindi fyrir Suðurnesjamenn.

Það gerðist í nóv. 1960, að byrjað var á að leggja þessa braut, en þá stóð svo á, að öllum var augljóst, að til þess að Íslendingar gætu notið þess hagræðis, sem var bundið við flugstarfsemi á alþjóðaflugleiðum, þá varð að gera annað tveggja: að byggja hér nýjan flugvöll einhvers staðar í námunda við Reykjavík ellegar að leggja betri veg suður til Keflavíkurflugvallar frá Reykjavík. Það síðara varð ofan á, það var ákveðið að endurbyggja Reykjanesbrautina. Ég dreg það fyllilega í efa, eins og hugarfari fyrrv. ráðenda í þessu landi virðist hafa verið farið til þessa landssvæðis, að ef þessi brýna þörf fyrir góðar samgöngur við Keflavíkurflugvöll hefði ekki komið upp og orðið öllum augljós á þessum tíma, þá hefði verið lagt í byggingu Reykjanesbrautar. Ég tel, að reynslan gefi mér heimild til þess að segja þetta.

Ég vil taka fram, að strax eftir að núv. ríkisstj. komst til valda, þá var það eitt af mínum fyrstu verkum að ræða við hæstv. samgrh. um þetta veggjald og reyna að beita þeim áhrifum, sem ég hef haft innan ríkisstj. og í stjórnarflokkunum, til þess að það verði fellt niður sem fyrst. Ég hef einnig reynt að fá þá til þess að hjálpa mér í þessu máli, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., og ég tel mig geta hér frá því skýrt, að ég hef fengið frekar góðar undirtektir hjá þeim í sambandi við þá málaleitan.

Nú er talað um, að það komi til álita að fella þetta veggjald niður í sumar, þegar svipaðir áfangar verði til á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Ég vil gefa þá yfirlýsingu hér, að ef hæstv. ríkisstj. fellst ekki á það að fella veggjald niður frá þeim tíma, þá er ég reiðubúinn sem þm. ásamt með öðrum þeim þm., sem hér kunna að finnast, að beita mér fyrir því, að sú heimild, sem er fyrir ráðh. í vegalögum til þess að leggja á þennan skatt, verði felld niður. Ég tel það fráleitt, að þegar vegalög eru sett og þegar hin almenna heimild er samþykkt, m. a. með mínu atkv., til samgrh. að ákvarða veggjald með setningu reglugerðar, eins og lögin kveða á um, að maður geti búizt við því, að þá þegar hafi hæstv. fyrrv. samgrh. ætlað að nota þá heimild þannig, að um leið og hann fengi sambærilegan veg Reykjanesbrautinni frá Reykjavík austur að Selfossi, þá ætlaði hann að fella niður vegskattinn á Reykjanesbrautinni. Sem sagt láta þá, sem nota þá braut, greiða það gjald eina landsmanna, en fella það svo niður um leið og hann fengi svipaðan veg í sitt eigið kjördæmi. Þeir, sem hæla vilja slíkum vinnubrögðum, geta gert það fyrir mér. Ég tek ekki undir það. Og ég hef sagt og ég stend við það, að siðferðilega væri rétt, að sá greiddi vegaskattur, sem hefur verið borgaður á sex árum, yrði endurgreiddur Suðurnesjamönnum til sameiginlegra þarfa í vegamálum eða öðrum aðkallandi hagsmunamálum á Suðurnesjum. Ég tel það fráleitt, að einn ráðh. geti mismunað íbúum landshluta þannig, eins og hann greinilega hefur ætlað sér að gera, þegar hann ákvað vegskattinn á Reykjanesbraut, en virðist frá byrjun hafa verið ákveðinn í því, að aldrei skyldi til þess koma, að sambærilegur skattur yrði lagður á sambærilegan veg austur að Selfossi. Ég get ekki hælt slíkum vinnubrögðum. Þess vegna endurtek ég þá yfirlýsingu, að ef hæstv. ríkisstj. mót von minni ætlar að halda áfram innheimtu vegskattsins, eftir að vegurinn er kominn austur að Selfossi, þá skal ekki standa á mér að flytja till. með þeim, sem til þess fást hér á hv. Alþ., um að fella hann niður og breyta lögunum.

Ég vil svo aðeins að endingu, til þess að hvetja hæstv. samgrh. til að ganga nú djarflega fram í þessu og fella þennan skatt helzt niður frá næstu áramótum, leyfa mér að lesa samþykkt, sem hefur verið gerð í kjördæmisráði SF í Reykjaneskjördæmi, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjördæmisráðið skorar á samgrh. að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé rétt, að innheimta vegtolls á Reykjanesbraut verði felld niður. Kjördæmisráðið bendir sérstaklega á, að forsendur fyrir innheimtu tollsins eru ekki lengur fyrir hendi, ef ekki er fyrirhugað að innheimta vegtoll á þeim hraðbrautum, sem nú er verið að vinna að á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi."

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var lesin yfir mér núna samþykkt, sem SF hefur gert um þetta Reykjanesbrautarmál fyrir skömmu síðan. Ég fékk nú engan hjartslátt út af því, því að ég er búinn að vera á fundum með stuðningsmönnum SF í Kópavogskaupstað og svara fsp. minna stuðningsmanna þar um þetta mál á svipaðan hátt og ég hef gert fyrir Alþ., og ég held, að þeim hafi fundizt svarið sanngjarnt. Og það verða, held ég, allir hv. alþm. að viðurkenna, að það er sanngjarnt að taka ákvörðun um þetta, þegar hliðstæður myndast í vegamálum hjá okkur við þann veg, sem við erum hér að ræða um. Afstaða fyrirrennara míns til þessa máls kom, eins og ég sagði áðan, fram í viðtali við hann, sem birt var í Morgunblaðinu, og spurningin til hans var ósköp svipuð þeirri, sem beint var hér að mér og þinginu. Þar segir:

„Vegagjald á Suðurnesjaveginum, þ. e. Reykjanesbrautinni, hefur valdið nokkrum deilum. Er þess að vænta, að það verði fellt niður?"

Ráðherrann hefur við þetta langt svar, en það, sem máli skiptir, er kaflinn, sem ég vil nú lesa, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir: „Það gegnir auðvitað allt öðru máli, þegar fleiri komast í þessa aðstöðu." — Hann viðurkennir þarna sérstöðu, þó að það sé því miður nokkuð seint. — „Það eru allir sammála um, að ekki sé unnt að innheimta vegagjald af Norðlendingum eða öðrum, sem lengra eiga að og aka um Vesturlandsveg, þó að hann verði góður allt upp í Kollafjörð eða Hvalfjörð og enn lengra áleiðis vestur. Þá er þar

aðeins um að ræða lítinn hluta þeirrar vegalengdar, sem þeir þurfa að aka. Sama máli gegnir með Suðurlandsveginn. Þótt vegurinn verði góður austur að Selfossi, þætti Rangæingum og Skaftfellingum eflaust ekki gott að greiða gjald fyrir varanlegan veg, er liggur aðeins hluta af þeirri leið, sem þeir aka. Að vísu er ekki ætlunin að stöðva hraðbrautargerðina við Selfoss, en hún kemst þó ekki lengra en þangað á árinu 1972."

Og þá herðir blaðamaðurinn á og segir: Verður veggjaldið á Suðurnesjaveginum þá fellt niður? Þá segir hæstv. ráðh. þáv.:

„Þm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi", — þeir, sem hafa nú hér verið að tala, — „og skoðanabræður þeirra í málinu hafa oft óskað eftir því, að það yrði afnumið. Í framhaldi af því, sem ég hef verið að segja, þá vil ég segja, að það verður ekki lagt vegagjald á Suðurlandsveginn eða veginn norður. Og samkvæmt því, sem ég hef nú verið að segja, er augljóst, að veggjaldið á Suðurnesjaveginum verður afnumið."

Þetta er það, sem kom hér fram hjá frsm. áðan, að ráðh. hefði tekið ákvörðun um að afnema gjaldið. Það stendur þarna á síðum Morgunblaðsins, að þegar hann er búinn að slá því föstu, að ekki verði lagt veggjald á Vesturlandsveg eða Suðurlandsveg, þá leiði af því, að þá verði vegagjaldið lagt niður. En að öðru leyti hef ég engin tímamörk fundið um ákvörðun ráðh. né séð ákvörðun hans nokkurs staðar annars staðar en á síðum Morgunblaðsins.

Það er kannske ánægjulegast að geta sagt já, já við öllu, en ég hef ekki þá afstöðu. Ég tel, að það sé bezt að segja hreinskilnislega frá því, sem manni býr í brjósti, þó að það sé ekki að allra ósk. Svo virðist líka sem hæstv. ráðh., þrátt fyrir þessi orð í Morgunblaðinu, hafi haft áform um það að innheimta veggjaldið út árið 1971 og allt árið 1972, og því kemur hv. 1. þm. Reykn. með tímamörkin 1. jan. 1973, og hann meira að segja styður það með þeim upplýsingum, að í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 sé enn gert ráð fyrir tekjum af veggjaldi af Reykjanesbraut. Ýtrustu vonir, sem þm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi hefðu getað gert sér um niðurfellingu þessa gjalds, eru miðaðar, eins og hv. þm. sagði, við nýársdag 1973. Og fyrir þann tíma verður áreiðanlega búið að taka „prinsíp"-afstöðu um þetta mál, að láta Reyknesinga ekki búa eina við sérstakt veggjald, ef aðrir hafa fengið sambærilegar umbætur á þjóðarinnar kostnað í vegagerð eins og þeir. En ég er alveg viss um það, að þó að þeir tali um þetta sem ranglátt gjald, sem eiga við það að búa, þá mundu þeir ekki vilja, að vegamál þeirra væru sem áður var. Það minnir mig á þjóðsöguna skemmtilegu, stuttu og skemmtilegu í þjóðsögum íslenzkum. Það var á hervistardögum lausnarans, — það er langt síðan, — að hann kom að konu, sem greiddi undurfagurt hár. Og frelsarinn dáðist að þessu fagra hári konunnar. Hann leyfði sér það. En hún lét lítið af þessu og sagði: „Það var ég hafði hárið." „Verði þá sem var", sagði lausnarinn, og þá blasti við grænn geitnakollur.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Út af þessu máli held ég, að dags. 1. jan. 1973 sé augljós, m. a. af því, sem ég sagði og ráðh. endurtók hér áðan, að í bráðabirgðavegáætlun fyrir 1972 sé gert ráð fyrir tekjum af Reykjanesbrautinni allt árið 1972. En ástæðan til þess, að ég kom hér upp aftur, var fullyrðing hv. 2. þm. Reykn. um áform fyrrv. samgrh., að hann hefði hugsað sér þetta dæmi þannig, að Reyknesingar skyldu borga, á meðan þeir hefðu veginn, en Sunnlendingar ekki, þegar að þeim kæmi. Ég vil nú mótmæla þessu og segja, að hér sé vísvitandi farið með rangt mál, því að þegar umr. fóru fram hér á Alþ. 1960 um þennan veg og með hvaða hætti ætti að fjármagna hann, þá komu fram hugmyndir ýmissa manna, m. a. hv. 2. þm. Reykn., um það, að tekið skyldi veggjald til þess að standa undir kostnaðinum. Er sú hugmynd frá hv. 1. þm. Sunnl.? Þegar þessi ákvörðun er tekin um Reykjanesbrautina, liggur ekkert fyrir um það, það liggur ekkert fyrir um það, að þá verði lagt í að leggja varanlegan veg austur yfir fjall til íbúa í Suðurlandskjördæmi, þannig að það, sem hv. 2. þm. Reykn. lætur í skína, að hafi verið hugsun hæstv. 1. þm. Sunnl., fyrrv. samgrh., er algerlega rangt. Ég tel vítavert að fara með slíka hluti um þá menn, sem aflað hafa sér bæði virðingar og trausts fyrir þau störf, sem þeir hafa unnið, eins og hæstv. fyrrv. samgrh. gerði og allir eru sammála um, bæði menn úr flokki hv. 2. þm. Reykn. og svo að sjálfsögðu hans eigin flokki.

Ég ætla ekki að rekja þessa sögu meira hér. Menn geta að sjálfsögðu deilt um það, hvort réttlátt sé að leggja á veggjald eða ekki. Þetta var gert á sínum tíma. Það hefur verið reynt að vinna gegn því, að það verði látið standa um eilífð. Fyrrv. samgrh. markaði stefnuna með því að hækka ekki gjaldið, þegar ástæða var til þess að hækka það. Hann hefði ákvarðað, ef hann hefði farið með völd, að leggja gjaldið niður 1. jan. 1973, og við í stjórnarandstöðunni í dag erum þess fullvissir, að þeir, sem mest hafa barizt gegn þessu gjaldi, muni nú ekki bregðast á örlagastundu.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal reyna að brjóta ekki þá reglu og hafði nú ekki ætlað mér að gera það, áður en ég fór í ræðustól, að tala lengur en 5 mínútur. Ég vildi aðeins leiðrétta þann misskilning, sem mér fannst koma fram hjá hv. 2. þm. Reykn., þegar hann var að tala um Suðurlandsveg eða veginn austur að Selfossi sem sambærilegan veg við Keflavíkurveginn. Það er alveg rétt, að þær aðgerðir, sem nú er verið að gera á Suðurlandsveginum, — það er ýmist verið að malbika hann eða olíubera hann, — eru alveg geysileg samgöngubót fyrir Sunnlendinga. En hins vegar, ef litið er á kostnaðinn, þá er ekki um sambærilega vegi að ræða. Ég vil minna þennan hv. þm. á það, að þegar til kom að átti að malbika, hætta við að steypa Keflavíkurveginn og malbika hluta af honum, þá töldu þeir það ekki nálægt því sambærilega framkvæmd við það, sem áður hafði verið gert, og kröfðust þess, að steypta veginum yrði haldið áfram. Ég tel eðlilegt, að veggjald hafi verið lagt á. Það er vegna þess, hversu vegurinn er dýr, vegna þess að hann er það fullkomnasta, sem hægt er að gera í vegagerð hér á landi. Suðurlandsvegurinn er stórbættur, samgöngurnar hafa stórbatnað með þeim aðgerðum, sem verið er að gera. En það er ekki að verðlagi neitt líkt því, sem steyptur vegur kostar. Þess vegna er ekki rétt að tala um þessa tvo vegi sem sambærilega vegi. Ég tel, að ef farið er í það að steypa vegakerfi almennt, þá verði að sjálfsögðu að gilda hrein regla, annaðhvort verði alls staðar vegagjöld og sama

vegagjaldið eða þá að vegagjaldið verði fellt niður af öllum vegunum. Ég kom hingað aðeins til að leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykn. Þetta verða aldrei taldir sambærilegir vegir hvað verðið snertir.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á þolinmæði forseta og hafa langt mál hér. En ástæðan til þess, að ég finn mig knúinn til að koma upp aftur og segja hér nokkur orð, eru þau orð hv. 1. þm. Reykn. hér áðan, að ég hefði viðhaft, að mér skildist, óviðeigandi ummæli um afstöðu fyrrv. samgrh. til þessa máls, sem ég algerlega mótmæli. Ég vil minna á það, að ég hef á tveim þingum flutt brtt. við vegalögin í þá stefnu, að það yrði ekki á valdi ráðh. eins að ákvarða, á hvaða sambærilega vegi skyldi lagt veggjald og á hvaða vegi skyldi ekki lagt veggjald. Ég hefði viljað láta setja í lögin almennar reglur um það, að sambærilegir vegir, hvar sem þeir væru, skyldu annaðhvort allir bera veggjald eða ekki bera veggjald. Sá hv. þm., sem harðast barðist gegn því, að þessi brtt. mín næði fram að ganga, var hæstv. fyrrv. samgrh. Og hann hefur væntanlega haft sínar ástæður fyrir því. Svo geta menn brotið heilann um, hvort það sé tilviljun einber, að veggjaldið á Reykjanesbraut er byrjað að leggja á í okt. 1965, raunar rúmum tveimur árum áður en veginum er fullokið. Það á að fella það niður í lok árs 1972 eða um líkt leyti og vegurinn til Selfoss kemur í gagnið. Menn geta velt því fyrir sér, hvort hér sé eingöngu um tilviljun að ræða.

6. Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um skipun skólanefndar og um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum [65. mál, 2] (A. 70).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi skipun skólanefndar og stofnun fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum. Á fundi bæjarstjórnar 28. maí s. l. var m. a. samþykkt að fela bæjarstjóra að fara fram á það við menntmrn., að skipuð yrði skólanefnd fyrirhugaðs fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, en í 6. gr. laga um fiskvinnsluskóla, sem samþykkt voru hér á Alþingi 2. apríl s. l., segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofna fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara.“ Og enn fremur: „Rn. skipar þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar af samtökum fiskiðnaðarins á hverjum stað, en hinn þriðja skipar rn. án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.“

Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar og 6. gr. laga um fiskvinnsluskóla leyfi ég mér að bera fram þá fsp., sem hér er að finna á þskj. 70.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Stofnun fiskvinnsluskóla hefur átt sér þó nokkuð langa og allskrykkjótta þingsögu, og áður en ég svara fram kominni fsp. hv. 3. þm. Sunnl. beint, tel ég ástæðu til að víkja nokkrum orðum að aðdraganda þessa máls.

Till. um stofnun skóla fyrir starfsmenn í fiskiðnaði kom fyrst fram á þingi 1959—1960. Flm. hennar voru þá núv. hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Reykn. Þetta var till. um að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir setningu löggjafar um skóla fyrir starfsmenn í fiskiðnaði, svo sem frekar er tilgreint í þessari till. Þessi till. fékk ekki afgreiðslu og var flutt á ný á næsta þingi 1960—1961. Þá bættust við upphaflega flm. tveir aðrir hv. alþm., sem enn eiga sæti á þingi og nú eru 10. landsk. þm. og 1. þm. Norðurl. e. Ekki fékk þessi till. afgreiðslu á þessu þingi, og enn fóru sömu menn af stað með málið á þingi 1961—1962, fluttu samhljóða eða að mestu samhljóða þáltill. um áskorun á ríkisstj. og vísuðu í grg. til fyrri flutnings á málinu. Till. fékk ekki afgreiðslu, en var flutt á ný á þinginu 1962—1963, enn af sömu fjórum hv. þm. Og nú kom að því, að till. fékk afgreiðslu og var samþ. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa nefnd í samráði við Fiskmat ríkisins, fiskmatsráð og helztu samtök fiskiðnaðarins til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþ. till. um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í landinu. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum.“

Nú hefði mátt ætla, að mál þetta væri komið í höfn, en það reyndist öðru nær. Á þinginu 1968 er enn verið að gera fsp. um, hvað líði störfum þeirrar fiskiðnskólanefndar, sem skipa átti samkv. þeirri tillgr., sem ég las hér rétt áðan. Sú nefnd, sem gert var ráð fyrir í till., var skipuð 27. nóv. 1964. Hún lauk störfum í des. 1966 og gerði till. um stofnun fiskiðnskóla, en þær till. báru engan árangur. Ekkert lagafrv. var lagt fram, og svo kom, að á Alþ. 1970 var málið tekið upp á ný, rúmum áratug eftir að það hafði verið reifað í fyrsta skipti í þingsölunum. Á því þingi koma fram hvorki meira né minna en fjögur frv., 11. mál þingsins 1970, frv. til l. um fiskiðnskóla, frá hv. núv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Reykn. Síðan 64. mál, frv. til l. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum, flm. hv. 3. þm. Sunnl., sem ber fram fsp. þá, sem hér er til umr. Hið þriðja, 111. mál, frv. til l. um fiskvinnslustofnun ríkisins, þar sem þetta mál er tekið fyrir með nokkuð öðrum hætti. Flm. var núv. 5. þm. Reykn. Og svo í fjórða lagi 260. mál þingsins 1970, en þá var komið fram á árið 1971, það er stjfrv. til l. um fiskvinnsluskóla. Þetta frv. nær fram að ganga, og í framsöguræðu fyrirrennara míns er vikið að því, að hv.

3. þm. Sunnl. hafi fallizt á, að tekið yrði upp í þetta stjfrv. ákvæðið um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum í stað þess frv., sem hann hafði áður flutt.

Lög um fiskvinnsluskóla voru svo staðfest af forseta Íslands 15. apríl 1971. Samkv. lögunum skal skólinn staðsettur á Suðvesturlandi, en auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara. Á árunum 1972—1975 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, á Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum. Heimilt skal að fengnu samþykki rn. að stofna framhaldsdeildir við skólana utan Reykjavíkur, þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Staða skólastjóra við fiskvinnsluskólann var auglýst laus til umsóknar 26. maí s. l. og skólanum settur skólastjóri með bréfi rn. dags. 5. ágúst s. l. frá 1. sama mánaðar að telja. Skólanefnd var skipuð 6. júlí s. l. Í 17. gr. laga um skólann segir, að skólastjóri skuli fá eitt ár til að undirbúa stofnun og starfrækslu skólans í samráði við skólanefnd. Sama gildir um kennara, ef ráðnir verða.

Í lögunum er m. ö. o. ekki gert ráð fyrir, að skólinn taki til starfa, sá fyrsti skóli, sem lögin gera ráð fyrir, fyrr en í byrjun skólaárs 1972—1973. Með bréfi rn. dags. 4. okt. s. l. heimilaði hins vegar rn. samkv. till. skólanefndar og skólastjóra, að á þessu skólaári verði starfrækt bráðabirgðaundirbúningsdeild við skólann, og verði nemendum, sem standast próf úr undirbúningsdeild, heimilað að hefja nám í fiskiðndeild fiskvinnsluskólans haustið 1972. Aflað var aukafjárveitingar til að koma undirbúningsdeildinni á stofn, því að ekkert fé hafði verið veitt til fiskvinnsluskólans á fjárlögum. Skólinn tók síðan til starfa á þessu hausti, eins og kunnugt er. Rn. taldi rétt að hafa allan þennan hraða á undirbúningi og stofnun skólans, vegna þess hve hér er um brýnt og mikilvægt málefni að ræða, og var stofnun skólans því flýtt um eitt ár frá því, sem lög gera ráð fyrir. Rekstur undirbúningsdeildar þetta skólaár ætti að veita þýðingarmikla reynslu, sem treysta ætti til muna þann grundvöll, sem hinn nýi skóli mun hvíla á.

Um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum er það að segja, að mjög er skiljanlegur hinn mikli áhugi Vestmanneyinga að fá slíkan skóla stofnaðan sem fyrst í kaupstaðnum. Hins vegar hefur ekki þótt rétt að efna samtímis til tveggja tilraunaskóla á þessu sviði, heldur bíða eftir þeirri reynslu, sem fást kann af skólanum í Reykjavík á þessu skólaári. Áður en stofnaður verður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum og aðrir þeir, sem gert er ráð fyrir í lögunum, þarf að athuga, hver raunveruleg þörf er fyrir starfsfólk með þá menntun, sem gert er ráð fyrir, að þessir skólar veiti, og hver þörf kann að vera á fólki í fiskiðnaði með aðra menntun. En engin slík athugun hefur farið fram. Það væri ekki rétt að hlaupa úr einum öfgunum í aðrar, og þegar skóli er loksins kominn til sögunnar, eftir að málið hefur dregizt í áratug, að flasa þá ekki að því að stofna sams konar, nákvæmlega sams konar skóla á mörgum stöðum án nokkurrar staðgóðrar vitneskju um atvinnuskilyrði nemendanna, sem þaðan yrðu útskrifaðir. Af þessum sökum sé ég mér ekki fært að nefna nein nákvæm tímamörk um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum né skipun skólanefndar þar. En ótvírætt er samkv. lögunum, að Vestmannaeyjar hafa forgangsrétt til næsta fiskvinnsluskóla, sem settur verður á stofn.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, þó að mér hafi komið niðurstaða hans nokkuð á óvart og tel það allkaldar kveðjur til okkar í Vestmannaeyjum, að hann sjái sér ekki einu sinni fært að gefa þinginu vitneskju um, hvenær hann muni skipa skólanefnd fyrirhugaðs skóla, sem stofna ber þar samkv. lögum.

Mér þykir rétt að fara aðeins í mjög stórum dráttum yfir hugmynd Vestmanneyinga í sambandi við fiskvinnsluskóla, þó að það hafi verið rakið hér ítarlega áður, en það var ekki í viðurvist hæstv. núv. menntmrh. Ég tel einmitt, að fiskvinnsluskóli sé ein af þeim stofnunum, sem Alþ. eigi að beina út á landsbyggðina, en ekki endilega hafa hér í höfuðstaðnum, ef aðstæður eru til og þess er kostur. Í sambandi við stofnun fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum vil ég geta þess, að þar eru allar aðstæður til stofnunar fiskvinnsluskóla ekki síður en hér í Reykjavík. Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur til reiðu húsnæði til bóklegrar kennslu. Fiskvinnslustöðvarnar þar hafa gefið yfirlýsingar um, að þær muni veita aðstöðu nemendum úr fiskvinnsluskóla til verklegs náms, ef þess verður óskað. Til viðbótar þessu vildi ég geta þess, að í Vestmannaeyjum er nú verið að setja á stofn Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem verður rekin af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hér í Reykjavík eða í nánum tengslum við hana. Það var alltaf talið nokkurt grundvallaratriði, að slík rannsóknastofnun væri fyrir hendi, þar sem fiskiðnskóli yrði stofnaður, og einmitt í og með af þeim ástæðum hefur verið ráðizt í það, að Vestmanneyingar sjálfir hafa lagt allan stofnkostnað fram til að koma á fót rannsóknastofnun og fengið vilyrði um, að stofnunin verði rekin undir eftirliti og í samráði við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hér í Reykjavík, þannig að sú hlið á málinu ætti einnig að vera mjög trygg, að hún sé á þann veg, sem til er ætlazt. Ég verð því að harma það mjög, að það skuli nú koma fram hjá hæstv. menntmrh., að hann sjái sér ekki einu sinni fært að skipa þessum skóla skólanefnd, því að eins og hann gat um, þarf að vinna þar nokkurt undirbúningsstarf, og ég mundi því telja mjög eðlilegt, að nefndin yrði þegar skipuð, þannig að hægt yrði að stefna að því að koma skólanum þar á fót, ég segi hiklaust, næsta haust. Þá verður komin sú reynsla á skólann hér, að það ætti að vera óhætt að halda áfram með stofnun skólans í Vestmannaeyjum.

Ég held, að það sé mjög úr lausu lofti gripið eða röng hugmynd, ef hæstv. menntmrh. heldur, að það sé ekki þörf fyrir fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum. Eins og vitað er, er þetta stærsta bátaútgerðarstöð landsins með mjög fjölþættan fiskiðnað í öllum greinum, og fiskiðnaðinn í Vestmannaeyjum vantar beinlínis fólk með þá menntun, sem fiskiðnskólinn gerir ráð fyrir. Ég vil því mjög eindregið mælast til þess við hæstv. ráðh., að hvað sem líður yfirlýsingu um stofnun fiskiðnskóla, þá gefi hann okkur yfirlýsingu um, að hann sé reiðubúinn til að skipa nefnd til undirbúnings málinu.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil aðeins bæta hér við örfáum orðum, vegna þess að mér virðist hv. 3. þm. Sunnl. hafa misskilið nokkuð

ummæli mín. Ég hef aldrei dregið í efa þörfina á fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, en það, sem ég ræddi um í mínu svari, var það, að ég væri ekki sannfærður um, að sá skóli, sem þar yrði stofnaður, ætti að vera nákvæm eftirmynd af þeim skóla, sem settur var hér í Reykjavík í haust. Þetta er það atriði, sem ég tel þurfa nánari athugunar, áður en nýir skólar bætast við, hvort þeir eiga að vera nákvæmlega eins að því marki, sem þeir ná. Ætlunin er samkv. lögunum, að skólinn í Vestmannaeyjum hafi ekki þá framhaldsdeild, sem ætlazt er til, að hinn skólinn hafi. Athuga ber, hvort rétt er, að þarna sé að einhverju marki verkaskipting milli þessara skóla.

Þetta vildi ég aðeins taka fram til að gera mál mitt að fullu skýrt.

7. Happdrættislán ríkissjóðs.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um framkvæmd laga um happdrættislán ríkissjóðs [65. mál, 1] (A. 70).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um framkvæmd laga um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerðar á Skeiðarársandi. Fsp. er á þskj. 70.

Um allmörg undangengin ár hefur áhugi manna beinzt að því að tengja akvegakerfi landsins, opna hringveg um það með vegagerð og brúa á Skeiðarársandi. Með eðlilegum hætti hefur áhuginn verið mestur í þeim héruðum, sem eru við vegarendana, en eru aðskilin og munu við tengingu njóta vegarins mjög í daglegum samskiptum fólksins í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum. En með hverju ári sem líður, hefur þeim, sem eggja til átaka í þessu efni, fjölgað verulega, og er það vel, því að verkefnið er stórt og krefst bæði staðgóðrar þekkingar á staðháttum þar eystra og mikilla fjármuna, svo að endar geti náð saman. Því er samstaða og áhugi fólksins í landinu uppbyggjandi í þessu efni og örvandi.

Vegagerð ríkisins hefur um allmörg undangengin ár haft með höndum umfangsmiklar rannsóknir til undirbúnings framkvæmdum á Skeiðarársandi. Einnig hefur Vegagerðin unnið að framkvæmdaáætlun um lagningu vegarins, eins og fram kemur í fréttatilkynningu frá Vegagerðinni, sem birtist nú fyrir fáum dögum. Á vegáætlun hefur ekki enn verið gert ráð fyrir fjármögnun til þessa verks, enda almennt litið svo á, að vegna þess hve það muni verða fjárfrekt, þurfi að beita þar öðrum úrræðum en venja er til við venjulegar aðstæður og venjulega vegagerð. Með þessar staðreyndir í huga beitti Jónas Pétursson fyrrv. alþm. sér fyrir því á síðasta Alþ., að sett voru lög um happdrættislán ríkissjóðs, en lánið skyldi nota til þess að tengja akvegakerfi landsins með vega- og brúagerð á Skeiðarársandi.

Eins og áður sagði, vinnur Vegagerðin að framkvæmdaáætlunum um lagningu vegarins og telur, að framkvæmdir geti hafizt snemma á næsta vori. Ég fagna mjög þessum yfirlýsingum. En um leið þykir mér rétt að spyrjast fyrir um þann þáttinn, sem að fjármögnun verksins lýtur, þar sem mér vitanlega hefur ekki verið unnið að útvegun fjármagns. Ég tel, að samgrh. beri að hafa forgöngu um þá vegaframkvæmd, sem hér hefur verið gerð að umræðuefni, og því hef ég beint til hans fsp. minni um happdrættislánið, að mér er ljóst, að til framkvæmda kemur ekki snemma á næsta vori, nema hæstv. samgrh. beiti sér fyrir því nú þegar, að lögin um happdrættislán ríkissjóðs verði framkvæmd. Þess vegna spyr ég þessara þriggja spurninga:

1. Hvað líður framkvæmd laganna?
2. Hafa happdrættisskuldabréfin verið gefin út?
3. Hvernig gengur sala þeirra?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. frsm. eða fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að tvímælalaust heyrir framkvæmd laga um happdrættislán ríkissjóðs undir samgrn., en vissar aðgerðir varðandi þetta mál heyra þó tvímælalaust undir fjmrn. Með tilliti til þess mun það hafa verið, að þann 24. júní 1971 ritaði samgrn. fjmrn. á þessa leið:

„Með vísun til laga nr. 12 frá 23. marz 1971 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna brúagerðar á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, óskar rn. þess hér með, að fjmrn. sjái um framkvæmd téðra laga. Er þess jafnframt óskað, að fjmrn. annist um útgáfu og sölu happdrættismiða samkv. lögunum sem allra fyrst.

Ingólfur Jónsson."

Fjmrn. tók þetta að sér og mun hafa snúið sér til Seðlabanka Íslands um það að ganga nánar frá öllum formsatriðum og gera till. um framkvæmd málsins. Þegar okkur í samgrn. hafði ekki borizt bréf eða nein vitneskja frá fjmrn. um framkvæmdir í málinu, þá var aftur ritað bréf til fjmrn. þann 29. okt. í haust. Þar segir:

„Með bréfi dags. 24. júní þ. á. óskaði rn. eftir, að fjmrn. sæi um framkvæmd laga nr. 12 frá 23. marz 1971 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerðar á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Spyrst rn. hér með fyrir um, hvað gert hafi verið til að koma lögunum í framkvæmd."

Samgrn. var að vísu kunnugt um, að fjmrn. hafði leitað til Seðlabankans um aðgerðir í málinu, en þegar svör bárust ekki, var enn ritað bréf til fjmrn. þann 10. nóv., og í því bréfi segir m. a.:

„Í bréfi dags. 24. júní þ. á. fór rn. þess á leit við fjmrn., að það annaðist framkvæmd laga nr. 12 frá 23. marz 1971 um happdrættislán ríkissjóðs. Þetta var í samræmi við verkaskiptingu rn., sbr. 6. tölul. 5. gr. auglýsingar nr. 96 frá 31. des. 1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, og einnig ber undirritun fjmrh. með forseta Íslands undir téð lög nr. 12 frá 1971 vott um það, að litið hefur verið þannig á, að lögin

væru í verkahring fjmrn. Rn. vísar einnig til bréfs síns til fjmrn. dags. 29. f. m., þar sem spurzt er fyrir um aðgerð fjmrn. varðandi framkvæmd téðra laga."

Meira er ekki ástæða til að lesa úr þessu bréfi annað en niðurlagið: „Með vísun til framanritaðs óskar rn. hér með upplýsinga um þau atriði, sem fsp. fjallar um", þ. e. hin fram komna fsp., sem hér er til umr., „og þarf svar að berast fyrir 15. þ. m."

Einmitt nú þann 15. þ. m. barst samgrn. bréf frá fjmrn., þar sem segir, að eftir móttöku bréfs samgrn. þann 10. þ. m. taki rn., þ. e. fjmrn., fram eftirfarandi:

„Í tíð fyrrv. ríkisstj. var Seðlabanka Íslands falinn undirbúningur að útgáfu happdrættisláns í samræmi við lög nr. 12 frá 1971. Tæknilegum undirbúningi málsins er langt komið. Á hinn bóginn hefur Seðlabanki Íslands látið í ljós efasemdir um, að skuldabréf af þessu tagi mundu seljast, og hefur rn. því í framhaldi af þessu haft forgöngu um, að gerð verði dög að nýju frv."

Með þessu bréfi fylgdu svo drögin að hinu nýja frv. Ég hef kynnt mér þetta frv., og í því eru tvær meginbreytingar frá lögum nr. 12 frá 1971. Aðalbreytingin er sú, að heimildar er aflað til að binda endurgreiðslu höfuðstólsins vísitölu, og jafnframt er lagt til í hinu nýja frv., að fjárhæð happdrættisskuldabréfa þeirra, sem lögin ákveða, að ríkissjóður gefi út, verði hækkuð úr 200 millj. í 250 millj.

Þá er enn fremur lagt til í hinu nýja frv., að fjmrn. ákveði, hve mikill hluti lánsins verði boðinn út í hverjum flokki, og telur Seðlabankinn þetta vera hagkvæmara, þar sem sölumöguleikar bréfanna kunni að geta orðið breytilegir. Í 5. gr. þessa nýja frv. er svo lagt til, að vinningar nemi 7% af heildarfjárhæð skuldabréfanna í hverjum flokki, sem er sama hlutfall og ráðgert var í lögum nr. 12 frá 1971, og verður dregið um vinningana einu sinni á ári. Enn fremur er lagt til, að fjmrn. ákveði tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag, sem tilgreindur verði í happdrættisskuldabréfunum.

Málið er því nú komið í það horf eftir till. Seðlabankans, að það verði borið hér fram nýtt frv., þar sem lánsupphæðin sé ákveðin 250 millj. og að framlögin verði vísitölubundin, til þess að þeir, sem leggja fram fé til kaupa á happdrættismiðunum, fái ekki vexti af lánunum, en ef þeir fá ekki vinning, þá eiga þeir að fá féð aftur og þá með vísitölubótum, og það telur Seðlabankinn, að sé nauðsynlegt, til þess að um sölumöguleika sé að ræða.

Þessi meðferð málsins hefur verið borin undir þm. Austf. að mér er tjáð, og þeir munu tjá sig samþykka því, að sú málsmeðferð verði viðhöfð, að nýtt frv. verði borið fram og með þessum meginbreytingum til þess að auka líkur fyrir sölumöguleikum á happdrættismiðunum og þar með tryggja betur fjárhagslega stoð fyrir framgang málsins.

Þetta er saga málsins og það, hvernig málið hefur farið frá samgrn. að þessu leyti og til fjmrn., sem hefur komizt að þessari niðurstöðu eftir tilvísun og ráðleggingum Seðlabankans.

Fyrirspyrjandi (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp. minni. Ég þykist sjá, að þessi fsp. hafi orðið til þess að rugga við máli, sem hefur sofið óþarflega lengi í meðförum embættismannanna. Það vakti athygli mína, að þessu máli er fyrst hreyft af samgrn. 24. júní. Síðan er ekki hreyft við því fyrr en 29. okt. og svo aftur eftir að ég hef borið fram mína fsp. Ég sé því, að það hefur ekki verið vanþörf á því, að hún kæmi fram.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefur nú komið hreyfingu á þetta mál, en það er einn hlutur í þessu og meðferð málsins, sem ég vil þó taka fram, að ég er ekki fyllilega sáttur við, og það er hið væntanlega frv., sem Seðlabankinn hefur unnið að að semja varðandi þetta mál. Ég ætla ekki að fella dóm um það, hvort hið væntanlega frv. muni verða til bóta eða ekki. Það getur orðið til bóta, ef það verður þá ekki til þess að tefja málið, sem ég álít, að megi ekki vera. En ég vil gagnrýna það, sem kom fram í svari ráðh., að frv. þetta hefði verið borið undir þm. Austf. Það er út af fyrir sig ágætt. En ég sé ekki, hvers vegna það hefði þá ekki átt að bera það undir aðra þm., eins og þm. Sunnl., því að eins og ég tók fram í ræðu minni áðan, varðar þetta mál ekki sízt þau héruð, sem eru sín hvorum megin við það svæði, sem enn er án vega.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en þetta vil ég láta koma hér fram, að ég er ekki fyllilega sáttur við, hvernig staðið er að þessum lagabreytingum, sem hér eru boðaðar. Að öðru leyti hef ég ekki ætlað mér að ræða þetta frekar, en ég vænti þess, að þær umr., sem hér hafa orðið, og fsp. mín verði til þess að hraða málinu meira en annars hefði orðið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það gleður mig, að alþm. af Suðurlandi gerir þessa fsp., sem byggist á áhuga fyrir því, að hringvegi um landið verði lokið. Það er raunar langt frá því, að nokkurt einsdæmi sé, að alþm. annars staðar frá en af Austurlandi sýni áhuga á þessu máli. Því fer fjarri, því að ýmsir þeirra hafa sýnt á þessu máli mikinn áhuga. En sérhver einlægur vottur um áhuga og skilning á þessu máli gleður okkur, sem höfum unnið að því undanfarin ár, og auðvitað ekki síst þm. Austf.

Það er misskilningur í annars velviljuðu tali hv. fyrirspyrjanda, að það hafi verið sofið á þessu máli um sinn. Ég vil koma því nú inn í þingtíðindin, að í stjórnarsamningi þeim, sem hefur verið gerður á milli núv. stjórnarflokka, er tekin sú stefna að ljúka hringvegi um landið. Enn fremur hafa þm. af Austurlandi í allt sumar og haust staðið í sambandi við ríkisstj. og einstaka ráðh., hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh., um þetta mál, og í framhaldi af þeim viðræðum lýsti hæstv. samgrh. því yfir, sem kunnugt er, að það væri stefnan að ljúka þessum mannvirkjum á þremur árum og hefjast handa næsta vor. Þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. og stjórnarsáttmálinn voru alveg vegamót í þessu máli. Við höfum líka haft samband við ráðuneyti og Seðlabanka til þess að ýta á eftir því, að lánsútboðið færi fram á happdrættisláninu, en það hefur komið í ljós, að Seðlabankinn taldi, eins og hæstv. samgrh. minnti hér á, að kjörin væru ekki nægilega aðgengileg. Þá vildum við heldur vinna það til, að þetta biði eitthvað og hafa kjörin nægilega aðgengileg, heldur en leggja ofurkapp á, að farið væri á stúfana með happdrættislánið með lakari kjörum en Seðlabankinn taldi góð og gild.

Ástæða er til þess að fagna stórkostlega þeirri stefnu,

sem tekin hefur verið í þessu máli, og þó að vegamálastjóri og hans menn hafi látið í ljós þá skoðun, að það mundi vera heppilegra að vinna þessi verk á fjórum árum en þremur, þá hef ég fyrir mitt leyti alls ekki enn gefið upp vonina um, að þessum framkvæmdum geti orðið lokið 1974.

Að ljúka hringveginum um landið er þannig vaxið málefni, að um það þarf að verða þjóðarvakning, og svo mun raunar verða og er að verða. Menn sjá í hendi sér, að engin ein framkvæmd, að fráskilinni útfærslu landhelginnar, sem er mál málanna, getur orkað jafnmiklu til bóta á landinu og einmitt þessi, að opna landleiðina umhverfis Ísland. Allt viðhorf til ferðalaga og afnota þjóðarinnar af landinu gerbreytist. Nú hugsa flestir landið eins og tanga, því að leiðin lokast við Lómagnúp eða Skaftafell, og við það hefur þjóðin búið nálega 1100 ár. Brúum við þetta bil, nýtur landið fyrst til fulls kosta sinna sem eyland, sem það er, og öll viðhorf breytast til hagræðis og aukinnar lífsnautnar fyrir alla þjóðina. Við þetta losnar þjóðin í raun og veru úr læðingi í sínu eigin landi, því að það er band að búa við óbrúað bil á landinu, sem nálega ekki verður yfir komizt nema loftleiðis.

Ég endurtek enn það sama og oft áður, að engin framkvæmd er verðugri landinu til handa frá þjóðinni, sem á því hefur búið í 1100 ár, en einmitt þessi, að ljúka hringveginum 1974. Um þetta verða allir að standa saman. Þetta er vel kleift, og það er gott að minnast þess nú, að búið er að taka þá ákvörðun að hefjast handa næsta vor.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að það hefur verið lagt fyrir vegamálastjóra og hans starfslið að standa þannig að undirbúningi málsins um hringveg í kringum landið, að framkvæmdin megi takast á þremur árum. Á það hefur verið lögð áherzla, og sú stefna er skýrt mörkuð, þó að vegamálastjóri hafi hins vegar talið, að æskilegra væri að geta deilt framkvæmdaáföngum niður á fjögur ár. En hann mun vinna að framgangi málsins miðað við það, að verkið geti unnizt á þremur árum. Og ég álít þetta vera stórmál, sem miklu varði að koma heilu í höfn á sem skemmstum tíma.

Að öðru leyti var tilefnið til þess, að ég kom hér aftur í ræðustól, það, að hv. fyrirspyrjandi lét í ljós ugg um, að enn yrði dráttur á málinu, og skal ég, til þess að taka af öll tvímæli um það, skýra frá því, að ég hygg, að frv., sem ég skýrði frá, muni vera komið í prentun, og eftir það er það í höndum Alþingis að afgreiða það svo skjótlega sem verða má og því þóknast. Ég held því, að þessi meðferð málsins eigi ekki að þurfa að valda neinum drætti, a. m. k. er ekki dráttur á því, að frv. verði lagt fram, því að það mun vera komið í prentun. Fjmrn. sér að öðru leyti um framkvæmdina á þessu, eins og í fyrra tilfellinu. Lögin voru undirrituð af fyrrv. fjmrh., Magnúsi Jónssyni.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 6. þm. Sunnl. um drátt á þessu máli, vildi ég nú segja það, að mikil hefði mín gleði orðið, ef fyrirrennarar mínir í ráðherrastólum hefðu verið svo röskir um framkvæmd á þáltill. minni frá 1958 um athugun á brúargerð yfir Borgarfjörð sem við höfum verið í sambandi við þessa framkvæmd, því að síðan eru nú liðin svo mörg ár sem menn vita, og hefur ekki enn þá auðnazt að koma því verki í framkvæmd. Hins vegar, eins og hæstv. samgrh. skýrði hér frá, þá var það að ráði Seðlabanka Íslands, sem farið var inn á þá braut að endursemja frv. að nýjum lögum í þeirri von, að það bæri meiri árangur fyrir málið. Og ef um sekt er að ræða í sambandi við það að hafa borið málið aðeins undir Austfirðinga, þá er ég sá seki þar um, því að það var að minni till., sem það var gert, og ég óskaði eftir því við Seðlabankann, að þeir ræddu þetta mál við Austfirðingana sérstaklega, sem var af þeirri einföldu ástæðu, að ég taldi, að þeir ættu nú svona meira undir þessu máli en aðrir, enda þótt það sé mál allra landsmanna.

Ég get svo sagt frá því, að málið var tilbúið í fyrri viku og er nú í prentun, eins og hæstv. samgrh. vék að áðan, og var m. a. leitað álits hjá hlutaðeigandi mönnum, eftir að frv. hafði verið tilbúið. Ég held, að þegar málið hefur verið athugað með sæmilegri sanngirni, þá verði að teljast, að unnið hafi verið að því með eðlilegum hraða og fyrst og fremst að því stefnt að ná þeim árangri um fjáröflunina, sem upphaflega frv. stefndi að.

Fyrirspyrjandi (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég held, að ég komist ekki hjá því að gera örstutta aths. við mál þeirra manna, sem hér hafa talað á undan mér og síðan ég talaði síðast. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að það virðast allir vera sammála um það að hraða þessu máli. Þó telja þeir, að ég hafi verið með óþarfa getsakir um það, að nú ætti að liggja á málinu. Það má vel vera. En svo vill oft fara, þegar maður er fullur af áhuga fyrir einhverju máli, að þá finnst manni oft aðrir fara hægar en maður vildi.

Ég get ekki látið af því, að mér finnst það með öllu óeðlilegt, sem ég gat um áðan, að bera þessa breytingu eingöngu undir austfirzka þm., en ekki sunnlenzka, því að ég gat um það í minni ræðu hér áðan, að vitanlega snerti þetta fyrst og fremst þau byggðarlög, þar sem vegarendarnir stæðu nú. En látum það vera. Ég skal ekki gera neitt úr því frekar. En ég verð að átelja það, sem kom fram hér í ræðu hæstv. fjmrh., þar sem hann vildi fara að bera saman einhverja þáltill., sem hann hafði flutt og ekki fengið framkvæmda, og það hefði þess vegna verið réttlætanlegt, að hann hefði ekki staðið eins vel að framkvæmd þessara laga, sem sett voru hér í fyrra. Mér finnst þetta ekki vera eins og það á að vera.

Ég hygg, að þingheimur virði mér það til vorkunnar, þó að ég hafi ekki lagt allt of mikið upp úr því, sem segir í málefnasamningi ríkisstj. um hringveg um landið, því að þar minnir mig, að standi aðeins þessi eina setning: „Ljúka þarf hringvegi um landið."

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr., en þar sem það vill svo til, að þetta mál var afgreitt hér á hinu háa Alþingi, þegar ég fór með embætti fjmrh., þá vildi ég aðeins segja örfá orð, sérstaklega með hliðsjón af því, sem hv. 6. þm. Sunnl. sagði í sinni ræðu hér áðan, að það hefði sýnilega ekkert

verið aðhafzt í þessu máli frá því að samgrn. kom hreyfingu á málið í júnímánuði og þangað til nú í okt. Í fyrsta lagi er vert að taka það fram í sambandi við þá galla, sem komið hefur fram, að væru á þessari löggjöf, að þessi löggjöf, þó að hún hafi verið undirrituð á sínum tíma af fjmrh., þá er það formsins vegna, en þetta er ekki stjfrv., eins og við vitum, heldur var það þmfrv. og ríkisstj. hafði í þann tíð engin afskipti af því, hvernig frá þessu máli var gengið. Og í annan stað taldi ég, að þetta væri fyrst og fremst samgöngumál og það væri því eðlilegt, að það væri samgrn., sem hefði forgöngu um það að koma á framfæri óskum um það, hvenær rétt væri að beita þessari heimild, sem hér er um að ræða. Þegar eftir að hæstv. fyrrv. samgrh. eða rn. hans hafði átt um það viðræður við fjmrn. á s. l. vori, þá var, eins og hér hefur verið skýrt frá áður, Seðlabanka Íslands falið að annast um undirbúning á þessu lánsútboði. Það er eðli málsins samkvæmt, að bankinn geri það. Hann annast um lánsútboð og lánsútveganir fyrir ríkið í samráði við rn., þannig að hér var fylgt ákveðinni reglu í því efni. Hvort segja má, að það hafi verið of mikill seinagangur hjá Seðlabankanum í þessu máli, skal ég láta algerlega ósagt. Það kom fram þegar í vor, þegar hann fór að athuga það, að hann teldi eða forráðamenn Seðlabankans, að það mundi þurfa að íhuga þetta mál nánar, eins og upplýst hefur verið hér, og það hefur síðan verið til meðferðar að ég hygg í Seðlabankanum, þó að ég viti ekki nákvæmlega, hvað gerzt hefur í því, eftir að ég lét af embætti fjmrh.

En sem sagt, ég vil láta það koma skýrt fram, að málinu hafði verið komið áleiðis eftir eðlilegum leiðum þegar áður en stjórnarskipti urðu, og tek ég það fram, að ég er ekki að segja þetta til að ásaka hæstv. núv. ríkisstj. um neinn seinagang í málinu. Ég fullyrði ekkert um það, og það getur allt verið eðlilegt, að það hafi beðið, eins og hér hefur verið upplýst. Ég vildi aðeins taka þetta fram, til að það ylli ekki misskilningi, að ekki hefði verið hafizt handa af hálfu fjmrn., þegar efni stóðu til að koma málinu áleiðis, svo að hægt yrði að bjóða þetta happdrættislán út með eðlilegum hætti.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Austf., að þetta mál, að ljúka hringvegi um landið, er eitt af mestu hagsmunamálum þjóðarinnar allrar. Af því að það kom fram hér í ræðu hv. fyrirspyrjanda, hv. 6. þm. Sunnl., að um nokkurn seinagang mundi hafa verið að tefla í máli þessu af hálfu ríkisstj., þá vil ég taka fram, að eftir þeim kunnugleikum, sem ég hef á þessu máli, er alls ekki um slíkt að tefla, heldur er sérstök ástæða til að þakka bæði hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. fyrir mjög góðar undirtektir þeirra og viðbrögð í málinu. Þetta mál þarf auðvitað mikillar og nákvæmrar athugunar við, útboð sem þetta á happdrættisláninu. Stjórn Seðlabankans kallaði til þm. Austurlands til þess að ræða þetta mál og benti þar á viss atriði í málinu, sem betur mættu fara og okkur þóttu strax horfa til betri vegar. Að vísu er það rétt, að þetta er mál allrar þjóðarinnar og ekki einkamál Austfirðinga a. m. k., og þess vegna er vitanlega fullkomin ástæða til þess, að allir hv. þm. fái að fylgjast sem nánast með þessu máli. En ég hygg, að það sé ekki vilji fyrir því hjá þm. Austf. að halda neinum utan við það, og vel þeginn er allur stuðningur við þetta mikla mál. Það hefur komið hér fram, að nú verði hafizt handa í þessu máli og vonir standa til, að því verði lokið á næstu þremur árum. Ég hygg, að því muni allir hv. þm. fagna.

8. Landshlutaáætlanir.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um landshlutaáætlanir [65. mál, 3] (A. 70).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Gerð landshlutaáætlana og útvegun fjármagns til framkvæmda samkv. þessum áætlunum hefur án efa verið ein skynsamlegasta stefna, sem tekin hefur verið upp og fylgt hér á landi á undanförnum árum. Nú þegar hafa verið gerðir verulegir hlutar af áætlunum fyrir Vestfirði, Norðurland og Austurland og aflað til framkvæmda á þessum stöðum mikils fjármagns. Yfir þessu er ástæða til að gleðjast.

Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvernig fjáröflun þessara áætlana standi í dag, hversu mikils fjár hafi verið til þeirra aflað og hvernig það skiptist á helztu flokka framkvæmda innan hverrar áætlunar. Að vísu hefur mikið verið birt um þessar áætlanir, en ég tel sérstaka ástæðu til þess að staðnæmast og líta yfir það í heild, enda eru það ekki margar tölur, sem ég spyr um, en þó býsna mikilvægar.

Í framhaldi af þessari spurningu hef ég leyft mér að flytja aðra, sem er á þá lund, hvað dvelji Vesturlandsáætlun. Eins og kunnugt er, hefur mikið verið rætt um Vesturlandsáætlun og raunar áætlanir fyrir aðra landshluta á nokkrum undanförnum þingum. Fyrir þrem til fjórum árum var fyrst flutt till. til þál. um gerð Vesturlandsáætlunar, og fékk hún einróma góðar undirtektir og var vísað til þess aðila, sem á lögum samkv. að annast gerð þessara áætlana. Síðan hafa þm. Vesturl. oft spurt um það, hvað þessari væntanlegu Vesturlandsáætlun liði, því að óneitanlega ríkir nokkur eftirvænting um gerð hennar. Það er einróma álit kunnugra, að á Vesturlandi sé nú rík ástæða til að gera veruleg átök í atvinnu- og samgöngumálum og þar sé fyrir hendi brýn nauðsyn á því að beita þessari stefnu, gerð landshlutaáætlunar.

Ég vil vænta þess, að hæstv. fjmrh. geti veitt þessar upplýsingar.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 70 er fsp. frá hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, í sambandi við landshlutaáætlanir. Þessari fsp. hefur

hv. þm. beint til mín, enda þótt landshlutaáætlanir tilheyri ekki fjmrn. nema þá að takmörkuðu leyti, en hins vegar hafa það verið Efnahagsstofnunin og Atvinnujöfnunarsjóður, sem hafa séð um framkvæmd þeirra mála. En ég skal leitast við að gefa hv. þm. svör við því, sem um er spurt.

Í fyrsta lagi er spurt um fjármagn, sem farið hefur til Vestfjarðaáætlunar, Norðurlandsáætlunar og Austurlandsáætlunar. Um þessar áætlanir er það að segja, að til Norðurlandsáætlunar hefur verið aflað tæplega 175 millj. kr. Því hefur öllu verið varið til atvinnumála. Þar af hafa tæplega 96 millj. kr. farið til opinberra aðila og sveitarfélaga, tæplega 69 millj. til iðnaðar, 5 millj. til sjávarútvegs og rösklega 5 millj. til þjónustugreina. Til Austurlandsáætlunar hefur verið aflað 60 millj. kr., sem öllu hefur verið varið á þessu ári til vegagerðar á Austurlandi. Samtals hefur verið aflað um 210 millj. kr. til framkvæmda Vestfjarðaáætlunar, eingöngu til samgöngumála. Alþ. hefur verið gerð grein fyrir framkvæmdum í Vestfjarðaáætlun í apríl 1969 með skýrslu, sem Efnahagsstofnunin þá sendi Alþ. Samkv. fyrirliggjandi upplýsingum er vegaframkvæmdum samkv. áætluninni öllum lokið nema á Breiðadalsheiði og Súgandafjarðarvegi, þar sem vantar nokkuð á, að endurbótum hafi verið lokið að fullu. Hafnarframkvæmdum samkv. Vestfjarðaáætlun er öllum lokið nema á Patreksfirði og Ísafirði, þar sem framkvæmdir hafa verið nokkuð með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í áætluninni.

Framkvæmdum í flugmálum er öllum lokið nema malbikun flugbrautarinnar á Ísafirði, en tækjabúnaður til þess hefur ekki verið fyrir hendi á staðnum. Skipting fjárins samkv. áætluninni er sem hér segir: Vegagerð 100 millj., hafnargerð 85 millj., flugvallagerð og flugstöð 25 millj.

Um síðari hluta fsp., sem er um Vesturlandsáætlun, segir Efnahagsstofnunin svo í því svari, sem ég hef þaðan fengið, en eins og kunnugt er vinnur hún að gerð þeirrar áætlunar:

„29. jan. 1971 sendu samtök sveitarfélaganna á Vesturlandi Atvinnujöfnunarsjóði og Efnahagsstofnuninni till. aðalfundar samtakanna frá 25. okt. 1970, þar sem lögð er áherzla á, að hafizt verði handa um gerð byggðaráætlunar fyrir Vesturland. 22. marz óskaði stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs eftir því, að Efnahagsstofnunin gerði atvinnuáætlun fyrir Vesturland ásamt sams konar áætlun fyrir Vestfirði og samgönguáætlun fyrir Norðurland. 9. júlí sendi Efnahagsstofnunin samtökum á Vesturlandi svo og öðrum samtökum sveitarfélaganna bréf, þar sem gerð er grein fyrir aðstöðu stofnunarinnar til þess að vinna að landshlutaáætlun, og talið nauðsynlegt, að jafnframt því sem unnið sé að áætlun fyrir einstaka landshluta verði komið upp kerfi helztu samanburðarstærða allra landshluta, og er verið að vinna að því. Jafnframt hefur verið unnið að nokkru úr sérstökum tölfræðilegum upplýsingum fyrir Vesturland, sem afhentar voru á aðalfundi sveitarfélagasambandsins í Borgarnesi 7. nóv. s. l., en þar hélt forstjóri Efnahagsstofnunarinnar erindi um væntanlega Vesturlandsáætlun, og urðu um það mál nokkrar umr. á fundinum."

Hér hef ég greint frá þeim svörum, sem ég hef við þessum fsp. hv. 8. landsk. þm.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur veitt. Það er fróðlegt að heyra þessar fáu heildartölur, sem leiða það í ljós, að það hafa verið útvegaðar 445 millj. kr. til margvíslegra framkvæmda í þrem landshlutum, sem þegar hafa fengið til framkvæmda landshlutaáætlanir. Af þessum 445 millj. hafa 270 millj. farið í samgöngumál á Vestfjörðum og Austfjörðum. Ég vil sérstaklega minna á, að þetta mun vafalaust vekja athygli í öðrum landshlutum, ekki sízt á Vesturlandi, þar sem atvinnuástand og íbúatap er mjög svipað og á verulegum hlutum Norðurlands og Austfjarða, a. m. k. seinustu árin. Hversu vel hefur gengið að afla fjár til stórátaka samkv. þessum áætlunum, mun auka vonir manna um, að fljótlega verði hægt að gera eitthvað svipað varðandi Vesturlandsáætlun.

Hæstv. ráðh. sleppti úr upptalningu sinni því, að Alþ. hafði fengið til meðferðar þáltill. um Vesturlandsáætlun, áður en byrjað var að vinna að henni á þann hátt, sem hann réttilega skýrði frá, en það skiptir í sjálfu sér ekki meginmáli. Ég fagna því, að það skuli vera byrjað á þessari áætlun, og ég hef séð nokkuð af þeim tölulegu grundvallarupplýsingum, sem teknar hafa verið saman. Engu að síður verð ég að láta í ljós nokkra óþolinmæði með það, hversu hægt þetta verk hefur unnizt og að ekki skuli hafa verið hægt að setja meiri kraft í gerð þessarar áætlunar en raun ber vitni. Ég veit ekki, við hvern er að sakast í þessum efnum, enda er um að ræða tímabil, þar sem tvær ríkisstj. hafa átt hlut að máli og innan þeirra allir flokkar þingsins. En ég vil alveg sérstaklega vænta þess af hæstv. fjmrh., sem er þessu máli þrautkunnugur, að það verði meiri hraði á gerð Vesturlandsáætlunar í framtíðinni en verið hefur til þessa.

Um leið og ég endurtek, að við hljótum öll að gleðjast yfir þeim árangri, sem þegar hefur náðst á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi með öflun 445 millj. kr. til þessara áætlanaframkvæmda, vil ég minna á, að ef það dregst úr hömlu, að gerðar séu sambærilegar áætlanir fyrir aðra landshluta, þar sem ástand er mjög svipað, getur fram komið í þeim drætti allverulegt óréttlæti, sem ég vænti, að ekki verði.

9. Rafvæðing dreifbýlisins.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til iðnrh. um rafvæðingu dreifbýlisins [37. mál, 2] (A. 38).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 9., 12., 14. og 16. fundi í Sþ., 2., 9., 16. og 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í málefnasamningi ríkisstj. segir svo, með leyfi forseta:

„Að ljúka innan þriggja ára rafvæðingu allra þeirra bújarða í sveitum, sem hagkvæmt er talið að fái raforku frá samveitum. Hinum, sem tryggja verður raforku með einkavatnsaflsstöðvum eða dísilstöðvum, verði veitt aukin opinber aðstoð."

Ég hygg, að framkvæmdar þessa ákvæðis sé beðið með mikilli eftirvæntingu af töluverðum hópi manna, a. m. k. þeim, sem eru ábúendur hinna 930 býla í dreifbýli landsins, sem ekki hafa enn hlotið raforku frá samveitum.

Þetta mál, rafvæðing dreifbýlisins, hefur lengi verið eitt af aðalbaráttumálum Framsfl., og ég hygg, að því verði ekki mótmælt, að þetta hefur verið eitt stærsta átakið til að jafna og brúa það bil, sem ríkir milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þetta hefur verið eitt stærsta átakið í þá átt að koma nútímaþægindum út til hinna dreifðu byggða.

Ég ætla ekki að gera lítið úr framkvæmd þessa máls í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., en þó hygg ég, að því verði ekki mótmælt, að ýmsum af þessum ábúendum hafi þótt biðin heldur löng og hafi þótt svörin, sem bárust við ítrekuðum spurningum þeirra um það, hvenær þessu yrði lokið, nokkuð loðin. Ég hygg einnig, að mönnum hafi ekki líkað vel sá framgangsháttur, sem upp var tekinn, að krefjast óafturkræfs framlags í vissum tilfellum eða lána frá sveitarfélögum til framkvæmda.

Með tilliti til þessa, sem ég hef nú rakið, hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. orkumálaráðh. svohljóðandi fyrirspurn:

1. Við hvaða fjarlægð á milli bæja eða aðrar ytri aðstæður, ef einhverjar, er gert ráð fyrir að miða við mat á því, hverjir skuli fá raforku frá samveitum?

2. Hvenær má gera ráð fyrir því, að áætlun um rafvæðingu dreifbýlisins í samræmi við málefnasamning ríkisstj. liggi fyrir?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í forföllum iðnrh. mun ég svara þessum fsp. Eins og hv. 1. þm. Vestf. greindi hér frá, þá er spurt hér um tvennt. Í fyrsta lagi: „Við hvaða fjarlægð á milli bæja eða aðrar ytri aðstæður, ef einhverjar, er gert ráð fyrir að miða við mat á því, hverjir skuli fá raforku frá samveitum?" Svar við þessari spurningu frá iðnrn. er á þessa lund: Tvær viðmiðanir voru notaðar við gerð þeirrar áætlunar, sem þegar hefur hér verið útbýtt á borð hv. þm. og fjallar um áætlunina um það, hvernig og hvenær skuli lokið þeim framkvæmdum að tengja þau sveitabýli í landinu við samveitur, sem enn eru ótengd. Í svari rn. segir: Tvær viðmiðanir voru notaðar. Í fyrsta lagi: Hámark kostnaðar á hvert býli skyldi ekki fara yfir 600 þús. kr. og í öðru lagi: Meðalfjarlægð á milli býla væri ekki meiri en 3 km. Síðari viðmiðunin var ekki mjög ströng, þannig að vikið var frá henni, ef sérstakar aðstæður þóttu réttlæta það og kostnaður fór ekki yfir 600 þús. kr. Þetta var einkum gert, ef fyrirhugaðar voru framkvæmdir á nálægu svæði og verið var að tengja síðasta býlið á tilteknu svæði við samveitur og ekki var um að ræða framhald línunnar. Ég vænti, að þetta sé fullnægjandi svar við þessari spurningu.

Þá er í öðru lagi spurt um, hvenær megi gera ráð fyrir því, að áætlun um rafvæðingu dreifbýlisins í samræmi við málefnasamning ríkisstj. liggi fyrir. Og svar rn. við þessari spurningu er á þessa leið: Áætlun um rafvæðingu sveitanna var gerð af iðnrn. og Orkustofnun í sameiningu í maí í vor. Miðaðist hún við, að rafvæðingu yrði lokið á fjórum árum. Eftir að málefnasamningur ríkisstj. var gerður, var áætlun þessari breytt og miðað var við þrjú ár. Þannig endurskoðuð var hún lögð fyrir ríkisstj. í sept., og samþykkti orkuráð samhljóða á fundi sínum fimmtudaginn 25. okt. s. l. að mæla með henni við iðnrn. Rn. hefur þegar staðfest þá samþykkt orkuráðs. Samkv. áætlunum er gert ráð fyrir, að 765 býli verði tengd samveitum á þessu tímabili. Kostnaður er áætlaður um 290 millj. kr. Sé tillit tekið til endurgreiðslu framkvæmdalána og framlaga, er fjárþörfin áætluð um 300 millj. kr. Utan samveitna yrðu þá eftir 158 býli, og samkv. þeim heimildum, sem tiltækar eru, hafa 87 þeirra mótorrafstöðvar, 27 vatnsaflsstöðvar og 49 eru alveg rafmagnslaus. Eins og ég gat hér um í upphafi máls míns, hefur áætlun um rafvæðingu þeirra sveitabýla, sem enn hafa ekki verið tengd samveitum, verið býtt til hv. þm. Þeir hafa allir þegar fengið í hendur þessa áætlun, en áætluninni lætur rn. fylgja nokkur orð til skýringar. Og rn. segir:

„Rétt þykir af þessu tilefni að fylgja þessari skýrslu úr hlaði með nokkrum orðum. Athygli skal vakin á 5. kafla grg., sem fjallar um rafvæðingu utan samveitna. Það er ljóst, að þessi býli að undanteknum þeim, er hafa nothæfar vatnsaflsstöðvar til frambúðar, þarf að rafvæða með mótorrafstöðvum eða með nýjum vatnsaflsstöðvum, þar sem virkjunarmöguleikar eru fyrir hendi. Til þess að auðvelda þeim bændum, er búa á afskekktum jörðum, að rafvæða býli sín, er lagt til, að lánakjör til mótorrafstöðva verði bætt frá því, sem nú er, bæði með tilliti til lánsupphæðar og lánstíma, og enn fremur er lagt til, að bændur eigi kost á nýjum lánum til að endurnýja slitnar og lítt nothæfar stöðvar. Loks er talin þörf á að endurskoða reglur um lánveitingar til vatnsaflsstöðva bænda. Í 7. kafla er fjallað um svonefnd óendurkræf framlög. Þessi framlög hefur ríkisstj. nú samþykkt, að yrðu endurgreidd án vaxta."

Aftan við grg. eru tvær skrár. Skrá nr. 1 geymir till. um framkvæmdaröð sveitarafvæðingar á þremur árum, og skrá nr. 2 veitir upplýsingar um býli utan samveitna. Till. þessar eru unnar, eins og áður segir, af Orkustofnun og iðnrn. í sameiningu.

Ég vænti svo, að þessar upplýsingar séu fullnægjandi fyrir hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Ég leyfi mér að þakka hæstv. viðskrh. fyrir prýðileg svör við fsp. mínum, sem hann flutti fyrir hönd hæstv. iðnrh., sem því miður er ekki hér með okkur í dag.

Mér sýnist, að svörin séu mjög góð og raunar betri en ég gerði mér vonir um. Það er ánægjulegt, að svo vel hefur verið að þessu máli unnið. Mér sýnist, að ráðgert sé mjög stórt átak til að ljúka þessum málum á næstu árum. Það verða aðeins, eins og fram kom, 158 býli, sem fá ekki raforku frá samveitum samkvæmt áætlun þessari.

Ég fagna því einnig og tel það mikilvægt, að ráðgert er að endurgreiða bæði þau lán og þau framlög, sem tíðkazt hafa nokkuð á undanförnum árum.

Ég lít svo á að fengnum þessum upplýsingum og eins og ég skildi ráðh., að till. þessar séu endanlega frá gengnar og því komi þær til framkvæmda.

Ég vil aðeins skjóta því hér fram, að með mjög lauslegri athugun á þeim býlum, sem ekki er gert ráð fyrir að fái raforku frá samveitum, sýnist mér þó rétt, að nokkur þeirra a. m. k. séu tekin til endurskoðunar, og raunar hef ég þær upplýsingar frá Orkustofnun, að svo muni vera ráðgert. Ég vil svo aftur endurtaka þakkir mínar fyrir svörin.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil fagna því, að við höfum fengið nú í hendurnar bláa bók, sem hefur inni að halda till. um að ljúka rafvæðingu í sveitunum á næstu þremur árum. Mér var kunnugt um það, að snemma á s. l. sumri var hafinn undirbúningur að því að byggja upp þessa áætlun, og eins og fram kom hjá hæstv. viðskrh. hér áðan, þá hefur eiginlega alltaf verið gengið út frá því, að þeir fjármunir, sem hafa verið lánaðir og talið, að væru óafturkræfir, yrðu greiddir, þegar rafvæðingin kæmist á það stig, að farið væri fram úr 1½ km, þannig að farið væri upp í 2, 2½ eða 3 km, til að allir sætu þá við sama borð í þessum efnum. Það segir sig sjálft, að eftir að nú er búið að ákveða að stíga lokaskrefið að þessu marki, sem nær þetta langt, eða allt að 3 km, með hámarki þó um 600 þús. kr., hefði það verið ósanngjarnt að láta ekki hina, sem lögðu fé af mörkum til þess að flýta rafvæðingunni, fá sinn hlut endurgreiddan, þótt þannig væri, að ekki kæmu til vaxtagreiðslur á þessu fyrir þann tíma, sem fjármagnið hefur verið bundið.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram við þessa umr. og tel, að þetta sé nokkuð á þann veg, sem búizt hafði verið við, að þessu máli mundi ljúka. Sem betur fer erum við hér að sjá fyrir endann á stórmerku máli, rafvæðingu dreifbýlisins, og það er ýmislegt, sem þarf að athuga í sambandi við rafvæðinguna og framtíðarskipun þeirra mála, en ég sé þó ekki ástæðu til að ræða undir þessum dagskrárlið núna.

10. Framhald Vestfjarðaáætlunar.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til forsrh. um framhald Vestfjarðaáætlunar [75. mál, 1] (A. 83).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 83 til hæstv. forsrh. um framhald Vestfjarðaáætlunar. Þetta er framhald Vestfjarðaáætlunarinnar, en það gefur til kynna, að hér er um mál að ræða, sem á nokkra forsögu.

Ég ætla ekki að fara að rekja þá forsögu hér. Hún mun vera nokkuð kunn hv. þm. En mér þykir rétt aðeins að rifja það upp, að þetta mál kemur fyrst á dagskrá Alþingis með þáltill. frá Gísla Jónssyni og Kjartani J. Jóhannssyni, sem samþykkt var árið 1963 og fjallaði um það að fela ríkisstj. að undirbúa framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði til þess að koma í veg fyrir fólksflótta þar. Árið 1964 bar ég fram þáltill. um það að fela ríkisstj. að athuga möguleika á því að fá lánsfé hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til að hrinda fram framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði.

Í framhaldi af þessu var af hálfu ríkisstj. leitað eftir láni hjá Viðreisnarsjóðnum. Það fékkst, og það var gert ráð fyrir, að framkvæmdaáætlunin yrði fjármögnuð að hálfu leyti með lánsfé úr Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins og að hálfu leyti með innlendu fé. Framkvæmdir á Vestfjarðaáætlun hófust síðan 1965 og stóðu til 1970. Þetta var samgönguáætlun Vestfjarða, og það var unnið að framkvæmd tiltekinna verkefna í vegamálum, flugmálum og hafnarmálum. Það hefur verið unnið samkvæmt þessari áætlun fyrir yfir 200 millj. kr. eða rúmlega 210 millj. kr.

Ég ætla ekki að fara að rekja þetta frekar, en það, sem mér liggur á hjarta, er ekki það, sem liðið er, heldur það, sem fram undan er. Og hér er spurt um framhald Vestfjarðaáætlunar. Það var alltaf gert ráð fyrir því, að það yrði framhald af Vestfjarðaáætlun, og samgönguáætlun var aðeins einn hlutinn. Og það var gert ráð fyrir þessu í meðferð málsins frá fyrstu tíð, því að það var sótt um lán frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins á þeirri forsendu, að það ætti að verða alhliða uppbygging á Vestfjörðum með lánsfé frá Viðreisnarsjóðnum, en samgönguáætlun væri aðeins fyrsti áfanginn.

Með tilliti til þessa hefur mér þótt rétt að spyrja hæstv. forsrh. um það, hvað líði framhaldi Vestfjarðaáætlunar. Og sérstaklega er spurt um þessi atriði: Til hvaða málaflokka er áætluninni ætlað að taka? Það er þýðingarmikið, að það liggi ljóst fyrir, til hvaða málaflokka áætlunin á að taka. Í upphafi var auk samgöngumálanna gert ráð fyrir, að áætlunin tæki til menntamála, skólamála, heilbrigðismála, sjúkrahúsa, félagsmála og atvinnumála ekki síst. Ég spyr núna, hvað hyggst ríkisstj. fyrir í þessum efnum?

Í öðru lagi er sérstaklega spurt: Hvenær er gert ráð fyrir, að áætlunargerðinni ljúki? Það er einnig þýðingarmikil spurning, því að brýn þörf er á því, að þessari áætlun ljúki sem fyrst.

Þá er sérstaklega spurt: Hvað er gert ráð fyrir, að framkvæmd áætlunarinnar taki langan tíma? Þetta er ekki þýðingarminni spurning. Ég hef alltaf gert ráð fyrir, að framhaldið ætti ekki að taka ýkja langan tíma. Með ýkja löngum tíma á ég við 10 ár eða eitthvað slíkt. Ég mundi telja eðlilegt, að framhaldið tæki 4—5 ár og væri þá lokið. En ég spyr hæstv. forsrh.: Hverju er gert ráð fyrir í þessu efni?

Þá er sérstaklega spurt: Hvernig verður fjár aflað til framkvæmdanna? Þetta verður ekki gert nema með sérstöku fjármagni. Það voru gerðar sérstakar ráðstafanir á sínum tíma í þessu efni, eins og ég gerði grein

fyrir áður. Nú leikur mér forvitni á að vita, hvað ríkisstj. hyggst fyrir í þessu efni.

Þetta eru þær spurningar, sem ég leyfi mér að óska eftir svörum við frá hæstv. forsrh.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef beðið Efnahagsmálastofnunina að veita upplýsingar um efni það, sem hér er um spurt. Það, sem ég les hér á eftir, er því samantekið af Efnahagsstofnuninni.

Aðalefni fsp. er: „Hvað líður framhaldi Vestfjarðaáætlunar?" Svarið við þessari spurningu er þetta: Með bréfi 22. marz s. l. óskaði stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs eftir því, að Efnahagsstofnunin gerði atvinnumálaáætlun fyrir Vestfirði ásamt sams konar áætlun fyrir Vesturland og samgönguáætlun fyrir Norðurland. Efnahagsstofnunin tókst á hendur þetta verkefni með svarbréfi dagsettu 9. júlí s. l., þar sem jafnframt var gerð grein fyrir takmarkaðri aðstöðu stofnunarinnar til að inna af hendi mörg slík verkefni samtímis. Var talið nauðsynlegt, að jafnframt því sem unnið sé að áætlun fyrir einstaka landshluta verði komið upp kerfi helztu samanburðarstærða allra landshluta. Er verið að vinna að því.

Um sérliði fsp. er þetta að segja. Í fyrsta lagi er spurt: „Til hvaða málaflokka er áætluninni ætlað að taka?" Svar: Áætlunin er skilgreind sem atvinnumálaáætlun, en þar sem áætlun af því tagi snýst um grundvallarskilyrði byggðarþróunar, er jafnframt gert ráð fyrir athugun á félagsaðstöðu og þjónustustarfsemi í landshlutanum. Áður var gerð samgönguáætlun um Vestfirði, framkvæmd á árunum 1965—1970.

Í öðru lagi er spurt: „Hvenær er gert ráð fyrir, að áætlunargerðinni ljúki?" Svar: Um nánari tímasetningu áætlunar verksins mun verða fjallað á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Samkv. reynslu má gera ráð fyrir, að gerð slíkrar áætlunar taki allt að tveimur árum. Þar með er í rauninni ekki sagt, að áætlunargerðinni sé lokið, þar sem henni þarf að fylgja eftir með hliðsjón af breytilegum skilyrðum og reynslu í framkvæmd.

Í þriðja lagi: „Hvað er gert ráð fyrir, að framkvæmd áætlunarinnar taki langan tíma?" Svar: Framkvæmd atvinnumálaáætlunar hlýtur að vera óbein að því leyti, sem hún ber með sér ráðstafanir til örvunar, sem geta haft misjafnlega öflugar verkanir eftir atvikum og á misjafnlega löngum tíma. Að því marki sem um beina framkvæmd eða fjárráðstafanir verður að ræða, mun tímasetningin koma til kasta Framkvæmdastofnunar, en almennasta reglan er 4—5 ára tímabil.

Í fjórða lagi: „Hvernig verður fjár aflað til framkvæmdanna?" Svar: Fjármagn Atvinnujöfnunarsjóðs, verðandi Byggðasjóðs, er til ráðstöfunar í þessu skyni ásamt lánsheimildum sjóðsins, sbr. 33. gr. frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, svo og hugsanleg ráðstöfun úr öðrum lánasjóðum innan ramma áætlunarinnar. Um hlutdeild Vestfjarðaáætlunarinnar í þessu ráðstöfunarfé eða um sérstaka fjáröflun til hennar verður ekki sagt að svo stöddu. Hér er svo látið fylgja með til frekari glöggvunar afrit af athugasemd, sem gerð var um framkvæmd samgönguáætlunar Vestfjarða:

Í apríl 1969 sendi Efnahagsstofnunin Alþ. skýrslu um framkvæmd Vestfjarðaáætlunar, og vísast í hana til frekari upplýsinga. Vegaframkvæmdum samkv. áætluninni er öllum lokið nema á Breiðadalsheiði og á Súgandafjarðarvegi, þar sem enn vantar nokkuð á, að endurbót hafi verið lokið að fullu. Hafnarframkvæmdum samkv. Vestfjarðaáætlun er öllum lokið nema á Patreksfirði og Ísafirði, þar sem framkvæmdir hafa verið með nokkrum öðrum hætti en gert var ráð fyrir í áætluninni. Framkvæmdum í flugmálum er öllum lokið nema malbikun flugbrautarinnar á Ísafirði, en fullnægjandi tæki hafa ekki verið fyrir hendi þar, þ. e. malbikunarstöð. Þessar framkvæmdir urðu á árunum 1965—1970, en upphaflega átti að ljúka þeim á fjórum árum. Alls hafa á þessum tíma farið um 210 millj. kr. til áætlunarinnar, þar af 170 millj. kr. erlent lánsfé.

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hef fengið frá þeirri stofnun, sem með áætlunargerðina hefur haft að gera.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir greinargóð svör, en ég er ekki alls kostar ánægður. Ég vil ekki segja, að það sé beinlínis út af svörum hæstv. forsrh., en mér finnst, að það sé tilefni til þess að ræða nokkru nánar um málið. Þetta er ákaflega þýðingarmikið mál, ekki einungis fyrir Vestfirði, heldur fyrir landið í heild.

Þetta er ekki nýtt mál sem slíkt. Í fjöldamörg ár, í áratugi, hefur verið mikið talað um jafnvægi í byggð landsins. Við þekkjum þetta öll, en við vitum líka, að þetta hefur lengst af verið meira í orði en á borði. Það er ekki svo að skilja, að menn hafi ekki séð þörfina á því að vinna að jafnvægi í byggð landsins. Allir hafa játað því, að það þyrfti að gera átak í þeim efnum. En hvernig hefur þetta verið? Venjulega var það þannig, að ef einhver þm. kom með þýðingarmikið mál úr sínu kjördæmi, þá fékk hann góðar undirtektir undir það. Það sáu allir þörfina á að aðhafast eitthvað, en það var venja, að menn sögðu jafnframt: Það þarf að gera eitthvað svipað hjá mér. Og áður en varði var það ákaflega algengt, að búið væri að heimfæra sérþarfir einhvers ákveðins byggðarlags upp á allt landið, og það voru allir sammála um, að það þyrfti að gera eitthvað. Oft var það þannig, að það var svo mikið, sem þurfti að gera, að mönnum hreint og beint féllust hendur. Það var þá ekkert gert, og hefði allt verið gert, sem menn voru sammála um, að þyrfti að gera, þá hefði það kollsteypt efnahagskerfi landsins, svo að á eftir hefðu þeir verið verst settir, sem höfðu mesta þörfina fyrir aðgerðina.

Við þekkjum þetta. Það var þetta ástand, sem þurfti að breytast. Það þurfti að taka upp skipuleg vinnubrögð í þessu efni, og með upphafi Vestfjarðaáætlunarinnar var brotið blað í þessum efnum. Þá var gengið út frá því, og það var vilji Alþingis fyrir því, að tekið yrði ákveðið afmarkað verkefni. Menn sáu, að það tjóaði ekki að ætla að gera alla hluti í einu. Hvers vegna voru Vestfirðir teknir? Ég skal ekki fjölyrða um það. Það er hægt að gera margs konar samanburð á milli landshluta. Við vitum það, að í ýmsum kjördæmum úti á landi hefur fólkinu fækkað hlutfallslega frá síðustu aldamótum miðað við heildaríbúatölu landsins. En það er aðeins eitt kjördæmi, sem hægt var að segja um og er hægt að segja um í dag, að þar hafi orðið töluleg fækkun íbúanna, ekki einungis hlutfallsleg, heldur er

færra fólk á Vestfjörðum en var við síðustu aldamót. Ég læt þetta nægja til þess að rifja upp, hver sérstaða Vestfjarða var og hvers vegna menn höfðu ekkert við það að athuga að taka sérstaklega Vestfirði fyrst fyrir, þegar um það var að ræða að taka upp ný og betri vinnubrögð í þessum þýðingarmiklu málum.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Nú er ekki einungis talað um framkvæmdaáætlun á Vestfjörðum. Það er talað um framkvæmdaáætlun á Vesturlandi, Austfjörðum, Norðurlandi, Suðurlandi, og það er talað um framkvæmdaáætlun og byggðaþróun í þessu sambandi í Reykjaneskjördæmi. Það er líka, þótt ekki sé komin till. um það hér inn á Alþ., talað í þessu sambandi um byggðaþróun í Reykjavík. Hvað er þetta? Þetta er allt annað en að vinna að jafnvægi í byggð landsins. Það er allt annað. Þegar við erum með framkvæmdaáætlun um allt land, þá erum við að vinna að skipulögðum framkvæmdum um allt landið. Það eru eðlilegar framkvæmdir, og ég er ekki að mæla á móti þeim. Slíkt kemur mér ekki til hugar. En við erum ekki með þessu að vinna að jafnvægi í byggð landsins.

Ég held, að það sé nú enn sem fyrr eins og Alþ. viðurkenndi 1963, að það þurfi að taka afmörkuð svæði fyrir í einu og það þurfi að gera eitthvað sérstakt fyrir þessi svæði. Það þarf að gera meira en gert er annars staðar. Ef mönnum er alvara með það að vinna að jafnvægi í byggð landsins, þá verða menn að skilja það frá almennum framförum, almennri uppbyggingu í landinu. Það er annað mál. Og menn verða að viðurkenna það, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir. Ég segi þetta hér vegna þess, að þetta undirstrikar, að það þurfi að halda áfram með Vestfjarðaáætlunina, ef á að framkvæma hana í þeim anda, sem upphaflega var gert ráð fyrir. Ef okkur er alvara að vinna að jafnvægi í byggð landsins, þá verðum við að taka það mál sérstaklega fyrir, og það er eðlilegt að gera það með því að láta ganga fyrir öllu að ljúka Vestfjarðaáætluninni, ekki einungis gerð hennar, heldur framkvæmd.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan nota tækifærið og fagna þessari fsp., sem hérna hefur fram komið.

Ég er mjög sammála hv. fyrirspyrjanda, hv. 5. þm. Vestf., að mikil nauðsyn er á því, að Vestfjarðaáætlun verði áfram haldið. Það er einnig víðs fjarri mér að gera ágreining við hann um það, að áreiðanlega hefur stuðningur við jafnvægi í byggð landsins verið meira í orði en á borði á undanförnum árum. Á því er enginn vafi. Ég geri mér hins vegar miklar vonir um það, að á þessu verði nú mikil breyting, og sýnist mér t. d., að þær upplýsingar um rafvæðingu dreifbýlisins, sem hér komu fram áðan, bendi eindregið til þess, að svo verði.

Ég ætla ekki heldur að gera ágreining við hv. fyrirspyrjanda um það, að taka verður upp skipulagðari vinnubrögð, eins og hann lagði svo ríka áherzlu á, en ég geri mér einnig vonir um, að á því sviði verði veruleg breyting, og vil ég vekja athygli hans á frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem nú liggur fyrir Ed. Með því frv. er einmitt að því stefnt, að slík vinnubrögð verði upp tekin, og vænti ég, að við það fáist góður stuðningur hv. fyrirspyrjanda.

Hins vegar voru það nokkur atriði í ræðu hans, sem ég vildi gjarnan gera nokkrar aths. við. Það var rétt hjá honum, að fyrsti áfangi Vestfjarðaáætlunar var eingöngu áfangi um samgöngumál. Þó er það svo, að t. d. ég, sem hef starfað nokkuð á Vestfjörðum, hef aldrei fengið að sjá þessa áætlun. Ég minnist þess frá framboðsfundum fyrir alþingiskosningar 1967, að þá var bók nokkurri mikið veifað, en þegar beðið var um að fá að sjá hana, fékkst það aldrei. Ég minnist þess t. d., að merkur bóndi þar fyrir vestan stóð upp á fundi og óskaði eftir því að fá að sjá þessa bók, en henni var þá hið skjótasta stungið niður í tösku, og eftir ítrekaða fyrirspurn var honum vísað til Efnahagsstofnunarinnar. Hann hringdi þangað og þá var honum svarað, að engin Vestfjarðaáætlun væri til. Nú vil ég varpa því hér fram til hæstv. forsrh., hvort ekki mætti draga upp þessi plögg, þannig að við gætum nú loksins fengið að sjá þau.

Mér þóttu þau tíðindi merkileg í upplýsingum hæstv. forsrh., að ekki var beðið um framhald af Vestfjarðaáætlun fyrr en 22. marz 1971. Þá voru fjögur ár frá því liðin, að þessi bóndi bað um að fá að sjá Vestfjarðaáætlun og honum var svarað, að hún væri ekki til.

Ég vil einnig fagna þeim upplýsingum, sem komu fram hjá hæstv. forsrh., að þessu máli verður strax vísað til Framkvæmdastofnunar ríkisins, og geri ég þá ráð fyrir því, að sú stofnun muni taka það mjög föstum tökum. Þetta hlýtur að verða eitt af hennar fyrstu málum, og ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að á því er mikil nauðsyn, að atvinnuáætlun Vestfjarða verði tekin til ítarlegrar áætlanagerðar og framkvæmda.

En ég vil einnig bæta því við, að ég lít alls ekki svo á, að samgöngumál Vestfjarða séu komin í viðunandi horf enn. Mikið hefur verið unnið og margt gott gert. Hitt er annað mál, að ég hygg, að það ríki nokkur misskilningur um samgöngumál Vestfjarða, og halda ýmsir, að þau séu öll komin í hið bezta horf. Það er misskilningur. Ég hygg, að sú áætlun, sem gerð verður, hljóti einnig að ná til samgöngumála.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef ekki séð Vestfjarðaáætlun, en ég skal að gefnu þessu tilefni með ánægju spyrjast fyrir um það, hvort hún sé ekki fyrir hendi, og hlutast til um, að þm. kjördæmisins fái aðgang að henni.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég get nú ekki orða bundizt undir þessum ræðum, sem hér hafa verið fluttar um byggðaáætlanir í landinu, ekki sízt þeirri síðustu, hjá hæstv. forsrh., að segja hér, eftir að hann var búinn að lesa upp, að gerð hafi verið Vestfjarðaáætlun á sínum tíma og eftir henni hafi verið varið 210 millj. kr., að hann vissi ekkert um þessa áætlun og hefði ekki séð hana. (**Gripið fram í:** Ég sagði, að ég hefði ekki séð hana.) Það kann að vera, að það skipti meginmáli fyrir einhverja að fá að sjá einhverjar tölur á blaði og fá að sjá blöðin. Ég held, að fyrir fólkið, sem á að fá að njóta þeirra framkvæmda, sem gera skal hverju sinni, skipti það meginmáli að fá að sjá framkvæmdirnar.

Það hefur komið fram hér í þessum umr., að menn hafa gjarnan talað um, að jafnvægi í byggð landsins hafi verið meira í munni manna en það hafi komið fram í framkvæmd. Ég skal taka undir þetta. Ég vil bara benda á það, að þetta hefur verið svo alla tíð, ekki bara

í tíð fyrrv. ríkisstj., heldur í tíð allra ríkisstjórna frá því að sögur hófust hér á landi. En ég vil benda á það, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var þegar brotið blað í þessum efnum. Þá var tekið að gera og framkvæma byggðaáætlanir. Menn geta kvartað um það, og hv. framsóknarmenn héldu því fram á framboðsfundum á sínum tíma og halda enn fram, að Vestfjarðaáætlun hafi ekki verið til, þótt samkv. henni hafi verið framkvæmt fyrir 210 millj. kr. sérstaklega, umfram aðrar framkvæmdir á Vestfjörðum. En menn geta ekki dregið það í efa, að aðrar byggðaáætlanir hafa verið framkvæmdar og hafa legið fyrir í pappírsgögnum líka. Svo er t. d. um Norðurlandsáætlun og Austfjarðaáætlun, sem nú er verið að framkvæma. Þær áætlanir hafa þó bæði sézt á pappír og eins í framkvæmd.

Ég held, að það sé útbreiddur misskilningur, hvað í rauninni felist í byggðaáætlun. Ég ætla ekki að fara að taka hv. alþm. í tíma um það eða segja þeim, hvernig slíkar áætlanir eru gerðar og þaðan af síður framkvæmdar, en ég vil aðeins minna á það, að í þessu hugtaki felst, að kannaður sé sérvandi hvers byggðarlags, hvers landshluta og fundið, hvers vegna byggðarlagið sé sérstaklega veikt og hvers vegna fólkið flyzt úr því. Síðan eru gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að reyna með þeim hætti, sem unnt er, — vegna þess að *fjármagn er alltaf takmarkað, — að koma í veg fyrir, að* byggð raskist frekar á þessum ákveðna landshluta. Það er sem sagt kannaður sérvandi byggðarlagsins og reynt að gera þær framkvæmdir, sem stuðla að því að laga fyrir mönnum í umræddum landshluta. Þarna er sem sagt um að ræða hluti, sem eru algjörlega óskyldir öðrum framkvæmdaáætlunum, og eru gerðir í allt öðrum tilgangi. Þessi verkefni hljóta alltaf að vera sér á blaði, og ég vona, að svo verði áfram, að svonefnd Framkvæmdastofnun, þó að hún sé stórkostlega gölluð að mínum dómi, eins og hún er fyrirhuguð samkv. frv., sem hér liggur fyrir, að hún haldi áfram að gera slíkar sérstakar byggðaáætlanir og framkvæma þær. Ég skal svo ekki hafa þessi orð lengri, en ég vil bara spyrja hér að lokum, hvort menn geti ekki fallizt á, að það hafi verið meira virði fyrir Vestfirðinga, þó að allar samgöngubætur þeirra yrðu ekki leystar á einu bretti, að fá framkvæmdir fyrir 210 millj. kr. til samgöngubóta þar en að fá að sjá eitthvert plagg á sínum tíma.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef nú ekki hugsað mér að halda framboðsfundi Vestfjarðakjördæmis hér undir þessari fsp. Ég fékk nóg af að hlusta á framboðsfund í sambandi við Norðurlandsáætlun fyrir nokkrum dögum hér í hv. Alþ., en þó er maður orðinn nokkuð þreyttur á að heyra þennan söng, sem hv. 1. þm. Vestf. söng hér áðan, að hann hefði ekki fengið að sjá samgönguáætlun Vestfirðinga. Þessi söngur er búinn að vera um alla Vestfirði frá því að áætlunin hófst, en sannleikur málsins er sá, að það hefur verið hægt að sjá þessa samgönguáætlun. Mér var aldrei send hún. Ég gekk í þá stofnun, sem endanlega gekk frá þessari áætlun, og bað um að fá eintak af henni afhent. Ég fékk það umyrðalaust án þess að hafa neitt bréf eða meðmæli upp á vasann að fá þetta afgreitt. Ég hygg, að hv. þm. hafi getað sótt þetta plagg einnig. Að minnsta kosti hefði hann átt að geta sótt það eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, en í októberlok bað hann allra náðarsamlegast hæstv. forsrh. að útvega sér þetta plagg eftir allt saman. Sannleikur málsins er sá, að sumir menn voru svo blindaðir gegn Vestfjarðaáætlun á sínum tíma, og þar með þessi hv. þm., að hann neitaði algjörlega staðreyndum, að það væri unnið að Vestfjarðaáætlun, og hann neitaði að líta á framkvæmdir lengi vel. Ég fagna því, að nú hefur hann vitkazt svolítið eða opnazt svolítið, því að nú fagnar hann ýmsum áföngum í sambandi við Vestfjarðaáætlun. Mér finnst ánægjulegt til þess að vita, að það séu batamerki á þessum hv. þm., þó að batinn sé mjög hægur.

11. Bygging héraðsskóla.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um byggingu héraðsskóla [75. mál, 4] (A. 83).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. menntmrh., varðandi byggingu héraðsskóla, svo hljóðandi:

Hefur ríkisstj. ákveðið að byggja upp alla héraðsskóla á landinu á tilteknu árabili, og ef svo er, hvað er áætlað, að bygging hvers héraðsskóla um sig kosti og hve langan tíma á hún að taka?

Ég skal ekki fara neitt í grafgötur með það, hvers vegna þessi fsp. er fram komin. Ástæðan er sú, að í Ríkisútvarpinu 8. nóv. kom frétt um 40 ára afmæli Reykholtsskóla í Borgarfirði og þar var sagt orðrétt í fréttinni:

„Meðal gesta var fjmrh., Halldór E. Sigurðsson. Hann skýrði frá því, að ríkisstj. hefði ákveðið að byggja upp skólahús Reykholtsskóla á næstu sex árum. Í áætluninni er gert ráð fyrir 150 nemendum, og verður húsrýmið fjórfaldað miðað við það, sem nú er.“

Mér finnst ákaflega vel til fundið, þegar merkar og ágætar stofnanir eins og Reykholtsskóli minnist sérstakra tímamóta, að skólinn fái heilla- og hamingjuóskir frá stjórnvöldum landsins, en hitt finnst mér ekki ánægjulegt, ef því er þannig varið, að það sé aðeins einn héraðsskóli tekinn út úr og ákveðin uppbygging hans í raun og veru þá á kostnað annarra héraðsskóla í landinu. En um það fáum við eflaust að heyra frá hæstv. menntmrh.

Mér finnst rétt að geta þess, að í fjárlögum yfirstandandi árs eru framlög til allra héraðsskólanna, stofnkostnaðarframlög til allra héraðsskólanna, 24

millj. 670 þús. kr. Í þessum framlögum eru framlög til nýbygginga í aðeins þremur héraðsskólum. Í fyrsta lagi til héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði, 1 millj. af því, sem til hans var veitt, til undirbúnings og teikninga að kennsluhúsnæði, en sá skóli, ef ég man rétt, varð 40 ára fyrr á þessu ári og fékk þá enga sérstaka yfirlýsingu um uppbyggingu sína á tilteknu árabili. Í öðru lagi Reykjanesskóli við Ísafjarðardjúp. Þar voru veittar 3 millj. kr. til undirbúnings og byrjunarframkvæmda á stækkun á kennsluhúsnæði við þann skóla. Í þriðja lagi var Reykholtsskóli, og voru til hans veittar 5 millj. kr., til undirbúningsframkvæmda við byggingu 1. áfanga nýrrar heimavistar. Stofnkostnaðarframlag til annarra héraðsskóla var í fjárveitingum þessa árs framhaldsfjárveitingar til að ljúka tilteknum áföngum, sem áður var byrjað á, eða til þess að greiða skuldir við ríkissjóð.

Ég vil vona, að svar hæstv. menntmrh. verði frekar á þá leið, að ríkisstj. hafi gert áætlun um uppbyggingu allra héraðsskóla á landinu, en ekki að taka ákvörðun um uppbyggingu á einum skóla á kostnað hinna. Ég sé ekki örla á því, að það eigi að gera stórátak í sambandi við uppbyggingu héraðsskólanna almennt, því að í fjárlagafrv., sem lagt var fram hér í þingbyrjun, er nákvæmlega sama upphæð og er í fjárlögum yfirstandandi árs til allra héraðsskóla á landinu, en hún á vafalaust eftir að hækka í meðförum fjvn.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 2. þm. Vestf. um byggingu héraðsskóla er svolátandi:

„Hefur ríkisstj. ákveðið að byggja upp alla héraðsskóla á landinu á tilteknu árabili, og ef svo er, hvað er áætlað, að uppbygging hvers héraðsskóla um sig kosti og hve langan tíma á hún að taka?"

Spurningunni er þessu til að svara: Á síðustu árum hefur orðið veruleg breyting á stöðu héraðsskólanna í skólakerfinu. Unnið hefur verið markvisst að því að lengja skólagöngu í mörgum sveitarfélögum dreifbýlisins, sem áður höfðu aðeins barnafræðslu eða barnafræðslu og 1. bekk unglingastigs. Þetta hefur haft í för með sér, að héraðsskólarnir hafa fengið betur undirbúna nemendur og kennslan horfið meir og meir af sviði skyldunámsins. Í aprílmánuði 1968 efndi menntmrn. til ráðstefnu í Reykjavík með skólastjórum allra héraðsskólanna um málefni þessara skóla. Voru þar sérstaklega rædd eftirgreind atriði. Í fyrsta lagi stærð héraðsskólanna, þ. e. æskilegur nemendafjöldi í heimavistarskólum gagnfræðanáms. Í öðru lagi möguleikar á því, að héraðsskólarnir hætti að veita viðtöku öðrum en þeim, sem lokið hafa skyldunámi, og þá, hvort auka ætti einum eða fleiri bekkjum við skólana. Á ráðstefnu þessari náðist full samstaða um, að miða skyldi stærð skólanna við 120—150 nemendur, og einnig var samstaða um, að æskilegt væri, að héraðsskólarnir yrðu framvegis fyrst og fremst fyrir nemendur, sem hefðu lokið skyldunámi, þótt einstök frávik kynnu að verða frá þessu. Segja má, að þróun í byggingarmálum og kennslumálum héraðsskólanna hafi í stórum dráttum verið í samræmi við þessar niðurstöður. Héraðsskólarnir eru smátt og smátt að fella niður unglingadeildir, þ. e. 1. og 2. bekk núv. gagnfræðastigs, og skólaárið 1970—1971 höfðu aðeins þrír þeirra 1. bekk unglingastigs. Á sama tíma hefur kennsla í 3. og 4. bekk gagnfræðastigs verið samræmd í héraðsskólum, og komnar eru framhaldsdeildir gagnfræðanáms við tvo héraðsskóla, Eiðaskóla og Reykholt. Hefur menntmrn. undanfarin ár gert till. til fjárlaga, er miðað hafa að uppbyggingu og endurbyggingu héraðsskólanna í samræmi við þessi markmið.

Gert hefur verið yfirlit um framlög til byggingarframkvæmda einstakra héraðsskóla á árabilinu 1963—1971, á átta ára bili. Þá kemur í ljós, að þar er efstur á blaði Núpsskóli, sem hefur hlotið hæst byggingarframlög á þessu tímabili, 36 millj. 438 þús. kr. Annar í röðinni er héraðsskólinn í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Hans hlutur af framlögum til byggingarframkvæmda héraðsskóla nam á átta árum, 1963—1971, 30 millj. 706 þús. kr. Þriðji í röðinni er Eiðaskóli. Til hans hafa gengið 22 millj. 259 þús. kr. Fjórði í röðinni er Reykjaskóli, hann hefur hlotið 17 millj. 665 þús. kr. Fimmti í röðinni er Reykholtsskóli með 16 millj. 883 þús. kr., sjötti Skógaskóli með 8 millj. 946 þús. kr., og sjöundi og síðasti er Laugarvatnsskóli, sem fengið hefur 4 millj. 690 þús. kr.

Að undanförnu hefur verið unnið að áætlun um heildarskólaskipan dreifbýlisins. Er sýnilegt, að héraðsskólarnir þurfa um sinn a. m. k. að gegna ákveðnu hlutverki innan skyldunámsins, ekki síst ef það kynni að verða lengt, eins og gert er ráð fyrir í grunnskólafrv., sem lá fyrir síðasta Alþ. Hlutverk héraðsskólanna í framtíðinni verður hins vegar vafalaust fyrst og fremst að veita viðbótarnám við skyldunám, enda er almennur áhugi á því, að nemendur geti hlotið sem mesta almenna fræðslu heima í héraði. Nú hefur verið ákveðið að boða til annarrar ráðstefnu með skólastjórum héraðsskólanna á næstunni, einmitt til að ræða áfram stöðu héraðsskólanna í skólakerfinu og framtíðarhlutverk þeirra og uppbyggingu, m. a. hugsanlega verkaskiptingu milli skólanna um sérhæft framhaldsnám.

Héraðsskólarnir hafa, eins og allir vita, gegnt þýðingarmiklu hlutverki í fræðslumálum landsins um langt skeið. Þeir voru áður sameign heimahéraðanna og ríkisins, en fyrir nokkrum árum var samþ. heimild til, að ríkið tæki að sér rekstur skólanna að öllu leyti, og hafa allir héraðsskólarnir notfært sér þá heimild nema héraðsskólinn að Laugum í Þingeyjarsýslu. Meðan héraðsskólarnir voru sameign héraðanna og ríkisins, áttu þeir oft í miklum fjárhagserfiðleikum. Á liðnum árum fóru allmiklir fjármunir til að greiða gamlar skuldir, og í seinni tíð hefur verið varið verulegum fjármunum til þess að bæta aðstöðu skólanna, bæði húsnæðislega og á annan hátt. Og síðan ráðstefnan var haldin 1968, hefur markvisst verið miðað við, að skólarnir yrðu ýmist fyrir 120 eða 150 nemendur og að öll aðstaða á skólastaðnum, húsnæði, kennaralið og kennslutæki, yrði við þetta miðuð. Í seinni tíð er og miðað við, að við héraðsskólana verði starfandi framhaldsdeildir gagnfræðanáms eða önnur kennsla á því stigi.

Sem einn lið í uppbyggingu héraðsskólanna má nefna, að nú hefur verið tekin ákvörðun um af ríkisstj. hálfu, að veittar skuli 15 millj. kr. á ári til stofnkostnaðarframkvæmda héraðsskólans að Reykholti í Borgarfirði miðað við 150 manna skóla, sem sé fær um að veita 3—4 ára kennslu til viðbótar skyldunámi. Hér er um mikla viðbót að ræða í fjárframlögum til héraðsskólamála almennt, því að miklar framkvæmdir hafa

átt sér stað í byggingarmálum annarra héraðsskóla á undanförnum árum, til að mynda sérstaklega að Núpi í Dýrafirði, í Reykjanesi, að Eiðum, Reykjum í Hrútafirði og yfirleitt eitthvað verið gert við alla skólana, þó að mjög misjafnt hafi verið, eins og kom fram af yfirlitinu, sem ég las. Ekki liggur fyrir áætlun um, hversu miklu þarf að verja til hvers héraðsskóla til þess að ná því marki, sem keppt er að um fullbúinn héraðsskóla fyrir 120—150 nemendur. Og einnig er erfitt að segja um, hve langan tíma slík uppbygging tekur. En í þessa átt er stefnt, og núv. ríkisstj. hefur sérstakan áhuga á að greiða fyrir nauðsynlegum skólabyggingum í landinu.

Fyllri svör er ekki unnt að veita við fram borinni fsp. að þessu sinni, en ég vænti, að þessar upplýsingar veiti hv. fyrirspyrjanda þá vitneskju, sem hann leitar eftir með fsp. sinni.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. menntmrh. Ég bjóst nú varla við að fá tæmandi upplýsingar um framlög til hinna einstöku héraðsskóla allmörg ár aftur í tímann. Hins vegar hef ég framlög til þessara skóla frá 1963—1971, en þegar ráðh. nefnir upphæðir til stofnkostnaðar skóla, þá auðvitað er ekki hægt að taka þar tiltekið árabil. Skólarnir standa á hverjum tíma misjafnlega hvað snertir framkvæmdir heima fyrir, og ég hygg, að það sé ekki neitt ágreiningsefni þeirra manna, sem þekkja til þessara mála, að skólarnir að Núpi og Reykjanesi voru mjög skammt á veg komnir í uppbyggingu, þegar lögunum var breytt á þann veg, að ríkissjóður kostaði að öllu leyti héraðsskólana. Fleiri héraðsskólar komu þar einnig til greina, enda hefur engin heildaráætlun legið fyrir. Það hafa legið fyrir beiðnir á hverjum tíma, á hverju ári frá hinum einstöku héraðsskólum, sem embættismennirnir hafa lagt fyrir fjvn. og hún hefur svo fjallað um og tekið til greina þær beiðnir, sem hafa verið mest aðkallandi hverju sinni, og þær beiðnir, sem voru mest aðkallandi að dómi fjvn. að fara út í, voru beiðnir þessara þriggja héraðsskóla, sem ég nefndi áðan og voru tekin byrjunarframlög til, Reykholtsskóla, Reykjanesskóla og Reykja í Hrútafirði. Hins vegar hefur það verið áberandi, að héraðsskólinn að Núpi í Dýrafirði hefur verið með tiltölulega hæst framlag á undanförnum árum, en þeim framkvæmdum er nú lokið að verulegu leyti með fjárveitingu þessa árs að undantekinni tiltölulega smárri framkvæmd, sem er í áætlun ársins 1972.

En það, sem mér finnst óeðlilegt að mörgu leyti, er, að ríkisstj. tekur ákvörðun um það að verja árlega ákveðinni upphæð til eins ákveðins skóla. Hvers vegna tekur ríkisstj. sér þá ekki fyrir hendur að ákveða öll stofnfjárframlög til allra skólabygginga á landinu? Hvað er þá orðið starf fjvn. og fjárveitingavaldsins? Er núv. ríkisstj. með þessu að taka ákvörðunarvaldið úr höndum fjárveitingavaldsins hvað snertir einhverjar ákveðnar stofnanir? Þetta hefur ekki þekkzt fyrr, og það er þetta, sem mér finnst athugavert. Það má enginn skilja orð mín á þann veg, að ég vilji á nokkurn hátt minnka eða gera lítið úr hlutdeild þeirrar ágætu menntastofnunar, sem Reykholtsskóli er. Það er aðeins þetta, að þessi ákvörðun hefur verið í höndum fjvn., hún hefur verið í höndum Alþ., en mér finnst, að með þessari ákvörðun sé ríkisstj. eða ríkisvaldið að hrifsa til sín æ meira, en ég verð nú að segja það, að hvort sem ég hef talað við stjórnarandstæðinga eða stjórnarþm. bæði nú og áður, þá hefur það verið mjög ákveðinn vilji alþm. almennt að færa ekki meira vald úr höndum Alþ. til framkvæmdavaldsins, heldur halda í það ákvörðunarvald, sem Alþ. hefur. Ég er einn úr hópi þeirra þm., sem vil halda í það vald, hvort sem ég styð ríkisstj. eða ekki. Og það er þetta, sem ég legg höfuðáherzlu á og vil beina til hæstv. ríkisstj. að fara ekki inn á þessar brautir, því að ég held alveg örugglega, að það sé ekki þingmeirihluti fyrir því að breyta hér um frekar en orðið hefur á undanförnum árum.

Jón Árnason: Herra forseti. Við heyrðum hér áðan skýrslu hæstv. menntmrh. um ákveðnar fjárveitingar á vissu tímabili til héraðsskólanna. En ég tel ástæðu til þess að vekja sérstaka athygli á þeim tölum, sem þar komu fram, að það er nokkur ástæða fyrir þeim í vissum tilfellum, og ég vil í því sambandi benda á það, að bæði Reykjanesskólinn við Ísafjarðardjúp og Eiðaskóli urðu fyrir því áfalli á þessu tímabili, að þeir brunnu, og það varð svo mikið tjón, að ekki varð hjá því komizt að taka þessa skóla út úr og veita þeim verulegar fjárveitingar. Og það á sína sögu, sem sjálfsagt er að segja, hvað þeir hafa fengið meiri fjárveitingar en aðrir. Það var ekki nema um tvennt að gera, annaðhvort lögðust þessir skólar niður ellegar það varð að veita verulegar fjárveitingar til að byggja þá upp á ný, og það var gert.

En að ég tók til máls í sambandi við þessi mál var í fyrsta lagi vegna þess, að ég var viðstaddur skólahátíðina í Reykholti í sumar eða haust, þar sem hæstv. fjmrh. tilkynnti um ákvörðun ríkisstj. varðandi fyrirhugaða uppbyggingu Reykholtsskólans. Með því að ég tel, að þær upplýsingar, sem þar komu fram, bæði frá skólastjóra og fleirum, varðandi áform um áframhaldandi uppbyggingu skólans, hafi verið mjög villandi, vil ég segja hér nokkur orð um þetta mál.

Eins og fram kom hér áðan, er í fjárlögum yfirstandandi árs fjárveiting til nýbygginga í Reykholti um 5 millj. kr., og það var ætlað til byrjunarframkvæmda á næsta áfanga. Það var svo 4. maí s. l., að nefnd þeirri, er fjallar um opinberar framkvæmdir, barst bréf, þar sem farið er fram á heimild til þess að hefja byggingu heimavistarhúsnæðis fyrir 64 nemendur ásamt tveimur kennaraíbúðum. Einnig var farið fram á heimild til þess að byggja húsnæði fyrir mötuneyti, eldhús og borðsal, og í því húsi skyldi einnig komið fyrir heimavist fyrir 28 nemendur í viðbót. Þegar tillit var tekið til þeirrar fjárveitingar, sem hér var um að ræða, var það augljóst mál, að umræddum framkvæmdum yrði að skipta í áfanga, og þá var rætt um það við skólanefndina, hvað skyldi ganga fyrir. Samkomulag varð um það að leggja áherzlu á heimavistarhúsnæði fyrir 64 nemendur og að í því húsi yrðu einnig tvær kennaraíbúðir. Þann 16. júní kemur síðan bréf til nefndarinnar frá menntmrn., þar sem skýrt er frá því, að rn. telji, að frumathugun varðandi næsta áfanga við byggingu Reykholtsskóla sé nú lokið. Á þessum fundi var samþ. að láta ljúka teikningum og öðrum undirbúningi að umræddum áfanga, þ. e. næsta áfanga, og við það miðað, að framkvæmdir gætu hafizt á s. l. sumri. Það var svo seint í ágústmánuði, að ég spurðist fyrir um það, hvað liði undirbúningi og teikningum að væntanlegri byggingu. Ég fékk þá

þau svör, að teikningar væru ekki nógu langt komnar, svo að hægt væri að bjóða verkið út. Það skal þó tekið fram, að skólanefndin ásamt skólastjóra hafði ráðið sérstaka arkitekta til þess að vinna verkið, og var þeim falið að fylgja þessu máli eftir, svo að verkinu gæti lokið sem fyrst.

Ég taldi rétt, að þessar upplýsingar varðandi fyrirhugaða uppbyggingu Reykholtsskólans kæmu fram við þessar umr., svo að það verði ekki misskilið, að án þeirrar samþykktar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert varðandi uppbyggingu á Reykholtsskóla, hefði orðið um stöðnun að ræða á áframhaldandi uppbyggingu skólans. Ég vil hins vegar að lokum sem einn af stuðningsmönnum Reykholtsskóla fagna þeirri ákvörðun ríkisstj., að áframhaldandi uppbygging skólans verði tryggð.

12. Neytendavernd.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til viðskrh. um neytendavernd [75. mál, 2] (A. 83).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Sigurður E. Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. viðskrh. á þskj. 83 um það, hvað líði undirbúningi að setningu löggjafar um neytendavernd. Ég tel, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða og flutti s. l. vor þáltill. um, að ríkisstj. væri falið að gangast fyrir gerð lagafrv. í þessa átt. Sú till. fékk þó ekki afgreiðslu, enda var þingi rétt að ljúka, en hins vegar mun þáv. hæstv. viðskrh. hafa lagt þá þegar drög að samningu slíks frv. Er fsp. mín nú í beinu framhaldi af því.

Það er sjálfsagt óþarfi að fara beinum orðum um nauðsyn þess, að sett verði hér á landi lög um neytendavernd. Mér virðist það blasa við, og í rauninni hefði átt að vera búið að setja þau fyrir löngu. Mér sýnist réttur neytandans vera mjög fyrir borð borinn hvert sem litið er. Sterk og öflug gróðaöfl sækja fast að neytendum og nota í sína þágu öflugustu áróðurstæki nútímans, sjónvarp, útvarp og dagblöð. Herkostnaðinn gegn sjálfum sér borgar þó auðvitað neytandinn sjálfur, því að vitaskuld er áróðurskostnaðurinn innifalinn í verði þeirrar vöru eða þjónustu, sem hann er svo eindregið hvattur til að kaupa. En það er þó ekki aðeins, að neytandinn sé í svo ríkum mæli ofurseldur mætti hinna öflugu áróðurskerfa, heldur ber einnig tvennt annað til. Í fyrsta lagi eru framleiðendur og seljendur í hinum vestræna heimi löngu komnir upp á lag með að skapa þarfir hjá neytendum, telja þeim trú um, að hin og þessi þörfin sé fyrir hendi, og síðan framleiða þeir vörur og þjónustu til að mæta henni. Í annan stað er á það að líta, að neytendur hafa oft og tíðum litla sem enga tryggingu fyrir gæðum þeirrar vöru, sem að þeim er haldið og þeir svo gjarnan festa kaup á. Oft og tíðum reynist vera um lélegar vörur að ræða, en þá verður þó engum vörnum við komið. Seljendur fara gjarnan undan í flæmingi og telja sig lítt ábyrga, og einstaklingurinn fær litlu eða engu áorkað. Vitaskuld er ekki því að leyna, að á þessu sviði sem öðrum er að finna fjölda heiðarlegra framleiðenda og seljenda, en því miður er líka of mikið af hinu taginu, því, sem ég var að lýsa. Enginn opinber aðili, hlutlaus og réttsýnn, hefur þá ábyrgð á hendi hér á landi að framkvæma gæðakönnun á þeim varningi eða þjónustu, sem boðin er til sölu, og enginn slíkur hefur heldur tök á að tryggja, að framleiðendur og auglýsendur gangi ekki langtum of langt í áróðurssókn sinni á hendur neytendum. En einmitt slíkur aðili þarf að koma til sögunnar og það fyrr en síðar. Það verður ekki gert nema með sérstakri lagasetningu, og ég vænti þess, að hún sé í bígerð.

Hér á landi hafa tveir aðilar borið hita og þunga þess starfs, sem unnið hefur verið í þágu neytenda á þessu sviði undanfarin ár. Ég hygg, að öllum sé kunnugt um það, að það eru Neytendasamtökin og Kvenfélagasamband Íslands. Öllum hv. alþm. mun að nokkru kunnugt þetta starf, m. a. af því að fjárlagastyrkur til þeirra mun nú samtals nema um 800 þús. kr. Ég tel, að því fé sé vel varið. Neytendasamtökin halda uppi verulegri starfsemi í þágu neytenda, einkum upplýsingastarfsemi að því er mér hefur virzt, og Kvenfélagasambandið heldur einnig uppi víðtækri fræðslustarfsemi fyrir félagsmenn sína, sem eru um 18 000 talsins. En svo vel sem um alla þessa starfsemi er, þá er þó skemmst frá því að segja, að hún er engan veginn fullnægjandi nú á tímum. Hér er þó þrátt fyrir allt aðeins um fremur veikburða félagasamtök að ræða, sem vitaskuld eru vanmegnug gagnvart miklum fjölda öflugra og auðugra framleiðslu-, sölu- og áróðursfyrirtækja. Ætla mætti þó, að stoð kynni að vera í lögum um ólögmæta verzlunarhætti nr. 84 frá 1933. En hvort tveggja er, að vafalaust þyrftu þau mikillar endurskoðunar við, og eins hitt, að samkv. síðasta tölublaði Neytendablaðsins, nr. 3 á þessu ári, er dreift hefur verið á borð hv. alþm., þá lýsti háttsettur opinber aðili því nýlega yfir, að þessi lög eigi fyrst og fremst að vernda seljendur fyrir óheilbrigðri samkeppni annarra seljenda og komi neytendum ekki beint við, eins og blaðið hefur eftir þessum ónafngreinda aðila, með leyfi forseta.

Í þessu sama tölublaði er fullyrt, að á Íslandi sé neytandinn hornreka, og mun það ekki ofsagt. Það er líka satt, sem í þessu blaði segir, að löngum hefur lagasetning hér á landi mun frekar verið sniðin með sjónarmið og hag fjármagnseigenda og framleiðenda í huga en hagsmuni neytenda og alls almennings. Það er út af fyrir sig ekki undrunarefni, þótt það sé harmsefni og byggist vitaskuld á þeirri staðreynd, að fjármagnseigendur og gróðaöfl hafa löngum verið ráðamikil hér á hv. Alþ. og í ríkisstj. En allt þetta sýnir, hvílík nauðsyn er á því, að hið opinbera skerist nú í leikinn hinum minni máttar til verndar.

Ég hef svo þessi orð ekki öllu fleiri, herra forseti, en legg áherzlu á, að hér er um að ræða afar stórt hagsmunamál fyrir allan almenning í þessu landi að mínu mati. Í nálægum löndum hafa risið upp samtök og stofnanir, sem gæta hags neytandans gagnvart hinum fíknu gróðaöflum markaðsþjóðfélagsins, sem fás eða einskis svífast, ef því er að skipta. Það hafa einnig verið sett lög í þeim löndum, sem ætlað er að gæta eða tryggja hag hins almenna neytanda í viðskiptum hans við ofurveldi markaðarins. Þótt íslenzka þjóðfélagið sé ekki stórt, þarf engu að síður til að koma slík hagsmunavarzla hér á landi. Hún verður að byggjast á lagasetningu, sem nú á vonandi skammt í land.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er: „Hvað líður undirbúningi að setningu laga um neytendavernd, og hvenær má búast við, að frv. þess efnis verði lagt fyrir Alþ.?“ Svar viðskrn. við þessari spurningu er á þessa leið:

„Í jan. s. l. fól viðskrn. Hrafni Bragasyni lögfræðingi að semja frv. til l. um neytendavernd. Fyrir rúmum mánuði sendi Hrafn rn. drög að frv. ásamt grg., þar sem gert er ráð fyrir að koma á fót stofnun, er fari með mál, er varða neytendavernd og annist jafnframt eftirlit með samkeppnishömlum. Málið er nú til athugunar hjá rn., og um framhald þess er ekki hægt að segja á þessu stigi.“

Ég hef litlu við þetta að bæta. Málið hefur verið rætt nokkrum sinnum við þá aðila, sem hér eiga verulegan hlut að máli, en þær till., sem liggja fyrir í frv.-formi, eru yfirgripsmiklar, og það tekur nokkurn tíma að fara yfir þær og átta sig á því, hvort rétt þykir að leggja frv. fyrir Alþ. í því formi, sem það hefur borizt rn. Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda, að hér er um mjög mikilsvert málefni að ræða og eflaust brýn þörf á því, að sett verði löggjöf um þessi málefni, en á þessu stigi málsins treysti ég mér ekki til þess að segja neitt nánar um það, hvenær málið kann að verða lagt hér fyrir Alþ., en að undirbúningi þess er unnið.

Fyrirspyrjandi (Sigurður E. Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir svar hans og þær upplýsingar, sem hann hefur gefið um þetta mál. Óneitanlega hefði mér þótt betra, að þetta mál væri komið lengra á veg, en þó er ekki með sanngirni hægt að bregða viðskrh. eða rn. um það, að það hafi sofið á verðinum, því að ekki eru þó nema nokkrar vikur liðnar frá því, að frv.-drögin frá Hrafni Bragasyni lögfræðingi bárust rn. Ráðh. sagði einnig, að hann gæti ekki lofað neinu um það, hvenær frv. yrði lagt fyrir hv. Alþ. þessa efnis eða í hverju það frv. yrði fólgið, að hverju það stefndi. Ég get vel skilið, að ráðh. þarf sinn tíma til þess að athuga þessar till. gaumgæfilega, en ég heiti á hann, að hann leggi alla áherzlu og allt kapp á að hraða þeirri athugun sem allra mest, svo að unnt sé að leggja málið fyrir Alþ. í þeirri mynd, sem hann og rn. og hæstv. ríkisstj. telja heppilegast, því að, eins og ég sagði áðan, ég tel, að hér sé um mikið hagsmunamál að ræða fyrir allan almenning og það megi ekki dragast lengi úr þessu, að því verði komið á framfæri og í lög hér á hv. Alþingi.

13. Fjárveiting til æskulýðsmála.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um fjárveitingu til æskulýðsmála [75. mál, 6] (A. 83).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 16. og 17. fundi í Sþ., 23. og 25. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til menntmrh. á þskj. 83, svo hljóðandi:

Er 100 þús. kr. fjárveiting í fjárlagafrv. ríkisstj. til æskulýðsráðs ríkisins í samræmi við óskir og hlutverk æskulýðsráðs?

Með lögum nr. 24 frá 1970 var samþ. frv., sem lengi hafði legið hér fyrir þinginu og varðaði æskulýðsmál. Mál þetta hafði nokkuð dregizt, einkum vegna vissrar tortryggni, sem gætti í röðum æskulýðshreyfingarinnar þess efnis, að þetta mál væri þess eðlis, að þetta ætti að draga úr hinni frjálsu æskulýðshreyfingu og sníða henni þannig stakk, að hún heyrði nær eingöngu undir hið opinbera. Hér var um nokkurn misskilning að ræða, sem í ljós kom, að var að mestu ástæðulaus, og með lögum þessum eru flestir sammála um, að samþ. hafi verið mjög merk ákvæði, sem eiga að stuðla að öflugra æskulýðsstarfi í þessu landi. Það var mat manna, að hér hefðu verið mörkuð tímamót, og því var vel fagnað, ekki sízt meðal þeirra, sem þá sátu í stjórnarandstöðu, og ég minnist þess, að einn hv. þm. notaði þau orð um þetta frv., að það gæti jafnframt orðið til þess að koma á sáttum milli ungra og gamalla Íslendinga í þjóðfélaginu, svo að mikið var nú hlutverk þessa máls.

Samkv. lögunum er gert ráð fyrir því, að æskulýðsráð beiti sér fyrir ýmsu ráðstefnuhaldi á vegum æskulýðssamtaka og æskulýðsleiðtoga, styðji félags- og tómstundastarfsemi, efni til námskeiða, þjálfi leiðtoga, komi á sumarbúðum, stofni til útivistar og efni til ýmissa annarra nýjunga og tilrauna á þessum vettvangi. Það kom því mjög á óvart, þegar í ljós kom í nýútgefnu fjárlagafrv., að til æskulýðsráðs ríkisins var einvörðungu veitt 100 þús. kr. og styrkur til hinna ýmsu samtaka, sem í þessum sama lið eru nefnd, hækkaði lítið eitt. Ég hef ástæðu til að halda, að æskulýðsráð ríkisins hafi hugsað sér að fara af stað með myndarlegri hætti en svo að hafa til þess starfs 100 þús. kr. og vildi af þessum sökum leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort ekki mætti búast við því, að fjárveiting til þessara mála yrði hækkuð allverulega. Ég hef fyrr á þessu þingi beint fsp. til ráðh. og af öðru tilefni vegna mjög þröngra fjárveitinga til þess máls, og sá ráðh. brást mjög myndarlega við og lofaði hækkun á einu augabragði í svari til mín hér á Alþ. Ég vænti þess, að svör menntmrh. verði jafnmyndarleg í þessu máli.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 9. landsk. þm. er á þessa leið:

„Er 100 þús. kr. fjárveiting í fjárlagafrv. ríkisstj. til æskulýðsráðs ríkisins í samræmi við óskir og hlutverk æskulýðsráðs?"

Svar mitt við fsp. er svo hljóðandi:

Lög um æskulýðsmál eru frá 17. apríl 1970, og samkv. þeim lögum var komið á fót æskulýðsráði ríkisins. Æskulýðsráð gerði samkv. lögunum í fyrsta sinn till. til menntmrn. um fjárveitingar til æskulýðsmála við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1972, sem nú liggur fyrir hv. Alþ. Till. æskulýðsráðs um fjárframlög í fjárlögum 1972 námu samtals 6.1 millj. kr., þar af til æskulýðsráðs sjálfs 300 þús. kr. vegna ráðstefnuhalds og annars rekstrar, vegna einstakra verkefna til stuðnings félags- og tómstundastarfi 3.5 millj. kr. og bein framlög til æskulýðssamtaka 2.3 millj. kr. Menntmrn. sendi till. þessar áfram til fjmrn. og mæltist til, að þær yrðu teknar til greina við undirbúning fjárlagafrv. Við gerð fjárlagafrv. voru teknar í frv. 100 þús. kr. til æskulýðsráðs í staðinn fyrir, að farið var fram á 300 þús. Til einstakra verkefna var ekkert tekið í fjárlagafrv., en sem bein framlög til æskulýðssamtaka voru teknar 2 millj. 60 þús. í stað þess, að æskulýðsráð fór fram á 2.3 millj.

Að sjálfsögðu er enn óútkljáð, hver verður afgreiðsla Alþingis á fjárveitingum til þessara mála sem annarra við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972. En ég vil benda á, að í fjárlagafrv. eins og það liggur nú fyrir Alþ. eru í heild ætlaðar 29.1 millj. kr. til æskulýðs- og íþróttamála í stað 19.4 millj. kr. í þessu sama skyni á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Veldur þarna mestu hin mikla hækkun á fyrirhuguðum framlögum til íþróttasjóðs úr 5 millj. í 13 millj. og veruleg hækkun er einnig ráðgerð á framlagi til Ungmennafélags Íslands.

Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að fá sem mest fjármagn til æskulýðsmála. En það væri óraunsætt að gera sér ekki grein fyrir, að í mörg horn er að líta og endanleg afgreiðsla fjárlaga, bæði að því er varðar þessi mál og öll önnur, er háð getunni til þess að sinna hinum óendanlega mörgu og þýðingarmiklu verkefnum, sem jafnan eru miklu meiri en fjármagn leyfir, að leyst séu öll í einu.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fyrir svar það, sem menntmrh. hefur gefið við fsp. minni. Því miður varð mér ekki að þeirri von minni, að hann gæfi hér yfirlýsingu um, að þessi fjárveiting mundi hækka í meðförum, og veldur það mér að sjálfsögðu miklum vonbrigðum eins og öllum þeim aðilum, sem að þessu máli standa. Enda þótt ráðh. minnist hér á, að ýmsar fjárveitingar séu til æskulýðsmála, m. a. til Íþróttasjóðs og annarra stofnana, á öðrum liðum fjárlagafrv., þá er það ekki inntak minnar spurningar og er ekki höfuðatriði þessa máls. Með lögum um æskulýðsmál frá 1970 eru mörkuð ákveðin verkefni fyrir æskulýðsráð ríkisins og fyrir æskulýðsfulltrúa ríkisins. Þessi fulltrúi var ráðinn hér á s. l. ári, og æskulýðsráðið var skipað á síðasta ári, og þessir aðilar hófu þegar störf og hafa sett fram till. og hafa á prjónunum ýmiss konar starfsemi innan ramma þessarar löggjafar. Það er ekki hægt að sjá með góðu móti, hvernig þessu æskulýðsráði er ætlað að starfa í samræmi við lögin með 100 þús. kr. veganesti. Það hlýtur að standa næst þessum aðilum nánast að segja af sér þeim störfum, þegar virðing og umhyggja ríkisvaldsins er ekki meiri fyrir æskulýðsmálum og þessum lögum en raun er á.

Ég vil af þessu tilefni minna lítillega á, að þegar þetta frv. var til meðferðar á þinginu hér fyrir 1—2 árum síðan, var þáv. menntmrh. núið því um nasir, að hann hefði ekki hugsað sér að láta þessi lög koma til mikilla framkvæmda, og þó að þau segðu um mikinn og merkan hlut í sínum ákvæðum, þá stæði þetta mál og félli með fjárveitingunni til þessara mála. Með leyfi hæstv. forseta vildi ég leyfa mér að vitna til ummæla hv. þm. Jónasar Árnasonar við umr. um þetta mál á sínum tíma, en þar segir hann m. a. um menntmrh. og þann félagsskap, sem hann taldi hann vera í á þeim tíma:

„En þessi staðreynd, þessi vafasami félagsskapur, sem hæstv. ráðh. hefur valið sér, veldur mér einnig nokkrum beyg í sambandi við framkvæmd þeirra mála, sem ráðgerð eru í þessu frv. Það er talað um fjárveitingar. Það er hins vegar lítið talað um það, hve háar þær eiga að verða, né heldur hvernig þær verði tryggðar. Margt bendir sem sé til þess, að eftir að hæstv. menntmrh. hefði fengið frv. þetta samþ., færi fyrst verulega að reyna á einlægni hans í málinu og dugnað, hvernig honum tækist til með að fyrirbyggja óæskileg áhrif þess mammonssafnaðar, sem mestu ræður um aðgerðir hæstv. ríkisstj., og að tryggja nægan stuðning fjárveitingavaldsins. Það hygg ég, að verði þrautin þyngst."

Að endingu sagði þessi sami hv. þm.: „Þó að frv. þetta nefnist frv. til l. um æskulýðsráð, lít ég svo á, að framkvæmd slíkra laga eigi ekki að vera bundin einvörðungu við æskulýðsmál í þröngri merkingu. Ég vil vona, að framkvæmdin verði með þeim hætti, að frv. hefði eins mátt nefnast frv. til l. um heilbrigð samskipti og sættir milli ungra og gamalla Íslendinga."

Svo mörg voru þau orð. Svo merk voru þau verkefni, sem þessum lögum var ætlað að gegna. Nú spyr ég: Er ætlazt til þess, að æskulýðsráð sætti unga og gamla Íslendinga fyrir 100 þús. kr., og er það rétt, að núv. menntmrh. sé í engu betri mammonssöfnuði heldur en fyrrv. menntmrh.?

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef dregizt svolítið inn í umr. þessar. Hv. síðasti ræðumaður vitnaði í ummæli, sem ég viðhafði, þegar þetta mál var hér fyrst flutt.

En það vill svo til, að ég er nýlega kominn til þings og hef illa fylgzt með þróun ýmissa mála á þessu þingi, og ég skal játa það, að ég hafði ekki gert mér ljóst, að vægast sagt hefði ekki verið tekið rækilega til hendinni í sambandi við þessi mál, hvað fjárveitingar snertir. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að fjárveitingar, sem ætlaðar eru til þeirrar starfsemi, sem hér um ræðir, starfsemi æskulýðsráðs, eru að sjálfsögðu allt of litlar og þurfa að stóraukast, og ég fagna því að heyra þessa rödd af hálfu ungra sjálfstæðismanna. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að við, þó að allmikill aldursmunur sé á okkur, hv. síðasta ræðumanni og mér, sameinumst í að fá einhverju því framgengt, sem tryggt gæti betri og öruggari framgang þessara mála, sem eru sameiginlegt áhugamál okkar beggja. Ég ítreka það,

sem ég sagði í umræddri ræðu minni, sem vitnað var í hér áðan, að lausnin á æskulýðsmálunum er einmitt ekki sú, að æskulýðurinn sé, eins og ég held, að ég hafi orðað það þá, sorteraður í sérstakan dilk alla tíð stöðugt, heldur á að stefna að því hér á okkar landi, að sem mest samstarf og félagsleg samskipti eigi sér stað milli kynslóðanna. Ég álít, að mörg þessi æskulýðsvandamál okkar stafi af því, að við höfum flutt inn vandamálin frá öðrum þjóðum og stærri. Og tilhneigingin hér hefur verið þessi, að skilja að kynslóðirnar og tala sí og æ um einhver sérstök æskulýðsvandamál og byggja upp sérstaka æskulýðsstarfsemi, þar sem eldra fólkið er meira og minna útilokað. Þetta á að sjálfsögðu miklu meira við um Reykjavík en landsbyggðina, þar sem við vinnum saman í ungmennafélögunum á hvaða aldri sem við erum. En ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég er feginn því að heyra þessa rödd úr hópi ungra sjálfstæðismanna, og ég vænti þess, að við getum, ég og hv. síðasti ræðumaður, sameinazt um að fá einhverju því framgengt, sem verði til þess, að þessi mál fái skaplega lausn og skaplega skipan.

14. Málefni Siglufjarðar.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um málefni Siglufjarðar [88. mál, 2] (A. 99).

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hafði borið hér fram litla fsp. fyrir nokkru síðan og hafði vænzt þess, að hún yrði rædd svolítið fyrr, en hér er um að ræða fsp. varðandi málefni Siglufjarðar, og langar mig til að fara örfáum orðum um það mál.

Það mun hafa verið tilkynnt í sumar, að sett hafi verið á fót nefnd til að athuga sérstaklega málefni Siglufjarðar, en síðan hefur mér verið sagt, að í reynd hafi þetta ekki verið nefnd, heldur einhvers konar sérstakir trúnaðarmenn hæstv. ríkisstj., og fyrir því langar mig til að vita, hvort þetta var nefnd eða var ekki nefnd. Það voru þrír valinkunnir menn settir til þessa starfa, en þetta er nú kannske aukaatriði. Hitt er aðalatriðið, hvort nefndin eða ekki nefndin hefur skilað áliti eða skilað till. og hverjar þessar till. þá eru. Þarna var valið verkefnið „málefni Siglufjarðar“, sem er eitt tiltekið bæjarfélag. En nú vill svo til í Norðurl. v., að það er atvinnuleysi í báðum kaupstöðunum og flestum kauptúnum í kjördæminu. Það er atvinnuleysi, og það er yfirlýst í blöðum og annars staðar tilkynnt allri þjóðinni, að á þessum eina landskafla sé raunverulegt atvinnuleysi, þegar öll önnur eða flestöll önnur landssvæði vantar vinnuafl. Þess vegna hlýtur hér eitthvað að vera alvarlega að, um það er ekki að ræða. Og ég held líka, að það hefði verið betra að taka verkefnið „atvinnumál alls kjördæmisins“ til meðferðar, þegar svona stendur á. Enn fremur held ég, að það hefði ekki átt að saka málefnið, þó að stjórnarandstöðunni hefði verið boðið að hafa einhverja menn með í þessari athugun, og er ég þar með ekki að vantreysta þeim, sem til þess voru skipaðir. En staðreyndin er bara sú, að í þessu eina kjördæmi er nú á þessu herrans ári umtalsvert atvinnuleysi, og íbúarnir líta alls ekki allt of björtum augum fram á næstu mánuði. Þess vegna finnst mér það aðkallandi að fá að vita, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér að gera í þessum efnum, því að atvinnumál hljóta þó alltaf að vera efst á blaði hjá hvaða ríkisstj. sem er. Ég vænti þess, að á þessum málum öllum verði tekið með festu og alvöru. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið á málefnum eða er að taka á málefnum Siglufjarðar, en ég vildi mælast til þess, að málefni kjördæmisins alls í sambandi við atvinnumál væru tekin fyrir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á s. l. hausti sneru aðilar frá Siglufirði, þ. e. bæjarstjórn Siglufjarðar og atvinnumálanefnd Siglufjarðar, sér til ríkisstj. vegna iskyggilegs útlits í atvinnumálum kaupstaðarins og vegna fjárhagsvandræða bæjarfélagsins. Það varð úr, að ríkisstj. fól þremur mönnum að athuga málefni Siglufjarðar sérstaklega. Þetta átti sér stað seint í sept. Mennirnir, sem tilnefndir voru í nefndina, voru Ragnar Arnalds alþm., Jón Kjartansson forstjóri og Tryggvi Helgason, Akureyri. Þeir áttu að kanna ástand og horfur í atvinnu- og efnahagsmálum Siglufjarðar og gera till. til úrbóta. Þeir fóru til Siglufjarðar og dvöldu þar nokkra daga, ræddu við bæjarstjóra, atvinnumálanefnd Siglufjarðar, bæjarfulltrúa, forustumenn verkalýðsfélagsins, atvinnurekendur, stjórnendur Síldarverksmiðja ríkisins, ýmsa iðnaðarmenn og fleiri aðila. Og þar á staðnum fór einnig fram gagnasöfnun varðandi rekstur og afkomu atvinnufyrirtækja á staðnum og um hag bæjarfélagsins. Síðan var þessum viðræðufundum haldið áfram í Reykjavík í okt., og nefndin skilaði svo skýrslu til ríkisstj. um mánaðamótin okt.—nóv. Mér varð það óvart á að nefna nefnd. Ég geri nú ekki mikið með það, hvort hér verður talað um nefnd eða eitthvað annað.

Í skýrslu þessara manna er fyrst gerð stuttleg grein fyrir þeim erfiðleikum, sem við er að eiga á Siglufirði, og ég held, að það sé rétt, að ég aðeins reki það í örstuttu máli eða lesi það nánast upp, sem þeir segja um það atriði. Í skýrslunni segir svo, með leyfi forseta:

„Siglufjörður á í dag við að glíma mjög alvarlega erfiðleika og margvíslega samtvinnaða.

1) Atvinnuleysi var þar hlutfallslega miklu meira á s. l. vetri en í nokkrum öðrum kaupstað, og líklegt er, að atvinnuástandið eigi eftir að stórversna, ef ekkert er að gert.

2) Bæjarfélagið er stórskuldugt og gjaldfallnar skuldir rúmar 17 millj. kr. vegna ýmiss konar áfalla, og

er því bæjarfélagið ekki líklegt til mikilla átaka í atvinnumálum.

3) Bæjarfélagið er óvenjulega tekjulítið miðað við íbúafjölda, og er reiknað með, að á þessu ári verði tekjur á íbúa frá 50—100% hærri í sjö kaupstöðum landsins en á Siglufirði og í flestum öðrum kaupstöðum 30—50% hærri.

4) Tekjuleysi bæjarins á sér langa sögu og stafar ekki sízt af því, hve óvenjumikið hefur verið í bænum um opinberan rekstur, sem lítil gjöld hefur greitt.

5) Nú hefur það bætzt ofan á annað, að stærstu atvinnurekendurnir, hvort heldur er í opinberum rekstri, samvinnurekstri eða einkarekstri, hafa dregið saman seglin með ýmsum hætti. Kaupfélagið, sem áður var langstærsti verzlunaraðilinn, varð gjaldþrota á þessu ári og er nú úr sögunni. Báturinn Siglfirðingur hefur verið seldur úr bænum og útgerðarfélagið leyst upp. Auk þess er stærsti atvinnurekandi bæjarins, Síldarverksmiðjur ríkisins, algerlega fjárvana og rekstur Tunnuverksmiðju ríkisins í lágmarki."

Síðan eru svo í þessari skýrslu gerðar nokkrar till. um úrbætur. Þær eru í 13 liðum, og þó að ég nefndi nú till., þá mundi í sumu falli vera réttara að segja, að þar væri fremur um hugmyndir að ræða en beinar till. Ég held, að það væri skýrast, að ég læsi þetta upp orðrétt eins og það kemur frá nefndinni, með leyfi forseta:

„1) Fjárhagsmálefni Siglufjarðarkaupstaðar verði tekin til sérstakrar athugunar með það fyrir augum að breyta nokkru af gjaldföllnum skuldum og lánum til stutts tíma í lán til lengri tíma.

2) Lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt og að því stefnt, að opinber fyrirtæki greiði meiri gjöld *en nú er til sveitarfélaga, þar sem þau eru staðsett.* Jafnframt verði framkvæmd stóraukin jöfnun á milli sveitarfélaga með litlar tekjur og miklar.

3) Togaranum Hafliða verði haldið úti til veiða þrátt fyrir nokkurn taprekstur, a. m. k. þar til hinn nýi skuttogari Þormóðar rammi kemst í gagnið í ársbyrjun 1973.

4) Hlutafé Þormóðs ramma verði aukið úr 11 millj. í 40 millj. og verði ríkið eða stofnanir þess eigendur að 70% hlutafjárins, en heimaaðilar eigi 30% hlutafjár. Þormóður rammi h/f hafi hvort tveggja með höndum, *fiskvinnslu og útgerð togara og togbáta. Fyrirtækið taki* frystihús S.R. á leigu og hefji jafnframt undirbúning að byggingu nýs frystihúss, er taki við af því gamla, sem nú er að verða ónothæft til framleiðslu. Þormóður rammi kaupi togbát þegar á næstu vikum til hráefnisöflunar í staðinn fyrir Siglfirðing.

5) Siglóverksmiðjan verði gerð að sjálfstæðu ríkisfyrirtæki og sett undir sérstaka stjórn. Sýnt er, að verksmiðjan muni skila talsverðum hagnaði á þessu ári. Það er augljóst hagsmunamál fyrir ríkið að efla rekstur þessa fyrirtækis, sem hefur ágæt skilyrði til að verða til forustu og fyrirmyndar á þessu sviði iðnaðar, eins og raunar var ráð fyrir gert á sínum tíma. Til þess að verksmiðjan geti starfað árið um kring, þarf að auka vélakost hennar. Einnig þarf að afla henni rekstrarfjár, og sennilega verður fljótlega nauðsynlegt að stækka verksmiðjuna í þá stærð, sem fyrirhugað var." — Ég vona, að menn geri sér grein fyrir því, við hvað er átt, þegar talað er hér um Siglóverksmiðju, þ. e. niðurlagningarverksmiðju S.R.

„6) Miðað við svipaða síldarsöltun í haust og verið hefur undanfarin haust, virðist eðlilegt að stefna að því, að tunnuframleiðsla á Siglufirði verði tvöfalt meiri en nú er og fengju þá 40—45 menn vinnu við tunnusmíði fjórum mánuðum lengur en nú er. Síldarútvegsnefnd hefur þegar ákveðið að kaupa 10 þús. tunnur frá Noregi, en verðmunur á norskum tunnum og íslenzkum er lítill eða jafnvel enginn.

7) Reynt verði að sameina þá aðila, sem fást við smábátasmíðar á Siglufirði, með uppbyggingu öflugrar bátasmíðastöðvar með hugsanlegri þátttöku bæjarfélagsins, sem legði fram dráttarbrautina, og ríkisins, sem legði fram húsnæði, mjölskemmu síldarverksmiðjunnar Rauðku.

8) Aðalskrifstofa S.R. verði áfram á Siglufirði og annist m. a. bókhald fyrir þau fyrirtæki, sem ríkið er meirihlutaaðili að. Verkstæði S.R. verði fengin sjálfstæð verkefni auk venjulegrar viðgerðarþjónustu.

9) Hraðfrystihúsinu Ísafold verði veitt lán til að byggja hús til saltfiskverkunar og til línubeitingar fyrir viðskiptabáta frystihússins. Jafnframt verði Höfn h.f. veitt fyrirgreiðsla til að kaupa nýtt togskip á næsta ári.

10) Veitt verði lánafyrirgreiðsla til að koma upp Plastverksmiðju Vigfúsar Friðjónssonar. Áætlað er, að verksmiðjan muni kosta 12—14 millj. kr., en lán til verksmiðju þyrftu að nema 4½—5 millj. kr. Reiknað er með, að 42 karlar og konur fái vinnu við verksmiðjuna.

11) Ýmsum starfandi fyrirtækjum á Siglufirði verði veitt fyrirgreiðsla, til að þau geti aukið starfsemi sína, eins og nánar er rakið hér á eftir, og skulu sérstaklega nefnd hér Niðursuðuverksmiðja Egils Stefánssonar, Tréverk h.f. og Pokaverksmiðjan h.f. Áfram verði athugaðir möguleikar á að hefja álbátasmíði á Siglufirði og koma upp keramikverksmiðju, en nefndin telur sig ekki hafa á þessu stigi málsins nægilegar upplýsingar um fjármögnun, framleiðslukostnað og söluhorfur álbáta og leirmuna til að geta gert ákveðnar tillögur varðandi framangreind fyrirtæki, en leggur áherzlu á, að þessi mál verði könnuð nánar.

12) Í árslok 1970 átti útibú Útvegsbankans á Siglufirði tæpar 49 millj. kr. hjá aðalbankanum, en víxileign bankans og yfirdráttarlán námu á sama tíma samtals rúmum 18 millj. kr. Mjög er kvartað yfir útlánastarfsemi bankans, og ber brýna nauðsyn til þess fyrir atvinnurekstur inn á Siglufirði, að lánafyrirgreiðsla bankans verði þar ekki lengur lakari en annars staðar.

13) Rækjuleit. Nefndin telur nauðsyn bera til, að Hafrannsóknastofnunin hlutist til um, að frekari leit verði gerð að rækju fyrir Norðurlandi, þar sem telja verður, að verulegar líkur séu fyrir rækjuveiðum nyrðra."

Ég skal nú ekki hafa þennan lestur lengri, en þessar till. eða hugmyndir, sem koma fram í þessari skýrslu, hafa verið til athugunar og eru til athugunar hjá ríkisstj. Af ríkisstj. hálfu hefur þegar verið tekin afstaða til eins mjög mikilvægs atriðis, ég vil segja mikilvægasta atriðisins í þessum till., um uppbyggingu útgerðarfélagsins Þormóðs ramma, og hefur ríkisstj. fyrir sitt leyti fallizt á að vinna að uppbyggingu þess fyrirtækis á þeim grundvelli, sem lagt er til í þessum till., þ. e. að ríkið eða ríkisstofnanir verði þar aðili að 70% og hlutaféð verði aukið eins og þar segir. Vitaskuld er þessi ákvörðun

ríkisstj. gerð að áskildu samþykki og fullnægjandi heimild frá Alþ., þegar þar að kemur.

Í öðru lagi vil ég geta þess, að ríkisstj. hlutaðist einnig til um eða átti þátt í því, að gerðar voru ráðstafanir til þess, að unnt yrði að gera út togarann Hafliða. Og í þriðja lagi vil ég geta þess, að ríkisstj. veitti þá fyrirgreiðslu, sem nauðsynleg var, til þess að Síldarverksmiðjur ríkisins gætu fest kaup á því magni af síld, sem talin var þörf á vegna niðurlagningarverksmiðjunnar, og það magn var æði miklu meira en áður hefur verið.

Um önnur þau atriði, sem í þessum till. greinir er það að segja, eins og ég sagði, að þau eru í athugun hjá ríkisstj., og sérstaklega vil ég segja það, að það atriðið í þeim, sem líka er stórt, um sérstök fjárhags- eða greiðsluvandræði bæjarfélagsins, að það mál er í sérstakri athugun, en því miður er nú á svipaðan hátt ástatt hjá fleiri bæjarfélögum en þessu, og þess vegna er nú verið að athuga það, hvort mögulegt sé að veita einhverja fyrirgreiðslu í sambandi við það að breyta einhverjum af þessum lausaskuldum, sem valda þessum miklu greiðsluvandræðum hjá þessum bæjarfélögum, í fast lán til einhvers ákveðins tíma.

Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að það eru víðar atvinnuvandræði á Norðvesturlandi en þessum stað, sem hér er um að ræða. Hann veit sem þm. þessa kjördæmis, að við þm. þess höfum verið kvaddir til viðræðna við heimaaðila á sumum þeim stöðum, auk þess sem þeir hafa leitað til okkar hér, og ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að þreyta þingheim með því að fara að rekja þau málefni. En það má vissulega til sanns vegar færa, að það sé ástæða til þess að líta alveg í heild á málefni þessa kjördæmis. Þó hygg ég nú, að það geti varla vafizt fyrir nokkrum, að Siglufjörður hefur hér nokkra sérstöðu, talsvert mikla sérstöðu, vil ég nú segja.

Málefni þessara staða eins og annarra staða, sem við atvinnuvandræði eiga að glíma, verða, að ég vil vænta, tekin til sérstakrar athugunar af Framkvæmdastofnun ríkisins, þegar hún kemst á fót.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi hafi nú fengið nokkurt svar við sinni fyrirspurn. Skýrslan er nokkru lengri, en ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lesa hana yfir öllum þingheimi hér, en ég mun hlutast til um, að þm. kjördæmisins fái hana í hendur.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans greinargóðu skýrslu um málefni Siglufjarðar. Það er augljóst mál, finnst mér, að þessi nefnd, sem að málinu starfaði, hefur virkilega sett sig inn í þau viðfangsefni, sem þarna er við að eiga, og ég skal lýsa því yfir, að ég er algjörlega sammála þeim till., sem þarna eru gerðar, og vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. geti á sem allra stytztum tíma komið þeim í framkvæmd.

Það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að málefni Siglufjarðar standa kannske lakast af öllum þeim stöðum, sem ég nefndi áðan í Norðurlandi vestra og annars staðar á landinu, og þess vegna er brýnust nauðsynin á því að reyna að taka þau málefni fyrir fyrst, en það má ekki heldur líta fram hjá hinu, að aðrir staðir í þessu kjördæmi eiga í slíkum atvinnuerfiðleikum, að það má til að gera sérstakar ráðstafanir til að leysa þeirra vandamál. Mér finnst, að það hafi verið haldið rétt á málefnum Siglufjarðar. Ég fagna því, að svo hefur verið gert og gert svo rösklega, og sá var tilgangur minn með fsp., að fá einmitt þessa hluti upplýsta.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hér var spurt um störf nefndar, sem falið var að rannsaka málefni Siglufjarðar og ég átti sæti í. Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri til að taka undir með fyrirspyrjanda, að vissulega er brýn þörf á því að athuga málefni fleiri sveitarfélaga, bæjarfélaga á Norðurlandi, en Siglufjarðar. Það var mjög áberandi í fyrravetur og reyndar fram á sumar, að mikið atvinnuleysi var á nokkrum stöðum þarna norðurfrá og reyndar öllum stærstu stöðunum í þessu kjördæmi, Skagaströnd, Blönduósi, Hofsós, Sauðárkróki ásamt Siglufirði, og mér er nær að halda, að mikill meiri hluti af þeim, sem voru skráðir atvinnulausir t. d. í júnímánuði og júlímánuði í sumar, hafi átt heima einmitt á þessum stöðum. Mér er nær að halda, að það hafi verið nærri því ⅔ þeirra, sem voru skráðir atvinnulausir í sumar, sem voru af þessu svæði. Það liggur sem sagt í augum uppi, að gera þarf ítarlega framkvæmdaáætlun um atvinnuuppbyggingu í þessum landshluta, sem geti tryggt öllu vinnufæru fólki fullnægjandi atvinnu. Ég vil minna á, að það var einmitt þetta loforð, sem gefið var fyrir sex árum í samningum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga sumarið 1965, en því miður var þetta loforð ekki efnt. Ég vil undirstrika það hér, að nú verður að vinda bráðan bug að því að efna þetta loforð, en hins vegar vil ég undirstrika, að ég tel það ekkert óeðlilegt, að þarna hafi einn staður verið tekinn fyrir sérstaklega til að byrja með. Ég álít, að það sé einmitt gallinn á svonefndri Norðurlandsáætlun, sem nokkuð hefur verið unnið að á seinni árum, að þar voru vandamál einstakra staða ekki tekin nægilega föstum tökum. Þar var fyrst og fremst um að ræða mjög almennt orðaða skýrslugerð, sem raunverulega tók aldrei á því vandamáli, hvernig ætti að útrýma atvinnuleysi á hverjum einstökum stað. Ég álít, að þarna hafi verið rétt af stað farið, að þannig verði að taka á málum, taka einn stað af öðrum og brjóta vandamál hans til mergjar með vandlegri rannsókn, en síðan að sjálfsögðu að fella áætlanir um einstaka staði saman í samfellda framkvæmdaáætlun fyrir viðkomandi landshluta. Svo vil ég bara segja að lokum, að það er auðvitað einmitt þetta, sem á að verða verkefni væntanlegrar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hafa orðið hér um atvinnulíf á Norðurlandi og svonefnda Norðurlandsáætlun, fannst mér rétt, að ég leiðrétti aðeins örlítið af því, sem kom hér fram hjá síðasta ræðumanni. Það er þó rétt, sem kom fram hjá honum, að Norðurlandsáætlun var ekki gerð um einstaka staði á Norðurlandi. Hins vegar voru málefni einstakra staða þar ítarlega rædd í þeirri skýrslu sem út kom um áætlunina, en Norðurlandsáætlun var örvunaráætlun atvinnulífs á öllu svæðinu. Hún gerði ekki ráð fyrir því, að ríkið tæki að sér að reka fyrirtæki á Norðurlandi. Ég skal ekki með því segja, að það sé rangt, sem nú er gert, að ríkið ætli sér að gerast meiri aðili að atvinnurekstri á Siglufirði. Mér heyrðist einmitt koma fram í áliti nefndarinnar, sem hæstv. forsrh. fór hér um orðum, að það væri nú hluti af vandamáli

Siglufjarðar, hversu þátttaka hins opinbera í atvinnurekstri þar hefði verið mikil. Á hinn bóginn lít ég svo á og skal játa það hér, að það sé í rauninni engra úrkosta völ annarra en að Síldarverksmiðjur ríkisins, sem hafa verið svo mikill þátttakandi í atvinnulífinu á staðnum, aðstoði bæjarfélagið við það og einstaklinga á Siglufirði að koma upp hraðfrystihúsi, sem þar er um að ræða. En Norðurlandsáætlun gerði ráð fyrir því, að atvinnulíf á öllu Norðurlandi yrði eflt með þeim hætti að hafa til sérstakt fjármagn fyrir þá, sem vildu fá það fjármagn til þess að gera átök í þessu efni. Ég vil minna á það, að á Siglufirði voru gerð mjög myndarleg átök til atvinnuuppbyggingar, útgerð var efld til þorskveiða, þar var endurreist nýtt frystihús, Ísafold h.f., og fleiri aðgerðir voru gerðar á Siglufirði, sem bæði Norðurlandsáætlun átti þátt í og eins atvinnumálanefndir, sem þá voru starfandi.

Þegar menn ræða um atvinnumál á Norðurlandi, þá gæta menn þess ekki, að norðlenzkt atvinnulíf hefur fyrir margra hluta sakir sérstöðu hér á landi, sérstaklega á seinni árum. Árið 1969 var fimm sinnum meira atvinnuleysi á Norðurlandi en annars staðar á landinu. Þetta er staðreynd. Þetta stafaði af því, að norðlenzkt atvinnulíf hafði um langt skeið byggzt að verulegu leyti á útgerð á síld og vinnslu síldarafla. Auk þess er landbúnaður mjög mikill þáttur í atvinnulífinu á Norðurlandi, og hann hefur átt við erfiðleika að etja undanfarin ár. Þessi útgerð, sem er undirstaða atvinnulífs í norðlenzkum sjávarplássum, var rekin, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst með síldveiðar fyrir augum. En síldin fjarlægðist Norðurland og hvarf síðan. Útgerðin var líka byggð að verulegu leyti á því að sækja á vetrarvertíð til Suðvesturlands, og það kom fram hér fyrir nokkru á Alþ., að norðlenzkir bátar höfðu lagt meiri afla á land á Suðvesturlandi, þorskafla, yfir vetrarvertíðina sum ár en fyrir norðan allt árið. Þetta breyttist bæði með því, að gerðar voru ráðstafanir til þess, að útgerðin mætti fara fram með öðrum hætti á Norðurlandi, og eins með því að efla þar mjög aðstöðu til að vinna afla í landi. En menn verða að gera sér grein fyrir því, að þegar um svona djúptækan vanda er að ræða, þá verður hann ekki leystur með skjótum hætti, hvort sem um er að ræða raunverulega framkvæmdaáætlun, eins og hv. þm. talaði um hér áðan, eða áætlun, sem er til örvunar og eflingar atvinnulífi eins og Norðurlandsáætlun var hugsuð og er. Þetta er verk, sem verður ekki unnið á stuttum tíma.

Ég vildi aðeins bæta því við hér, að ég taldi ástæðu til þess að upplýsa hv. þm. um þetta, fyrst hér var vegið svo að þessu máli.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Út af þeirri fsp., sem hér er til umr., vil ég taka undir þær þakkir, sem færðar hafa verið hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf í sinni ræðu. Þær upplýsingar voru mér að nokkru kunnar áður, en ég legg áherzlu á það, að nauðsynlegt er að haga svo málum, að uppbygging þess fyrirtækis, sem þar er um að ræða, þ. e. bygging hraðfrystihússins og hafnargerð, sem þeirri framkvæmd hlýtur að verða samfara, verði undirbúin það fljótt, að ekki strandi á slíkri undirbúningsvinnu, svo að þau fyrirtæki geti tekið til starfa á öðru ári héðan í frá.

Það var nú ekki þetta, sem út af fyrir sig kom mér til að kveðja mér hljóðs, heldur ræða hv. 4. þm. Norðurl. v. hér áðan. Enda þótt þeirri ræðu hafi þegar verið að verulegu leyti svarað, þá vil ég til viðbótar vekja athygli á því, að vissulega hefur á undanförnum árum verið mikill vandi við að stríða í atvinnulífi Norðlendinga, og þá ekki sízt í okkar kjördæmi. Það er hins vegar ljóst, að á undanförnum árum hefur mikið verið unnið til þess að leysa þennan vanda, og það hefði hv. þm. átt að geta um í ræðu sinni hér áðan. Þegar hann gerði lítið úr þeim þætti, sem gerð og framkvæmd Norðurlandsáætlunar í atvinnumálum hefur sinnt í þessu efni, þá er um misskilning að ræða af hans hálfu.

Ég ætla ekki að rekja gang mála hvað það snertir í þessum skamma ræðutíma, enda var það verulega gert hér, af síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Norðurl. e. Hins vegar hefur í kjölfar framkvæmdar Norðurlandsáætlunar í atvinnumálum orðið mikil vakning í atvinnulífi Norðlendinga. Þar hafa nú þessi síðustu ár risið á fót ný fyrirtæki bæði í útgerð og iðnaði. Þessi atvinnufyrirtæki eru að taka til sín sí og æ meiri mannafla með tímanum sem líður og á það ríkan þátt í því að leysa atvinnuvandamál þess fólks, sem í þessum landshluta býr. Það er hins vegar rétt, að fram þarf að halda á þeirri braut, og það er vel, ef þeir, sem nú ráða ferðinni, vinna betur að þeim málum en gert hefur verið á undanförnum árum, og að því viljum við, sem erum þm. þessa kjördæmis, að sjálfsögðu vinna.

Það er almenn skoðun fólksins, sem býr í þessum landshluta, að vel hafi að ýmsu leyti verið unnið að þessum málum á undanförnum árum og að fram þurfi að halda á þeirri braut. Ég ætla ekki að fara út í þessi mál í einstökum atriðum frekar, en ég vil þó aðeins taka sem dæmi um það, hvert álit manna á þessu er, að t. d. á aðalfundi kjördæmisráðs Alþb. í Norðurl. v., sem haldinn var á Sauðárkróki 2. okt. 1971, var samþykkt svofelld ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá beinir fundurinn þeirri áskorun til þm. kjördæmisins og ríkisstj., að fylgt verði fast eftir þeim umbótum, sem þegar eru hafnar málefnum kjördæmisins til framdráttar, og ekki linnt fyrr en öllu atvinnuleysi hefur verið útrýmt af Norðurl. v."

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er nú ástæðulaust að lengja þessar umr. mjög mikið, en vegna þess að tveir seinustu hv. þm. hafa vikið að mínum málflutningi, þá sé ég mig tilneyddan að bæta hér nokkru við.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, sagðist eiginlega þurfa að standa upp til þess að leiðrétta það, sem ég hafði sagt hér áður. En það fór nú svo, að ég heyrði ekki, að hann leiðrétti eitt einasta atriði af því, sem ég hafði sagt, en kannske vannst honum ekki tími til þess, tíminn er naumur.

Ég sagði það í minni ræðu hér áðan, að árið 1965 hefði verið samið um, að gerð yrði framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland, sem tryggði öllu vinnufæru fólki þar fullnægjandi atvinnu, og ég minnti á það með örfáum orðum, að við það hefði nú ekki verið staðið, eins og sjá má á því, að fimm árum eftir að þetta loforð var gefið, þá var fimmti hver Norðlendingur orðinn atvinnulaus. Ég veit vel, að það var ekki einungis vegna þess, að lítið væri gert og aðgerðarleysi væri af hálfu yfirvalda, það var vissulega almennt atvinnuleysi á landinu á þessum tíma. En hitt er augljóst mál, að eitthvað hefur samt á

skort, úr því að þessi landshluti er núna, eftir að atvinnuleysi er almennt horfið á öllu landinu, eini parturinn á landinu, sem býr við atvinnuleysi. Og ég held, að þetta sýni eins glöggt og verða má, að þessi svokallaða Norðurlandsáætlun var misheppnuð að ýmsu leyti. Ég veit það vel og skal fúslega viðurkenna það, að í tengslum við Norðurlandsáætlun var veitt nokkurt fjármagn til einstakra fyrirtækja á Norðurlandi, en ég vil bara leyfa mér að fullyrða, að það hafi í meginatriðum verið gert án nokkurrar áætlunar eða fyrirhyggju og oft og tíðum hafi þetta fé nýtzt heldur illa. Ég nefni bara sem dæmi þá milljónatugi, sem eytt var í minkabúin á Norðurlandi. Ég tel, að sú ráðstöfun hafi verið afskaplega óskynsamleg til þess að bæta úr atvinnuleysi á Norðurlandi. Það vita allir, sem til þekkja, að minkabú, sem taka kannske til sín lán upp á nokkra tugi milljóna, eru fyrirtæki, sem ekki veita nema örfáum mönnum atvinnu, og ég álít, að þessu fjármagni hafi verið afskaplega óskynsamlega ráðstafað, ef meiningin var að útrýma atvinnuleysi með þessu fjármagni, eins og ég hélt, að ætlunin hefði verið. (Gripið fram í.) Nei, það var engum neitað um lán, sem vildi fá fjármagn að láni, og það má vel vera, að það sé rétt. En það eitt afsakar ekki út af fyrir sig, að atvinnuleysi hafi ekki verið útrýmt, því að ef ekki eru fyrir hendi þeir aðilar, sem vilja byggja upp fyrirtæki, sem eru til þess fallin að útrýma atvinnuleysi, þá verða stjórnarvöldin sjálf að gera ráðstafanir til þess að svo verði og hjálpa til að koma upp einhverjum þeim atvinnutækjum, sem geta þarna hlaupið í skarðið. Það er mín skoðun, en það virðist ekki hafa verið skoðun þeirra, sem að Norðurlandsáætluninni stóðu, og því fór sem fór, að á þeim tíma, sem verið var að framkvæma hana, þá vildi svo hlálega til, að atvinnuleysið fór heldur vaxandi en hitt og er sem sagt enn til skaða í meira mæli en var, áður en atvinnuleysið almennt skall yfir landið.

15. Sjónvarpsviðgerðir.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um sjónvarpsviðgerðir [105. mál, 3] (A. 126).

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort iðnfræðslukerfið gæti gert eitthvað til að bæta úr brýnni þörf á kunnáttumönnum á sviði sjónvarpsviðgerða.

Ég býst við, að það sé almennt viðurkennt, að úti um landsbyggðina sé vöntun á sjónvarpsviðgerðarmönnum, og þetta er afar bagalegt víða, þar sem þetta er tilfellið.

Útvarps- og sjónvarpsvirkjun er ein lokaðasta atvinnugrein á Íslandi. Hið gamla meistarakerfi annar hvergi markaðsþörfinni né eftirspurn eftir væntanlegum iðnnemum. Á hverju ári eru aðeins mjög fáir, sem fá að hefja nám í útvarpsvirkjun, og meistarar hafa strangt eftirlit með því, hversu margir bætast við í stéttina árlega. Er athyglisvert, hversu meistarar í útvarpsvirkjun virðast samhentir um að takmarka í stéttina.

Í sumum öðrum iðngreinum, eins og t. d. byggingariðnaðinum, verða iðnfræðsluyfirvöld að hafa sérstakt eftirlit með því, að iðnmeistarar yfirhlaði sig ekki iðnnemum, en það leitast þeir við að gera til þess að útvega sér ódýran vinnukraft. Að náminu loknu hefur framleiðsla iðnaðarmanna í þessum iðngreinum verið svo mikil, að nýútskrifaðir sveinar eiga oft erfitt um atvinnu, þ. e. iðnmeistararnir láta þá í mörgum tilfellum fara strax að loknu sveinsprófi, en fá í stað þeirra aðra nemendur. Fyrir þann vinnukraft þurfa þeir minna að greiða. Slík vandkvæði hafa komið upp. Kvartanir um það hafa margar borizt iðnfræðsluyfirvöldum, og því hafa þau þurft að gæta þess vel, að meistarar í þessum stóru iðngreinum yfirhlaði sig ekki af nemendum. Í því skyni hefur verið tekið upp kvótakerfi.

Vandamálið í útvarpsvirkjun er þveröfugt. Þar þurfa iðnfræðsluyfirvöld að hafa milligöngu um það að koma nemendum í nám hjá meisturum. Þar er það óþekkt, að iðnmeistarar yfirhlaði nemendakvóta sinn. Oftast er því á hinn veginn farið. Virðist því ríkja um það samstaða hjá iðnmeisturum í stéttinni að hafa sterkt eftirlit með fjölda iðnlærðra og hafa þá frekar neðan við markaðsþörfina en ofan við. Það eru iðnmeistararnir, sem öllu ráða um menntunartækifærin í hverri stétt. Iðnfræðsluyfirvöld hafa þar ekkert að segja og væntanlegir iðnnemar enn minna og markaðsþarfir tiltölulega mjög lítið. Eins og horfir í dag, geta ungir menn ekki komizt að sem nemendur í útvarps- eða sjónvarpsvirkjun nema fyrir einhvers konar kunningsskap, og fræðslumöguleikar meistarafræðslunnar í þeirri iðngrein eru ekki fullnýttir.

Iðnfræðsluráð hefur nokkur afskipti haft af þessum málum. Ungir menn leita iðulega til iðnfræðsluráðs um fyrirgreiðslu og hjálp við að komast í útvarpsvirkjun, og hefur stundum tekizt að aðstoða þá. Núgildandi lög um iðnfræðslumál fela í sér stórkostlega möguleika til alhliða endurbóta á iðnfræðslunni. Það er því rangt, að til þeirra skorti lagaheimildir. Það, sem skortir, er framkvæmd í anda laganna. Þetta er ekki öllum ljóst, sem ræða vandamál iðnmenntunar. Það er aðeins á framkvæmdinni sem stendur.

Fyrir einum þremur árum var settur á stofn skóli hér í Reykjavík, sem heitir Verknámsskóli málmiðnaðarins. Skólinn er venjulegur níu mánaða skóli og skiptist nokkuð jafnt milli verklegs og bóklegs náms. Þeir, sem hefja nám í skólanum, þurfa ekki að vera iðnnemar, þeir eru venjulegir skólanemar. Fari þeir hins vegar í iðnnám í einhverri málmiðnaðargrein að loknum skólanum, fá þeir eins árs styttingu í námi og setjast í þriðja bekk iðnskólans. Í skóla þessum læra menn ýmisleg vinnubrögð, sem sameiginleg eru ýmsum málmiðnaðargreinum, en útvarps- og sjónvarpsvirkjun telst til

þeirra. Ætlunin er að byggja ofan á þennan eins árs verknámsskóla fagskóla hinna einstöku iðngreina.

Sjónvarpsvirkjun er þannig fag, að mjög auðvelt er að koma upp verknámsskólafyrirkomulagi í sambandi við það. Hún er fyrst og fremst verkstæðisvinna og sem slík ákjósanlegt skólafag.

Víða í stórum verstöðvum úti á landi eru staðsettir menn, sem sérstaklega eru lærðir í viðgerðum siglingartækja. Þetta eru mjög flókin tæki, og ég ætlaði að stinga upp á því, hvort ekki væri hægt að setja upp einhvers konar námskeið fyrir slíka menn, sem gætu þá unnið að sjónvarpsviðgerðum úti um landið.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 2. landsk. þm. á þskj. 126 hljóðar svo:

„Hvað getur iðnfræðslukerfið gert til að bæta úr brýnni þörf á kunnáttumönnum á sviði sjónvarpsviðgerða?"

Svar mitt við fsp. hv. þm. er á þessa leið: Samkv. upplýsingum, sem menntmrn. hefur aflað sér, er áætluð viðbótarþörf fyrir útvarpsvirkja nú um 5—10 í Reykjavík og 20—30 utan Reykjavíkur. Haustið 1971, s. l. haust, hófst verknámsskóli fyrir útvarpsvirkja við Iðnskólann í Reykjavík. Er miðað við, að nemendur úr honum útskrifist vorið 1973 og fái að því loknu u. þ. b. sex mánaða starfsreynslu hjá meistara, áður en þeir ganga undir sveinspróf. Skóli þessi er í framhaldi af verknámsskóla málmiðnaðarins. Nemendur eru nú 12, þar af fjórir utan af landi, en átta af höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir, að teknir verði 12 nemendur í skólann haustið 1972, en í verknámsskóla málmiðnaðarins eru nú margir nemendur utan af landi, sem hafa áhuga á útvarpsvirkjun.

Eins og kunnugt er, skilaði verk- og tæknimenntunarnefnd ítarlegu nál. í júnímánuði s. l. um nýskipan verk- og tæknimenntunar í landinu. Nál. gerir ráð fyrir margháttuðum breytingum á skipulagi iðnfræðslu, og einn liður í því er, að allar námsbrautir í rafeindavirkjun verði tengdar saman innan iðnfræðslukerfisins. Meðal þessara greina eru útvarps- og sjónvarpsvirkjun. Gerir nál. ráð fyrir því, að námstilhögun í útvarps- og sjónvarpsvirkjun verði með verkskólasniði, þ. e. ekki nám samkv. námssamningi, og við þessa breytingu má gera ráð fyrir, að námstíminn styttist nokkuð og skili nemendum fyrr til starfa, auk þess sem þá á ekki að vera nokkur hætta á því, sem fyrirspyrjandi lýsti, að takmarkanir af hálfu meistara torveldi eðlilega aukningu í starfsgreininni.

Þess ber sérstaklega að gæta, að ef aðsókn að námi í útvarpsvirkjun yrði jafnmikil og nú er og allir þeir, sem nám hefja, færu til starfa í sinni sérgrein að námi loknu, mundi fljótt verða bætt úr þeirri þörf, sem nú er fyrir útvarpsvirkjun. Hins vegar er ekki hægt að gera ráð fyrir, að svo verði, því að þeir, sem hefja nám í útvarpsvirkjun, eiga ýmsar aðrar leiðir opnar, m. a. framhaldsnám í Tækniskóla Íslands, og ekki er unnt að gera ráð fyrir, að allur þessi hópur fari til starfa við útvarpsvirkjun.

Af framanskráðu er ljóst, að iðnfræðslukerfið sinnir nú þegar þessu verkefni, en hins vegar er jafnan álitamál, hve marga útvarps- og sjónvarpsvirkja þarf að mennta til að fullnægja markaðsþörfinni. Í samræmi við frekari áætlanagerð, sem fram hlýtur að fara í sambandi við framkvæmd nýskipunar í verk- og tæknimenntunarmálum, þarf m. a. að athuga nánar framboð og eftirspurn varðandi sjónvarpsvirkja, áður en tekin er ákvörðun um hugsanlega stækkun verknámsskóla fyrir útvarps- og sjónvarpsvirkja við Iðnskólann í Reykjavík.

Varðandi lokaorð hv. 2. landsk. þm. um möguleika á því, að viðgerðarmenn fiskileitar- og siglingartækja í verstöðvum hljóti þjálfun í útvarpsvirkjun að því er tekur til sjónvarpsviðtækja, svo að þeir geti til bráðabirgða hlaupið undir bagga um viðgerðir úti á landsbyggðinni, vil ég taka fram, að sú hugmynd hefur ekki verið athuguð, að ég viti. Sjálfsagt er, að það verði gert, og ég mun gangast fyrir því. Hins vegar kunna þar að koma upp vandamál varðandi iðnréttindi, án þess að ég vilji fullyrða, að þau séu óyfirstíganleg, en ég vil aðeins vekja athygli á þeim.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör. Ég heyri það á svari hans, að sú þörf, sem ég nefndi, er raunverulega fyrir hendi og að það er viðurkennt af fræðsluyfirvöldum, að þetta vandamál þurfi nú að takast á við. Mér heyrðist á þeirri áætlun, sem hann nefndi, um menntun á þessu sviði, að gangurinn mundi verða nokkuð hægur og nokkuð fáir koma til starfa árlega, a. m. k. næstu árin. Þess vegna vil ég enn halda því fram, sem ég sagði áður, að ég held, að það verði að taka á þessum málum öllum í heild og vera ekki að baka fólki óþarfa erfiðleika úti um landsbyggðina í sambandi við sjónvarpsviðgerðir, en sjónvörp munu nú vera orðin býsna víða á landinu.

Ég þakka hæstv. ráðh. einnig fyrir undirtektir hans um það að athuga, hvort tæknimenntaðir menn úti um landsbyggðina gætu kannske fengið einhvers konar bráðabirgðalöggildingu til þess að gera við slík tæki. Og í öllu falli er hér nauðsynlegt að taka á. Mér heyrðist hæstv. ráðh. vera á þeirri skoðun líka, og því fagna ég.

16. Íþróttamannvirki skóla.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um íþróttamannvirki skóla [105. mál, 4] (A. 126).

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. menntmrh.:

1. Er ætlunin að breyta þeim reglum, sem nú gilda

um stærð íþróttamannvirkja við skóla, þannig að þau séu miðuð við þarfir skólans og íbúa í næsta nágrenni?

2. Er ekki eðlilegast að miða stærð íþróttamannvirkja við það, að þau fullnægi eðlilegum kröfum um keppnisaðstöðu í sem flestum íþróttagreinum?

3. Er ekki nauðsynlegt, að ríkið leggi fé til byggingar sundlauga við skóla á sama hátt og til annarra íþróttamannvirkja?

4. Er ekki nauðsynlegt að marka ákveðna stefnu um það, hvað mörg íþróttahús, sem fullnægja alþjóðakröfum um stærð til keppni, t. d. í handknattleik, skuli reist á næstunni?

Ástæðan fyrir því, að ég hef hreyft þessum málum á þennan hátt hér á hv. Alþ., er fyrst og fremst sú, að ég tel, að við stöndum á tímamótum í þessum málum og því þurfi að endurmeta það, hvernig hagkvæmast sé fyrir okkur að verða við þeim kröfum samtíðarinnar, að æskufólk hvar sem er á landinu hafi sem svipaðasta aðstöðu til hvers kyns íþróttaæfinga og keppni án þess þó, að til þess fari meiri fjármunir en nauðsyn krefur. Víða á landinu eru skólar nú í uppbyggingu, og a. m. k. sums staðar eru þær framkvæmdir það langt komnar, að komið er að byggingu íþróttamannvirkjanna. Það má því ekki seinna vera, að þessi mál séu endurskoðuð og ný stefna mörkuð, því að þær reglur, sem settar voru árið 1969 samkv. skólakostnaðarlögum frá 1967 um stofnkostnað skóla, eru langt fyrir neðan þau mörk í flestum tilvikum, sem samtíðin gerir kröfur til um slík mannvirki. Hinir stóru innanhússhópleikir okkar tíma og hin stórauknu íþróttalegu samskipti milli félaga og ýmissa sambanda, hvað þá við erlenda íþróttaaðila, gera kröfur til aukins rýmis frá því, sem verið hefur. Það hlýtur að blasa við hverjum manni, sem á annað borð hefur fylgzt með þróun þessara mála, að ef stærðarmörkunum verður ekki breytt, þá koma fljótlega upp kröfur í þessum skólahéruðum um að byggja annað íþróttahús, þar sem íþróttahús skólans fullnægi engan veginn þörfum byggðarlagsins. Og það sama gildir um leikvelli. Það hlýtur að vera hagkvæmt fyrir alla aðila, að þessi mannvirkjagerð sé miðuð við að leysa þarfir skólans og skólahéraðsins samtímis, og þá þarf að miða stærð og gerð við það. Miðað við 130 nemenda skóla má ekki byggja stærri íþróttasal með fullri þátttöku ríkisins en 7×14 m eða um 100 m² sal miðað við þær reglur, sem nú gilda. En salur sem fullnægir nútímakröfum þarf að vera 18x33 m. Og eftir sömu reglum má stærð lóðar ásamt leikvöllum ekki vera meiri en 100 m² fyrir skólann + 30 m² fyrir hvern nemanda, sem er samtímis í skólanum, eða fyrir 130 nemenda skóla tæplega 3000 m². En venjulegur íþróttavöllur er 80×130 m eða um 10 400 m². Er ekki eðlilegt og hagkvæmt, að leiksvæði við skóla séu það rúmgóð, að þar megi koma við iðkun og keppni í sem flestum greinum íþrótta, sem iðkaðar eru úti á völlum? Sýnist ekki eðlilegri viðmiðun, að þátttaka ríkissjóðs í gerð leikvalla við skóla sé fremur miðuð við lágmarksstærðir íþróttavalla, sem eru í samræmi við gildandi leikreglur algengustu útiíþrótta, en við ákveðinn fermetrafjölda á hvern nemanda samtímis í skóla og þurfa svo að koma upp æfinga- og keppnisvelli á öðrum stað fyrir viðkomandi byggðarlag? Samkv. gildandi reglugerð virðist einhver vafi leika á því, að sundlaugar skuli reistar við skólann, þó að sund sé ein af skyldunámsgreinunum. Því er spurt, hvort ekki sé rétt að endurskoða þetta reglugerðarákvæði og gera það ákveðnara.

Þar sem vitað er, að ekki er unnt að reisa öll íþróttahús það stór, að þau uppfylli kröfur um alþjóðlega keppni t. d. fyrir handknattleik, er þá ekki nauðsynlegt, að gerð sé áætlun um það, hvað mörg slík hús séu reist í framtíðinni og hvar þau verða staðsett á landinu?

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. ber fram á þskj. 126 fsp. í fjórum liðum. Hinn fyrsti þeirra er:

„Er ætlunin að breyta þeim reglum, sem nú gilda um stærð íþróttamannvirkja við skóla, þannig að þau séu miðuð við þarfir skólans og íbúa í næsta nágrenni?

2. Er ekki eðlilegast að miða stærð íþróttamannvirkja við það, að þau fullnægi eðlilegum kröfum um keppnisaðstöðu í sem flestum íþróttagreinum?

3. Er ekki nauðsynlegt, að ríkið leggi fé til byggingar sundlauga við skóla á sama hátt og til annarra íþróttamannvirkja?

4. Er ekki nauðsynlegt að marka ákveðna stefnu um það, hve mörg íþróttahús, sem fullnægja alþjóðakröfum um stærð til keppni í t. d. handknattleik, skuli reist á næstunni?“

Svar mitt við fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e. er svo hljóðandi: Við byggingu íþróttamannvirkja skóla er höfuðreglan sú, að þau íþróttamannvirki ein, sem þjóna þörfum hlutaðeigandi skóla, eru reist sem skólamannvirki, þ. e. að um þau gilda sömu greiðsluhlutföll milli ríkisins og sveitarfélaga og um kennslurými skóla, og greiðast því 50% kostnaðarins úr ríkissjóði. Um önnur íþróttamannvirki gilda hins vegar þær reglur, að Íþróttasjóður getur, eftir því sem hann hefur fjármagn til, greitt allt að 40% stofnkostnaðar, en 60% greiðast af heimaaðilum. Í skólakostnaðarlögum er tekið fram, að ríkissjóði sé heimilt að greiða framlag til stofnkostnaðar íþróttahúsa og sundlauga, sem bæjar- og sveitarfélög reisa ein eða í samvinnu við íþrótta- og ungmennafélög, á sama hátt og um stofnkostnað kennslurýmis væri að ræða, miðað við nýtingu þessara mannvirkja vegna skólahalds, þ. e. að í stað þess að reisa sérstök íþróttamannvirki fyrir skóla, er heimilt að taka þátt í greiðslu kostnaðar við íþróttamannvirki, sem sveitar- og bæjarfélög og fleiri reisa, gegn því, að hlutaðeigandi skóli eða skólar fái fullnægt þörf sinni fyrir íþróttaaðstöðu, en sá hluti íþróttamannvirkis, sem ríkissjóður greiðir þannig til vegna skóla, hlýtur þá ekkert framlag úr Íþróttasjóði.

Í reglugerðinni um stofnkostnað skóla og reglunum, hinum svokölluðu „normum“, um byggingu skóla og búnað, sem menntmrn. setti samkv. skólakostnaðarlögum, er kveðið á um stærð íþróttarýmis miðað við þarfir skóla, eins og hv. þm. lýsti. Þessi stærðarnorm voru algjör nýjung hér á landi, og var sérstaklega tekið fram af hálfu menntmrn. í formála fyrir sérprentun reglugerðarinnar og normanna, að þeim þyrfti að beita með sveigjanleik og taka fullt tillit til þess, sem reynslan kynni að leiða í ljós. Hafa skólabyggingarnormin verið í endurskoðun að undanförnu, og meðal þess, sem menntmrn. hefur í hyggju í sambandi við endurskoðun normanna um íþróttarými, er, að á þeim skólastöðum, þar sem slíkt telst eðlilegt, verði komið upp íþróttaaðstöðu, ekki einungis miðað við þarfir hlutaðeigandi

skóla, heldur einnig miðað við að leysa um leið þarfir umhverfisins fyrir íþróttaaðstöðu. Þetta sjónarmið helgast af því, að óskynsamlegt er og í mörgum tilfellum nálega óframkvæmanlegt af fjárhagsástæðum að koma fyrst upp íþróttaaðstöðu fyrir skóla og síðan annarri íþróttaaðstöðu fyrir íþróttastarfsemina í námunda við skólana. Það hefur reynzt ærið erfitt og víða ekki verið framkvæmanlegt að koma upp íþróttaaðstöðu fyrir skólana eina, og eina ráðið til þess að fullnægja einnig þörf umhverfisins fyrir íþróttaaðstöðu er að sameinast um byggingarnar bæði fyrir skóla og allan almenning. Hrein skólamannvirki fá, eins og áður segir, greiddan úr ríkissjóði helming stofnkostnaðar, en íþróttamannvirki, sem sveitarfélög og íþrótta- og ungmennafélög reisa, geta fengið 40% kostnaðarins úr Íþróttasjóði, þegar hann hefur fé til þess. Ef horfið yrði að því að leysa íþróttaaðstöðuþörfina sameiginlega á vissum svæðum á landinu, þá mundu verða byggðir stærri íþróttasalir og stærri sundlaugar með það fyrir augum að fullnægja stærðarkröfum, sem gerðar eru samkv. alþjóðareglum fyrir iðkun tiltekinna íþrótta, eins og t. d. handknattleiks eða körfubolta.

Að því er fjárhagshlið málsins varðar, virðist einkum vera um tvennt að ræða. Annar kosturinn er sá, að umrædd íþróttaaðstaða fyrir stór svæði verði skoðuð sem skólamannvirki og komi undir 50% greiðslureglur úr ríkissjóði og lúti sömu reglum um afnot og skólamannvirki, eða hinn kosturinn, að Íþróttasjóði verði veitt sérstök fjárveiting, sem bundin sé við það að greiða allt að 40% af stofnkostnaðinum við þessi sameiginlegu íþróttamannvirki, þ. e. af þeirri stærð, sem er umfram skólanormin, eins og þau verða að lokinni endurskoðun. En þessum fjárveitingum mætti þá ekki blanda saman við hina almennu fjárveitingu til Íþróttasjóðs, heldur halda henni eingöngu til skólamannvirkjanna. Þetta eru þau atriði, sem verið hafa í athugun að undanförnu og mun vafalaust verða ráðið til lykta áður en langt um líður, og get ég í raun og veru fyrir mitt leyti svarað játandi öllum liðum fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans, og ég vil fagna því, sem kom fram í svari hans, að það sé einmitt verið að vinna að endurskoðun á þessum málum og það, sem stefnt er að, sé einmitt í samræmi við þær skoðanir, sem ég hef á þessum málum. Ég legg áherzlu á það, að þessari endurskoðun sé hraðað, vegna þess að ég veit um það, að nú eru ýmsir að hugsa til hreyfings með að reyna að koma upp slíkum húsum, og þess vegna er það mjög áríðandi, að þeir viti í tíma, hvar þeir standa í þessum efnum. Ég tel, að þetta sé kannske eitt af því mikilvægasta í sambandi við okkar uppeldismál, þ. e. að æskan hafi sæmilega og sem svipaðasta aðstöðu til þess að iðka íþróttir, og þess vegna legg ég höfuðáherzlu á það, að þessu máli sé hraðað og við grandskoðum það, hvað við getum varið miklum fjármunum á ári hverju til þess að mæta þessari brýnu þörf æskufólksins í landinu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þessa fsp., sem hér er borin fram, og enn fremur með jákvæð svör ráðh. við þeim atriðum, sem fram eru sett. Ég tel hins vegar óeðlilegt að taka þetta mál hér upp í fyrirspurnarformi, þar sem mjög takmarkaður tími gefst til að ræða þau atriði, sem hér eru á dagskrá. Ég vil minna á, að nú fyrir örfáum dögum lagði ég hér fram á hv. Alþ. frv. til l. um eflingu Íþróttasjóðs, þar sem þessi mál voru beinlínis tekin til meðferðar, og hefði ég talið það vera heppilegri vinnubrögð, að hv. fyrirspyrjandi hefði sett fram þessar athugasemdir sínar við þær umr. Þá hefðu menn getað rætt þetta ítarlegar undir þeim lið, því að enginn vafi er á því, að hér er mjög alvarlegt vandamál, sem blasir við íþróttahreyfingunni og öllum þeim, sem standa að uppbyggingu íþróttamannvirkja í þessu landi, og á það bæði við um þær byggingar, sem byggðar eru í tengslum við skóla, og enn fremur við mannvirki, sem byggð eru á vegum íþróttahreyfingarinnar sjálfrar.

Eins og rakið hefur verið hér í þessum umr., þá er sá galli hér á þessum byggingarmálum, að ekki er hægt að byggja nema mjög takmarkaðar byggingar eða íþróttamannvirki, sem beinlínis eru hugsuð til beinna nota fyrir skólana eða nemendurna, en hins vegar ekki hægt að nýta þessi mannvirki til keppni, og þ. á m. er ekki hægt að byggja eða reisa með þessari keppnisaðstöðu aðstöðu fyrir áhorfendur eða yfirleitt þá aðstöðu, sem nauðsynleg er til þess, að um opinbera keppni sé að ræða, aðra en þá, sem beinlínis fer fram á vegum skólans. T. d. eru hér í Reykjavík á vegum Reykjavíkurborgar í tengslum við skólana allt upp í 15 íþróttasalir, sem allir eru mjög takmarkaðir að stærð og uppfylla ekki þær kröfur, sem gerðar eru til keppni, hvað þá alþjóðlegrar keppni. Á sama tíma sem verið er að reisa þessa fjölmörgu íþróttasali á íþróttahreyfingin í miklum erfiðleikum með að byggja hér undir þær nauðsynlegu keppnisíþróttir, sem fram fara, þau mannvirki, sem vöxtur og viðgangur þessarar æskulýðsstarfsemi gerir kröfu til.

En hvað sem einstökum atriðum líður, þá ber allt að þeim sama brunni, að við blasir vandamál, sem lýtur að Íþróttasjóði og vanmætti þess sjóðs til þess að fjármagna þau íþróttamannvirki, sem reist eru í þessu landi.

Um leið og hæstv. menntmrh. talaði um, að til greina kæmi að fella íþróttamannvirki á vegum skólanna undir Íþróttasjóð, talaði hann um, að þau mannvirki, sem byggð eru umfram þörf skólanna, gætu fallið undir skólakostnað. Eins og flestir vita, þá greiðir Íþróttasjóður allt að 40% af stofnkostnaði meðan ríkissjóður greiðir allt að 50% af stofnkostnaði skólamannvirkja, svo að hagur íþróttamannvirkja að þessu leyti ætti að batna, ef sú regla er tekin upp að tengja þessi íþróttamannvirki, þó að stækkuð séu, við skólana sjálfa. Það breytir ekki því, að ég geri þá ráð fyrir því, að hv. fyrirspyrjandi svo og hæstv. menntmrh. ljái þá því máli lið, sem ég hef borið hér fram í þinginu, því máli, sem gerir ráð fyrir því, að Íþróttasjóður sé efldur, svo að nú þegar sé hægt að greiða úr þeim sjóði þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru til hans, þó að ekki séu nema til þess að greiða upp þá skuld, sem Íþróttasjóður stendur nú þegar í við íþróttahreyfinguna og sveitarfélögin víðs vegar um landið.

17. Vísitölubinding húsnæðislána.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um vísitölubindingu húsnæðislána [75. mál, 5] (A. 83).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 42 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp., sem fram kemur á þskj. 83 og er svo hljóðandi:

Hverjar eru niðurstöður þeirrar könnunar, sem fram hefur farið á vegum Seðlabanka Íslands og Alþýðusambands Íslands fyrir tilstuðlan félmrn. varðandi vísitölubindingu húsnæðislána?

Hvenær má búast við, að ríkisstj. geri þær ráðstafanir varðandi afnám vísitölubindingar, sem boðaðar eru í málefnasamningi ríkisstj.?

Þessari fsp. er beint til félmrh.

Á s. l. vori urðu allmiklar umr. hér á landi, bæði í dagblöðum og víðar, um þessi mál, vísitölubindingu húsnæðismálalána, og olli þeim umr. upphaflega grein eða skýrsla Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, þar sem hann hélt því fram, að vísitölubinding húsnæðismálalánanna væru hrein ólög, sem jaðraði við löghelgað okur, misrétti, sem skorað var á alþm. að leiðrétta þegar í stað. Núv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, ásamt tveim öðrum hv. þm. lagði þá þegar fram hér á hv. Alþ. till. til þál. um leiðréttingu á vaxtabyrði úr Byggingarsjóði ríkisins, og sagði m. a. í grg. með till., með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæða er til að ætla, að gildandi lagaákvæði um vísitölutengingu lána Húsnæðismálastofnunar ríkisins leiði og hafi leitt til óþolandi misréttis lántaka úr Byggingarsjóði ríkisins miðað við aðra lántaka. Enn fremur, að raunvextir bindi þeim, sem fengið hafa lán úr sjóðnum á tímabilinu frá því er lán voru tengd vísitölu, nú slíka fjárhagsbagga, að þeir fái ekki undir þeim risið og þurfi hér því þegar í stað að breyta vaxtakjörum að lágmarki svo, að vextir Byggingarsjóðsins verði a. m. k. aldrei hærri en útlánsvextir banka. Í meðfylgjandi fskj. er mál þetta kannað til hlítar og komizt að niðurstöðu, sem telja verður óyggjandi að sanni hina brýnu nauðsyn úrlausnar þessa máls."

Þetta er tilvitnun í grg. með þáltill. hæstv. félmrh. og tveggja annarra hv. þm. Tilvitnun í fskj. var grg. Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, en hann sagði svo m. a. í skýrslu sinni, að um niðurstöður athugana hans verði ekki komizt hjá að nota mjög ljót lýsingarorð, svo ófögur væri myndin.

Í fréttatilkynningu félmrn. frá 28. maí s. l. var tilkynnt, að rn. hefði með hliðsjón af gildandi ákvæðum um lánskjör af íbúðalánum, sem urðu til í samningum við fulltrúa verkalýðsfélaga, farið fram á það við Seðlabanka Íslands, að hann tæki fyrir ríkisstj. hönd upp viðræður við Alþýðusamband Íslands um málið á þann veg að fá úr því skorið, hvort lánskjörin verkuðu á einhvern hátt öðruvísi en upphaflega var að stefnt, jafnframt að gera till. um hugsanlegar breytingar á þessum ákvæðum. Tekið var fram í fréttatilkynningunni, að svo sýndist, að nefndur tryggingastærðfræðingur hefði beitt röngum aðferðum við útreikninga sína, sem leiddu til villandi niðurstöðu. Þessi mótbára, ef mótbáru skyldi kalla, dugði þó skammt í því fjaðrafoki, sem þyrlað var upp í kosningabaráttunni nú í vor. Útreikningar þessara sérfræðinga stönguðust mjög á, en undir það skal tekið og var tekið af öllum réttsýnum og sanngjörnum mönnum, að ef þessi lánskjör leiddu til okurvaxta og augljóss misréttis, þá væri brýn nauðsyn á því að gera þar skjóta leiðréttingu á. Ég undirritaður var einn þeirra, sem tók undir, að þessarar leiðréttingar væri þörf, með þeim fyrirvara að sjálfsögðu, að athugun og réttir útreikningar leiddu það ranglæti í ljós.

Með hliðsjón af eindregnum stuðningi hæstv. núv. félmrh. við mál þetta á sínum tíma, með tilliti til málefnasamnings ríkisstj., þar sem loforð er gefið um afnám þessarar vísitölubindingar, og með það í huga, að hálft ár er nú liðið síðan Seðlabanka Íslands og Alþýðusambandi Íslands var falið að gera úttekt á málinu, þá er nú spurzt fyrir um álit og niðurstöður og ákvarðanir.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 9. landsk. þm. spyr um niðurstöður könnunar á vísitölu húsnæðismálastjórnarlána. Ég vil svara þessari fsp. með nokkrum orðum, eins og málið blasir nú við. Með hliðsjón af því, að gildandi ákvæði um lánskjör af íbúðarlánum urðu til í samningum við fulltrúa verkalýðsfélaga, fór félmrn. fram á það með bréfi 28. maí 1971 við Seðlabanka Íslands, að hann tæki upp viðræður f. h. ríkisstj. við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um gildandi ákvæði vísitölubindingar íbúðarlána við veðdeild Landsbanka Íslands. Báðir aðilarnir, Seðlabankinn og Alþýðusambandið, urðu við tilmælum ríkisstj. og tilnefndu hvor um sig tvo menn til þessarar könnunar. Samkomulag varð milli fulltrúa Seðlabankans og Alþýðusambandsins um það, að hvor aðilinn um sig skyldi framkvæma eigin úrvinnslu á gögnum og semja skýrslu, sem síðan átti að bera saman og samræma, og má nú vænta þeirrar samræmingar, þegar skýrsla Alþýðusambandsins liggur fyrir, en hún hefur aðeins borizt nú fyrir fáum dögum. Það er mikið plagg og með mörgum töflum, og þetta er sem sé ekki komið lengra en svo, að Seðlabankinn hefur skilað sinni könnunarskýrslu, Alþýðusambandið einnig nú fyrir nokkrum dögum, en næsta verkefni er úrvinnsla úr þessum gögnum, sem verður að bera saman og helzt að fá þar úr sameiginlega niðurstöðu.

Ég veit ekki, hvort það svarar nokkrum tilgangi að lesa nú upp niðurstöður af könnun Seðlabankans einni út af fyrir sig. Ég hefði talið, að það væru hyggilegri vinnubrögð að bíða eftir því, að þessi gögn beggja aðilanna yrðu borin saman, og það á ekki að taka mjög langan tíma. Ég geri ráð fyrir, að hægt verði að gera það innan viku eða tíu daga eða svo, en hins vegar er ég reiðubúinn til þess, ef þess er óskað nú, að láta menn fá að heyra niðurstöður seðlabankafulltrúanna, sem unnu

verkið út af fyrir sig fyrir ríkisstj. á vegum Seðlabankans.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svar hans varðandi fsp. mína. Ég skal játa, að ég átti von á því, að hann gæfi hér gleggri og fyllri upplýsingar um það, hvernig þessi mál stæðu nú, með hliðsjón af því, hversu langt er um liðið síðan félmrn. bað um, að þessi könnun færi fram, svo og með hliðsjón af því, hversu einlægur og ákafur stuðningur hans m. a. var fyrir skjótri lausn á þessu máli.

Það kemur fram í svari ráðh., að Seðlabankinn eða fulltrúar Seðlabankans höfðu skilað grg. eða skýrslu til rn. með bréfi dags. 23. sept. s. l., en nú aðeins fyrir nokkrum dögum síðan hefði borizt grg. frá Alþýðusambandinu. Enda þótt ég sé ekki að gera því skóna, að sú grg. hafi borizt fyrr en ella vegna þess, að þessi fsp. var borin hér fram á hinu háa Alþingi, þá neita ég því ekki, að sá grunur læðist að mér, og þó ekki væri nema þess vegna, þá held ég, að full ástæða sé til þess að bera fram slíkar fsp., jafnvel þó að ýmsir hæstv. ráðh. kunni að móðgast út af slíkum fsp. frá okkur óbreyttum þm., eins og hér kom fram fyrr í dag.

Ég hafði haldið, að það væri mjög heppilegt og nauðsynlegt, að ráðh. upplýsti, þó ekki væri nema í mjög stuttu máli, hvað kæmi fram í skýrslu Seðlabanka Íslands. Hann kvað sig fúsan til þess, ef um það væri beðið, og ég vil eindregið fara fram á það, að hann gefi þær upplýsingar, þó ekki sé nema að hann stikli á því stærsta um það, hvaða álit Seðlabankinn hefur á þessu mjög svo viðkvæma og umdeilda máli.

Eins og ég gat um í upphaflegri ræðu minni hér, þá var þetta mál blásið mjög upp nú í vor, gert að einu allra stærsta kosningamálinu. Þar var talað í mjög stórum orðum. Menn gáfu yfirlýsingar um okurvexti og okurlán, og þeir menn, sem ábyrgð báru á þessu, voru bornir hinum þyngstu sökum. Ég hef ekki haldið og vona, að enginn hafi sérstaklega átt sök á því, ef um óhagkvæm lánskjör væri að ræða, hvorki Alþýðusambandið, ríkisstj. né aðrir þeir aðilar, sem upphaflega stóðu að núverandi lánskjörum. Það hefur eflaust verið gert án þeirra vitundar eða vilja að setja slík ákvæði inn í núgildandi reglur, að það yrði óhagkvæmt lántakendum. Enginn vafi er á því, að þegar þessi ákvæði voru sett inn fyrir tilstuðlan m. a. launþegasamtakanna, þá var það hald manna, að þetta gæti komið þeim, sem tækju lán, til góða, og enginn sá fyrir þá verðbólgu og þær verðlagshækkanir, sem urðu síðar og leiddu til þess, að lánskjörin urðu óhagkvæmari en ella. Hvort hér er hins vegar um að ræða okurlán og okurvexti, er annað, sem ég hef sjálfur ekki getað dæmt um. Eins og ég sagði fyrr, stangast þar mjög á útreikningar sérfræðinga og þá greinir mjög verulega á. En með tilliti til þess, hversu mikið hagsmunamál er um að ræða, réttlætismál fyrir þær þúsundir aðila, sem hafa fengið lán hjá þessum sjóði, þá finnst mér það beinlínis til vansæmdar, óafsakanlegt af hálfu Alþýðusambands Íslands að hafa dregið það í hálft ár að skila skýrslu eða grg. um þetta mál. Þar að auki má geta þess, að annar af tveim þeim aðilum, sem Alþýðusambandið tilnefndi til þessarar athugunar, var margnefndur Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur, sem þá þegar, að því er virtist, hafði mjög kynnt sér þetta mál, hafði alla útreikninga á reiðum höndum, og þess vegna er það óskiljanlegt, hversu mjög það hefur dregizt úr hömlu, að hann og sá maður, sem með honum var skipaður til þess arna, skiluðu sínum skýrslum og upplýsingum til rn.

Ég skal engan dóm leggja á þær fullyrðingar, sem í þessu máli hafa verið viðhafðar. Ég vil ekki leggja neinn dóm á það, sem kemur fram í grg. hæstv. félmrh., sem fylgdi till. til þál., till. frá síðasta þingi, ummælum um óþolandi misrétti lántakenda, þar sem hann segir, að það hafi verið óyggjandi niðurstaða, að leysa þyrfti þetta mál á þann veg, að vaxtagreiðslur yrðu bættar og vísitölubinding lækkuð eða lagfærð og jafnvel afnumin. Ég skal ekki leggja neinn dóm á þessar fullyrðingar, en mér finnst það vera eitt stærsta og brýnasta málið hjá núverandi valdhöfum að grípa til skjótra, tafarlausra aðgerða í þessu máli, ef þessar fullyrðingar eiga við rök að styðjast.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég var ásamt hæstv. núv. félmrh. aðili að setningu þeirra ákvæða, sem hér er um fjallað í fsp., þ. e. um verðtryggingu byggingarsjóðs, en við áttum þá sæti, ég sem húsnæðismálastjórnarmaður og hann sem fulltrúi alþýðusamtakanna, í þeirri nefnd, sem fjallaði um þann kafla samkomulagsins, sem varðaði húsnæðismál, þau mál, sem þá brunnu mjög heitt á bökum manna vegna síaukinna og langra biðraða fólks við dyr húsnæðismálastjórnar til að fá lausn sinna mála. Og það var alger forsenda þeirrar vísitölubindingar eða þeirrar verðtryggingar, sem svo er nefnd, að það sama gengi yfir öll langtímalán, og við höfum áreiðanlega verið í þeirri góðu trú, sem sátum við það samningaborð þá og gengum inn á þessa hluti á sínum tíma, að svo yrði gert. Eftir þessu var gengið, frá því að þetta samkomulag við verkalýðssamtökin tók gildi, af fyrrv. ríkisstj., ekki einu sinni, heldur oft. Hins vegar mætti það mjög mikilli andspyrnu í velflestum, ég vil ekki segja öllum lánastofnunum landsins, að svo yrði gert, auk þess sem ágreiningur var um, hvað teljast skyldi langtímalán.

Vegna þess, sem ég nú hef sagt, þá er það ljóst, að það er ekkert gert án vitundar eða vilja þeirra aðila, sem að þessu samkomulagi stóðu við þáv. ríkisstj. Ég skal taka það skýrt fram, að við vorum hvorugur þá í ráðherrastól, enda voru það fleiri aðilar, sem komu þar að, og við fengum þær upplýsingar, sem við báðum um í því sambandi. En með því, sem ég nú hef sagt, lýsi ég því yfir sem skoðun minni og Alþfl. alveg afdráttarlaust, að verðtrygging með þessum hætti á að afnemast. Það hefur sýnt sig, að aðrar lánastofnanir í landinu hafa ekki orðið við aðalforsendum þess, að inn á þetta lán var gengið, og þess vegna á verðtrygging með þessum hætti að afnemast. Forsendurnar fyrir verðtryggingunni eru algerlega brostnar. Ég vona, að þessi skoðun *mín sé öllum ljós. Það er hins vegar ríkjandi um líf*eyrissjóð opinberra starfsmanna, að ríkið tekur á sig verðtryggingu hans og forðar honum frá rýrnun verðbólgunnar, sem velflestum ríkisstj. undanfarinna áratuga hefur því miður gengið illa að halda í skefjum, þó að við getum deilt um það, hve misjafnlega illa það hefur gengið. Staðreyndin er sem sagt sú, að þær forsendur, sem lágu til verðtryggingarinnar á sínum tíma, eru að mínu viti og okkar Alþfl.-manna brostnar og

þess vegna ber að afnema hana í því formi, sem nú er. Mér er hins vegar ljóst nú, eins og þegar þetta samkomulag var gert, að þetta þýðir rýrnun á Byggingarsjóði ríkisins. Það þýðir það, að hann kann að öðru óbreyttu að geta veitt færri lán, ef ekkert er annað að gert. Þess vegna ber að tryggja með öðrum hætti það fé, sem til byggingarsjóðsins rennur, og þá verður fyrst fyrir að hugsa, hvort ekki sé eðlilegt að taka fordæmi frá lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Við göngum þess ekki dulin, ég hygg ekki einn einasti alþm., hve þörfin fyrir aukið fé er mikil, en það er jafnframt ljóst, að þau háu lán í krónutölu, sem veitt eru út á íbúðir, eins og t. d. Breiðholtsíbúðirnar, þau valda mikilli gjaldabyrði á fólki, vegna þess að það er fyrst og fremst valið þangað eftir slæmum efnahag, og forsenda þess, að það fái íbúð þar, á að vera slæmur efnahagur. En þetta fólk stendur ekki undir almennum vöxtum hvað þá þeirri gjaldabyrði, sem verðtryggingin nemur.

Á sama tíma sem við erum að reyna, hver eftir sinni beztu getu, að koma til móts við þetta fólk, þá má verðtrygging með þessum hætti ekki vera áfram, því að hún er nú orðin blekking. En við trúðum því sjálfir á sínum tíma, að við værum virkilega að hjálpa þessu fólki, sem erfiðast ætti með að fá þak yfir höfuðið. Ég ítreka, að forsendurnar fyrir tryggingunni eru brostnar, og þess vegna ber að afnema hana.

Það kann að vera fróðlegt, þegar Alþýðusambandið hefur fengið sinn tíma til þess að yfirfara þessar skýrslur, sem fyrrv. félmrh. bað Seðlabankann og Alþýðusambandið að vinna að, en við þurfum, enginn okkar, hvar sem við erum annars í stjórnmálaflokkum, að láta okkur dreyma um annað en það sýni svimháar upphæðir, sem þessi verðtrygging hefur lagt á þjóðina. En þetta var að okkar dómi, sem að þessu samkomulagi stóðum á sínum tíma, gert til þess að tryggja, að fleiri fengju lán, að biðraðirnar hjá húsnæðismálastjórn styttust og hægt væri frekar að segja fólki fyrir fram, hvenær að því kæmi. En þar sem ekki hefur reynzt mögulegt að framkvæma þau loforð og þær forsendur, vil ég segja, sem fyrir verðtryggingunni lágu, þá ber nú að afnema hana.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hér var sagt áðan af fyrirspyrjanda, að s. l. vor skömmu fyrir þingslit komu fram upplýsingar um það, að í mikið óefni mundi stefna með húsnæðismálalán þau, sem væru bundin vísitölukvöð. Þá þegar bar ég og nokkrir aðrir þm. fram þáltill. um það, að könnun færi fram á því, hvort þessar niðurstöður væru réttar. En svo skammt var til þingslita, að þáv. ríkisstj. gat ekki orðið við þeirri ósk minni og meðflm. minna, að þáltill. kæmi til umr. eða afgreiðslu. Hins vegar lofaði forsrh. því, að málið skyldi tekið til könnunar, og það var gert. Fráfarandi ríkisstj. sneri sér til Seðlabankans og Alþýðusambandsins með ósk um að láta könnunina fara fram. Ég leit ekki þannig á, að það væri svo komið, að vextirnir af þessum lánum væru orðnir það, sem kalla mætti okurvexti, en það þótti mér sýnt af niðurstöðum Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, að um það er lánstíma lyki, þá yrðu þetta okurlán og illt við að búa, þegar aðrir byggju ekki við sams konar kjör, eins og upplýst var hér áðan, að yrði lagt á öll langtímalán, þegar þessi kvöð var sett á af ríkisstj., þegar við sömdum um húsnæðismálin 1963 eða 1964.

Það er nú gleðilegt og ánægjulegt, og ég leyfi mér að lýsa yfir fögnuði mínum yfir því, að stjórnarandstaðan er svo áköf í að minna ríkisstj. á loforð sín í stjórnarsáttmálanum, að það má nánast segja, að stjórnarandstaðan sé okkar vakandi samvizka um það að svíkjast ekki undan þeim loforðum, sem við höfum gefið. Fyrir það er ég þakklátur. Hin vakandi samvizka á að vera sífellt til þess að minna menn á það, sem þeir gera ekki nógu vel, og þetta er gott. Ég þakka fyrir þetta. Það eru nú bara liðnir þrír eða fjórir mánuðir síðan við settumst í stjórnarstólana, og þess er ekki að vænta, að við séum búnir að standa við öll loforð fjögurra ára tímabils, en samt sem áður, það er gott að minna á sem flest, og ég vona, að það verði ekkert lát á því, þá svíkjum við minna. Að því er þetta varðar, þá þarf enginn að efast um það, að vísitölukvöð á húsnæðislánum verður afnumin, úr því að ekki var staðið við það, sem var forsenda þess, að slík kvöð yrði sett á öll langtímalán. Húsbyggjendur og húsnæðiskaupendur verða ekki einir látnir búa við þessi kjör. Það kemur strax í ljós af svari Seðlabankans, sem ég skal nú verða við ósk um að lesa, að enn sem komið er er ekki komið í óefni. Enn sem komið er eru lánakjörin ekki óhagstæðari en á öðrum lánum húsnæðismálastjórnar, en það er játað af Seðlabankanum, að þegar fram í sæki og um það leyti, þegar lánstíma ljúki, þá verði þessi kjör ósambærileg, þ. e. óhagstæðari en önnur lánakjör húsnæðismálastjórnar.

Niðurstöður Seðlabankans og ályktanir þær, sem þeir draga af sínum útreikningum, eru á þessa leið: Hingað til, þegar liðin eru sjö ár af lánstímanum, eru lánskjörin enn ekki óhagstæð, en það er játað í svarinu, að þegar á lánstímann líði, þá standist þau ekki samjöfnuð við önnur lánskjör. Ég tek þá þetta úr svörum seðlabankafulltrúanna, sem könnuðu málið. Þeir segja í fyrsta lagi:

„Greinilegt er, að greiðslubyrðir lántaka vegna lána húsnæðismálastjórnar hafa létzt við þær breytingar á lánakjörum, sem framkvæmdar voru 1964, og enn frekar við breytingarnar frá 1968. Þetta er um liðna tímann. En sé litið á allt lánstímabilið og ekki aðeins fyrstu sjö árin, sbr. 1. lið að ofan, þá kemur í ljós, að lánskjör nr. 1, þ. e. þau lánskjör, sem giltu fram á árið 1964, munu reynast lántaka hagstæðari en kjör þeirra þriggja lánaforma, sem reynd hafa verið frá þeim tíma. Samkv. lánskjörum nr. 1 bera um 4/5 lánsupphæðarinnar 8¼% nafnvexti án allrar vísitölutengingar. Tenging 1/5 hluta láns við breytingar á framfærsluvísitölu að fullu ásamt 5¾% nafnvöxtum megnar hins vegar ekki að hækka meðalvexti samkvæmt þessum lánskjörum upp fyrir meðalvaxtakjör annarra lánsforma húsnæðismálastjórnar, hvort sem þau hafa verið tengd vísitölum að fullu eða hálfu leyti. Í þriðja lagi. Á þeim tímamótum, þegar vaxandi vísitöluáhrifa fer að gæta og raunverulegar vaxtagreiðslur nálgast eða fara upp fyrir vaxtagreiðslur, sem miðast við nafnvexti eina, t. d. 8¼%, eykst óánægja lántakenda, sem við slík lánskjör búa. Samanburðurinn við aðra lántakendur verður óhagstæður, og vill þá einnig oft fyrnast yfir, að vaxtabyrðin var hlutfallslega hagstæðari framan af lánstímanum, sem í byrjun lánstímans var talinn mikill kostur.

Í fjórða lagi. Til þess að koma í veg fyrir slíkan samanburð virðast a. m. k. tvær leiðir koma til greina, sem hefðu þann tilgang að jafna lánskjör á íbúðalánamarkaðinum í heild:

a) Annars vegar kemur til greina, að vísitölutenging yrði almennt tekin upp gagnvart slíkum lánum. Felur sú leið í sér, að lífeyrissjóðir og aðrar þær lánastofnanir, sem slík lán veita, byðu upp á sömu lánskjör og húsnæðismálastjórnin. Þetta er fyrri kosturinn.

b) Hins vegar gæti húsnæðismálastjórn afnumið alla vísitölutengingu lána og tekið upp nafnvexti eina, eins og lífeyrissjóðir og aðrar íbúðarlánastofnanir gera í dag. Ef þessi leið væri farin, yrði einnig að telja eðlilegt, að nafnvextir húsnæðismálastjórnarlána mundu ákvarðast af og verða þeir sömu og hjá öðrum lánastofnunum, eins og þeir eru á hverjum tíma, en af fyrsta flokks verðbréfum fara vextir allt upp í 9½% í dag. Væru nafnvextir húsnæðismálastjórnarlána lægri en hinir almennu markaðsvextir, mundi það að sjálfsögðu hafa sín áhrif á útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins í framtíðinni. Á árinu 1970 námu vaxtatekjur sjóðsins 317.3 millj. kr. eða 26.3% af heildarráðstöfunarfé hans á því ári."

Þetta er úr svari fulltrúa Seðlabankans, sem könnuðu málið frá þeirri hlið. Eins og ég sagði áðan, þá er skýrslan frá fulltrúum Alþýðusambandsins aðeins komin fyrir örfáum dögum og er mikið plagg og í mörgum tölum og töflum, og á þá skýrslu verður litið næstu daga. Síðan verður gerður samanburður á þessum niðurstöðum og leitað samræmingar. Nú, það er vitanlegt, að þarna er ekki í alveg auðan sjó að sigla. Það kemur til mála, sem sé síðari leiðin, að afnema vísitölukröfuna, og á hana verður sérstaklega litið af mér a. m. k., en þá er eftir að ákveða vaxtafótinn á lánunum, og þar blasir náttúrlega við rýrnun á tekjum Byggingarsjóðs ríkisins, ef vaxtafóturinn verður settur mjög lágur, en vextirnir nema nú ¼ af tekjunum, eins og þarna er upplýst. Menn geta haft það í huga að reyna að gera það að áróðursmáli, að athugun á því taki sinn tíma, en sem betur fer sýnir skýrsla Seðlabankans, að það er ekki neinn bráður voði, sem blasir við enn þá, og *ég trúi því, að það sé rétt niðurstaða, að enn þá*, þegar sjö ár eru liðin af lánstímanum, séu lánskjörin ekki óhagstæðari en önnur húsnæðismálalán. En maður horfist hins vegar í augu við það, og það játa seðlabankafulltrúarnir, að þegar líður á lánstímann verða þessi lánskjör miklu óhagstæðari.

Sagt var hér áðan, að það væri óafsakanlegt af Alþýðusambandi Íslands að láta svör sín dragast svona. Mér er kunnugt um, að það var rekið mjög á eftir því af Alþýðusambandinu. Hins vegar hafði félmrn. bæði rekið á eftir því að fá skýrslu frá Seðlabankanum og Alþýðusambandinu, en málið var í höndum þeirra fulltrúa, sem Alþýðusambandið hafði tilnefnt, og skýrsla þeirra kom ekki fyrr en nú fyrir fáum dögum, þrátt fyrir allan eftirrekstur. Hins vegar kom skýrsla Seðlabankans ekki mjög fljótt heldur. Hún kom ekki fyrr en í lok septembermánaðar, og hafði þeim þó verið falið verkefnið 28. maí. Ég hugsa, að málið sé nokkuð flókið, og ég trúi því, að þegar menn bera saman niðurstöður beggja aðilanna, Alþýðusambandsins og Seðlabankans, þá verði hægt að sjá það fljótlega, hvað sé hið rétta í málinu, og þá fyrst er hægt að komast að skynsamlegri niðurstöðu um, hvaða tökum málið skuli tekið og hvaða ráðstafanir gerðar. En mér sýnist einsætt af síðari hlutanum í svari seðlabankamannanna, að vísitölukvöðin geri þessi lán þegar á líður lánstímann mjög óhagkvæm lántakendum.

18. Stofnlán atvinnuveganna.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til forsrh. um lækkun vaxta af stofnlánum atvinnuveganna o. fl. [75. mál, 3] (A. 83).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 25. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil hafa sama hátt á og hv. 1. þm. Vestf., sem er stuðningsmaður ríkisstj., eins og vitað er, og vitna í stjórnarsáttmálann varðandi fsp. mína, en í stjórnarsáttmálanum er m. a. að finna atriði, sem veitt eru fyrirheit um að athuga. Ég þarf ekkert að fjölyrða um það, hversu nauðsynlegt það er, að ljóst verði, hvað við er átt í stjórnarsáttmálanum varðandi þessi mál, að ég tel bæði fyrir atvinnuvegina og ekki síður fyrir hv. þm. Fsp. er í tveimur töluliðum og tveimur undirliðum hvor og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

1. Hvenær er að vænta samkvæmt yfirlýsingu í málefnasamningi ríkisstj. frv. til l. um:

a. lækkun vaxta af stofnlánum atvinnuveganna og lengingu lánstíma þeirra;

b. endurskoðun á lögum og reglum um ýmiss konar gjöld, sem nú hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum, þar sem stefnt verði að því, að þau verði lækkuð eða felld niður?

2. Hvenær er að vænta ákvörðunar um:

a. að endurkaupalán Seðlabankans verði hækkuð og vextir af þeim lækkaðir;

b. að vátryggingamál fiskiskipa verði endurskoðuð?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég skal reyna að svara þessum fsp. eftir því sem tök eru á. Eins og hv. 3. þm. Sunnl. hefur þegar gert grein fyrir, þá eru fsp. þessar: Í fyrsta lagi er spurt um: „Hvenær er að vænta samkv. yfirlýsingu í málefnasamningi ríkisstj. frv. til l. um: a. lækkun vaxta af stofnlánum atvinnuveganna og lengingu lánstíma þeirra; b. endurskoðun á lögum og reglum um ýmiss konar gjöld, sem nú hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum, þar sem stefnt verði að því, að þau verði lækkuð eða felld niður?"

Eins og nýlega hefur verið skýrt frá, þá hefur ríkisstj. snúið sér til eins stærsta stofnlánasjóðs atvinnuveganna, sem til er í landinu, Fiskveiðasjóðs, og óskað eftir því með bréfi, að sjóðurinn breytti stofnlánareglum sínum þannig, að lánstími yrði lengdur frá því sem verið hefur og einnig þannig, að vextir á stofnlánunum yrðu lækkaðir. Frá þessu hefur verið opinberlega greint, og ég tel, að ekki þurfi að eyða um það mörgum orðum hér, ég veit, að hv. fyrirspyrjandi hefur þegar fengið þessar upplýsingar, en í meginatriðum eru þær þannig, að þess var farið á leit við stjórn Fiskveiðasjóðs, sem hefur rétt samkv. lögum til þess að ákveða lánakjör sjóðsins, að hún lengdi hinn almenna lánstíma fiskiskipalána úr 15 árum upp í 20 ár og hinn almenna lánstíma út á fasteignir sjávarútvegsins úr 8—12 árum í 10—15 ár. Þetta voru aðalbreytingarnar, sem lagðar voru til, en fleiri minni breytingar var þarna um að ræða, varðandi lánstíma. Þannig var t. d. gert ráð fyrir því, að lánstími á lánum, sem veitt eru út á opna vélbáta, lengdust úr 7 árum upp í 8 ár. Í þessum tilmælum ríkisstj. til stjórnar Fiskveiðasjóðs var einnig farið fram á það, að vextir af þessum stofnlánum yrðu lækkaðir úr 6.5%, sem nú er út á fiskiskip, í 5.5% og úr 8%, sem nú er út á fasteignir, í 7%. Það er síðan unnið að því að koma fram breytingum á stofnlánakjörum annarra atvinnugreina til samræmis við þær breytingar, sem með þessu voru ákveðnar, en eins og kunnugt er, þá eru reglur um stofnlánakjör annarra atvinnugreina engan veginn eins fastmótaðar og hjá sjávarútveginum.

Þá er spurt um það, hvenær sé að vænta lagasetningar eða reglugerða um það að létta af eða fella niður ýmiss konar gjöld, sem nú hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum. Því er til að svara, að athugun á þessu máli fer nú fram í sambandi við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á skattheimtumálum almennt. Þau falla eðlilega inn í þá athugun, og hefur ekki þótt rétt að taka þessi mál þar út úr. Þau verða í rauninni að leysast þar með þeim breytingum, sem fram munu koma varðandi skattheimtuna almennt.

Þá er spurt um í öðru lagi: „Hvenær er að vænta ákvörðunar um, að endurkaupalán Seðlabankans verði hækkuð og vextir af þeim lækkaðir?“ Það hefur einnig verið skýrt frá því opinberlega, að ríkisstj. hefur skrifað stjórn Seðlabankans og óskað eftir því, að bankinn breytti reglum sínum um endurkaupalán í aðalatriðum þannig, að endurkaupalánin yrðu miðuð við 67% af áætluðu útflutningsverði afurðanna í staðinn fyrir 52—54%, sem hefur verið hin almenna regla til þessa eða nú um nokkurra ára skeið. Þá hefur ríkisstj. einnig farið fram á það við bankann, að vextir af þessum endurkaupalánum verði lækkaðir úr 5¼%, sem þeir eru nú frá bankans hálfu, í 4½% eða um ¾%. Jafnhliða þessu hefur svo verið um það rætt við viðskiptabankana, Landsbankann og Útvegsbankann, sem einkum hafa með að gera að veita svonefnd afurðalán út á framleiddar útflutningsafurðir sjávarútvegsins, að heildarafurðalánin yrðu hækkuð út á sjávarafurðir úr 70%, sem þau hafa verið samkv. reglum bankanna, upp í 75%. Rétt er svo að geta þess um leið, af því að það hefur verið nátengt þessu máli, að um leið og þessi breyting verður gerð er svo ætlazt til þess, að bankarnir auki hin almennu rekstrarlán sín til sjávarútvegsins, og hefur fengizt viðurkenning þeirra fyrir því, að það sé réttmætt, að reglur þeirra um rekstrarlán verði endurskoðaðar með tilliti til aukins rekstrarkostnaðar.

Þá er í þessari fsp. einnig spurt um, hvenær megi búast við, að frv. verði flutt um vátryggingarmál fiskiskipa eða reglur um þau mál verði endurskoðaðar. Það hefur þegar verið skipuð nefnd til þess að taka upp þessa endurskoðun og þeim aðilum gefinn kostur á því að eiga fulltrúa í nefndinni, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, þ. e. útvegsmenn annars vegar og vátryggingarfélög hins vegar, auk þess sem sérstakir fulltrúar eru í nefndinni af hálfu sjútvrn. Þessi endurskoðun fer því fram, en það tekur skiljanlega nokkurn tíma, þar til till. þessarar endurskoðunarnefndar liggja fyrir. Reglur varðandi lán til annarra atvinnuvega en sjávarútvegsins, sem ég hef hér rætt aðallega um, reglur af hálfu Seðlabankans um endurkaupalán í víxlum annarra atvinnuvega er nú unnið að því að setja, en af hálfu ríkisstj. var þess farið á leit við bankann, að þær lánareglur yrðu hliðstæðar fyrir aðrar atvinnugreinar eins og voru mótaðar í bréfinu til bankans fyrir sjávarútveginn. En eins og áður hefur komið hér fram í umr. á Alþ., hafa lánareglur bankans varðandi afurðalán til annarra atvinnuvega en sjávarútvegsins verið nokkuð breytilegar, enda telur bankinn, að þar sé um svo mismunandi lán að ræða, að það sé varla hægt að hafa nákvæmlega sams konar reglur um öll þau lán. En að því er nú unnið að setja þessar reglur, sem í meginatriðum eiga að vera þannig, að sams konar lánakjör séu veitt öllum atvinnugreinunum. Gengið er út frá því, að þessar nýju lánareglur, bæði varðandi stofnlán og afurðalán, taki gildi um næstu áramót.

Ég vænti svo, að það, sem ég hef sagt hér um þessi mál, séu fullnægjandi upplýsingar fyrir hv. fyrirspyrjanda á þessu stigi málsins.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör, sem hann gaf hér, og þær upplýsingar, sem hann veitti þm. varðandi þau mál, sem hér er spurzt fyrir um. Það er rétt hjá honum, að ég hlustaði á ræðu, sem ráðh. flutti á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, þar sem hann gaf nokkrar og svipaðar upplýsingar og hér koma fram, en það kom fram hjá honum þar, nákvæmlega eins og hér, að ríkisstj. eða hann hefði skrifað eða sent bréf bæði til Fiskveiðasjóðs og einnig til Seðlabankans varðandi þessi atriði. Fsp. mín er ekki um það, hvenær ríkisstj. hafi skrifað einhver bréf í sambandi við þessi mál, fsp. er beint um það, hvenær sé að vænta framkvæmda og aðgerða í málinu.

Það greiðir að sjálfsögðu lítið fyrir atvinnuvegunum, þó að skrifuð séu bréf, jafnvel frá hæstv. ríkisstj., ef ekki er jafnhliða tekin ákvörðun um það, að hin tilteknu mál skuli koma til framkvæmda. Það er það, sem allt veltur á.

Hæstv. ráðh. gaf hér þær upplýsingar varðandi stofnlán úr Fiskveiðasjóði, og kom það einnig fram á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna, ef ég hef tekið rétt eftir, að fyrirhuguð lenging lána ætti aðeins við þau lán, sem eftirleiðis yrðu afgreidd. Fsp. mín til hans nú er um það, hvort þessi breyting á lánstíma nái ekki einnig til eldri lána, bæði að því er varðar lengd lánanna og eins vextina. Um hin ýmsu útgjöld, sem spurzt er fyrir um og heitið er fyrirgreiðslu um í stjórnarsáttmálanum

til handa atvinnuvegunum, þá er það að sjálfsögðu mjög gott, að þetta verði allt saman tekið til athugunar í sambandi við skattheimtumálin almennt. En þurfa ekki atvinnuvegirnir einmitt á þessum tíma, þegar standa yfir mjög erfiðir og umfangsmiklir allsherjarsamningar um kaup og kjör, þurfa þeir ekki á þessum tíma að vita það, um hvaða fyrirgreiðslu er þarna að ræða eða hvaða fyrirgreiðslu er þarna að vænta? Ég hygg, að það sé talið mjög eðlilegt, að til þessa verði tekið tillit í sambandi við kjaramálin, og að mínum dómi er alveg nauðsynlegt, að fyrir liggi, um hvaða breytingar sé þarna að ræða og hvaða fyrirgreiðslu sé að vænta í þessu sambandi.

Ég fagna því, að hæstv. ráðh. svaraði því einnig til, að hann hefði skrifað bréf til Seðlabankans, þó að það sé að sjálfsögðu engin lausn frekar en bréf til Fiskveiðasjóðs, ef ekki er jafnhliða tekin ákvörðun um, að breytingar skuli verða á afurðalánum. Hækkun úr 50% í 67% er veruleg hækkun, og hana ber að sjálfsögðu að meta, og einnig ber að meta þá vaxtalækkun, sem hann boðaði hér, þó að hérna sé um litla breytingu að ræða. Ég hygg, að það hafi engin úrslitaáhrif í sambandi við fiskvinnslu og útgerð. Þar sem í þetta skipti væri um ¾% lækkun að ræða, þá er þar ekki um svo stórvægilegar upphæðir að ræða, sem þar koma til greina, að það skipti neinum sköpum hjá atvinnuvegunum, en ég vildi spyrja ráðh. um það hvort ekki yrði gengið þannig frá þessum málum, þegar ákvörðun verður tekin hjá Seðlabankanum, að það verði raunverulega um 67% útlán að ræða út á afurðir. Þarna hefur verið talað um 50% áður, en ég hef það frá aðilum, sem mjög eru þessum málum kunnugir, að raunverulega sé ekki um nema 40% að ræða eða rúm 40%, vegna þess að viðmiðunarverð Seðlabankans er ekki í samræmi við raunverulegt verðmæti afurðanna. Það er mjög mikilsvert atriði, að einnig verði lagfæring á þessu, ef það er rétt, sem ég hef tekið trúanlegt, að lánin væru ekki að því marki, eins og til hafði verið ætlazt, hvað þetta atriði snertir.

Þá ber einnig að fagna því, að hæstv. ráðh. hefur með bréfi farið fram á það, að mér skilst, við viðskiptabankana, að rekstrarlán til báta verði endurskoðuð til hækkunar. Um þetta hafa að vísu gilt reglur, en verið nokkuð mismunandi eftir aðstæðum, en að sjálfsögðu er mjög gott að fá um það fastar og ákveðnar reglur, þannig að menn viti fyrir fram, að hverju er gengið. Það má segja sama um fsp. varðandi endurskoðunina á vátryggingarmálum fiskiskipa, að auðvitað er það spor í rétta átt, að nefnd sé skipuð í málið, en ég tel þó a. m. k., að það verði að leggja mjög mikla áherzlu á, að þessi nefnd hraði störfum, því að eftir því sem ég þekki þessi mál, þá er þar ýmislegt, sem lagfæringar þarf við, og eðlilegt að verði tekið til endurskoðunar. Vænti ég þess fastlega, að hæstv. ráðh. sjái um, að nefndin vinni með þeim hraða, sem tök eru á.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði hér um það, hvernig ríkisstj. hefði borið sig að í sambandi við þessar fyrirhuguðu breytingar varðandi lánakjör atvinnuveganna, þar sem hún hefði skrifað bréf til Seðlabankans og til Fiskveiðasjóðs. Og hann lét svona að því liggja, að það skipti hann ekki öllu máli, hvenær ríkisstj. hefði skrifað bréf eða hvað hún hefði farið fram á við þessa aðila, heldur skipti hitt máli, hvenær til framkvæmdanna kæmi og hvort yfirleitt yrði farið eftir þessum bréfum. Ég verð nú að segja það, að ég á ekki von á því, að þessar ríkisstofnanir, Seðlabankinn og Fiskveiðasjóður, neiti að fara að vilja ríkisstj. í þessum efnum, og hef enga ástæðu til þess að búast við slíku, eftir að hafa rætt við forstöðumenn þessara stofnana. Ef eitthvað slíkt kæmi fyrir, þá væri auðvitað komin upp ný staða, og þá mundi ríkisstj. auðvitað taka nýjar ákvarðanir í málinu. En það er vitanlega eðlilegt, að ríkisstj. snúi sér til þeirra ríkisstofnana, sem með málin hafa að gera og eiga að réttum lögum að setja reglur um það og fara fram á það, sem ríkisstj. vill, áður en frv. yrðu flutt á Alþ. og bein lagafyrirmæli þurfa að koma til. Ég held því, að það sé algerlega óþarfur ótti hjá hv. þm. að búast við því, að hér verði ekki um framkvæmdir að ræða. Ég held, að á því leiki enginn vafi. Þessar stofnanir ætla sér að verða við beiðni ríkisstj. og sjá um framkvæmd á þessum málum í þá átt, sem farið hefur verið fram á. En það er hins vegar ofur eðlilegt, að það taki dálítinn tíma að finna út nýjar reglur og koma þeim í framkvæmd, og það er ýmislegt einnig í sjálfu framleiðslulífinu, sem er þess háttar, að það verður að velja sér ákveðin mörk, hvenær hinar nýju reglur eiga að koma til framkvæmda, þannig að ekki valdi svona óþarfa óánægju þeirra, sem hlut eiga að máli.

Hv. þm. vék að því í þessum efnum líka, að hann teldi, að forsvarsmenn atvinnuveganna þyrftu nú að fá að vita meira en þeir hafa þegar fengið að vita, t. d. um það, hvers væri að vænta í sambandi við breytingar á ýmsum lagareglum, t. d. varðandi hin smærri gjöld, sem atvinnuvegirnir greiða. Það er vitanlega alltaf ákaflega gott fyrir forsvarsmenn atvinnuveganna að fá að vita sem allra mest um það, sem kann að gerast á komandi mánuðum. En það veit ég, að þessi hv. þm. þekkir af sinni reynslu, að þannig hefur þessu nú ekki verið háttað, að þeir, sem stjórna atvinnurekstri, viti nákvæmlega um það fyrir fram, hvað stjórnarvöld kunni að gera á næstu mánuðum. Það er því vitanlega allsendis óhæft að mínu áliti, að atvinnurekendur bíði og bíði í sífellu eftir því að fá að vita um þetta og vita um hitt, því að það verður vitanlega aldrei að fullu tæmt að segja þeim til um það, hvað kunni að verða samþ. eða gert í hinum ýmsu málum á komandi mánuðum. Þeir hafa þegar fengið að vita mjög mikilsverða hluti að mínum dómi. Þeir vita, að það er fyrir alllöngu búið að lækka t. d. olíuverð um 11% fyrir atvinnureksturinn í landinu. Þeir hafa búið við þetta um alllangan tíma. Þeir vita, að þeim hafa verið gefin fyrirheit um breytingu á stofnlánakjörum. Þeir vita, að það er búið að gefa þeim fyrirheit um stórfelldar breytingar í sambandi við afurðalán og einnig varðandi vaxtakjör. Og einnig mjög þýðingarmikil fyrirheit um breytingar á rekstrarlánum. En það er auðvitað í sífellu hægt að halda áfram og benda á það, að enn vitum við ekki um það, hvort á að borga þennan eða hinn litla skattinn, sem þeir hafa þurft að borga á undanförnum árum. Slíkt verður ekki auðveldlega tæmt.

En svo vil ég aðeins benda þessum hv. þm. á það, að þó að honum finnist e. t. v., að hér hafi varla verið gengið nógu langt, þá er alveg augljóst, að það blað,

sem hann styður og gefur út að sínum hluta, Morgunblaðið, telur, að hér hafi verið gengið allt of langt, því að þegar það fór að skrifa leiðara um þessi mál, þá var notuð fyrirsögnin: „Olía á eldinn“. Hér voru á ferðinni sérstakar ráðstafanir til þess að stórauka verðbólguna í landinu og setja í rauninni allt úr skorðum. Ég er ekki á þeirri skoðun, að þær breytingar, sem þarna voru ákveðnar til úrbóta fyrir atvinnuvegina í landinu, þurfi að stórauka verðbólguna í landinu. Það er mín skoðun, að þessi fyrirgreiðsla til atvinnuveganna muni þvert á móti greiða fyrir atvinnurekstrinum og ætti að verða til þess að stuðla hér að aukinni framleiðslu. En þannig líta menn misjafnlega á þessar aðgerðir nú eins og áður.

Hv. þm. spurði hér til viðbótar um það, hvort þessi breytti lánstími ætti að ná yfir eldri lán, sem veitt hafa verið, eða hvort þetta ætti aðeins að ná til þeirra lána, sem hér eftir verða veitt. Þessi breyting á lánskjörunum er miðuð við tiltekinn tíma, við næstu áramót, og á aðeins að ná til þeirra lána, sem veitt verða eftir þann tíma. Lengra nær ekki þessi ákvörðun að svo stöddu. Ég veit, að hv. þm. þekkir það mætavel, að það er mjög miklum vandkvæðum bundið að ætla að breyta gerðum lánasamningum aftur í tímann, og koma þar fleiri að en einn aðili, og því er það, að þessi breyting á lánskjörum er gerð með sama hætti og venjan hefur verið, þegar lánskjörum hefur verið breytt. Hin nýju lánskjör byrja á ákveðnum tíma og eiga þá einvörðungu við þau lán, sem veitt eru eftir þann tíma, en breyta ekki fyrri lánskjörum, enda vitum við það, að eldri lánskjör eru út af fyrir sig innbyrðis mjög breytileg. Þar eru vaxtakjör misjöfn og þar er lánstími einnig misjafn, allt eftir því, á hvaða tíma þessi lán hafa verið veitt, eftir því hvaða lánareglur voru þá gildandi. Sem sagt, svar mitt er það, að þessar nýju lánareglur varðandi sjávarútveginn eiga að gilda frá næstu áramótum að telja, og ég vona, að einnig verði hægt að framkvæma það gagnvart öðrum atvinnugreinum, að þær reglur verði þá settar, eins og farið hefur verið fram á, þannig að þær geti verið hliðstæðar við þau lánakjör, sem sjávarútvegurinn á að búa við.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. út af því máli, sem hér er til umr. Það er nú svo, að það eru tvær hliðar á því máli og raunar miklu fleiri, en þó tvær meginhliðar. Vextir eru ekki bara gjöld fyrir atvinnuvegina, þeir eru líka tekjur fyrir viðkomandi stofnlánasjóði, og eftir því sem þeir stofnlánasjóðir hafa meiri tekjur, bæði af vöxtum og öðrum tekjum, þá geta þeir auðvitað betur sinnt sínu hlutverki fyrir atvinnuvegina. Það liggur í augum uppi. Ég skal ekki karpa um það hér á hinu háa Alþingi, hvort þessi ráðstöfun mundi auka verðbólgu eða ekki. Ég hygg, að ríkisstj. muni á næstunni fá að þreifa á, hver þróunin verður í þeim málum, og hún mun sennilega trúa því betur en orðum okkar hér á Alþ., a. m. k. þeirra, sem í stjórnarandstöðu erum. En tilgangur minn með því að taka hér til máls var sá að fá það upplýst, hvort ríkisstj. hefði gert sér grein fyrir því, hvernig viðkomandi stofnlánasjóðum yrði bættur upp sá tekjumissir, sem þeir yrðu fyrir af vaxtalækkuninni. Var gerð athugun á því, hversu mikil sú tekjuminnkun yrði, og hyggst ríkisstj. með einhverjum hætti afla fjár í staðinn til þess að efla stofnlánasjóði atvinnuveganna, þannig að þeir geti eins vel og áður staðið undir hlutverki sínu?

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem fram kom hjá hæstv. viðskrh. Ég tel ekki, að orð mín hafi fallið þannig, að ég væri nokkuð að væna viðkomandi stofnanir, þ. e. Fiskveiðasjóð og Seðlabanka, um, að þær mundu ekki fara eftir fyrirmælum. Mín fsp. gekk út á það eitt, hvenær þessi breyting ætti að koma til framkvæmda.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér. Hann vék sér nú undan því að ræða það, hvort þessar ráðstafanir í þágu atvinnuveganna kynnu að auka á verðbólguna í landinu eða ekki, en hélt þó, að ríkisstj. fengi að þreifa á einhverjum efnum varðandi þau mál svona á næstunni. Ég gat því varla skilið þessi ummæli á annan veg en þann, að ef um einhvern verðbólguvanda yrði að ræða á næstunni, þá væri það þegar farið að sannast, sem Morgunblaðið héldi fram um þessi mál. (**LárJ:** Meðal annars.) Meðal annars. Já, ég bjóst við því, að það þyrfti ekki að tala lengi við þennan hv. þm. til þess að láta hann viðurkenna það, að hann væri á línu Morgunblaðsins í þessum efnum eins og fleirum.

En sem sagt, það vantar ekki, að þeir sjálfstæðismenn tali býsna hávært um það, að atvinnurekendur geti ekki samið núna í kaupgjaldsmálunum, vegna þess að það standi á ríkisstj., að hún geri ekkert fyrir atvinnuvegina, hún sé ekki tilbúin að segja, hvað hún ætli að gera. En þegar hún tilkynnir mikilvæg úrræði til stuðnings atvinnuvegunum, þá er hún að setja allt um koll með aukinni verðbólgu. Svona er málflutningurinn. Þessir menn vinna sannarlega að því að reyna að koma á sáttum í þjóðfélaginu. Nei, það verða auðvitað ekki miklar umr. um það að þessu sinni, hvaða áhrif slíkar ráðstafanir kunna að hafa í efnahagsmálum landsins, sem hér um ræðir. Við geymum eflaust til seinni tíma að ræða um það.

En þá kem ég aðeins að hinu, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. vék hér að. Hann minntist á það, að lækkun vaxta og bætt lánakjör fyrir atvinnuvegina þýddi um leið skert kjör fyrir lánasjóðina. Ætli maður hafi nú ekki heyrt þetta áður. Ætli maður hafi nú ekki heyrt það áður, t. d. þegar verið var að hækka vextina jafngífurlega eins og gert var, að þetta væri til þess að styrkja bankana og þar með gætu bankarnir leyst vandamál fólksins í landinu. Jú, það er svo sem auðvelt að snúa þessum málum þannig. En svona er þessu ekki varið. Sannleikurinn er sá, að stofnlánasjóðirnir, t. d. stofnlánasjóðir atvinnuveganna, komast auðvitað heldur skammt til þess að leysa vandamál atvinnuveganna á vöxtunum einum saman. Þó að hér verði um það að ræða, að stofnlánasjóðir atvinnuveganna fái nokkru minna fé fyrir þann stofnsjóð, sem sjóðirnir eiga, minni vaxtatekjur, þá er það vitanlega tiltölulega lítið atriði borið saman við það meginverkefni, sem sjóðirnir eiga að leysa. (**LárJ:** Hversu mikið?) Sjóðirnir verða að fá heilmiklar tekjur eftir öðrum leiðum. Það verður að útvega þeim lánsfé, til þess að þeir geti starfað. (**LárJ:** Hversu mikið atriði er það?) Það er tiltölulega lítið atriði. Mér þykir afskaplega merkilegt að hlusta á það

þessa daga, að hér eru þm., sem sí og æ spyrja og spyrja, þeir spyrja um alla hluti. Það er mikið meðan þeir spyrja mann ekki um það, hvar varstu í gær? Hvar verður þú svo á morgun? Og þeir ætlast til þess, að ráðh. standi hér uppi og ræði við þá um alla mögulega hluti svona. (Gripið fram í.) Jú, hann hefur spurt, og ég hef ekki á móti því að svara mönnum, ef þeir vilja ræða um þau mál, sem til umr. eru. (**LárJ:** Vaxtalækkunin er til umr.) Já, en ég var að benda á það, að t. d. útlán Fiskveiðasjóðs eru ekki nema að sáralitlu leyti byggð á vaxtatekjum sjóðsins, og þá er strax spurt, að hve miklu leyti? Ég ætti líklega að hlaupa hér úr pontunni og ná í heilmikinn talnadálk til þess að sýna það, hvað þetta væri lítill hluti. Auðvitað veit hv. þm. þetta mætavel og þarf ekkert um það að spyrja. En hitt get ég sagt þessum hv. þm., að það verða gerðar ráðstafanir til þess að stofnlánasjóðir atvinnuveganna geti fengið fjármagn til þess að sinna því, sem mestu máli skiptir varðandi lánveitingar til atvinnuveganna. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að það fé, sem þarf að útvega, t. d. stofnlánasjóði sjávarútvegsins, verður margfalt meira fé en það, sem sjóðurinn kemur til með að tapa í árlegum tekjum sínum vegna vaxtalækkunarinnar út af fyrir sig. Kaup á mörgum skuttogurum til landsins þýðir það, að það þarf að útvega mörg hundruð millj. kr. að láni. Slík kaup ná ekki fram að ganga, þó að hagur Fiskveiðasjóðs sjálfs hefði verið eilítið betri en hann annars hefði orðið vegna þeirra vaxtatekna, sem hann hefði fengið.

Það er svo mál út af fyrir sig, að flokkur hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur barizt fyrir því hér á Alþ. á undanförnum árum að lækka umsamið framlag samkv. lögum til Fiskveiðasjóðs, og það hefur verið lækkað æ ofan í æ gegn mínu atkv. og með mínum mótmælum hér. Ég er enn á þeirri skoðun, að það þyrfti að hækka framlagið til Fiskveiðasjóðs, því að hann hefur slíku hlutverki að gegna. En þessar umr. hafa út af fyrir sig leitt það í ljós að mínum dómi, hvaða hugur stendur á bak við hjá sumum hv. þm. Sjálfstfl. til þess að bæta lánakjör atvinnuveganna, og það er gott.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa merkilegu ræðu, sem hann flutti hér út af þessum sakleysislegu fsp. mínum. Ég vissi satt að segja ekki, hvað hann var að fara á tímabili. Ég skal lofa því að spyrja hæstv. ráðh. ekki, hvar hann var í gær eða viðlíkra spurninga, enda er það mál ekki hér á dagskrá.

Ég vil algerlega mótmæla því, að ég hafi gert lítið úr því, að þetta hefði bætandi áhrif fyrir atvinnuvegina að greiða lægri vexti. Það getur hvert barn sagt sér það, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geri því ekki skóna, að þm. séu svo skyni skroppnir, að þeir geti ekki séð þá hlið á málinu. Hins vegar benti ég á, að það væru tvær hliðar á þessu máli, og hæstv. ráðh. sagði, að við sjálfstæðismenn hefðum barizt fyrir því að lækka framlag til Fiskveiðasjóðs á undanförnum þingum og taldi, að það væri alveg stórkostlegur glæpur, á sama tíma sem hann taldi, að það skipti tiltölulega litlu máli, þótt vaxtatekjur Fiskveiðasjóðs stórlækkuðu. Ég skil satt að segja ekki svona röksemdafærslu. Hún er mér algerlega hulin. En það kom glögglega í ljós í ræðu hæstv. ráðh., að ríkisstj. hefur ekki kannað fyrir fram, hvaða áhrif þetta hefði til tekjuskerðingar fyrir stofnlánasjóðina. Það kom glögglega í ljós, að hún hefur ekki kannað það frekar en það, sem hún hefur svo oft gert áður. Hún hefur tekið ákvarðanir fyrst og ætlað síðan að athuga málið. Það kann að vera, að það séu nógir peningar til til þess að efla stofnlánasjóðina og ríkisstj. hafi það fé einhvers staðar í handraðanum, sem hún telur sig geta fengið til þess. En þetta hlýtur að verða tekjuskerðing fyrir sjóðina, og það hefði verið lágmark, að ríkisstj. hefði gert sér grein fyrir þessu. Við skulum alveg gera okkur það ljóst, að þetta eru stofnlánasjóðir viðkomandi atvinnugreina. Þetta eru ekki bankar, og það hefði verið lágmarkskrafa, að hún hefði gert sér grein fyrir þessu. Ef það er tiltölulega lítið og tiltölulega auðvelt, hvers vegna þá ekki að gera sér grein fyrir því áður og gera sér það fyrst í hugarlund, hvernig ríkisstj. ætlaði að leysa þá hlið málsins? Og ég vil spyrja aftur. Gerði ríkisstj. sér grein fyrir því, hvað þetta var mikið? Og ég vildi biðja ráðh. þá að upplýsa okkur um það, hvað mikil sé tekjuskerðing Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og annarra stofnlánasjóða atvinnuveganna vegna þessarar vaxtalækkunar. Getur ráðh. upplýst það? Og með hvaða hætti ætlar ríkisstj. að bæta þessum þýðingarmiklu grundvallarstofnsjóðum fyrir atvinnuvegina þetta upp?

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. tekin til frh. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fram haldið umr. um fsp.

Jón Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í framhaldi af þeim umr., sem urðu um þennan dagskrárlið þann 25. nóv. s. l., en þá var það hæstv. viðskrh., sem svaraði fsp., sem þó var samkv. þskj. beint til forsrh. Enda þótt hæstv. sjútvrh. eða viðskrh. sé ekki hér mættur, þá vil ég segja nokkur orð um þetta mál.

Eins og fram kemur í fsp., er fyrst og fremst um það spurt, hvenær þess sé að vænta, að ákveðin atriði í málefnasamningi ríkisstj. muni koma til framkvæmda. Það er um lækkun vaxta af stofnlánum atvinnuveganna og lengingu á lánstíma þeirra, um endurskoðun á reglum um ýmiss konar gjöld, sem nú hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum, þar sem stefnt verði að því, að þau verði lækkuð eða felld niður, um, að endurkaupalán Seðlabankans vegna afurðalána verði hækkuð og vextir af þeim lækkaðir. Að lokum um, að vátryggingarmál fiskiskipa verði endurskoðuð.

Öllum þessum fsp. gerði hæstv. ráðh. nokkur skil, en það kom þó ekki skýrt fram, hvenær hugsað væri, að þessi þýðingarmiklu atriði varðandi rekstur sjávarútvegsins mundu koma til framkvæmda. Hann gerði þó grein fyrir því, að lánabreytingar Fiskveiðasjóðs og vaxtalækkanir ættu að koma til framkvæmda um næstu áramót. Ég vil taka það fram, að ég tel, að þessi breyttu lánakjör séu mjög æskileg, og hvað viðkemur Fiskveiðasjóðnum, þá er það augljóst mál, að enda þótt lægri vextir og lengri lánstími eigi aðeins að ná til lána, sem veitt verða frá næstu áramótum, ekki eldri lána, þá hljóta þessar breytingar að hafa í för með sér nokkra tekjuskerðingu fyrir sjóðinn. Ég viðurkenni, að framlag ríkissjóðs, sem er í fjárlögum yfirstandandi árs 35 millj. kr., hefði

sannarlega þurft að vera nokkru hærra, enda fengum við fyrrv. stjórnarliðar harða gagnrýni frá þeim flokkum, sem nú mynda ríkisstj., fyrir það, hve framlagið væri lágt. Enginn var harðari í þeirri gagnrýni en einmitt núv. hæstv. sjútvrh. Ég hefði því búizt við því, að þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1972 var lagt fram, bæri það með sér hækkaða fjárveitingu til Fiskveiðasjóðs. Þessu er þó ekki fyrir að fara. Í frv. er lagt til, að framlag til Fiskveiðasjóðs verði óbreytt. Þess vegna vildi ég nú beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., þar sem sjútvrh. er hér ekki viðstaddur, hvort þess sé að vænta, að undir afgreiðslu fjárlagafrv. komi till. frá ríkisstj. um verulega aukið framlag til sjóðsins.

19. Friðun Þingvalla.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til forsrh. um friðun Þingvalla [105. mál, 1] (A. 126).

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. tekin til umr., hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 20. jan., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Hinn 18. apríl 1968 var samþ. þáltill. um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða, er leiddi til þess, að skipuð var nefnd 28. júní 1968, er endurskoða skyldi lög nr. 59 1928 um friðun Þingvalla og lög nr. 48 1956 um náttúruvernd og semja frv. til nýrra laga fyrir næsta reglulegt Alþ. Lög um náttúruvernd voru samþ. á Alþ. 3. apríl 1971, en í 38. gr. þeirra laga er tekið fram, að lög nr. 59 frá 1928 um friðun Þingvalla haldi gildi sínu. Er þetta í samræmi við skoðun mþn., er vann að frv.-smíðinni, að aðskilja endurskoðun löggjafarinnar um náttúruvernd og þjóðgarðinn á Þingvöllum. Við umr. um náttúruverndarlögin lét þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, þess getið, að hann væri sammála nefndinni um, að ákvæðið um náttúruvernd og ákvæðið um friðun Þingvalla ættu ekki að vera í einu og sama lagafrv. Ráðh. mælti m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Og ég lít þannig á, að nefndin eigi þennan hluta verksins eftir og beri að senda niðurstöður þess, verksins, þ. e. lagabálks um friðun Þingvalla, til forsrh., sem Þingvellir heyra undir.“ Þess má enn fremur geta, að formaður mþn. og frsm. frv., Birgir Kjaran, komst svo að orði í framsöguræðu sinni: „Varðandi fyrri hluta verksins, sem þessari mþn. var ætlað, sem var löggjöf eða frv. um þjóðgarðinn á Þingvöllum, þá mun verða unnið að því seinni part sumars og vonandi hægt að leggja hér fram frv. á komandi hausti.“

Eftir þessum orðum frsm. hefði mátt búast við lagafrv. um friðun Þingvalla haustið 1970 eða fyrir rúmu ári.

Af þessu stafar fyrri fsp. mín, sem er á þessa leið:

Hvað dvelur eða hversu miðar endurskoðun laga nr. 59 1928, um friðun Þingvalla?

Þegar allshn. Sþ. féllst á, að þörf væri endurskoðunar laga um Þingvelli ásamt endurskoðun náttúruverndarlaga, eins og fyrr greinir, lét nefndin þess jafnframt getið orðrétt, „að æskilegt væri, að ekki yrðu leyfðar nýbyggingar sumarbústaða á Þingvallasvæðinu, meðan endurskoðun laga um friðun Þingvalla færi fram.“ Þess vegna er spurt hér:

Hafa nýbyggingar sumarbústaða einstaklinga á Þingvallasvæðinu verið leyfðar eða reistar, frá því að þál. var samþ.?

Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. leysi úr þessum spurningum.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fsp. þessa sendi ég Þingvallanefnd til umsagnar, og hefur frá henni borizt svo hljóðandi svar eða hennar starfsmanni, sem ég vil, með leyfi forseta, lesa hér. Það er dags. 3. 12. 1971 og er svo hljóðandi:

„Hr. alþm. Bjarni Guðnason prófessor hefur með fsp. nr. 126 til forsrh. um friðun Þingvalla, 105. mál í Sþ., óskað eftir þessum upplýsingum:

„Með tilvísun til þál., sem samþ. var í Sþ. 18. apríl 1968, er spurt:

1. Hvað dvelur eða hversu miðar endurskoðun laga nr. 59 1928, um friðun Þingvalla?

2. Hafa nýbyggingar sumarbústaða einstaklinga á Þingvallasvæðinu verið leyfðar eða reistar, frá því að þál. var samþ.?“

Sem svar við þessu skal eftirfarandi tekið fram: Um lið 1. Endurskoðun laga nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, er í höndum sérstakrar mþn. og e. t. v. einnig í höndum Náttúruverndarráðs, en þar er Birgir Kjaran alþm. formaður. Um störf þessara aðila að endurskoðun laganna getur Þingvallanefnd ekkert sagt, og er hæstv. forsrh. vísað að snúa sér til þeirra varðandi svör við þessum lið.

Um lið 2. a. Engar nýbyggingar sumarbústaða á Þingvallasvæðinu hafa verið leyfðar frá því að þingsályktunin var samþykkt.

b. Þeir einir sumarbústaðir hafa verið reistir á fyrrnefndu tímabili, er Þingvallanefnd hafði áður gefið samþykki sitt fyrir, að reistir yrðu, en vegarspottar að svæðum þessum ekki verið fyrir hendi fyrr en síðar og sumir fyrst nú að komast í lag.“

Þetta var bréf frá Þingvallanefnd. Ég aflaði mér svo upplýsinga um það, hve margir þeir sumarbústaðir væru, sem höfðu verið leyfðir áður, en unnið hafði verið að á þessu tímabili, og þeir eru sagðir vera 10 samtals. Þar af eru sex í Gjábakkalandi og fjórir í Kárastaðalandi, en nánari upplýsingar um þessa bústaði, hverjir eru eigendur o. s. frv., hef ég ekki. Í bréfi Þingvallanefndar er réttilega á það bent, eins og reyndar kom fram hjá fyrirspyrjanda hér áðan, að á sínum tíma var sérstakri mþn. falið að endurskoða lög um Þingvelli ásamt lögum um náttúruvernd. Og eins og fram kom líka hjá honum, vann þessi nefnd það verk að endurskoða eða semja lög um náttúruvernd, og þau lög

voru lögð fyrir Alþ. og afgreidd hér á sínum tíma. En hins vegar varð það verkefni að endurskoða lögin um friðun Þingvalla út undan hjá nefndinni um sinn. En ég hef snúið mér til formanns þessarar nefndar, sem er Birgir Kjaran, eins og fram kemur reyndar í bréfi Þingvallanefndar, og spurzt fyrir um það, hvað störfum nefndarinnar varðandi þetta verkefni liði. Hann hefur tjáð mér, að rætt hafi verið um þjóðgarð á Þingvöllum og fleiri atriði í því sambandi í starfi nefndarinnar, en frv. hafi enn ekki verið samið. En hann hyggst, tjáði hann mér, — það var nú fyrir áramót, sem ég hafði samband við hann, — kalla nefndina saman til starfa nú snemma á þessu ári og taka þá til við samningu frv. um friðun Þingvalla.

Þetta eru þær upplýsingar, herra forseti, sem ég get gefið við fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir greinargóð svör, og þar las ég í málið, að sú mþn., sem átti að fjalla einmitt um endurskoðun laga um friðun Þingvalla, hafi lítt unnið að nýrri frv.-smíði. Og það, sem einmitt vakti fyrir mér með því að vekja máls á þessu, var einmitt að ýta á eftir nýjum lögum varðandi þetta efni, ekki sízt, þar sem fram undan er nú 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, þar sem Þingvellir verða miðstöð hátíðahaldanna, og er þá ekki nema skylt og rétt að sýna þessum fornhelga sögustað fullan sóma með því að endurskoða þessi gömlu og úreltu lög.

Ég get ekki staðizt freistinguna að láta í ljós undrun mína á því, hvernig hið háa Alþingi hefur haldið á Þingvallamálinu. Þetta er eitt af þeim málum, sem ég mundi telja, að væri Alþ. sízt til sóma, að láta einstaklinga byggja einkasumarbústaði inni á söguhelgum, friðlýstum stað allrar þjóðarinnar. Það getur ekki farið á milli mála, að það var ætlun Alþingis að gera Þingvelli og næsta nágrenni um aldur og ævi að friðlýstum helgistað allra Íslendinga og það hefur aldrei vakað fyrir Alþ. að gera ráð fyrir því, að einstaklingar gætu komið sér þarna upp sumarbústöðum, girt af landssvæði og þannig fyrirmunað almenningi að ráfa um Þingvallasvæðið eftir vild og njóta þannig helgi staðarins, náttúru og fegurðar. Og það eitt, að Þingvallanefnd skuli hafa úthlutað lóðunum á Þingvallasvæðinu í kyrrþey, án þess að gefa almenningi kost á að sækja um þær, þ. e. a. s. Þingvallanefnd hefur pukrað lóðunum í aðgangsharða, útsjónarsama einstaklinga, er að sjálfsögðu með öllu óverjandi.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál lengur. En frá mínum bæjardyrum séð vænti ég þess, að hin nýju lög feli það í sér, að gert verði ráð fyrir því, að þeir sumarbústaðir, sem hafa verið reistir á Þingvöllum eða í næsta nágrenni, verði fjarlægðir á vissu árabili, og vænti ég, að slíku verði unnt að koma inn í lög.

20. Endurbætur vegna hraðfrystiiðnaðarins.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um endurbætur vegna hraðfrystiiðnaðarins [105. mál, 2] (A. 126).

Á 18. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 21., 29. og 30. fundi í Sþ., 7. des., 20. og 25. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 126 hef ég leyft mér að leggja fram fsp. í nokkrum liðum til hæstv. sjútvrh. um endurbætur vegna hraðfrystiiðnaðarins. Ég vil í örfáum orðum gera nokkra grein fyrir aðdraganda þessa máls. Ég hygg, að þessar endurbætur, sem nú eru nauðsynlegar og að er unnið, megi rekja til þess frv., sem lagt var fram í Bandaríkjaþingi árið 1966, en það er einn liður í mjög vaxandi viðleitni þjóða til þess að gera strangari kröfur en gerðar hafa verið um alla meðferð matvæla, og má segja, að það sé eins konar mótbragð við þeirri mengun og spillingu umhverfis o. fl., sem átt hefur sér stað og mikið er um talað.

Eftir að frv. þetta var lagt fram árið 1966, hafa að því er ég hygg verið lögð fram sex frv. í Bandaríkjaþingi, sem öll miða að þessu sama marki, og nú um síðustu áramót var eitt þessara frv. samþ. í öldungadeild Bandaríkjaþings og hefur verið sent fulltrúadeildinni til meðferðar, og er talið líklegt, að það fái samþykki þar á þessu ári. Með þessu frv. eða þessum aðgerðum er ljóst, að íslenzkur frystiiðnaður verður mjög að bæta sína framleiðsluhætti.

Bandaríkjamarkaðurinn er okkar mikilvægasti markaður fyrir hraðfrystar sjávarafurðir, og má þar ekkert til spara. Því var í ágúst 1969 sett á laggirnar nefnd, sem kölluð hefur verið tillögunefnd um hollustuhætti í frystiiðnaði, og henni falið að fylgjast með framvindu þessa máls og gera þær till. til frystihúsa og til opinberra aðila, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að búa frystihúsin okkar sem bezt úr garði. Nefnd þessi hefur, að því er ég bezt veit, unnið hið bezta starf og mikið, og gaf hún út í nóv. 1970 handbók til frystihúsanna, þar sem bent er á þær helztu lagfæringar, sem nefndin telur, að nauðsynlegar muni reynast.

Ég ætla ekki að fara að telja þær hér í neinum smáatriðum, en þó vil ég aðeins til þess að gera mönnum ljóst, hvað hér er um stórt mál að ræða, nefna örfáar.

Það verða gerðar strangar kröfur t. d. um vatn, sem notað er til að hreinsa báta og þess háttar.

Einnig er allt umhverfi frystihúsanna tekið til meðferðar. Þess verður krafizt, að það verði lagfært, allur úrgangur og drasl fjarlægt, land sléttað eins og bezt má vera og rykbundið í töluverða fjarlægð frá húsunum.

Allt innanhúss í frystihúsunum verður einnig að lag-

færast, bæði aðstaða fólksins og þjónusta við það. Um það eru strangar kröfur taldar líklegar og sömuleiðis um frágang allan í vinnslusal og geymsluherbergjum og sölum fyrir fiskinn. Efni öll, sem geta valdið einhverju tjóni eða einhverri mengun í þessu sambandi, verða að fjarlægjast, og mun vera svo ástatt víða, að verulegra breytinga og lagfæringa sé af þeirri ástæðu þörf.

Sem betur fer eru ýmis íslenzk hraðfrystihús allvel úr garði gerð, en þó kemur í ljós, að því er ég bezt veit, að mjög miklar endurbætur þarf víða að gera. Þetta hefur komið fram t. d. í viðtölum við forustumenn sveitarfélaga og frystihúsa og samtaka þeirra. M. a. var alveg nýlega í dagblaðinu Tímanum, þriðjudaginn 18. þ. m., ef ég man rétt, viðtal við forustumann sölu- eða útflutningsdeildar Sambands ísl. samvinnufélaga. Telur hann, að lágmarkskostnaður við endurbætur á frystihúsum á þeirra vegum verði um 11—12 millj. kr. á hvert hús, og sé þar eingöngu miðað við lágmarks endurbætur. Hins vegar vekur hann athygli á því, að í mjög mörgum tilfellum verður ekki unnt að gera eingöngu það, sem þessar reglur kunna að krefjast, heldur er víða þannig ástatt, að gera verður langtum meira, jafnvel að endurbyggja hús. Það borgar sig ekki að hrófla við þeim á annan máta. Og ef ég man rétt, þá taldi hann, að kostnaðurinn, ef það yrði gert, yrði í kringum 20 millj. á hvert hús eða yfir 600 millj. fyrir þau hús, sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur með að gera. Svipaðar tölur hafa verið birtar af forustumönnum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og einnig þar kemur fram, að um mjög mikinn mismun getur verið að ræða eftir því, hvort ætlunin er að gera aðeins nauðsynlegustu endurbætur vegna þessarar lagasetningar eða lagfæra þar margt annað, sem úrskeiðis hefur farið.

Mér skilst því á þessum tölum, sem fram hafa komið, að vegna frystihúsanna geti verið um að ræða frá 1000 millj. kr. upp í hátt í 2000 millj. og eru það gífurlegar fjárhæðir. Einnig birtist í Morgunblaðinu 20. jan. s. l. viðtal við forustumann Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem fram kom, að fjárhæðir sem nauðsynlegar verða á þeirra vegum, í þessu sambandi, geta orðið allt frá 500—750 millj. kr.

Af því, sem ég hef nú rakið í mjög stuttu máli, má vera ljóst, að hér er um gífurlega stórt og mikið mál að ræða. Taldi ég því æskilegt að fá fram sem fyrst viðhorf stjórnvalda til þessa máls og hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hefur í huga í þessu sambandi. Fyrstu fjórir liðir fsp. eru því allir um þetta.

Í fyrsta liðnum er spurt um það, hvað talið er, að þær miklu endurbætur, sem nauðsynlegar verða í hraðfrystiiðnaði landsmanna á næstu árum vegna hinna ströngu ákvæða, sem verið er að lögbinda á erlendum mörkuðum um alla meðferð á fiski og fiskafurðum, muni kosta a) fyrir frystihúsin sjálf og b) sveitarfélögin.

Annar liðurinn er þannig:

Hvenær er gert ráð fyrir því, að ítarlegar áætlanir um endurbætur á vegum frystihúsanna og sveitarfélaganna muni liggja fyrir?

Í þriðja lagi spyr ég:

Hvenær er gert ráð fyrir því, að umræddum endurbótum verði að vera lokið?

4. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að útvega fjármagn til umræddra endurbóta, bæði á vegum frystihúsanna og sveitarfélaganna?

Loks er 5. liðurinn, sem fjallar um skylt, en dálítið annað efni, og spurt:

Er ráðgert að efla þá leiðbeiningarstarfsemi, sem tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði hefur komið á fót?

En nefndin hefur ráðið einn starfsmann, sem hefur nú starfað í u. þ. b. eitt ár, og hefur sú þjónusta reynzt mjög nauðsynleg, og tel ég eðlilegt að efla hana.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég tel réttast að lesa hér svarbréf frá nefnd þeirri, sem hv. þm. hefur hér minnzt á í sambandi við þetta mál og hefur starfað nú um skeið, nefnd til þess að gera till. um umbætur í hraðfrystihúsum landsmanna með tilliti til hollustuhátta sérstaklega. En bréf þessarar nefndar varðandi þessar fsp. hv. þm. er á þessa leið:

„Vér höfum móttekið bréf rn. dags. 30. nóv., þar sem óskað er eftir álitsgerð frá oss um fsp. frá Steingrími Hermannssyni í Sþ., 105. mál, um endurbætur á hraðfrystiiðnaði landsmanna vegna hinna ströngu ákvæða, sem verið er að lögbinda á erlendum mörkuðum um alla meðferð á fiski og fiskafurðum. Fer álitsgerð vor hér á eftir lið fyrir lið, en texti fsp. verður ekki endurtekinn.

1. Áætlanir liggja ekki enn þá fyrir um kostnaðinn af þeim endurbótum, sem nauðsynlegar eru í hraðfrystiiðnaði landsmanna, til þess að hann uppfylli þær kröfur, sem verið er að lögbinda í markaðslöndum okkar. Það er þó ljóst, að hér verður um mjög háar upphæðir að ræða, bæði fyrir sveitarfélögin og hraðfrystihúsin sjálf. Þess ber líka að gæta, að flest eru hraðfrystihúsin gömul og mörg byggð af vanefnum. Hjá flestum þeirra standa því fyrir dyrum einhverjar breytingar aðrar en þær, sem snerta kröfur viðskiptalanda okkar, og hjá sumum verða þær mjög róttækar. Þessar tvenns konar framkvæmdir eru náskyldar og óhjákvæmilegt, að unnið sé að þeim samtímis. Mun það eðlilega auka mjög á kostnaðinn.

2. Að undirlagi tillögunefndarinnar hafa sölusamtök hraðfrystihúsanna beitt sér fyrir því, að gerðar væru áætlanir um kostnaðinn af þeim endurbótum, sem gera þarf á hraðfrystihúsunum, til þess að þau uppfylli væntanlegar kröfur viðskiptalanda okkar. Gert er ráð fyrir, að þessari áætlanagerð verði lokið upp úr áramótum. (Ég get bætt því hér við, að henni er ekki lokið enn.) Samband ísl. sveitarfélaga hefur einnig beitt sér fyrir því, að hliðstæðar áætlanir yrðu gerðar fyrir sveitarfélögin, og eru horfur á, að þær verði flestar tilbúnar um næstu áramót. Allar þessar áætlanir þarf síðan að yfirfara og samræma, og verður það allmikið verk, einkum að því er snertir áætlanir sveitarfélaganna. Fer það eftir því, hve ríka áherzlu hið opinbera leggur á, að verkinu verði hraðað, hvenær lokið verður við það.

3. Nefndin telur, að þessum endurbótum þurfi að vera lokið að mestu, þegar löggjöfin um heilnæman fisk og fiskafurðir kemur til framkvæmda í Bandaríkjunum. Hvenær þetta verður er í fyrsta lagi undir því komið, hvenær Bandaríkjaþing afgreiðir lögin, og í öðru lagi, hvenær veitt verður fé vegna eftirlitsins, sem lögin væntanlega munu gera ráð fyrir. Um bæði þessi

atriði ríkir mikil óvissa, en hér fer á eftir það, sem nefndin veit sannast um málið:

Frv., sem mestar líkur eru taldar til, að nái fram að ganga, er kennt við viðskiptanefnd öldungadeildarinnar og hefur enn sem komið er ekki neitt skrásetningarnúmer. Þetta frv. verður væntanlega afgreitt í öldungadeildinni fyrir áramót og síðan lagt fyrir fulltrúadeildina snemma á næsta ári. (Við það má bæta því, sem hér hafði reyndar komið fram hjá fyrirspyrjanda, að þetta frv. hefur nú þegar verið afgreitt í öldungadeildinni.) Það eru því nokkrar líkur fyrir því, að frv. verði að lögum á árinu 1972 og það verði efnislega lítið breytt frá því, sem nú er. Í frv. er mælt svo fyrir, að fyrstu reglugerðir um hreinlætis- og gæðastaðla fyrir fiskvinnslustöðvar skuli vera tilbúnar innan eins árs frá því, að fé er veitt til þess að framfylgja þessum þætti laganna. Síðan er gert ráð fyrir, að enn eitt ár líði, þar til reglugerðirnar koma til framkvæmda. Í frv. er líka heimild fyrir ráðh. til þess að fresta framkvæmd reglugerðanna um enn þá eitt ár, ef hann telur það nauðsynlegt. Fjárlagaár Bandaríkjanna hefst þann 1. júlí ár hvert, eins og kunnugt er. Verði frv. samþ. á fyrra parti næsta árs, er ósennilegt, að fé verði veitt á fjárlögum vegna hinna nýju laga, fyrr en í fyrsta lagi á fjárlagaárinu 1972—1973. Nefndin telur þó líklegra, að þetta verði ekki fyrr en í fyrsta lagi á fjárlagaárinu 1973—1974. Lögin geta því í fyrsta lagi komið til framkvæmda á miðju ári 1974, en líklegra er, að það verði ekki fyrr en á miðju ári 1975. Dragist það enn, að frv. verði samþ., lengist fresturinn, sem við höfum, að sama skapi."

4. tölul., þar sem um var spurt, hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess að útvega fjármagn til umræddra endurbóta, bæði á vegum frystihúsanna og sveitarfélaganna, svaraði þessi nefnd þannig: „Þessum lið getur nefndin ekki svarað."

5. Hvað varðar þennan lið vísast til grg. nefndarinnar til sjútvrn. dags. 10. nóv. s. l., en þar er fjallað um það, að rétt væri að styrkja þessa starfsemi nefndarinnar m. a. Afrit af grg. fylgir hér með."

Þetta eru í aðalatriðum þær upplýsingar, sem þessi nefnd hefur sent frá sér. Til viðbótar get ég svo skýrt frá því, að ég hef nokkrum sinnum átt viðtöl við þá aðila, sem fjalla um þessi mál, og þá m. a. við helztu forustumenn þeirra landssamtaka, sem fara með málefni hraðfrystihúsanna, þ. e. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga, og fengið nokkuð af þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, þó allar á frumstigi, hjá þeim hvorum um sig um það, hvað gera þurfi að þeirra áliti í þeirra frystihúsum. En lokaniðurstöður þessara aðila liggja enn ekki fyrir varðandi þessi mál. Þá hef ég einnig rætt málið nokkrum sinnum við starfsmenn þessarar nefndar, sem hér er um rætt, og fengið hjá þeim nokkrar viðbótarupplýsingar varðandi þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um kostnað í þessu sambandi, m. a. í sambandi við þær áætlanir, sem gerðar hafa verið á vegum sveitarfélaganna.

Það er alveg ljóst af þessum áætlunum, sem eru flestar á frumstigi enn þá, að þær eru þannig, að í þessum efnum er blandað saman í áætlanagerðinni mjög óskyldum kostnaðarliðum í sjálfu sér, og því hafa nú verið gerðar ráðstafanir til þess af hálfu sjútvrn. í samstarfi við þessa tillögunefnd um hollustuhætti að vinna byrjunarálit upp úr þessum frumdrögum um áætlunargerð, sem liggja fyrir, þar sem reynt verði að upplýsa það nokkru nánar, hvað af þeim kostnaði, sem hér er rætt um, verði að teljast til eðlilegra endurbóta og aukningar í frystihúsunum og sé þar af leiðandi af sama tagi í meginatriðum, eins og hliðstæðar framkvæmdir hér á undanförnum árum og tilheyrir í rauninni eigendum frystihúsanna og miðar að mjög verulegu leyti að endurbótum, almennum endurbótum í frystihúsakerfinu, og í öðru lagi komi fram, hver ætti að teljast eðlilegur kostnaður, sem tilheyrir sveitarfélögunum að því leyti til, sem um er að ræða áætlanir um framkvæmdir, sem beinlínis snerta málefni sveitarfélaga, þ. e. það, sem snertir rykbindingu á götum eða jafnvel gatnagerð og stórfelldar breytingar á vatnsveitukerfi eða frárennsliskerfi, þar sem farið er greinilega út fyrir það svið, sem tilheyrir beinlínis frystihúsarekstrinum. Og svo í þriðja lagi þann kostnaðarliðinn, sem flokkast beinlínis undir það að gera frystihúsin þannig úr garði, að þau standist þær kröfur, sem gerðar eru til slíkra matvælastöðva eins og frystihúsin eru, af kaupendum okkar, t. d. þeim, sem eru okkar aðalkaupendur á Bandaríkjamarkaði.

Nú er sem sagt unnið að því að fá yfirlit um þessi mál eins og mögulegt er, en hér er um mikið verk að ræða, og þar sem þetta hefur allt saman blandazt saman, þá gefur auga leið, að það hefur tekið alllangan tíma að gera í rauninni nýjar stofnkostnaðaráætlanir, eins og um er að ræða í mörgum tilvikum.

Það hefur nokkuð verið hugað að því að útvega fjármagn til þessara umbóta á þessu ári. Hér er komið að sjálfsögðu inn á verksvið Fiskveiðasjóðs, og einnig er augljóst, að útvega þarf talsvert viðbótarfjármagn við það, sem Fiskveiðasjóður getur lagt fram í þessum efnum, og fylgir það þeirri athugun, sem fram fer í sambandi við nýja framkvæmdaáætlun á vegum ríkisins og fjáröflun til annarra aðkallandi verkefna.

Ég held, að á þessu stigi málsins geti ég ekki gefið frekari upplýsingar, en vil þó aðeins taka það fram að lokum, að það er enginn vafi á því, að þær tölur, sem hafa verið nefndar í þessu sambandi, gefa engan veginn rétta hugmynd um þann kostnað, sem hér er um að ræða, nema þá að öll þessi svið, sem ég hef minnzt á, þ. e. stórfelld aukning í frystihúsakerfi landsmanna og endurbætur á húsunum, þar með talin mikil ný vélakaup, séu talin þar með. En sá þátturinn, sem beinlínis snýr að framkvæmdum varðandi hollustuhætti í þrengstu merkingu, er auðvitað miklum mun kostnaðarminni en margar þær tölur benda til, sem hafa verið nefndar í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. svör hans. Ég geri mér grein fyrir því, að hér er um afar viðamikið mál að ræða og kannske varla til þess að ætlast, að áætlanir liggi fyrir, þó að það séu mér nokkur vonbrigði, að málið skuli ekki vera komið lengra áleiðis en fram kom. Tel ég, að hraða verði áætlanagerðinni sem allra mest, því að eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, getur svo farið, að við höfum aðeins 2—3 ár til stefnu og því ljóst, að stórmikið átak þarf að gera þegar á þessu ári.

En sérstaklega vil ég leyfa mér að vara við því að skera um of við nögl, þegar reynt er að skilja frá það, sem hæstv. ráðh. nefndi óskylda kostnaðarliði. Ég

þekki dálítið til í nokkrum frystihúsum, og mig grunar, að víða hafi komið í ljós, að ekki var unnt með góðu móti að lagfæra það, sem þessar nýju kröfur einar gera ráð fyrir, án þess að hrófla við fjölmörgu öðru. Reynist beinlínis óhagkvæmt í mörgum gömlum og lélegum húsum að framkvæma þær lagfæringar, sem nauðsynlegar eru, án þess að gera annað og stærra átak um leið. Jafnframt er vitanlega ljóst, að á einhvern máta verða opinberir aðilar að hafa forgöngu um að útvega fjármagn til framkvæmdanna, hvort sem nákvæmlega er um að ræða lagfæringar vegna kröfu erlendis frá eða aðrar skyldulagfæringar.

Svo vil ég aðeins að lokum upplýsa það, að mér tókst að ná í eintök af því frv., sem fór í gegnum öldungadeild Bandaríkjaþings, og umr., sem þar urðu um það. Til upplýsinga fyrir hv. þm. vil ég leyfa mér að geta þess, að í því frv. er gert ráð fyrir að auka framlag til fiskveiðasjóðs þeirra Bandaríkjamanna upp í 35 millj. dollara eða upp í 3300 millj. ísl. kr., og skilst mér, að þar muni vera um nálægt því tvöföldun að ræða, og er það gert í þeim tilgangi að skapa fiskvinnslustöðvum þar fjármagnsmöguleika til þess að framkvæma þær lagfæringar, sem nauðsynlegar verða. Mér sýnist, að hér sé raunar um langtum stærra mál fyrir okkur Íslendinga að ræða en fyrir bandarískan fiskiðnað séð frá sjónarmiði þjóðarbúsins í heild, og við megum áreiðanlega ekki spara neitt til þess, að sem bezt megi verða úr þessum framkvæmdum gert.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég held, að allir hljóti að vera sammála um, að hér er um mjög stórt mál að ræða, sem hér er til umr. Hvenær þessi löggjöf kemur til framkvæmda í Bandaríkjunum um aukið hreinlæti og hollustuhætti, verður að sjálfsögðu ekkert sagt um í dag, eins og hæstv. ráðh. greindi frá. En hitt er augljóst mál, að það líður senn að því, að þetta komi til framkvæmda. Það er líka augljóst mál af þeim upplýsingum, sem þegar liggja fyrir í sambandi við þær athuganir, sem gerðar hafa verið af sérstöku verkfræðifélagi, sem tók þetta að sér, t. d. fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða þau frystihús, sem eru innan hennar vébanda, að þar er um geysilega fjárhagslega stórt mál að ræða, hvort sem á það er litið, sem veit að endurbótum húsanna, venjulegum endurbótum, ellegar það, sem tengt er þeim umbótum og endurbótum, sem gera þarf í sambandi við þessa væntanlegu löggjöf. Á aukafundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem var haldinn nú í síðasta mánuði, voru þessar athuganir, sem fyrir liggja, lagðar fram og ræddar allítarlega af eigendum hraðfrystihúsanna. Kom þar skýrt fram, að það var álit hraðfrystihúsmannanna, að nauðsynlegt væri að geta hafið sem allra fyrst þessar endurbætur, sem væntanlega verður að ráðast í á næstu árum. Eftir því sem málið er umfangsmeira og stærra, þá má það vera öllum ljóst, að nauðsynlegt er að geta dreift framkvæmdunum á lengra tímabil. Og við megum ekki bíða eftir því, að lögin taki gildi. Við verðum að hefjast handa sem fyrst í að koma á þessum nauðsynlegu umbótum, sem okkur öllum hlýtur að vera ljóst, að eru algerlega undirstöðuatriði eða grundvöllur fyrir því, að við getum haldið áfram viðskiptum við þessa viðskiptaþjóð, sem við eigum svo mikið undir í sambandi við þennan þátt sjávarútvegsframleiðslunnar.

Hæstv. ráðh. sagði réttilega, að þessi athugun, sem fram hefur farið, tæki til hvors tveggja, verulegra endurbóta og viðauka við frystihúsin og svo einnig þess, sem gera verður í sambandi við þessa löggjöf um hollustuhættina, þessa væntanlegu löggjöf, sem gert er ráð fyrir, að taki gildi nú á næstu árum í Bandaríkjunum. En það er einmitt með tilliti til þess, að við erum háðir viðskiptunum í dag við Bandaríkin, að við verðum nú sem allra fyrst að hefja þessar framkvæmdir og aðgerðir með endurbótum á hraðfrystihúsunum. Og það er einnig með tilliti til þess, sem okkur hlýtur að vera ljóst í sambandi við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið af forráðamönnum EBE-landanna, að það horfir ekki byrlega fyrir Íslendingum í sambandi við þá samninga, sem þeir eiga fram undan við þessi lönd varðandi viðskiptin á fiskmarkaðinum. Og það getur fyrr heldur en síðar komið til þess, að við verðum í enn ríkari mæli að snúa okkar viðskiptum til Bandaríkjanna en við gerum í dag. Við horfumst í augu við það, að við erum að stórauka okkar skipastól. Tugir togara, væntanlega stórra togara og afkastamikilla fiskiskipa, eru væntanlegir til landsins nú alveg á næstu árum, og með tilkomu þeirra eykst verulega það fiskmagn, sem verður til ráðstöfunar til viðskiptalandanna. Það er ekkert óeðlilegt, að við gerum ráð fyrir því, að sagan geti endurtekið sig, sem átti sér stað, þegar landhelgin var síðast færð út, og sett verði á okkar skip eins konar viðskiptabann í Bretlandi og kannske Vestur-Þýzkalandi líka. En þótt það verði ekki gert, þá getur líka komið annað til, sem hamlar okkar viðskiptum við þessar þjóðir, og það er, að settir verði innflutningstollar svo háir, að við sjáum okkur ekki fært að landa fiskinum, þó að við hefðum frelsi til þess að öðru leyti, og þá leiðir það af því, að við verðum að huga alvarlega að því að byggja upp aðstöðuna við fiskvinnslustöðvarnar, svo að þær séu í því ástandi, að framleiðslan frá þeim verði boðleg í hvaða markaðslöndum sem um er að ræða í heiminum.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. við það, sem ég las út úr svari hæstv. sjútvrh. hér áðan. Hann taldi, og ég vona, að ég fari þar rétt með, að þær tölur, sem nefndar hefðu verið á opinberum vettvangi í sambandi við endurbætur frystihúsanna, væru allt of háar, enda væri þar mörgu ólíku og óskyldu saman blandað, svo sem eins og umbúnaði frystihúsanna, þ. e. hinni ytri aðkomu að þeim á hinum ýmsu stöðum. Skipun þeirrar nefndar, sem nú fjallar um þessi mál, um hollustuhætti í fiskiðnaði, er ég dálítið kunnugur, og á það var lögð áherzla við þá nefnd, þegar hún hóf þessi störf, að hún reyndi einmitt að skoða málið í heild og gera sér ljósa heildarmynd þess vanda, sem um var að ræða, til að mæta þeim hugsanlegu kröfum, sem kynnu að koma frá markaðslöndum okkar. Og eftir stutta kynnisferð tveggja eða þriggja nm. til nokkurra þessara markaðslanda var það þeirra álit, sem þeir létu rn. þá í té, að vísu munnlega, að þetta mál yrði að skoða í einni heild, því að það væri alveg ljóst, að það mundi færast í vöxt, að markaðslöndin sendu hingað fulltrúa til að skoða framleiðslustöðvarnar, og jafnframt ljóst, að þau mundu ekki gera frekari skoðun á þeim framleiðslustöðvum, svo sem frystihúsunum, ef ytri búnaður þeirra væri með þeim hætti, sem þeir ekki viðurkenndu. M. ö. o., þó að frystihúsið fullnægi kröf-

um innan dyra, svo sem bezt yrði á kosið, þá yrði ekki um frekari skoðun á viðkomandi frystihúsi að ræða, ef ytra útlit þess og aðstaða öll til aðflutnings hráefnisins væri ekki með þeim hætti, sem talið væri viðunanlegt.

Ég legg því mikla áherzlu á það, að í hvaða áföngum sem við fáumst við þennan vanda, þá verði málið skoðað í heild, þ. e. ekki einungis frá sjónarmiðum hraðfrystihúseigendanna, sem þó eru mikilvæg og kannske mikilvægust í þessu efni, heldur verði vandi sveitarfélaganna jafnframt skoðaður. Og ég vona, að hæstv. ráðh. sé mér sammála um það, að þó að færa megi niður eitthvað þær tölur, sem nefndar hafa verið, þá verði að vandanum staðið með þessum hætti.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vildi taka af allan vafa um það, að menn hefðu skilið mál mitt rétt. Ég vil ekki á neinn hátt draga úr því, að þær háu tölur, sem nefndar hafa verið, þó að fullnaðaráætlanir liggi nú ekki fyrir um þennan kostnað, eigi rétt á sér, þegar rætt er um allan þann kostnað, sem hér hefur verið fjallað um og ég minntist á í mínu svari. Ég lagði aðeins áherzlu á það, að þær tölur, sem nefndar hefðu verið, býsna háar, gæfu ekki rétta hugmynd um þann kostnað, sem því væri samfara að uppfylla þær sérstöku kröfur, sem gerðar yrðu um hreinlæti og aðbúnað í frystihúsunum. Ég vildi aðeins draga þarna skil á milli. Mér er það ljóst, að þær áætlanir, sem gerðar hafa verið, fjalla um stórkostlegar endurbætur í okkar frystiiðnaði og í sumum tilvikum hreinlega um endurbyggingu frystihúsa að hálfu eða öllu leyti og auðvitað um stórkostlega aukningu. Vissulega er það stórt verkefni, sem þarf að leysa, og það þarf að afla fjár til þess líka. En ég taldi hins vegar rétt, að menn reyndu að skilja þarna á milli.

Það verður að sjálfsögðu litið á þetta mál sem heild, m. a. á þann þáttinn, sem snýr beinlínis að sveitarfélögunum, því að það eru ekki miklar líkur til þess, að þau geti lagt fram mikið fjármagn til endurbóta í þessum efnum, nema þeim verði rétt hjálparhönd í sambandi við slíkt átak. Ég dreg sem sagt ekki úr því á neinn hátt, að hér er um gífurlega stórt verkefni að ræða, og þarf mikið fjármagn til þess. En hér er um margþætt vandamál að ræða. Hér er ekki aðeins um að ræða sérstakar kröfur erlendis frá varðandi hreinlætismál. Hér er um enn þá stærra vandamál að ræða, þegar litið er á það sem heild.

21. Jöfnun á flutningskostnaði.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um jöfnun á flutningskostnaði [37. mál, I] (A. 38).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 9., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 29. og 30. fundi í Sþ., 2., 9., 16., 23., 25. og 30. nóv., 7. des., 20. og 25. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á Alþ. 5. apríl 1971 var samþ. þáltill. um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar. Ég tel, að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða fyrir dreifbýli þessa lands, að ég leyfi mér að leggja fram á þskj. 38 fsp. til hæstv. samgrh. um framkvæmd á þessari þáltill., og er fsp. í tveimur liðum:

1. Hvað líður athugun á vöruflutningum landsmanna?

2. Hvenær má vænta tillagna um leiðir til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þeim efnum, eftir því sem við verður komið?

Ég hygg, að það leyni sér ekki, að ójöfnuður á milli landsmanna hefur aukizt að ýmsu leyti upp á síðkastið. Áður fyrr, þegar þarfirnar voru litlar, má vel vera, að menn úti í dreifbýlinu hafi jafnvel staðið betur að vígi. En á síðustu árum og áratugum hafa nauðsynjar í vaxandi mæli verið aðfluttar, og á flestum þeim sviðum hefur skapazt meiri eða minni ójöfnuður. Svo er á sviði menntunar, svo er einnig á sviði félagsmála, heilbrigðismála, og fjölmargt fleira mætti nefna í þessu sambandi. Einn af þessum þáttum er flutningskostnaður á fjölmörgum nauðsynjum, sem hvert einasta heimili og fyrirtæki þarfnast í dag, og þarf ég ekki að lengja mál mitt með því að telja það upp.

Ég tel því fyrir mitt leyti mjög nauðsynlegt að finna leiðir til þess, að landsmenn sitji við sem líkast borð að þessu leyti og verði þetta einhvern veginn jafnað. Þetta er gert á einstökum sviðum, eins og t. d. með olíu, en mér sýnist nauðsynlegt að athuga það einnig á mörgum öðrum. Í þessu sambandi er flutningskostnaður vitanlega mikill liður, og það þarf bæði að kanna flutningskostnað á landi og sjó og þá staðreynd, að skipafélögin flytja yfirleitt til Reykjavíkur eða örfárra hafna, þó að Eimskipafélag Íslands hafi að vísu gengið til móts við landsmenn að því leyti, að þeir bjóða framhaldsflutning án kostnaðar. En það er ekki á nálægt því öllum vörum, enda mikið, sem ekki er þannig pantað eða keypt beint til landsins.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð, en endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég tel hér um afar mikilvægt málefni fyrir dreifbýlið að ræða.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Spurzt er fyrir um það með vísun til þál., sem samþ. var á Alþ. 5. apríl 1971, í fyrsta lagi: „Hvað líður athugun á vöruflutningum landsmanna? 2. Hvenær má vænta tillagna um leiðir til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þeim efnum, eftir því sem við verður komið?"

Þáltill. sú, sem spurzt er fyrir um, var flutt af þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni, Gísla Guðmundssyni, Magnúsi H. Gíslasyni, Bjarna Guðbjörnssyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Páli Þorsteinssyni, Stefáni Valgeirssyni, Sigurvin Einarssyni og Eysteini Jónssyni, sbr. þskj. 60 á síðasta þingi. Í till. var lagt til, að Alþ. kysi fimm manna

mþn. til þess að athuga vöruflutninga landsmanna og gera till. um bætta skipan þeirra mála. Skyldi að því stefnt að gera flutningakerfið sem hagkvæmast og hraðvirkast án óhæfilegs tilkostnaðar og leita úrræða til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sætu við sama borð í þeim efnum, eftir því sem við yrði komið. Þannig var þáltill. Allshn. Sþ. fékk svo málið til athugunar, gerði þá brtt., að í staðinn fyrir fimm manna mþn. skyldi ríkisstj. falið að láta fara fram hina umbeðnu athugun. Till. var samþ. þannig á Alþ. 5. apríl 1971 og send samgrn. 21. apríl 1971.

Hér er, eins og öllum má vera ljóst, um mikið grundvallarmál að ræða. Erfiðleikar og mismunandi kostnaður landsmanna um aðdrætti nauðsynja sprettur ekki fyrst og fremst af ástandi samgöngukerfisins, heldur af því innflutnings- og verzlunarfyrirkomulagi, sem við búum við. Nægir í því sambandi að benda á, að samkv. hagskýrslum mun a. m. k. ¾ hlutum alls innflutnings landsmanna miðað við verðmæti vera landað í Reykjavík, en vörunum síðan dreift þaðan út um landsbyggðina. Eins og réttilega er rakið í grg. með þáltill. á þskj. 60 á síðasta þingi, hefur verið komið á jöfnunarverði, og á það minntist líka hv. fyrirspyrjandi áðan, á einstöku vörutegundum, svo sem olíu, benzíni, tóbaki, áfengi, sementi og tilbúnum áburði. Og einnig er flutningskostnaður innlendra landbúnaðarafurða jafnaður að mestu. Í öllum þessum tilfellum er um að ræða einkasöluvörur að meira eða minna leyti. Um almennar vörur gegnir allt öðru máli, þar sem þá er oftast um að ræða fjölmarga framleiðendur, innflytjendur eða seljendur sömu vörutegundar. Verðjöfnun verður þar tæpast komið við á sama hátt nema með óæskilega ströngum ríkisafskiptum, sem jafnvel gætu orðið til þess að draga úr nauðsynlegri samkeppni framleiðenda og seljenda, bæði um verð og vörugæði. Af ríkisins hálfu hefur verið reynt að jafna þennan aðstöðumun, sem er á milli fólks eftir fjarlægð frá aðalinnflutningshöfn landsins, með því að stuðla að ódýrum vöruflutningum á sjó, og hefur Skipaútgerð ríkisins haft það hlutverk um áratugi, og einnig hefur Alþ. í vaxandi mæli styrkt rekstur flóabáta og styrkt nokkuð vöruflutninga með bifreiðum, einkum til þeirra byggðarlaga, sem ekki verður þjónað sjóleiðis. Þannig hefur ríkið haft afskipti af því að reyna að jafna þennan aðstöðumun íbúa landsins með verulegum fjárframlögum. En það, sem þarf að breytast, er vafalaust innflutningsfyrirkomulagið til landsins. Til slíkra mála voru veittar á liðnu ári 19 millj. 255 þús. til flóabáta og 39 millj. kr. til greiðslu á rekstrarhalla strandferðaskipa ríkisins. Þetta er það framlag, sem Alþ. og ríkisstj. hafa ákveðið til jöfnunar á flutningskostnaði, og út yfir það hefur ekki verið mörkuð nein ákveðin stefna af hálfu Alþingis né neinnar ríkisstj. í því máli, sem þáltill. annars fjallar um.

Ég játa fúslega, að þetta mál er sannarlega tímabært viðfangsefni, sem þarfnast mjög rækilegrar athugunar, og hefur ekki enn unnizt tími til þess að framkvæma þá athugun eða gera viðhlítandi ráðstafanir til úrbóta frekar en orðið er. Málið mun því ekki vera skrínlagt, heldur fljótlega verða fengið sérfræðingum til athugunar, e. t. v. Framkvæmdastofnun ríkisins, og síðan mun þá ríkisstj. leggja málið fyrir Alþ., þegar niðurstöður athugunarinnar liggja fyrir. Mér virðist a. m. k. eðlilegast, eins og nú standa sakir, að þetta mál yrði fengið Framkvæmdastofnun ríkisins til úrlausnar.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. greinargóð svör hans. Ég geri mér grein fyrir því, að málið er nokkuð viðamikið og að ýmsu leyti flókið, sérstaklega hvað viðvíkur hinum almenna innflutningi til landsins.

Vitanlega er það töluvert annað, þegar um einkaframleiðslu er að ræða annars vegar eða hins vegar framleiðslu, sem ríkið hefur meira eða minna hönd í bagga með. En ég er þó þeirrar skoðunar, að það, sem hið opinbera hefur gert með Skipaútgerð ríkisins og styrkjum til flutninga á vegum hinna ýmsu aðila, fullnægi hvergi nærri þeirri þörf, sem er fyrir leiðréttingu á þessu sviði með tilliti til aðstöðu íbúa landsins. Ég er sannfærður um, að finna verður einhverjar leiðir til þess að brúa það bil einnig á sviði hins frjálsa innflutnings. Um það er ég hins vegar sammála hæstv. ráðh., að það má ekki gerast á þann veg, að ríkisvaldið hafi um of hönd í bagga með þessum innflutningi. Það gæti leitt til alls konar erfiðleika og óhagræðis fyrir innflytjendur og jafnvel dregið úr nauðsynlegri samkeppni, eins og kom fram í svari hans. Hins vegar sýnist mér, að málið megi ekki bíða og sé sjálfsagt að taka það til athugunar. Ég er dálítið efins um það, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé rétti aðilinn. Flestöllu virðist nú vísað til hennar, bæði frá hæstv. ráðh. og bönkum og fleirum. Er ekki eðlilegra, vil ég leyfa mér að spyrja, að hæstv. samgrh. kalli sjálfur til sérfræðinga, sem fjalli um þetta mál, m. ö. o. að hann setji á fót nefnd sérfræðinga, sem athugi málið og skili um það áliti? Ég fyrir mitt leyti vil leggja áherzlu á, að afgreiðslu málsins, hvort sem hún verður á þann veg, sem ég hef nú lagt til, eða að Framkvæmdastofnuninni verði falið að annast hana, verði hraðað.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs vegna þess, að mér fannst ekki koma hér fram eitt sjónarmið, sem margir sérfræðingar hafa bent á í sambandi við jöfnun flutningskostnaðar og ætti rétt á sér, að kæmi hér fram. Og það er, að ýmsir sérfræðingar í byggðamálum hafa litið svo á, að jöfnun flutningskostnaðar hafi líka í för með sér vandamál fyrir strjálbýlið á þann veg, að ef jafnaður sé á öllum sviðum flutningskostnaður, dragi það úr atvinnuuppbyggingu í strjálbýlinu einmitt í þeim atvinnugreinum, sem mest vaxa, þ. e. í þjónustugreinunum. Það kom hér fram í máli hæstv. ráðh., að innflutningsverzlunin hefur dregizt mjög til Reykjavíkur, og það er að minni hyggju líka vegna þess, að við höfum greitt mjög niður flutningskostnað út á land, þannig að innflutningsverzlun hér í Reykjavík getur keppt algerlega við innflutningsverzlun, hvar sem hún er staðsett í landinu, a. m. k. í sumum vörutegundum. Með þessu er ég ekki að mæla gegn jöfnun á flutningskostnaði, heldur aðeins að benda á, að á þessu máli eru tvær hliðar, ef ekki miklu fleiri. Og þess vegna styð ég mjög þá skoðun hæstv. ráðh., að mál þetta þurfi að skoðast rækilega.

22. Söluskattur á raforku til húsahitunar.

Á deildafundum 20. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um söluskatt á raforku til húsahitunar [143. mál] (A. 253).

Á 29. fundi í Sþ., 20. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum s. l. sumar, var það eitt af fyrstu verkum hennar að hagræða vísitölunni með því að fella niður söluskatt á orku til húsahitunar. Ekki tókst þó betur til en svo, að söluskattur af raforku í framangreindu skyni var ekki felldur niður þrátt fyrir þá eindregnu yfirlýsingu í stjórnarsamningnum, að nú skyldi reisa stórvirkjanir, m. a. til þess að afla orku til húsahitunar. Ég vil vekja athygli hins háa Alþingis og þjóðarinnar allrar á því mikla misrétti, sem þessi stjórnarathöfn hefur haft í för með sér. Í því sambandi vil ég taka dæmi um, hvernig Akureyringar verða misrétti beittir, vegna þess að söluskattur á raforku til húsahitunar var ekki felldur niður samtímis því, að felldur var niður söluskattur á olíu og jarðvarma til upphitunar húsa. Á Akureyri fara 60% af seldri orku Rafveitu Akureyrar til húsahitunar. Þessi orka er seld samkv. núgildandi gjaldskrá á 21 millj. kr. yfir allt s. l. ár. Söluskattur, sem þessum húseigendum er gert að greiða, er því um 2 millj. kr. yfir árið, þ. e. sé miðað við það, hvenær söluskattur var felldur niður á hliðstæðum orkugjöfum á s. l. ári, hefur nálega 1 millj. kr. nú þegar verið tekin ranglega af þeim heimilum á Akureyri, sem hita hús sín upp með raforku. Hér er auðvitað um dæmi að ræða, en öll heimili í landinu, sem hituð eru með raforku, verða fyrir barðinu á þessari fráleitu ráðstöfun.

Með þessu er þó ekki sagan öll sögð. Það er alkunna, að jarðvarmi er langódýrasta orka, sem völ er á til húsahitunar. Víða hagar þó svo til, að sú orka er ekki fáanleg. Það fólk, sem byggir þá staði og sveitir, hefur því einungis um að velja olíu eða rafmagn til upphitunar. Það verður að teljast furðuleg ráðstöfun að greiða niður hinn erlenda orkugjafa, þannig að samkeppnishæfni raforkunnar rýrist til mikilla muna.

Ég hef oftsinnis spurzt fyrir um það í fjmrn., hverju þetta sæti og hvort ekki sé von á leiðréttingu. Mér hefur verið svarað því til, að það sé svo með taxta rafmagnsveitnanna, að ekki sé alls staðar unnt að greina milli seldrar orku til húsahitunar og annarrar heimilisnotkunar, málið sé í athugun. Ég lét því málið kyrrt liggja í þeirri von, að úr rættist, þótt benda hefði mátt á, að hæstv. ríkisstj. hefði getað tekið sig til og fellt niður allan söluskatt á raforku til heimilisnotkunar til þess að ná fullu samræmi í aðgerðir sínar. Annað eins hefur hún brallað í fjármálum, og einhver ráð hefur hún haft til að ná því fé, sem þannig tapaðist af tekjum ríkissjóðs, með skaplegri hætti en verið hefur.

Nú eru hins vegar liðnir um sex mánuðir síðan hæstv. ríkisstj. valdi þá leið að hagræða vísitölunni, sem m. a. hefur haft það í för með sér, að hún hefur í rauninni lagt alveg sérstakan skatt á launþega, t. d. á Akureyri, sem nemur 1 millj. kr., og hliðstæðan skatt á aðra launþega í landinu, sem hita hús sín upp með raforku. Ríkisstj. hefur fengið nægan tíma til að leiðrétta þetta óréttlæti og hefði raunar aldrei þurft að fremja það, þótt þessi leið hefði verið farin til þess að hagræða vísitölunni. Því spyr ég hæstv. fjmrh. í skrifl. fsp. á þskj. 253: Hvenær hyggst ríkisstj. afnema það misrétti að leggja söluskatt á raforku til húsahitunar, en ekki á hitaveitu eða olíu í sama skyni? Ég spyr einnig hæstv. ráðh.: Hyggst hann beita sér fyrir því að skila með einhverjum hætti því fjármagni, sem hann hefur þannig ranglega tekið af launþegum með framangreindum hætti? Hyggst hann t. d. skila heimilum á Akureyri 1 millj. kr. aukaskatti, sem hann hefur gert þeim að greiða í ríkissjóð?

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er nú venja í sambandi við fsp. að byrja ekki með stóru hnútukasti, þó að þær hafi stundum leitt til þess, að hnútur hafi flogið á milli manna. Ég mun því ekki láta sið þann, sem hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Norðurl. e., tók upp, þegar hann gerði grein fyrir fsp. sinni, setja mig út af lagi í sambandi við ræðu hans og hnútuköst, heldur gefst nú tækifæri til þess að ræða þau seinna, en vildi aðeins minna þennan hv. þm. á það, fyrst hann vissi það ekki, að ég hef engan nýjan skatt lagt á þá Akureyringa sérstaklega. Það er þá við annan að sakast, ef á þá hefur verið lagður sérstakur skattur. En út af fsp. á þskj. 253 um sölu á raforku til húsahitunar vil ég gefa eftirfarandi svar:

Ástæðan fyrir fsp. er sú ákvörðun ríkisstj. að fella niður söluskatt af hitaveitugjöldum og olíu til húsakyndingar frá 1. sept. s. l. Það var hugsunin, þegar sú ákvörðun var upphaflega tekin, að fella einnig niður söluskatt af raforku til húsahitunar. En í ljós kom við nánari athugun, að ýmsir vankantar voru á framkvæmd þessa, vegna þess að það var ekki um að ræða nema að litlu leyti, að sú raforka væri sérstaklega mæld.

Vandkvæðin, sem gerðu það að verkum, að þessi liður lá eftir, eru í fyrsta lagi þau að engin leið var að fella niður söluskatt á raforku til húsahitunar nema að því marki, sem hún var sérstaklega mæld og þannig aðgreind frá sölu á annarri raforku, sem er söluskattsskyld. Mátti draga í efa, hvort ráðh. væri samkv. gildandi lögum heimilt að fella niður söluskatt á tiltekna þjónustu til þessara tilteknu þarfa og þá eftir því, hvort hún var sérmæld eða ekki. Jafnvel þó að niðurfelling söluskatts á raforku í samræmi við það, sem að framan segir, teldist framkvæmanleg, er vert að hafa auga á því, að sú aðferð felur einnig í sér misrétti milli þeirra, sem kaupa raforku til húsahitunar sérmælda, og hinna, sem nota raforku til húsahitunar jöfnum höndum með öðrum notum, án þess að sú orka sé sérmæld. Dæmi um þetta eru mjög algeng í sveitum, þar sem bóndi kaupir ákveðinn fjölda kw á ári og tengir rafhitunartæki á þeim tíma sólarhringsins, þegar hann notar ekki raforkuna til annarra þarfa. Með niðurfellingu söluskatts á sérmældri raforku til húsahitunar mundi slíkur notandi

greiða söluskatt af sinni húsahitun, en ekki sá notandi, sem fær raforkuna til húsahitunar sérmælda, svo að það leysti þess vegna ekki málið, þó að stefnt væri að því að reyna að leysa það með þeim hætti. Mál þetta hefur og verið til sérstakrar athugunar í fjmrn., og hefur niðurstaða ekki enn verið fundin eða ákvörðun tekin um, hvernig skuli leysa það, en það er unnið að því að reyna að finna lausnina, svo að allir aðilar sitji við sama borð í þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Að venju vil ég þakka ráðh. fyrir svörin, þó að ég hafi raunar verið búinn að segja hér í minni ræðu, að mér hefði verið sagt þetta hjá fjmrn., að svo væri. Ég benti hins vegar á það í minni frumræðu, hvernig komast mætti fram hjá þessu, auk þess sem sérfróðir menn segja mér, að það sé vandalaust að mæla orku sérstaklega, sem er ætluð til húsahitunar, og þess vegna þurfi það ekki að vera til fyrirstöðu um, að þetta misrétti sé afnumið.

Ég skil ekki þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur í þessu máli. Mér sýnist, að það sé auðvelt að komast fram hjá henni, en það er eins og fyrri daginn, að allt virðist stangast á í yfirlýsingum hennar. Hún hyggst stórauka orkusölu til húsahitunar í landinu á sama tíma sem hún mismunar þeim aðilum freklega, sem kaupa þessa orku, og leggur á þá sérstakan skatt í samanburði við aðra, sem nota erlenda orku eða hitaveituorku til upphitunar. Eins og ég sagði í minni frumræðu, þá er þetta þannig, að hér á Reykjavíkursvæðinu býr fólk við miklu ódýrari orku til húsahitunar. Samt sem áður er felldur niður söluskattur hjá því, en öðru fólki, sem notar innlenda orku, sem er dýrari og sem verður erfiðara að fá fólk til að nota af þeim sökum, því er gert að greiða sérstakan söluskatt. Ég held því, að það sé algerlega óréttlætanlegt, ef ríkisstj. ætlar að halda þessu áfram, og ég segi fyrir mig, að ég lít svo á, að hv. alþm., sem þetta mál varðar, ættu að taka afstöðu til þess og reyna með einhverjum hætti að fá ríkisstj. ofan af þessari ranglátu skattheimtu.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu gat ég ekki farið að breyta frásögn minni. Það stóð ekki til, þó að hv. 5. þm. Norðurl. e. væri áður búinn að fá svör úr sömu átt og ég gaf hér. Það staðfestir bara, að þau svör, sem ég gaf, eru rétt, og gleður það mig að fá staðfestingu á því.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. taldi sig hafa ráð til þess að komast fram hjá þessu atriði. Ég vil hins vegar benda honum á, að m. a. hafði ég samband við Gísla Jónsson, sem er starfsmaður hjá rafveitunum, og hann tjáði mér það, að einmitt væri þróunin fremur í þá átt, að hiti væri ekki sérmældur. Það hefði verið svo áður fyrr, og ég hélt, að það væri yfirleitt, en þróunin væri í öfuga átt.

Það, sem um er að ræða, er ekki eins og hann talar um, að það hafi verið lagður á söluskattur, heldur hitt, að það er ekki komið lengra í að fella niður söluskatt, sem er nokkuð annað. Hins vegar skal ég endurtaka það, að að þessu máli er unnið hjá ríkisstj. og ég vonast til, að viðunandi lausn fáist á því.

23. Sala á kartöflum.

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var útbýtt:
Fsp. til landbrh. um sölu á kartöflum [148. mál, 1] (A. 285).

Á sama fundi var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til landbrh. um sölu á kartöflum. Fsp. hljóðar svo:

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstj. gert til þess að koma í verð allri kartöfluuppskerunni frá s. l. ári?

Það er talið, að uppskeran frá s. l. ári nemi 150—155 þús. tunnum. Áætlað er að selja til neyzlu innanlands 110—115 þús. tunnur. Það er reiknað með, að í útsæði fari ca. 15 þús. tunnur. Það, sem af gengur þá af framleiðslunni og ekki virðist vera markaður fyrir, eru 20—25 þús. tunnur.

Verð á kartöflum til bænda er nú 15.73 kr. I. flokkur og 13.11 kr. II. flokkur. Niðurgreiðsla á hvert kg af kartöflum er 7 kr. Augljóst er, að það er mikið verðmæti, sem hér er um að ræða, hvort sem það eru 20 eða 25 þús. tunnur, sem ekki er markaður fyrir innanlands. Og í tilefni af því leyfi ég mér að spyrja: Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstj. gert til þess að koma allri uppskerunni í verð frá s. l. ári? Miðað við það, að hvert kg sé reiknað á 15 kr., er hér um að ræða verðmæti upp á 30 millj., séu það 20 þús. tunnur, en 37.5 millj., ef um er að ræða 25 þús. tunnur. Ég vænti þess, að hæstv. landbrh. geti gefið upplýsingar um, hvað ríkisstj. hyggst fyrir til þess að bjarga þessum verðmætum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 285 hefur hv. 1. þm. Sunnl. flutt fsp. um sölu á kartöflum. Spurt er, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hafi gert til að koma í verð allri kartöfluuppskeru á s. l. ári. Í sambandi við þessa fsp. vil ég leyfa mér að skýra þetta mál með nokkrum orðum og segja frá því, sem gert hefur verið og hugsað er að gera.

Eins og landsmenn vita, var s. l. sumar óvenjuhagstætt landbúnaðinum í beztu héruðum landsins. Ekki sízt átti þetta við um kartöflframleiðsluna. Talið er, að heildarframleiðsla landsmanna á kartöflum s. l. sumar hafi verið um 150 þús. tunnur. Eftir því sem næst verður komizt, er ársneyzla landsmanna á kartöflum 100—110 þús. tunnur eða 40—50 þús. tunnum minni en framleiðslan var s. l. sumar. Af framleiðslu sumarsins er talið, að 25—30 þús. tunnur hafi verið ræktaðar af framleiðendum, sem nota sjálfir sína eigin framleiðslu. Sölumagnið ætti því að vera 120—125 þús. tunnur. Skiptingin á framleiðslu kartaflna í sumar eftir landshlutum er í aðalatriðum þannig, að á Norður- og Austurlandi er talið, að hafi verið framleiddar um 22 þús. tunnur, en 82 þús. á svæðinu frá Austur-Skaftafellssýslu til Reykjavíkur. Fyrrnefnda svæðið er talið geta selt alla uppskeru sína án nokkurra sérstakra ráðstafana. Hins vegar er talið, að framleiðsla sú, sem

bændur á Suðvesturlandi eiga, muni ekki seljast öll og eftir kunni að verða 10—20 þús. tunnur.

Landbrn. hefur rætt við ýmsa aðila um þetta vandamál og þar á meðal forstöðumann Grænmetisverzlunarinnar, formann Stéttarsambands bænda, framkvæmdastjóra framleiðsluráðs og nokkra bændur. Sannast sagna virðast ekki tiltækileg mörg ráð til lausnar þessu vandamáli með þeim fyrirvara, sem hér er til umráða, enda er þetta óvenjulegt fyrirbrigði, sem ekki hefur gert vart við sig s. l. 17 ár.

Þegar ákveðið var að lækka niðurgreiðslur á búvörum nú fyrir áramótin um ¼, var það ekki gert hvað kartöflur áhrærir. Niðurgreiðslan er látin halda sér óbreytt, til þess að lækkun niðurgreiðslna gerði ekki vandann meiri en hann annars yrði eða til þess að varna því, að sala kartaflna drægist saman af þeim sökum. Um tíma var um það rætt að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til að jafna á milli framleiðenda, þannig að hægt væri að nota nokkurn hluta umframframleiðslunnar til fóðurs. Sú till. var rædd á fundi með Grænmetisverzluninni, er Grænmetisverzlunin boðaði til með fulltrúum framleiðenda á Suðvesturlandi. Fann sú till. ekki náð hjá framleiðendum, og verður því sennilega ekkert úr framkvæmd hennar.

Á þessum fundi kom fram till. um að gera ráðstafanir til að útvega fleiri og betri kartöflugeymslur, þá helzt í kjötfrystihúsum, sem væru orðin tóm. Er þetta hugsað í þeim tilgangi, að lengja megi sölutímabilið. Er nú verið að athuga þessa leið, og mun landbrn. fylgjast með því og reyna að aðstoða framleiðendur í þeim efnum eftir beztu getu. Til tals kom í haust að flytja til Færeyja lítið magn af kartöflum eða 4000 tunnur. Við athugun kom í ljós, að lítið sem ekkert magn var til af þeirri tegund, sem Færeyingar vildu helzt kaupa. En jafnvel þó að hægt væri að selja þeim þær tegundir, sem við höfðum mest af hér, er verðið svo lágt, að ég hef ekki fram að þessu talið það forsvaranlega ráðstöfun á ríkisfé að greiða þann mismun.

Einn er sá vandi, sem hætt er við, að komi upp í sambandi við offramleiðslu kartaflna, og hann er sá, að salan dreifist nokkurn veginn jafnt milli framleiðenda. Á þetta atriði hefur verið lögð rík áherzla við Grænmetisverzlunina, og treysti ég því, að þetta muni takast. Hins vegar ber þess að geta, að viss eftirspurn er eftir ákveðinni kartöflutegund, sem hentar betur en aðrar tegundir við tilbúning svokallaðra franskra kartaflna. Af þessari tegund er lítið ræktað, og því hafa þeir framleiðendur, sem rækta þessar kartöflur, yfirleitt gengið fyrir um sölu á þeim. Enda þótt svo kunni að fara, að eitthvað af kartöflframleiðslu sumarsins seljist ekki, þarf það ekki að tákna, að tekjur framleiðenda rýrni af þeim sökum miðað við uppskerumagn og tekjur undanfarandi ára. Hér er um að ræða umframframleiðslu, sem stafar af hinu góða sumri. Hins vegar þarf að vinna að því öllum árum að hafa tiltæk úrræði til að koma slíkri umframframleiðslu í verð í framtíðinni, svo að sagan endurtaki sig ekki.

Fleira hef ég ekki að segja við þessari fsp. Vona ég, að þetta skýri það, sem um er að ræða.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég veit nú, að hæstv. landbrh. fyrirgefur mér, þó að ég segi, að ég sé ekki ánægður með þessi svör. Ég viðurkenni það, að hér er um dálítið erfitt mál að ræða og það er ekki auðvelt að finna markað fyrir íslenzkar kartöflur erlendis, sízt þegar góðæri hefur verið í Vestur-Evrópu, eins og það var á s. l. sumri. Mér þykir það hins vegar leitt, að þeim skuli ekki bera saman, hæstv. ráðh. og forstjóra Grænmetisverzlunarinnar. Ég talaði við hann í morgun, og þá taldi hann, að um væri að ræða 20—25 þús. tunnur, sem ekki mundu seljast af framleiðslunni frá fyrra ári. Hæstv. ráðh. talar um 10—20 þús. tunnur. Það ber ekki mikið á milli, en jafnvel þó að það væru ekki nema 15 þús. tunnur, þá er hér um mikið fjármagn að ræða. Og þess ber að geta, að það er í mesta lagi 10. eða jafnvel ekki nema 15. hvert ár, sem offramleiðsla á kartöflum á sér stað í þessu landi. Það er oftast, að uppskeran er fyrir neðan meðallag, og flest árin verður að flytja inn mikið af kartöflum. Það var árið 1962, sem flutt var út talsvert af kartöflum, og þá voru útflutningsbætur greiddar á kartöflur eins og á aðrar búsafurðir. Nú er það svo, að áætlað er, að framleiðsluverðmæti landbúnaðarins á verðlagsárinu 1971 og 1972 nemi 4500 millj. kr. Af því leiðir lögum samkv., að skylt er að greiða í útflutningsbætur, ef með þarf, 450 millj. kr.

Nú eru í fjárlögum áætlaðar til útflutningsuppbóta 323 millj. kr. Ég hef aldrei haldið því fram, að það væri meira en 100 millj., sem þar væri vanreiknað. Af því leiðir, að það mun verða talsverður afgangur af útflutningsuppbótum, ef þær fara ekki yfir 420—430 millj. kr., og væri nægjanlegt sennilega til þess að taka sárasta broddinn af því tjóni, sem af því kynni að leiða, ef það þyrfti að fleygja kartöflunum. Ég vil vekja athygli á því, að ef þessar kartöflur væru fluttar út, þótt það væri fyrir lágt verð, þá eiga bændur kröfu á útflutningsuppbótum. Það er það, sem ég vil biðja hæstv. ráðh. um að skrifa hjá sér. Ef kartöflurnar væru fluttar út, þótt það væri fyrir lágt verð, þá eiga bændur lögum samkv. rétt á útflutningsuppbótum. Og þess vegna er það, að svar hæstv. ráðh. er ekki fullnægjandi. Ég get sætt mig við það að fá ekki fullnægjandi svar hjá hæstv. ráðh. í dag, ef hann vill lýsa því yfir, að hann sé reiðubúinn að ræða við mig nánar um þessi mál utan þingfundar, ef vera mætti, að við sameiginlega gætum fundið einhverja leið út úr þessu. Fyrir mitt leyti dettur mér ekki í hug að halda því fram, að hæstv. ráðh. sé ekki allur af vilja gerður í þessu máli. Ég efast ekkert um það. En ég vil benda honum á rétt bænda, þegar um framleiðslu er að ræða, og að hér er ekki um offramleiðslu að ræða á kartöflum nema svo örsjaldan.

Það er eðlilegt, að menn spyrji: Eiga Íslendingar að vera að rækta kartöflur? Ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um, hvernig á að svara því. Það eigum við að gera, vegna þess að það ber að stefna að því á öllum sviðum að verða sem mest sjálfum sér nógur. Og ef við erum sammála um það, að við eigum að rækta kartöflur, þá er eðlilegt, að þegar bændurnir hafa búið við það að ná ekki meðaluppskeru í 10 ár, verði komið til móts við þá, þegar offramleiðsla verður 11. árið.

Það hefur verið sagt, að nota mætti kartöflurnar í fóður, þess vegna þyrfti ekki að fleygja þeim. Ég vil vekja athygli á því, að innflutt fóðurmjöl kostar um 11 kr. kg, og það er ein fóðureining í fóðurmjöli. En kartöflurnar kosta 15 kr., og það þarf 6 kg í hverja fóðureiningu. Fóðureiningin í kartöflum kostar 90 kr.

Það er þess vegna dýrt að fóðra á kartöflum, og það veit ég, að hæstv. landbrh. hefur gert sér fyllilega ljóst. Norðmenn hafa það þannig, þar sem kartöfluuppskeran er árviss og oft er framleitt meira en til neyzlu, að þeir greiða ákveðinn krónufjölda á hvert kg af kartöflum, sem notað er til fóðurs. Og með tilliti til þess, að bændur eiga rétt á útflutningsuppbótum á kartöflur eins og aðra framleiðslu, ef þær væru fluttar út, þá er það ljóst, að það er ekki hægt að afgreiða þetta mál aðeins með því að benda á erfiðleikana, sem því eru samfara, heldur verður að leysa það þannig, að komið sé til móts við framleiðendur, ekki kannske að fullu, en að einhverju leyti. Ég heyrði það áðan á svari hæstv. ráðh., að hann var ekki tilbúinn að gefa viðhlítandi svar við þessu. Ég er tilbúinn að una því, ef hann vill segja það, að þetta mál verði athugað betur, annaðhvort með því að ræða það sérstaklega við forustumenn bændanna eða þá einnig með því að hann lofi mér að fylgjast með málinu.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði hér síðast, vil ég nú segja það, að ég hef alltaf ánægju af að ræða við hann, hvort sem það er um kartöflur eða annað, og mun geta gert það og látið hann fylgjast með því, sem þar kann að verða gert. Og svo er um aðra þm. Sunnl., sem ég veit að hafa áhuga á þessu máli, vegna þess að það mál er meira brennandi spursmál á Suðurlandi en annars staðar.

Hitt er svo annað mál, að það er rétt, að lausnin hefur ekki verið fundin, eins og ég skýrði frá áðan, og var ég ekki að gefa neinar falskar vonir þar um. Eins og þessi hv. þm. veit, er ekki um það að ræða, að skylt sé að greiða 10% af heildarframleiðslu landbúnaðar í útflutningsbætur, heldur er það heimilt, og lengra má ekki fara í því. Og áætlun sú, sem nú er í fjárlögum, er byggð á áætlun frá framleiðsluráði landbúnaðarins um horfur þar um, og sama er að segja um tölur þær, sem ég gaf hér upp um hugsanlegt magn kartaflna, sem ekki yrði selt.

Út af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði um útflutninginn, þá er þar til að svara, að ástæðan til þess, að ekki var út í það farið, var verðið. Það verð, sem hefði fengizt fyrir þessar kartöflur í Færeyjum, sem var þó bundið við sérstaka tegund, sem var hér mjög lítið af, var ekki nema 3.80 kr. á kg. Þess vegna hefðu útflutningsuppbæturnar orðið að vera 13.50 kr. á hvert kg, ef það hefði átt að ná fullu verði, og söluverðið hefði því aðeins verið 21% af innanlandsverðinu. Það má hver lá mér sem vill, en ég held, að ég hafi ekki verið einn um að álíta, því að forustumenn bændasamtakanna horfðu einnig á þetta, að hér væri um mjög óhagstæð viðskipti að ræða, og þess vegna var nú horfið frá þessu ráði, af því að það gaf svo lítið. Allir vita það, að miklum fjármunum er varið úr ríkissjóði til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta, svo að það þarf engan að undra, þó að menn reyni að nýta þessa hluti sem allra bezt.

Eins og áðan sagði, hélt ég fund í haust með formanni Stéttarsambands bænda og framkvæmdastjóra framleiðsluráðs og Grænmetisverzlunarinnar, og átti einnig um þetta mál viðræður við nokkra bændur, og í framhaldi af þessum fundi var svo fundur með framleiðendum, sem Grænmetisverzlunin hélt. Þetta mál er enn þá til athugunar, og engum væri það meira virði en mér, nema þó reyndar framleiðendunum sjálfum, ef hv. 1. þm. Sunnl. hefði þar „patent", sem hann gæti kennt okkur til þess að koma þessu í gott verð. Og skal ég með gleði taka á móti þeirri lausn, sem hann hefði þar á að benda. Hitt er annað mál, að ég lít á þetta eins og vandamál, sem skapaðist við það, að framleiðslan fór mikið fram úr því, sem reiknað var með. En ég tek undir það með honum, að auðvitað höldum við áfram að rækta kartöflur og reynum allir að búa okkur undir það, að eitt og eitt ár eða kannske fleiri geti orðið um offramleiðslu að ræða, og auðvitað er það miklu hagkvæmara en þegar framleiðslan gengur illa, því að það gefur að sjálfsögðu miklu meiri tekjur, jafnvel þó að ekki sé hægt að koma öllu í verð. Og ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar til þess að koma kartöflunum í góða geymslu nú, eiga að gera það að verkum, að innanlandssalan verður meiri en venja hefur verið, og mætti það verða til þess að bæta úr þessu. En ég endurtek það, að landbrn. er í samstarfi við Stéttarsamband bænda og framleiðsluráð um að reyna að leita að hagkvæmustu lausn þessa máls.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú lýsa ánægju minni yfir því, að málið verður áfram athugað, að við þurfum ekki að sætta okkur við það, sem kom fram í fyrri ræðu hæstv. ráðh. Málið verður athugað nánar.

Það er rétt, að það er þannig orðað í lögunum, að heimilt sé að greiða 10% útflutningsuppbætur af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, en í framkvæmd hefur þetta alltaf verið þannig, að útflutningsuppbæturnar hafa verið notaðar að fullu. Og ég geri ráð fyrir því, að það verði að mestu leyti þannig nú, og ég vil einnig vekja athygli á því, að það var á tímabili þannig, að fyrir mjólkurduftið, sem flutt var út, fékkst aðeins um 20% af heildarverðinu. En það datt engum í hug að fleygja duftinu eða segja bændum að nota það til fóðurs, vegna þess hversu mikið þurfti að gefa með því. Og það er eins með kartöflurnar. Það kom vitanlega til álita að selja þær á þessu lága verði. Ég ætla ekki að gera neina árás á hæstv. landbrh., þótt það hafi ekki verið gert, en ég ætlast til þess, að hann sé þess minnugur, að ef kartöflurnar hefðu verið fluttar út, þótt á lágu verði hefði verið, þá áttu bændur siðferðilega kröfu samkv. lögum til þess að fá útflutningsuppbætur á kartöflur eins og á mjólkurduft og aðrar vörur. Og með tilliti til þessa held ég, að niðurstaðan verði nú þannig í landb.- og fjmrn., að komið verði til móts við bændur í þessu máli.

24. Greiðsla vinnulauna eftir gjaldþrot.

Á 25. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:

Fsp. til félmrh. um greiðslu vinnulauna eftir gjaldþrot [125. mál] (A. 168).

Á 26. fundi í Nd., 13. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 25 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 2. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 7. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Snorri Þorleifsson): Herra forseti. Eitt af fyrirheitunum í málefnasamningi ríkisstj. er á þá leið að tryggja með löggjöf, að vinnulaun fáist greidd þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda. Á s. l. vetri flutti núv. iðnrh., Magnús Kjartansson, hér á Alþ. frv. til l. um kauptryggingarsjóð, er hafa skyldi það hlutverk að tryggja launþegum skaðlausa greiðslu vinnulauna, enda þótt launagreiðandi verði ógjaldbær eða bú hans tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Og í haust fluttu þm. Eggert G. Þorsteinsson og Jón Árm. Héðinsson frv. um sama efni og fyrrgreint frv. Magnúsar Kjartanssonar og yfirlýsing ríkisstj. fjallar um.

Fsp. mín á þskj. 168 til hæstv. félmrh. er um, hvað líði undirbúningi að framkvæmd áðurnefnds fyrirheits í málefnasamningi ríkisstj. Að slíkt fyrirheit var tekið upp í málefnasamninginn og áhugi okkar launþega á framgangi þess á að sjálfsögðu sínar orsakir. Fái ég lán í banka, er mér að sjálfsögðu gert að skyldu að leggja fram tryggingu fyrir skilvísri greiðslu lánsins. Kaupi ég t. d. gólfteppi í verzlun, ber mér að setja tryggingu eða fullgilda ábyrgð fyrir greiðslu afborgana, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða. Verktaki er skyldaður til að setja gilda tryggingu fyrir því, að hann standi við verksamning að öllu leyti. Hann ræður til sín verkafólk, sem venjulega á að fá fyrstu launagreiðslu eftir hálfs mánaðar starf. Hann þarf enga tryggingu að setja fyrir því, að hann greiði þau vinnulaun. Hvort verkamaðurinn fær laun sín skilvíslega greidd eða ekki, verður bara að koma í ljós á sínum tíma. Og til þess eru því miður ófá dæmi, að verkafólk á hinum almenna vinnumarkaði hefur hvað eftir annað orðið fyrir þungum búsifjum í formi vangoldinna og svikinna vinnulauna af hálfu atvinnurekenda. Gæti ég í þessu sambandi nefnt mörg dæmi, en skal láta nægja að skýra frá því, að eitt verkalýðsfélag, Trésmiðafélag Reykjavíkur, er sem stendur með í gangi tvö slík mál, annað, þar sem félagar þess eiga 108 þús. 650 kr. útistandandi í vangoldnum vinnulaunum, og hitt, þar sem 16 trésmiðir og iðnnemar eiga útistandandi 433 þús. kr. í vinnulaunum, auk þess sem um er að ræða tugþúsunda skuld á afteknum félagsgjöldum, lífeyrisiðgjöldum og öðrum framlögum til sjóða félagsins. Og að sjálfsögðu skulda svo þessir sömu atvinnurekendur einnig stórar fjárhæðir til félagsmanna annarra verkalýðsfélaga, sem hjá þeim unnu.

Í báðum þessum tilfellum er um að ræða atvinnurekendur, sem um tíma voru með mikil umsvif, en eru svo gersamlega á hausnum nú, að þeir eiga minna en ekki neitt til greiðslu upp í kröfur. Hér er því um að ræða hreint tap á vinnulaunum. Nú kunna menn að undrast, að svo stórar upphæðir í vangreiddum vinnulaunum skuli safnast fyrir án aðgerða verkafólksins eða verkalýðsfélagsins, og vissulega er ekki óeðlilegt, að slíkar spurningar vakni. En sannleikurinn er sá, að verkafólk er almennt ótrúlega seinþreytt til vandræða við þá atvinnurekendur, sem það vinnur hjá og umber þeim oft út á gefin loforð vinnulaunaskuldir vikum saman, svo að það sjálft kemst í alger þrot með eigin skuldbindingar og jafnvel framfærslu. Þannig eru því miður mörg þessara mála á vegi stödd, þegar verkalýðsfélögin fá loks tækifæri til afskipta. Spurningin stendur því oftast ekki um, hvernig fljótast sé hægt að innheimta launin, heldur hitt, hvort möguleiki sé á að ná einhverju eða alls engu.

Sú krafa, að verkafólk fái verklaun sín skilvíslega greidd samkv. samningum, hefur hingað til ekki staðizt að öllu leyti í framkvæmd, því miður. Að tryggja með löggjöf, að svo verði í framtíðinni, á ég varla von á, að ágreiningur sé um hér á hv. Alþ. Ég vænti þess því, að svör hæstv. félmrh. verði á þá lund, að stjfrv., er byggt sé á fyrrgreindu fyrirheiti í stjórnarsáttmálanum, sé að vænta innan skamms tíma og það hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. félmrh. mun ég flytja hér svar hans við fsp. hv. 8. þm. Reykv., sem fyrir liggur á þskj. 168. Fsp. er á þessa leið:

„Hvað líður undirbúningi á framkvæmd þess fyrirheits í málefnasamningi ríkisstj. að tryggja með löggjöf, að vinnulaun fáist greidd þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda?“

Svar félmrn. er á þessa leið: Þeirri fsp. er beint á Alþ. til félmrh., hvað líði undirbúningi á framkvæmd þess fyrirheits í málefnasamningi ríkisstj. að tryggja með löggjöf, að vinnulaun fáist greidd þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda. Rn. er kunnugt um, að þetta mál er nú mjög á döfinni á Norðurlöndum. Danski vinnumálaráðherrann hefur lagt fram frv. til l. um þetta efni, og hefur félmrn. fengið það í hendur. Í Noregi hefur verið samið uppkast að frv. um sama efni, en í Svíþjóð munu vera í gildi lög um slíka tryggingu launagreiðslna. Félmrn. hefur nú nýskeð fengið sænsku lögin og norska frv. sent, en þessi gögn taldi rn. æskilegt að hafa til hliðsjónar við samningu væntanlegs lagafrv. Þessu nauðsynlega undirbúningsstarfi er þannig lokið, og er samning frv. um þetta vandasama mál næsta skrefið.

Fyrirspyrjandi (Jón Snorri Þorleifsson): Herra forseti. Eins og fram kom í svari hæstv. menntmrh., er að vænta frv. um þetta efni nú alveg á næstunni, og það kom einnig fram hjá honum, að aflað hefði verið upplýsinga um þetta frá Norðurlöndunum, og var það kunnugt, að einmitt á Norðurlöndunum hefur verið farin sú leið, sem hér er um að ræða, að tryggja skilvísa greiðslu vinnulauna, þrátt fyrir að atvinnurekandi standi ekki við greiðslu þeirra. Er það kannske og vafalaust fordæmi, sem við getum notfært okkur við samningu þessa frv., enda þótt kannske sé ekki að öllu leyti hægt að fara nákvæmlega sömu leið og þeir á Norðurlöndunum. En ég vildi aðeins þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans, og ég fagna því, að frv. skuli vera á næsta leiti.

25. Augnlækningar.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til heilbr.- og trmrh. um augnlækningar [88. mál, 1] (A. 99).

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 18., 21., 29., 30. og 32. fundi í Sþ., 30. nóv., 7. des., 20. og 25. jan., 1. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 99 leyfi ég mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um augnlækningar:

1. Hvað eru margir augnlæknar starfandi utan Reykjavíkur?
2. Hvaða þjónusta er veitt í augnlækningum úti á landsbyggðinni?
3. Hvaða ráðstafanir eru á döfinni til þess að veita viðunandi þjónustu vegna augnlækninga úti á landsbyggðinni?

Ég hafði fregnir af því í haust, að mjög langur biðtími væri að komast að í augnlæknaþjónustu á Akureyri og það svo, að skipti vikum og jafnvel mánuðum, og nokkuð hefði borið á því, að fólk, sem var haldið augnsjúkdómum, yrði að taka sig upp síðla nætur með nesti til að hefja bið utan dyra fyrst og síðan inni á stofunni eftir augnlækni. Mér þóttu þetta merkilegar fréttir, og ég hringdi norður til að fá það staðfest, og var þetta staðfest við mig, að slík væri aðsóknin að þessum augnlækni. Um tíma í haust þurfti hann að fara utan, til Bandaríkjanna, og var þá ástand mjög slæmt á stóru svæði raunar á Norðurlandi og Norðausturlandi. Af því tilefni bar ég þessa fsp. fram. En svo atvikaðist, að rétt í þann mund er fsp. kom fram, veiktist hæstv. ráðh., og því er hún búin að liggja fyrir þinginu nokkuð lengi, en ég vænti þess, að henni verði svarað núna.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. þm. skal þess getið, að alls hafa nú 13 íslenzkir læknar sérfræðiréttindi í augnlækningum, og starfa þeir allir hér á landi. Þrír þeirra eru yfir 70 ára og hafa minnkað við sig störf. Utan Reykjavíkur er nú einn augnlæknir í fullu starfi á Akureyri, Gissur Pétursson, og hefur hann starfsaðstöðu við fjórðungssjúkrahúsið, og hann hefur að jafnaði 3—5 sjúklinga á sjúkrahúsinu. Það er alveg rétt, sem hv. þm. segir, að á Akureyri hefur verið mikill biðtími og erfiðleikaástand þar á sjúkrahúsinu, en nú standa vonir til, að úr þessu rætist nokkuð, því að von er á lækni að sjúkrahúsinu á Akureyri, augnlækni, Lofti Magnússyni, sem að undanförnu hefur verið starfandi í Falun í Svíþjóð. Yrði þá stofnuð augnlækningadeild við fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri með a. m. k. tveimur læknum, og ætti það að geta bætt eitthvað úr því ástandi, sem hv. þm. var að lýsa.

Eins og kunnugt er, hafa um árabil verið farnar augnlækningaferðir á vegum heilbrigðisstjórnarinnar á sumrin. Kristján Sveinsson hefur farið um Vesturland og Vestfirði, Bergsveinn Ólafsson hefur farið um Austfirði, Hörður Þorleifsson hefur farið um Suðurland, aðallega í Vestur-Skaftafellssýslu og til Vestmannaeyja, og Úlfar Þórðarson hefur farið um Norðurland síðan 1967, en áður fór Helgi Skúlason þessar ferðir. Augnlækningaferðum hefur verið hagað þannig, að læknir hefur haft móttöku hjá héraðslækni, venjulega 1—2 daga einu sinni í ferðinni. Úlfar Þórðarson hefur þó farið tvívegis á ýmsa staði norðanlands, en hann fer flugleiðis venjulega um helgar og ekki eingöngu um sumartímann. Eftir augnlækningaferðir stefna augnlæknarnir þeim sjúklingum, sem aðgerðir þurfa, til Reykjavíkur eða Akureyrar til þeirrar meðferðar.

Augnlækningadeild var formlega opnuð á Landakotsspítala í Reykjavík í sept. 1970, og eru þar starfandi fjórir augnlæknar. Hafa þeir aðgang að 12 rúmum og komast allt upp í 20 rúm á sumrin. En þessi aðstaða hefur reynzt of lítil, og þarna eru jafnan langir biðlistar. En starfsaðstaða, föst starfsaðstaða fyrir augnlækna er nú ekki nema í Reykjavík og á Akureyri, og mun tæplega verða á öðrum stöðum að staðaldri í bráð. Hins vegar er unnið að því, að við heilsugæzlustöðvar verði aðstaða til að augnlæknar komi til skoðanaferða eins og aðrir sérfræðingar.

Eins og nú er ástatt, mun landsbyggðinni bezt þjónað með því að fjölga ferðum sérfræðinga út í héruðin og stækka deildir fyrir augnsjúkdóma í Reykjavík og á Akureyri, svo að unnt verði að vinna verkefnin jafnharðan og stytta jafnframt biðtíma til aðgerða.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, sem voru greinargóð, og hann drap á það, að bezt yrði að fjölga ferðum. Það er áreiðanlega nauðsyn, þegar við sjáum það, að allir læknarnir eru starfandi hér í Reykjavík utan einn, sem er staðsettur á Akureyri. Þó er von í aðstoðarlækni þar nú. Þegar við sjáum heil héruð eins og Vestfirði og Austfirði, sem byggja augnlæknisþjónustu aðeins á flugferðum, þá er það ljóst, hversu óstöðug þessi þjónusta er, sérstaklega um vissan árstíma.

Það er svo, að læknavandamálið úti um landsbyggðina hefur oft borið á góma hér á hv. Alþ., og ber enn. Við höfum sjaldan tekið fyrir svona vissa þætti þess, en sýnilegt er, að ástandið varðandi augnlæknisþjónustu hefur verið vægast sagt lélegt, og þyrfti sannarlega að fjölga ferðum verulega og einnig að gera þeim sjúklingum kleift, sem þurfa á skjótri læknisaðstoð að halda, að fá hana fyrr en verið hefur. Því miður hefur það verið staðreynd, a. m. k. varðandi Norður- og Austurland, að fólk hefur orðið að bíða svo vikum skipti, sumir telja það jafnvel í mánuðum. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hlutist til um það af sínum mikla áhuga á þessum málum, að bót verði fundin á þessu sem allra fyrst.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er engin augndeild starfandi við kennslusjúkrahúsin í landinu, Landsspítalann eða Borgarspítalann. Og í sannleika má segja það, að í raun og veru ríkir algert neyðarástand í þessum málum, svo slæmt, að félagsskapur, Lionsklúbbarnir í landinu, hafa nú ákveðið að reyna að bæta

þarna um og hefja fjáröflun til styrktar augnlækningum. Ferðir augnlækna út um landið hafa sannarlega gert mikið gagn. Þó er það sannast mála, að þegar miðað er við nútíma læknisþjónustu, þá hafa þessir menn enga aðstöðu til þess að gegna fullnægjandi þjónustu við það fólk, sem þeir finna. Rannsóknir eru mikils virði. Þeir hafa venjulega ekki aðstöðu til að gera þær eins fullkomnar og vera skyldi, og enda þótt þeir finni fólkið, þá er biðtíminn svo langur á þeim tveimur stöðum, sem um er að ræða í landinu, Reykjavík og Akureyri, að oft hlýzt illt af. Hér í landinu er um 2—3% af fólkinu rangeygt. Flest af þessu hefði mátt laga, ef hægt hefði verið að gera við því í tíma. Og enn fremur höfum við vegna okkar slæmu aðstöðu ekki getað tekið börn til augnrannsóknar á þeim aldri, þegar einna mest er þörfin fyrir það, en það er við fjögurra ára aldurinn, áður en þau fara að ganga í skóla. Von er til, að úr þessu rætist, en sannleikurinn er sá, að óvíða hafa kannske okkar heilbrigðismál verið í verra ástandi en hvað þetta snertir, einkum það, að ekki skuli hafa verið til nein deild við Landsspítalann, sem þýðir að sjálfsögðu það, að læknanemarnir hafa ekki fengið þá kennslu og þjálfun í greiningu og meðferð augnsjúkdóma, sem nauðsynleg hefði verið. Við höfum, eins og allir vita, óvenjulega háa hundraðstölu af glákusjúklingum hér í landi. Þarna hafa ferðalögin hjálpað allmikið til að finna þessa sjúklinga, en oft hefur staðið á því, að þeir kæmust til lækninga. Og úr þessu verður sannarlega að bæta. Enginn vafi er á því, að heilsuverndarstöðvarnar geta, þegar þær rísa, bætt hér verulega um. Þar ætti að vera hægt að koma upp aðstöðu, sem væri fullnægjandi til þess að greina og gera léttar augnaðgerðir. Enn fremur er það svo, að rannsóknir á fólki, sem komið er yfir fertugt, eru mikil nauðsyn hér í landi vegna glákuhættu. Allt þetta mundi verða auðvelt, ef heilsuverndarstöðvarnar væru risnar af grunni, en eins og málin eru í dag, er þetta efni, sem sannarlega þarf að bæta, og þar til úr þessu verður bætt með aukinni aðstöðu á þessum tveim stöðum, Reykjavík og Akureyri, þá held ég, að eingöngu bætt aðstaða héraðslækna og heilsuverndarstöðva geti orðið nokkur úrlausn.

26. Framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Á 30. fundi í Sþ., 25. jan., var útbýtt:

Fsp. til utanrrh. um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli [148. mál, 2] (A. 285).

Á sama fundi var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Hinn 19. febr. s. l. birtist svo hljóðandi fréttatilkynning frá utanrrn. í dagblöðum:

„Í tilefni af umræðum um flugvelli landsins undanfarið skal eftirfarandi tekið fram:

Um alllangt skeið hafa verið í undirbúningi ýmsar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, m. a. lenging þverbrautar og aukinn tækjabúnaður, er lækki blindflugsmörk þar, til að auka nýtingarmöguleika vallarins umfram það, sem nú er. Hönnun og öllu öðru undirbúningsstarfi vegna brautarlagningarinnar var lokið í ágústmánuði 1970, en fé er enn eigi til ráðstöfunar til að hefja framkvæmdir við hana. Að því er varðar tækjabúnað vallarins verða bráðlega hafnar framkvæmdir fyrir um 26.5 millj. kr., er Bandaríkjamenn greiða. Gert er ráð fyrir, að innan skamms verði unnt að skýra frá öðrum framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru."

Svo mörg eru þau orð. Með öðrum orðum, fyrir tæplega ári síðan var frá því skýrt með sérstakri fréttatilkynningu frá hlutaðeigandi rn., að bráðlega yrðu hafnar framkvæmdir við tækjabúnað á Keflavíkurflugvelli fyrir um 26.5 millj. kr., sem Bandaríkjamenn mundu greiða, og auk þess yrði innan skamms unnt að skýra frá öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á flugvellinum. Hefur þar sjálfsagt fyrst og fremst verið átt við lengingu svokallaðrar þverbrautar á vellinum, sem um skeið hefur verið aðkallandi framkvæmd. Þrátt fyrir að svo langt er um liðið síðan umrædd fréttatilkynning var gefin út, hefur ekkert bólað á framkvæmdum eða efndum á því, sem þar var boðað.

Það ætti að vera óþarfi að fjölyrða um nauðsyn þess að gera stórt átak á Keflavíkurflugvelli til að gera hann þannig úr garði út frá öryggis- og nýtingarsjónarmiðum, að hann geti kallazt öruggur alþjóðaflugvöllur, svo mjög sem um það hefur verið rætt á opinberum vettvangi undanfarið. Fregnir hafa borizt um, að á Bandaríkjaþingi hafi komið fram till. um tæplega 12 millj. dollara fjárframlag á tveimur árum til lengingar áðurnefndrar þverbrautar á Keflavíkurflugvelli. Till. mun enn ekki hafa fengið fullnaðarafgreiðslu.

Hvernig og hvenær ætlar hæstv. ríkisstj. að hefjast handa um framkvæmdir til að koma Keflavíkurflugvelli í það horf, sem nauðsynlegt og aðkallandi er talið, til að hann verði það, sem hann þarf að verða til að geta flokkazt undir það, sem nefnt er öruggur alþjóðaflugvöllur? Þetta er spurning, sem brennur á vörum margra. Í sjónvarpsþætti 1. febr. s. l., þar sem mál þessi komu til umr., sagði hæstv. utanrrh. aðspurður, að fjármagn til flugbrautarlengingar á Keflavíkurflugvelli mundi ekki koma frá Bandaríkjunum. Ég hygg, að flestir hafi skilið ummæli hæstv. ráðh. við þetta tækifæri á þann veg, að búið væri að útvega innlent fjármagn til þessara framkvæmda. Í blaðaviðtölum við hæstv. ráðh. eftir þennan sjónvarpsþátt hefur hann þó sagt, að þetta væri á misskilningi byggt. Orðrétt segir hæstv. ráðh. í Tímanum s. l. sunnudag, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er auðvitað alveg ljóst, að flugbrautir á Keflavíkurflugvelli þarf að lengja til þess að auka nýtingarhlutfallið og fá aukna umferð um völlinn. Bandaríkjaþing hefur nú stöðvað fjárveitingar til þessa verks, sem

þó var búið að lofa. Af því leiðir, að framkvæmdir verður að fjármagna með öðru móti. Til þess eru að sjálfsögðu ýmsar leiðir, og ég hef nú til athugunar nokkrar þeirra, þ. á m. hugsanlega möguleika á innlendri fjármögnun."

Þannig hljóðar þessi tilvitnun úr Tímanum. Þarna er sem sagt gefið í skyn, að Bandaríkjamenn hafi svikið gefið loforð. Hvers vegna hefur Bandaríkjaþing nú stöðvað fjárveitingar til lengingar flugbrauta, eftir því sem hæstv. ráðh. segir? Það væri vissulega fróðlegt að fá svar við því.

Það hefur ekki farið fram hjá mönnum, að atvinnuflugmenn hafa talið sig tilneydda til að vekja athygli fjölmiðla sérstaklega á því, að töluvert skortir á, að Keflavíkurflugvöllur standist þær kröfur, sem gera verður til nútímaflugvallar. Öryggisbúnaður og tækjaútbúnaður vallarins er ekki fullnægjandi að þeirra áliti. Þá hafa forráðamenn Loftleiða bent á á opinberum vettvangi, hversu mikið það fjárhagstap er, þegar erlendar þotur, sem hyggjast nota Keflavíkurflugvöll, hætta við það vegna brautarskilyrða, sem iðulega kemur fyrir, eins og kunnugt er, en orsakir þess eru oftast fyrst og fremst of stuttar lendingarbrautir. Tölur, sem komið hafa frá Loftleiðum um þetta efni, bera með sér, að hugsanlegt brúttótekjutap í hvert skipti, sem erlend þota, t. d. af gerðinni DC 8 63, hættir við að nota Keflavíkurflugvöll vegna ófullnægjandi lendingarbrauta, geti numið um 500 þús. kr. Sé um flugvélagerðina Boeing 747 að ræða, sem hættir við að nota Keflavíkurflugvöll af áðurgreindum ástæðum, má áætla, að brúttótekjutapið geti numið rúmlega 800 þús. kr. Hér er vissulega um stórar fjárhæðir að ræða. Þá hafa Loftleiðir komið með tölur í fjölmiðlum, sem leiða í ljós, að ef unnt verður með brautarlengingum og öðrum nauðsynlegum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli að auka umferð um eina lendingu á dag, á 250 manna vél, mætti áætla, að brúttótekjuaukning yrði rúmlega 164 millj. kr. á ári.

Talsverð brögð hafa verið að því, að íslenzkar áætlunarflugvélar gætu ekki lent á Keflavíkurflugvelli, vegna þess að flugbrautirnar eru of stuttar. Keflavíkurflugvöllur er sem sagt ekki lengur talinn samkeppnisfær við þá flugvelli, sem fullnægja fyllstu kröfum samtímans um lendingarskilyrði fyrir þær flugvélar, sem nú eru mest í förum á milli landa. Sá álitshnekkir, óþægindi og fjárhagstjón, sem íslenzk flugfélög verða fyrir, þegar flugvélar þeirra verða að yfirfljúga, liggur vissulega í augum uppi. Um það er óþarfi að hafa mörg orð.

Þá skal að lokum minnzt á, að enda þótt ýmsar breytingar hafi verið gerðar á flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli undanfarið og stækkun orðið á húsakynnum, þá varð það ljóst á s. l. sumri, að byggingin er orðin allt of lítil til þess að geta sinnt þeirri farþegaumferð, sem þar hefur átt sér stað, svo að vel sé. Mjög aðkallandi er því orðið, að ný flugstöðvarbygging verði reist.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta meira að svo stöddu. Augljós er knýjandi þörf fyrir tafarlausar aðgerðir, sem gagn er að og leysa þann vanda, sem hér er við að etja. Spurningar mínar til hæstv. utanrrh. í framhaldi af því, sem ég hef hér þegar sagt, eru þessar:

1. Hvað tefur fyrirhugaðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sem boðaðar voru í fréttatilkynningu utanrrn., sem birtist í dagblöðum 19. febr. 1971, til að auka nýtingarmöguleika og öryggi vallarins?

2. Hvenær verður hafizt handa um aðrar aðkallandi framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sem nauðsynlegar eru til þess, að Keflavíkurflugvöllur geti talizt öruggur alþjóðaflugvöllur?

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég er hér með örstutt svar við fsp. frá Stefáni Gunnlaugssyni um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. 1. liður hljóðar svo:

„Hvað tefur fyrirhugaðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sem boðaðar voru í fréttatilkynningu utanrrn., sem birtist í dagblöðum 19. febr. 1971, til að auka nýtingarmöguleika og öryggi vallarins?"

Framkvæmdir þær, sem boðaðar voru í umræddri fréttatilkynningu, eru þessar: a) aðflugshallaljós og snertiflatarljós á aðalflugbraut flugvallarins, b) lenging þverbrauta.

Um ljósaútbúnaðinn er þetta að segja: Sökum þess hve afgreiðslufrestur er langur á tækjum þessum, svo og af því að hönnun verksins var ekki lokið fyrr en seint á s. l. hausti, var ekki unnt að hefja framkvæmdir við að koma ljósunum fyrir á síðasta ári. Verður það ekki hægt fyrr en lengra kemur fram á vorið. Þó er gert ráð fyrir, að þessum framkvæmdum verði að fullu lokið á miðju sumri. Eins og áður hefur verið skýrt frá, verður kostnaður við þessar framkvæmdir um 26.5 millj. kr., og greiðir varnarliðið hann.

Í sambandi við lengingu svokallaðrar þverbrautar hefur það verk þegar verið hannað, þar eð öllum tæknilegum undirbúningi er þegar lokið. Þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu að hefja það verk í vor, ef nægjanlegt fé verður til ráðstöfunar. Sjálf brautarlengingin og nauðsynlegur öryggisútbúnaður í sambandi við hana kostar mikið fé. Enn hefur ekki verið ákveðið, með hvaða hætti fjár verður aflað til þessarar framkvæmdar, en ríkisstj. mun leggja á það áherzlu, að þessi framkvæmd verði hafin nú í sumar. Ég hef athugað nokkuð möguleika á því að afla lánsfjár til þessa verkefnis, og er ljóst, að þar koma ýmsar leiðir til greina, sem ég tel þó ekki ástæðu til að gera grein fyrir á þessu stigi. Hins vegar mun málið að sjálfsögðu koma til afskipta Alþ. á næstunni, því að auðvitað verður að afla samþykkis fjárveitingavaldsins til þessarar framkvæmdar. Verður eðlilegast að gera það í sambandi við framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs.

2. liður fsp. hljóðar svo: „Hvenær verður hafizt handa um aðrar aðkallandi framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sem nauðsynlegar eru, til þess að Keflavíkurflugvöllur geti talizt öruggur alþjóðaflugvöllur?"

Til viðbótar því, sem áður segir, eru ráðgerðar eftirtaldar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli: 1. Aðflugshallaljós á aðrar flugbrautir en aðalbrautina. 2. Aðflugsljós á tvær flugbrautir. 3. Rafeindabúnaður til blindlendinga á eina flugbraut og 4. Tveir radíóvitar. Hönnun þessara verka stendur nú yfir, og er unnið að útboði á þessum tækjabúnaði. Áætlaður kostnaður er 34 millj. kr., og verður hann greiddur úr ríkissjóði.

Um enn aðrar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli er það að segja, að unnið verður fyrir allt það fé, sem fáanlegt verður hverju sinni. Þeim verkefnum, sem nauðsynlegt verður að sinna á næstu árum, hefur verið

raðað eftir því, hversu brýn þau eru álitin. Verða að sjálfsögðu þau verk látin ganga fyrir, sem mikilvægust eru talin hverju sinni. Það er markmiðið að vinna að því, að Keflavíkurflugvöllur verði á komandi árum gerður sem næst óháður veðurfari.

Á sama tíma þarf einnig að gefa því gætur, að farþegaumferð um flugvöllinn hefur aukizt gífurlega á hverju ári í tæpan áratug. Á síðasta ári var farþegatalan rúmlega tvisvar og hálfu sinni hærri en íbúatala Íslands. Engin ástæða er til að álíta annað en að umferð muni halda áfram að aukast verulega á komandi árum. Það gefur því auga leið, að gera þarf ráðstafanir í tæka tíð til þess að geta tekið á móti og veitt nauðsynlega þjónustu þessum aukna fjölda flugfarþega og flugvéla. Er nú unnið að því að rannsaka, hvað gera þurfi á næstu árum í þessum efnum og hvenær.

Við þetta svar rn. hef ég ekki miklu að bæta. Ég minni hv. fyrirspyrjanda á það, að í fréttatilkynningu utanrrn. frá tíð fyrirrennara míns er tekið sérstaklega fram, að fé sé enn eigi til ráðstöfunar til þess að lengja þessar brautir og fyrrv. ríkisstj. hafði ekki gert ráðstafanir til þeirrar fjármagnsútvegunar, sem til þess þarf.

Hv. fyrirspyrjandi minntist enn fremur á till. á Bandaríkjaþingi um 12 millj. dollara, sem enn hefði eigi fengið fullnaðarafgreiðslu. Um þetta er mér nú ekki kunnugt, en hins vegar er mér fullkunnugt um það, að fjárlög yfirstandandi árs í Bandaríkjunum hafa verið afgreidd og þar er sérstaklega fjallað um byggingarframkvæmdir á Íslandi og sérstaklega þann lið, sem ætlaður er til þess að lengja flugbraut á Keflavíkurflugvelli, 5.8 millj. dollara. Og þar segir, að þessi fjárveiting sé tekin með í fjárlögin vegna þeirrar skýrslu, sem nefnd, er kom hér til Íslands í sept. 1970, hafi gefið um hernaðarlegt mikilvægi Íslands. Og svo segir í minni þýðingu:

„Þessi liður var innifalinn á fjárlögum þrátt fyrir augljósar vísbendingar um, að ný ríkisstjórn á Íslandi gæti reynt að fá Bandaríkin til þess að yfirgefa herstöðvar á Íslandi. Þessi liður hefur verið látinn halda sér til þess að veita embættismönnum ráðrúm til samninga við íslenzku ríkisstjórnina.“ Og svo endar umsögnin á því, að nefndin telur sig hafa séð allt of margar yfirgefnar herstöðvar annars staðar í veröldinni til þess að vilja eiga það á hættu, að hér sé lagt fram fjármagn til herstöðva, sem þeir verði síðan að yfirgefa. Þetta hélt ég satt að segja, að áhugamönnum um lengingu flugbrautarinnar á Keflavíkurflugvelli væri ljóst. A. m. k. hafa fregnir af þessu birzt í íslenzkum blöðum, en það er sjálfsagt að rifja það upp, fyrst hér eru inni menn áhugasamir um lengingu flugbrauta, sem ekki vita þetta.

Ég tel, að þessi umsögn og þessi skilmáli í fjárlögum Bandaríkjaþings geri það alveg ljóst, að við getum ekki treyst á það, að fjármagn til flugbrautalengingar á Keflavíkurflugvelli komi frá Bandaríkjamönnum, því að það er háð því skilyrði, að hér verði herstöðvar um ófyrirsjáanlega framtíð, eins og segir í þeim fræðum.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, flugbrautarlengingin er nauðsynleg, hana verður að framkvæma. Og ég heyri það á honum a. m. k., sem þekkir þessi mál vafalaust töluvert, að þetta á að verða mjög góð fjárfesting. Þess vegna ber ég engan kvíðboga fyrir því, þó að Íslendingar sjálfir lengi þessa braut, og það munum við gera. Og ég endurtek það, að það verður ekki langt þangað til fjárveitingavaldið, Alþ., verður beðið um heimild til handa ríkisstj. til þess að taka lán til þessarar sérstöku framkvæmdar.

Ég held, að ég hafi ekki meira um þetta að segja að svo stöddu, nema frekara tilefni gefist til. Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að við þurfum sjálfsagt líka á næstunni að fá nýja flugstöð á Keflavíkurvelli. Það er vafalaust alveg rétt. Það er unnið nokkuð að athugun á því. Þó er það sjálfsagt ekki eins aðkallandi verkefni og sú flugbrautarlenging, sem hér er um að tefla, því að flugstöðin hefur nokkuð verið endurbætt og hún getur dugað. Hún er ekki til muna lakari en maður sér á flugvöllum annars staðar, þó að reyndar komi að því, að hún verði ófullnægjandi. En fyrst og fremst til þess að auka nýtingarhlutfall Keflavíkurflugvallar verður þessi flugbraut að koma, og til þess að auka öryggi á flugbrautunum verða þau ljós að koma, sem ég hef hér gert grein fyrir, og ég hef beztu trú á því, að þetta muni koma, ekki sízt þegar þm. stjórnarandstöðunnar eru svo áhugasamir um flugbrautalengingu eins og hér kom fram í síðustu ræðu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svör hans. Hann hafði orð á því, að ekki væri ástæða til að ætla annað en umferð mundi aukast verulega um Keflavíkurflugvöll í mjög náinni framtíð, en ég vildi í framhaldi af því leggja áherzlu á það, að aukningin þar á næstu árum verður ekki sú sem hún gæti orðið, ef ekki koma til þær framkvæmdir, sem ég hef hér gert að umtalsefni í dag. Og þar á ég sérstaklega við umræddar flugbrautalengingar. Í því sambandi held ég, að fróðlegt sé fyrir hv. þm. að heyra, hvað Loftleiðir h. f. segja um þetta mál. Í grg. frá Loftleiðum um yfirflug, sem fyrirtækið gaf út 15. des., segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna væntanlegra lendingarskilyrða á Keflavíkurflugvelli síðari hluta dagsins í gær, þriðjudaginn 14. des., var talið hyggilegast, að áætlunarvél Loftleiða frá Luxembourg færi um Shannon á leið til New York í stað þess að lenda á Keflavíkurflugvelli samkv. flugáætlun félagsins. Er þetta í áttunda skiptið í þessum mánuði, að flugvél Loftleiða er ekki lent á Keflavíkurflugvelli vegna óhagstæðra skilyrða þar. Frá s. l. áramótum til nóvemberloka urðu flugvélar Loftleiða að fara 34 sinnum fram hjá Keflavíkurflugvelli vegna vondra lendingarskilyrða. En það nemur 2.45% af áætluðum lendingum Loftleiðaflugvélanna hér á þessu tímabili.

Enda þótt fyrir hafi komið, að óhagstæð veðurskilyrði hafi lokað öllum flugbrautum á Keflavíkurflugvelli, þá er augljóst, að of stuttar flugbrautir eru meginorsök þess, að Keflavíkurflugvöllur er ekki lengur samkeppnisfær við þá flugvelli, sem fullnægja fyllstu kröfum samtímans um lendingarskilyrði fyrir þær flugvélar, sem nú eru mest í förum landa á milli.

Á Keflavíkurflugvelli eru nú þrjár flugbrautir. Sú lengsta, svonefnd austur-vestur braut er 3054 metrar. Þessi brautarlengd er fullnægjandi, þegar vindar torvelda ekki lendingu, en ef veður stendur þvert á þessa braut og vindhraði er meira en 4 vindstig og ef flugbraut er blaut, þ. e. vatn eða blautur snjór liggur á brautinni, má ekki reyna að lenda á henni. Hinar

brautirnar tvær, norðvestur og suðaustur braut og norður-suður braut, eru um 2000 metra langar. Þegar veður er þurrt og gott á jörð, geta stórþotur lent á þessum brautum, en flest flugfélög banna af öryggisástæðum, að það sé reynt í bleytu eða óveðri, vegna þess hve stuttar brautirnar eru. Af þessum sökum er það í reyndinni austur-vestur brautin ein, sem reikna má með til lendinga við misjöfn veðurskilyrði, og verður þá vindáttin fyrst og fremst lögð til grundvallar, þegar ákvarðað er, hvort hana sé unnt að nota eða ekki. Reiknað var út notagildi austur-vestur brautarinnar árabilið 1953—1962, og kom þá í ljós, að það var ekki nema 84%. Miðað við, að norður-suður brautin hefði á þessu árabili verið jafnlöng austur-vestur brautinni, hefði notagildi brautanna beggja verið 99.2%.

Lenging brautanna á Keflavíkurflugvelli er ekki eingöngu hagsmunamál íslenzku flugfélaganna, heldur er það einnig trygging þess, að Ísland verði eftirleiðis í þjóðbraut alþjóðaflugsamgangna yfir Norður-Atlantshafið. Erlend flugfélög miða áætlanir sínar fyrst og fremst við þá flugvelli, sem örugglega má treysta, og þess vegna leggja þau fremur lykkjur á leið sína en að fyrirhuga þar lendingar, sem einungis er unnt að eiga viðdvöl, þegar veðurskilyrði eru einni flugbraut hagstæð. Yfirflug, áætlunarflug fram hjá flugvöllum, sem ráðgerðir eru til viðdvalar, valda oftast miklum óþægindum, álitshnekki og óbeinu fjárhagstjóni."

Í lok þessarar grg. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Öllum Íslendingum er það nú mikið hagsmunamál, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að Keflavíkurflugvöllur geti svo fljótt sem unnt er orðið öruggur alþjóðaflugvöllur, sem flugfélög treysta fyllilega og telja gott að skipta við vegna góðrar fyrirgreiðslu, fjölbreytts vöruvals og eigi síður til þess að flytja þangað og þaðan farþega, sem kjósa að eiga viðdvöl á Íslandi í ferðum austur eða vestur yfir Atlantshafið."

Svo mörg eru þau orð. Ég vil að lokum vekja athygli á þeirri staðreynd, að miklir möguleikar eru til aukins atvinnureksturs og fjáröflunar, öflunar gjaldeyristekna, í sambandi við Keflavíkurflugvöll, og þar af leiðandi nýir atvinnumöguleikar fyrir fjölda manna, ef rétt er á málum haldið. En það er álit þeirra, sem bezt þekkja til starfseminnar á Keflavíkurflugvelli, að á meðan flugbrautirnar eru ekki lengdar frá því, sem nú er, og ýmis öryggisútbúnaður endurbættur, sé þess ekki að vænta, að unnt verði að skapa þar aukinn atvinnurekstur í tengslum við flugrekstur umfram það, sem nú er.

27. Fjármagn til Landnáms ríkisins.

Á deildafundum 31. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um útvegun fjármagns til Landnáms ríkisins [155. mál, 1] (A. 292).

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. á þskj. 292. Fsp. hljóðar svo:

Hefur ríkisstj. í hyggju einhverjar sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar, svo að unnt sé að nýta þá heimild, sem fram kemur í 76. gr. laga nr. 45 frá 16. apríl 1971, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum?

Um leið og þessi fsp. er borin fram er nauðsynlegt að láta fylgja nokkrar skýringar. Þegar stofnlánadeildarlögin voru afgreidd í lok síðasta Alþ., höfðu fjárlög fyrir árið 1971 að sjálfsögðu verið afgreidd fyrir nokkrum mánuðum. Inn í fjárlög ársins 1971 höfðu þess vegna ekki verið teknar fjárhæðir, sem þurfti til þess að mæta auknum útgjöldum Landnáms ríkisins til hinna einstöku þarfa landbúnaðarins, sem ætlað var að styrkja miðað við hin nýju lög. Þetta var öllum hv. þm. ljóst. Vegna þessarar staðreyndar var til þess gripið að fella inn í lögin heimildarákvæði, sem hér er spurt um, í 76. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er Landnámi ríkisins að greiða á árinu 1972 framlög samkv. lögum þessum vegna framkvæmda, sem teknar eru út á árinu 1971."

Með þessu móti var því í rauninni velt til næsta árs, til ársins 1972, að afla fjár til þess að standast þau framlög, sem Landnámi ríkisins var falið að greiða til hinna ýmsu þátta í landbúnaðinum samkv. hinum nýju lögum. Nú hefur sú regla gilt ævinlega hjá Landnámi ríkisins, að framlög þaðan hafa verið greidd á sama ári og verkið er unnið. Þess vegna er ekki unnt að taka þessi framlög af hinu lögboðna framlagi ríkissjóðs til Landnáms ríkisins nú, heldur er þarna um aukafjármagn að ræða, sem verður að koma, til þess að unnt sé að nýta þessa heimild.

Við fjárlagaafgreiðslu nú fyrir jólin í vetur var mjög eftir því leitað, í fyrsta lagi frá Landnámi ríkisins, bæði til fjvn. og til hæstv. landbrh., að taka þessa fjárveitingu upp. Þessu var hafnað, og hv. 6. þm. Sunnl. flutti hér við 3. umr. fjárlaga brtt. við fjárlög, sem fól í sér að leggja þetta fjármagn fram. Þessi brtt. var einnig felld.

Með tilliti til þess, að þessar till. hafa verið felldar, mætti kannske ætla, að þarna væri um þýðingarlítil verkefni að ræða. Mér þykir því rétt að vekja með nokkrum orðum athygli á því, hvað hérna er um að ræða. Það eru í fyrsta lagi verulegar fjárveitingar til grænfóðurræktunar í landinu, það er fjármagn til þess að styðja almenna ræktun, endurræktun kalinna túna og félagsræktun. Allir þessir þættir ræktunar hafa á undanförnum árum verið meðal þess, sem mesta þýðingu hefur verið talið að styðja í landbúnaði okkar þjóðar. Þarna er einnig um að ræða mikla hækkun á framlagi til byggingar íbúðarhúsa í sveitum og framlagi til byggingar gróðurhúsa, svo að nokkuð sé nefnt. Enn fleiri atriði er þarna um að ræða, sem ekki er tími að þessu sinni til þess að rekja, en má vera, að verði gert síðar.

Í framhaldi af þessu þykir mér eðlilegt, að fram komi nú fsp. til hæstv. ráðh. um það, hvort einhver sérstök ráðstöfun verði gerð til þess að afla þessa fjármagns utan fjárlaga, svo að unnt verði að nýta þessa heimild í lögunum um stofnlánadeild o. fl., en það atriði, hvort tekst að nýta hana, snertir nálega hvern einasta bónda í landinu.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. þeirri, sem hv. þm. Pálmi Jónsson hefur borið hér fram, 5. þm. Norðurl. v., á þskj. 292 um það, hvort notuð verður heimild í 76. gr. landnámslaganna eða stofnlánadeildarlaganna frá 16. apríl s. l., vil ég svara því, að það er gert ráð fyrir, að heimildin sé notuð. Eins og fram kom í ræðu hans hér áðan, gerði landnámsstjórn ályktun um þetta mál, og í des. s. l. ræddi ég við landnámsstjóra og óskaði eftir því að fá grg. frá hans hendi um það, hvað það mundi kosta mikið að nota þessa heimild. Í þeirri grg. kom fram, að hér gæti verið um 20 millj. kr. útgjöld að ræða, ef áætlun sú, sem hann gerði þar, fengi staðizt. Nú nýverið hef ég svo haft samband við hann út af þeirri athugun, sem gerð hefur verið síðan, hvað og hvort þessi áætlun muni standast, og sýnist honum, að það fari nálægt því, að svo muni vera. Hins vegar telur hann, að sumt, t. d. styrkur til íbúðarhúsabygginga á árinu 1972, geti orðið eitthvað lægri en þar sé gert ráð fyrir, svo að þarna geti orðið um tilfærslu að ræða á milli ára. Það er samkomulag á milli landbrh. og landnámsstjóra, að Landnámið taki að sér að sjá um framkvæmd á þessu máli og byrjað verði á því að greiða styrk vegna íbúðarhúsabygginga og verði það gert seint í þessum eða næsta mánuði. Enn fremur verði notuð heimildin til þess að greiða þær fjárhæðir, sem hér er ætlazt til, og verði það tekið til sérstakrar meðferðar síðar á árinu, hvernig því verði mætt, sem Landnámið kann að skorta þar á til þess að geta innt þetta af hendi.

Út af því, sem hv. þm. sagði, — annars var nú ræða hans prúðmennskan sjálf, — þá vildi ég nú aðeins bæta því við, að landnámslögin voru ekkert sérstök um það né lög þau, sem voru afgreidd í fyrra, að þeim fylgdi ekki fjárveiting, því að yfirleitt var lagasetning sú, sem gerð var hér á síðasta Alþ., með þeim hætti, að greiðslurnar áttu að koma á næsta ári, og er þetta eitt af því. Ástæðan til þess, að það var ekki tekin hærri fjárhæð til Landnámsins á fjárlögin 1972, var m. a. sú, að þar átti sér stað veruleg hækkun, og var því talið réttara að reyna að dreifa þessu á lengri tíma. En að lokum þetta: Heimildin verður notuð og verður framkvæmd í samráði við Landnám ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið, svo langt sem þau ná. Hann lýsti því yfir, að þessi heimild yrði notuð. Hann minntist þó engu orði á það, hvernig ætti að afla fjár, til þess að heimildin gæti orðið notuð, og hann ræddi um það, að einstakir þættir í þessum málum, til íbúðarhúsa, yrðu greiddir nú fljótlega, en aðrir þættir málsins biðu fram á árið ótiltekið og það færi í athugun á milli sín og Landnáms ríkisins, hvernig það mætti verða. Ég verð að segja, að mér finnast þessi svör vera nokkuð óákveðin og loðin, svo að ekki sé meira sagt. Það verður þó að ætla, að þau eina, sem skýrt kom fram í máli hans, að heimildin verði notuð, muni standa.

Ég lít svo á, að ef ætlunin er að taka fjármagn til þessara hluta af því fé, sem Landnámi ríkisins er ætlað nú á þessu ári til þess að sinna þessum sömu verkefnum eftir lögunum um stofnlánadeild o. fl., þá er það ekki úrlausn að mínu mati. Ég lít einnig svo á, að langeðlilegast hefði verið að taka þessa fjárhæð, sem er um 20 millj. kr. eða rétt rúmlega það, inn í fjárlög ársins 1972, ekki sízt með tilliti til þess, að við afgreiðslu þessara fjárlaga varð meiri hækkun á fjárlögum íslenzka ríkisins en nokkru sinni hefur áður gerzt, eða á einu ári um 5.4 milljarða kr. eða 46%. Slík hækkun fjárlaga hefði átt að gefa tækifæri til þess að koma inn smávægilegum lið eins og þessum til þess að styðja þá þætti, sem hvað brýnast er að styðja í elztu og einni virðulegustu atvinnugrein landsmanna, landbúnaðinum.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að lögin frá því í fyrra um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, fælu ekki í sér neitt fjárveitingavald. Það er rétt. Í þessum lögum er þó sett fram ákvæði um lágmarksfjárveitingu. Því lágmarki var að vísu sinnt, en það var ekki við fjárlagaafgreiðslu, eins og þegar er komið fram, að neinu leyti reynt að rýmka til, hvorki til að mæta hækkunum á verðlagi, sem orðið hafa á milli ára, eða að neinu leyti komið til móts við þær óskir, sem fram komu frá Landnámi ríkisins til þess að geta sinnt þeim verkefnum, sem mest var aðkallandi að sinna varðandi þau verk, sem unnin voru og tekin út á síðasta ári. Þetta vil ég, að komi hér glöggt fram, og það má minna á það í þessu sambandi, að núv. hæstv. landbrh. og hans flokksmenn hafa löngum talið sig helztu málsvara landbúnaðarins. Ég lít svo á, að í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu hafi það ekki komið fram.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki láta ummæli hv. 5. þm. Norðurl. v. verða til þess að fara að endurtaka hér fjárlagaumr. Hitt þykir mér miður, að sá ágæti þm., sem ég hef hinar mestu mætur á, skuli ekki gæta sín betur en það í meðferð talna að fara að setja upp hækkun fjárlaga eins og hann gerði, og það er gott að heyra það, að mönnum þykir þar of lítið að gert, þó að það hafi hins vegar fallið í hlut núv. ríkisstj. að verða að sjá fyrir fjármagni að verulegu leyti til þeirra hluta, sem áður voru ákvarðaðir.

Ég vil hins vegar taka það fram, að eins og ég áður sagði verður þessi heimild notuð og verður séð fyrir því, að hægt verði að koma henni í framkvæmd, og það verður byrjað að framkvæma það nú í næsta mánuði með íbúðarhúsin og hitt í framhaldi af því, eins og skýrslur berast þar um. Hins vegar vil ég segja það, að ég lét það koma fram hér á Alþ. í fyrra, þegar þessi lög voru til umr., að ég teldi, að betur færi á því, að þarna yrði skipulagsbreyting gerð og yrði betri nýting á því fjármagni, sem færi til landbúnaðarins eftir öðrum leiðum, en þarna er. Ég hef ekki skipt um skoðun á því, en um leið minni ég á það, að verulega voru auknar fjárveitingar til landbúnaðar á öðrum sviðum og einnig í Landnáminu, þar sem fjárveiting var nærri því tvöfölduð samkv. þessum nýju lögum. En ég minni á það, að í landbúnaði sem öðru skiptir mestu máli, að nýting

sé sem bezt á því fjármagni, sem frá ríkinu kemur, og ég tel, að þarna megi betur fara.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Mér er nú í sjálfu sér illa við að blanda mér inn í fsp., sem ég ber ekki fram sjálfur, og ég tel, að það eigi þm. yfirleitt ekki að gera. En mér finnst nauðsynlegt, þegar þessi mál ber hér á góma, að tengja þessar umr. við það, sem gerðist hér á Alþ. fyrir fáum árum síðan, ég ætla fyrir þremur árum. Þá stóð Landnám ríkisins á þeim tímamótum, að gömlu verkefnin voru að fjara út, uppbygging nýbýla í því formi, sem Landnáminu var fyrst og fremst ætlað að vinna að. Við blöstu ný verkefni á mörgum sviðum. Þá var slegizt um það hér, umr. eftir umr., hvort ætti heldur að gera, að snúa sér að þessum nýju verkefnum eða skera niður framlag til Landnáms ríkisins í sparnaðarskyni. Það er rétt að minna á þetta hér, þegar verið er að ræða um þessi mál. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en get þó látið það fylgja með, að þá voru a. m. k. ekki svör ráðamanna neitt óljós, því að þau voru alveg skýr og ákveðin: Það skyldi ekki hafizt handa um að snúast við nýjum verkefnum, heldur tekin upp sú stefna að skera niður framlag til Landnámsins um nokkrar millj. kr., og það varð svo að vera og var gert í tvö ár, að mig minnir.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú gert mér það ljóst, að þetta væri fsp.-tími, og ætlaði mér að láta þessar umr. alveg afskiptalausar, enda þótt hæstv. fjmrh. teldi það nú eiginlega svona dálítið óviðeigandi, að það skyldi ekki fylgja fjárveiting lögunum að öllu leyti, sem voru samþ. 16. apríl s. l., en það er nú svo, þegar lög eru samþ. löngu eftir að fjárlög hafa verið afgreidd, að þá getur ekki fylgt þeim fjárveiting. Og segja má, að fjárveiting til Landnáms ríkisins var hækkuð á núv. fjárlögum, eins og ákveðið var, að gert skyldi með þessum nýju lögum, en heimildarákvæðið var ekki tekið til greina. Nú er það svo, að heimildir hafa, held ég, alltaf verið notaðar í lögum, sem snert hafa landbúnaðinn og flesta aðra atvinnuvegi, og þess vegna var til þess ætlazt, þegar þessi lög voru afgreidd í aprílmánuði s. l., að ég ætla mótatkvæðalaust, að þetta yrði nú gert.

Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson minntist á, að það hefði verið lækkuð fjárveiting til Landnámsins í tvö ár. Þetta er rétt. Það var lækkað um 7.5 millj. á árunum 1968 og 1969, vegna þess að gömlu verkefnin voru búin, og líka vegna þess, eins og hv. þm. man, að þá var heldur hart í ári í landinu. Og þá var nú spyrnt við fótum almennt séð og þess gætt að láta fjárlög ekki hækka úr hófi fram. En þess skal geta, að þessi lækkun var afnumin og hækkun veitt á fjárlögum fyrir árið 1971, til þess að Landnámið gæti tekið upp hin nýju verkefni, sem var m. a. það að koma upp kögglaverksmiðjum í landinu, en þær eru nú þegar tvær orðnar, og nú er gert ráð fyrir, að því verði haldið áfram með auknu fjármagni, sem Landnámið hefur fengið. En hv. þm., sem talaði hér síðast, talaði nú ekki um niðurskurð til landbúnaðarins á öðrum sviðum, enda veit ég það, að hann er sanngjarn og hann gerir sér grein fyrir því, að fjárveitingar til landbúnaðarins hækkuðu mjög mikið í tíð fyrrv. ríkisstj. og miklu meira en dýrtíðin. Það hefur verið viðurkennt af mörgum hv. þm., sem voru í stjórnarandstöðu, að landbúnaðurinn fékk fjárveitingar til þess að hann mætti eflast og framkvæmdir aukast. Og það er þess vegna, að framkvæmdir í landbúnaði hafa aldrei verið meiri en á s. l. áratug. Þetta veit ég, að hv. þm., sem talaði hér síðast, viðurkennir í hjarta sínu og hefur reyndar viðurkennt opinberlega stundum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. eða fara að taka ný atriði inn í þær. Ég vil aðeins undirstrika það, af því að það féll niður hjá mér áðan, að í till. landbrn., sem lágu fyrir, þegar ég kom þar, var ekki gert ráð fyrir því, að tekin yrði upp sérstök fjárveiting vegna þessarar heimildar. Ég skar þar ekkert niður, en bætti hins vegar við á sumum liðum, þó að ég gerði það ekki á þessum.

28. Binding innlánsfjár í Seðlabankanum.

Á deildafundum 31. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til viðskrh. um bindingu innlánsfjár í Seðlabankanum [155. mál, 2] (A. 292).

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Árið 1960 var tekinn upp sá háttur að binda tiltekinn hluta af sparifjáraukningu lánastofnana í landinu í Seðlabankanum, og hefur svo verið gert jafnan síðan. Mun þessi bindingarupphæð nema nú eða nam um s. l. áramót um 4 milljörðum kr. Þessi ákvörðun var tekin sem þáttur í því að stuðla að efnahagslegu jafnvægi í þjóðfélaginu, og hefur æ síðan verið á það bent, að rökin fyrir því að viðhalda þessari bindingu innlánsfjár væru tvenn, annars vegar að stuðla að því að varðveita og mynda gjaldeyrisvarasjóð í landinu og hins vegar að gera Seðlabankanum kleift, án þess að til verðbólgumyndandi áhrifa kæmi, að veita afurðalán til framleiðsluatvinnuveganna. Því er ekki að neita, að á fátt hefur verið jafnmikið deilt af efnahagsráðstöfunum fyrrv. ríkisstj. og einmitt þessa ákvörðun um bindingu, sem oft hefur verið kölluð frysting innlánsfjár í Seðlabankanum. Það hlaut því að vera með nokkurri eftirvæntingu, sem menn biðu þess, að hæstv. ríkisstj. markaði stefnu sína varðandi þetta mál. En svo undarlega ber til, að ég hygg, að það sé rétt, að í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. sé hvergi vikið að þessu máli. Nú standa því þannig sakir, að þessi binding hefur haldið áfram undanfarna mánuði með sama hætti og áður var, og er, eins og ég áðan gat um, um 4 milljarðar kr., en þeir tveir liðir, sem

ætlunin var, að hér kæmu á móti sem fyrirgreiðsla af hálfu Seðlabankans, eru annars vegar afurðalánin, sem námu um síðustu áramót að ég hygg nálægt tveimur milljörðum, og varðveizla og trygging gjaldeyrisvarasjóðsins, sem nam um síðustu áramót um 4.7 milljörðum.

Þar sem, eins og ég áðan sagði, ekki hefur verið vikið einu orði í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. né af þeim ráðh., sem með þessi mál fer, eða einstökum ráðh. að þessu mikilvæga máli og hvað ríkisstj. hygðist fyrir í þessu efni, sem mjög var gagnrýnt hjá fyrrv. ríkisstj., þá hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp., sem hér um ræðir, til hæstv. viðskrh., annars vegar, hvaða fyrirætlanir ríkisstj. hafi í þessu efni og hins vegar, hver séu rökin fyrir því, að sú stefnumörkun hefur verið tekin eða verður tekin eftir atvikum, ef hér á að breyta til. Þessi liður fsp. er fram borinn af þeirri ástæðu, að ekki er enn að finna í stefnumörkun ríkisstj. eða stefnuyfirlýsingu neina ákveðna stefnumótun í þessu efni. Ég hygg, að marga fýsi að vita um, hver sé fyrirætlunin að þessu leyti, og því eru þessar fsp. fram bornar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er: „1. Er það ætlun ríkisstj. að breyta gildandi reglum um bindingu hluta innlánsfjár lánastofnana í Seðlabankanum og þá hvernig? 2. Hver eru helztu rök ríkisstj. fyrir stefnu hennar í þessu máli?"

Engin ákvörðun hefur enn verið tekin um breytingar á þessum bindingarreglum, og ég get ekki sagt um það á þessu stigi málsins, hvort til breytinga á þeim kann að koma eða ekki. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig ástandið verður almennt í efnahagsmálum. Hins vegar hefur ríkisstj. snúið sér til Seðlabankans og farið þess á leit við hann, að hann auki mjög verulega útlán sín út á framleiddar afurðir til útflutnings, en sú ráðstöfun mun jafngilda því, að mjög verulega sé dregið úr bindiskyldunni gagnvart þeim viðskiptabönkum, sem lána út á útflutningsafurðir. En það var, eins og hér kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, einmitt eitt af því, sem bindingin var rökstudd með á sínum tíma, að fyrir þyrfti að liggja fjármagn í Seðlabankanum, til þess að hægt væri að standa með eðlilegum hætti undir endurkaupalánum.

Frekari svör sé ég ekki, að ég geti gefið við þessari spurningu eins og nú standa sakir, get að vísu aðeins bætt því við, að ákveðið er í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., að fram skuli fara sérstök endurskoðun á bankalöggjöfinni sem heild. Þetta verkefni kemur að sjálfsögðu inn í þá almennu athugun, sem unnið hefur nokkuð verið að undirbúningi að, þ. e. hvernig með þessi mál skuli fara, þegar þau almennt, þ. e. rekstur bankakerfisins, verða tekin til endurskoðunar.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör, sem ég gat ekki betur skilið en væru efnislega á þann veg, að ríkisstj. hefði ekki enn tekið neina ákvörðun um fastmótaða stefnu varðandi þetta mál, og a. m. k. hefðu engar ráðagerðir verið uppi um það að breyta þessum bindingarreglum. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það hefur verið óskað eftir því við Seðlabankann, að hækkuð yrðu afurðalán til útflutningsframleiðslunnar, og þar einmitt vitnaði hann til annars þess atriðis, sem ég gat um, að hefðu á sínum tíma verið rök fyrrv. ríkisstj. fyrir bindingunni, að auðvelda bönkunum að veita lán til aðstoðar framleiðsluatvinnuvegunum. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við þetta að athuga og í raun inni ekkert við svör hæstv. ráðh. að athuga, en menn sjá þá glöggt, hvernig málin standa.

29. Tækniskóli Íslands.

Á deildafundum 6. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um Tækniskóla Íslands [116. mál, 2] (A. 144).

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 30., 32., 35. og 37. fundi í Sþ., 25. jan., 1., 8. og 15. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Við hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, höfum leyft okkur að flytja fsp. í tveimur liðum til hæstv. menntmrh. varðandi Tækniskóla Íslands, en fsp. hljóðar þannig:

1. Má vænta þess, að Tækniskóli Íslands, sem nú starfar í Reykjavík, verði fluttur til Akureyrar?

2. Ef svo er ekki, hvað mælir þá gegn því?

Þessar spurningar eru í sjálfu sér augljósar og þurfa ekki mikilla skýringa við. Þó finnst mér rétt að fara um þær örfáum orðum, til þess að ekki verði um það villzt, hvað þeim býr að baki. Í því sambandi ber að hafa í huga tvær staðreyndir. 1. Tækniskóli Íslands, sem starfað hefur í Reykjavík síðan 1963, hefur lengst af búið við ófullkomið húsnæði og jafnvel verið á hrakhólum úti um hvippinn og hvappinn hér í borginni með starfsemi sína. Ef skólinn á að geta starfað með eðlilegum hætti, verður að reisa hús yfir starfsemi hans. 2. Uppi er hreyfing norðanlands um það að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar. Ber þá sérstaklega að geta þess, að Fjórðungsþing Norðlendinga hefur ályktað í þá átt, oftar en einu sinni raunar, og skorað á ríkisvaldið að flytja Tækniskólann norður. Og hið sama gildir um bæjarstjórn Akureyrar. Spurningar þær, sem hér liggja fyrir, verður að skoða í þessu ljósi.

Það er hægt að færa fram mikilvæg rök fyrir því, að flytja skuli Tækniskóla Íslands til Akureyrar. Því miður hef ég ekki við þetta tækifæri möguleika á því að gera því máli ítarleg skil, en aðalatriðið í því sambandi er að minni hyggju nauðsynin á því að vinna skipulega og á allan færan hátt að því að dreifa ríkisstofnunum og þá ekki sízt mennta- og menningarstofnunum um landið í stað þess að þjappa öllu slíku saman á litlu svæði í

Reykjavík, eins og stefnan hefur lengst af verið og því miður lítið lát virðist vera á. Persónulega er ég mjög andvígur þessari miðsóknarstefnu og tel, að hún hafi í rauninni gengið sér til húðar og henni verði að breyta. Ég hef oft hreyft þessu máli almennt á Alþ. þau ár, sem ég hef átt hér setu og m. a. bent á, að stefnubreytingu í þessu efni mætti marka með því að ákveða Tækniskóla Íslands stað á Akureyri. Nú má vera, að eitthvað mæli gegn því, að Tækniskólinn verði fluttur til Akureyrar, og er ég ekki ófús að hlýða á þau rök.

Því miður hefur það gerzt, síðan þessi fsp. var borin fram, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. frv. til l. um Tækniskóla Íslands. Ég skal ekki ræða frv. í heild sinni, en með framlagningu þess má segja, að búið sé að svara fsp. okkar hv. 5. þm. Norðurl. e. á þann hátt, að varla verður misskilið. Í 1. gr. frv. er sagt berum orðum, að skólinn skuli starfa í Reykjavík. Ég harma þessa ákvörðun og lýsi yfir andstöðu minni við hana. Það er mín skoðun, og ég vil, að hún komi skýrt fram nú þegar, að nota eigi tækifærið, sem nú býðst, til þess að flytja Tækniskólann til Akureyrar, enda yrði hann þar engin hornreka, heldur vel í sveit settur.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. frá hv. 3. þm. Norðurl. e. og 5. þm. Norðurl. e. hljóðar svo:

„1. Má vænta þess, að Tækniskóli Íslands, sem nú starfar í Reykjavík, verði fluttur til Akureyrar?

2. Ef svo er ekki, hvað mælir þá gegn því?"

Svar mitt við þessum fsp. er svo hljóðandi:

Í gildandi lögum um Tækniskóla Íslands nr. 25 frá 1963 er gert ráð fyrir, að skólinn starfi í Reykjavík, en hins vegar heimilt að starfrækja undirbúningsdeild við skólann bæði í Reykjavík og á Akureyri. Enn fremur segir í lögunum, að heimilt sé að starfrækja aðrar bekkjar- og skóladeildir Tækniskólans á Akureyri, enda sé að því stefnt, að þar rísi sjálfstæður tækniskóli. Undirbúningsdeild er nú starfandi í Reykjavík, á Akureyri og einnig á Ísafirði.

Svo sem kunnugt er, liggur nú fyrir Alþ. stjfrv. um Tækniskóla Íslands, sem ætlað er að koma í stað gildandi laga um skólann. Þetta lagafrv. gerir ráð fyrir því, að skólinn starfi í Reykjavík, en heimilt sé að starfrækja undirbúningsdeild á Akureyri, Ísafirði og öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Jafnframt er, eins og í gildandi lögum, tekið fram, að að því skuli stefnt, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli. Eins og hér hefur verið rakið, er bæði í gildandi lögum og frv. því, er fyrir Alþ. liggur, mörkuð sú stefna, að í framtíðinni skuli rísa á Akureyri fullgildur tækniskóli. En hins vegar er gert ráð fyrir, að jafnframt starfi núverandi Tækniskóli í Reykjavík. Í fsp. er rætt um þann möguleika, að Tækniskóli Íslands í Reykjavík verði lagður niður og starfsemi hans flutt til Akureyrar. Um slíkt eru engar fyrirætlanir uppi. Skólinn í Reykjavík er enn í mótun og uppbyggingu, og eðlilegt virðist að gera hann færan um að gegna hlutverki sínu til fulls, áður en hafizt er handa um fleiri skóla, og þarf þó hvoru tveggja að hraða. Akureyri hefur mörg skilyrði til þess að vera góður vettvangur fyrir tækniskóla, m. a. vegna hins öfluga iðnaðar, sem þar er rekinn. Þeir, sem um málefni Tækniskólans hafa fjallað, hafa þó talið, að enn sem komið er sé auðveldara að afla skólanum nægilegs fjölda sérfræðikennara á Reykjavíkursvæðinu en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Sömuleiðis benda þeir á, að á Akureyri sé ekki enn völ ýmissa þeirra stofnana, einkum rannsóknastofnana, sem ýmsir tækniskólanemar þurfa að hafa aðgang að í verklegu námi. Svarið við fsp. verður því á þessa leið: Það er tvímælalaust æskilegt að hraða þeirri þróun, að fullgildur tækniskóli rísi á Akureyri, en ekki virðist heppilegt, að það gerist með þeim hætti, að skólinn í Reykjavík verði lagður niður, enda verða vonandi næg verkefni fyrir tvo slíka skóla á næstunni með vaxandi iðnvæðingu í þjóðfélaginu.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans. Hins vegar harma ég þá ákvörðun, sem tekin hefur verið og raunar mátti segja, að væri fram komin, eftir að frv. um Tækniskólann var lagt fram í Ed. Hæstv. ráðh. segir, að það séu engar fyrirætlanir uppi um flutning skólans. Hins vegar benti hæstv. ráðh. á það réttilega, að í gildandi lögum um Tækniskólann er heimild til þess að starfrækja undirbúningsdeild á Akureyri og það er einnig heimild til þess að stofna sérstakan tækniskóla á Akureyri.

Nú eru u. þ. b. 10 ár síðan þetta mál var til umr. hér á Alþ. og síðan lögin voru sett, og þá var samþ. brtt. hér í þinginu um þessa heimild, um stofnun sérstaks tækniskóla. Það eru senn liðin 10 ár síðan þetta gerðist, og þetta er býsna langur tími. Og ég sé ekki annað en að það geti liðið enn þá 10 ár, þangað til annar tækniskóli rís í landinu og þá trúlega á Akureyri. Mér finnst, að það sé nokkuð langur tími að bíða þess, að svo verði. Ég harma það þess vegna, að þessi ákvörðun hefur verið tekin. Ég álít, eins og ég segi, að það sé ákaflega ólíklegt, að það verði stofnaðir tveir tækniskólar hér á næstunni og það hefði verið mjög eðlilegt að grípa það tækifæri, sem nú gefst. Þegar þannig er að Tækniskólanum búið í Reykjavík, að það verður að byggja yfir hann, þá hefði verið eðlilegt að grípa tækifærið og reisa yfir hann hús á Akureyri og vinna yfirleitt þannig að undirbúningi skólastofnunar þar, að þar mætti fara fram fullkomin tæknikennsla.

Ég hef minnzt á það, að Fjórðungsþing Norðlendinga hefur haft þessi mál til meðferðar og rætt þetta ítarlega á fleiri en einu þingi sínu, og nú nýverið hefur bæjarstjórnin eða bæjarráðið á Akureyri ályktað í þessa átt, raunar ekki í fyrsta sinn, og þar kemur fram, í ályktun bæjarráðs Akureyrar, áskorun á ríkisstj. um það að endurskoða frv., sem nú liggur fyrir Ed. um tækniskóla, með tilliti til staðsetningar skólans. Og það segir einnig í þessari ályktun, sem ég vil benda á og gera að mínum orðum, að verði verk- og tæknimenntun á Íslandi endurskoðuð sem heild, eins og nál., sem út kom á fyrra ári, kann að benda til, þá fer bæjarráð eindregið fram á það við hæstv. ríkisstj., að Akureyri verði gerð að miðstöð tæknimenntunar á Íslandi. Bendir bæjarráð á fordæmi Norðmanna í þessu sambandi og telur þetta einhverja áhrifaríkustu aðgerð, sem völ er á til jafnvægis byggð í landinu. Mér þykir rétt að benda á þetta til að sýna fram á það, að hér er ekki um neina sérvizku úr mér að ræða eða hv. meðfyrirspyrjanda mínum eða öðrum, sem eru að ræða þetta hér í þinginu. Þetta er fullkomið alvörumál manna á Norðurlandi og eitt af

því, sem norðlenzkir fyrirsvarsmenn benda á sem lið í því að byggja upp landsbyggðina. Þetta vildi ég undirstrika, en mun ekki ræða þetta frekar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á það í sambandi við svar hæstv. menntmrh. við fram kominni fsp., að lögin um Tækniskóla Íslands eru frá árinu 1963, nr. 25 það ár. Þegar þessi lög voru sett og frv. til þeirra laga var til meðferðar hér á Alþ., þá voru uppi till. um það, að skólinn yrði staðsettur á Akureyri, og ef ég man rétt, þá kom fram á formlegan hátt brtt. þess efnis. Það vil ég þó ekki alveg fullyrða, að hún hafi komið fram formlega, en mig minnir það þó. En a. m. k. var hún í umr. manna um þessi mál. Þá áttu sér stað hér við meðferð málsins viðtöl okkar þm. að norðan, a. m. k. sumra, við þáv. hæstv. menntmrh. um þetta mál. Og það varð að samkomulagi, að ekki væri í það sinn haldið til streitu till. um staðsetningu skólans á Akureyri, en inn í lögin skyldi sett það, sem hér stendur, að heimilt sé auk undirbúningsdeildar að starfrækja bekkjardeildir á Akureyri og að því skuli stefnt, að þar rísi sjálfstæður tækniskóli. Og það ákvæði stendur í lögunum. Þetta gerðist sem sé á árinu 1963, og síðan eru 9 ár, og ég verð að telja fyrir mitt leyti, að það hafi síðan ekki verið efnt af hálfu yfirvalda að stefna að því, að upp rísi sjálfstæður tækniskóli á Akureyri, og alveg sérstaklega sýnist mér nauðsynlegt að undirstrika þetta, þegar stjfrv. kemur nú fram, þar sem ekki er gert ráð fyrir tækniskóla á Akureyri, að það sé enn ekki að því stefnt, sem sett var í lög 1963. Nú veit ég, að hæstv. núv. menntmrh. er ókunnugur því, sem fram fór á Alþ. í sambandi við þetta mál fyrir 9 árum. En ég vildi eindregið mælast til þess við hann, að hann taki þetta mál til nýrrar athugunar. Frv. um Tækniskóla Íslands er nú í Ed., og verði þessu máli ekki til lykta ráðið þar í deild á þann hátt, sem menn, sem áhuga hafa haft fyrir tækniskóla á Akureyri, geti við unað, þá verður ekki hjá því komizt, að brtt. við það komi fram hér í deild. En það er mjög gott, að þessi fsp. er fram komin, einmitt til þess að ráðrúm sé til þess, áður en frv. kemur til Nd., að athuga þetta atriði.

Ég er fyrir mitt leyti að verða þreyttur á því, — ég er nú búinn að sitja lengi á Alþ. og er kannske orðinn þreyttur á ýmsu, — en ég er að verða þreyttur á því sífellda tali, sem hér er í þingsölum um, að það eigi að stuðla að því að flytja opinberar stofnanir frá höfuðborginni og dreifa þeim um landið eftir því sem tök eru á, þessu sífellda tali um það, þegar engar framkvæmdir verða. Mér er það átakanlega í minni síðan á síðasta þingi, þegar rætt var um stofnun fiskvinnsluskóla. Það mál var búið að vera á döfinni í 10 ár, og það var einmitt hv. fyrri fyrirspyrjandi þessarar till., sem hefur sérstaklega beitt sér fyrir því máli, en það var búið að vera 10 ár á döfinni, og loksins eftir 10 ár er samþ. að koma upp fiskvinnsluskóla hjá þessari mestu fiskvinnsluþjóð heimsins, og þá þurfti hann endilega að vera í Reykjavík. Mönnum sýndist t. d. ekki að setja þann skóla niður á Ísafirði, þar sem hann hefði sýnilega verið vel settur, og mér dettur Ísafjörður í hug í sambandi við fiskfinnsluskólann, vegna þess að einmitt bæjarstjórnin á Akureyri, sem kemur við sögu í þessu máli hér í dag, hefur í ályktunum sínum um þessi mál lagt það til, að fiskvinnsluskólinn yrði ekki á Akureyri, heldur á Ísafirði. Nú er aftur á móti verið að tala um að stefna að því að setja niður undirbúningsdeild fyrir tækniskóla á Ísafirði. Ég hygg, að það hefði verið nær lagi að gera ráð fyrir, að fiskvinnsluskólinn yrði þar, a. m. k. einn af þeim, sem gert er ráð fyrir að setja upp í sambandi við þau lög. En ég ætla ekki að fara að ræða hér um fiskvinnsluskóla, og ég skal ekki fara fram yfir það tímamark, sem hér er sett, en ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. ráðh., að hann athugi nánar þetta mál, um leið og ég lýsi ánægju minni yfir, að þessi fsp. skuli vera fram komin.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þar sem ég er annar fyrirspyrjanda í þessu máli, þá vildi ég leggja hér örfá orð í belg. Ég vil þá þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin við fsp. okkar. Mér sýnist, að þau séu afdráttarlaus og svar ríkisstj. liggi alveg ljóst fyrir í þessu efni, að það verði ekki um það að ræða, að Tækniskóli Íslands rísi á Akureyri. Ég vil í þessu sambandi minna á það, sem stendur í því kveri, sem hefur hlotið nafnið Ólafskver. Þar stendur þessi setning: „Stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meira en nú er gert."

Ég vil taka mjög undir orð síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Norðurl. e., þar sem hann sagði í raun og veru, að þessi orð, og sama er að segja um fleiri, hafi miklu minni merkingu en við margir viljum líta á, að þau eigi að hafa. Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvaða ríkisstofnunum telur hún, að hægt sé að velja stað úti um land, ef ekki er hægt að velja Tækniskóla Íslands stað á Akureyri? Á Akureyri eru öll skilyrði fyrir tækniskóla. Þar er mikill iðnaður, og ég hef rætt þetta mál við sérfróða menn. Þeir telja, að þar séu sérlega góð skilyrði til þess að mennta svokallaða „pródúksjóns"-tæknifræðinga eða framleiðslutæknifræðinga, sem okkur vantar ekki hvað sízt í okkar atvinnulíf, og á Akureyri séu öll skilyrði til þess að koma upp fullkomnum tækniskóla. Það hefur verið bent á og er bent á hér af hæstv. ráðh., að auðveldara væri að afla kennslukrafta í Reykjavík. Þetta svarar því ekki, hvort hægt sé að afla kennslukrafta til Tækniskóla Íslands á Akureyri. Við vitum öll, að það er auðveldara að koma upp ríkisstofnunum í Reykjavík, enda hefur reynslan orðið sú, að þar hafa þær risið. En hvort hægt er að koma upp slíkum stofnunum annars staðar, það er aftur allt önnur saga, og ég vil endurtaka spurningu mína til hæstv. ríkisstj.: Hvaða ríkisstofnunum telur hún, að sé hægt að velja stað úti á landi, ef ekki er hægt að velja Tækniskóla Íslands stað á Akureyri?

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í deilur þeirra Norðlendinga og hæstv. menntmrh. um staðsetningu tækniskóla á Akureyri eða hér í Reykjavík, en ég vildi vekja athygli hv. þm. á þeirri stefnubreytingu, sem virðist vera að verða hjá núv. hæstv. menntmrh., sérstaklega í sambandi við staðsetningu skóla úti á landsbyggðinni. Þessi mál hafa verið rædd hér allmikið á undanförnum árum, hvort ekki væri rétt af Alþ. að taka upp þá stefnu að staðsetja ríkisstofnanir, þar með ríkisskóla, úti í dreifbýlinu í stað þess að staðsetja þá alla hér í Reykjavík. Þetta tókst að nokkru leyti með samþykkt fiskvinnsluskólalaga á síðasta þingi. Það varð þó að verða að samkomulagi til

þess að fá málið í gegn og fá það afgreitt hér á þingi, að fyrsti skólinn yrði staðsettur á Suðvesturlandi, það var ekki talað um Reykjavík, heldur Suðvesturland. Þetta var samkomulagsatriði til þess að fá málið afgreitt hér á Alþ. En í þessum lögum voru einnig jafnhliða, í 6. gr. þeirra, bein fyrirmæli, það var engin heimild til hæstv. menntmrh., það voru bein fyrirmæli, að við teljum, að auk þess skyldi verða stofnsettur fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum. Lögin segja það beint: Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn o. s. frv. Ég tel þetta vera bein fyrirmæli til hæstv. ráðh. um, að þar verði staðsettur fiskvinnsluskóli. Sem afleiðing af því og þessum skilningi bar ég fram fsp. til hæstv. ráðh. í byrjun þings, hvenær hann ætlaði sér að skipa skólanefnd fyrir þennan skóla, ekki hvenær hann ætlaðist til þess, að skólinn tæki til starfa. Við töldum það svo sjálfsagt, að það yrði á þessu ári. Ég fékk það svar, að hann ætlaði alls ekki að flýta sér neitt að því og var ekkert ákveðinn í því einu sinni, hvenær hann ætlaði að stofna skólanefnd þessa skóla, sem auðvitað er fyrsta verkið til að koma skólanum á laggirnar. En þegar ég segi, að við hljótum að skilja þetta ákvæði laganna þannig, að þennan skóla hafi átt að stofnsetja á árinu 1971, þá er það út af 2. mgr. í 6. gr. þessara laga, þar sem segir: Á árunum 1972—1975 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum og víðar. Ég tel, að þetta gefi beint til kynna það, sem er tekið fram í lögunum, að á eftir þessum tveimur skólum skuli fara að vinna að því á árunum 1972—1975 að undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla á öðrum stöðum á landinu.

Ég vildi í sambandi við þetta mál vekja athygli á þessu, að mér finnst vera kominn verulegur afturkippur í þetta hjá núv. hæstv. menntmrh., í þá stefnu, sem Alþ. var þó að marka sér, að fara með slíkar stofnanir út í dreifbýlið, þegar með eðlilegum hætti er hægt að koma því við. Ég fullyrði hiklaust, að í Vestmannaeyjum er hægt að koma á stofnun fiskvinnsluskóla með eðlilegum hætti. Þar er nú komin sams konar rannsóknastofnun eins og er hér í Reykjavík, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Hún er tekin þar til starfa og er stjórnað af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hér í Reykjavík, þannig að það fer ekkert á milli mála, að það atriði er ekki lengur í veginum. En ég vildi vekja athygli á þessu og harma það, að hæstv. menntmrh. skuli vera að marka þessa stefnu nú eða stíga skref til baka í þeirri stefnu, sem Alþ. var þó að marka sér, og kemur fram bæði í sambandi við stofnun fiskvinnsluskólans og eins virðist það koma fram í sambandi við stofnun eða staðsetningu tækniskóla á Akureyri.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal lofa því að fjalla eingöngu um það efni, sem fsp. fjallar um. Ég vil með hliðsjón af því, að a. m. k. einn ef ekki tveir stjórnarliðar hafa nú lýst yfir andstöðu sinni við það frv., og þá stefnu, sem með því er mörkuð, sem fyrir Ed. liggur um Tækniskóla Íslands, lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við frv. og þau rök, sem hæstv. menntmrh. færði fyrir því hér áðan. Það ber vissulega að dreifa menntaskólum, hverrar tegundar sem þeir eru, um landið. Hins vegar er staðreynd, að Tækniskólinn var staðsettur hér, og það ber að efla þann skóla og gera hann þess megnugan að gegna hlutverki sínu, sem hann er að ýmsu leyti vanbúinn til í dag, áður en farið er að færa út kvíarnar í þessu efni. Ég vil þess vegna hlaupa í skarðið fyrir a. m. k. annan þeirra stjórnarliða, sem lýsti því yfir áðan, að hann væri andvígur frv., þannig að ríkisstj. þarf í þeim efnum ekkert að óttast um framgang málsins.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að lengja þessar umr. úr hófi fram, en vil þó aðeins gera nokkrar aths. við það, sem komið hefur fram í ræðum hv. þm. Ég vil taka það mjög skýrt fram vegna þeirra ummæla, sem hér hafa fallið eða þess, sem mér hefur fundizt liggja í orðum sumra manna, að það er síður en svo af meinbægni við Akureyri eða Norðurland, að ég hef gefið þau svör við fram kominni fsp., sem hér voru greind áðan. Um það er að ræða, að þegar ákveðið var að stofna Tækniskóla Íslands, þá tókumst við á hendur mjög umfangsmikið og erfitt verkefni, og ég held, að allir, sem fylgzt hafa með störfum þeirrar stofnunar hér í Reykjavík, geri sér ljóst, að stundum hefur ekki gert betur en skólinn hreint og beint tórði vegna ýmissa byrjunarörðugleika. Ég fullyrði ekki, að allir þeir örðugleikar hafi verið óhjákvæmilegir, að enginn þeirra stafi af því, hvernig að málinu hefur verið staðið á einhverju stigi. En hitt er staðreynd, að skólinn hefur í rauninni barizt í bökkum og gerir enn. Og þó hljóta allir að viðurkenna, að hagstæðustu skilyrðin til að koma upp þessari margþættu stofnun, sem fyrirfinnast á landinu, eru hér í Reykjavík. Og það er enginn vafi, að erfiðleikarnir hefðu orðið enn meiri á Akureyri af ástæðum, sem a. m. k. annar hv. fyrirspyrjenda hefur skýrt frá, að hann gerir sér ljósar.

Það, sem fyrir liggur, er það, að ef ákveðið væri nú að söðla um og taka þennan hálfmótaða skóla héðan frá Reykjavík og flytja hann til Akureyrar, þá gæti orðið um verulega brotalöm á þessu skólastarfi að ræða. Hitt viðurkenna allir, að á einstökum sviðum a. m. k., og þar nefndi hv. 5. þm. Norðurl. e. einkum svokallaða „pródúksjóns"-tæknifræðinga, séu skilyrði á Akureyri fyrir hendi. Þess vegna tel ég það rétta stefnu að framkvæma það, sem heimilað er í núgildandi lögum og heimilað verður, ef fyrirliggjandi frv. verður að lögum, að vinna að stofnun sjálfstæðs tækniskóla á Akureyri, og það yrði næsta skrefið, úr því að undirbúningsdeild er komin á laggirnar, að vinna þar að raungreinadeild. Ég held, að allir séu sammála um, að það sé vel framkvæmanlegt verk, þegar fé fæst til.

30. Útflutningur á framleiðsluvörum gróðurhúsa.

Á deildafundum 7. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um útflutning á framleiðsluvörum gróðurhúsa [164. mál, 2] (A. 313).

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 15. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég till. til þál. um rannsókn á möguleikum á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa. Alþ. féllst á till. mína og samþykkti hinn 5. apríl s. l. svofellda ályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka það rækilega, hvort möguleikar séu á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa og þá sérstaklega blómum. Rannsókn þessari skal hraðað svo, að niðurstöður hennar geti legið fyrir næsta reglulegu Alþingi."

Í framhaldi af þessari ályktun hef ég leyft mér að beina til hæstv. landbrh. fsp. á þskj. 313 í tveim tölul. Fsp. þessa ber ég fram vegna þess, að ekki er kunnugt, að rannsókn sú, sem ályktunin gerir ráð fyrir, sé nokkuð komin á veg, en að mínum dómi er málið stórt og brýn nauðsyn að taka það til meðferðar nú þegar. Og þess vegna spyr ég:

1. Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að koma á rannsókn á möguleikum á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa?

2. Er þess að vænta, að niðurstöður rannsóknar geti legið fyrir því Alþ., sem nú situr, eins og ályktunin gerir ráð fyrir?

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 313 er fsp. frá hv. 6. þm. Sunnl. í sambandi við þál., sem afgreidd var frá Alþ. 5. apríl s. l. Ályktun Alþ. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka það rækilega, hvort möguleikar séu á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa og þá sérstaklega blómum. Rannsókn þessari skal hraðað svo, að niðurstöður hennar geti legið fyrir næsta reglulegu Alþingi."

Svar landbrn. við þessari fsp. er svo hljóðandi:

Landbrn. leitaði álits Sölufélags garðyrkjumanna um málið og síðan Sambands garðyrkjubænda. Samband garðyrkjubænda tók málið fyrir á stjórnarfundi þann 25. nóv. s. l., og segir svo m. a. í ályktun fundarins:

„Málið var tekið fyrir á stjórnarfundi sambandsins, sem haldinn var í Reykjavík þann 25. nóv. s. l., og var stjórnin sammála um, að umrædd rannsókn þyrfti á fyrsta stigi að beinast að könnun og gagnasöfnun frá þeim löndum, þar sem markaðshorfur fyrir útflutningsafurðir væru taldar líklegar. Enn fremur telur stjórnin, að gera þurfi samanburðarathuganir á stöðu hér og í þeim löndum, þar sem útflutningsframleiðslan á sér stað. Niðurstöður þessara rannsókna ættu að leiða í ljós hugsanlega getu íslenzkrar ylræktar á sviði útflutnings."

Síðan lagði sambandið til, að skipuð yrði nefnd til að vinna að málinu. Eftir að rn. hafði borizt þessi ályktun Sambands garðyrkjubænda, skipaði það hinn 6. jan. s. l. fjóra menn í nefnd til þess að vinna að málinu. Í nefndina voru skipaðir Þorvaldur Þorsteinsson forstjóri Sölufélags garðyrkjumanna, Óli Valur Hansson garðyrkjuráðunautur Búnaðarfélags Íslands, Sveinn Indriðason stórkaupmaður, Reykjavík og Axel Magnússon ráðunautur, Hveragerði. Nefndin vinnur nú að könnun málsins, en þar sem hér er um umfangsmikið mál að ræða, sem þarfnast gaumgæfilegrar athugunar, er óvíst, að niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir það tímanlega, að unnt verði að leggja niðurstöður nefndarinnar fyrir Alþ. það, sem nú situr. En ef mögulegt reynist, þá verður það gert.

Fyrirspyrjandi (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þær upplýsingar og fyrir þau svör, sem hann hefur gefið við fsp. minni. Ég ætla ekki að gagnrýna það, þó að þessu starfi sé ekki lengra komið áfram en raun ber vitni um. Mér er það kunnugt, að rn. sneri sér að því strax í vor að hreyfa þessu máli við þá aðila, sem það taldi fyrst koma til greina til þess að gefa um þetta ráð, en endanleg svör hafa ekki, eftir því sem ráðh. upplýsti, borizt rn. fyrr en núna á haustnóttum.

Hitt er annað mál, sem kemur í ljós, þegar þetta mál er skoðað nánar, að málið er, eins og ég sagði áðan, mjög stórt og þarf mikillar könnunar við, og það er þess vegna full þörf á því að taka það föstum tökum strax í byrjun og haga rannsókn þess svo, að þekking og sjónarmið þeirra sérfræðinga, sem um rannsóknarverkefnin þurfa að fjalla, nýtist sem bezt. Ég segi, að um þetta verkefni þurfi sérfræðingar að fjalla. Ég er ekki þar með að segja, að þeir þurfi nauðsynlega að vera í þeirri nefnd, sem skipuð er til rannsóknanna, heldur þarf hún að hafa heimild til þess að kveðja þá til. Ég tel, að menn verði að gera sér það ljóst nú þegar, að væntanlega verður að beita nýjum aðferðum í mörgum efnum í sambandi við þetta málefni. Það þarf að beita nýjum aðferðum í ræktun, í byggingu gróðurhúsanna, í notkun rafmagns til lýsingar, í sölutækni, í flutningum á markaðsstaði og í hliðargreinum til gjörnýtingar heita vatnsins og lýsingarinnar.

Hvað ræktunina varðar, þá hefur verið reynt með góðum árangri að auka vaxtarhraða jurta með því m. a. að gefa jurtunum CO_2 eða koldíoxíð, en til þess að unnt sé að framkvæma slíka gjöf með nákvæmni, þurfa til að koma dýr tæki, sem ekki teljast hagkvæm nema í mjög stórum húsum. Einnig gat ég um þátt lýsingarinnar áðan, sem að sjálfsögðu vegur þungt hér í okkar norðlæga landi, þar sem vetrarnóttin er óþægilega löng til þess að framleiðslan nái því að vera jöfn og viss árið um kring. Allt þetta notast bezt í stórum gróðurhúsum. En svo er fyrir að þakka, að ýmsar nýjar gerðir húsa eru nú reyndar, og þróast þau í þá átt að leyfa stærri og stærri einingar, og á það jafnt við um grindahús og gróðurhús, sem eru blásin upp.

Þá er einnig nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að líklegast er, að framleiðsluna þurfi að flytja úr landi í heilum flugvélaförmum, og kemur þá að sjálfsögðu til álita við staðarval fyrir gróðrarstöðvarnar, að þær liggi vel við samgöngum, þ. e. að ekki sé of langt að fara til næsta flugvallar.

Um hliðar- eða stuðningsatvinnugreinar við ylræktina, sem ég gat lauslega um áðan, vil ég að lokum geta þess, að þar kemur fiskrækt vel til greina. Tilraunir

hérlendis og erlendis hafa sannað það, að unnt er að auka mjög verulega vaxtarhraða fiska, t. d. lax og silungs, með því að halda eldisvatninu stöðugu við hagstæðasta hitastig. Því er nauðsynlegt að huga að því einnig, hvort ekki sé hagkvæmt að gjörnýta heita vatnið með þessum hætti og færa á þann hátt niður kostnaðinn við ylræktina innanhúss.

Ég hef bent hér á nokkra þætti þessa máls, sem ég tel, að sanni það, að sú rannsókn, sem ályktun Alþ. gerði ráð fyrir, að færi fram, verður að vera átak og umræðuefni fjölmargra sérfróðra manna um hin margvíslegustu efni. Rétt er að benda á það hér og nú, að Rannsóknaráð ríkisins hefur fyrir nokkru komið á ráðstefnu um nýtingu jarðhita. Þá ráðstefnu sóttu t. d. verkfræðingar, garðyrkjubændur, ráðunautar, starfsmenn banka, ráðuneyta, rannsóknarstofnana og fleiri aðilar. Þessi ráðstefna ræddi m. a. þá þætti í nýtingu jarðhitans, sem við fjöllum um hér í dag. En því bendi ég á þessa ráðstefnu Rannsóknaráðsins, að mér sýnist, að hún sanni, að sú nefnd, sem nú hefur verið skipuð til að kanna þetta mál, þurfi að starfa á breiðum grundvelli og eðlilegt sé, að gerðar verði ráðstafanir til þess að þetta stóra mál fái þá afgreiðslu, að á rannsókn og mati nefndarinnar á þýðingu þess fyrir þjóðina megi byggja næstu aðgerðir. Þetta mál er nýmæli, þetta er þýðingarmikið málefni, og framgangur þess verður naumast tryggður með öðru móti en haldgóðum rannsóknum og samvirku átaki fleiri aðila, þegar til framkvæmda kemur. Ég vænti þess fastlega, að hæstv. ríkisstj. stuðli að því, að svo megi verða.

31. Nefndaskipanir o. fl.

Á deildafundum 7. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til forsrh. um nefndaskipanir, ráðningu nýrra starfsmanna o. fl. [164. mál, 1] (A. 313).

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 37. og 39. fundi í Sþ., 15. og 17. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hversu starfsliði stjórnarráðsins hafi fjölgað mikið síðan hún tók til starfa og hversu margar nefndir hún hefur skipað á þessu tímabili. Ég skal í örfáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna ég hef borið þessa fsp. fram.

Það hefur vakið mjög mikla athygli meðal þjóðarinnar, að hæstv. núv. ríkisstj., sem áður fyrr, meðan stuðningsflokkar hennar voru í stjórnarandstöðu, hvatti mjög til sparnaðar í opinberum rekstri, virðist hafa fjölgað starfsliði sínu í upphafi meira en nokkur önnur stjórn, sem ég minnist. Á síðasta kjörtímabili voru samþykkt ný lög um stjórnarráðið, sem heimiluðu ráðherrum að ráða sér aðstoðarmenn, sem skyldu vera persónulegir ráðgjafar þeirra og fylgja þeim úr embætti, þegar ráðherrar létu af embætti. Enginn ráðh. í fyrrv. ríkisstj. notaði sér þessa lagaheimild. En núv. ráðh., þrír a. m. k., notuðu sér slíka heimild þegar. Það er m. a. s. sagt um einn hæstv. ráðh., að hann hafi ætlað að ráða sér tvo ráðherraritara, einn í hvort af sínum tveim rn., en hafi þá verið bent á, að lögin gerðu aðeins ráð fyrir einum persónulegum ráðunaut eða ráðherraritara til hvers ráðh. En auk þessa munu ráðh. hafa ráðið sér ýmsa lausráðna aðstoðarmenn, sem gegna störfum, sem í raun og veru jafngilda ráðherraritarastörfum. Þá starfa og svo margar nefndir á vegum hæstv. ríkisstj., að það er fróðlegt fyrir hið háa Alþingi og þjóðina að fá um það vitneskju.

Ég skal taka fram, að ég hefði í sjálfu sér ekkert við þessar auknu mannaráðningar eða auknu starfsmannafjölgun að athuga, jafnvel ekki heldur við allar nefndaskipanir að athuga, ef störf hæstv. ríkisstj. hefðu gengið sérstaklega hratt og vel á því misseri, sem hún hefur setið að störfum. En öllum hv. þingheimi er kunnugt um, að svo hefur ekki verið. Fjárlagaafgreiðsla hefur aldrei, a. m. k. í seinni tíma sögu þingsins, gengið jafnseint og illa og í þetta skipti, og rek ég þá sögu ekki frekar. Frv. um Framkvæmdastofnun, sem er eitt helzta frv., sem afgreitt hefur verið á Alþ., var mjög lengi á döfinni, gekk seint að afgreiða það og var að síðustu afgreitt í miklum flýti. Það hafði ekki verið vel og rækilega undirbúið. Og í þriðja lagi skattafrv. tvö, sem sýnd voru í des. s. l. Enn vita fjhn. þingsins ekki, hverjar eru endanlegar till. ríkisstj. í þessu máli. M. ö. o.: þessi frv. hafa verið svo vanundirbúin þrátt fyrir allan starfsmannafjöldann, að það tekur ríkisstj. marga mánuði að átta sig á því, hver er hin endanlega stefna, eftir að frv. hafa verið lögð fram. Þetta sýnist mér vera ærin ástæða til þess að fá yfirlit um það, hversu marga aðstoðarmenn hæstv. ríkisstj. hefur og hvernig í ósköpunum á því stendur, að afköst hennar eru ekki meiri en raun ber vitni um.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar eru á þskj. 313, og þetta eru allumfangsmiklar fsp., sem því miður tekur nokkuð langan tíma að svara. Það er spurt um:

„1. Hvaða nefndir hefur ríkisstj. skipað, síðan hún tók til starfa, hvert er verkefni þeirra og hverjir eiga sæti í þeim?

2. Hver hefur orðið kostnaður við störf hverrar einstakrar þessara nefnda?

3. Hvaða nýja starfsmenn hefur ríkisstj. ráðið í stjórnarráðið, síðan hún tók til starfa?

4. Hver verða heildarlaun þeirra á yfirstandandi ári?“

Ég hafði þann hátt á að senda þessar fsp. til hinna einstöku rn., og mér hefur borizt svar frá hverju rn. fyrir sig undirritað af ráðuneytisstjóra eða staðgengli hans, þannig að þær upplýsingar, sem ég hér gef, eru á ábyrgð

þeirra. Og þó að það hefði að vísu mátt gera styttri skýrslu með því að draga þetta saman, þá vel ég nú þann kostinn að lesa þetta upp eins og það kemur frá hverju rn. fyrir sig, þannig að þar komist engin tortryggni að um, að farið sé rétt með það, sem hér er um að tefla.

Þá rek ég rn. í þeirri röð, sem þau eru nefnd í reglugerð um stjórnarráðið nr. 96 1969. Og þá er það fyrst forsrn. Frá því er svo hljóðandi greinargerð:

„Ríkisstj. samþykkti á fundi sínum 20. júlí 1971, að forsrh. hefði forgöngu um skipun fimm manna nefndar til þess að vera ríkisstj. til ráðuneytis um starfsaðferðir og vinnubrögð í landhelgismálinu. Voru eftirtaldir menn tilnefndir af þingflokkunum: Finnbogi Rútur Valdimarsson af hálfu SF, Gylfi Þ. Gíslason af hálfu Alþfl., Jóhann Hafstein af hálfu Sjálfstfl., Lúðvík Jósepsson af hálfu Alþb. og Þórarinn Þórarinsson af hálfu Framsfl. Enginn kostnaður hefur verið vegna þessarar nefndar.

16. des. 1971 voru Egill Sigurgeirsson hrl. og Ólafur Björnsson prófessor skipaðir til þess að reyna að koma á sáttum milli stjórnar Laxárvirkjunar og stjórnar Félags landeigenda við Laxá. Kostnaður við þessa sáttanefnd til þessa hefur verið 8457 kr. Jafnframt er svo þess að geta, að 1. okt. 1971 var ákveðið, að nefnd til þess að endurskoða vatnalög nr. 15 20. júní 1923 og semja frv. til nýrra vatnalaga hætti störfum, m. a. vegna þess að nú eru nokkur dómsmál á ferðinni í sambandi við vatnalög, þannig að niðurstaðan er þá tvær nefndir, en ein hefur verið lögð niður."

Til viðbótar þessu vil ég geta um það, sem rétt er að færa undir forsrn., að af ríkisstj. hálfu voru á s. l. hausti tilnefndir þrír menn í svokallaða atvinnumálanefnd vegna Siglufjarðar og í þeirri nefnd voru Ragnar Arnalds, Jón Kjartansson og Tryggvi Helgason. Þessir menn luku störfum í októberlok, og kostnaður við störf þeirra var 61 154 kr.

Þetta var um nefndir í forsrn., og auk þess vil ég segja það, að eins og mönnum er kunnugt, þá voru fengnir aðstoðarmenn til handa sáttasemjara í vinnudeilum í tveim eða þrem tilvikum, en það liggur ekki fyrir, hver kostnaður hefur orðið vegna þess.

Þá er það, að ráðinn hefur verið ritari blaðafulltrúa ríkisstj. í forsrn. Árslaun framangreinds ritara eru nú 322 830 kr.

Þá kemur næst dómsmrn., sem svarar svo hljóðandi:

„Rn. skírskotar til bréfs forsrn. dags. 9. þ. m., þar sem óskað er upplýsinga um skipun nefnda á vegum rn. og ráðningu starfsmanna til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á tímabilinu frá því að núv. ríkisstj. tók til starfa, en upplýsinga þessara er leitað vegna fsp. I á þskj. 313 til forsrh. Af þessu tilefni skal tekið fram, að á umræddu tímabili hefur ekki verið skipuð nein ný nefnd eða ráðið í neitt nýtt starf á vegum þess rn. og þá ekki heldur komið kostnaður af slíkum aðgerðum.

Baldur Möller."

Þá kemur félmrn.

„Á vegum félmrn. hafa eftirtaldar nefndir verið skipaðar í tíð núv. ríkisstj.:

1. Tekjustofnanefnd. Hefur lokið störfum. Þóknun ekki ákveðin enn.

2. Orlofsnefnd. Þóknun ekki ákveðin enn.

3. Vinnutímanefnd. Hefur lokið störfum. Þóknun ekki ákveðin enn.

4. Verkalýðs- og samvinnuskólahreyfingarnefnd. Þóknun ekki ákveðin enn.

5. Nefnd til að endurskoða lög um byggingarsamvinnufélög, nýskipuð.

6. Nefnd til að endurskoða lög um orlof húsmæðra. Hefur lokið störfum. Þóknun ekki ákveðin.

7. Samkv. lögum nr. 30 1970 hafa verið skipaðar stjórnir verkamannabústaða í eftirtöldum sveitarfélögum: Dalvíkurhreppi, Hólmavík, Stokkseyrarhreppi. Þóknun ekki ákveðin enn.

8. Aðstoðarmaður ráðh., 27. launaflokkur, árslaun 552 240 kr.

Hjálmar Vilhjálmsson."

Þarna sé ég, að ekki eru tilgreind nöfn þeirra manna, sem hafa starfað í þessum nefndum, svo sem átti að vera samkv. fsp., en það er vangá hjá mér, að ég hef ekki gengið eftir því, að það væri tekið fram. En eins og menn heyrðu, hafa langflestar af þessum nefndum, sem þarna eru taldar, þegar lokið störfum.

Þá kemur frá fjmrn.

„Til svars erindis forsrn. dags. 9. þ. m. við fsp. Gylfa Þ. Gíslasonar til forsrh. upplýsir rn. eftirfarandi:

Eftirgreindar nefndir hafa verið skipaðar af fjmrn., síðan ríkisstj. tók til starfa:

15. júlí 1971: Nefnd til að annast samræmingu sjónarmiða allra aðila, sem hagsmuna geta átt að gæta um stöðlun á sviði bókhalds og reikningsskila. Atli Hauksson, Jóhann Ingjaldsson, Sigurður Stefánsson, Steindór Ólafsson, Sveinn Björnsson, Ólafur Nilsson formaður nefndarinnar.

10. ágúst 1971: Nefnd um tekjuöflun ríkisins. Björn Jónsson, Guðmundur Skaftason, Gunnar R. Magnússon, Jón Sigurðsson formaður nefndarinnar, Magni Guðmundsson.

24. sept. 1971: Nefnd til að gera úttekt á fjárhagsaðstöðu Slippstöðvarinnar h. f. Árni Halldórsson, Árni Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Ingólfur Árnason, Jón Sigurðsson formaður nefndarinnar.

27. okt. 1971: Nefnd, sem fjallar um aukatekjur sýslumanna og bæjarfógeta. Baldur Möller, Björn Björnsson, Björn Hermannsson formaður nefndarinnar, Sigurgeir Jónsson.

Aths.: Eldri skattanefnd var lögð niður, og slippstöðvarnefnd hefur lokið störfum. Laun slippstöðvarnefndar námu samtals 135 þús. kr. og kostnaður var nálægt 40 þús. Kostnaður hefur ekki fallið til vegna annarra nefnda, og er engin leið að gera áætlun um kostnað þeirra vegna.

Á vegum fjmrn. hefur verið ráðið sem hér segir:

Í ríkisbókhaldi: Bætt hefur verið við stúlku hálfan daginn við vélabókhald, Þuríði Dan Jónsdóttur, vegna aukinna verkefna við vélfærslur, bókhald ríkisstofnana o. fl. Einar Sverrisson er erlendis við nám. Í stað hans hefur verið ráðinn starfsmaður til eins árs, Sigtryggur Þórhallsson.

Við embætti ríkisféhirðis: Bætt hefur verið við skrifstofustúlku allan daginn, Guðrúnu Haraldsdóttur, vegna aukningar verkefna, fjárreiða stofnana o. fl.

Í skrifstofu rn. sjálfs: Ingibjörg Björnsdóttir hefur verið ráðin til starfa hálfan daginn sérstaklega til að-

stoðar launadeildarstjóra á móti annarri hálfsdagsstúlku, sem fyrir var. Þorsteinn Geirsson hefur verið ráðinn með þriggja mánaða samningi til launadeildar hálfan daginn vegna álags við afgreiðslu í kjaramálum.“

Svo er nú hér, sem eiginlega á ekki við í þessu falli vegna fsp.: Alda Jónsdóttir hætti störfum í des. Í stað hennar var ráðin Elma Kristjánsdóttir. Þar er ekki um nýtt starf að tefla. Þá hefur og verið ráðinn bifreiðarstjóri ráðh., Alvar Óskarsson, sem jafnframt annast eftirlit með einkaafnotum af ríkisbifreiðum.

Svar við 4. lið fsp. er.:

Ríkisbókhald: Þuríður Dan Jónsdóttir, 106 341 kr. í laun. Embætti ríkisféhirðis: Guðrún Haraldsdóttir, 227 026 kr. Rn.: Ingibjörg Björnsdóttir, 114 025 kr., Alvar Óskarsson, 337 662 kr.

Í hagsýsludeild hefur ekki komið til ráðningar neins starfsfólks. Í ríkisendurskoðun hefur einn nýr starfsmaður, Stefán Svavarsson viðskiptafræðingur, verið ráðinn til endurskoðunarstarfa á þessu tímabili. Áætluð laun árið 1972 eru 449 484 kr.

Hagstofa Íslands. Þar hafa engar nefndir verið skipaðar og aðeins ráðinn einn starfsmaður í stað annars, sem hætti störfum.

Heilbr.- og trmrn.: „Með vísan til bréfs yðar frá 9. þ. m. varðandi nefndaskipanir, ráðningu nýrra starfsmanna o. fl. sendast yður eftirfarandi upplýsingar, er skipta ber á eftirfarandi hátt: 1. Nýjar nefndir. 2. Tilnefning í eldri nefndir. 3. Nýir starfsmenn í rn. og 4. Heildarlaun nýrra starfsmanna á yfirstandandi ári. Kostnaður við störf nýrra nefnda liggur ekki fyrir, þar sem þóknun til nm. hefur ekki enn verið ákveðin.“

Og þá eru það nýjar nefndir:

„9. ágúst 1971. Nefnd til þess að endurskoða allt tryggingakerfið. Geir Gunnarsson alþm. formaður, Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur, Tómas Karlsson ritstjóri, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri.

17. ágúst 1971. Nefnd til þess að semja drög að reglugerð, sbr. 13. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 851 1968. Benedikt Sigurjónsson hrl. formaður, Alfreð Gíslason læknir, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur.

18. ágúst 1971. Nefnd til að gera tillögur og annast undirbúning að byggingu lokaðs hælis fyrir drykkjusjúklinga. Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur formaður, Sveinn Ragnarsson félagsmálastjóri, Þórður Möller yfirlæknir.

28. okt. 1971. Nefnd til að framkvæma endurskoðun á gildandi reglum um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík. Sigurður Sigurðsson landlæknir formaður, Ívar Daníelsson lyfsali, Ólafur Jónsson læknir, Rósa Tómasdóttir lyfjafræðingur.

12. nóv. 1971. Nefnd til undirbúnings byggingar geðdeildar við Landspítalann. Tómas Helgason prófessor formaður, Ásgeir Bjarnason forstjóri, Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, Guðrún Guðnadóttir forstöðukona.

20. jan. 1972. Nefnd til að semja löggjöf fyrir tryggingadóm. Auður Þorbergsdóttir lögfræðingur formaður, Snorri Hallgrímsson prófessor, Erlendur Lárusson tryggingafræðingur.

1. febr. 1972. Stjórn Þroskaþjálfaskóla Íslands: Sigríður Ingimarsdóttir formaður, Ingibjörg Haraldsdóttir þroskaþjálfanemi, Katrín Guðmundsdóttir þroskaþjálfi og Sigurjón Björnsson sálfræðingur.

3. febr. 1972. Nefnd til að endurskipuleggja lyfjaverzlunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn. Almar Grímsson formaður, Árni Einarsson framkvæmdastjóri Reykjalundi, Einar Benediktsson lyfjafræðingur, Kjartan Jóhannsson verkfræðingur, Steingrímur Kristjánsson lyfsali.“

Síðan er svo yfirlit yfir eldri nefndir, sem endurskipað hefur verið í. Um það er ekki spurt, og ég sé ekki ástæðu til þess að lesa það. En nýir starfsmenn hafa verið ráðnir sem hér segir:

21. sept. 1971. Frú Adda Bára Sigfúsdóttir skipaður aðstoðarmaður heilbrmrh. 1. des. 1971. Almar Grímsson lyfjafræðingur skipaður deildarstjóri í heilbr.- og trmrn. Laun þessara tveggja starfsmanna eru talin 1 094 448 kr.

Þá er það iðnrn. Svar þess er svo hljóðandi:

„Rn. hefur borizt bréf forsrn. dags. 9. þ. m. ásamt tilmælum um svör varðandi fsp. til forsrh. frá Gylfa Þ. Gíslasyni á þskj. 313 um nefndaskipanir, ráðningu nýrra starfsmanna o. fl., síðan ríkisstj. tók til starfa. Á þeim tíma hafa á vegum iðnrn. verið skipaðar 10 nefndir til úrlausnar einstakra verkefna, sbr. hjálagt yfirlit. Fimm nefndir, er áður höfðu verið skipaðar af rn., hafa verið lagðar niður. Tveir nýir starfsmenn hafa verið lausráðnir til iðnrn. á umræddum tíma, sbr. hjálagt yfirlit.

Yfirlit yfir nefndirnar og þá, sem í þeim eru:

1. Með bréfi rn. dags. 30. ágúst 1971 skipaði rn. nefnd til þess að fjalla um vandamál niðursuðuiðnaðarins með hliðsjón af málefnasamningi ríkisstj. Nefndina skipuðu: Ragnar Arnalds lögfræðingur, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Hannibalsson. Nefndin lauk störfum um síðustu áramót. Kostnaður við störf nefndarinnar var 373 533 kr. samtals.

2. Með bréfi rn. dags. 30. ágúst 1971 skipaði rn. í samvinnu við sjútvrn. nefnd til þess að kanna þörfina á endurnýjun íslenzka fiskiskipaflotans og afkastagetu hérlendra skipasmíðastöðva og til þess að gera tillögur um ráðstafanir, sem tryggi skipasmíðastöðvunum verkefni a. m. k. þrjú ár fram í tímann. Nefndina skipuðu: Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri, Guðjón Jónsson formaður Félags járniðnaðarmanna, Jón Arnalds ráðuneytisstjóri, Jón Sveinsson forstjóri og Ottó Schopka framkvæmdastjóri. Nefndin lauk störfum í des. 1971. Kostnaður við störf nefndarinnar var 66 þús. kr., sem eru þóknanir.

3. Með bréfi rn. dags. 31. ágúst 1971 skipaði rn. nefnd til þess að taka til athugunar skýrslu H.K. Hygen & Co A/S frá 25. maí 1971 um íslenzkan vefjar- og fataiðnað og vinna að framgangi þeirra tillagna, sem þar eru gerðar og nefndin mælir með að fram nái að ganga. Nefndina skipuðu: Gunnar Guttormsson hagræðingarráðunautur, Þorvarður Alfonsson, Haukur Björnsson, Jón Ingimarsson. Nefndin skilaði grg. til rn. fyrir áramót 1971—1972. Kostnaður við störf nefndarinnar hefur eigi verið greiddur.

4. Með bréfi rn. dags. 1. sept. 1971 og samkv. 2. gr. laga nr. 21 frá 5. apríl um olíuhreinsunarstöð á Íslandi skipaði rn. nefnd til þess að afla upplýsinga um meng-

unarhættu, sem stafa kann af olíuhreinsunarstöð. Nefndina skipa: Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri, dr. Agnar Ingólfsson dýrafræðingur og Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur. Nefndin hefur eigi lokið störfum og kostnaður eigi verið greiddur vegna hennar.

5. Með bréfi rn. dags. 28. sept. 1971 skipaði rn. nefnd til ráðuneytis um viðræður við erlenda aðila, sem áhuga hafa á þátttöku í orkufrekum iðnaði ásamt Íslendingum. Nefndin annist viðræður við slíka aðila í samráði við iðnrn. Nefndina skipa: dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Ingi R. Helgason lögfræðingur, Ragnar Ólafsson hrl. og Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar hefur numið til þessa 300 þús. kr.

6. Með bréfi rn. dags. 18. nóv. 1971 skipaði rn. nefnd til þess að fjalla um skipulag orkuöflunar og orkudreifingar hérlendis og semja frv. til l. um þessi efni. Nefndina skipa: Jakob Gíslason orkumálastjóri, Árni Snævarr ráðuneytisstjóri, Sigurður Thoroddsen verkfræðingur, Jakob Björnsson deildarverkfræðingur, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og Guðjón Guðmundsson skrifstofustjóri. Kostnaður hefur enginn verið greiddur.

7. Með bréfi rn. dags. 17. des. 1971 skipaði rn. nefnd til þess að taka til athugunar skýrslu dags. í sept. 1971, sem gerð var af Oy MEC-RASTOR AB um íslenzka sælgætisiðnaðinn, og vinna að framgangi þeirra tillagna, sem þar eru gerðar og nefndin mælir með að nái fram að ganga. Nefndina skipa: Þröstur Ólafsson hagfræðingur, Snorri Pétursson samkv. tilnefningu Iðnlánasjóðs, Guðmundur Þ. Jónsson tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og Haukur Björnsson samkv. tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda. Kostnaður hefur enginn verið greiddur.

8. Með bréfi rn. dags. 17. des. 1971 skipaði rn. nefnd til þess að taka til athugunar skýrslu, dags. í sept. 1971, sem gerð var af civilekonom Sten Hemmingson og Jarl F: son Holmgren um íslenzka málmiðnaðinn, og vinna að framgangi þeirra tillagna, sem þar eru gerðar og nefndin mælir með að nái fram að ganga. Nefndina skipa: Þröstur Ólafsson hagfræðingur formaður, Guðjón Jónsson formaður Félags járniðnaðarmanna, Gísli Benediktsson samkv. tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, Þorvarður Alfonsson samkv. tilnefningu Iðnþróunarsjóðs og Guðjón Tómasson hagræðingarráðunautur samkv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna. Kostnaður vegna nefndarinnar hefur enginn verið greiddur.

9. Með bréfi rn. dags. 17. des. 1971 skipaði rn. nefnd til þess að taka til athugunar skýrslu, dags. í ágúst 1971, sem gerð var af civiling. Per Selrod um íslenzka húsgagna- og innréttingaiðnaðinn, og vinna að framgangi þeirra tillagna, sem þar eru gerðar og nefndin mælir með að nái fram að ganga. Nefndina skipa: Þröstur Ólafsson hagfræðingur formaður, Haukur Björnsson framkvæmdastjóri samkv. tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, Snorri Pétursson samkv. tilnefningu Iðnþróunarsjóðs, Ásgeir J. Guðmundsson samkv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna og Kristbjörn Árnason samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Kostnaður vegna nefndarinnar hefur enginn verið greiddur.

10. Með bréfi rn. dags. 27. des. 1971 skipaði rn. nefnd til þess að endurskoða rekstur ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg. Skulu störf nefndarinnar við það miðuð að tryggja ríkisprentsmiðjunni húsakost, vélabúnað og aðra aðstöðu til þess að gegna sem bezt verkefnum sínum, m. a. í þágu Alþingis, stjórnarráðsins og Háskóla Íslands. Jafnframt er nefndinni falið að semja ný lög um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og rekstrarfyrirkomulag hennar. Nefndina skipa: Guðlaugur Þorvaldsson prófessor formaður, Árni Þ. Árnason skrifstofustjóri iðnrn., Eysteinn Jónsson forseti Sþ., Kári B. Jónsson prentari og Stefán Ögmundsson prentari. Kostnaður vegna nefndarinnar hefur enginn verið greiddur.

Svo er það viðvíkjandi starfsmönnunum. Frá og með 1. jan. 1972 voru lausráðnir til 12 mánaða tveir sérfræðilegir aðstoðarmenn við iðnrn., dr. Örn Erlendsson hagfræðingur og Þröstur Ólafsson hagfræðingur. Taka þeir laun samkv. 26. launaflokki opinberra starfsmanna, og mundu laun þeirra því verða 525 þús. til hvors eða 1 millj. 50 þús. kr."

Þá er hér frá landbrn. Þess svar er svo hljóðandi:

„Í tilefni af fsp. hr. alþm. Gylfa Þ. Gíslasonar um nefndaskipanir og kostnað við þær og um skipanir starfsmanna eftir 14. júlí 1971 skal eftirfarandi upplýst:

14. sept. 1971 var skipuð nefnd til að endurskoða lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum. Nefndina skipa: Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri formaður, Ólafur Björnsson prófessor, Guðmundur Þorsteinsson bóndi Skálpastöðum, Þorvaldur G. Jónsson fóðureftirlitsmaður, Gunnar Guðbjartsson bóndi Hjarðarfelli, Hjalti Gestsson ráðunautur Selfossi, Jónas Jónsson deildarstjóri Reykjavík, Ingi Tryggvason bóndi Kárhóli og Ólafur Andrésson bóndi Sogni. Sama dag og nefndin var skipuð var leyst frá störfum nefnd, sem skipuð var 6. des. 1968 til þess að athuga ýmsa þætti landbúnaðarmála, en þá nefnd skipuðu Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur formaður, Gunnar Guðbjartsson bóndi, Einar Ólafsson bóndi, Vilhjálmur Hjálmarsson alþm., Ólafur Björnsson alþm., Jón Þorsteinsson alþm. og Björn Jónsson alþm.

Hinn 8. okt. 1971 var skipuð nefnd til þess að vinna að aðstoð við bændur, sem verst eru settir fjárhagslega. Nefndina skipuðu: Árni Jónasson formaður, Sveinbjörn Dagfinnsson skrifstofustjóri og Sigurður J. Líndal bóndi Lækjamóti. Nefnd þessi var skipuð í framhaldi af störfum nefndar, sem skipuð var 19. marz 1971 til að vinna að athugun á hag og afkomu þeirra bænda, sem eiga við erfiðasta fjárhagsafkomu að búa. Nefndina skipuðu: Jón Þorsteinsson alþm., Þórhallur Tryggvason bankastjóri, Sigurður J. Líndal bóndi Lækjamóti, Lárus Ágúst Gíslason hreppstjóri Miðhúsum og Árni Jónasson, sem var formaður nefndarinnar.

Hinn 18. okt. 1971 var skipuð nefnd til að endurskoða lög um kauprétt á jörðum, ábúðarlög, ættaróðul o. fl. Nefndina skipa: Ásgeir Bjarnason alþm. formaður, Sveinbjörn Dagfinnsson skrifstofustjóri og Árni Jónasson erindreki Stéttarsambands bænda.

30. nóv. 1971 skipaði ráðh. nefnd til að gera heildaráætlun um allsherjarlandgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða. Nefndina skipa: Eysteinn Jónsson alþm. formaður, Ingvi Þorsteinsson sérfræðingur, Jónas

Jónsson ráðunautur, Haukur Ragnarsson tilraunastjóri, Pálmi Jónsson alþm., Sigurður Blöndal skógarvörður og Þorvaldur G. Jónsson fóðureftirlitsmaður.

Hinn 6. jan. 1972 var svo skipuð nefnd til þess að rannsaka, hvort möguleikar séu á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa, sbr. þál. um það efni frá 5. apríl 1971. Nefndina skipa: Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna formaður, Óli Valur Hansson garðyrkjuráðunautur Búnaðarfélags Íslands og Sveinn Indriðason stórkaupmaður Reykjavík.

Eins og menn sjá, hafa þarna verið skipaðar fimm nefndir en tvær verið lagðar niður, þannig að segja má, að það sé um þrjár nefndir þarna að ræða. Engar greiðslur hafa átt sér stað til þeirra nefnda, sem skipaðar hafa verið eftir 14. júlí s. l.

Hinn 29. sept. s. l. var Jónas Jónsson ráðinn landbrh. til aðstoðar, og starfar hann undir rn. sem deildarstjóri. Í sept. lét ritari í rn. af störfum, og um s. l. áramót hætti Torfi Þórðarson fulltrúi fyrir aldurs sakir. Ekki hefur verið ráðið neitt nýtt fólk í stað þess, sem látið hefur af störfum."

Þá er það menntmrn., mjög langt svar:

„Sem svar við bréfi forsrn. dags. 9. þ. m., þar sem leitað er upplýsinga um nefndaskipan og ráðningu nýrra starfsmanna o. fl. vegna fsp. til forsrh. frá dr. Gylfa Þ. Gíslasyni, tekur rn. fram eftirfarandi:

Á tímabilinu 14. júlí 1971 til þessa dags hefur menntmrn. skipað 11 nefndir, og fylgir bréfi þessu sérstakt yfirlit um hverja nefnd. Einungis ein þeirra hefur fengið greiðslu, námsskrárnefnd í tónmennt, en ekki verið tekin ákvörðun um, hvort hinar nefndirnar verða launaðar eða ekki, og ekki vitað, hvort eða hvaða kostnaður verður við störf þeirra. Af umræddum 11 nefndum eru sjö skipaðar samkv. ákvörðunum, sem fyrrv. menntmrh., dr. Gylfi Þ. Gíslason, hafði tekið. Hér er ekki talin með skipun íþróttanefndar ríkisins, sem starfar samkv. íþróttalögum, en ef forsrh. telur, að hana skuli telja með, þá fylgir einnig yfirlit um, hverjir eiga sæti í henni, en hún var síðast skipuð 23. des. 1971.

Að því er varðar 3. og 4. lið fsp., hvaða nýja starfsmenn ríkisstj. hafi ráðið í stjórnarráðið síðan hún tók til starfa og hver verði heildarlaun þeirra á yfirstandandi ári, þá er því til að svara að því er menntmrn. varðar, að enginn nýr starfsmaður hefur verið ráðinn í rn. á þessu tímabili."

Ég held, að það lengi tímann óþarflega að lesa upp, hverjir eru í þessum 11 nefndum, en auðvitað geta menn fengið það samt, ef þeir hafa áhuga á því. Ég ætla þá að sleppa því að sinni.

Samgrn. þar eru svörin þessi:

„Rn. skipaði með bréfi dags. 2. þ. m. þriggja manna nefnd til að endurskoða lög um ferðamál nr. 4 frá 1969. Í nefndinni eiga sæti: Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri formaður, Heimir Hannesson hdl. og Lúðvík Hjálmtýsson framkvæmdastjóri.

Með bréfi rn. dags. 22. nóv. fyrra árs var fjölgað um tvo fulltrúa í nefnd til að endurskoða hafnalög nr. 48 1967. Þessir fulltrúar eru Ragnar Sigurðsson hafnarstjóri og Tryggvi Helgason sjómaður. Enginn kostnaður hefur enn orðið af starfsemi ofangreindra nefnda. Laun aðstoðarmanns ráðh., frú Steinunnar Finnbogadóttur, eru greidd að hálfu af rn."

Þá er það sjútvrn. Svar þess er svo hljóðandi:

„Rn. hefur skipað þrjár nefndir síðan núv. ríkisstj. tók til starfa.

a. Nefnd til að endurskoða gildandi reglur um vátryggingu fiskiskipa og rekstur Tryggingasjóðs fiskiskipa. Nefndina skipa: Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur formaður, Matthías Bjarnason alþm., Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, Jón Sigurðsson skrifstofustjóri, Kristján Ragnarsson framkvæmdastjóri, Sigurður H. Egilsson framkvæmdastjóri, K. Guðmundur Guðmundsson forstjóri.

b. Nefnd til að endurskoða ýmis gildandi ákvæði um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi. Nefndina skipa: Þórður Ásgeirsson skrifstofustjóri formaður, Bergsteinn Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóri, Gunnar Hafsteinsson hdl., Ingvar Hallgrímsson forstjóri, Páll Guðmundsson skipstjóri, Þorsteinn Gíslason skipstjóri.

c. Nefnd til að endurskoða gildandi lög um botnvörpuveiðar í landhelgi. Nefndina skipa: Gils Guðmundsson alþm. formaður, Karvel Pálmason alþm., Jón Árm. Héðinsson alþm., Guðlaugur Gíslason alþm. og Ingvar Gíslason alþm.

Enginn kostnaður hefur verið greiddur enn þá vegna þessara nefnda.

Þórður Eyþórsson fulltrúi hefur verið ráðinn í ⅔ hluta ársstarfs. Heimild til þessarar ráðningar hefur verið fyrir hendi síðan 1970. Arnmundur S. Backman hefur verið ráðinn fulltrúi ráðherra samkv. heimild í lögum um stjórnarráð. Laun þessara tveggja manna eru áætluð um 700 þús. kr. á ári."

Utanrrn. Svar þess er á þessa lund:

„Fjölgað var um tvo menn í varnarmálanefnd frá 1. okt. 1971. Hvor framangreindra manna hefur 5 200 kr. á mánuði í þóknun fyrir störf sín. Greiðslur til þeirra nema því samtals 52 þús. miðað við febrúarlok.

Í utanrrn. hefur ekki verið um neina nýja starfsmenn að ræða, en blaðafulltrúi hins vegar færður úr utanrrn. í forsrn. samkv. reglugerð þar um."

Þá er það viðskrn.:

„Sem svar við bréfi forsrn. dags. 9. þ. m. vegna fsp. frá Gylfa Þ. Gíslasyni vill rn. láta í té eftirfarandi upplýsingar:

Viðskrh. skipaði hinn 26. nóv. 1971 nefnd með einum fulltrúa frá hverjum þingflokki til að vera ríkisstj. til ráðuneytis við athugun á málum, sem varða samningsgerð Íslands við Efnahagsbandalagið. Í nefndinni eiga sæti eftirfarandi fulltrúar þingflokkanna: Gylfi Þ. Gíslason Alþfl., Halldór S. Magnússon SF, Helgi Bergs Framsfl., Jóhann Hafstein Sjálfstfl. og Lúðvík Jósepsson Alþb. Enginn kostnaður hefur orðið við störf þessarar nefndar.

Viðskrn. hefur ekki ráðið neinn nýjan starfsmann eftir að núv. ríkisstj. kom til valda."

Ég hef hér lesið þessa lista yfir nefndaskipanir og starfsmannaráðningar. Eins og ég tók fram, eru þau svör gefin af ráðuneytisstjórunum, og ég hygg að þeim upplýsingum, sem þar eru settar fram, megi treysta. Eins og menn hafa tekið eftir, þá er það í flestum tilfellunum, að um nefndir er að ræða, sem eiga að vinna tiltekin störf, t. d. samningu frv., og í mjög mörgum tilfellum hefur ekki verið um að ræða, a. m. k. ekki enn þá, neinar greiðslur til þeirra.

Viðvíkjandi nýjum starfsmönnum hef ég hér dregið

saman yfirlit yfir það, hverjir nýir starfsmenn hafa verið ráðnir, og ég skal fara með það í stuttu máli.

Við forsrn. hefur verið ráðinn ritari blaðafulltrúa ríkisstj., laun eru 322 830 kr. Í félmrn. og samgrn. hefur verið ráðinn aðstoðarmaður ráðh. með 552 240 kr. árslaunum. Við fjmrn. hafa verið ráðnar þrjár aðstoðarstúlkur, sem ég las nú upp áðan, og Alvar Óskarsson bifreiðarstjóri og eftirlitsmaður. Laun þessa fólks í fjmrn. eru samtals 785 þús. 054 kr. Í ríkisendurskoðun hefur verið ráðinn einn nýr maður, Stefán Svavarsson, 449 þús. 484 kr., og í heilbr.- og trmrn. hefur verið ráðinn aðstoðarmaður og deildarstjóri, og eru laun þeirra 1 millj. 94 þús. 448 kr. Í iðnrn. hafa verið ráðnir tveir sérfræðilegir aðstoðarmenn. Laun þeirra eru 1 millj. 50 þús. kr. Við landbrn. hefur verið ráðinn aðstoðarmaður ráðh. sem deildarstjóri, en ritari og fulltrúi hafa þar látið af störfum. Útkoman verður því sú, að launagreiðslur aukast þar ekki. Við sjútvrn. hefur verið ráðinn fulltrúi að ⅗ og svo aðstoðarmaður ráðh., sem ég nefndi áðan, og laun þarna eru 700 þús. Þá eru launagreiðslur þessar vegna nýrra starfsmanna taldar vera á ársgrundvelli 4 millj. 954 þús. 56 kr.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að minnast á þau orð, sem hv. fyrirspyrjandi lét falla hér og áttu að vera gagnrýni á ríkisstj. Það má láta það bíða.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir mjög ítarleg og greinargóð svör við fsp. minni og tel henni vera svarað á algerlega fullnægjandi hátt. Efni málsins ræði ég að sjálfsögðu ekki á þessum vettvangi.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mig langar aðeins til að gera fsp. um svokallaða bremsunefnd. Ég held, að um hana séu lög nr. 48 frá 1958. Þessi nefnd á að hafa eftirlit með nýjum mannaráðningum. Hversu oft hefur verið leitað til þessarar nefndar um viðbótarfólk hjá núv. hæstv. ríkisstj., og er í bígerð einhver endurskoðun á þessu ráðningarkerfi starfsmanna ríkisins? Þegar ég var að vinna í fjvn. í haust, kom í ljós, að fjöldi manna er lausráðinn víða úti um allt land hjá ýmsum ríkisstofnunum. Þetta ástand er ófremdarástand, og þetta fólk hefur engin sérstök réttindi, það greiðir ekki í lífeyrissjóði, og starfssvið þess er óvisst og er háð ákvörðun viðkomandi forstjóra eða ábyrgðarmanns viðkomandi stofnunar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hér hefur verið á dagskrá athyglisverð fsp. og áhugaverðar upplýsingar gefnar um nefndaskipanir og starfsmannaráðningar. Eins og sjá má af þeim tíma, sem fór í það af hálfu hæstv. forsrh. að svara fsp., sem ég hygg hafa verið nálægt þrem stundarfjórðungum, má segja, að hæstv. núv. ríkisstj. hafi verið allathafnasöm á þessu sviði á rúmlega sjö mánaða valdaferli sínum. Ég skal þó ekki út af fyrir sig gagnrýna það á þessu stigi málsins. Það getur verið eðlilegt, að ný ríkisstj. þurfi fremur en þær, sem eldri eru í hettunni, að skipa nýjar nefndir til þess að skoða mál að nýju. En ég tel þó æskilegt, af því að hér var um mjög langan lestur að ræða og þar að auki heyrðist ekki vel til hæstv. ráðh., að hæstv. ráðh. léti þm. þetta svar í té skriflega, og ég beini því til hæstv. forsrh. enn fremur, að hann stuðli að því af hálfu ríkisstj., að slík skýrsla sé gefin misserislega hér í þinginu eða alla vega árlega.

Ég minnist þess, að ekki fyrir alllöngu síðan, á tímabili fyrrv. ríkisstj., þá gerði stjórnarandstaðan nokkra hríð að henni fyrir nefndaskipanir og nefndafjölda. Með þessu áframhaldi hygg ég, að fyrrv. ríkisstj. komist ekki í hálfkvisti við þá núverandi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Viðvíkjandi þeirri fsp., sem hér var borin fram varðandi störf bremsunefndar, þá er það svo, að lögum samkv. á hún að samþykkja nýjar starfsmannaráðningar. Ég hygg og ég vona, að það hafi ekki verið farið fram hjá henni í þessum efnum.

Um hitt atriðið, sem hann minntist á, um lausráðningar á starfsmönnum, þá er það sjálfsagt rétt, að það á sér stað einhver misnotkun, verð ég að segja, í því sambandi, og kannske hefur það verið stundum af því, að það hefur ekki gengið eins greiðlega í gegnum bremsunefnd og sumir vildu vera láta, að gripið hefur verið til þess. Það er að mínu viti óvenja, sem þarf að hverfa frá og breyta og taka upp bætt vinnubrögð að því leyti til. Þessi bremsunefnd mun áfram starfa.

Viðvíkjandi annarri fsp., sem kom hér fram, eða ábendingu um það, að rétt væri að gefa þm. kost á að fá þessa skýrslu skriflega, þá er sjálfsagt að taka það til athugunar.

Hvort sem ég var nú lengur eða skemur að lesa þetta svar, þá liggur nú staðreyndin fyrir um það í þessum plöggum, hversu margir hafi verið skipaðir í nefndir í tíð núverandi ríkisstj., og það hygg ég að megi þó segja þessari ríkisstj. til lofs, að hún hefur alveg reiður á þessu, hverjar nefndir hún hefur skipað. En það gekk stundum treglega að fá hjá fyrrv. ríkisstj. upplýsingar um það, hverjar nefndir væru starfandi á hennar snærum.

Eins og þarna kom fram, hafa ýmsar nefndir verið lagðar niður og auk þess, eins og líka kom fram, þá eru margar af þessum nefndum, sem þarna voru taldar upp og skipaðar hafa verið í tíð stjórnarinnar, þegar hættar störfum af þeirri einföldu ástæðu, að þær eru búnar að skila verkefni sínu af sér. (Gripið fram í.) Fer nú samkv. ákvörðun Alþ. náttúrlega. Þetta vildi ég nú aðeins taka fram. En það má vel vera, að það sé til athugunar að gefa ársfjórðungslega skýrslu um þetta. Ég hygg, að skýrsla hafi verið gefin út á s. l. ári um það, hverjar nefndir væru til, og ég vænti þess a. m. k., að þessu verði haldið áfram, það verði gefnar út árlega slíkar skýrslur, hvort sem ástæða þykir til að gefa þær ársfjórðungslega eða ekki.

32. Virkjun Jökulsár á Fjöllum.

Á 36. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss [173. mál, 1] (A. 333).

Á 37. fundi í Sþ., 15. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 57 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti.

„Hve mætti bæta lands og lýðs vors kjör,
að leggja á bogastreng þinn kraftsins ör."

Þannig kvað Einar Benediktsson við Dettifoss á fyrsta tug þessarar aldar. Þá og lengi síðan álitu glöggir menn án rannsóknar, að Jökulsá á Fjöllum væri líklegust til stórvirkjunar af öllum fallvötnum hér á landi, þegar þar að kæmi. Vatnasvæði þessarar jökulelfu er stærra en nokkurrar annarrar hér á landi og vatnsmagnið mikið. Norðan í hálendisbrúninni eru fimm fossar og fallhæðin samtals um 300 metrar.

Vatnsmælingar í Jökulsá hófust þegar á öðrum tug aldarinnar eða fyrr. En á áratugnum 1950—1960 var fyrir atbeina þáv. raforkumálaráðh. framkvæmd byrjunarrannsókn á virkjunarskilyrðum við Jökulsá, einkum jarðfræðileg rannsókn. Árið 1961 var að frumkvæði þm. úr Norðurl. e. samþykkt á Alþ. þáltill. þess efnis, að gera skyldi fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum með það fyrir augum m. a., að framleidd yrði orka til iðnaðar. Eftir það var rannsókn haldið áfram á virkjunarsvæðinu og verkfræðifirmanu Harza Company International í New York síðan falið að gera áætlun um virkjunarframkvæmdir. Skýrsla Harza um virkjunarframkvæmdir lá fyrir í ársbyrjun 1963, ef ég man rétt, svo og útdráttur úr áætluninni. Gert var ráð fyrir tveimur virkjunum í Jökulsá við efri fossana og við neðri fossana, og ræði ég hér aðeins þá, sem kennd er við Dettifoss. Um hana sagði Harza í skýrslu sinni, að hún væri hagkvæmust virkjun á Norðurlandi og virkjunarskilyrði álitleg, m. a. í sambandi við orkufrekan iðnað. Talið var hagkvæmt að virkja saman þrjá hæstu fossana, þ. á m. Dettifoss, 100 þús. kw. með þrem vatnsvélum eða 130 þús. kw. með fjórum vatnsvélum. Reiknað var út orkuverð pr. orkueiningu við stöðvarvegg og vestur í Eyjafjörð og þeir útreikningar notaðir til samanburðar við Búrfellsvirkjun í Þjórsá og orkuflutning þaðan til Reykjavíkur. Kom þá eins og kunnugt er til greina að framkvæma Dettifossvirkjun og reisa álverksmiðju á Norðurlandi. Sumarið 1962 boðuðu 20 alþm. af Norður- og Austurlandi til fundar á Akureyri um Dettifossvirkjun, þar sem mikill áhugi fyrir málinu var þá kominn fram norðanlands og austan.

Í seinni tíð hefur það komið fram hjá hlutaðeigandi yfirvöldum raforkumála, að áætlun sú, sem gerð var um Dettifossvirkjun fyrir 9—10 árum, hafi ekki verið fullnaðaráætlun. Hins vegar hefur það komið fram opinberlega hjá fróðum mönnum á þessu ári, sem ekki kemur á óvart, að virkjunarskilyrði við Dettifoss séu mjög hagkvæm. Ég hef m. a. heyrt, að þau séu talin hagkvæmari en við Sigöldu. Ég þykist verða þess greinilega var, að Dettifossvirkjun sé nú aftur komin á dagskrá, og mér sýnist hún líkleg frambúðarlausn vandamála, sem að öðrum kosti verða torleyst. Því hef ég leyft mér að spyrja:

Hefur ríkisstj. ákveðið að láta gera fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss, og sé svo, hvenær er þá líklegt, að þeirri fullnaðaráætlun verði lokið?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. spyr, hvort ríkisstj. hafi ákveðið að láta gera fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss og hvenær líklegt sé, að þeirri fullnaðaráætlun verði lokið.

Ríkisstj. tók um það ákvörðun í haust, að gerð skyldi fullnaðaráætlun um virkjun við Dettifoss, og var raunar greint frá því opinberlega þá þegar. Sérfræðingar álíta, að þessu verki muni verða lokið eftir svo sem tvö ár. En mér þykir rétt í tilefni þessarar fsp. að gera nánari grein fyrir því, hvar þetta mál er á vegi statt samkv. vitneskju, sem rafveitudeild Orkustofnunar hefur látið mér í té.

Fyrir um það bil tíu árum hófust nokkuð umfangsmiklar virkjunarrannsóknir við Dettifoss, m. a. með jarðborunum, kortlagningu virkjunarsvæðis, gerð frumáætlana um virkjanir, jarðfræðikönnun í Jökulsárgljúfrum og annars staðar á yfirborði og fleiri atriðum. Þessar rannsóknir stóðu í sambandi við samanburðaráætlanir, sem gerðar voru um virkjun á Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss, er vera skyldu til samanburðar við sams konar áætlanir um virkjun á Þjórsá hjá Búrfelli. Rannsóknum þessum við Jökulsá var haldið áfram, unz sýnt þótti, að ódýrari orka væri fáanleg með virkjun Þjórsár hjá Búrfelli.

Fyrir nokkrum árum voru þessar rannsóknir hins vegar teknar upp að nýju, og hefur þeim verið haldið áfram að meira eða minna leyti síðan. Fyrri rannsóknir við Dettifoss voru við það miðaðar, að virkjunin yrði neðanjarðar og vatn leitt frá henni út í Jökulsárgljúfur eftir frárennslisjarðgöngum. Eftir því sem rannsóknum hefur miðað áfram, hefur jarðfræðingum litizt æ verr á þá virkjunarhugmynd vegna ýmiss konar jarðfræðilegra aðstæðna, sem ekki er rúm til að rekja hér í smáatriðum. Því var það, þegar rannsóknir voru teknar upp aftur við Jökulsá fyrir nokkrum árum, að megináherzlan var lögð á að kanna möguleikana á virkjunartilhögun, þar sem yrði komizt hjá þeim helztu örðugleikum, sem samfara voru neðanjarðarvirkjun. Eru þær rannsóknir, sem síðan hafa verið framkvæmdar, miðaðar við slíka tilhögun.

Það er skemmst frá að segja, að því betur sem virkjunarstaðurinn við Dettifoss hefur verið rannsakaður, því fleiri jarðfræðilegir annmarkar hafa komið í ljós. Má þar til nefna, að jarðfræðingar telja sig hafa rökstuddan grun um, að jarðlög kunni að vera á smágerðum hreyfingum við Dettifoss, og mun það vera nær einsdæmi um virkjunarstað hérlendis. Ef um slíkar hreyfingar á jarðlögum er að ræða, hljóta þær að hafa margháttuð áhrif á tilhögun og gerð mannvirkja, og verður að taka fullt tillit til þeirra, þegar virkjunartilhögun er ráðin. Í því skyni að kanna, hvort um slíkar hreyfingar á jarðlögum við Dettifoss er að ræða eða ekki, voru á s. l. sumri gerðar nákvæmar hallamælingar við Dettifoss og Hafragilsfoss og annars staðar á virkjunarsvæðinu. Þessar mælingar eru áþekkar þeim, sem sums staðar annars staðar hafa verið gerðar hér á landi í

vísindalegum tilgangi einvörðungu til þess að finna hræringar jarðskorpunnar. Áformað er að endurtaka þessar mælingar á næsta sumri, 1972, og þá fyrst fæst hugsanlega vitneskja um, hvort þarna er um hræringar að ræða eða ekki. Þó er rétt að taka fram, að neikvæð niðurstaða næsta sumar sannar út af fyrir sig ekki, að engar hræringar séu fyrir hendi. Þær gætu komið fram síðar, en þó má ætla, að mikilvægar vísbendingar fáist þegar á næsta sumri.

Gerð hefur verið frumáætlun um virkjun við Dettifoss, bæði með neðanjarðartilhögun og eins með virkjun ofanjarðar. Þessi síðarnefnda frumáætlun um ofanjarðarvirkjun bendir eindregið til þess, að þarna sé um hagkvæma virkjun að ræða, svo framarlega sem ekki komi í ljós nein þau atriði við frekari rannsóknir, sem raska þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar við áætlanagerðina. Það er t. d. augljóst, að ef í ljós kemur við rannsókn, að jarðlög á virkjunarsvæðinu eru á hreyfingu, er viðbúið, að það kunni að hafa veruleg áhrif á niðurstöðurnar. Þess vegna verður að taka niðurstöður frumáætlana, sem út af fyrir sig eru mjög jákvæðar til þessa, með talsvert mikilli varúð enn sem komið er.

Á vegum Orkustofnunar er nú unnið að gerð fullnaðaráætlunar um virkjun við Dettifoss. Vegna þess hve jarðfræðilegar aðstæður á virkjunarsvæðinu eru flóknar, er viðbúið að gera þurfi ítarlegar rannsóknir á svæðinu, áður en viðunandi fullnaðaráætlun getur orðið tilbúin. Fyrsta skrefið í þeim rannsóknum eru þær rannsóknir, sem fyrr voru nefndar, á hugsanlegum jarðhræringum. Næsta skref í rannsóknunum yrðu jarðboranir. Það þykir nauðsynlegt að fá fyrstu niðurstöður af mælingum á hugsanlegum jarðlagahreyfingum, áður en lagt er í boranir. Að öðrum kosti er hætt við, að miklu fé kynni að verða sóað til einskis í borholur, sem mælingarnar á jarðlagahræringunum kynnu að leiða í ljós að hefðu verið óþarfar.

Áform Orkustofnunar í þessu efni er í stuttu máli á þá leið, að á sumrinu 1972 verði gerðar áðurnefndar mælingar á jarðlagahræringum. Á grundvelli þeirra verði síðan ráðgerð virkjunartilhögun endurskoðuð og á grundvelli þeirrar endurskoðunar verði rannsóknir með jarðborunum skipulagðar og þær boranir síðan væntanlega framkvæmdar á árinu 1973. En jafnframt þessu er nú sem stendur unnið að endurskoðun á frumáætlun, þar sem dregin er inn öll sú vitneskja, sem þegar er tiltæk, og er áformað að gera eins nákvæma virkjunaráætlun og tiltæk gögn frekast leyfa. Hér er um að ræða eins konar millistigsáætlun milli frumáætlunar og fullnaðaráætlunar, en slík áætlun er mikilvæg, til þess að hægt sé að skipuleggja betur þær rannsóknir, sem nauðsynlega verða að fara fram sem undanfari fullnaðaráætlunar. Reiknað er með því, að niðurstöður þessarar millistigsáætlunar liggi fyrir næsta vor eða næsta sumar.

Samhliða áðurnefndum jarðfræðirannsóknum og áætlanagerð um virkjun við Dettifoss hafa farið fram aðrar tegundir virkjunarrannsókna á svæðinu, svo sem vatnamælingar, og hafa þær staðið yfir í fjölda ára. Enn fremur hefur verið gerð könnun á því með eftirlíkingu á rafreikni, hvernig samstarfi Dettifossvirkjunar við aðrar virkjanir á Norðurlandi yrði bezt komið fyrir og hvaða orka yrði fáanleg í slíku samstarfi. Er niðurstaðan á þá lund, að frá Dettifossvirkjun væru fáanlegar um 1200 gígawattstundir á ári af raforku og hæfileg stærð virkjunarinnar væri um 160 mw. Er þá reiknað með aðeins takmarkaðri miðlun ofan við stíflu á Selfossbrún, en örðugleikum er bundið að gera á þeim stað mjög stóra miðlun sökum þess hve jarðlög öll á þessum svæðum eru sundurskorin og lek. Ef hugsað er um stærri miðlun þar, má því búast við mjög miklu vatnstapi úr lóninu um sprungur og gjár fram hjá virkjuninni.

Þá er þess enn að geta, að gerðar hafa verið áætlanir um orkuflutningslínu til þess að flytja orku Dettifossvirkjunar til Akureyrar og enn fremur um línu frá Akureyri suður yfir Sprengisand að Sigöldu, þannig að unnt væri að flytja þann hluta af orku Dettifossvirkjunar, sem ekki nýtist norðanlands, á markað sunnanlands. Þessar línuáætlanir eru um tveggja ára gamlar og þurfa því endurskoðunar við með tilliti til verðlags, og er sú endurskoðun áformuð nú á næstu mánuðum. Tekið skal fram, að hér er þó um frumáætlanir að ræða, og er mikil þörf á að kanna betur línuleiðir og annað því máli viðvíkjandi, áður en fullnaðaráætlanir eru fram lagðar. Að slíkri könnun er nú unnið, og er nýlokið við ræki lega könnun á línuleiðum milli Suðurlands og Norðurlands. Er skýrsla um þá könnun væntanleg nú eftir nokkra daga.

Í sem stytztu máli er því rannsókn á virkjunaraðstæðum við Dettifoss þannig á vegi stödd, að unnið er að fullnaðaráætlun um virkjun við Dettifoss, en sökum mjög örðugra jarðfræðilegra aðstæðna er viðbúið, að rannsóknir þær, sem eru nauðsynlegur undanfari slíkrar fullnaðaráætlunar, taki næsta sumar, 1972, og hið þar næsta, 1973, þannig að þess er vænzt, að unnt verði að ganga frá fullnaðaráætlun eftir u. þ. b. tvö ár.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Í hinum takmarkaða ræðutíma er auðvitað ekki ráðrúm til að ræða um Dettifossvirkjun almennt, en ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og þær upplýsingar, sem hann hefur veitt. Ég leyfi mér að skilja svar hans svo, að hann geri ráð fyrir, að unnið verði að undirbúningi áætlunar að Dettifossvirkjun á næsta sumri og að henni muni verða lokið eftir tvö ár, þannig að þá muni liggja fyrir fullnaðaráætlun um virkjunina, ef ekki kemur eitthvað sérstakt fyrir, sem valdi því, að erfiðara verði að gera þá áætlun en gert hafði verið ráð fyrir og erfiðara en gert var ráð fyrir fyrir 9—10 árum, þegar gerð var áætlun um þessa virkjun, því að þá voru ekki nefndar þær hindranir, sem hæstv. ráðh. gat um áðan í sambandi við jarðhreyfingar. Það hefði nú verið fróðlegt í þessu sambandi að fá upplýsingar um það, hvort ekki hafi verið rannsökuð í sambandi við aðrar virkjanir hér á landi slík fyrirbrigði sem þessi og hvort það er e. t. v. ekki svo, að rannsóknirnar við Dettifoss hafi verið látnar fram fara, vegna þess að menn hafi haft grun um slíkar jarðhræringar á öðrum stöðum.

Ég vil einnig mega skilja svar hæstv. ráðh. á þá leið, að það verði lögð sérstök áherzla á þetta verk, þ. e. að koma í framkvæmd fullnaðaráætlun um Dettifossvirkjun. Eins og hv. þm. er kunnugt, er rannsóknarmáttur ríkisins, ef svo mætti að orði komast, takmarkaður, bæði vegna þess að fjármunir eru takmarkaðir og einnig sá vinnukraftur, sem hægt er að verja til rann-

sókna. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þetta verkefni verði á næstu tveimur árum látið sitja í fyrirrúmi fyrir verkefnum, sem fremur geta beðið en þetta, og ég á þar m. a. við ýmsar rannsóknir, sem byrjað hefur verið á undanfarin sumur, eins og t. d. rannsókn á möguleikum til að veita Skaftá vestur í Þjórsá, rannsókn á möguleikum til að veita Héraðsvötnum suður í Þjórsá og Skjálfandafljóti suður í Þjórsá og Skjálfandafljóti austur í Laxá eða að veita vatni úr Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Brú austur í Fljótsdal. Allt þetta hefur verið í umr., og ég veit ekki betur en á vegum hins opinbera og fyrir almannafé hafi verið nokkuð fengizt við þessar rannsóknir. A. m. k. varð ég þess var, að sérfræðingar voru að vinna að rannsókn á möguleikum til vatnaflutninganna á Austurlandi s. l. sumar. Ég vildi mega vænta þess, að slík verkefni, sem að sjálfsögðu eru ekki mjög aðkallandi, þó að þau séu vísindalega áhugaverð, verði ekki látin sitja í fyrirrúmi fyrir aðkallandi verkefnum eins og fullnaðaráætlun um Dettifossvirkjun.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fagna því, að þetta mál hefur komið hér til umr., þótt takmarkaður tími sé til að ræða það hér. Þetta er mikið stórmál fyrir Norðlendinga og raunar fyrir þjóðina í heild. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin við þeirri fsp., sem hér hefur komið fram, og undirstrika það, að í ræðu hans kom skýrt fram, að það er í rauninni engin stefnubreyting frá hálfu núv. ríkisstj. varðandi rannsóknir á Jökulsá á Fjöllum frá því, sem var frá hálfu fyrrv. ríkisstj. Þetta kom fram í ræðu hans, því að hann gerði grein fyrir því, hvaða rannsóknir hefðu farið þarna fram. Nú á síðustu árum hafa komið fram vissir örðugleikar á þessum rannsóknum vegna jarðhræringa, sem hann gat sérstaklega um, og því hafa þessar rannsóknir kannske dregizt meira en menn hefðu viljað vona.

Ég vil til staðfestingar því, að fyrrv. ríkisstj. hafi verið alvara í þessum efnum, benda á skýrslur, sem hafa komið fram um þetta mál. Sérstaklega vil ég benda á skýrslu Orkustofnunar frá ágúst 1969 um forrannsóknir á vatnsorku Íslands, en þar er gerð áætlun um rannsóknir á Jökulsá á Fjöllum, sem átti að vera lokið 1974. Þess vegna er ekki hér um að ræða neina breytta stefnu í rannsókn á Jökulsá á Fjöllum. Það vil ég leggja mjög ríka áherzlu á. En það er annað atriði, sem hefur jafnan verið örðugt í sambandi við það að gera sér grein fyrir því, hvort hægt væri að virkja Jökulsá á Fjöllum og nýta þær góðu aðstæður, sem þar eru fyrir hendi, og það er einfaldlega orkumarkaðurinn. Hér er um að ræða virkjun, sem er stór, 160 mw., jafnvel stærri en Sigölduvirkjun. Það er yfirlýst stefna ríkisstj. að virkja næst í Sigöldu, sem þýðir það, að hún mun geta framleitt þá orku, sem við þurfum á næstu árum, ef ekki kemur til sérstakur orkufrekur stóriðnaður. Þessi virkjun, Sigölduvirkjun, mun geta framleitt þá orku, sem við Íslendingar þurfum á að halda, ja, sennilega nokkuð langt fram á næsta áratug. Og þá er spurningin: Hvernig á að koma þessu heim og saman við það, að stefnt sé að virkjun Jökulsár á Fjöllum öðruvísi en að um orkufrekan stóriðnað sé að ræða, annaðhvort á Norðurlandi eða einhvers staðar annars staðar og orkan þá flutt þangað?

Mér er engin launung á því, að ég hef litið svo á, að það væri hagkvæmast fyrir þjóðarheildina og alla aðila að stefna að því, að orkufrekur stóriðnaður risi á Norðurlandi og þá yrðu orkuveitusvæði landsins tengd saman og Dettifoss virkjaður. Ég held, að þetta væri langhagkvæmasta tilhögun fyrir alla aðila. Ég fer ekki að ræða hér um stóriðjumálin í heild. Þau eru allt of viðamikil, en ég held, að þetta sé eini raunhæfi möguleikinn á því, að Dettifoss verði virkjaður á næstunni, og því leyfi ég mér að spyrja ráðh.: Er unnið skipulega að því að koma á fót orkufrekum iðnaði á Norðurlandi? Mér er persónulega kunnugt um, að það hefur verið kannað á einu ákveðnu sviði, og það er ekki það, sem ég á við, heldur: Er skipulega unnið að því á öllum sviðum að finna einhvern iðnað, sem gæti risið á Norðurlandi og notaði verulega orku?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Um það var spurt, hvort unnið væri skipulega að því af núv. ríkisstj. að finna orkufrekan iðnað til þess að auka markað fyrir raforku frá stórvirkjunum hér á landi. Þm. benti réttilega á það, að hraðinn í virkjunum hlyti að fara eftir því, hvað markaðurinn stækkaði ört. Þessar aðstæður um orkufrekan iðnað á Íslandi hafa verið kannaðar skipulega. Eins og kom hér fram í skýrslu hæstv. forsrh. áðan, var sett sérstök nefnd í það á vegum iðnrn. að ræða við erlenda aðila, sem hefðu áhuga á þátttöku í orkufrekri stóriðju á Íslandi. Hins vegar var það afstaða ríkisstj. að tengja slíkar viðræður við erlenda aðila ekki við ákvörðun um virkjanir hér á landi, þannig að ákvörðun um virkjun við Sigöldu var tekin án nokkurs tillits til þess, hvort erlendur aðili yrði þar með sem orkuneytandi eða ekki. Ástæðan fyrir þessu var sú, að við vildum ekki, að neinn erlendur aðili kæmist í þá aðstöðu, að hann gæti talið, að það færi eftir óskum hans, hvort Íslendingar treystu sér til að ráðast í virkjun eða ekki. Og í sambandi við Sigölduvirkjun er af hálfu Landsvirkjunar gerð grein fyrir því, að það væri til innlendur markaður, sem nægði fyrir þá raforku, sem þar yrði framleidd, ef ráðizt yrði í húshitun með raforku í allstórum stíl. Hins vegar er það alveg ljóst, að það verður miklu auðveldara að framkvæma stórvirkjanir og fleiri en eina á skömmum tíma, ef það tekst að koma hér á laggirnar orkufrekum stóriðnaði. En í því sambandi vil ég taka það mjög skýrt fram, að það er afstaða mín í því máli, að Íslendingar eigi sjálfir að eiga meiri hluta í slíkum fyrirtækjum, Íslendingar eigi að eiga þau a. m. k. að 51%. Þetta er regla mjög margra þjóða og hefur verið mjög vaxandi regla á undanförnum árum. Og ég held, að þetta sé algert frumskilyrði af okkar hálfu, að við þurfum að ráða yfir þeim atvinnutækjum, sem stærst eru og öflugust í landi okkar.

Það hefur einnig komið í ljós, að það eru til margir erlendir aðilar, sem telja þessa reglu sjálfsagða og eru reiðubúnir til þess að taka þátt í samvinnu á þessum forsendum. Hins vegar eru þessar kannanir enn þá svo skammt á veg komnar, að það er ekki tímabært að gera frekari grein fyrir þeim, en það er unnið að því kappsamlega að ræða við marga erlenda aðila og gera þeim grein fyrir bæði orkuframleiðslu hér á landi og þeim forsendum, sem við hugsum okkur, að séu fyrir slíkum samningum.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Mig langar aðeins að leggja fáein orð í belg varðandi athugun á virkjun Dettifoss, sem hefur verið talsvert umrætt mál á Norðurlandi um lengri tíma, en alltaf strandað, eins og hér kom fram áðan, á því, að ekki hefur verið litið svo á m. a., að markaður væri fyrir það rafmagn, sem þar yrði að virkja, svo að virkjunin væri hagkvæm. Nú hefur komið fram, eða svo hefur það komizt inn í minn hug, að í raun og veru væri búið að ákveða virkjun á Suðurlandi, Sigölduvirkjun, án þess að fyrir lægi, að markaður væri fyrir alla þá orku, sem þar ætti að virkja, nema því aðeins að það yrði horfið í miklu ríkari mæli en verið hefur að húshitun. Nú skilst mér, að hér á Suðurlandi liggi málin yfirleitt þannig fyrir, að jarðvarmi, sem farið er að kalla nú, jarðhiti, sem áður var oftast nefndur, sé í það ríkum mæli á Suðurlandi og Suðvesturlandi, að ekki séu líkur til þess, að mikið verði horfið að því að taka rafmagn til upphitunar á því landssvæði, þar sem þó meginþungi landsbyggðarinnar er nú. En á Norðurlandi er a. m. k. einn kaupstaður, sem ekki horfir þannig fyrir, eins og sakir standa, og kannað hefur verið, að ódýr jarðvarmi liggi á lausu, Akureyri, þannig að það sé a. m. k. stærsti kaupstaðurinn, sem ætla mætti, að það lægi fyrir að taka upp rafhitun í stórum stíl eða verulegum mæli. Hefur þá hæstv. iðnrh. ekki hugleitt þann möguleika, þar sem mjög vantar nú raforku á Norðurlandi, að hverfa frá Sigölduvirkjuninni í bili, en taka Dettifossvirkjunina fyrir á undan og leysa þar með þau miklu vandamál, sem eru nú einmitt varðandi raforku þar? Það má kannske segja, að það sé orðhengilsháttur, eða ég veit ekki, hvað á að kalla það, hjá okkur Norðlendingum að vilja endilega fá virkjun þar fremur en fá það, sem hér hefur stundum verið kallað í skopi „hund að sunnan", en það er margt í kringum þetta, sem ég ætla ekki að gera hér svo mikið að umtalsefni, en það er litið svo á, að það sé ákaflega þýðingarmikið varðandi það, sem við köllum oft jafnvægi í byggð landsins, að virkjunin fari fram norðanlands, en ekki sunnan. Það valdi enn þá meiri köllun á það, að fólk flytji suður, ef þar fara flestar framkvæmdir fram, eins og t. d. virkjanirnar, og ákaflega mikið atvinnuspursmál, að virkjunin fari fram fyrir norðan fyrir það byggðarlag.

Ég kasta þessari hugmynd fram. Hún er ekki mín. Ég hef heyrt ýmsa nefna þetta, að þetta væri e. t. v. réttmæt hugmynd.

Varðandi þær rannsóknir, sem hafa farið fram við Dettifoss, þá er vafalaust ekkert nema gott um þær að segja, en þó grunar mig, að það hefðu nú kannske þurft að fara fram betri rannsóknir á jarðlögum og ýmsu í kringum Búrfellsvirkjunina, en það hefði ekki þótt ástæða eins til, af því að endilega þurfti nú að flýta því og menn höfðu ákveðið það, að þarna skyldi fara fram virkjun.

En eina virkjun langar mig enn að nefna og spyrjast fyrir um, hvort ekki sé neitt í athugun, ef ekki þykir hægt að fara í svo stórfellda virkjun sem Dettifossvirkjunin er, hvort ekkert sé í gangi að athuga minni virkjun við Skjálfandafljót. Það hefur verið bent á það af ýmsum, að leiða megi Skjálfandafljót vestur í Íshólsvatn og það væri tiltölulega hagkvæm lausn á þessum málum, þar megi virkja miklu minni virkjun en Dettifossvirkjun, sem kannske hentaði okkur á Norðurlandi betur í bili, ef ekki finnst markaður fyrir orkuna frá Dettifossvirkjun. Ég kasta því hér fram, hvort þetta sé ekki í athugun líka.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Bragi Sigurjónsson spurði að því, hvort mér hefði ekki dottið í hug að hverfa frá Sigölduvirkjun í bili, en taka Dettifossvirkjun á undan. Það hefur mér nú ekki dottið í hug einmitt af þeim ástæðum, sem ég var að ræða um áðan, að það er eftir að rannsaka virkjunaraðstæður við Dettifoss og talið er af sérfræðingum, að þær rannsóknir muni taka a. m. k. tvö ár. Það liggur í hlutarins eðli, að það er mjög tímafrekt að rannsaka fyrirbæri eins og hreyfingar á jarðskorpunni. Þar er um að ræða samanburðarmælingar á löngu tímabili, og ég hygg, að það sé alveg raunsætt að gera ekki ráð fyrir því, að þessum rannsóknum verði lokið á skemmri tíma en tveimur árum. Hins vegar verðum við að ráðast í stórvirkjun fyrr.

Ég vil minna á það, að ákvörðunin um Sigölduvirkjun var tekin í raun og veru á síðasta þingi. Þá bar hæstv. fyrrv. ríkisstj. fram frv. um heimild Alþ. til þess að ráðast í virkjanir á Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss. Og þessi heimild var samþ. einróma hér á þingi, einnig af hv. þm. Braga Sigurjónssyni. Það var enginn ágreiningur um það hér á þinginu, að það ætti að ráðast í aðra hvora þessa stórvirkjun næst. Það lá í hlutarins eðli, þegar beðið var um þessa heimild. Það vissu það allir, að þá var Alþ. raunar að ákveða, að ráðizt skyldi þarna í virkjun, og ástæðan fyrir því, að þessi röð varð fyrir valinu, var auðvitað sú, að rannsóknir voru mun lengra á veg komnar og þeim raunar að mestu lokið í Tungnaá, en ekki við Dettifoss.

Hv. þm. minntist á það, að ákveðið hefði verið að ráðast í Sigölduvirkjun án þess að hafa öruggan markað nema húshitunarmarkað. En nú er það svo, að þessi húshitunarmarkaður er ekki neitt smáræði. Samkv. niðurstöðum sérfræðinga Landsvirkjunar var reiknað með því, að húshitunarmarkaðurinn á Landsvirkjunarsvæðinu einu, eins og það er núna, gæti orðið 320 gwst. á ári í byrjun næsta áratugs, en það er um það bil þriðjungur af orkunni frá Sigölduvirkjun. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm., að þessi markaður er miklu meiri fyrir norðan, og t. d. á Akureyri eru um 60% húsa hituð upp með raforku. Og þetta er ástæðan fyrir því, að ríkisstj. telur það mjög tímabært, að ráðizt verði alveg á næstunni í samtengingu orkuveitusvæða. Þá mundi markaðurinn fyrir norðan nýtast hinni miklu virkjun við Sigöldu, og við þurfum á því að halda, þegar við ráðumst í stórvirkjun af þessu tagi, að sameina krafta okkar og raða stórframkvæmdum, og einmitt þess vegna held ég, að það sé ekki raunsætt að ímynda sér, að við getum á sama tíma bæði ráðizt í Sigölduvirkjun og einnig aðra mjög stóra virkjun á Norðurlandi. Ég held, að aðstæður séu ekki til þess. Við höfum hvorki fjármagn né getu til þess að ráðast í slíka hluti nema það verði þá mjög ör þróun að því er varðar orkufrekan iðnað. Verði hún, þá getur orðið miklu meiri hraði á þessum framkvæmdum.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Orð þau, sem ég segi hér, voru nú meira ætluð til þess að svara hæstv. iðnrh. örlítið, en hann er því miður ekki við, og mun ég

þó leyfa mér að bera fram þær aths., sem ég hafði hugsað mér.

Iðnrh. sagði, að Sigölduvirkjunin hefði verið ákveðin af síðasta Alþ. m. a. með atkv. mínu, sem nú tala. Það er alveg rétt. En á bak við þá samþykkt hjá meiri hl. Alþ. hygg ég að hafi legið hugmyndin að halda áfram þeirri iðnvæðingu, sem lá að baki og komið hefur á eftir Búrfellsvirkjuninni. Hins vegar veit ég ekki annað en það sé yfirlýst stefna hæstv. iðnrh., að slík iðnvæðing eða iðnaðaruppbygging í landinu komi ekki eins til greina og var skoðun og hugmynd fyrri ríkisstj., heldur virðist hann hugsa sér, að markaður sá eða orka sú, sem kemur til aukningar með Sigölduvirkjun, fari að svo og svo miklu leyti til húshitunar. Nú er það ekki svo, að ég sé ekki einn af þeim, sem telji það mjög æskilegt og hef áhuga á, að rafmagn sé notað í auknum mæli til húshitunar. En mér leynist þó ekki, að það er verulegur skilsmunur á því að framleiða orku, sem er fram yfir þann markað, sem er fyrir hendi, framleiða þá orku og hugsa upp á markað, sem er fyrst og fremst til aukinna þæginda, en ekki til atvinnuuppbyggingar, eins og þegar er verið að hugsa um orkufrekan iðnað. Á þessu tel ég vera töluverðan skilsmun, og því finnst mér dálítið hjárænulegt að vera að leggja í stóra virkjun sunnanlands byggjandi á húshitun kannske sem verulegum hluta markaðarins og það komi þó fram, að sá markaður sé að verulegu leyti fyrir norðan fjöll. Það var þetta, sem ég vildi koma til skila, að mér fyndist engan veginn fráleitt að hugleiða það, sem ég drap á áðan, að hverfa frá Sigölduvirkjun í bili og halla sér að Dettifossvirkjun eða einhverri virkjun í Skjálfandafljóti, sem mettaði húshitunarmarkaðinn á Norðurlandi, sem er áreiðanlega hlutfallslega verulega meiri en sunnanlands.

Ég held, að það sé rétt skilið hjá mér, að það er ekki allur munurinn á því, hvað eftir er að rannsaka undir Sigölduvirkjun og Dettifossvirkjun, ef þar væri unnið fljótt og vel að hvað Dettifoss snertir. Ég er ekki viss um, að það séu frambærileg rök, að eftir sé tveggja ára athugun á því. En í leiðinni langar mig til að koma því að, að það er ekki sérstaklega hlýlegt, sem hefur andað til okkar á Akureyri, sem höfum húshitun, frá núv. ríkisstj. Þegar söluskattur var lækkaður eða afnuminn á húsaolíu og jarðvarma, þá var skilin eftir rafhitunin og því borið við, að það væri ekki hægt að fella þar niður söluskatt vegna vandkvæða í töxtum eða athugun á mælum, sem varðandi Akureyri er ábyggilega rangt og ég hygg, að það sé líka varðandi bændur landsins, sem eru mikið með rafhitun. Ég vil því benda á, að það er ekki uppörvandi fyrir menn að nota rafhitun nú til húsa, ef núv. ríkisstj. breytir ekki um afstöðu í því máli.

33. Lóðaskrár.

Á deildafundum 6. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til félmrh. um reglugerð um lóðaskrár [116. mál, 1] (A. 144).

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 30., 32., 35., 37., 39., 40. og 43. fundi í Sþ., 25. jan., 1., 8., 15., 17., 22. og 29. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Fsp. sú, sem hér um ræðir, til hæstv. félmrh. er frá Axel Jónssyni, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, en hann sat hér á þinginu í haust. Hún er um það, hvenær vænta megi reglugerðar um lóðaskrár. Það virðist vera allmikill misbrestur á skráningu landa og lóða í mörgum þéttbýlisstöðum á landinu. Þetta er vafalítið mismunandi frá einu sveitarfélaginu til annars, en aðeins í tveim sveitarfélögum á landinu eru lagaákvæði um þetta efni, þ. e. lög nr. 35 frá 2. nóv. 1914 varðandi Reykjavík og lög nr. 16 frá 9. febr. 1951 varðandi Akureyri.

Þegar verið var að vinna að *fasteignamatinu nýja*, sem tók gildi um s. l. áramót, olli ósamræmi í stærð og gerð lóða við það, sem þinglýst var, víða verulegum vanda fyrir þá, sem að því unnu. Þetta olli svo miklum erfiðleikum, að mörg sveitarfélög hafa nú byrjað undirbúningsvinnu að því að færa skráningu til betri vegar á þeim grundvelli, sem fékkst við fasteignamatið. Nauðsynlegt er að samræma þau vinnubrögð og eðlilegast, að sveitarstjórnum á skipulagsskyldum stöðum verði gert að gera lóðaskrár, en fyrst þarf að gera rammareglugerð, sem kveði skýrt á um framkvæmdina. Í skipulagslögum nr. 19 frá 21. maí 1964 segir svo í 31. gr.:

„Óheimilt er á skipulagsbundnum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórna komi til.“ Og í 32. gr. segir svo: „Rn. getur ákveðið, að sveitarstjórn á skipulagsskyldum stað láti á kostnað sveitarsjóðs gera lóðaskrár, þar sem tilgreind skulu öll lönd og lóðir innan sveitarfélagsins eða tiltekins hluta þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um gerð lóðaskrár.“

Og nú er spurt: „Hvenær má vænta rammareglugerðar fyrir landið allt?“

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Svarið við fsp. verður á þessa leið:

Í 32. gr. skipulagslaga frá 1964 er að finna heimild fyrir félmrh. til þess að ákveða, að sveitarstjórnir á skipulagsskyldum stöðum skuli láta gera lóðaskrá á kostnað sveitarsjóðs, þar sem tilgreind séu öll lönd og lóðir innan sveitarfélagsins eða tiltekins hluta þess. *Ætlunin var að gefa út reglugerð um frágang og fyrirkomulag* lóðaskrárinnar á næstu árum eftir að lögin voru sett. Við nánari athugun komu í ljós ýmsir annmarkar á framkvæmd málsins og jafnvel ágreiningur milli þeirra aðila, sem um þetta mál fjölluðu, einkum um það, hversu ítarleg eða nákvæm lóðaskráin skyldi vera, og komu m. a. fram þau sjónarmið, að ófullkomin lóðaskrá gæti hæglega orðið til þess að tefja fyrir gerð fullkomnari lóðaskrár síðar og bæri því frekar að keppa strax að fullkomnari lóðaskrá ásamt tilheyrandi lóða-

uppdráttum, svo sem gengur og gerist annars staðar í Evrópu. En slík lóðaskrá ásamt tilheyrandi nákvæmum lóðauppdráttum mundi óhjákvæmilega kosta stórfé og því vera flestum hinna skipulagsskyldu sveitarfélaga ofviða í framkvæmd. Með hliðsjón af þessu og einkum þar sem nýtt og mjög ítarlegt aðalfasteignamat var einmitt á döfinni um þessar mundir samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu frá 28. apríl 1963, þar sem beinlínis er ákveðið, að fasteignamat ríkisins skuli koma upp skráningu fasteigna í landinu og jafnframt heimilað að verja til þess verks fé úr ríkissjóði, þá þótti réttara að fresta að nota heimild þá, sem um getur í 32. gr. skipulagslaganna, en hætta á, að ella gæti orðið um tvíverknað að ræða. Raunin hefur einnig orðið sú, að fasteignamat ríkisins, sem er sérstök deild í fjmrn., hefur nú komið sér upp álitlegu safni lóðauppdrátta og mjög ítarlegri fasteignaskrá, sem er í véltæku skýrsluformi. Verður því ekki séð eins og nú er komið, að nein þörf sé fyrir það, að félmrn. notfæri sér heimildarákvæði þau, sem ég gat um í upphafi, sem eru í 32. gr. skipulagslaganna, því að ef sú heimild væri einnig notuð, þá væri þar greinilega verið að vinna sama verkið í þremur rn. Það finnst mér nú næstum því ofrausn.

34. Staðsetning vegagerðartækja á Snæfellsnesi.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um staðsetningu vegagerðartækja o. fl. á Snæfellsnesi [193. mál, 1] (A. 369).

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 369 til hæstv. samgrh., svo hljóðandi:

1. Hvenær má vænta þess, að veghefill verði staðsettur á utanverðu Snæfellsnesi, þ. e. í Ólafsvík?

2. Verða stórvirk vegagerðartæki, svo sem fullkomin grjótmulningsvél til framleiðslu á efni í slitlag á vegi, send á Snæfellsnes á þessu ári?

3. Hvenær má vænta framkvæmda við endurbætur á flugvellinum að Gufuskálum við Hellissand og bættrar þjónustu í sambandi við hann?

Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafa til þessa aðeins verið tveir vegheflar af eldri gerð, annar staðsettur í Stykkishólmi, en hinn sunnan fjalls, að Vegamótum. Þessir tveir vegheflar hafa hvergi nærri komizt yfir að hefla vegi í allri sýslunni og staðsetning þeirra þannig, að útnesið hefur orðið út undan. Á þessu svæði er Búlandshöfðavegur og vegurinn fyrir Ólafsvíkurenni. Á báðum þessum leiðum hagar svo til, að grjóthrun og skriðuhlaup eru oft daglegur viðburður svo og snjóskriður og klakahrun á vetrum. Mjög mikil umferð er á þessu svæði. Þarna fara fram daglegir mjólkurflutningar, fiskflutningur milli útgerðarstaða og áætlunarferðir daglega til og frá Reykjavík. Það gefur því auga leið, að á þessu svæði er mest þörf fyrir kraftmikinn veghefil, sem daglega er til nota á þessu svæði.

Það er ekki ofmælt, að óvíða á landinu er vegakerfið lélegra en einmitt víða á Snæfellsnesi, frá Hítará og vestur úr. Kemur þar margt til, sem ég ætla ekki að rekja hér, en alger skortur á hæfu, sterku slitlagi á vegina veldur hér miklu. Þess vegna er stórvirk grjótmulningsvél á þetta svæði aðkallandi nauðsyn. Hafa allir getað fylgzt með þeim miklu umskiptum, sem orðið hafa, t. d. á Hvalfjarðarvegi, Kjalarnesi og víðar, eftir að farið var að framleiða efni í slitlag með slíkum tækjum. Jafnframt gætu slík tæki orðið til að auðvelda varanlega gatnagerð í öllum kauptúnum á norðanverðu Snæfellsnesi. Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, sýslufundur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu svo og samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa hvað eftir annað sent frá sér ákveðnar áskoranir til yfirstjórnar samgöngumála um staðsetningu þessara vegagerðartækja, sem hér er rætt um, en án árangurs til þessa.

Flugvöllurinn að Gufuskálum við Hellissand er mikil samgöngubót og öryggi fyrir utanvert Snæfellsnes, ekki sízt í sambandi við sjúkraflug, en mjög brýnt er að endurbæta hann svo og að koma upp öryggistækjum við völlinn og gera þjónustu við flug mögulega.

Herra forseti. Þessar fsp. eru gerðar með það fyrir augum að ýta á eftir nauðsynlegum úrbótum, sem er brýnt hagsmunamál fyrir íbúa þessa landshluta.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þó að segja megi, að það hafi þýðingu fyrir hin ýmsu byggðarlög, að stórvirk vegagerðartæki séu þar staðsett, þá finnst mér nú fsp. um það varla eiga erindi inn á Alþ. og hefði verið eins hægt að koma þeim á framfæri með símtali við vegamálastjóra eða ráðh. En þessum fsp. verður samt svarað hér á þessa leið:

Þá er fyrst spurningin: „Hvenær má vænta þess, að veghefill verði staðsettur á utanverðu Snæfellsnesi, þ. e. í Ólafsvík?“

Um nokkurt árabil hafa tveir vegheflar verið staðsettir á Snæfellsnesi og þá annar í Stykkishólmi, en hinn á Vegamótum í Miklaholtshreppi. Vegna vaxandi umferðar milli verstöðvanna á utanverðu Snæfellsnesi seinustu árin hafa komið ákveðnar óskir úr þeim byggðarlögum um, að þriðji veghefillinn yrði staðsettur þar. Vegagerð ríkisins á nú í pöntun nokkra vegheflа, sem væntanlegir eru á vori komanda, og er gert ráð fyrir, að þá muni rýmkast það mikið um veghefilskost hjá Vegagerðinni, að unnt verði að staðsetja veghefil á utanverðu Snæfellsnesi, eins og óskir hafa komið fram um.

Hin spurningin er á þessa leið: „Verða stórvirk vegagerðartæki, svo sem fullkomin grjótmulningsvél til framleiðslu á efni í slitlag á vegi, send á Snæfellsnes á þessu ári?“

Undanfarin ár hefur vél til hörpunar á möl í slitlag vega unnið um tíma árlega á utanverðu Snæfellsnesi. Á s. l. sumri var þar einnig staðsett grjótmulningsvél um tíma. Áætlanir um staðsetningu slíkra véla er eigi unnt að gera endanlega fyrr en fyrir liggur, hver fjárveiting verði til vegaviðhalds á árinu, þar sem rekstrarkostnaður þessara véla er að mestu leyti greiddur af viðhaldsfé þjóðvega.

Þriðja spurningin er um það, hvenær vænta megi framkvæmda við endurbætur á flugvellinum að Gufuskálum við Hellissand og bættrar þjónustu í sambandi við hann. Það eru mörg aðkallandi verkefni, sem bíða að því er snertir umbætur og endurbætur á hinum ýmsu flugbrautum um landið, og eru umbætur á flugbrautinni að Gufuskálum við Hellissand ekki á framkvæmdaáætlun að sinni, þar sem margt fleira kallar að, sem að áliti allra, sem um þessi mál fjalla, er enn þá brýnna og meira aðkallandi.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka samgrh. svörin við þessum fsp. Það er litlu við það að bæta, en þó vil ég undirstrika eitt atriði, sem ég held, að sé nauðsyn, að hv. alþm. geri sér grein fyrir, og það er einmitt í sambandi við vegakerfi okkar í landinu. Mín skoðun er sú, að við verðum að búa við þjóðvegakerfi, sem við nú höfum, í alllangan tíma fram í framtíðina, þrátt fyrir viðleitni til að gera hér hraðbrautir og endurbyggja vegakerfið. Þess vegna lít ég svo á, að það sé brýn nauðsyn, að viðhald þjóðveganna verði aukið frá því, sem verið hefur til þessa. Það, sem vekur athygli mína í sambandi við skoðun á þessu máli, er einmitt það, sem ég tel ábótavant í sambandi við vegamál okkar í heild, þ. e. kaup á stórvirkum vegagerðartækjum. Ég kynnti mér þetta lítillega hjá Vegagerð ríkisins. Þannig er ástatt í þessum málum, að það er aðeins um tvær stórvirkar vegagerðarvélar að ræða hér í sambandi við mölun á ofaníburði eða blöndun á ofaníburði. Þessar stórvirku vélar eða samstæður eru staðsettar hér einmitt á suðvesturhorninu. Og ég vil bæta því við, að einmitt þessar vélar eða staðsetning þeirra hér á suðvesturhorninu hefur gert mögulega varanlega gatnagerð hér á þessu svæði í sambandi við t. d. olíumölina. Ég mundi telja það vera spor í framfaraátt, ef Vegagerðinni væri heimilað að kaupa þó ekki væri nema tvær slíkar vélasamstæður til að staðsetja á þeim landshlutum, þar sem engar slíkar vélar eru nú til. Þessar vélasamstæður munu kosta um 14—15 millj. kr. hver, og það er örugglega fjárfesting, sem borgar sig í vegagerð, því að með tilkomu þeirra batna vegirnir svo mikið, að það er bein framkvæmd að vissu marki til varanlegrar vegagerðar. Og ég beini því einmitt í tilefni af þessari fsp. til hæstv. samgrh., að það verði athugað að fara að óskum Vegagerðarinnar í sambandi við þetta mál og þessi tæki verði keypt. Það er ekki sparnaður að gera þetta ekki að veruleika.

Ég ætla svo ekki að fara út í frekari umr. um þessi mál hjá okkur, en ég undirstrika, að ég fagna því, að veghefill verður staðsettur á þessu svæði, og ég vænti þess, að það líði ekki langur tími, þangað til slík stórvirk vélasamstæða, sem ég minntist hér á, verði einmitt til staðar á Vesturlandi til að bæta úr brýnni þörf.

35. Endurskoðun hafnalaga.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um endurskoðun hafnalaga o. fl. [193. mál, 2] (A. 369).

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. á þskj. 369, sem hljóðar þannig:

1. Verður endurskoðun hafnalaga lokið það tímanlega, að hægt verði að leggja þau fyrir yfirstandandi Alþ. til afgreiðslu?

2. Hefur verið tekin ákvörðun, hvernig létta megi hina erfiðu fjárhagsstöðu hafnarsjóða, sérstaklega hvað varðar þær hafnir, sem eiga í mestum fjárhagserfiðleikum, sbr. samþykkt ársfundar Hafnasambands sveitarfélaga 15. nóv. 1971, er send var ríkisstj.?

Ný hafnalög tóku gildi 1. jan. 1968. Þótt þau lög væru til bóta miðað við eldri lög, kom strax í ljós, að þau voru stórgölluð og óljós varðandi mikilvæg atriði, t. d. hvað varðar skiptingu stofnkostnaðar milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, sbr. 6. gr. og 7. gr. laganna. Reglugerð um framkvæmd laganna var aldrei gefin út. Hafa samskipti og reikningsskil milli Hafnamálastofnunarinnar annars vegar og hafnarsjóða hins vegar verið með óeðlilegum hætti. Sífelldir árekstrar og deilumál eru uppi um framkvæmd laganna víðs vegar um landið.

Eftir að Hafnasamband sveitarfélaga var stofnað 1970 hefur eitt aðalverkefni þess verið að vinna að því að fá því framgengt, að hafnalögin verði endurskoðuð og gerðar á þeim veigamiklar breytingar, svo að eðlileg uppbygging hafna verði möguleg á Íslandi, án þess að viðkomandi byggðarlög stefni fjárhag og sjálfstæði í algjöra sjálfheldu. Jafnframt þessu hefur Hafnasamband sveitarfélaga framkvæmt ítarlega athugun á rekstrarafkomu og greiðslustöðu hafnarsjóða í landinu svo og athugun á gjaldskrám hafna. Í skýrslu, er gerð var um þessa athugun og lögð var fyrir aðalfund samtakanna s. l. haust og afhent fulltrúum þingflokkanna, kemur m. a. í ljós, að hafnirnar eiga við mikla greiðslu- og rekstrarerfiðleika að stríða og víða hrökkva rekstrartekjur ekki fyrir beinum rekstrargjöldum og vaxtagreiðslum. Greiðslujöfnuður flestra hafna miðað við allar vaxtagreiðslur svo og afborganir af föstum lánum er neikvæður sem nemur um eða yfir 1 millj. og allt upp í 10 millj. hjá nokkrum höfnum á ári. Auk þessa nema stutt lán hafnanna í árslok 1970 121 millj. Heildarskuldir hafna í árslok 1970 námu tæplega 900 millj. Þar af eru skuldir landshafnanna þriggja 190 millj. og Reykjavíkurhafnar 135 millj. Það vantaði 111 millj. upp á, að hafnir gætu staðið undir vaxtagjöldum öllum og afborgunum af föstum lánum í árslok 1970, sem skiptist þannig, að hjá 42 höfnum, sem gerð var könnun hjá vantaði 49.7 millj., hjá þremur landshöfnum 47.8 millj. og hjá Reykjavíkurhöfn 13.5 millj. Þessi óhagstæða staða er nokkuð mismunandi eftir landshlutum,

en alls staðar neikvæð. Hjá tveimur höfnum, Rifshöfn og Eyrarbakkahöfn, eru vaxtagjöld og afborganir fastra lána meira en tífaldar rekstrartekjur eða yfir 1000%. Tvær hafnir, Bolungarvík og Borgarfjörður eystri, bera vaxtagjöld og afborganir fastra lána, sem eru í heild sex—áttfaldar rekstrartekjur. Átta hafnir hafa sams konar hlutfall á bilinu þre—sexfaldar rekstrartekjur, en aðeins 18 hafnir af þessum 46 hafa rekstrartekjur, sem eru meira en vaxtagjöld og afborganir fastra lána.

Það var gerð könnun á því, hvernig þetta kemur út á hinum ýmsu stöðum, og er fróðlegt að líta á það, að aðeins afborganir af föstum lánum plús vextir á hvern íbúa á hverjum stað 1970 nema allt upp í 5 300 kr. Hjá sex sveitarfélögum nemur þessi kostnaður á íbúa á bilinu 4000—5 300 kr. og hjá 15 höfnum á bilinu 2000—4000 kr. á íbúa.

Í sambandi við þessa endurskoðun er ljóst, að það verður að gera ráðstafanir nú þegar. Ég ætla ekki að fara meira út í þetta mál, en til að lagfæra greiðslustöðu fjölmargra hafna verður að koma til aðgerð frá því opinbera, og ég vonast til þess, að það svar, sem hér mun koma á eftir, leiði í ljós, að tekið verði á þessu máli á þann veg, að hafnirnar geti við unað.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fsp. var um það, hvað liði endurskoðun hafnalaga. Þeirri endurskoðun er lokið. Sú nefnd, sem vann verkið, hefur skilað áliti sínu, og frv. til nýrra hafnalaga verður lagt fram á þessu þingi.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka samgrh. þetta svar, sem er mjög ánægjulegt, og ég veit, að allir, sem fást við þessi mál í landinu, munu fagna því, að þessi endurskoðun er nú orðin að veruleika og ný hafnalög sjá dagsins ljós.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, segja frá því hér, að á aðalfundi hafnasambandsins s. l. haust lagði fundurinn áherzlu á eftirfarandi, sem ég óska eftir, að hv. þm., sem fjalla um hið nýja lagafrv., hafi í huga, þegar þetta mál kemur fyrir þingið.

Það er fyrst, að greiðsluhlutfall ríkissjóðs til hafnarmannvirkja verði almennt ekki lægra en 75% af byggingarkostnaði. Nánar verði skilgreint en nú er, hvaða mannvirki séu styrkhæf, og leiðrétt verði ákvæði núverandi 7. gr. hafnalaga um styrkhafakostnað. Og í þriðja lagi, að lögin verði betur en nú er sniðin til þess að taka til allra hafna landsins, einnig landshafna, og kannað verði sérstaklega, hvort unnt sé að breyta stöðu landshafna með því, að þær verði afhentar viðkomandi byggðarlögum til rekstrar með viðunandi kjörum, þar sem ekki getur talizt eðlilegt, að ríkið sé með hafnir í byggingu og rekstri í samkeppni við aðrar hafnir sveitarfélaga. Starfssvið Hafnamálastofnunar ríkisins verði skilgreint nánar í lögunum en nú er. Lögð verði megináherzla á hæfni stofnunarinnar til að gera öruggar undirbúningsathuganir og áætlanir og verði því kannað, hvort ekki sé rétt að skipta stofnuninni í áætlanadeild og hagdeild, en framkvæmdaþáttur stofnunarinnar miðist fyrst og fremst við að tryggja, að í landinu séu til sérhæfð tæki til hafnargerðar, sem leigð verði hafnarsjóðum eða verktökum. Sambandið leggur til, að stofnuninni verði sett stjórn, skipuð fulltrúum ríkis og sveitarfélaga. Hafnabótasjóður verði efldur, svo að hann verði fær um að gegna hlutverki sínu.

Herra forseti. Ég hef lokið athugasemdum mínum, en ég vænti þess, að þetta mál fái öruggan framgang hér á Alþingi.

36. Frumvörp um skólakerfi og grunnskóla.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um frumvörp um skólakerfi og grunnskóla [193. mál, 3] (A. 369).

Á 43. fundi í Sþ., 29. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á síðasta Alþ. lagði ríkisstj., sem þá sat, fram tvo viðamikla lagabálka um nýskipan fræðslukerfisins, frv. til l. um skólakerfi og frv. til l. um grunnskóla. Í þeim fólst m. a., að allir skólar, sem styrktir eru að hálfu eða meira af almannafé, skulu mynda samfellt skólakerfi, skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Gert var síðan ráð fyrir víðtækri nýskipan á skyldunámsstiginu, grunnskólanum, sem svo var nefndur, fræðsluskylda lengd í níu ár, skólastarf hvers árs aukið og ráðstafanir gerðar til betri nýtingar, þannig að menntaskólanám þyrfti ekki að taka nema þrjú ár og nemendur gætu lokið stúdentsprófi ári fyrr en nú á sér stað, eða 19 ára.

Fjölmörg önnur nýmæli voru í frv., sem auðvitað er ekki ástæða til að rekja við þetta tækifæri. Þessi frv. voru mjög rækilega undirbúin. Fyrst var unnið að samningu þeirra í menntmrn., einkum og sér í lagi af ráðuneytisstjóra og forstöðumanni skólarannsóknadeildar, sem höfðu samráð við fjölmarga aðra sérfróða menn.

Þegar rn. hafði lokið rækilegum undirbúningi, var hinn 9. júlí 1969 skipuð nefnd til að endurskoða gildandi lög um þessi efni og áttu sæti í henni bæði embættismenn og skólamenn. Varð nefndin sammála um bæði frv. Rn. leitaði umsagnar fjölmargra aðila um málið, og voru undirtektir allra aðila um meginstefnu frv. jákvæðar, þótt auðvitað hafi komið fram ýmsar hugmyndir um breytingu á einstökum atriðum.

Þegar frv. voru lögð fyrir Alþ., fengu þau mjög góðar undirtektir. Yfirleitt lýstu þeir þm., sem til máls tóku, og þeir voru margir, fylgi við meginstefnu frv. Umsagnir þær, sem menntmn. Nd. bárust, voru í öllum aðalatriðum jákvæðar, og hið sama var uppi á teningnum í menntmn. sjálfri, en í henni átti þá sæti m. a. einn af ráðh. hæstv. núv. ríkisstj. Hins vegar varð samkomulag um það, að hér væri um svo veigamikið mál að ræða, að rétt væri að láta afgreiðslu þess bíða til

næsta þings og gefa sem flestum aðilum, ekki sízt úti á landi, tækifæri til þess að kynna sér málið á s. l. sumri. Þegar eftir þinglok voru frv. send til allra skólanefnda og skólastjóra á landinu.

Meðferð málsins á síðasta Alþ. lauk þannig, að ég a. m. k. og ég held þm. yfirleitt reiknuðu með því, að frv. yrðu lögð fyrir aftur strax í byrjun þessa þings. Það var ekki gert, og engin skýring hefur enn verið á því gefin, hvers vegna ekkert hefur um málið heyrzt, þótt fimm mánuðir séu nú liðnir frá upphafi þings. Af þessum sökum er þessi fsp. fram borin.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar við fsp. hv. 7. þm. Reykv. á þskj. 369 er svo hljóðandi:

Frv. um grunnskóla og um skólakerfi komu fram eftir að líða tók á síðasta Alþ., en urðu ekki útrædd. Þegar tekin var afstaða til þess af hálfu núv. ríkisstj., hver af þeim stjfrv., sem ekki hlutu afgreiðslu á því þingi og fyrri ríkisstj. hafði borið fram, skyldu endurflutt á þessu þingi, varð það úr, að þessi tvö frv. um skólamál yrðu ekki höfð í þeim hópi. Frv. eru svo tengd, að einsætt má telja, að þau þurfi að fylgjast að í meðförum Alþ. Af þeim er það grunnskólafrv., sem eðlilegt er, að ráði ferðinni, svo að eftir að ákveðið var að endurflytja það ekki að svo stöddu, þótti einsætt að láta frv. um skólakerfi bíða líka. Ljóst var af umr. á hv. Alþ. og undirtektum meðal almennings, að grunnskólafrv. vakti mikla athygli og þykir hið merkasta mál, en jafnframt kom glöggt í ljós, að þótt ýmis atriði í því þættu mikil framfaraspor í skólamálum, ef framkvæmd yrðu, voru skoðanir einnig mjög skiptar um tiltekin ákvæði.

Skömmu eftir að frv. kom fram tóku að berast frá ýmsum aðilum athugasemdir við það og álitsgerðir. Hélt svo áfram í allt sumar og fram á vetur, allt fram á síðustu mánuði. Því var sú ákvörðun tekin að hraða ekki málinu, en leitast við að hafa þann undirbúning að endurupptöku þess, að sem bezt mætti tryggja, að tekið yrði eðlilegt tillit til mismunandi sjónarmiða og aðstæðna, sem meta verður vandlega, þegar fitjað er upp á nýjum grundvelli að skyldunámskerfi um land allt.

Óvænlegt þótti, að tími ynnist til að vinna þetta verk sem skyldi, ef taka ætti málið upp það snemma á þessu þingi, að líkur væru á afgreiðslu þess, því að víst má telja, að eindreginn þingvilji sé fyrir að rasa ekki að neinu í þessu efni, heldur athuga vandlega frv. um svo afdrifaríkt mál.

Af þessum ástæðum varð niðurstaðan sú, að grunnskólafrv. yrði tekið til rækilegrar athugunar, þegar fyrir lægju yfirveguð sjónarmið þeirra aðila, sem telja má, að mest hafi til málsins að leggja.

Nú er að því komið, að skipaðir verða alveg á næstunni menn til að athuga frv. á ný í ljósi þeirra undirtekta, sem þar hefur hlotið, bæði hér á hv. Alþ. og meðal almennings. Verður þessum mönnum falið að haga svo störfum sínum, að hið endurskoðaða frv. komi fyrir hv. Alþ. þegar í þingbyrjun í haust. Það er eindregið álit þeirra, sem að þessu máli standa, að svo verði affarasælast á því haldið.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég er honum alveg sammála um, að nauðsynlegt er, að þessi tvö frv. fylgist að. Annað þeirra er ekki hægt að samþykkja án hins. Hins vegar harma ég mjög þann mikla drátt, sem orðið hefur á meðferð málsins í menntmrn. Ég vek athygli á því, að eflaust hafa fá mikilvæg frv., sem lögð hafa verið fyrir Alþ. á síðari árum, hlotið jafn rækilegan undirbúning og þessi tvö skólamálafrv., bæði af hálfu embættismanna og sérfræðinga. Og ég vek athygli á því, að þegar hafa t. d. helztu kennarasamtök landsins og helztu embættismenn og sérfræðingar á sviði skólamála tjáð sig fylgjandi meginstefnu frv. Það lá þegar fyrir á síðasta Alþ., svo að mér er satt að segja ekki alveg ljóst, hvaða aðilar hér hafa komizt í spilið til þess að gera svo mikilvægar aths., að ástæða sé til þess, að málið tefjist um heilt ár.

Ég harma mjög, að það skuli vera ákvörðun hæstv. ríkisstj., að málið skuli ekki eiga að koma fyrir þetta þing, heldur bíða næsta þings. Það þýðir í raun og veru, að eins árs töf verður á þeirri nauðsynlegu framþróun íslenzkra skólamála, sem um hefur verið að ræða undanfarin ár. Ég vek athygli á því, að hæstv. ráðh. sagði sjálfur í ræðu sinni alveg réttilega, að í þessum frv. fælust mjög mörg merkileg nýmæli og í heild mættu þau eflaust teljast mikið framfaraspor. Þess vegna ítreka ég, að ég harma, að ár skuli tapast úr þróuninni hvað þetta snertir.

37. Orlofsmerki.

Á deildafundum 6. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um orlofsmerki [206. mál, 3] (A. 398).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 42 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bjarnfríður Leósdóttir): Herra forseti. Ég hef á þskj. 398 borið fram fsp. til félmrh.:

Eru hjá póststjórninni seld orlofsmerki, sem ekki hafa verið hafin? Hversu mikið?

Með þessari fsp. er ég að leita eftir svari við þeirri spurningu, hvernig framkvæmdin á orlofslögum hefur orðið í reynd og hvernig verkafólk hefur gætt réttar síns í þessum efnum, hvort póststjórnin hefur í raun og veru ekki þurft að endurgreiða öll þau orlofsmerki, sem hún hefur selt, og ef svo er, hvort þetta fé renni sjálfkrafa til ríkissjóðs. Ef um umtalsverða upphæð orlofsfjár er að ræða, sem liggur hjá póststjórninni, vaknar hjá mér sú spurning, hvort félmrh. geti ekki með reglugerð séð svo um, að orlofssjóður verkalýðsfélaganna eða Alþýðusambandið fái þetta fé til ráðstöfunar. Það eru næg verkefni fyrir verkalýðshreyfinguna að nýta þetta fé, t. d. til þess að skipuleggja ódýrar orlofsferðir fyrir félaga

sína, byggja upp staði til orlofsdvalar eða til menningar- og fræðslustarfsemi.

Eins og alþjóð er kunnugt, er það framtíðaráætlun Alþýðusambandsins, að við Ölfusborgir rísi upp menningarmiðstöð verkalýðshreyfingarinnar. Þar eru þegar risin upp orlofshús, sem aðeins eru notuð 3—4 mánuði á árinu. Meiningin hefur verið, að þarna rísi upp myndarleg bygging, sem yrði þjónustustaður fyrir dvalargesti húsanna, einnig að þarna fari fram öll sú fræðslustarfsemi, sem Menningar- og fræðslusamband alþýðu annast. Ég tel, að orlofsfé, sem ekki er hafið, geti ekki verið betur varið en með því að láta það ganga til sameiginlegrar uppbyggingar orlofs- og menningarstofnunar fyrir alþýðu þessa lands.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Spurt er um það, hvort hjá póststjórninni séu seld orlofsmerki, sem ekki hafa verið hafin. Að vísu eru engin orlofsmerki hjá póststjórninni, því að það eru atvinnurekendurnir, sem kaupa orlofsmerkin, og gæti þess vegna aðeins verið um það að ræða, hvort andvirði seldra orlofsmerkja væri hjá póststjórninni. En merki eru þar engin. En ég vil fara nokkrum orðum um þessa spurningu, því að ég tel mig alveg vita það, að spurningin sé um, hvort andvirði seldra orlofsmerkja hafi orðið innlyksa hjá póststjórninni. Og svarið, sem ég gef við spurningunni, er á þessa leið:

Andvirði seldra orlofsmerkja er í vörzlu póststjórnarinnar, þangað til það er borgað út gegn framvísun orlofsbóka með merkjunum í og í samræmi við gildandi reglur. Frá því að lög um orlof voru sett hér á landi og til 31. des. 1971 hefur póststjórnin selt orlofsmerki fyrir samtals 956 millj. 808 þús. kr. Á sama tíma nemur útborgað orlofsfé samtals 865 millj. 363 þús. kr. Í vörzlu póststjórnarinnar var því hinn 31. des. 1971 ógreitt orlofsfé, sem nam 91 millj. 445 þús. kr. Í þessari fjárhæð er auðvitað andvirði þeirra orlofsmerkja, sem seld hafa verið frá 15. maí 1971 og til 31. des. 1971, sem greiða verður sem orlofsfé á því orlofsári, sem hefst 1. maí 1972. Til samanburðar í þessu efni má geta þess, að útborgað orlofsfé á árinu 1971 nam 136 millj. 618 þús. kr. Orlofsreikning póststjórnarinnar er erfitt að gera nákvæmlega upp, á meðan orlofsmerki eru notuð. Það liggur á hinn bóginn í augum uppi, að einhverjar eftirstöðvar andvirðis orlofsmerkja hljóta jafnan að vera fyrir hendi hjá póststjórninni af eftirtöldum tveimur ástæðum:

1. Atvinnurekendur kaupa orlofsmerki, sem þeir nota við greiðslu launa. Einhverjar birgðir verða því þar, sem ekki eru komnar í hendur orlofsþegum. Hve mikil sú fjárhæð er, verður ekki auðvelt að áætla og ómögulegt að vita nákvæmlega.

2. Orlofsþegar glata einhverju af merkjum, sem þeim eru afhent eða við því má a. m. k. búast. Sennilega er þó ekki um háa fjárhæð hér að ræða, en þó vitanlega nokkra upphæð. Nú er í undirbúningi að taka upp nýtt kerfi, þar sem orlofsmerki verði ekki notuð við greiðslu orlofsfjár. Er gert ráð fyrir, að þetta kerfi verði tekið í gagnið frá og með 1. maí 1973, með byrjun þess orlofsárs. Þegar unnt verður að leggja niður orlofsmerkin, kemur fljótlega í ljós, hverju þær eftirstöðvar andvirðis orlofsmerkja nema, sem eftir verða hjá póststjórninni. Sennilega verður þar ekki um háa fjárhæð að ræða, en nú er þó með engu móti mögulegt að áætla, hversu há sú upphæð er.

Ég fer ekki út í hugleiðingar um það, hvort hægt sé að ráðstafa þessu fé, sem þarna er um að ræða, mismuninum á seldum orlofsmerkjum og afhentum, því að ég tel það ekki tímabært. Á þessari stundu getum við ekki komizt að niðurstöðu um það, hver þessi upphæð er.

Fyrirspyrjandi (Bjarnfríður Leósdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin, og það sannar mér, eins og ég hafði grun um, að öll framkvæmd á þessum orlofsmerkjum hefur verið til vandræða og að launþegar hafa ekki fengið út úr þessu það, sem þeim hefur borið, af ýmsum ástæðum, eins og hann tók til. Ég hef lagt hér fram þáltill. um handbók fyrir launþega. Ég tel, að þetta einmitt sanni okkur það líka, hversu mikil og brýn nauðsyn það er, að fólk viti og kunni að nota sér þann rétt, sem það á í þjóðfélaginu.

38. Ráðstöfun minningarsjóðs.

Á 36. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um ráðstöfun minningarsjóðs [173. mál, 2] (A. 333).

Á 37. fundi í Sþ., 15. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 54 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Í skipulagsskrá dags. 14. okt. 1914 var stofnaður minningarsjóður hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur. Gert var ráð fyrir, að stofnfé þessa sjóðs gæti orðið um 100 þús. kr., sem var mikið fé í þá daga, en fjármunir þessir voru í fasteignum, sem ég ætla, að selja skyldi. Í 3. gr. skipulagsskrárinnar segir svo:

„Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum, ellihrumum mönnum og konum eldri en 65 ára, sem ekki hafa notið sveitarstyrks frá fullnuðu þrítugasta aldursári til fullnaðs fimmtugasta og fimmta aldursárs, íslenzkum búsettum hér á landi lífsuppeldi til dauðadags, sjá þeim fyrir öllum nauðsynjum og loks kosta sæmilega útför þeirra.“ Og í 4. gr. segir: „Til þess að fullnægja framangreindum tilgangi sjóðsins skal kaupa fyrir fé hans jörð í sveit á heilnæmum stað, þar sem fagurt er og vistlegt til dvalar fyrir gamalmenni. Skal jörðin vera hæfilega stór til þess að gamalmenni þau, sem sjóðurinn tekur að sér, geti haft þar hæfilega líkamlega vinnu sér til afþreyingar. Á þessari jörð skal á kostnað sjóðsins byggja hús vel traust úr því efni, sem telst endingarbezt.“

Enn fremur segir í 5. gr.: „Sjóðurinn stendur undir stjórn Stjórnarráðs Íslands. Það ræður kaupum á jörð

samkv. 4. gr. og áhöfn á hana og sér um byggingu húss þess, sem þar ræðir um.“

Nú er mér kunnugt um það, að grennslazt hefur verið eftir því í seinni tíð, hvort byggt mundi verða elliheimili í sveit fyrir fé þessa sjóðs og skipulagsskráin framkvæmd. Því mun hafa verið svarað til, að í skipulagsskránni séu ákvæði, sem geri hana í rauninni óframkvæmanlega, eins og nú er komið málum. Sé það svo, þá verður ekki náð tilgangi skipulagsskrárinnar nema með því að gera á henni einhverjar breytingar. Mér sýnist, að með einhverjum hætti þurfi að koma því í kring, að fé þessa sjóðs nýtist í samræmi við tilgang gefendanna. Enn fremur leikur mér forvitni á að vita, hvernig sjóðurinn hefur ávaxtazt á þeim 60 árum, sem liðin eru síðan hann var stofnaður. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. á þskj. 333 til ríkisstj.:

1. Hefur ríkisstj. í hyggju — og ef svo er, þá hvernig — að koma því í kring, að minningarsjóður hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, sem stofnaður var með skipulagsskrá 14. okt. 1914, nýtist til stofnunar elliheimilis í sveit nú á næstunni?
2. Hverjar eru eignir sjóðsins nú?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e. er í tveimur liðum, og eins og hann tók fram, er fsp. um það, hvort ríkisstj. hafi í hyggju að framkvæma ákvæði í reglugerð um minningarsjóð hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, sem stofnaður var á árinu 1914, á þann veg, að hann nýtist til stofnunar elliheimilis í sveit á næstunni, og í öðru lagi, hverjar séu nú orðnar eignir sjóðsins. Svörin eru í mjög stuttu máli á þessa leið:

Vegna ákvæða skipulagsskrárinnar og rýrnandi verðgildis krónunnar frá 1914 til þessa dags er augljóst, að fyrirhugaðri stofnun, elliheimili í sveit, verður ekki komið á fót á árinu 1973, svo sem gert er ráð fyrir í skipulagsskrá sjóðsins. Raunar má fullyrða, að ákvæði skipulagsskrárinnar séu, eins og raunar ræðumaður sjálfur komst að niðurstöðu um, óframkvæmanleg miðað við aðstæður nú á tímum.

Það hefur verið talið, að heimild skorti til þess að breyta ákvæðum skipulagsskrárinnar. Fyrir um það bil aldarfjórðungi síðan var lagt fyrir Alþ. frv. til l. um heimild til að breyta slíkum skipulagsskrám, sem geymdu ákvæði, er ekki væri unnt að framfylgja. En frv. þetta hlaut ekki afgreiðslu á Alþ. Þar eð skipulagsskrár eru staðfestar á vegum dómsmrn., tel ég eðlilegast, að frumkvæði að slíkri löggjöf kæmi frá dómsmrn. Að öðrum kosti, ef ekki verður sett um þetta sérstök löggjöf, sem heimili breytingar á slíkum skipulagsskrám, þá verða þær í ýmsum tilfellum, fleiri en þessu tilfelli, óframkvæmanlegar. En Alþ. hefur ekki komizt að þeirri niðurstöðu fram til þessa, að það sé heimilt að breyta dánargjöfum eða reglugerðum, sem hafa síðan úrelzt. Þetta er svarið við fyrri spurningunni.

Þá er það svarið við 2. lið spurningarinnar. Það er á þessa leið: Eignir sjóðsins við reikningslok 1970 voru 3 millj. 961 þús. 607 kr. Má gera ráð fyrir, að eignirnar verði ca. 4 millj. 271 þús. við reikningslok ársins 1971. Þó að þarna sé um 4 millj. að ræða, þá er gefinn hlutur, að ekkert elliheimili, hvorki í sveit eða kaupstað, verður byggt fyrir þá upphæð. Svarið, sem ég hef við báðum liðum spurningarinnar, er á þessa leið.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svar hans. Eins og ég bjóst nú reyndar við, kemur það í ljós, að hér er í raun og veru um fremur lága upphæð að ræða nú orðið, þar sem minningarsjóður þessi er, en ef höfuðstóll sjóðsins, 100 þús. kr., hefði hækkað t. d. í hlutfalli við kaupgjald í landinu á þeim 60 árum nálega, sem liðin eru, þá hefði hann að sjálfsögðu átt að nema nú tugum millj. Þetta er eitt dæmi enn um það, hvernig verðbólgan fer með verðmæti af þessu tagi. Hæstv. ráðh. sagði, að erfiðleikar væru á því að nota fé sjóðsins vegna ákvæðis í skipulagsskránni, og er það að sjálfsögðu svo. En hann vakti athygli á því, að það heyrði undir dómsmrn. að breyta skipulagsskrá, ef um það væri að ræða eða gangast fyrir breytingum á henni. Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að umr. um þessa fsp. verði frestað, þangað til hæstv. dómsmrh. er hér viðstaddur og getur rætt málið fyrir sitt leyti.

Umr. frestað.

Á 43. og 48. fundi í Sþ., 29. febr., 14. marz, var fsp. tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fram haldið umr. um fsp.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Vegna fsp. á þskj. 333, 2. tölul., um möguleika á, að nýta megi minningarsjóð hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur til stofnunar elliheimilis samkv. ákvæðum skipulagsskrár, sem sjóðnum var sett 1914, vil ég taka eftirfarandi fram:

Fsp. hefur þegar verið svarað að hluta til fyrir hönd þess rn., sem fjallar um málefni þessa ákveðna sjóðs, þ. e. félmrn. Eftir stendur þá að gera grein fyrir því, hvort fyrirhugað sé að gera tillögur um almenna löggjöf til úrlausnar á vandamálum um hagnýtingu gjafasjóða slíkum sem þessum. Eins og áður hefur komið fram, hlaut lagafrv., sem hneig í þessa átt, ekki afgreiðslu á sínum tíma árið 1951, og afstaða Alþ. þá var ekki skýr um það, hvort rétt væri að setja almennar reglur eða viðhafa lagasetningu hverju sinni. Svo virðist sem sú meðferð geti orðið æði tafsöm fyrir Alþ., og sýnist rétt, að athugað verði, hvort ekki sé heppilegt að leggja að nýju fram lagafrv. um almennar reglur, e. t. v. í eitthvað breyttu formi. Mun ég beita mér fyrir því, að það verði gert.

39. Landhelgisgæzla.

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt:

Fsp. til dómsmrh. um ráðstafanir til eflingar landhelgisgæzlu [186. mál, 2] (A. 353).

Á sama fundi var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 43., 48. og 51. fundi í Sþ., 29. febr., 14. og 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 353 svo hljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstj. gert til eflingar landhelgisgæzlunnar vegna fyrirhugaðrar útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 sjómílur?

Ég tel ekki þurfa langt mál til skýringar þessari fsp. Það liggur í augum uppi, að útfærsla fiskveiðilögsögunnar úr 12 sjómílum í 50 hlýtur að kalla á aukna gæzlu þessarar miklu stærri landhelgi. Og þar sem nú eru aðeins röskir 4½ mánuður þar til útfærslan á að taka gildi, þá tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að þingheimur fái skýrslu um, hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hefur gert til eflingar landhelgisgæzlunnar vegna fyrirhugaðrar útfærslu fiskveiðilögsögunnar hinn 1. sept. n. k. Ég er þess fullviss, að allir Íslendingar hafa fagnað því innilega, að alger samstaða og eining ríkti hér á Alþ. varðandi afgreiðslu landhelgismálsins fyrr í vetur, en í áframhaldi af því er eðlilegt, að menn velti því fyrir sér, á hvern hátt við getum sem bezt tryggt gæzlu þessara miklu auðæfa okkar. Fsp. er því fram borin, til þess að Alþ. og þjóðin öll fái vitneskju um, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir varðandi þennan þátt landhelgismálsins.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég les hér svar, sem Landhelgisgæzlan hefur tekið saman við þessari fsp., og svarið er dagsett 18. marz 1972.

„Ljóst er, að vegna útfærslu íslenzku fiskveiðimarkanna 1. sept. n. k. er nauðsynlegt að bæta getu Landhelgisgæzlunnar til gæzlu hins stóraukna svæðis, bæði með útgerð fleiri varðskipa og flugvéla en venja er, aukinni starfsemi í landi og kaupum á nýjum tækjum eða endurbótum á hinum eldri eftir því, sem henta þykir. Í grg. til hæstv. forsrh. dags. 28. ágúst 1971 um gæzlu 50 sjómílna fiskveiðilandhelgi við Ísland var greint frá hinum helztu þessara atriða, og eru sum þeirra þegar ákveðin, en önnur í undirbúningi eða til athugunar. Í aðalatriðum er hér um þrennt að ræða:

1. Varðskip. Gera verður ráð fyrir, að það þurfi að halda úti öllum varðskipunum fimm frá 1. sept. n. k. Í tillögum Landhelgisgæzlunnar fyrir árið 1972 var gert ráð fyrir útgerð allra varðskipanna allt árið. Í meðförum Alþ. var gerð sú breyting, að einu skipanna skyldi leggja, en tvö skipanna fengu aðeins fjárveitingu til sex mánaða. Samkvæmt þessu er fjárveiting til tveggja skipa allt árið, tveggja hálft árið og einu skipinu skal leggja. Auk þess voru svo veittar 20 millj. kr. til almennrar notkunar vegna útfærslunnar 1. sept. n. k.

Nú hefur verið ákveðið, að varðskipið Þór, sem átti að gera út hálft árið, fer á miðju sumri í þriggja mánaða endurbyggingu vegna endurnýjunar á aðalvélum og síðan beint í notkun vegna útfærslunnar. Þarf varðskipið Þór því fjárveitingu fyrir allt árið. Varðskipið Árvakur þarf sömu aukningu vegna vitaþjónustunnar síðari hluta sumars og þar á eftir vegna útfærslunnar 1. sept. Um varðskipið Albert gegnir hins vegar nokkuð öðru máli. Það er sem stendur að gæzlustörfum í staðinn fyrir varðskipið Ægi, en mun verða lagt, þegar viðgerð varðskipsins Ægis lýkur. Varðskipið Albert þarf því ekki nema um fimm mánaða aukafjárveitingu vegna útfærslunnar. Miðað við verðlag eins og það var, áður en fjárlög þessa árs voru afgreidd, þarf því vegna aukinnar útgerðar varðskipanna: vegna Þórs 13 millj. 941 þús. kr., vegna Árvakurs 8 millj. 721 þús. og vegna Alberts 6 millj. 850 þús. eða samtals 29 millj. 512 þús. kr. Þá er nú unnið að undirbúningi að því að geta lengt úthald þriggja stærri varðskipanna með því að fækka legudögum þeirra í heimahöfn, en þá þarf að hafa fleiri menn til skiptanna, svo að áhafnirnar geti fengið eðlileg frí. Af slíku fyrirkomulagi leiðir aukakostnað bæði vegna fleiri starfsmanna, meiri brennslu olíunotkunar o. fl. Endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir enn þá. Loks er hafinn undirbúningur að kaupum á ýmsum nauðsynlegum siglinga- og radíótækjum svo og æskilegum neyðar- og öryggisútbúnaði fyrir skipin umfram það, sem íslenzk lög krefjast, og er sumt þegar keypt eða pantað, en verið að leita tilboða í annað. Stærri atriðum, eins og um vatnsþétt skilrúm í vélarúmi Óðins o. fl., væri rétt að gera ráð fyrir á fjárveitingu næsta árs, þar sem of skammur tími er til undirbúnings og framkvæmda þess í sumar. Skrá yfir hið helzta þessa nauðsynlega búnaðar ásamt kostnaðarverði er að finna á fskj. 1 og 2."

Eins og þessi liður svarsins ber með sér, þá skortir allmikið á, að þær 20 millj., sem samkv. fjárlögum eru til ráðstöfunar 1. sept., muni duga til þess að standa straum af kostnaði við þau atriði, sem þarna eru talin, og verður auðvitað að sjá fyrir fjárveitingu til þess, því að ég geri ekki ráð fyrir því, að neinn hv. alþm. telji það eftir, að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni, og því býst ég við, að það verði út af fyrir sig engin fyrirstaða á því, að nægilegt fé fáist til þess að framkvæma það, sem Landhelgisgæzlan telur nauðsynlegt og óhjákvæmilegt vegna útfærslunnar.

„2. Fluggæzlan. Áratugareynsla Landhelgisgæzlunnar hefur áþreifanlega sannað, hve hagkvæmt er að nota flugvélar í samvinnu við varðskip við almenn gæzlustörf, og mun hið stóraukna gæzlusvæði frá 1. sept. sízt draga úr þörfinni á slíku skipulögðu samstarfi. Engin ein flugvélategund hentar þó til allra verka, og er því ábyggilega heppilegast að nota bæði flugvélar af venjulegri gerð og þyrlur eftir aðstæðum. Í breytingu á fjárhagsáætlun þessa árs, dags. 5. nóv. 1971, er gert ráð fyrir rekstri einnar venjulegrar tveggja hreyfla frekar lítillar flugvélar í stað TF-Sif, sem var seld í nóv. 1971, og meðalstórrar þyrlu, sem gert var ráð fyrir, að tekin yrði í notkun á þessu ári. Ekki var gert ráð fyrir fjárveitingu til þyrlu í stað TF-Eir, sem eyðilagðist í lendingu í okt. s. l., en vátryggingarfé hennar er geymt til kaupa á annarri svipaðri þyrlu. Búið er að ganga frá kaupum á stærri þyrlunni, sem ætti að vera komin í gagnið hér í vor. Enn fremur er unnið að útvegun á venjulegri tveggja hreyfla flugvél í stað TF-Sif, og er líklegt, að fyrir valinu verði flugvél af gerðinni Fokker Friendship, sem er mjög vel kunn flugvélategund hér. Fjárhagsáætlun þessa árs til reksturs gæzluflugvélanna

ætti að duga til 1. sept., en frá þeim tíma má gera ráð fyrir, að fluggæzlan þurfi á meira fé að halda vegna aukinnar starfsemi, sem krefst bæði fleiri flugtíma, aukins mannahalds, eftir- og næturvinnu o. fl.

Vegna áætlaðra aukinna umsvifa fluggæzlunnar frá 1. sept. er enn fremur óhjákvæmilegt að bæta aðstöðu í flugskýli Landhelgisgæzlunnar á Reykjavíkurflugvelli fyrir þá, sem við flugið starfa. Þar er nú verkstæði, varahlutageymsla og snyrtiherbergi fyrir flugvirkja, en engin aðstaða fyrir aðra starfsmenn, eins og skipherra, stýrimenn, flugmenn, loftskeytamenn o. fl., og því nauðsynlegt að bæta við herbergjum vegna þeirra. Er hafinn undirbúningur að því.

3. Aðstaða í landi. Í fyrrnefndri grg. um gæzlu 50 sjómílna fiskveiðilandhelginnar er sérstaklega á það bent, að starfsemi loftskeytastöðvar þeirrar, sem Landhelgisgæzlan hefur rekið í síðastliðin 18 ár, sé henni mjög mikils virði, ekki aðeins til gagnaöflunar og almennra viðskipta við varðskipin og gæzluflugvélarnar, heldur sem raunveruleg stjórnstöð og muni sú þýðing hennar sízt minnka við gæzlu hinna nýju fiskveiðimarka. Þrátt fyrir þýðingu sína hefur þessi stöð hingað til búið við mjög þröngan kost, bæði hvað snertir húsnæði og allan tækjabúnað og því bráð nauðsyn að endurbæta hvort tveggja.

Við undirbúning fjárlaga fyrir þetta ár var, eins og kemur fram í tillögum Landhelgisgæzlunnar og í bréfi til hæstv. dómsmrh. dags. 1. júlí 1971, gert ráð fyrir því, að skrifstofa og loftskeytastöð Landhelgisgæzlunnar flytti úr núverandi húsnæði og á efstu hæð lögreglustöðvarinnar nýju síðari hluta þessa árs. Ekki var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu vegna flutnings, en hins vegar hefur undanfarin ár verið unnið allmikið að undirbúningi að flutningi loftskeytastöðvarinnar í fyrirhugað húsnæði vegna hagstæðra aðstæðna á meðan á byggingu hússins stóð, m. a. lagnir á leiðslum, jarðnets, loftnets og fleira, svo og frumdrög lögð að samvinnu Landhelgisgæzlunnar og lögreglunnar í Reykjavík og Almannavarna ríkisins um sem hagkvæmasta notkun þar á aðstæðum hvers annars. Nú mun hins vegar afráðið að ráðstafa þessu húsnæði til annarra aðila, og verður því að gera aðrar ráðstafanir í þeim efnum.

Ég hef áður bent á, að góð loftskeyta- og stjórnstöð geti sparað varðskipum og gæzluflugvélum marga óþarfa snúninga, því að meiri upplýsingar mætti fá með aukinni hlustunarvörzlu og betri notkun tilkynningaskyldunnar en nú er hægt að gera. Auk þess væri eðlilegt, að leyfi allra rannsóknaskipa, innlendra sem erlendra, sem stunda vísindastörf á landgrunninu, væri bundið því skilyrði, að þau tilkynntu sig a. m. k. tvisvar á dag til Landhelgisgæzlunnar og loks, að íslenzku rannsóknaskipin tilkynntu um leið, eins og varðskipin, hvaða erlend skip þeir hefðu orðið varir við eða væru í námunda við. Myndi vafalaust verða að því mikil bót og án verulegs aukakostnaðar.“

Þetta svar, sem ég nú hef lesið, er frá forstjóra Landhelgisgæzlunnar. Að sjálfsögðu hefur verið leitað eftir því við Landhelgisgæzluna, hverjar ráðstafanir hún teldi nauðsynlegt að gera vegna fyrirhugaðrar útfærslu 1. sept. 1972, og eins og ljóst er af þessu svari, þá hefur hún út af fyrir sig ekki gert tillögur um aukinn skipakost að svo stöddu, heldur að þeim skipum, sem nú eru, sé öllum haldið úti og enn fremur gerðar þær ráðstafanir varðandi flugvélakaup og aðstöðu í landi, sem ég hef lesið hér upp.

Ég vil enn fremur bæta við þetta því, að það fer fram athugun á því nú, hvort ekki sé rétt að festa kaup á tveimur tiltölulega litlum þyrlum til viðbótar því, sem greint er frá í svari forstjórans. Þá vil ég loks geta þess, að nefnd hefur verið skipuð, nefnd þriggja ráðuneytisstjóra, þeirra, sem mest hafa með þessi málefni að gera, ráðuneytisstjórans í dómsmrn., ráðuneytisstjórans í utanrrn. og ráðuneytisstjórans í sjútvrn., og þeim m. a. falið að gera tillögur um eflingu landhelgisgæzlunnar eða réttara sagt, hvaða ráðstafanir væri nauðsynlegt að gera með tilliti til útfærslunnar 1. sept. n. k.

Herra forseti. Ég hef reynt að svara þessari fsp. eins og reyndar fsp. endranær, þannig að upplýsingar kæmu fram um það, sem spurt er um, en hef ekki farið út í og tel ekki rétt að fara út í neinar sérstakar umr. um þetta málefni fram yfir þær upplýsingar, sem ég hef gefið. Þannig álít ég, að eigi að haga fsp. og er því sammála hæstv. forseta að því leyti til, en verð hins vegar að taka fram, að sé þannig haldið á, að komið sé fram með miklar aths. eftir að svar hefur verið gefið, þá sé ekki nema sanngjarnt, að leyft sé að svara þeim um leið.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans við fsp. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði varðandi svör hans, en mig langar til að bæta við aðeins örfáum orðum. En ég skal lofa forseta því, að ég skal ekki fara fram yfir 5 mínútna takmörkunina.

Það hefur lengi verið um það talað, að auka þyrfti landhelgisgæzlu úti fyrir Vestfjörðum á hávertíðinni, og ekki eingöngu það, heldur þyrfti að standa þannig að málum, að aðstoð við bátaflotann gæti þar einnig komið til greina. Ég vil í þessu sambandi benda á, að ég tel það brýna nauðsyn, að Landhelgisgæzlan hafi staðsetta á Vestfjörðum þyrilvængju í þessu tilefni. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mergð togara er að veiðum úti fyrir Vestfjörðum á vertíðinni og þeir hafa sýnt æ meiri aðgangshörku varðandi bátaflotann á undanförnum árum, og ég efast ekki um það, að með útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 sjómílur, þá muni þeir enn hvessa klærnar að þessu leyti. Einnig má benda á það, að þyrilvængja, sem staðsett væri á Vestfjörðum til landhelgisgæzlu og til aðstoðar við bátaflotann, gæti einnig komið að notum vegna hins mikla vandamáls, sem í þeim landsfjórðungi er nú komið upp, þ. e. læknaskorturinn. Öll þessi þrjú atriði tel ég að mætti leysa með því, að Landhelgisgæzlan hefði staðsetta t. d. á Ísafirði þyrilvængju til þess að sinna öllum þessum þrem flokkum þessa verkefnis. (Gripið fram í.) Já, því ekki það? Ég vænti þess, að þessi hv. þm. styðji það, ef fram kemur, að hún verði staðsett þar.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þessi mál, en ég tel, að þessa þrjá þætti þessa máls sé hægt að leysa á þennan hátt, landhelgisgæzluna, aðstoð við bátaflotann og einnig þennan þátt í sambandi við heilsugæzlumálin, og ég vil því beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. dómsmrh. og reyndar ríkisstj. í heild, að hún íhugi þessi mál allverulega. Ég er viss um það, að í þessum þremur málaflokkum má bæta stórkostlega úr, ef Landhelgisgæzlan og heilsugæzluyfirvöld taka

höndum saman, og ég vænti þess, að þau beri gæfu til þess að taka þannig á þessu máli, að það verði leitt til farsælla lykta.

40. Varnir gegn sígarettureykingum.

Á deildafundum 6. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til heilbr.- og trmrh. um varnir gegn sígarettureykingum [206. mál, 1] (A. 398).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. 2. marz 1971 var þál. um varnir gegn sígarettureykingum samþykkt samhljóða. Ályktunin hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr tóbaksreykingum, og þá sérstaklega sígarettureykingum:

I. Víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.

II. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga.

III. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.

IV. Athugaðir verði möguleikar á að stofna „opnar deildir" (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.

V. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi eftirfarandi hlutverk:

a) Að safna upplýsingum um, hversu víðtækar reykingar séu t. d. meðal skólabarna og unglinga.

b) Að stjórna vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga.

c) Að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði."

Á þskj. 398 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til heilbr.- og trmrh. út af þessari þál.:

Hvað hefur verið gert til þess að hrinda í framkvæmd samþykkt Alþingis frá 2. marz 1971 um varnir gegn sígarettureykingum?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Sú þál., sem hv. þm. Jón Skaftason vitnaði til, var mjög víðtæk, eins og menn gátu heyrt, þegar hann las hana hér upp áðan, og greip inn á svið bæði heilbrigðismála og kennslumála. Ríkisstj. hafði ekki tekið þessa þál. til afgreiðslu sem heild, þegar hún lét af starfi, og núv. ríkisstj. hefur ekki heldur tekið hana til fullnaðarathugunar eða afgreiðslu.

Í fyrsta lið ályktunarinnar var skorað á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga væri hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Að því er þetta atriði varðar, ber að minna á, að sígarettuauglýsingar í blöðum, fjölmiðlum og utanhúss voru bannaðar frá 1. jan. s. l., en þess í stað var á síðasta þingi gerð breyting á lögum nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, þess efnis, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins væri skylt að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í hljóðvarpi, sjónvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Lagabreytingin gerði ráð fyrir því, að um alla framkvæmd þessa máls yrði haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

Framkvæmd þessa máls hefur verið sú, að fjmrn. hefur verið framkvæmdaaðili ásamt forstjóra Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, en heilbr.- og trmrn. hefur hins vegar útvegað frá Norðurlöndum, Englandi og Bandaríkjunum vitneskju um það, hvernig upplýsingastarfsemi og auglýsingum um skaðsemi tóbaksreykinga er háttað í þessum löndum og hvaða aðferðir hafa þar reynzt haldbeztar í þessu efni. En um það, hvernig herferð af þessu tagi verður síðar háttað, get ég ekki gefið upplýsingar, þar sem framkvæmdaaðilinn er, eins og fyrr segir, fjmrn.

Í öðrum og þriðja lið þál. er fjallað um skóla og gert ráð fyrir því, að þar verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga og haldin verði regluleg fræðsluerindi fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál. Mér er kunnugt um, að um þessi atriði er fjallað í sambandi við kennslu um heilbrigðismál í skólum, en að öðru leyti leiði ég hjá mér að lýsa því, hvað gert kann að hafa verið í þessu skyni í skólum landsins, þar sem það heyrir undir menntmrn.

Í fjórða lið ályktunarinnar er gert ráð fyrir því, að athugaðir verði möguleikar á að stofna „opnar deildir" (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum. Á vegum heilbrmrn. hefur slík athugun verið framkvæmd á þann hátt, að rn. hefur aflað sér gagna um reynslu af slíkum deildum erlendis. En það er vitað, að meðferð af þessu tagi hefur verið reynd á Norðurlöndum, Bretlandi og í Bandaríkjunum. Hins vegar hefur það komið í ljós, að í engu þessara landa hefur verið lýst góðum árangri af þessari starfsemi, enda þótt slíkar deildir hafi verið til á þessum stöðum allt upp í 12—15 ár. Ríkisstj. hefur því ekki enn tekið ákvörðun um það, hvort reynt verði að koma á slíkum deildum hér á landi, enda hafa mörg verkefni á sviði heilbrigðisþjónustu verið talin enn þá brýnni og krefjast enn þá skjótari úrlausnar.

Í fimmta lið ályktunarinnar er gert ráð fyrir því, að stofnað verði sérstakt ráð lækna og leikra, sem m. a. safni upplýsingum um það, hversu víðtækar reykingar séu, m. a. meðal skólabarna, og stjórni vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga, en sé þar að auki yfirvöldum til aðstoðar eða til ráðuneytis um þessi mál. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að allmiklar at-

huganir hafa verið gerðar og eru gerðar á tíðni reykinga meðal skólabarna og unglinga. Aðallega hefur þetta verið gert á vegum borgarlæknisembættisins í Reykjavík og skólayfirlæknis. En að því er varðar vísindalegar rannsóknir um áhrif reykinga, þá er það alkunna, að mjög víðtækar rannsóknir á þessu sviði hafa verið framkvæmdar bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum undanfarna áratugi. Og það er löngu orðið viðurkennd staðreynd samkv. þessum rannsóknum, að tíðni ýmissa sjúkdóma, svo sem krabbameins í lungum, langvarandi berkjubólgu í lungum og kransæðasjúkdóma í hjarta, sé mun meiri hjá þeim, sem reykja, og einkum þeim, sem reykja mikið, en hinum, sem ekki reykja.

Ég tel það afar ólíklegt, að sjálfstæðar vísindarannsóknir á vegum okkar Íslendinga geti bætt nokkru við þá vitneskju, sem fengizt hefur við þessar umfangsmiklu rannsóknir í nágrannalöndum okkar, þar sem að sjálfsögðu er kostur á miklu meira fjármagni en við getum lagt til slíkra hluta. Hins vegar eru stöðugt framkvæmdar athuganir hér á sjúkrahúsum á sjúklingum í þessu sambandi, og það sama er að segja um sjúklinga, sem komið er með til rannsókna og aðgerða á ríkissjúkrahús. Þá hefur Hjartavernd einnig tekið þessar rannsóknir upp sem einn þátt þeirra athugana, sem hún gerir á því fólki, sem þar er nú í hóprannsókn. Af þessum ástæðum hefur ríkisstj. ekki enn talið tímabært að stofna það ráð, sem gert er ráð fyrir í þál. En að sjálfsögðu hefur ríkisstj. fullan vilja á því að koma í kring þeim vörnum gegn sígarettureykingum, sem tiltækar eru, þótt ekki hafi verið talið tímabært að ráðast enn í meiri framkvæmdir en þær, sem ég hef gert grein fyrir í þessu svari.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau glöggu svör, sem hann gaf við fsp. um þál., sem ég var að spyrja um framkvæmd á hér áðan. Ég gat þess, þegar ég talaði fyrir þessari þáltill. á hv. Alþ. 1970, að till. þessi væri runnin undan rifjum og reyndar samin af nokkrum áhugasömum læknum í Reykjavík, sem kunnáttu sinnar vegna vissu gjörla, hvað þeir voru um að fjalla. Þó að framkvæmdum á þál. þessari sé ekki lengra komið en svar hæstv. ráðh. ber vott um, þá get ég þó eftir atvikum og miðað við, hvað tíminn er stuttur frá því að þál. var samþ. og að orðið hafa stjórnarskipti síðan, verið sæmilega ánægður með það, sem þegar er búið að gera. Ég gef þá yfirlýsingu í fullu trausti þess, að hæstv. heilbrmrh. og þeir aðrir ráðh., sem nú sitja í hæstv. ríkisstj., muni gera sitt til þess í framtíðinni að hrinda þeim öðrum þáttum þál., sem ekki er farið að framkvæma, í framkvæmd við fyrsta tækifæri.

41. Tekjustofnar sýslufélaga.

Á deildafundum 6. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til félmrh. um tekjustofna sýslufélaga [206. mál, 2] (A. 398).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 398 hef ég leyft mér að flytja fsp. þess efnis, hvað líði framkvæmd þál. frá 5. maí 1965 um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga. Þáltill. var flutt af alþm. Jóni Árnasyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Sigurði Ágústssyni og Halldóri E. Sigurðssyni. Hún var samþykkt óbreytt.

Svo sem kunnugt er, hafa sýslufélögin sinnt margvíslegum verkefnum frá fornu fari. Meginákvæði um það efni er að finna í IV. kafla sveitarstjórnarlaga frá 1961. Þar er hlutverk sýslufélaga talið m. a. að annast eftirlit með öllum fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurð um ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna, umsjón með því, að hreppsnefndir starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkv. gildandi lögum og reglugerðum, setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur, smalanir heimalanda o. fl., umsjón og stjórn vegamála samkv. vegalögum og samþykktum um sýsluvegasjóði, afskipti af forðagæzlu, hundahaldi og eyðingu vargdýra, setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna, álitsgerðir um ýmis mál, er varða hreppa og héruð svo og stjórn allra sveitarstjórnarmála, sem varða sýsluna í heild, og tillögur um hvaðeina, sem verða má sýslunni til gagns, og önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um. Sannleikurinn er og sá, að sýslufélögin mörg hver hafa á liðnum árum beitt sér fyrir hinum fjölþættustu verkefnum á sviði mennta-, heilbrigðis- og atvinnumála, svo að dæmi séu nefnd. Þau hafa átt hlut að byggingu og rekstri bókasafna, skóla, bókaútgáfu, félags- og elliheimila, sjúkrahúsa og stutt að góðri og öruggri læknisþjónustu og heilsugæzlu með öllum ráðum. Þá hafa sýslunefndir unnið að margþættum hagsmunamálum héraðanna, sem efst eru á baugi hverju sinni og of langt yrði upp að telja, en ég minni t. d. á rafvæðingu byggðanna. Starf og framtak sýslunefnda er þó að sjálfsögðu nokkuð misjafnt eftir aðstæðum í hverju héraði fyrir sig.

Í 101. gr. sveitarstjórnarlaga segir um tekjuöflun sýslusjóða, að samin skuli árleg áætlun um tekjur og gjöld. Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana eftir vissum reglum, eins og segir í lögunum. Þó að svona sé tekið til orða, má heita, að sýslusjóðsgjaldið, sem hrepparnir standa undir og greiða, sé hinn eini tekjustofn sýslusjóða. Undanfarið hefur mikið verið rætt um tekjustofna ríkis og sveitarfélaga, en hvað um sýslufélögin? Hefur hagur þeirra nokkuð verið skoðaður í ljósi umræddrar þál.?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég minnist þess ekki, að þessi fsp. hafi borizt til mín, og hef þannig ekki látið fara fram neina könnun á því, hvernig

þetta standi. Mér er hins vegar fullkunnugt um það, að tekjustofnar sýslufélaga eru mjög naumir og hlutverk þeirra margvíslegt, og svo hefur verið um langa hríð. Er nú mjög á dagskrá, hvernig eigi að skipa þeim verkefnum, sem undir sýslufélögin hafa til þessa fallið og falla enn með tilkomu hinna svokölluðu landshlutasamtaka. Nú gæti það vitanlega gert stórt strik í reikninginn um það, hvert yrði verkefni sýslufélaganna í framtíðinni, ef hin samtökin, landshlutasamtökin, sem nú eru þegar stofnuð í öllum landsfjórðungum, tækju að verulegu leyti við hlutverki sýslufélaganna. Þessi mál eru nú í deiglu og endurskoðun sveitarstjórnarlaga fram undan, og hygg ég, að svarið við því, hvernig verði hagað útvegun tekjustofna fyrir sýslufélögin, hljóti að fara mjög eftir því, hvert verður þeirra endanlega verksvið, þegar sveitarstjórnarlög hafa verið endurskoðuð.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin, þó að þau væru satt að segja ekki ýkja uppbyggjandi, en ég treysti honum eigi að síður til þess að láta skoða þessa þál., og rannsaka þetta mál, ekki síst þar sem mér er kunnugt um, að hann á sjálfur sæti í sýslunefnd — a. m. k. síðast þegar ég vissi. **(Félmrh.:** Það var rætt um það á sýslufundinum í dag.) Það er einmitt það. En af því að þessi þál. virðist koma svo ókunnuglega fyrir sjónir, þá ætla ég að leyfa mér að lesa hana upp. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta svo fljótt sem auðið er hefjast handa um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga í því skyni að setja skýrari ákvæði um tekjustofna sýslufélaga og sjá þeim fyrir nægilegum tekjum til þess að mæta lögboðnum og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum."

Það er rétt, að hæstv. ráðh. vék að landshlutasamtökum sveitarfélaga, og mér er það fullljóst, að það er miklu meira í tízku nú á tímum að tala um þessi landshlutasamtök en sýslurnar. Eigi að síður álít ég, að það eigi að gefa þessu máli fullan gaum, ekki síst þar sem því hefur verið lýst á Alþ. nú nýverið, að haldið verði áfram að skoða málefni sveitarfélaga um tekjustofna og annað. Og hæstv. ráðh. gat þess sérstaklega, að þessi mál væru öll í deiglunni. En eins og ég vék að áðan, má fyllilega leiða af orðalagi 101. gr. sveitarstjórnarlaga, að hugmyndin hafi verið að afla sýslufélögum nýrra megintekjustofna, þegar þau lög voru sett. Ég sýndi einnig fram á og rakti hið mikla og margþætta hlutverk, sem sýslufélögum er ætlað að rækja enn í dag. Það er augljóst mál, að mikið fé þarf til að standa straum af þeim verkefnum öllum. Ég tel því fulla nauðsyn á því, að þessi mál séu vandlega skoðuð og sýslufélögin efld með fullnægjandi og öruggum tekjustofnum til að leysa lögboðin og mikilvæg viðfangsefni vel af hendi framvegis. Umfram allt: Gleymið ekki sýslunum, þó að munað sé vel eftir landshlutasamtökum sveitarfélaganna.

42. Heilbrigðislöggjöf.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til heilbr.- og trmrh. um frv. að nýrri heilbrigðislöggjöf [215. mál, 1] (A. 438).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Það er alllangt síðan fsp. sú, sem hér um ræðir, var borin fram. Henni var beint til hæstv. heilbr.- og trmrh., og þannig vill nú til, að nú, þegar hún kom á dagskrá, þá var mér fengið frv. í hendur, nákvæmlega um leið og ég gekk í stólinn. Það þykir mér mjög vænt um, en ástæðan til þess, að hún var borin fram, er sú, að fyrrv. heilbr.- og trmrh. skipaði nefnd til þess að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðislöggjafarinnar. Nefndin skilaði ítarlegri grg. og tillögum fyrir ári síðan. Þær hafa nú verið til endurskoðunar og athugunar hjá mörgum aðilum, og árangurinn er nú frv. það til laga, sem ég var að fá í hendurnar.

Það er mín skoðun, að þessi óvissa, sem hefur ríkt um framtíðarskipulag heilbrigðismálanna, hafi valdið svolitlum örðugleikum í framkvæmd ýmissa þátta þeirra nú upp á síðkastið, og m. a. er mér kunnugt um, að víða um land ríkir mikil eftirvænting og má segja, að örlög vissra byggðarlaga geti mótazt mjög af þeirri ákvörðun, sem nú verður tekin um framtíð heilbrigðisþjónustunnar á þessum svæðum. Í því uppkasti, sem nefndin lagði fram fyrir ári síðan, varð allgagngner breyting á skipun heilbrigðisþjónustunnar. Héraðslæknisembættum var fækkað niður í sjö, og þar af skyldi einn héraðslæknir sjá um meiri hluta allra landsmanna, þ. e. héraðslæknirinn í Reykjavík, en nú er eftir að sjá, hvað þetta frv. til l. hefur að geyma.

Það er ekki sízt fólkið úti á landi, sem bíður eftir þessu, eins og ég sagði, til þess að fá að vita, hvernig heilbrigðisþjónustu þess verður hagað í framtíðinni. Við vitum öll um það, að til stendur að byggja heilsugæzlustöðvar víða um landið, en vissir staðir og þá ekki sízt sum sjávarpláss norðan- og vestanlands munu verða jafnvel verr sett en áður, og vona ég, að nú hafi verið bætt um í því efni og endurskoðun þessi hafi borið árangur í þessu tilliti.

Þá eru það ýmis atriði heilbrigðisþjónustunnar, sem eru nú ofarlega í huga og eru í raun og veru mjög illa stödd. Þar má m. a. geta um málefni áfengis- og geðsjúklinga. Það er áreiðanlega mörgum orðin forvitni að heyra frá hæstv. ríkisstj., hvað hún hyggst gera til að leysa vanda þessara stóru hópa, sem hér er um að ræða. Varðandi áfengissjúklingana er kannske um tvíþættan vanda að ræða. Það er í fyrsta lagi að ráða við vanda þeirra, sem eru fjársjúkir af drykkju og þurfa skyndihjálp. Það hefur lengi verið nauðsyn að koma á fót hér á landi einhvers konar upptökuheimili. Það var reynt

einu sinni. Það gekk sæmilega vel meðan það starfaði. Síðan var það lagt niður. Ég lít svo á, að það hafi verið til hins verra að gera það. En upptökuheimili, þar sem fram getur farið bæði rannsókn og fyrsta hjálp við drykkjusjúka og ekki sízt við þá, sem eru ekki orðnir „krónískir" alkóhólistar, heldur tiltölulega stutt komnir á þeirri leið, slíkt heimili álít ég höfuðnauðsyn að við fáum sem fyrst hér á landi, og við getum þá á vegum þess heimilis líka athugað um hagi þess fólks, sem er að verða „krónískir" alkóhólistar, getum athugað félagslegar ástæður þess og fengið sérfræðilega hjálp því til handa.

Það hefur heyrzt, að til stæði að reisa 20 rúma sjúkradeild fyrir „króníska" alkóhólista. Slíkt er sannarlega úrbót. En þegar maður lítur til þess, hve þær stofnanir, sem nú eru í gangi, eru fjarri því marki að geta fullnægt sínum verkefnum, þá hef ég grun um, að þetta muni ekki fullnægja allri þörfinni.

Eitt af því, sem er mjög erfitt hjá okkur í dag og sem háir heilbrigðisþjónustunni verulega, eru vandkvæðin með að ráðstafa langlegu- og hjúkrunarsjúklingum. Oft hefur nú ástandið verið slæmt í þessum efnum. Þó held ég, að það sé jafnvel verra nú en nokkru sinni fyrr. Orsökin virðist fyrst og fremst vera skortur á rúmum fyrir þessa sjúklinga. Þeir liggja á öllum mögulegum hjúkrunar- og sjúkrahúsum í landinu og stundum á dýrari stofnunum en nokkur þörf er á og hafa þess vegna bein áhrif á möguleika þessara stofnana til þess að sinna sínum raunverulegu verkefnum, sem eru rannsóknir og lækning á skyndiveikindum. En sjúkradeildir elliheimila og annarra stofnana, sem vista langlegusjúklinga, eiga nú erfiðara en oftast áður, og þess vegna vonast ég til, að við fáum að heyra eitthvað um eða sjá í þessu frv., það var vonazt til þess, að aðstoð ríkisins mundi aukast við sveitarfélög, er vildu koma hjúkrunarheimilum á fót, og ég vonast til, að svo verði.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi benti á, þá hefur fsp. hans þegar verið svarað í verki.

43. Elliheimili.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til heilbr.- og trmrh. um hlutdeild ríkisins í byggingu elliheimila [215. mál, 3] (A. 438).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þegar ég var einu sinni í vetur fjarverandi — aldrei þessu vant — frá þingi, þá átti sæti hér varamaður minn, frú Bjarnfríður Leósdóttir. Hún leyfði sér þá að leggja fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. Fsp. þessi er svo hljóðandi:

„Í málefnasamningi ríkisstj. er ákvæði um, að sett verði löggjöf um hlutdeild ríkisins í byggingu elliheimila. Hvað líður undirbúningi að framkvæmd þessa atriðis?"

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. vil ég geta þess, að árið 1967 skipaði þáv. félmrh. nefnd til að gera tillögur um bætta aðbúð aldraðra á öðrum sviðum en í lífeyrissjóðs- og tryggingamálum. Þessi nefnd vann allmikið starf, og það var tekið mið af niðurstöðum hennar í þeirri löggjöf um tryggingamál, sem samþ. var hér á Alþ. Þegar ég tók við störfum í heilbr.- og trmrn., þá hafði ég samband við formann þessarar nefndar, vegna þess að ég taldi, að nm. hefðu kannað vandamál aldraðra alveg sérstaklega, og síðan endurskipulagði ég þessa nefnd og bað hana að semja frv. til l. um dvalarheimili aldraðra. Í þessari nefnd eiga sæti Erlendur Vilhjálmsson, og er hann formaður nefndarinnar, Jón Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Vigfús Jónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Ása Ottesen og Páll Sigurðsson. Nefndin hefur þegar samið drög að slíku frv., en hún ákvað að ganga ekki endanlega frá því, fyrr en hún gæti haft frv. til l. um heilbrigðisþjónustu til hliðsjónar — það frv., sem útbýtt var hér í deild rétt áðan. En á næstunni mun nefndin ganga endanlega frá frv. sínu og væntir þess að geta afhent mér það fljótlega, og ég geri mér vonir um að geta lagt það fyrir hið háa Alþingi, áður en það verður sent heim, til kynningar, þó að ég ætlist ekki til þess, að það verði afgreitt á þessu þingi. Hvað sjálft málið varðar, þá hef ég aflað mér vitneskju um það, sem nefndin hefur orðið sammála um að taka upp í væntanlegt frv. um dvalarheimili aldraðra. Og það eru þessi atriði:

Í fyrsta lagi verða dvalarheimili skilgreind þannig, að þau séu stofnanir fyrir aldraða fólk, sem ekki getur dvalizt í heimahúsum, en þarf ekki að vistast á sjúkrahúsi. Til dvalarheimilis telst þannig allt húsnæði þess, sem er til afnota fyrir vistfólk, hvort heldur það er byggt í einni samfelldri heild eða í smærri einingum. Dagdvalarheimili séu lögð að líku við dvalarheimili.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að ríkisstyrkur til dvalarheimila á vegum sveitarfélaga verði ⅓ af byggingarkostnaði og kaupverði nauðsynlegra tækja. Heimili á vegum annarra verði einnig styrkt, en ekki hefur nefndin enn ákveðið, í hvaða formi eða að hve miklu leyti.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að leita skuli samþykkis rn. á áætlunum um byggingarframkvæmdir og starfrækslu á heimilunum.

Í fjórða lagi skal upphæð vistgjalda á dvalarheimili samþykkt af daggjaldanefnd og miðast við, að þau standi undir rekstri.

Í fimmta lagi er um það talað, að rn. hafi eftirlit með rekstri og fyrirkomulagi dvalarheimilis og geti sent trúnaðarmann sinn til að athuga þessi atriði.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir því, að rn. setji samkv. lögum reglugerð, þar sem m. a. verði kveðið á um

starfslið, húsakynni og annan aðbúnað með það fyrir augum, að vistmenn geti lifað sem eðlilegustu lífi.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir því, að vistmenn fái aðild, annaðhvort fulla eða að nokkru leyti, að stjórn heimilisins og a. m. k. svo mikla, að öruggt sé, að þeir geti komið sínum sjónarmiðum að í sambandi við fyrirkomulag og rekstur heimilisins.

Eins og ég gat um áðan, geri ég mér vonir um að geta lagt frv. um þetta efni fyrir þetta þing til kynningar, og geta þá bæði sveitarstjórnir haft mið af því frv. í sambandi við áform sín fyrir næsta ár, og einnig teldi ég eðlilegt, að slíkt frv. yrði haft til hliðsjónar, þegar gengið er frá gerð fjárlaga fyrir næsta ár. Ég tel, að hér sé um mjög veigamikið mál að ræða og mjög væri æskilegt, ef hægt væri að samþykkja nýja löggjöf um þetta efni á þessu ári, þ. e. á haustþinginu, þannig að framkvæmdir samkv. því gætu hafizt á næsta ári.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans.

44. Menningarsjóður félagsheimila.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um menningarsjóð félagsheimila [215. mál, 4] (A. 438).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á Alþ. voru hinn 4. maí 1970 samþykktar breytingar á gildandi lögum um félagsheimili. Meginatriði breytinganna var það, að komið var traustum fjárhagsgrundvelli undir Félagsheimilasjóð, sem átt hafði í fjárhagsörðugleikum um alllangt skeið. En jafnframt var í 1. gr. þessa frv. tekið nýmæli, mjög merkilegt nýmæli að mínum dómi, um starfsemi í félagsheimilunum, þ. e. um menningarsjóð félagsheimila. En síðasta mgr. 1. gr. þessara laga hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Styrkveitingu til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris af samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili."

Þetta nýmæli var í frv. því, sem ég hafði flutt á sínum tíma, vegna þess að ýmsum hafði fundizt, að í félagsheimilum kvæði of mikið að ýmiss konar skemmtistarfsemi og hreinni fjáröflunarstarfsemi, en minna en skyldi að ýmislegri nauðsynlegri menningarstarfsemi. Með þessu móti átti að tryggja, að hægt væri að stuðla að heilbrigðri menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Með hliðsjón af því, að tekjur Félagsheimilasjóðs hafa á undanförnum árum verið um 15 millj. kr. á ári, var því hér um að ræða um 1.5 millj., sem í þessu skyni skyldi notað.

Það var augljóst mál á vorinu 1970, að menningarsjóður félagsheimila gæti ekki tekið til starfa haustið 1970, því að þá hafði svo lítið í hann safnazt, en hins vegar var gert ráð fyrir því, að hann tæki til starfa haustið 1971. Nú átti það sér hins vegar ekki stað, þó að allmikið fé hljóti þá að hafa verið komið í sjóðinn, og þess vegna er þessi fsp. fram borin, hvers vegna Félagsheimilasjóður hafi ekki tekið til starfa á s. l. hausti og þá hvenær honum sé ætlað að taka til starfa.

Það kom enn fremur í ljós, að menntamálaráð ákvað fjárveitingu úr Menningarsjóði, 1 millj. kr. á árinu 1972, til nákvæmlega sömu verkefna og menningarsjóði félagsheimila er ætlað að standa undir. Sú samþykkt var tilkynnt með þeim hætti, að nærri lá að ætla, að forvígismönnum Menningarsjóðs væri ekki kunnugt um, að þegar væri búið að stofna menningarsjóð félagsheimilanna til að halda uppi menningarstarfsemi í þessum stofnunum. Að sjálfsögðu ber því að fagna, ef menntamálaráð vill úr Menningarsjóði leggja viðbótarfé til að halda uppi menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Það er alltaf hægt að nota fé í jafngóðu skyni og hér er um að ræða, en þá er auðvitað nauðsynlegt að samræma hagnýtingu þess fjár, sem rennur í menningarsjóð félagsheimilanna annars vegar, og viðbótarfjár, sem kann að koma hverju sinni úr Menningarsjóði. Vænti ég, að um það geti enginn ágreiningur verið, að það þurfi að koma heildarstjórn á þessi mál, fyrst svo ánægjulega vill til, að fé berst úr tveimur áttum til að halda uppi þessari starfsemi.

En aðalatriðið í fsp. er sem sagt að fá upplýsingar um það, hvaða fyrirætlanir séu á döfinni um starfrækslu menningarsjóðs félagsheimila, sem allar götur frá því vorið 1970 hefur haft sérstakan starfsmann til þess að undirbúa þessa mjög svo nauðsynlegu starfsemi.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. hefur borið fram fsp. um menningarsjóð félagsheimila, sem svo hljóðar:

„Hvers vegna var listkynning og önnur menningarstarfsemi ekki hafin í félagsheimilum á s. l. hausti, eins og fyrirhugað var, sbr. ákvæði í lögum nr. 57/1970 um, að 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs skuli renna í menningarsjóð félagsheimila og verja til menningarstarfsemi í þeim?"

Ákvæðið, sem vitnað er til í fsp., er í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 57 1970 um breyt. á lögum nr. 77 frá 15. júní 1947 um félagsheimili og er á þessa leið:

„Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Styrkveitingu til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris af

samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili."

Lagabreyting þessi var staðfest 12. maí 1970. Með bréfi þáv. menntmrh., dags. 6. júlí 1971, var Kristinn Hallsson söngvari ráðinn með tilvísun til framangreindra ákvæða til þess að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum og gera tillögur til menntmrn. um ráðstöfun menningarsjóðsins í samræmi við lagaákvæðin, og var tekið fram, að rn. mundi hafa samráð um tillögurnar við fræðslumálastjóra og íþróttanefnd, áður en endanlegar ákvarðanir yrðu teknar. Jafnframt var Kristni falið að athuga í samráði við forvígismenn einstakra félagsheimila, hvernig hagnýta mætti þau í þágu listkynningar menntmrn. fyrir skólanemendur.

Í ágúst s. l. fóru fram viðræður milli Kristins Hallssonar og menntmrn. um, hvernig að þessum málum skyldi staðið. Taldi rn. nauðsynlegt, að settar yrðu ákveðnar reglur um menningarsjóð félagsheimila, áður en starfsemi hans hæfist, og var Kristni falið að gera drög að slíkum reglum. Þau drög afhenti hann skömmu seinna, og voru þau síðan athuguð í ráðuneytinu.

15. okt. s. l. skrifaði íþróttafulltrúi rn. bréf og skýrði frá því, að fræðslumálastjóri og íþróttanefnd, þ. e. þeir aðilar, sem gera tillögur um styrkveitingar úr Félagsheimilasjóði, hefðu á fundi sínum 13. sama mánaðar samþykkt að mælast eindregið til þess, að nauðsynlegar ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að stofnun menningarsjóðs félagsheimila yrði frestað í fimm ár. Var sú beiðni studd þeim rökum, að þar sem enn væri ólokið að greiða áætlaða þátttöku í byggingarkostnaði 70 félagsheimila, væri notkun 10% af tekjum sjóðsins í annað en byggingarstyrki ótímabær. Rn. tók hins vegar þá afstöðu, að það teldi eigi fært að fallast á að fresta framkvæmd ákvæðanna um menningarsjóð félagsheimila, og voru endurskoðuð drög að reglum um sjóðinn send íþróttanefnd og fræðslumálastjóra til umsagnar í jan. s. l.

Í svari sínu, dags. 21. febr. s. l., vísuðu þessir aðilar til fyrri ályktunar sinnar um frestun á framkvæmd málsins og töldu í framhaldi af þeirri afstöðu ekki ástæðu til að hafa afskipti af samningu reglna um menningarsjóð félagsheimila. Rn. staðfesti að því búnu reglurnar um sjóðinn. Eru þær dags. 1. marz 1972 og voru þá sendar Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindum til birtingar. Í reglunum er m. a. tekið fram, að sjóðnum sé ætlað að stuðla að flutningi á leikhúsverkum, listdanssýningum, tónleikahaldi, bókmenntakynningu og annarri menningarstarfsemi, sem aðstaða er fyrir í félagsheimilum, og ákvæði er um, hvernig styrkgreiðslum í því sambandi skuli hagað.

Þá segir í reglunum, að óskum og tillögum forráðamanna félagsheimila um dagskrár til flutnings með stuðningi menningarsjóðs félagsheimila skuli beint til starfsmanns sjóðsins, sem ráðinn sé af menntmrn. Hann geti og af sinni hálfu leitað samráðs við félagsheimilin um flutning á dagskrárefni, er hann telji falla undir verksvið sjóðsins. Starfsmaðurinn gerir tillögur til menntmrn. um veitingu fjárstuðnings úr sjóðnum og vinni eftir þörfum að undirbúningi og skipulagningu verkefna, sem valin eru til flutnings.

Við gerð tillagna um ráðstöfun tekna félagsheimilasjóðs hefur frá því að lagaákvæðin um menningarsjóð félagsheimila tóku gildi, verið gert ráð fyrir, að 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs rynnu til menningarsjóðs, eins og ákveðið er í lögunum.

Hv. fyrirspyrjandi lét svo um mælt í framsöguræðu sinni fyrir þessari fsp., að hann teldi, að um mjög merkilegt nýmæli væri að ræða, þar sem er stofnun menningarsjóðs félagsheimila, og skal ég ekki draga úr því. En mér fannst liggja í orðum hans, að hann telji kynlegt, að þessi sjóður skuli ekki hafa tekið til starfa þegar s. l. haust, eins og fyrirhugað var, segir í fsp. hans. Því vil ég benda á það, að hv. fyrirspyrjandi fór með þessi mál, þegar lagabreytingin var staðfest hinn 12. maí 1970, en bréf sitt til Kristins Hallssonar söngvara til að hrinda í framkvæmd því, sem þar voru ákvæði um, sendi hann ekki fyrr en 6. júlí 1971, 14 mánuðum eftir að lögin gengu í gildi.

Hafi orðið ótilhlýðilegur dráttur á framkvæmd þessa ákvæðis, þá tel ég, að hann sé a. m. k. að ⅔ á ábyrgð fyrirrennara míns.

Varðandi ákvörðun Menningarsjóðs um að hefja á ný þá starfsemi, sem sú stofnun rak um skeið með góðum árangri og nefndist „List um landið", vil ég taka það fram, að mér er kunnugt um, að milli forráðamanna Menningarsjóðs og þess manns, sem ráðinn hefur verið til að veita forstöðu menningarsjóði félagsheimila, hafa farið fram viðræður, sem miða að því, að milli þessara aðila takist samstarf og samhæfing, sem eðlileg er og þörf er á vegna þessarar starfsemi.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Það hefur komið greinilega fram í svari hæstv. ráðh., að sá dráttur, sem orðið hefur á framkvæmd málsins, á rót sína að rekja til andstöðu við málið af hálfu íþróttanefndar ríkisins og fræðslumálastjóra. Ég áfellist hæstv. ráðh. ekki í þessu sambandi eftir þær upplýsingar, sem hann hefur um málið gefið.

Ég kemst ekki hjá hinu, að láta í ljós mikla undrun á því, að íþróttanefnd og fræðslumálastjóri skuli hafa gert í tvígang tilraun til þess að tefja framgang nauðsynjamáls eins og þess, sem hér er um að ræða. Mér var hins vegar kunnugt um það, áður en ég beitti mér fyrir þeirri lagasetningu, sem hér er um að ræða, að þessir aðilar voru ekki hrifnir af tillögugerð minni varðandi þetta, fyrst í ríkisstj. og síðan hér á hinu háa Alþingi, og við því er ekkert að segja. En Alþ. var búið að segja sitt síðasta orð um málið. Alþ. var búið að ákveða, að 10% af fé Félagsheimilasjóðs skyldu renna til menningarstarfsemi í félagsheimilunum, og því endurtek ég það, að ég tel það furðuleg vinnubrögð af hálfu embættismanna þeirra, sem hér eiga hlut að máli, að þeir skuli gera tilraun til að tefja endanlega afgreiðslu eða framkvæmd rn. á máli, sem Alþ. er búið að taka ákvörðun um.

Hinu verð ég hins vegar að andmæla, að sá dráttur, sem því miður hefur orðið á þessu, sé að einhverju leyti á mína ábyrgð sem fyrrv. menntmrh. Í alvöru getur engum manni dottið í hug, að ég hafi átt að skipa framkvæmdastjóra fyrir þessa starfsemi, áður en ár væri liðið frá því að lögin tóku gildi. Það hefði verið bruðl með ríkisfé, ef það fyrsta, sem ég hefði gert, hefði verið að ráða framkvæmdastjóra fyrir tekjur Félags-

heimilasjóðsins, enda aldrei ráð fyrir öðru gert en að fyrst yrði safnað í eitt ár t. d. fé í sjóðinn og síðan yrði ráðinn maður til að gera tillögur um ráðstöfun fjárins. Það var því algjörlega eðlilegt, að ég léti eitt ár líða frá því að lögin tóku gildi, þangað til ég gerði ráðstafanir til þess, að þau gætu komið til framkvæmda, enda gerði ég það. Um það bil ári eftir að lögin tóku gildi var framkvæmdastjóri skipaður og honum falið að gera tillögur um það, hvernig þessum málum skyldi hagað. Um þetta held ég, að geti ekki verið nokkur ágreiningur milli skynsamra og sanngjarnra manna, og ég vísa því á bug öllum ummælum í þá átt, að ég hafi ekki haft þann hraða á málinu, sem nokkur skynsemd og sanngirni var í að búast við, að hafður yrði. Mér var þetta mál mikið áhugamál á sínum tíma og hafði beitt mér fyrir því í langan tíma, að þessi lagaákvæði yrðu tekin upp. Þau voru tekin upp vorið 1970, og ég gerði fyrir mitt leyti, meðan ég var í menntmrn., það sem allir skynsamir og sanngjarnir menn munu telja, að hafi verið réttmætt varðandi framkvæmd málsins, enda hefði það verið undarlegt, ef jafnmikill áhugamaður um framkvæmd þessa máls og ég hefði látið undir höfuð leggjast að hrinda því með skynsömum hætti í framkvæmd.

45. Egilsstaðaflugvöllur.

Á deildafundum 20. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um Egilsstaðaflugvöll [225. mál, 1] (A. 474).

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 48 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Fsp. þessa til hæstv. samgrh. bar hér fram skömmu fyrir páskaleyfi varamaður hæstv. viðskrh., þáv. hv. 2. þm. Austf., Sigurður Blöndal. Þar sem hann er nú horfinn af þingi, þá ætla ég að fylgja fsp. úr hlaði með örfáum orðum að beiðni hans.

Ekki þarf að taka það fram, að greiðar samgöngur og öryggi í samgöngum eru hiklaust veigamiklar kröfur allra í dag. Ekki sízt eiga þær við hjá fólki, sem þarf á þær að treysta í fjölmörgu tilliti, og til þessa hlutverks er flugið kjörið öðrum samgönguþáttum betur.

Austfirðingar búa við mesta fjarlægð frá Reykjavík — þeirri miðstöð í hverju einu, sem sífellt þarf til að leita með smátt og stórt. Austfirðingum er því kappsmál, að flugsamgöngur við fjórðunginn séu sem greiðastar. Mikið hefur áunnizt í þessum efnum, en eitt er það þó, sem skyggir mjög á um þennan mikilvæga þátt samgangna okkar, en það er ásigkomulag Egilsstaðaflugvallar, sem er vægast sagt í bágbornara lagi nú. Það hefur æðioft komið fyrir nú í vetrarhlýindunum, að flugvöllurinn hefur verið lokaður vegna aurbleytu, sömuleiðis oft verið þar illlendandi af sömu ástæðu, þó gert hafi verið og þá tekin sú mikla áhætta, sem af aurbleytunni gæti stafað. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi — dæmi, sem ég þekki af eigin raun og sem ásamt mörgu fleiru knýr á um það, að sem fyrst verði hafizt handa til úrbóta, eins og fsp. þessi lýtur að.

Í fyrsta lagi er spurt: „Er búið að gera áætlun um endurbyggingu Egilsstaðaflugvallar?“ Og í framhaldi af því: „Ef svo er, hvenær er þá gert ráð fyrir, að framkvæmdir geti hafizt?“

Þessi fsp. byggist á því — þessir báðir liðir — að hér duga ekki lagfæringar, heldur þarf til að koma algjör endurbygging vallarins. Sú endurbygging hygg ég, að sé ekki deilumál, heldur veit ég ekki annað en að það sé staðreynd, að þetta sé álit allra þeirra, sem hér til þekkja og af þekkingu mega tala um þessi mál.

Ég vil ekki rekja hér í stuttri fsp. rök með endurbyggingu vallarins, en þau munu vera þungvæg og öll á einn veg. Í tengslum við þessa endurbyggingu Egilsstaðaflugvallar, sem ótvírætt er hin mesta nauðsyn, kemur fram sú spurning, sem er í c-lið fsp., svo hljóðandi: „Er ekki mögulegt að sameina þá endurbyggingu þörfinni fyrir alþjóðlegan varaflugvöll?“

Hér er komið inn á veigamikið atriði og eflaust allviðkvæmt, en það hlýtur ósjálfrátt að tengjast hinum tveim. Spurningin hlýtur að verða um það, hvort hér eigi aðeins að hyggja að endurbyggingu vallarins sem innanlandsflugvallar eða hvort endurbyggingin eigi að verða með hitt atriðið að leiðarljósi einnig.

Það er því eðlilegt og sjálfsagt, að um þetta sé spurt jafnhliða.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Efnislega hefur flugmálastjóri gefið upplýsingar þær, sem hér fara á eftir, út af fsp. Sigurðar Blöndals varaþm.

Fyrst var spurt: „Er búið að gera áætlun um endurbyggingu Egilsstaðaflugvallar?“ Í öðru lagi: „Ef svo er, hvenær er þá gert ráð fyrir, að framkvæmdir geti hafizt?“ Og í þriðja lagi: „Er ekki mögulegt að sameina þá endurbyggingu þörfinni fyrir alþjóðlegan varaflugvöll?“

Í jan. 1970 var gerð áætlun um jarðvegsskipti í núverandi flugbraut á Egilsstöðum. Áætlað var þá, að kostnaður við þetta yrði um 15½ millj. kr., og hefur sú upphæð að sjálfsögðu hækkað verulega síðan miðað við núgildandi verðlag. Í þessari upphæð var malbikun á flugbrautinni ekki innifalin, og mundi því vegna þeirrar framkvæmdar enn fremur bætast við allhá upphæð. Það er því gefinn hlutur, að þarna yrði um að ræða 20—30 millj. kr. upphæð við endurbyggingu flugbrautarinnar.

Áður en ráðizt verður í svo mikla og dýra framkvæmd, hefur flugráð samþykkt að láta kanna, hvort annar staður á Héraði kæmi frekar til greina sem flugvallarstæði, þar sem jarðvegur er mjög gljúpur á nokkrum hluta flugbrautarinnar, en það hefur komið í ljós við boranir, sem framkvæmdar hafa verið til þess að kanna undirstöðu flugvallarins. Þá þykir og rétt að hafa jafnframt í huga möguleika á því, að þar gæti í framtíðinni komið varaflugvöllur fyrir utanlandsflugið,

og hefur verið samþykkt að verja ½ millj. kr. til frumathugunar á legu nýrrar flugbrautar, og verða þær athuganir framkvæmdar nú í sumar, en ef það yrði niðurstaðan, sem ekki gæti orðið fyrr en að lokinni rannsókn, þá kæmi jafnvel til mála að færa flugvöllinn á Egilsstöðum alveg úr stað á annað svæði á Héraði.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. skýr og greinargóð svör hans og sérstaklega ítreka einmitt eftir þeim svörum, sem hann gaf, nauðsyn þess, að það verði rækilega athugað, hvernig samræma megi hvort tveggja, endurbyggingu Egilsstaðaflugvallar og gerð flugvallar fyrir millilandaflug, og um leið auðvitað leggja áherzlu á það, að endurbyggingu vallarins verði hraðað sem allra mest að þeim nauðsynlegu athugunum loknum.

46. Smíði strandferðaskipsins Heklu.

Á 22. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt frá Ed.:

Fsp. til samgrh. um ákvarðanir byggingarnefndar strandferðaskipa varðandi smíði strandferðaskipsins Heklu [128. mál] (A. 172).

Á 29. fundi í Ed., 13. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 12 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 10. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 12. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þeirri fsp., sem nú er á dagskrá, var beint til mín snemma á þessu þingi af hv. varaþm. Tómasi Karlssyni. En þar sem hann hefur ekki átt sæti aftur í d., hefur fsp. ekki komið á dagskrá fyrr en nú fyrir nokkrum dögum. Þá var ég hins vegar ekki við látinn til þess að svara henni. Sú regla mun gilda um fsp., sem bornar eru fram í d., að þeim sé ekki svarað næsta þriðjudag eftir að þær eru bornar fram, eins og í Sþ., heldur þegar ráðh. tilkynnir, að hann sé til með svarið. Þetta var mér ekki ljóst. En ég hafði það svar, sem hér verður gefið, til reiðu fyrir löngu síðan. Þetta á væntanlega ekki að koma að sök.

Þessi fsp. Tómasar Karlssonar er í fjórum liðum. Þar sem ég var ekki nálægur þegar byggingarnefndin starfaði, þá eru upplýsingar þær, sem hér verða gefnar, gefnar af ráðuneytisstjóra samgrn., Brynjólfi Ingólfssyni, og Ólafi St. Valdimarssyni.

Fyrsta spurningin var á þessa leið:

„Hvaða röksemdir eða ástæður lágu til þess, að byggingarnefndin vék frá upphaflegum smíðaáformum um Heklu og keypti aðra og óhagkvæmari gerð skipsskrúfu, sem hafði í för með sér, að breyta þurfti byggingu skipsins og veikja styrktarbönd að aftan, auk þess sem setja varð stórt kasthjól á vélarás?“

Svar við þessari spurningu er á þessa leið: Smíðalýsingu strandferðaskipanna gerði hollenzka fyrirtækið Nescos á vegum Skipaútgerðar ríkisins. Í smíðalýsingunni voru sérstaklega nefndar tvær gerðir af skiptiskrúfum, hollenzk og sænsk. Ákveðið var endanlega að kaupa Lips-skrúfur, og var hér því ekki um neitt frávik frá upphaflegum smíðaáformum að ræða. Lips var valin vegna þess, að verð þeirrar skrúfu var verulega lægra. Lips er heimsþekkt skipaskrúfuverksmiðja og hafði verið Skipaútgerð ríkisins að góðu kunn um áratugi m. a. í sambandi við tveggja skrúfu farþegaskipin Esju og Heklu, sem smíðuð voru bæði í Álaborg. Engir sérstakir gallar hafa heldur komið fram á skrúfum nýju strandferðaskipanna. Endanlegir útreikningar framleiðenda aðalvéla, sem voru Deutz-vélar, og skipaskrúfuframleiðenda, Lips, leiddu til stækkunar á svinghjóli aðalvélar frá því, sem Deutz virðist í upphafi hafa hugsað sér. En ekkert liggur fyrir um það, að jafnstórt svinghjól hefði ekki þurft í sambandi við hvaða skiptiskrúfu sem keypt hefði verið. Slippstöðin gerði eða lét gera allar vinnuteikningar fyrir umrætt skip í samræmi við þessa útreikninga og þar með af frágangi öllum kringum umrædd svinghjól. Hér var því ekki um neina breytingu að ræða á fyrirframgerðri áætlun um smíði skipanna og því engin styrktarbönd veikt frá upphaflegum áformum. Slippstöðin framkvæmdi verulega endurbót á frágangi kringum umrætt svinghjól aðalvélarinnar í Heklu á s. l. hausti til þess að draga úr óeðlilegum hristingi skipsins, en auðvitað hefði verið auðveldara og kostnaðarminna að ganga vel frá þessu í upphafi, auk þess sem það var æskilegra fyrir skipasmíðastöðina og útgerð skipsins, en allt þetta verk var viðurkennt af flokkunarfélaginu Lloyd's register of shipping. — Þetta er svarið við fyrstu spurningunni.

Þá er önnur spurningin: „Hvers vegna var sú ákvörðun tekin að kaupa ljósavélar skipsins frá þremur framleiðendum í stað þess að kaupa þær í einu lagi?“

Svarið er á þessa leið: Byggingarnefnd strandferðaskipa hafði samþykkt, að Slippstöðin h. f. keypti þrjár Paxman-dísilvélar af ákveðinni gerð með English Electric rafölum fyrir hvort þeirra skipa, sem smíðað skyldi fyrir Skipaútgerðina, en tilboð um þetta lá fyrir frá umboðsmönnum Paxman-verksmiðjunnar hér, S. Stefánsson & Co. Slippstöðin vildi samt ekki samþykkja nefnt tilboð og kvaðst geta lagt nákvæmlega sömu Paxman-vélar til með þýzkum rafölum frá A. van Cakie í Frankfurt með hagstæðari kjörum. Af hálfu Slippstöðvarinnar var samið við Scandinavian Engineering í Kaupmannahöfn um milligöngu í þessu sambandi. Byggingarnefndin taldi sig ekki hafa ástæðu til að álíta, að rafalar frá vel þekktri þýzkri verksmiðju væru nokkru lakari að orku o. s. frv. en sams konar rafalar frá brezkri verksmiðju, og tenging, undirbygging og frágangur átti að vera viðráðanlegt verkfræðilegt viðfangsefni, sem byggingarnefndin hlaut að treysta, að Slippstöðin sæi um og ábyrgðist, að yrði í góðu lagi.

Varðandi það, að Slippstöðin gæti keypt umræddar vélasamstæður á hagstæðara verði en boðið hafði verið af umboðsmönnum Paxman hérlendis, gat það sprottið

af því, að Paxman byði vélar sínar á lægra verði til Þýzkalands en Íslands eða van Cakie byði rafala sína á hagstæðara verði en English Electric. Byggingarnefnd strandferðaskipa taldi ekki rétt að hindra, að Slippstöðin h. f. keypti nefndar vélasamstæður á þann hátt, sem hún taldi hagstæðast, enda kom lægra verð kaupanda þá að góðu. Það er þannig á misskilningi byggt, að Slippstöðin hafi keypt ljósavélasamstæðurnar af þremur aðilum, en Scandinavian Engineering kaupir hlutana frá dísilvélaframleiðanda og rafalaframleiðanda, setur vélasamstæðuna upp og selur síðan sem eina heild.

Þá er þriðja spurning á þessa leið eða þriðji liður fsp. á þessa leið: „Hvers vegna var ekki gengið tryggilega frá samningum um fullar bætur vegna galla við kaup á ljósavélum skipsins, þótt seljendur væru þrír?"

Svarið er svo hljóðandi: Eins og áður greinir, keypti Slippstöðin ljósavélasamstæðurnar af einum aðila, Scandinavian Engineering. Sá byggingarnefndin alls ekki ástæðu til annars en treysta því, að Slippstöðin sæi um, að tæknileg atriði í sambandi við kaupin væru í fullu lagi. Byggingarnefndin veit ekki heldur til þess, að aðrir skilmálar hafi gilt í sambandi við þessi kaup en viðteknar viðskiptavenjur ákveða.

Svo er það að lokum fjórða spurningin: „Hvernig er háttað ábyrgð slíkra byggingarnefnda, og ber Slippstöðinni h. f. á Akureyri að taka á sig tjón og aukakostnað, sem af ákvörðunum byggingarnefndar hefur leitt? Hvernig hefur þeim kostnaði, sem hlotizt hefur af göllum, er fram hafa komið á Heklu, verið skipt?"

Svarið er á þessa leið: Byggingarnefndinni var falið að sjá um, að smíði strandferðaskipanna væri í samræmi við smíðasamning, sem ríkisstj. gerði við Slippstöðina h. f. um smíði skipanna og undirritaður var 9. marz 1968 af ráðherrunum Eggert G. Þorsteinssyni og Magnúsi Jónssyni. Í örfáum tilvikum voru frávik frá þessum samningi ákveðin, eftir að smíði hófst, svo sem um aukna ísstyrkingu og breytt fyrirkomulag við lestarop. Var jafnan leitað samþykkis ráðh. til slíkra breytinga. Aukakostnaður, sem slíkar breytingar höfðu í för með sér, var að sjálfsögðu greiddur af kaupendum skipanna.

Varðandi skiptingu kostnaðar, sem hlotizt hefur af göllum, er fram hafa komið á Heklu, skal það tekið fram, að samkv. smíðasamningi hefur Slippstöðin h. f. borið meginhluta af beinum kostnaði, en ábyrgðartími Slippstöðvarinnar af smíði skipanna er samkv. smíðasamningnum sex mánuðir frá afhendingu þeirra.

Þessa skýrslu um málið hafa þeir gefið Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri og Ólafur St. Valdimarsson fyrir hönd byggingarnefndar strandferðaskipa, og kann ég ekki þessa sögu lengri.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Fyrir hönd fyrirspyrjandans, sem nú á ekki lengur sæti hér í deild, leyfi ég mér að flytja hæstv. samgrh. þakkir fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið viðkomandi fsp. Efnislega hef ég ekki tök á að ræða svörin, geri ráð fyrir, að þau verði skoðuð betur af viðkomandi, en ég vildi láta koma fram þakklæti til ráðh. fyrir þau.

47. Sandgræðsla á Vestfjörðum.

Á deildafundum 20. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um sandgræðslu á Vestfjörðum [225. mál, 2] (A. 474).

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 49 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera fsp. til hæstv. landbrh. um sandgræðslu á Vestfjörðum. Spurt er um:

1. Hvað hefur framlag til sandgræðslu á Vestfjörðum numið hárri fjárhæð síðan lög nr. 17 1965 um landgræðslu voru sett?

2. Hvernig hefur fjárhæð þessi skipzt milli sandgræðslusvæða?

3. Verða sérstakar ráðstafanir gerðar til sandgræðslu á Sauðlauksdalssöndum í Rauðasandshreppi til að koma í veg fyrir eyðileggingu flugvallar, þjóðvegar og tveggja bújarða, sem eru nú í yfirvofandi hættu vegna sandfoks?

Tilefni þessara fsp. er það, að það er svo á Vestfjörðum sem víða annars staðar, að það þarf að vinna viss verk í sambandi við landgræðslu eða sandgræðslu. En það hefur orðið svo, að síðan lög um sandgræðslu voru sett árið 1965 hefur lítið verið um framkvæmdir eða ekkert á Vestfjörðum. Hins vegar eru þar brýn verkefni, og á ég þá sérstaklega við sandgræðslu á Sauðlauksdalssöndum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fsp. hv. 5. þm. Vestf. vil ég leyfa mér að svara með álitsgerð frá landgræðslustjóra, sem barst landbrn. þann 12. apríl s. l. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Fjárhæð sú, sem varið hefur verið til landgræðslu á Vestfjörðum síðan lög nr. 17 1965 voru sett, hefur numið 200—400 þús. kr. árlega eða sem næst 300 þús. kr. að meðaltali á ári.

2. Allt að 90% af ofangreindum fjárhæðum hefur verið varið til landgræðslu í Barðastrandarsýslu, einkum á Sauðlauksdalssöndum svo og í Breiðuvík og Kollsvík. Sáralitlu, eða 10% af þessum sömu fjárhæðum, hefur verið varið til landgræðslu í Bolungarvík og við Þórustaði í Önundarfirði, en þessi tvö síðastnefndu landgræðslusvæði eru að mestu gróið land.

3. Í þessu sambandi leyfi ég mér að vísa til bréfs míns dags. 31. jan. s. l. til hins háa rn., en í því bréfi er frá því greint, að Landgræðslan hefur engin tök á að taka fyrir sandfok á Sauðlauksdalssöndum, nema til komi sérstök fjárveiting. Samtímis má minna á, að landgræðslustöðvarnar eru orðnar 70 talsins og eru sumar þeirra mjög fjárfrekar. Má þar nefna t. d. svæðið á Landmannaafrétti, allt að 40 þús. ha lands að stærð."

Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að landbrn. barst í kringum áramótin bréf frá sýslumanninum í

Barðastrandarsýslu með ályktun, sem gerð hafði verið á fundi sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, og var hún svo hljóðandi:

„Sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu harmar aðgerðaleysi hins opinbera um heftingu sandfoks á Sauðlauksdalssöndum, þar sem eyðing jarða í nágrenninu blasir nú við af völdum sandfoksins. Skorar sýslunefndin á landbrh. og Landgræðslu ríkisins að hefjast þegar handa um að slétta sandana og græða þá upp, en með því væri einnig komið í veg fyrir spjöll á vegum og flugvelli. Treystir sýslunefndin því, að á þessum framkvæmdum verði ekki frekari dráttur en orðinn er."

Þetta bréf var sent Landgræðslu ríkisins, og barst landbrn. svar Landgræðslunnar, sem var dags. 31. jan. s. l., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sandfok á nefndu svæði var á sínum tíma að mestu stöðvað. Það eru einkum þrjár meginástæður fyrir því, að sandfok hefur aukizt aftur seinustu árin:

1. Fok úr fjörunni hefur alltaf verið til staðar, einkum 3—5 seinustu árin, sökum ríkjandi austanáttar.

2. Þetta hefur haft í för með sér, að melgrashólarnir hafa hækkað upp fyrir eðlileg takmörk, svo að úr þeim hefur blásið, sem ævinlega á sér stað, þegar hæð hólanna fer upp fyrir 4—5 m.

3. Flugvallargerðin á Sauðlauksdalssöndum hefur einnig átt drjúgan þátt í hinu nýja sandfoki, og má þá einnig geta um fjórðu ástæðuna, þ. e. að umsjónarmenn flugvallarins hafa oftsinnis rutt um koll melhólunum, sem myndazt hafa meðfram flugbrautinni, sem svo hefur orsakað sandfok."

Þetta er svar við þessari fsp. og skýringar þær, sem á bak við svarið liggja. Ég vil svo bæta því við, að á þessum fjárlögum var hækkuð verulega fjárveiting til landgræðslunnar frá því, sem áður hefur verið. Hins vegar treystir landgræðslustjóri sér ekki til þess að taka þetta mál til framkvæmda á þessu ári, en um aukafjárveitingu vegna þess getur ekki orðið að ræða. Hins vegar vildi ég treysta því, að fyrirspyrjandi og aðrir, sem hafa að sjálfsögðu áhuga fyrir því, að þetta mál verði tekið til framkvæmda, beiti áhrifum sínum um það, að þegar næsta fjárhagsáætlun verður gerð, þá verði einnig hugsað að taka þetta land til þeirrar meðferðar, sem hér er lagt til.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svar hans. En ég vil leyfa mér að lýsa nokkrum vonbrigðum yfir því að fá ekki svar á þá lund, að það verði gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að vinna að sandgræðslu á Sauðlauksdalssöndum. Það er augljóst mál, að þar er brýnt verkefni, sem ekki má dragast. Þetta er öllum ljóst, eins og fram kemur m. a. í bréfi sýslunefndar Barðastrandarsýslu, sem hæstv. ráðh. las upp. Það kom ekki fram í svari ráðh., að það væru uppi fyrirætlanir um að gera nú þegar sérstakt átak. En ég tel, að það sé full þörf á því að gera nú þegar sérstakt átak, vegna þess að hér stendur sérstaklega á.

Það stendur þannig á, að það eru mikil verðmæti í hættu. Þar á ég við flugvöllinn á Sauðlauksdalssöndum, sem er mikið mannvirki og var þriðji stærsti flugvöllur landsins, þegar honum var lokið 1965, og ein af aðalframkvæmdum Vestfjarðaáætlunarinnar. Þetta mannvirki liggur undir skemmdum. Þjóðvegurinn, aðalþjóðvegurinn í Rauðasandshreppi, liggur undir skemmdum yfir Sauðlauksdalssanda, og það, sem meira er, að þó að gert sé við hann, þá eru það ekki nema stundargrið, því að sandurinn eyðir veginum jafnóðum. Og í þriðja lagi eru tvær bújarðir í yfirvofandi hættu, Kvígindisdalur og Sauðlauksdalur, og Sauðlauksdalur er ríkisjörð. Það eru því miklir hagsmunir í húfi, að hér sé eitthvað gert nú þegar.

Auk þessa má minna á það, að í Sauðlauksdal bjó á sínum tíma einn aðallandbúnaðarfrömuður þessa lands fyrr og síðar, séra Björn Halldórsson. Þá átti hann einnig við sandfok að stríða. En hann hafði framtak og manndóm til þess að snúast til varnar og lét hlaða garð til varnar sandfokinu. Sagan segir, að hann hafi látið sóknarbörn sín gera það og það lá svo mikið á, að það var gert yfir hásláttinn, en það þótti ranglátt, eftir því sem sagan segir. Þess vegna heitir garður þessi, sem enn sér merki fyrir, Ranglátur.

Á þessum stað fóru einnig fram merkilegar ræktunartilraunir Eggerts Ólafssonar og séra Björns, þannig að það eru sérstakar sögulegar minningar bundnar við staðinn. Og það vill svo til, að það eru núna nær 200 ár síðan séra Björn Halldórsson yfirgaf Sauðlauksdal. Þá var hann búinn að búa svo um, að jörðin fór ekki í eyði og hefur verið í byggð fram til þessa dags. Mér þykir, að það sé full ástæða, auk hinna hagrænu ástæðna, í minningu um þá hluti, sem þarna gerðust fyrrum, að við sjáum metnað okkar í því að skiljast nú ekki verr við Sauðlauksdal en séra Björn Halldórsson gerði á sínum tíma.

Ég legg því áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. geri ráðstafanir til þess, að hendur verði látnar standa fram úr ermum þegar á næsta sumri. Ég læt ósagt, að ýmislegt annað, sem hæstv. ríkisstj. aðhefst á næsta sumri, geti ekki orðið talið ranglátt. En ég vil fullvissa hæstv. ríkisstj. um það, að þetta verk verður ekki talið ranglátt.

48. Kjarnfóðurinnflutningur.

Á deildafundum 10. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um kjarnfóðurinnflutning [239. mál, 1] (A. 514).

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 514 svofellda fsp. til hæstv. landbrh.:

Hve mikill er kjarnfóðurinnflutningur orðinn frá 1. sept. s. l. að telja að magni og verðgildi, og hve mikinn gjaldeyri hefur þjóðin orðið að greiða fyrir hann?

Fsp. skýrir sig sjálf, en ástæðan fyrir því, að hún er fram borin, er m. a. sú, að ég hef grun um, að þessi innflutningur sé drjúgum meiri en heilbrigt geti talizt fyrir þjóðarbúið og þessum vörum sé haldið miklu fastar að bændum af hálfu innflytjenda en forustumönnum bænda mörgum hverjum þykir nokkurt hóf að. Útflutningur landbúnaðarafurða fyrir verð, sem er undir framleiðsluverði og sumt langt undir, getur tæpast talizt skynsamlegur nema í takmörkuðum stíl. En þegar farið er að nota stórar fúlgur gjaldeyris til útflutnings á slíkum undirverðsvörum, verður landbrn. að taka skörulega í tauma, vilji það þjóðarhag vel og bændum vel, og slíkt fer að mínum dómi saman, þegar ofan í alla sauma er skoðað. Tímamörk fsp. hef ég miðað við það, að ekki fer milli mála, að s. l. sumar var mjög hagstætt til fóðuröflunar innanlands.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. á þskj. 514 hef ég fengið upplýsingar frá Hagstofu Íslands þann 14. þ. m. Svarið er á þessa leið:

Á tímabilinu sept.—des. 1971 voru flutt inn 19 132.4 tonn. Fob-verðmæti er 116 413 kr., en cif-verðmæti 140 920 kr. Jan.—febr. 1972 voru flutt inn 7496 tonn, fob-verðmæti 48 404 kr., cif-verðmæti 58 813 kr. Samtals er þetta á þessu tímabili 26 628.4 tonn, fob-verðmæti 164 817 kr. og cif 199 733 kr. Það skal tekið fram, að tölur um innflutning í marz liggja ekki fyrir enn þá og geta ekki legið fyrir fyrr en seint í yfirstandandi mánuði. Segja má, að ofangreint fob-verðmæti sé það, sem þjóðin hefur orðið að greiða fyrir innflutt skepnufóður á þessu tímabili, en það er, eins og áður sagði, 164 817 kr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin.

49. Lausn Laxárdeilunnar.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til forsrh. um lausn Laxárdeilunnar [215. mál, 2] (A. 438).

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram formlega fsp. til hæstv. forsrh. á þskj. 438 á þá lund, hvað líði samningi um lausn Laxárdeilunnar á þeim grundvelli, sem ríkisstj. hefur gert samþykkt um. Grundvöllurinn að samþykkt ríkisstj. um lausn Laxárdeilunnar er skriflegt samkomulag, sem í skjali því heitir uppkast að samningi, sem gert var í okt. í haust á milli stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns og iðnrh. En gildi þess skjalfesta samkomulags felst í því, að iðnrh., Magnús Kjartansson, hét því að höfðu samráði við forsrh., Ólaf Jóhannesson, að beita sér fyrir lausn Laxárdeilunnar innan ríkisstj. á grundvelli þess samkomulags. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að lesa ákvæði þessa samkomulags, — þau ákvæði þess, sem eru almenns eðlis, — en í heild er það hvorki meira né minna en röskar þrjár vélritaðar fólíósíður. Ákvæði sem sagt almenns eðlis:

1. gr. Aðilar samnings þessa eru annars vegar íslenzka ríkið og Laxárvirkjun og hins vegar Landeigendafélag Laxár og Mývatns í Suður-Þingeyjarsýslu. Markmið samnings þessa er að binda endi í eitt skipti fyrir öll á alla þætti deilunnar um virkjanir í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

3. gr. Samningsaðilar eru sammála um, að þeir þurfi allir að slaka á kröfum sínum í deilunni, til þess að sættir geti orðið. Þeir eru sammála um, að samningur þessi sé gagnkvæmur, forsenda samkomulags sé gagnkvæmar fórnir af beggja hálfu. Samningsaðilar eru einnig sammála um, að samningur þessi hafi bæði siðferðilegt og lagalegt gildi. Að samningnum standa aðilarnir þrír sem fullkomnir lögaðilar (juridiske personer).

4. gr. Megintilslökun Landeigendafélagsins er niðurfelling lögbanns þess, sem félagið fékk hinn 16. júní 1971 lagt við því, að breytt sé rennsli Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, vatnsborði hennar, vatnsmagni eða straumstefnu og jafnframt samþykkir Landeigendafélagið, að starfrækt verði 6.5 megawatta virkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

5. gr. Megintilslökun Laxárvirkjunar og íslenzka ríkisins er sú, að þessir aðilar fallast á, að aldrei verði fyrirhugaðar, undirbúnar né stofnað til frekari virkjunarframkvæmda í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu né af hálfu stofnana, sem þessir aðilar eiga þátt í að koma á laggirnar. Í samningi þessum fallast því íslenzka ríkið og Laxárvirkjun á að hverfa endanlega frá virkjunaráætlunum þeim, sem nefndar hafa verið Gljúfurversáætlun og áætlun um Laxá III.

Þetta eru aðalákvæðin almenns efnis í því samkomulagi, sem náðist á milli landeigenda og iðnrh. í okt. í haust. Á grundvelli þessa samkomulags gerði ríkisstj. eftirfarandi samþykkt á fundi 16. nóv. í vetur, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. samþykkir, að haldið skuli áfram sáttatilraunum í Laxárdeilu. Við sáttatilraunir skal byggt á eftirfarandi meginatriðum:

að ekki verði stofnað til frekari virkjunarframkvæmda í Laxá en nú hafa verið leyfðar nema til komi samþykki fyrirsvarsmanna landeigenda og Náttúruverndarráðs;

að niður verði felld málaferli þau, sem risið hafa í sambandi við virkjunarframkvæmdir;

að ríkið greiði deiluaðilum hæfilega fjárhæð vegna þess kostnaðar, sem þeir hafa haft af málaferlum í sambandi við þetta deilumál;

að gerður skuli fiskvegur fram hjá virkjununum við Brúar í Aðaldal upp í Laxárgljúfur, og verði stuðzt við álit vísindamanna um þá framkvæmd;

að settar verði reglur um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins.

Jafnframt hefur iðnrn. ákveðið að láta nú þegar kanna skipulega virkjunaraðstæður norðanlands.

Verður lögð sérstök áherzla á að vinna að undirbúningi fullnaðaráætlunar um virkjun við Dettifoss, en forsenda slíkrar virkjunar er samtenging orkuveitusvæða."

Síðan þessi ríkisstjórnarsamþykkt var gerð, eru liðnir fjórir mánuðir. Allan þann tíma hefur verið haldið áfram framkvæmdum við Laxárgljúfur, sem miða raunverulega að þess háttar virkjun, sem iðnrh. hefur heitið að beita sér gegn og sjálf ríkisstj. hefur samþykkt, að ekki skuli rísa. Þess vegna inni ég nú hæstv. forsrh. eftir því, hversu miðað hafi áfram viðleitni ríkisstj. til þess að koma af höndum sér þeim mikla vanda, sem hún erfði frá fyrrv. ríkisstj. í mynd Laxárdeilunnar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Sú fsp., sem hér liggur fyrir, er svo hljóðandi:

„Hvað líður samningi um lausn Laxárdeilunnar á þeim grundvelli, sem ríkisstj. hefur gert samþykkt um?"

Ríkisstj. hefur aðeins gert eina samþykkt um þetta mál, sem hv. fyrirspyrjandi reyndar las upp áðan, en ég vil leyfa mér einnig að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún var gerð 16. des. 1971 og er svo hljóðandi:

„Ríkisstj. samþykkir, að haldið skuli áfram sáttatilraunum í Laxárdeilu. Við sáttatilraunir skal byggt á eftirfarandi meginatriðum:

að ekki verði stofnað til frekari virkjunarframkvæmda í Laxá en nú hafa verið leyfðar nema til komi samþykki fyrirsvarsmanna landeigenda og Náttúruverndarráðs;

að niður verði felld málaferli þau, sem risið hafa í sambandi við virkjunarframkvæmdir;

að ríkið greiði deiluaðilum hæfilega fjárhæð vegna þess kostnaðar, sem þeir hafa haft af málaferlum í sambandi við þetta deilumál;

að gerður skuli fiskvegur fram hjá virkjununum við Brúar í Aðaldal upp í Laxárgljúfur, og verði stuðzt við álit vísindamanna um þá framkvæmd;

að settar verði reglur um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins. Jafnframt hefur iðnrn. ákveðið að láta nú þegar kanna skipulega virkjunaraðstæður norðanlands. Verður lögð sérstök áherzla á að vinna að undirbúningi fullnaðaráætlunar um virkjun við Dettifoss, en forsenda slíkrar virkjunar er samtenging orkuveitusvæða."

Eins og ég áðan sagði, er þetta sú eina samþykkt, sem ríkisstj. hefur gert um þetta mál. Það skjal, sem hv. fyrirspyrjandi las upp úr áðan, er ekkert samkomulag af þeirri einföldu ástæðu, að það er skrásett aðeins af öðrum aðila, þeim, sem á hlut að þessari deilu. Það verður náttúrlega ekki samningur, sem einn aðili þannig gerir uppkast að.

Á grundvelli þessarar samþykktar, sem ég las upp áðan, skipaði ég samdægurs tvo menn í sáttanefnd til þess að reyna sættir með deiluaðilum á þeim grundvelli, sem í þessari samþykkt ríkisstj. segir. Það eru þeir Egill Sigurgeirsson hrl. og Ólafur Björnsson prófessor. Og í erindisbréfum þeirra er þeim gefin sú leiðsögn, að sátta eigi að leita á þessum grundvelli, sem í samþykkt ríkisstj. segir. En það er auðvitað mál, að hér er um flókið mál að ræða að ýmsu leyti, þannig að auðvitað geta komið til greina fleiri atriði, sem þyrfti að semja um og leita sátta um, ef sættir gætu tekizt. Og um slík atriði hefur ríkisstj. út af fyrir sig ekki sagt neitt ákveðið, heldur eru það aðeins þessi atriði, sem hún nefnir í samþykkt sinni, sem hún telur, að eigi að vera grundvöllur fyrir sáttum í þessu máli.

Þessir sáttamenn hafa síðan haldið nokkra fundi með aðilum þessa máls. Það er mat þeirra sáttamannanna, að þar hafi nokkuð þokazt í samkomulagsátt. Sáttir hafa hins vegar ekki enn tekizt, en sáttatilraunum verður haldið áfram. Ég tel á þessu stigi og þar sem sáttatilraunir standa enn yfir, sem ég geri mér nokkrar vonir um að muni bera árangur, ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þetta mál eða einstök atriði þess.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka svör forsrh. við fsp., þó að ég hefði kosið, að þau hefðu getað orðið öllu ítarlegri. Ég staðhæfi enn og get kvatt til vitni að því, að samkomulag var gert, þó að ekki væri undirskrifað plagg það, sem ég las upp úr áðan, milli iðnrh. og stjórnar Landeigendafélagsins í okt. í haust um grundvöll að samkomulagi, sem iðnrh. kvaðst hafa borið undir forsrh. og kvaðst mundu fylgja fram, eftir því sem hann gæti, til sáttanna. Það væri sjálfsagt ósanngjarnt að ætlast til þess, að núv. ríkisstj. leysti á einu augabragði vandamál, sem legið hefur jafnlengi í kös og þetta eða allar götur frá árinu 1967, að fulltrúi Laxárvirkjunar tilkynnti bændum í Laxárdal, að dalnum þeirra yrði sökkt undir vatn samkv. heimild í lögum um Laxárvirkjun nr. 60 frá 1965, þar sem heimilað er í 4. gr. að virkja allt að 12 megawöttum í ánni.

Hér gefst ekki tími til, nema í mjög stuttu máli, að segja söguna um baráttu fólksins við Laxá og Mývatn til varnar lífi sínu og landsins, sem það byggir, alla tíð síðan Gljúfurversáætlunin svonefnda var gefin út í jan. 1969, en þar er kveðið á um 54.6 mw. virkjun í Laxá og verði fyrsti áfangi hennar 6.5 mw.

Röskum tveimur misserum eftir birtingu Gljúfurversáætlunar gaf atvmrn. út leyfi til þess að virkja allt að 7 mw. í Laxá samkv. lögum frá 1965. Í leyfinu er tekið fram sérstaklega, að engin fyrirheit séu gefin um leyfi til stærri virkjunar en lögin heimila og að aukakostnaður vegna grunns að stærri virkjun sé því á áhættu Laxárvirkjunar. Þessi fyrirvari er merkilegur vegna þess, hversu erfitt er að átta sig á því, hvort í honum felst samþykki rn. við fyrirhuguðum lögbrotum eða aðvörun gegn afleiðingum þeirra. Sé fyrirvarinn ekki sprottinn upp úr öðru verra en heilagri einfeldni, sem við skulum vona að sé vegna þeirra, sem sömdu hann, þá minnir hann óneitanlega nokkuð á aths. konunnar fyrir vestan, sem sagði um leið og hún fór út: „Verið þið svo ekki að troða baunum upp í nefið á ykkur krakkar, á meðan ég er í burtu." — Og náttúrlega kom í ljós strax við útboð verksins veturinn 1969—1970, að stjórn Laxárvirkjunar túlkaði fyrirvarann sem heimild af hálfu rn. til undirbúnings að virkjun umfram það, sem lög leyfa. Í útboðinu var því reiknað með Gljúfurversvirkjun, 54.6 mw. virkjun, með Suðurárveitu og eyðingu Laxárdals.

Þá um vorið stofnuðu bændur á svæðinu félag til þess að tryggja verndun Laxár og Mývatns í sinni upprunalegu mynd með því m. a., eins og segir í félagssamþykktum, að koma í veg fyrir hvers konar stíflugerð í Laxá og náttúruröskun. Síðan hefst svo tímabil einkennilegrar málsmeðferðar, þar sem unnið hefur verið við Laxárgljúfur að gerð jarðganga til þess að veita

saman Laxá og Suðurá að Gljúfurversvirkjun undir því yfirskini, að jarðgöngin geti líka flutt lögheimilað vatn að lögheimilaðri 7 mw. virkjun. Pantaðar voru 54.6 mw. aflvélar til Gljúfurversvirkjunar með þeirri afsökun, að þær geti líka framleitt 6.5 mw. orku. Sem dæmi um það, hvernig lögfræðin sjálf og fall hennar var virkjuð í þágu hinnar verkfræðilegu réttvísi í þessu máli, skal þess getið, að Hæstiréttur hefur orðið að hrinda þremur setudómaraúrskurðum, sem miðuðu að því að hindra bændur í því að ná lögvernd í málinu. Einn dómurinn var á þá lund, að kröfur Landeigendafélagsins um að fá virkjunarframkvæmdir dæmdar ólögmætar skuli ekki teknar til greina, vegna þess að málflutningur landeigenda sé skriflegur, en ekki munnlegur. Tveir dómanna miðuðu að því að koma í veg fyrir, að bændur gætu sett lögbann við breytingum á farvegi Laxár, í seinna skiptið, eftir að Hæstiréttur hafði dæmt bændum lögbannsheimildina, var dæmt á þá lund, að þeir skyldu setja 135 millj. kr. tryggingu, ef lögbannið ætti að ná fram. Þeim úrskurði hratt Hæstiréttur einnig.

Í þessu sambandi er e. t. v. rétt að minna á það, að landeigendur urðu að grípa til þeirra ráða, til þess að ná eyrum landsfeðranna í þann mund, sem þeir þóttust sjá fram á, að verið væri að knésetja þá á bekki réttvísinnar, að kveikja í smá dýnamitsprengju upp við Miðkvísl. (**Forseti:** Hv. þm. hefur talað í 4½ mín.) Það helzt svo nokkurn veginn í hendur í fyrravor, að Landeigendafélagið lagði lögbann við vatnstöku úr Laxá og iðnrh., sem þá var, gaf út nýtt leyfi til virkjunar í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Frábrigðin frá fyrra leyfinu felast í því, að það, sem áður hét Gljúfurversvirkjun, hét nú Laxá III. Leyfið gaf ráðh. út tveimur dögum eftir alþingiskosningarnar, þar sem stjórn hans missti meiri hluta sinn. Að dómi Sigurðar Gizurarsonar lögfræðings þeirra landeigenda, sem gert hefur Laxármálin að sérgrein sinni, er það leyfi engu síður ólöglegt en hitt frá árinu 1969.

Strax og ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hafði verið mynduð í fyrrasumar, sneri stjórn Landeigendafélagsins sér til iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, með kröfu um, að ríkisstj. léti stöðva ólöglegar virkjunarframkvæmdir við Laxá. Iðnrh. fór þess aftur á móti á leit, að landeigendur féllust á, að virkjuð yrðu þau 6.5 mw., sem heimild hafði verið veitt til. Á það féllust bændur með því skilyrði, að hætt yrði við gerð jarðganganna miklu, sem miðuð eru við Gljúfurversvirkjun, og til virkjunarinnar yrðu notaðar vélar, sem hentuðu 6.5 mw. virkjuninni. Vöktu þeir m. a. athygli á því, að verksmiðjan, sem framleiddi stóru vélarnar, ábyrgðist gæði þeirra aðeins miðað við 5.6 mw. framleiðslu. (**Forseti:** Hv. þm. hefur talað í 5 mín., og þingsköp segja, að ræðutími í fsp. skuli vera 5 mín. Ég gef hv. þm. ¼ úr mín. til að setja skaplegan endi á ræðuna.)

Skaplegan endi á ræðuna skulum við kalla þá aths., að nú eru sem sagt liðnir fjórir mánuðir síðan samþykktin var gerð í ríkisstj. og nær fimm mánuðir síðan samkomulagsgrundvöllurinn náðist milli bænda og iðnrh., sem ég staðhæfi enn, að hafi náðst. Allan þann tíma hefur verið haldið áfram að vinna við stóru jarðgöngin, og stóru vélarnar eru komnar til landsins, án þess að bændur hafi enn fengið upp á skrifað trygginguna góðu fyrir því, að látið verði staðar numið við virkjun í Laxá.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. tekin til frh. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið umr. um fsp.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er nú langt síðan þessi fsp. var til umr., og hv. fyrirspyrjandi hefur vikið af þingi, hv. 6. landsk. þm., hv. varaþm. Stefán Jónsson. Það var vegna ummæla hans, að ég kvaddi mér hljóðs, vegna þeirra orða, sem hann viðhafði. Það mátti skilja það á ummælum hans, að fyrrv. ríkisstj. ætti sök á þeirri deilu, sem hefur orðið vegna virkjunar við Laxá.

Það liggur alveg skýrt fyrir, að fyrrv. ríkisstj. gaf leyfi til virkjunar innan þeirra marka, sem löglegt var, og á þess vegna enga sök á því, að þarna hófst deila. Deilan hefur verið og er á milli landeigenda og Laxárvirkjunarstjórnar. Leyfisbréfið var gefið út 23. sept. 1969 og heimilaði að virkja 7 mw., en samkv. Laxárvirkjunarlögum er heimilt að veita leyfi til að reisa allt að 12 þús. kw. eða 12 mw. virkjun. Sumarið 1969 óskuðu menn úr Laxárvirkjunarstjórn eftir heimild til þess að mega virkja meira en hér er um að ræða. Ég tók skýrt fram, að ég væri ófáanlegur til þess að flytja frv. til l. um heimild til stærri virkjunar en gildandi heimild miðaðist við. Í áðurnefndu bréfi var fram tekið, að ef Laxárvirkjunarstjórn legði í aukakostnað við 1. áfanga umfram það, sem þyrfti til þeirrar virkjunar, sem leyfð var, þá gerði hún það að öllu leyti á sína ábyrgð. Rn. tók fram í nefndu bréfi, að engin fyrirheit væru gefin um stærri virkjanir en framangreind lög gera ráð fyrir, þ. e. 12 mw. virkjun. Það er þess vegna vitað mál, að ef Laxárvirkjunarstjórn hefði ekki farið út fyrir þennan ramma og ekki lagt grundvöll að stærri virkjun en leyfð var, þá hefði engin Laxárdeila risið, þá hefði engin Miðkvíslardeila orðið og engin deila yfirleitt út af þessum málum. Hermóður Guðmundsson tekur það skýrt fram í grein, sem hann skrifaði í Morgunblaðið í fyrra mánuði, að ef Laxárvirkjunarstjórn hefði haldið sig við rn.-leyfið, og vitnar hann þá í áðurnefnt bréf, hefði engin Laxárdeila átt sér stað.

Bjartmar Guðmundsson fyrrv. alþm. skrifaði hógværa og rökfasta grein í Morgunblaðið hinn 27. febr. 1971. Í þessari grein segir Bjartmar m. a.:

„Hin svokallaða Laxárdeila upphófst með furðulegum tiltektum ráðamanna Laxárvirkjunar og móðgunum í garð héraðsbúa í Þingeyjarsýslu fyrir utan ráðagerðir um mikla eyðileggingu sérstæðra náttúrufyrirbæra og fjárhagslegan óskunda í héraðinu."

Bjartmar Guðmundsson er hógvær og rökfastur og gat ekki orða bundizt, en hann veitir Suður-Þingeyingum eigi að síður hirtingu á öðrum stað í greininni vegna óbilgirni í þessari deilu.

Um áramótin 1969—1970 tóku gildi ný lög um Stjórnarráð Íslands, og varð þá ný verkaskipting í rn., sem miðaði að því, að skyldir málaflokkar væru sameinaðir í eitt og sama rn. Orkumálin voru því flutt í iðnrn. Jóhann Hafstein varð iðnrh. og tók við orkumálunum 1. jan. 1970. Flestir munu vera sammála um, að Jóhann Hafstein iðnrh. hafi gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að fá sættir í Laxárdeilunni. Efaðist enginn um vilja hans til þess að koma málinu í farsæla höfn. En

því miður hefur það ekki tekizt enn. Núv. ríkisstj. hefur áreiðanlega fullan vilja á að finna heppilega lausn í þessu máli. Það efast enginn um það. Fullyrðingar Stefáns Jónssonar, hv. 6. landsk. þm., mun ég ekki blanda mér inn í eða leggja dóm á þær. En það eru allir hv. alþm. sammála um, að sætta þurfi þessi ólíku sjónarmið, sem eru ráðandi í Laxárdeilunni, annars vegar Laxárvirkjunarstjórnar og hins vegar landeigenda í Þingeyjarsýslu á Laxársvæðinu. Ég efast ekkert um, að núv. hæstv. iðnrh. gerir það, sem í hans valdi stendur, til þess að heppileg lausn fáist.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Það er ekki hugmynd mín að vekja hér upp nýjar deilur um Laxárvirkjunarstjórn og Laxárvirkjun og stjórn Landeigendafélags, sem allir þekkja meira og minna til, en vegna þess að mig hefur oft undrað, hvað menn þekkja lítið til þessa máls hér sunnan fjalla, þá langaði mig að koma að einu atriði um daginn, þegar þessar umr. hófust, þótt það sé orðið langt umliðið núna, og því kvaddi ég mér hljóðs. En til þess að hv. þm. átti sig betur á því, að ég tala ekki sem ókunnugur maður um þetta mál, þá vil ég upplýsa það, að ég er fæddur og uppalinn í Reykdælahreppi og í þeim hreppi er Laxárdalur, hinn umdeildi staður, en nágrannahreppur Reykdælahrepps er Aðaldælahreppur, og þessi virkjun, umdeilda virkjun, Laxárvirkjun, er svo til á mörkum þessara tveggja hreppa, Reykdælahrepps og Aðaldælahrepps, nánar tiltekið á mörkum Aðaldals og Laxárdals.

En það, sem mig langaði að koma hér að og mér finnst ákaflega fáir vita, það er, að allt það landssvæði vestan frá svokölluðum Eyvindarlæk, sem rennur úr Vestmannsvatni á mörkum Aðaldals og Reykjadals, og norður í Laxá og allar götur langt inn í Laxárdal, er landssvæði, sem ríkið á, sem sagt, ríkið á alla Múlatorfuna, sem kölluð er, og alla Grenjaðarstaðatorfuna inn að Halldórsstöðum í Laxárdal. Og á þessu svæði fer virkjunin fram hvað annars vegar snertir í ánni, en á móti er hið svokallaða Prestshvammsland, sem einu sinni var ríkisjörð, en seld af ríkinu 1915 með þeim skilyrðum, að undan var tekinn virkjunarrétturinn, þannig að það fer ekki á milli mála, að það land, þar sem virkjunin fer fram, á ríkið annars vegar og réttinn til þess að virkja hins vegar, og sú röskun, sem verður á rennsli árinnar, er eingöngu á því landssvæði, sem þarna um ræðir. Hins vegar ef stíflan verður gerð, sem um er rætt, þá fer örlítil vatnsborðshækkun inn á land Halldórsstaða, sem nú er að meginhluta eign Háskóla Íslands, má ég segja, en að öðru leyti í einkaeign, og þar býr núna maður aleinn á þessari annars ágætu jörð. Hann er kominn fast að áttræðu.

Annað, sem ýmsir vita ekki um, er það, að Laxárdalur fór fyrst að fara í eyði sem búnaðarsveit, vegna þess að efsta jörðin komst í hendur erfingja, sem eru búsettir í Reykjavík. Það eru Reykvíkingar, sem eiga þá jörð og hafa ekki gert kost á því, að hún væri setin sem bújörð. Og næstefsta jörðin er í eigu Árnesinga og af þeirra hálfu hefur ekki verið kostur á því, að jörðin væri tekin til búsetu. Þetta vildi ég, að kæmi hér fram hv. alþm. til athugunar og upplýsingar.

Benóný Arnórsson: Herra forseti. Þegar ég bað um orðið út af þessu máli, þá var það eiginlega út af því, sem hv. fyrirspyrjandi, Stefán Jónsson varaþm., sagði, þegar hann ætlaði að segja okkur söguna af baráttu fólksins fyrir lífi sínu þarna fyrir norðan. En barátta fólksins út af þessu deilumáli hófst með því, að það var áformað að virkja Laxá, eins og allir vita, með 57 metra stíflu og vatnaflutningum úr Suðurá. Þessu mótmæltu heimamenn, svo sem búnaðarsamband, sveitarstjórnir og sýslunefnd. Hins vegar þróuðust málin þannig, að fram kom tillaga, er nefnd hefur verið Laxá III, með 20—23 metra stíflu, og var hún mjög í samræmi við það, sem heimamenn höfðu áður látið í ljós, að þeir gætu fallizt á, 18—20 metra stíflu. Ég var einn af þeim, sem mótmælti Gljúfurversvirkjun með vatnaflutningum og fleiru. Hins vegar fagnaði ég þessari tillögu, því að ég taldi hana renna mjög í þá átt, sem við höfðum gert okkur í hugarlund um virkjunina.

En svo skeður það, að þá er stofnað landeigendafélag, — deilan hófst ekki upphaflega milli landeigenda sem slíkra, — þá er stofnað landeigendafélag og þeir telja sig ekki geta fallizt á neina stíflugerð. Spurningin er þá sú í dag, eigum við að taka mið af hagsmunum fjöldans eða ímynduðum hagsmunum nokkurra sérhyggjumanna? Ég vildi láta það koma fram sem mína skoðun, að mér þætti það furðulegt ráðslag á okkar hálfsósíaliseraða þjóðfélagi, ef hagsmunir einstaklinga ættu að sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum fjöldans.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér þykir vænt um, að menn hafa hér rætt um þetta viðkvæma og erfiða deilumál í mjög rólegum og hófsamlegum tón. Þetta mál er, eins og hæstv. forsrh. gat um í svari við fsp. fyrir nokkrum vikum, á sáttaumleitanastigi, og ég geri mér vonir um, að þær tilraunir beri árangur, en þá skiptir ákaflega miklu, að menn séu ekki um of að ýfa forn sár í þessu sambandi og að sem allra flestir og helzt allir góðviljaðir menn reyni að sameinast um að finna einhverja sáttalausn á þessu máli.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði áðan, að þegar hann var raforkuráðh., þá var það leyfi, sem hann gaf um virkjun, bundið því skilyrði eða hann lýsti því yfir, að í því fælist ekkert fyrirheit um neina frekari virkjun. Hins vegar var engu að síður ráðizt í það, að þarna var hönnuð mun stærri virkjun en lagaheimild er fyrir. Lagaheimildin er aðeins um 12 mw. En sú hönnun, sem þarna er gert ráð fyrir í þessum áfanga, miðast við 19.5 mw. virkjun, og þarna er lagt í kostnað og gerð áætlun, sem er umfram lagaheimildir frá Alþ. Og þetta er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál.

Sú heimild, sem síðar var gefin út fyrir framkvæmdunum nú, var gefin út af fyrrv. raforkuráðh., Jóhanni Hafstein, tveimur dögum eftir alþingiskosningarnar í fyrra, þegar fyrir lá, að páv. ríkisstj. hafði misst meiri hluta sinn hér á Alþ. Ég veit, að það eru stjórnlagaleg fordæmi fyrir því, að bráðabirgðaríkisstjórn hegði sér á þennan hátt, en ég tel, að siðferðilega eigi ráðh. ekki að taka slíkar ákvarðanir. En um þessi deilumál, um þessi fornu deilumál ætla ég ekki að tala frekar hér. En ég vil minna menn á hitt, að það liggur fyrir lögbann fyrir því, að vatni sé hleypt á þau miklu mannvirki, sem verið er að koma upp við Laxá, og það verður lítið gagn að þessum mannvirkjum, ef vatnið streymir ekki gegnum þau og knýr aflvélarnar. Einmitt þess vegna er það

ákaflega brýn nauðsyn, að unnið verði ötullega að því núna á næstunni að reyna að ná sáttum í þessu máli. Ég tel, að það sé nauðsynjamál fyrir þjóðina alla, og ég tel, að það sé alveg sérstök nauðsyn fyrir Norðlendinga, því að þær harðvítugu innbyrðis deilur, sem þar hafa geisað út af þessu máli, hljóta að hafa haft ákaflega skaðleg áhrif á eðlilega og nauðsynlega samheldni manna, sem þarf að vera í hverju byggðarlagi á Íslandi. Og einmitt þess vegna ítreka ég það, að ég vona, að allir góðviljaðir menn leggist nú á eitt um það að reyna að stuðla að því, að sættir takist í þessu viðkvæma deilumáli.

50. Almannavarnir.

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt:

Fsp. til dómsmrh. um almannavarnir [186. mál, 1] (A. 353).

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 43., 48. og 51. fundi í Sþ., 29. febr., 14. og 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Fsp. þær, sem hér eru til umr., voru fram bornar af hv. 1. varamanni landsk. þm. SF, Halldóri S. Magnússyni, er hann sat hér á þingi fyrr í vetur. Fsp. eru til hæstv. dómsmrh. á þskj. 353, og eru þær svo hljóðandi:

„1. Á hvaða stöðum hafa verið stofnaðar almannavarnanefndir samkv. 8. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir?

2. Eru til á einum stað upplýsingar um starfsemi almannavarnanefnda og yfirlit yfir þær ráðstafanir, sem þær hafa gert samkv. 9. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir?

3. Eru uppi af hendi dómsmrn. einhver áform um að efla almannavarnir?

4. Er sú skipan heppileg til frambúðar, að starfi forstöðumanns almannavarna sé gegnt af embættismanni í fullu starfi við önnur verkefni?"

Ástæður fyrir því, að þessar fsp. eru hér fram bornar, eru fyrst og fremst þær, að ýmislegt hefur verið rætt og ritað á þessum vetri, sem gefur tilefni til þess að álíta, að starfsemi almannavarna sé ekki sinnt sem skyldi. Sem dæmi vil ég leyfa mér að nefna skýrslu Hjálparsveitar skáta í Reykjavík um starfsemi sveitarinnar árið 1971, þar sem rakin eru samskipti sveitarinnar við almannavarnir. Í þessari skýrslu segir svo m. a., með leyfi forseta:

„Það blandast fáum hugur um það, að ef virkilega kæmi til kasta almannavarnanna, þá yrðu allar aðgerðir óskipulagðar og handahófskenndar, ef þær yrðu þá nokkrar. Hér á þessu þingi hefur verið dreift skýrslu, sem samin var af Bandaríkjamanni, sem Perry nefnist, en hann dvaldi hér á landi um fimm mánaða skeið á fyrri hluta s. l. árs á vegum Sameinuðu þjóðanna til þess að aðstoða við að byggja upp almannavarnakerfi. Sú skýrsla gefur vissulega tilefni til íhugunar um það, hvernig staðið er að almannavörnum hér á landi."

Fsp. þessar eru fram bornar til hæstv. dómsmrh., og það er von mín, að fsp. og svör við þeim veki hv. alþm. til umhugsunar um þennan þátt öryggismála íslenzku þjóðarinnar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fsp. þessi á þskj. 186 er í fjórum liðum. Í fyrsta lið er spurt um, á hvaða stöðum hafi verið stofnaðar almannavarnanefndir samkv. 8. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir. Svarið er: Almannavörnum ríkisins hefur verið tilkynnt um stofnun almannavarnanefnda á eftirtöldum stöðum: Reykjavík árið 1964, Seltjarnarnesi árið 1962, Akranesi 1966, Ísafirði 1969, Blönduósi 1968, Húsavík 1968, Vík í Mýrdal 1970, Njarðvíkurhreppi 1969 og Kópavogi 1968.

Í öðru lagi er spurt: „Eru til á einum stað upplýsingar um starfsemi almannavarnanefnda og yfirlit yfir þær ráðstafanir, sem þær hafa gert samkv. 9. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir?" Svar frá Almannavörnum er svo hljóðandi:

„Hjá Almannavörnum ríkisins eru fyrirliggjandi upplýsingar um starfsemi þeirra almannavarnanefnda, sem starfað hafa samkv. lögum um almannavarnir nr. 94/1962, en þær eru: Almannavarnanefnd Reykjavíkur, almannavarnanefnd Ísafjarðar, almannavarnanefnd Húsavíkur, almannavarnanefnd Njarðvíkur, almannavarnanefnd Víkur og almannavarnanefnd Kópavogs."

Þessar almannavarnanefndir hafa verið nokkuð misjafnlega virkar. Um það segja Almannavarnir ríkisins svo: „Almannavarnanefnd Reykjavíkur hefur verið mjög virk og haldið reglulega fundi mánaðarlega. Helzta verkefni er að safna birgðum, og eru þær geymdar í Reykjahlíð ásamt birgðum Almannavarna ríkisins. Nefndin hefur keypt útbúnað fyrir björgunarsveitir og endurnýjað slökkvibúnað. Unnið hefur verið að undirbúningi vegna stórslysa í Reykjavík með því að láta gera útbúnað til að nota sendibifreiðar í Reykjavík sem sjúkrabifreiðar, og ökumenn þessara bifreiða hafa verið þjálfaðir í þessu skyni. Könnun hefur verið gerð á húsnæði í Reykjavík með tilliti til notagildis þess sem skýlis fyrir borgarana gegn geislavirku úrfalli og hús þessi skrásett. Könnunin leiddi í ljós, að rúm er fyrir alla íbúa Reykjavíkur í húsum þessum, sem veita hundraðfalda vernd gegn geislun. Komið hefur verið upp viðvörunarkerfi í Reykjavík. Á lokastigi er sérstakt skipulag vegna hugsanlegra flugslysa á Reykjavíkurflugvelli."

Ég vil aðeins taka það fram, að það er nokkuð langt síðan þessi fsp. kom fram og þessar upplýsingar, sem ég hef hér, eru frá því í febrúar.

„Almannavarnanefnd Ísafjarðar hefur byrjað störf í samvinnu við Almannavarnir ríkisins með alhliða skipulagningu á björgunar- og hjálparstarfsemi af völdum náttúruhamfara og annarri vá. Einnig hefur

nefndin fest kaup á 30 sjúkrarúmum til notkunar á hættutímum. Að lokum hefur nefndin fengið útbúnað fyrir björgunarsveitir frá Almannavörnum ríkisins.

Almannavarnanefnd Húsavíkur hefur gert í samvinnu við Almannavarnir ríkisins alhliða skipulag á björgunar- og hjálparstarfsemi af völdum náttúruhamfara og annarri vá, og hefur skýrslu um það efni verið dreift.

Almannavarnanefnd Víkur hefur í samvinnu við Almannavarnir ríkisins komið upp viðvörunarkerfi vegna hugsanlegra eldsumbrota í Kötlu ásamt tilheyrandi jökulhlaupi, sem byggt er upp á eftirfarandi hátt:

a. Jarðskjálftamælir, er sendir þráðlaust upplýsingar til lóranstöðvarinnar á Reynisfjalli.

b. Vatnshæðarmælir í Rjúpnagili, er einnig sendir þráðlaust upplýsingar til lóranstöðvarinnar um aukið rennsli frá jöklinum.

c. Viðvörunarflautur í Víkurkauptúni til að aðvara gegn Kötluhlaupi.

d. Talstöðvar hafa verið settar upp á bæjunum Strönd í Meðallandi, Hrífunesi í Skaftártungum, Herjólfsstöðum í Álftaveri og á lóranstöðinni á Reynisfjalli ásamt sjálfvirku símaaðvörunarkerfi á sömu stöðum, er fer í gang, ef sími rofnar. Fjarskiptakerfi þetta er hugsað sem viðvörunar- og sambandskerfi fyrir sveitirnar austan sands.

e. Sett hafa verið hlið á veginn út á Mýrdalssand beggja vegna til að loka fyrir umferð út á sandinn.

f. Gert hefur verið starfsskipulag fyrir nefndina til að vinna eftir í tilfellum Kötlugoss.

Þess ber að geta, að Almannavarnir ríkisins hafa komið upp ofangreindu kerfi, en almannavarnanefndin hefur umsjón með því.

Almannavarnanefnd Njarðvíkur hefur haft samvinnu við hjálparsveit skáta í Njarðvíkum, sem er eina starfandi hjálparsveitin í umdæminu. Einnig hefur almannavarnanefnd Njarðvíkur fengið björgunarútbúnað fyrir milligöngu Almannavarna ríkisins.

Almannavarnanefnd Kópavogs var virk fram á vor 1970 og vann þá aðallega að undirbúningi að samstarfi hjálparsveita í bæjarfélaginu. Einnig var unnið að skipulagi björgunarmála í bænum."

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hef fengið frá almannavörnunum varðandi þennan 2. lið fsp.

Í þriðja lagi er spurt: „Eru uppi af hendi dómsmrn. einhver áform um að efla almannavarnir?" Svarið er: Það eru ekki og hafa ekki verið, svo að mér sé kunnugt um, ráðagerðir um neinar sérstakar aðgerðir til þess að efla almannavarnir.

Í fjórða lagi er spurt: „Er sú skipan heppileg til frambúðar, að starfi forstöðumanns almannavarna sé gegnt af embættismanni í fullu starfi við önnur verkefni?" Þessi skipan, sem nú gildir í þessu efni, hefur vafalaust verið ákveðin í öndverðu af hagkvæmnisástæðum og sparnaðarsjónarmiðum. Geri ég ráð fyrir, að hún hafi átt þá nokkurn rétt á sér. En það er mín skoðun, að sú skipan sé ekki heppileg til frambúðar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Það er von mín, að fsp. þessar og svör við þeim veki menn til umhugsunar um þátt almannavarna í þjóðfélaginu, sem ég tel, að hafi mjög verið vanræktur. Þegar sett voru lög um almannavarnir, ollu þau nokkrum deilum, e. t. v. fyrst og fremst vegna þess, að menn einblíndu um of á almannavarnir vegna styrjaldarhættu og hugsanlegs styrjaldarástands. Inn í þær deilur blandaðist afstaða manna til dvalar erlends herliðs í landinu, og hefur afstaða margra síðan mótazt af því, hvaða augum þeir líta varnarliðið og dvöl þess hér, og er það mjög miður. Tilgangur almannavarna er skilgreindur svo í 1. gr. laga um almannavarnir:

„Að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða annarri vá og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkv. lögunum."

Svo sem marka má af þessari skilgreiningu, er hlutverk almannavarna mjög víðtækt og hlýtur því að vera ljóst, að fyrsta skrefið, sem stíga verður, til þess að lög þessi megi ná tilgangi sínum, sé að skipuleggja starfsemi Almannavarna og gera áætlanir um hvernig bregðast skuli við hinum ýmsu vandamálum, sem upp kunna að koma, ef til neyðarástands eða stórslysa kemur. Ég leyfi mér að fullyrða, að mjög lítið hefur verið gert í þessu efni hér á landi, þrátt fyrir þá staðreynd, að nú eru liðin meira en níu ár frá því, að lög voru sett um almannavarnir, og ástæðan er einfaldlega sú, að skilningur hefur ekki verið fyrir hendi.

Svo sem fram kemur í fsp., háttar svo til, að starfi forstöðumanns Almannavarna er gegnt af opinberum starfsmanni í fullu starfi við önnur verkefni, sem sé forstjóra Landhelgisgæzlunnar. Án þess að efast nokkuð um hæfileika þess manns, sem nú gegnir því starfi, er það skoðun mín, að sú skipan geti alls ekki verið til frambúðar, ráða verði forstöðumann Almannavarna, sem sinni því óskiptur, og mikils er um vert, að í þann starfa veljist maður með víðtæka þekkingu og hæfileika. Sá maður þarf að hafa forgöngu um heildarskipulagningu almannavarna, og fyrsta verkefni, sem vinna þyrfti að, er að gera sér grein fyrir því, hvað þarf að vinna, því að svo virðist sem menn hafi alls ekki gert sér grein fyrir því enn.

Svo hefur til tekizt við afgreiðslu fjárlaga nú á þessu þingi, að fjárveiting til almannavarna var ákveðin mun lægri en á síðasta ári eða kr. 4 millj. 80 þús. í stað 5 millj. 732 þús., og mér er kunnugt um, að fjvn. bárust engin tilmæli um hækkun frá því, sem lagt var til í frv. til fjárlaga, og er því ekki við hana að sakast, þó að svo illa hafi til tekizt sem raun ber vitni um fjárveitingu til þessarar starfsemi. Ber þetta ljósan vott um áhugaleysi ráðamanna um eflingu almannavarna og gefur e. t. v. til kynna, að almannavarnaráð og forstöðumaður Almannavarna telji, að draga megi verulega úr starfsemi almannavarnanna. Hitt er mála sannast, að þeir starfsmenn, sem vinna að almannavörnum á vegum almannavarnaráðs, hafa þungar áhyggjur af því, að þessi niðurskurður fjárveitinga til starfseminnar muni lama hana og gera þeim ókleift að vinna að þeim verkefnum, sem fyrir liggja, eins og æskilegt hefði verið.

Ég vil nú leyfa mér að drepa á örfá atriði af fjöldamörgum, sem ég tel, að nauðsyn beri til að vinna að á sviði almannavarna á skjótan og góðan hátt, til þess að við Íslendingar getum talizt sambærilegir við aðrar

þjóðir í því efni að tryggja öryggi þegnanna, ef til neyðarástands kemur af einhverjum völdum.

1. Byggja þarf upp rannsóknir á hugsanlegum náttúruhamförum og áhrifum þeirra. Viðurkenna þarf nauðsyn þess, að veitt sé fé til þessara þarfa.

2. Sú staðreynd, að næstum öll símaviðskipti bæði innanlands og til útlanda, eiga sér stað um eina byggingu í miðbæ Reykjavíkur og tjón á rofabúnaði í þeirri byggingu einni mundi stöðva öll slík viðskipti í allt að því eitt ár, sýnir glögglega nauðsyn þess, að komið væri upp varakerfi. Þá má öllum ljóst vera, hvílíkt ástand mundi skapast hér, ef öll símaviðskipti leggjast niður um langan tíma.

3. Viðvörunarmiðstöð þarf að koma upp fyrir allt landið, þaðan sem unnt sé að hafa samband við lögreglu á hverju svæði, yfirvöld, veðurstofu, flugumsjón, símastjórn, útvarpsstjórn, hjálparsveitir og fleiri aðila.

4. Gera þarf áætlun um fljótvirka og viðtæka útköllun manna til starfa í neyðartilfelli. Nauðsynlegt er, að það sé tilgreint, hver gerir hvað, hvenær, hvernig og hvers vegna. Minna má í þessu sambandi á það, hversu lítið samstarf er á milli hinna mismunandi hópa hjálparsveita, svo sem slysavarnafélaga, hjálparsveita skáta, flugbjörgunarsveita og fleiri aðila.

5. Neyðarkerfi þarf að byggja upp í sérhverju sjúkrahúsi landsins. Enn fremur þarf að gera sér grein fyrir hugsanlegum bráðabirgðasjúkraskýlum og koma upp kerfi fyrir þau. (**Forseti:** Hv. þm. hefur talað í 5 mínútur.) Ég er að ljúka máli mínu.

6. Ríkisvaldið þarf að aðstoða sveitarfélög við að byggja upp almannavarnakerfi. Almannavarnaráð byggi upp „módelplön" fyrir nokkra kaupstaði. Nauðsynlegt er, að almannavarnaráð ráði fastan starfsmann, er starfi að erindrekstri og aðstoð við almannavarnir úti um landið. Þessi starfsmaður þarf að vera vel hæfur og vel menntaður.

7. Stöðug upplýsingastarfsemi er nauðsynleg til þess að tryggja árangur framkvæmdar neyðarráðstafana. Almenningur hefur rétt á að vita, af hverju stafa hættur, hvað unnt er að gera til varnar gegn þeim og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til viðbúnaðar gegn hugsanlegum hættum. Menntmrn. í samráði við forstöðumenn Almannavarna komi á fót námskeiðum fyrir fullorðna um hvað beri að gera, ef hættuástand skapast. Einnig séu útbúnir bæklingar til fræðslu á öllum skólastigum og til dreifingar meðal almennings.

Hér hefur aðeins verið drepið á örfá atriði, sem bíða úrlausnar í málum almannavarna. Forsendur þess, að unnt verði að takast á við þessi mál af festu, eru þessar: Ráðinn verði forstöðumaður, er vinni það starf eingöngu. Viðurkennd verði nauðsyn þess að koma á fót öflugum almannavörnum til þess að tryggja svo sem verða má öryggi þegnanna. Jafnhliða verður að viðurkenna nauðsyn þess, að aukið fjármagn verði veitt til þessara mála.

Ég vona fastlega, að þessi mál verði nú þegar tekin til rækilegrar athugunar af hæstv. ríkisstj., einkum hæstv. dómsmrh., og þær úrbætur gerðar, sem nauðsynlegar eru.

Forseti (EystJ): Ég vil aðeins taka það fram, og mæli það ekki sérstaklega til eins eða neins, að fyrirspurnatíminn er ekki ætlaður fyrir almennar umr. um málin. Það verður að reyna að koma þeirri skipan á að fá fram svör við fsp. og efna ekki til almennra umr.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fsp. tekin til frh. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

Enginn tók til máls.

51. Hækkun á verðlagi.

Á deildafundum 10. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til viðskrh. um hækkun á verðlagi [239. mál, 2] (A. 514).

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel það vera mjög mikilvægt fyrir hv. alþm. og fyrir allan almenning í landinu að fá um það vitneskju, hverjar hækkanir hafa orðið á einstökum vörum og þjónustuliðum undanfarna mánuði, hvaða áhrif þessar hækkanir munu hafa á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu og þar með kaupgjald. Það er enn fremur mikilvægt fyrir þm. og almenning að fá vitneskju um, hvaða hækkanir kunna að verða hjá bændum eftir því, sem um þær er vitað. Þess vegna er þessi fsp. fram borin.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fsp. sú, sem hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, hefur lagt fram, er mjög yfirgripsmikil og ekki auðvelt að svara henni í stuttu máli. Ég hef því valið þann kost að láta dreifa meðal þm. skriflegu svari við fsp., og ég hygg, að þar sé vikið að öllum þeim atriðum, sem um er spurt, eftir því sem hægt er að gera við þessar aðstæður. En ég tel rétt að láta fylgja með þessum svörum nokkrar almennar skýringar frá minni hálfu.

Verðlagshækkanir þær, sem stjórnarvöld hafa heimilað síðustu mánuði, má greina í fjóra aðalflokka, eftir því hvaða ástæður eru fyrir þessum hækkunum. Í fyrsta flokki eru þær verðhækkanir, sem stafa frá ákvörðunum, sem teknar voru í tíð fyrrv. ríkisstj. eða frá kostnaðarhækkunum, sem urðu á verðstöðvunartímanum. Dæmi um slíkar verðhækkanir, sem nú koma fram í verðlagi, eru m.a. þessi: Hækkun á hitaveitugjöldum, rafmagnsverði, strætisvagnagjöldum,

sementsverði, gjöldum símans, afnotagjöldum útvarps og sjónvarps, bifreiðatryggingum, dagblöðum, olíuflutningum innanlands, steypustöðvartöxtum og á verði ýmiss konar iðnaðarvöru. Þeir, sem sótt hafa um verðhækkanir vegna þessara þjónustugreina, hafa fyrst og fremst rökstutt hækkunarbeiðnir sínar með því, að þeir hafi ekki fengið nauðsynlegar verðhækkanir samþykktar á verðstöðvunartímanum og því margir rekið með halla. Þannig telja t. d. forsvarsmenn Sementsverksmiðjunnar, að hækka hefði þurft verð á sementi nú um 16.7% vegna synjunar um hækkun á s. l. ári og tapreksturs fyrirtækisins. Ríkisstj. heimilaði þó aðeins 10% verðhækkun á sementi.

Fjármálastjóri útvarpsins taldi einnig, að hækka þyrfti afnotagjöld þess um 32.2% til þess að ná fullum rekstursjöfnuði, eins og nú er komið, en ríkisstj. féllst aðeins á 10% hækkun afnotagjalda. Á svipaðan hátt var rökstuðningur borgaryfirvalda í Reykjavík fyrir hækkunarbeiðnum á hitaveitugjöldum og strætisvagnagjöldum. Eigendur steypustöðva í Reykjavík töldu sig þurfa að fá 34—39.5% verðhækkun, m. a. vegna tapreksturs á s. l. ári. Ríkisstj. heimilaði þeim 10% verðhækkun.

Landsvirkjun taldi óhjákvæmilegt að hækka verð á raforku í heildsölu um 20%, til þess að fyrirtækið gæti staðið við samninga við erlenda aðila um rekstursafkomu. Af þeim ástæðum var síðan heimiluð 10% verðhækkun á almennri raforkusölu rafveitna. Mörg iðnfyrirtæki hafa talið nauðsynlegt að fá að hækka útsöluverð á framleiðslu sinni, vegna þess að á tíma verðstöðvunarinnar hafi framleiðslukostnaður þeirra farið vaxandi, m. a. vegna hækkunar á erlendu efni eða rekstrarvörum. Verðhækkanir af þessu tagi, sem rekja verður til þess, sem gerzt hafði í verðlagsmálum fyrir tíð núv. ríkisstj., eru tvímælalaust fyrirferðarmestar og hafa haft mest áhrif til hækkunar á vísitölu.

Í öðrum flokki verðhækkana eru svo þær verðlagsbreytingar, sem beinlínis stafa af erlendum verðlagshækkunum. Þannig hefur verðlag á sykri hækkað mjög mikið á heimsmarkaði. Afleiðingar þess eru m. a. þær, að ýmsar vörur, sem hér eru framleiddar úr sykri, hafa hækkað í verði. Má þar til nefna gosdrykki, sælgæti og ýmsar brauðtegundir. Þá er einnig vitað, að gjaldeyrir flestra viðskiptalanda okkar í Evrópu hefur hækkað síðustu mánuði, en það hefur skiljanlega leitt til hækkunar á verði innfluttra vara.

Í þriðja flokki eru þær verðhækkanir, sem stafa af nýgerðum kaupgjaldssamningum. Vegna lagaákvæða um, að bændur skuli hafa sambærileg laun og verkamenn og iðnaðarmenn, hækkaði verð á landbúnaðarafurðum um 12—14%, og afleiðing þess varð sú, að ýmsar unnar kjöt- og mjólkurvörur hlutu einnig að hækka í verði. Þá hækkaði neyzlufiskur innanlands um leið og fiskverð var hækkað til sjómanna. Og um leið og kaup iðnaðarmanna hækkaði, hlaut útseld vinna þeirra að hækka, þó að dregið væri úr þeirri álagningu, sem meistarar og fyrirtæki höfðu áður haft á útseldri vinnu.

Í fjórða flokki eru svo þær verðhækkanir, sem stafa af sérstökum ráðstöfunum ríkisstj. til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð og Vegasjóð. Þar er um að ræða verðhækkanir á áfengi og tóbaki og á bifreiðum vegna nýs innflutningsgjalds.

Þær verðlagshækkanir, sem ríkisstj. hefur heimilað síðan um áramót, eru vissulega meiri en æskilegt hefði verið, en varla er hægt að sjá, að mögulegt hefði verið að komast hjá þeim eins og í pottinn var búið.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. var samið um miklar launahækkanir opinberra starfsmanna, þ. e. starfsmanna í þjónustu ríkisins, ríkisfyrirtækja og starfsmanna bæjarfélaga. Þessir samningar voru gerðir í des. 1970 eða nokkru eftir að verðstöðvunin hófst. Þær launahækkanir hlutu að koma fram í opinberum rekstri. En vegna verðstöðvunarinnar komu afleiðingar þeirra hækkana ekki fram í verðlagi, og var því þar um geymdan vanda að ræða. Ljóst er af því, sem hér hefur verið sagt, að meginþunginn af þeim verðlagshækkunum, sem nú hafa verið að koma fram, stafar frá ákvörðunum, sem gerðar voru í tíð fyrrv. ríkisstj. eða sem eiga beinlínis rætur að rekja til þess, sem gerzt hafði í rekstrar- og verðlagsmálum, áður en núv. ríkisstj. tók við völdum. En rétt er svo að hafa í huga, að enn hafa ekki verið afgreiddar beiðnir um hækkun á álagningu verzlunarfyrirtækja, en sú beiðni er að verulegu leyti rökstudd með kaupgjaldssamningunum, sem áttu sér stað um síðustu áramót, og ekki hefur heldur verið tekin afstaða til beiðni frá skipafélögunum um hækkun á fröktum, en beiðni þessara aðila er að verulegu leyti rökstudd með launahækkunum, sem einnig urðu um síðustu áramót. Afleiðingar í verðlagsmálum af þeim kaupgjaldssamningum, sem þá voru gerðir, eru því að nokkru ókomnar fram.

Eins og fram kemur í hinu skriflega svari, sem hv. alþm. hafa fengið, þá er þar gerð nokkur grein fyrir áhrifum verðlagsbreytinganna á vísitölu, en þó hefur ekki þótt fært að gera ítarlega talningu á áhrifum vegna þeirra verðbreytinga, sem ýmist eru nú að eiga sér stað eða hafa átt sér stað síðustu daga af þeim ástæðum, að þar leikur nokkur vafi á um ýmis atriði. En þó er það álit Hagstofunnar, að gera megi ráð fyrir því, að kaupgjaldsvísitalan geti hækkað um u. þ. b. 5.8 vísitölustig, þegar kaupgjaldsvísitalan kemur næst til framkvæmda, og yrði þá kaupgreiðsluvísitalan í kringum 115 stig. En á þessu geta að sjálfsögðu enn orðið breytingar.

Þetta voru nú aðalatriðin, sem ég taldi rétt, að kæmu hér fram til frekari skýringar á þeim ítarlegu skriflegu svörum, sem útbýtt hefur verið við þessari fsp. og allir hv. þm. hafa þegar fengið í hendur.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil láta í ljós sérstakt þakklæti til hæstv. viðskrh. fyrir ítarleg svör hans við þessum yfirgripsmiklu spurningum. Ég hafði rætt það við hæstv. ráðh. og hæstv. forseta Sþ. áður, hvort ekki væri rétt að svara fsp. einmitt í þessu formi, þ. e. að dreifa skriflegu svari meðal þm., og mér þykir vænt um, að við þeirri ósk skyldi hafa verið orðið. Það sparar þingheimi tíma og gerir svarið miklu aðgengilegra en ella mundi eiga sér stað. Ég vona, að þetta geti orðið til fyrirmyndar framvegis varðandi meðferð fsp. hér á hinu háa Alþingi og læt í ljós eindregna von um, að svo megi verða.

Ég ætla að sjálfsögðu ekki að ræða efni málsins við þetta tækifæri. Ég vildi í tilefni af ræðu hæstv. ráðh. aðeins vekja athygli á, að sá listi, sem þm. hafa fengið lagðan fyrir sig, er ófagur. Hann ber þeirri þróun, sem íslenzka þjóðin er nú að upplifa, ófagurt vitni, og hlýtur að setja ugg að mörgum mönnum í tilefni af þessu,

jafnvel við fljótlegan lestur yfir listann. Ég skal ekki heldur ræða þær skýringar, sem hæstv. ráðh. gaf á því, hverjar hann teldi vera meginorsakir þeirra miklu verðhækkana, sem dunið hafa yfir og eru enn að dynja yfir. Ég er ekki sammála skýringum hans á því, að hér sé fyrst og fremst um að ræða afleiðingar af einhverjum svonefndum fyrri syndum eða eldri ákvörðunum og mun síðar gera nánari grein fyrir því á réttum og eðlilegri vettvangi en hér er um að ræða. Hér vildi ég aðeins segja, að auðvitað hlaut öllum vitibornum mönnum að vera ljóst, að í haust mundi verða mikill vandi á höndum í verðlagsmálum eftir langt verðstöðvunartímabil. Þetta var öllum mönnum ljóst og hefur öllum mönnum verið ljóst undanfarin ár, í raun og veru allt verðstöðvunartímabilið.

Það, sem nú er að koma í ljós, er, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki reynzt þessum vanda vaxin. Hún hefur ekki reynzt geta leyst þennan vanda með sama hætti og hún taldi sig geta í baráttunni fyrir kosningarnar, og það hlýtur að valda öllum almenningi hinum mestu vonbrigðum.

Ég vek athygli á því, sem hæstv. ráðh. raunar sjálfur tók skýrt fram, enda kemur það fram í skýrslunni, að fram til 1. maí er gert ráð fyrir því, að vísitala framfærslukostnaðar hækki um hvorki meira né minna en 8 stig og kaupgjaldsvísitala komi til með að hækka um tæp 6 stig, sem er sannarlega mjög alvarleg þróun fyrir atvinnuvegina og fyrir þjóðarbúskapinn yfir höfuð að tala. En á því vildi ég að síðustu vekja athygli, að hér er ekki vikið að því, að í raun og veru eiga launþegar enn þá inni í kaupgjaldsvísitölunni 4 stig vegna þeirrar aukningar á niðurgreiðslum, sem gerð var og þeirrar hækkunar á landbúnaðarvörum, sem af þeim hlauzt, en hefur ekki fengizt bætt í kaupgjaldsvísitölu. Það dæmi er enn óuppgert í kauplagsnefnd. Afgreiðslu þess var frestað á sínum tíma, og enn sem fyrr hef ég fulla trú á því, að kauplagsnefnd muni fella réttlátan dóm í því máli, þ. e. dæma neytendum rétt til launahækkunar, vegna þess að í stað skatta, sem þeir auðvitað munu spara, munu þeir koma til með að greiða aðra skatta nákvæmlega jafnháa og þess vegna eiga þeir ekki að bera þá hækkun, sem orðið hefur á landbúnaðarvörum í þessu sambandi bótalaust. Það væri ranglát niðurstaða, og ég treysti því, að til hennar muni ekki koma. En sá vandi, sem af því hlýzt, kemur til viðbótar þeim mikla vanda, sem lýst er í þessu skjali.

Svo endurtek ég enn þakkir mínar til ráðh. fyrir ítarleg svör.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs út af því, sem stendur á bls. 12 í þessari skýrslu, en þar segir, að nokkrir aðilar hafi lagt fyrir verðlagsyfirvöld beiðni, þ. e. í c-lið skýrslunnar, um hækkun, sem ekki hefur verið tekin fyrir enn þá. Í c-lið stendur: Flutningsgjöld af vörum frá útlöndum (Eimskip, Hafskip og SÍS, Samband ísl. samvinnufélaga, skipadeild). Mér er kunnugt um það hins vegar, að Eimskip hefur byrjað að innheimta verulega verðhækkun á vörum frá Íslandi og allt upp í fjórðung. Og ég vildi nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. viðskrh., hvort hann hafi fengið um þetta beiðni eða hvort það sé Eimskip alveg í sjálfsvald sett að setja þá taxta, sem þeir kæra sig um, á vörur frá landinu, því að það kemur sannarlega niður á vöruverði með öðru móti, þ. e. hráefnisverði til sjómanna. Ég hef þegar í höndunum ljósrit af reikningi, er sýnir allt að fjórðungshækkun hjá Eimskip í þessu tilfelli.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Reykn. spurði um, þ. e. um það, hvort Eimskipafélaginu mundi vera heimilt að hækka um allt að fjórðung gjöld fyrir útflutning á vörum frá landinu, þá skal ég játa það, að mér er ekki út af fyrir sig kunnugt um neina slíka heimild, og er sjálfsagt að huga að því, hvernig þessu er háttað. En hitt veit ég, að Eimskipafélagið hefur þegar gert samninga til lengri tíma við aðila, sem hafa með höndum mikinn hluta af útflutningi okkar, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna o. fl., um flutning á frosnum fiski, og þeim samningum, sem eru til miklu lengri tíma, hefur að vísu verið breytt, en þar hefur aðeins orðið um mjög litla hækkun að ræða, ég held innan við 4% frá því, sem áður hafði verið. En þetta atriði mun út af fyrir sig verða tekið til athugunar, hvort um það getur verið að ræða, að þarna hafi átt sér stað óleyfileg verðlagshækkun af hálfu þessara aðila.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að það hefði öllum verið ljóst, að mikill vandi hefði verið á höndum í verðlagsmálum þjóðarinnar, en sló því svo föstu, að í ljós hefði komið, að ríkisstj. hefði ekki reynzt þeim vanda vaxin að leysa málið. Það er út af fyrir sig mjög athyglisvert, að þessi hv. þm. viðurkennir þá staðreynd, að hér var um mikinn vanda að ræða, sem fyrrv. ríkisstj. skildi eftir sig í þessum efnum. Mér þykir mjög hafa borið á því í málflutningi þeirra, sem tala fyrir fyrrv. ríkisstj., að þeir vilji kenna núv. ríkisstj. um þann vanda, sem við var að glíma í þessum efnum. En það er sem sagt ljóst, að hv. 7. þm. Reykv. viðurkennir það nú, að hér var um gífurlega mikinn vanda að ræða, sem hlaut að fylgja í kjölfar langrar verðstöðvunar. En það væri kannske ekki úr vegi, þó að hér sé ekki staður eða stund til þess að fara út í ítarlegar umr., að spyrja þennan hv. þm. um það, hvernig hann hafi ætlað að leysa þann vanda, þar sem menn höfðu hrúgað því upp fyrir framan sig að leyfa ekki verðlagshækkanir á ýmsum sviðum og þar sem kominn var upp stórfelldur hallarekstur hjá fyrirtækjum. Það var augljóst á orðum hans, að hann gerði sér grein fyrir því, að um verðstöðvun gat ekki verið að ræða endalaust eða áfram, en hvernig átti þá að leysa vandann? Ríkisstj. hefur farið þá leið, að hún hefur ekki orðið við beiðnum aðila nema að litlu leyti. Þegar borgaryfirvöldin í Reykjavík töldu sig þurfa að fá 13.1% hækkun á hitaveitugjöldum, eins og komið væri, þá samþykkti ríkisstj. aðeins 5% hækkun. Og þegar borgaryfirvöldin í Reykjavík og reyndar forustuaðilar fyrir öðrum rafveitum í landinu töldu sig þurfa að hækka rafmagnsverðið alveg óhjákvæmilega um 16.6%, þá samþykkti ríkisstj. þó ekki meira en 10% hækkun. Og þannig mætti í fjöldamörgum efnum telja upp. Það, sem ríkisstj. hefur gert, er það, að hún hefur reynt að hamla hér á móti og draga úr eins og mögulegt er. Hún hefur reynt að leggja á reksturinn það, sem hægt hefur verið, en hitt er líka alveg augljóst, að það var engin leið í ýmsum tilfellum að neita um einhverja verðlagshækkun, eins og komið var.

En ég get tekið undir með hv. 7. þm. Reykv., að hér er um alvarlega þróun að ræða. Það er rétt. Hér var og er

um alvarlegt vandamál að ræða. En hitt þykir mér heldur af smærra taginu, að þeir, sem stofnað hafa til reiknings, þeir, sem stofnað hafa til skuldar, þeir, sem eiga sinn stóra hluta að því að efna til vandans, skuli ætla sér að hlaupa frá vandanum og neita að bera á honum nokkra ábyrgð og vilja aðeins gera þá einföldu kröfu, að aðrir greiði skuld þeirra.

Varðandi umsagnir hv. 7. þm. Reykv. um það, hvað launþegar eigi inni, þá vil ég aðeins segja það, að núv. ríkisstj. leiðrétti vísitöluna um nokkuð á þriðja vísitölustig frá því, sem fyrrv. ríkisstj. hafði ákveðið með lögum, og bætti launþegum þar með upp beina skerðingu, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert á launakjörum þeirra, en núv. ríkisstj. hefur ekki gert neitt til þess að breyta gildandi lagaákvæðum um útreikning vísitölunnar, og þar hefur verið farið nákvæmlega samkv. settum lagareglum, og er næsta einkennilegt að heyra þennan hv. þm., að ég tali nú ekki um blað hans, tala um það, hvernig vísitalan hafi verið fölsuð, og segja svo alltaf í hinu orðinu, að hann beri fullt traust til þeirrar nefndar, sem hefur með útreikning vísitölunnar að gera. Og sé um einhverja fölsun á vísitölu að ræða, þá getur þarna ekki verið um neitt annað að ræða en það, að verið er að bera sakir á þá menn, sem samkv. lögum reikna út kaupgjaldsvísitöluna. Hún hefur verið reiknuð út eins og lög standa til í hvert það skipti, sem hún hefur átt að reiknast út. Og það hefur því ekki verið efni til þess að tala um einhverja vísitölufölsun.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, af því að hér er ekki tími til þess að fara í langar umr. Það gefst eflaust tækifæri til þess að ræða þessi mál á öðrum stað og öðrum tíma, þar sem betri tími er til. En hér hafa verið gefnar upplýsingar um það, hvað hefur gerzt í þessum málum, og ég hef dregið fram það, sem ég tel vera beinar staðreyndir um það, af hvaða toga aðallega eru spunnar þessar verðhækkanir, sem hér hafa verið ræddar og hafa verið að ganga yfir, því að ég tel, að það sé ekkert um að villast, að þær séu svona tilkomnar, eins og ég hef greint frá.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Fsp.-tími gefur nú ekki mikla möguleika til umr., en það er vissulega margt, sem í hugann kemur, þegar þessar upplýsingar eru gefnar, sem hæstv. viðskrh. hefur gefið. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi drepa á í því sambandi. Annað atriðið skiptir kjarna málsins eða þann vanda, sem hæstv. ráðh. segir, að hafi verið eftir skilinn af hálfu fráfarandi ríkisstj. Ég vil í því sambandi minna á, að haustið 1970, þegar verðstöðvunin var lögfest, þá var flutt af hálfu þessa hæstv. núv. ráðh. og flokksbræðra hans frv. um það hér á Alþ. og því haldið ákveðið fram, að það hefði verið ástæðulaust og væri ástæðulaust að leyfa verðhækkanir vegna kauphækkana um vorið 1970. Þær kauphækkanir hefðu verið eðlilegar og atvinnuvegirnir og þeir aðilar, sem að þeim launahækkunum hefðu staðið eða samþykkt, gætu tekið þær hækkanir á sig. Það var sem sagt gert ráð fyrir af þeim aðilum þá, þegar aðrir fóru með stjórn landsins, að það væri mögulegt að framkvæma kauphækkunina vorið 1970, án þess að til neinna hækkana ætti að koma af þeim orsökum.

Nú er því hins vegar haldið fram af þessum sama hæstv. ráðh., að þessum hækkunum vegna kauphækkana 1970 hafi verið safnað fyrir og það sé fráfarandi ríkisstj. að kenna og það hafi verið óumflýjanlegt að leyfa þessar hækkanir. Með þessu er ég ekkert að deila á það út af fyrir sig, að þessar hækkanir hafi verið leyfðar. Það hefur vafalaust verið nauðsynlegt og eðlilegt, en þetta er auðvitað allt önnur röksemdafærsla, og hæstv. ráðh. og flokksbræður hans hafa fallið frá þeim rökum, sem þá var haldið fram, að hægt væri að framkvæma verðstöðvun með þeim einfalda hætti að banna algerlega að færa út í verðlagið allar hækkanir, sem leitt höfðu af kauphækkuninni 1970.

Hitt atriðið var mál, sem hv. 7. þm. Reykv. kom inn á, en það er spurningin um þau tæplega 4 vísitölustig, sem kaupið lækkar um að öðru óbreyttu vegna niðurfellingar á nefsköttum, almannatryggingagjöldum og sjúkrasamlagsgjöldum. Um þetta hafa áður orðið umr., og ég átti nokkrar umr. um það í hv. Ed. við núv. hv. forseta Alþýðusambands Íslands, hver væri afstaða verkalýðshreyfingarinnar til þessa máls, og ef ég man rétt, komst hann svo að orði, að hún mundi ekki una því, að vísitalan yrði skert sem þessu næmi við niðurfellingu þessara gjalda nema að svo miklu leyti, sem skattalækkanir kæmu á móti. Nú held ég, að varla sé nokkur Íslendingur finnanlegur, sem er svo bjartsýnn að halda, að skattar lækki. Ég veit ekki, hvort hv. þm. er það bjartsýnn enn í dag. En ég skal fúslega fallast á þau rök, að ef slík hlunnindi kæmu á móti, þá væri eðlilegt að taka tillit til þessa. En að öðru leyti hélt hv. forseti Alþýðusambandsins því fram, að verkalýðshreyfingin mundi ekki una öðru en fá þá bætt upp þessi 3.6 eða 4 vísitölustig, sem þar var um að ræða.

Nú finnst mér eitt vera villandi í þessu máli, eða a. m. k. hef ég ástæðu til þess að halda það, þegar sagt er, að beðið sé úrskurðar kauplagsnefndar. Ég efa nefnilega stórkostlega, að kauplagsnefnd hafi nokkra möguleika til að taka þetta til greina. Það er a. m. k. mikið vafamál, vegna þess að beinu skattarnir eru ekki í vísitölugrundvellinum. Hin gjöldin eru aftur á móti í grundvellinum, og það er staðreynd, að þau eru ekki lengur greidd, og þar af leiðandi falla niður útgjöld vísitölufjölskyldunnar vegna þessara nefskatta. Ég held því, að það sé a. m. k. mikið vafamál, að hægt sé að segja, að menn bíði bara úrskurðar kauplagsnefndar, vegna þess að það sé efasamt, að hún geti eða muni telja sér fært að taka tillit til þessara breytinga, sem hér verða.

Nú vildi ég þess vegna leyfa mér að varpa fram þeirri fsp. til hæstv. viðskrh., hvort það sé ætlun ríkisstj., ef kauplagsnefnd tekur þetta ekki til greina, þetta tap, sem launþegar hafa þarna orðið fyrir, að beita sér fyrir því, að vísitalan verði hækkuð sem þessu nemur. Í þessum orðum mínum felst þó ekki ádeila um það eða kröfugerð, heldur aðeins spurning um ákveðnar staðreyndir og í tilefni af þeirri ályktun, sem Alþýðusamband Íslands hefur gert varðandi þetta mál.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Fsp.-tíminn er að sjálfsögðu ekki til almennrar umr., og ég get fallizt á þau sjónarmið, sem fram hafa komið og ekki sízt hjá hæstv. forseta Sþ. nú. Það er þó stundum þannig, að ekki er hægt að komast hjá því að gera nokkrar aths. við það, sem sagt er, og það ætla ég að leyfa mér að gera núna.

Hæstv. viðskrh. sagði, að þeir, sem stofnuðu til

vandans og geymdu verðhækkanirnar með verðbreytingum, með verðstöðvun, vilji nú skjóta sér undan vandanum og ekki láta leyfa verðhækkanir, en eins og áðan var vikið að, þá var páv. ríkisstj. atyrt fyrir það að hafa leyft of miklar verðhækkanir. Ég lagði fram svipaða skýrslu um verðhækkanirnar í umr., sem þá fóru fram og síðar á þinginu um þetta mál, og sýndi hún, að verðhækkanir höfðu verið leyfðar oft með shlj. atkv. og stundum a. m. k. miklum meiri hl. og engum mótatkv. í verðlagsnefndinni, og þetta átti sér stað um iðnaðinn líka. Það er svo rétt, að það munu einhver iðnfyrirtæki, sennilega örfá, hafa orðið þannig út undan, að þau hafa ekki verið búin að biðja um þessar verðhækkanir fyrir verðstöðvunina. Það kom fram á sínum tíma og var ekkert leyndarmál. Þess vegna er það afar einkennilegt, þegar því er haldið fram nú, að verðstöðvunin hafi valdið vanda í iðnaðinum, vegna þess að hann hafi ekki fengið verðhækkanir. Það kom líka fram í ræðu formanns Félags ísl. iðnrekenda, að þetta væri geymdur vandi. En þá spyr ég: Hvernig hefði íslenzkur iðnaður staðið, ef verðstöðvun hefði ekki orðið og komið 7—10% kauphækkun í iðnaðinn 1. des., sem var komizt hjá, og síðan líklega á einu ári svona um 20% kauphækkun, ef ekkert hefði verið að gert? Þegar ég segi um 20% kauphækkun, þá miða ég við, að það mun nálgast það að verða upp undir 20% kauphækkun. A. m. k. mun vísitalan hjá þessari hæstv. ríkisstj. væntanlega á þessu ári, einu árstímabili, hafa hækkað um sem nemur 20 stigum. Það eru allar líkur, sem til þess benda. Hvernig hefði þá íslenzkur iðnaður staðið og hvernig átti þá að leysa vandann? Var það ekki nokkru meiri vandi, sem þá var við að etja, ef kaupið hefði á eins árs tímabili hækkað um upp undir 20% hjá iðnaðinum í samkeppni við innfluttar vörur og í sambandi við möguleika þeirra til útflutnings en þó að einhverjar greinar iðnaðarins hefðu ekki fengið þær verðhækkanir, sem þær óskuðu eftir haustið 1970? En það er staðreynd, að iðnaðurinn hefur ekki blómstrað meira á öðrum tíma en á árunum 1970 og 1971. Hann jók framleiðslu sína um 10—11% fyrra árið og 13—14% síðara árið, og þegar um slíka framleiðsluaukningu er að ræða, þá ætti að mega búast við því, að slíkur atvinnurekstur gæti þolað það, að eitthvað væri hamlað á móti verðhækkunum, sem hann kannske mjög gjarnan hefði viljað fá, en bæði framleiðsluaukningin og framleiðniaukningin gefa honum meira í aðra hönd. Það er þess vegna fráleitt, og ég vísa því algerlega á bug, að fyrrv. ríkisstj. hafi stofnað þarna til vanda fyrir þá, sem nú eru að biðja um verðhækkanir. Þvert á móti varð hún mikil bjargvættur íslenzks atvinnurekstrar með þeirri verðstöðvun, sem hún stofnaði til og leiddi til þess, að kauphækkanir urðu litlar sem engar á tímabilinu frá því að verðstöðvunin tók gildi og þar til núv. ríkisstj. tók við.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Reykv. var að enda við að segja hér, að það er misskilningur, ef hann heldur, að það sé mín skoðun, að verðstöðvunin út af fyrir sig hafi verið röng og af henni sem slíkri hafi leitt einhvern sérstakan vanda. Ég tel, að verðstöðvunin hafi verið réttmæt og hún hafi átt að vera. En mér hefur aldrei dottið til hugar að neita hins vegar þeirri staðreynd, að með verðstöðvuninni var verið að hrúga upp ýmsum vandamálum, sem ekki komu fram, og þó að ég finni það, að hv. 1. þm. Reykv. er ekki ánægður með ummæli formanns Félags íslenskra iðnrekenda, þau, sem hann viðhafði á fundi nú nýlega um þetta atriði, þá held ég nú samt, að það, sem formaður Félags ísl. iðnrekenda sagði í þessum efnum, sé fullkomlega rétt, því að á verðstöðvunartímanum er það þannig, að erlendar verðhækkanir fá að koma fram nokkurn veginn jafnóðum og þær gerast á innfluttum vörum til landsins, þar sem þær eru beinlínis seldar beint áfram til neytenda. En þegar iðnaðurinn kaupir hins vegar þessar vörur við hækkuðu verði, þá er ekki um leið ákveðið, að iðnaðurinn fái að hækka útsöluverðið á framleiðsluvörum sínum. Og það er þetta, sem hefur verið að gerast, og því er ekkert um það að villast, að í sumum tilvikum var þarna kominn upp vandi, sem er aðeins eðlilegur vandi, sem leiddi af verðstöðvun í langan tíma. Ég gæti tekið undir með hv. 1. þm. Reykv., að ég álít, að þegar við lítum á iðnaðinn sem heild, þá hafi afkoma hans verið mjög sæmileg. En eigi að síður er hitt rétt, að þarna hafði safnazt fyrir talsverður vandi, sem varð að leysa úr með einhverjum hætti í vissum tilvikum.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín þeirri fsp., hvort ríkisstj. mundi gera ráðstafanir til þess að hækka kaupgreiðsluvísitöluna, ef kauplagsnefnd teldi sér ekki fært að líta fram hjá þeim breytingum, sem verða, eða gera breytingar á grundvelli kaupgjaldsvísitölunnar með tilliti til þess, að nefskattarnir væru nú felldir niður. Ég tel, að það sé enginn vafi á því, að kauplagsnefnd muni fjalla um þetta mál, og tel, að það sé aðeins í fullu samræmi við vinnubrögð hennar. Ég vil nefna t. d. eitt dæmi. Eins og kunnugt er varð sú breyting á s. l. hausti, að iðgjöldum til bifreiðatrygginga var breytt í grundvallaratriðum frá því, sem áður var. Tekin var upp svonefnd sjálfsábyrgð í stað beins iðgjalds að nokkru leyti. Kauplagsnefnd ákvað að meta þetta, þó að þetta væri ekki í vísitölugrundvellinum. Og hún mat þetta sem tiltekna iðgjaldahækkun og hækkaði vísitöluna um rúmlega 0.2 stig af þessum ástæðum. Ég efast ekkert um það, að kauplagsnefnd hlýtur að fjalla um þetta mál, og ég held, að ríkisstj. hafi ekki í huga að blanda sér í það á neinn hátt, eins og sú nefnd er samansett og eins og þeir hagsmunaaðilar, sem þarna eiga mest undir, hafa mikil áhrif á þá nefnd. Það er ekki meining ríkisstj. að fara að blanda sér í störf nefndarinnar. Ég vil líka um leið segja það, að það er rangt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., þegar hann heldur því fram, að ég og flokksbræður mínir höfum talið, að ekki þyrfti að leyfa neinar verðlagshækkanir vegna þeirra kauphækkana, sem samið var um á árinu 1970. Það hef ég a. m. k. aldrei tekið mér í munn, og ég kannast ekki við það heldur að hafa séð það í málgögnum okkar. En hins vegar er það rétt, að ég hafði haldið því fram, og það er enn þá mín skoðun, að þær verðlagshækkanir, sem heimilaðar voru af fyrrv. ríkisstj. rétt áður en verðstöðvunin skall á, hafi þá verið allt of miklar í mörgum greinum, og það hafi ekki verið ástæða til þess að heimila jafnmiklar verðlagshækkanir og þá voru samþykktar. Það er allt annað mál. Mér hefur aldrei dottið í hug, að veruleg og almenn kaupgjaldshækkun gæti gengið þannig yfir í verðmiðlunarkerfi okkar, að um enga verðlagsbreytingu yrði að ræða á eftir. Mér er alveg ljós t. d. jafneinfaldur hlutur og

það, að þegar laun iðnaðarmanna hækka, þá hlýtur útseld vinna þeirra hjá fyrirtækjum að hækka líka. Það er alveg með öllu óframkvæmanlegt annað en taka tillit til slíks. Þar getur aðeins verið ágreiningur um það, hvað eigi að leyfa fyrirtækjum þeirra eða meisturunum mikla álagningu á hina útseldu vinnu. En að sjálfsögðu verður að taka tillit til þess kaups, sem um hefur verið samið.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, sé ekki ástæðu til þess. Ég tel, að upplýsingar hafi verið gefnar hér eftir því sem efni standa til um það, sem um hefur verið spurt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég hef ekki hjá mér nákvæmlega ummæli, sem hæstv. núv. viðskrh. lét falla haustið 1970 um verðhækkanirnar, en ég man það samt, að efnislega kom það margoft fram í sambandi við frv., sem hann og flokksbræður hans fluttu þá hér um verðstöðvun, að þeir teldu, að kauphækkununum, og það er ekki ný kenning hjá þeim, ætti ekki að velta út í verðlagið. Kauphækkanirnar 1970 voru að þeirra mati þá alls ekki óeðlilegar kauphækkanir. En að halda því þá fram nú, að það hafi verið óeðlilegt að leyfa þá verðhækkanir, leyfa þeim þá að fara út í verðlagið, þeim verðhækkunum, sem fyrrv. ríkisstj. samþykkti þá, en það sé hins vegar allt í lagi með þær verðhækkanir, sem núv. ríkisstj. hefur samþykkt, það skal ég láta liggja á milli hluta.

Þegar aftur kom að því að svara síðara atriðinu, sem ég gerði að umtalsefni, þá fannst mér hæstv. ráðh. taka nokkuð óljóst til orða og sannast sagt nokkuð villandi, vegna þess að það er auðvitað ekkert sambærilegt að ræða um það, þó að kauplagsnefnd hafi tekið til greina skerðingu á tryggingum bifreiða, vegna þess að þar er um bein útgjöld að ræða á útgjaldalið, sem gert er ráð fyrir í vísitölugrundvellinum. En ég leyfi mér að efast stórlega um varðandi skatta og varðandi nefskattana, að kauplagsnefnd taki það til greina. Það er gott og blessað, ef hún gerir það. En ég sé ekki betur og spyr, — það upplýsist þá frá hæstv. ráðh., ef ég fer með rangt mál, — hvort ekki sé gert ráð fyrir því í þessum áætlunum um hækkun vísitölunnar nú á næstu mánuðum, að neinar bætur komi launþegum til handa í sambandi við þessi 4 vísitölustig eða tæplega það, sem af þeim voru tekin. Það virðist vera gengið út frá því í þessum útreikningum, að þau verði ekki bætt, að kauplagsnefnd taki slíkt ekki til greina og ríkisstj. þá ekki fyrir sitt leyti stuðli að því, að þetta verði tekið til greina. Þetta sýnist mér vera staðreynd, sem alveg blasi við, ef við athugum þær tölur, sem gengið er út frá varðandi áætlaða hækkun kaupgjaldsvísitölunnar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal halda örstutta tölu. Það er í sambandi við það, sem ég benti á, og vil bara árétta það, svo að mönnum skiljist það alveg, að varðandi atvinnureksturinn fengu sumar greinar við verðstöðvunina ekki verðlagshækkanir eins og þær vildu. En þær fengu á móti það, að kaupið hækkaði ekki eins og var ráðgert, að það mundi hækka, og það var ráðgert, að það mundi hækka í desember einhvers staðar á milli 7 og 10 stig, sem stöðvuð voru, 7.5 eða 8, ef ég man þetta nógu rétt nákvæmlega. Ef verðstöðvunin hefði ekki orðið, þá hefði bæði iðnaður og aðrar atvinnugreinar, sem voru í samkeppni við innflutning, þurft að greiða þetta miklu meira í kaupgjald og samkeppnisaðstaðan þar af leiðandi versnaði. Þetta sluppu þeir við, fengu að vísu ekki verðhækkanir, og urðu svo að keppa við innfluttar vörur og borga eitthvað meira — sáralítið — fyrir aðfluttu vöruna. Ég held, að það hafi tvímælalaust verið miklu hagstæðara fyrir atvinnureksturinn, sem losnaði við víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, sem gat orsakað upp undir 20% kauphækkanir á skömmum tíma, ef ekki var að gert, en þær litlu verðlagshækkanir, sem neitað var um og hann hafði beðið um. Valkosturinn liggur þar á milli, og mér þætti vænt um það, ef formaður Félags ísl. iðnrekenda, sem hefur spunnizt inn í umr. okkar, vildi gera grein fyrir því á opinberum vettvangi, hvorn valkostinn hann heldur vildi. Hann á ekki að segja bara: Við erum í vandræðum, af því að við fengum ekki allar þær verðhækkanir, sem við vildum. — En hvaða valkost vildi hann? Að sleppa við kauphækkanirnar með stöðvuninni og missa af nokkrum verðhækkunum, sem eftir voru? Þetta er spurningin, sem ekki er svarað í hinni ágætu ræðu hans að öðru leyti.

Varðandi svo síðara atriðið, sem þeir hafa rætt um, hv. 2. þm. Norðurl. e. og ráðh., hvernig kauplagsnefndin á að reikna út kaupgjaldsvísitöluna, þá finnst mér, að það standi upp á ríkisstj. Það hef ég áður sagt hér. Hún getur ekki sagt: Þetta kemur okkur ekki við. Ef hún breytir lögunum, eins og hún gerir, breytir almannatryggingalögunum og tekjuskattslögunum, og ef hún sér fram á það, hún sér kannske ekki fram á það, en ef hún sér fram á það, að þetta skapi launþegunum ranglæti, að vísitöluútreikningurinn, vísitalan, sem á að mæla öllum almenningi kaup, verði með þessu skert, þá hefur ríkisstj. í hendi sér að breyta lögunum um útreikning kaupgjaldsvísitölunnar, og það er það, sem hún á að gera, ef hún sannfærir sjálfa sig um það, að hún komi hér fram með rangindum gagnvart launþegastétt landsins.

52. Vátrygging fiskiskipa.

Á deildafundum 17. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um vátryggingu fiskiskipa [254. mál, 1] (A. 560).

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. á þskj. 560, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

Hvenær er að vænta, að lokið verði endurskoðun á

vátryggingarmálum fiskiskipa til lækkunar á vátryggingarkostnaði þeirra?

Í stjórnarsáttmálanum á bls. 3 segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. mun m. a. beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í efnahagsmálum. 3. Að vátryggingarmál fiskiskipa verði endurskoðuð með það fyrir augum að lækka vátryggingarkostnað."

Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi veitt því athygli, að þegar hæstv. sjútvrh. fór fram á auknar tekjur til handa útflutningssjóði með lækkuðum gjöldum til sjóðsins, þá rökstuddi hann það aðallega með því, að sjóðurinn væri ekki þess megnugur að standa nægilega undir greiðslu af vátryggingariðgjöldum til fiskiskipa. Það er því eðlilegt, að spurt sé um það, hvenær ráðstafanir samkv. stjórnarsáttmálanum komi til framkvæmda. Það, sem kann að gera þessar fsp. enn eðlilegri, er það, sem síðar hefur komið fram, að nú virðist svo, að það eigi að fara að höggva í tekjur útflutningssjóðs, en eins og allir vita, fer hann að verulegu leyti til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, nú eigi að fara að höggva í þessar tekjur. Vil ég þar vitna til þess, sem nýlega er búið að samþykkja hér í þessari hv. d., þar sem sjútvrh. er heimilað að ráðstafa útflutningsgjöldum á saltaðri síld og síldarflökum, eins og þar segir, og þar sem heyrzt hefur í sambandi við frv., sem liggur fyrir Ed., um niðurlagningu eða niðursuðu, þá séu þar einnig uppi kröfur um, að eigendur niðursuðufyrirtækja fái hluta af útflutningsgjaldinu. Allt þetta hlýtur að verka til óhagræðis fyrir vátryggingarmál fiskiskipaflotans, og leyfi ég mér að vænta þess, að hæstv. ráðh. geti veitt upplýsingar um, hvað þessu atriði í stjórnarsáttmálanum líði.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er um, hvenær sé að vænta, að lokið verði endurskoðun á vátryggingarmálum fiskiskipa til lækkunar á vátryggingarkostnaði þeirra. Sjútvrn. beitti sér fyrir því, að skipuð væri sérstök nefnd til þess að endurskoða það vátryggingarkerfi, sem í gildi er nú um þessi mál. Nefndin var skipuð 16. des. 1971, og áttu þessir aðilar sæti í nefndinni: Matthías Bjarnason alþm., sem tilnefndur var af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri samkv. tilnefningu Efnahagsstofnunarinnar, Kristján Ragnarsson framkvæmdastjóri samkv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, Sigurður H. Egilsson framkvæmdastjóri samkv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, Guðmundur Guðmundsson forstjóri samkv. tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga, Jón Sigurðsson skrifstofustjóri samkv. tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, en hann hefur verið forstöðumaður Tryggingasjóðs fiskiskipa.

Þessi nefnd skilaði áliti í marzmánuði, og þetta álit liggur enn í sjútvrn. til frekari athugunar og úrvinnslu. Segja má, að meginatriðin, sem fram koma í áliti þessarar nefndar, séu þessi:

1. Nefndin gerir ráð fyrir því, að í megindráttum verði vátryggingarkerfi fiskiskipanna eins og það er nú, þ. e. hluti af tryggingakerfinu, og teljist til opinberrar tryggingar, skyldutryggingar, en annar hluti tilheyri hinni frjálsu tryggingu.

2. Þá gerir þessi nefnd tillögur um það, að sett verði sérstök lög um Tryggingasjóð fiskiskipa, en um þennan tryggingasjóð eru engin sérstök lög.

3. Nefndin skilaði frá sér tveimur frv. til breytinga á gildandi lögum, sem sérstaklega varða björgun fiskiskipa og kostnað í því sambandi, sem hefur auðvitað mikil áhrif á vátryggingarkostnað.

4. Nefndin gerir sérstakar tillögur um breytingar á skipun svonefndrar fjárhæðanefndar, sem starfað hefur í þessum málum, og vill láta setja sérstök ákvæði í lög um starfsemi hennar, en hún hefur gengið endanlega frá því að meta tryggingafjárhæðir hinna einstöku skipa.

5. Nefndin gerir tillögur um það, að nýtt mat verði tekið upp á fiskiskipum fyrir yfirstandandi ár.

Það koma ýmis önnur atriði fram að sjálfsögðu í þessu áliti, en eins og ég sagði áður, þá vinnur rn. nú að því að útbúa sínar tillögur á grundvelli þess, sem fram hefur komið í þessu áliti.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að ég er engan veginn ánægður með það, sem frá þessari nefnd hefur komið. Ég tel, að það þyrfti að ganga allmiklu lengra og það væri hægt að ná hér meiri árangri en þessar tillögur mundu leiða til, til þess að lækka beinlínis vátryggingarkostnaðinn. En þó má vel vera, að ef allar tillögur nefndarinnar yrðu framkvæmdar, þá mætti koma við allverulegri lækkun á iðgjöldum fiskiskipa.

Hv. fyrirspyrjandi minntist á það í þessu sambandi, að hann óttaðist nokkuð, að tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa, sem nú eru, reyndust of litlar, a. m. k. að óbreyttum reglum, og benti í því efni á, að hér hefði nýlega verið samþ. till. um það að heimila undanþágu frá því að greiða útflutningsgjald til tryggingasjóðsins af saltaðri síld á þessu ári. Það er rétt, að ég stóð að því, að slík heimild yrði veitt, en ég held, að ekki geti komið til mála, að sú heimild geti orðið til þess að skerða raunverulegar tekjur sjóðsins á þessu ári. Eins og kunnugt er, hefur í rauninni verið ákveðið að banna alla síldveiði hér við land á þessu ári, og það er því ekki líklegt, að það geti komið til söltunar á síld hér með venjulegum hætti og af þeim ástæðum hefði tryggingasjóðurinn að sjálfsögðu ekki fengið miklar tekjur af útfluttri saltsíld. Hins vegar er hafinn undirbúningur að því að gera tilraunir til þess að flytja hingað heim síld til söltunar af fjarlægum miðum, og þá getur vel staðið svo á, að það reynist ekki kleift að koma því fram, ef ætti að leggja þetta sérstaka útflutningsgjald á slíka framleiðslu, og því þótti rétt að hafa þessa heimild handa ráðh., að ef honum svo sýndist, þá gæti hann fallið frá því að innheimta á þessu ári útflutningsgjaldið af þessari framleiðsluvöru.

Þá minntist hv. fyrirspyrjandi einnig á það, að í frv., sem liggur enn fyrir Ed. varðandi niðursuðumál, væri gert ráð fyrir því að ganga nokkuð á tekjur þessa sjóðs, og það er rétt. Eins og það frv. er nú, þá er þar gert ráð fyrir því, en ég tel, að það sé alveg óhjákvæmilegt að breyta því frv., þannig að tekjur þessa sjóðs verði ekki skertar nema aðeins að því leyti til, sem um er að ræða bein útflutningsgjöld af niðursoðnum eða niðurlögðum framleiðsluvörum. Þar er aðeins um smáupphæð að ræða, hún mun nema í kringum 2.5 millj. á ári, en hins

vegar eru ekki tök á því að taka af þessu útflutningsgjaldi til þeirrar stofnunar, sem þar um ræðir, af annarri framleiðslu eða öðrum framleiðsluvörum sjávarútvegsins, enda tel ég, að það sé engin bein þörf á því. Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að láta þá n. vita um það, sem um málið fjallar í Ed., að það eru ekki tök á því að skerða tekjur þessa sjóðs, og ég hygg, að ekki sé hætta á því, að það verði gert. Sjóðurinn mun því að fullu búa við þær tekjur, sem hann hefur búið við til þessa, og mér er ljóst, að hann hefði meira að segja þurft á meiri tekjum að halda, ef ekki verður um að ræða verulega breytingu á iðgjaldaformi skipanna til lækkunar frá því, sem verið hefur.

Ég get því ekki gefið frekari svör við þessari fsp. en þau, að endurskoðunarnefndin hefur lokið störfum sínum og málið liggur nú í rn. til frekari framkvæmda, og verður reynt að hraða því að taka þær ákvarðanir í málinu, sem tök eru á.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið við fsp. minni, og ég vænti þess mjög, að á þessu þingi verði þessum málum komið í það horf, sem hann telur, að þurfi að gera með breyttri löggjöf, að svo miklu leyti sem það verður ekki gert með reglugerðarákvæðum.

Eftir því sem ég hef getað gert mér grein fyrir tryggingamálum fiskiskipaflotans, þá tel ég, að þau hafi nokkuð farið úr skorðum hin síðari ár og fiskiskipaflotinn búi kannske í dag við óhagstæðari kjör, vátryggingarkjör, en ef um væri að ræða tryggingar á frjálsum markaði, eins og áður var, og skipaeigendur hefðu sjálfir með sínar tryggingar að gera. En ég endurtek, að ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái svo um, að nauðsynlegri löggjöf verði þegar á þessu þingi komið fram, ef þess þarf með, til úrbóta og til lækkunar á iðgjöldum fiskiskipaflotans, eins og segir í málefnasamningi stjórnarinnar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft stóru máli, og ég veit ekki, hvort allir þm. gera sér grein fyrir því, hvað þetta er stórt mál og hefur verið erfitt mál. Kerfið í dag er komið frá útvegsmönnum sjálfum að langmestu leyti, ef ekki öllu leyti, og eins og hæstv. ráðh. tók fram, þá eru ekki sérlög einu sinni um tryggingasjóðinn, en það er fyrir löngu orðið nauðsynlegt að setja slíka löggjöf að mínu mati.

Ég saknaði eins í framsögu ráðh., og það var, hvaða hugmyndir séu um innheimtuna sem slíka. Á hún áfram að vera sem bráttógjald? Ég tel meinsemd þessa kerfis liggja einmitt í því innheimtukerfi að hafa þetta bráttógjald, vegna þess að því miður notfæra margir sér það að koma viðhaldi eins og hægt er í gegnum tjónaskýrslu, af því að gjaldið er bráttóskattur, en ekki kvöð samkv. getu viðkomandi báts, a. m. k. að mestu leyti. Sjálfsagt er, að sameiginleg trygging að verulegu leyti eigi sér stað, en þetta bráttókerfi hefur í mörgum tilfellum reynzt mjög illa. Það er ómögulegt að tilfæra dæmi um það hér, en það eru ótal dæmi um slíkt. Ég held, að til þess að vinna að lækkun á kerfinu, lækkun á gjöldunum og meira aðhaldi, en það eru nú flestir sammála um það, þá verði að koma á annarri innheimtu, a. m. k. að hafa annað form á því, ella mun fyrr eða síðar, þó að ný löggjöf komi, sækja í sama horfið. Því miður eru það allmargir, sem gera út á aðra í þessu tilfelli, og það þekkir hæstv. ráðh. mjög vel.

Hin nýju skip, sem er verið að kaupa til landsins, munu sennilega byrja með iðgjaldsprósentu 2.5%. Það þýðir, að iðgjald þessara skipa er um eða yfir 3 millj. á ári, þessara nýju skutskipa. Þetta er auðvitað stór tala. Ef tjón verða, hækkar síðan iðgjaldið nokkuð, en ég vil leiðrétta þann misskilning, sem mér virtist vera í ræðu hv. 3. þm. Sunnl., að við búum nú við mun óhagkvæmara kerfi en var. Þetta er ekki alls kostar rétt og alls ekki, þegar maður lítur á þann þátt, að við höfum tekið núna stærri eigin áhættu hér inn í landið en var, en áður var áhættan verulega í enskum pundum og tryggt hjá Lloyd's í London. Þá voru tjón mjög tilfinnanleg hjá þeim skipum, sem lentu í þeim. En þessu var breytt fyrir tveimur árum, og hefur nú refsiiðgjald miðað við ákveðna upphæð lækkað verulega, og það er gert hér heima að langmestu leyti og er til verulegra bóta. Um þetta held ég, að menn séu sammála. Hitt geta menn deilt um, hvort tryggingarnar eiga allar að vera frjálsar eða ekki, af hvaða bátastærð sem vera skal, en í dag er það ríkistrygging eftir sérstökum lögum á bátum undir 100 tonnum.

Ég tel, að hæstv. ráðh. hafi gert rétt í því að hafa möguleika á því að hagnýta síldargjaldið svonefnda eða útflutningsgjaldið á síldinni til þess að stuðla að því, að síld verði lögð á land á Íslandi úr Norðursjó, því að ella yrði e. t. v. engin síldveiði, og er þá illa farið fyrir mörg skip og marga staði.

Það, sem mig langaði til að vekja athygli á, var fyrst og fremst þetta, að ef ekki verður hugleitt, hvernig ráðstafa eigi bráttótekjuöfluninni í sambandi við nýja löggjöf um tryggingasjóðinn, óttast ég, að fyrr eða síðar muni sækja í sama farið og hefur verið s. l. 10—11 ár, að þessi sjóður eigi í sífelldum erfiðleikum vegna aðhaldsleysis í sambandi við tjónaskýrslur.

53. Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Á deildafundum 24. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til utanrrh. um Félagsmálasáttmála Evrópu [265. mál, 2] (A. 605).

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 45 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera fsp. á þskj. 605 til utanrrh. um Félagsmálasáttmála Evrópu. Það er spurt um:

1. Má vænta þess, að ríkisstj. vinni að því, að Ísland gerist aðili að Félagssáttmála Evrópu (European Social Charter)?

2. Ef svo er, hvenær er stefnt að því að undirrita og fullgilda sáttmálann, svo sem stofnskrá og reglur Evrópuráðsins gera ráð fyrir?

Á s. l. hausti var þess minnzt á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins í Strasbourg, að 10 ár voru liðin síðan Félagsmálasáttmáli Evrópu tók gildi. Þessi sáttmáli, sem er til tryggingar mannréttindum og grundvallarfrelsi á vettvangi efnahags- og félagsmála, var undirritaður 18. okt. 1961. Hann hefur nú verið staðfestur af níu Evrópuráðsríkjum, þ. e. Austurríki, Danmörku, Írlandi, Kýpur, Bretlandi, Ítalíu, Noregi, Svíþjóð og Vestur-Þýzkalandi. Auk þess hefur samningurinn verið undirritaður af fimm öðrum ríkjum, þ. e. Belgíu, Frakklandi, Luxembourg, Hollandi og Tyrklandi. Félagsmálasáttmálinn er einn af þýðingarmestu sáttmálum, sem Evrópuráðið hefur stofnað til. Þar sem mannréttindasáttmáli Evrópuráðsins fjallar um Mannréttindanefndina og Mannréttindadómstólinn, skilgreinir Félagsmálasáttmálinn félagsleg réttindi einstaklingsins, og með honum er í fyrsta sinn í samvinnu Evrópuríkja leitazt við að framfylgja þessum réttindum undir alþjóðlegu eftirliti.

Félagsmálasáttmálinn hefst á almennri yfirlýsingu. Sérhvert land, sem staðfestir sáttmálann, lýsir yfir vilja sínum til að vinna að því, að fullnægt verði þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru til þess að koma í framkvæmd 19 réttindum og reglum, sem sáttmálinn tilgreinir. Í framhaldi af þessari yfirlýsingu er lýst þeim aðgerðum, sem gera þarf. Sérhvert ríki, sem staðfestir Félagsmálasáttmálann, er þegar í stað bundið af ýmsum köflum hans og greinum. En um nokkurt valfrelsi er að ræða varðandi skuldbindingar þær, sem aðildarríkin taka á sig. Sem dæmi um félagsleg réttindi, sem aðildarríki sáttmálans skuldbinda sig til að halda í heiðri, má nefna rétt til vinnu, réttindi verkalýðsfélaga, samningsfrelsi verkalýðsfélaga, rétt til verkfalla, rétt til félagslegs öryggis og rétt fjölskyldunnar til félagslegrar og efnahagslegrar verndar.

Í lokakafla sáttmálans er fjallað um það skipulag, sem komið er á fót til að tryggja, að staðið sé við þær skuldbindingar, sem aðildarríkin taka á sig. Hvert aðildarríki skal reglulega gefa skýrslu um framkvæmd sína á ákvæðum sáttmálans. Skýrslur þessar eru skoðaðar af sérfræðinganefnd, sem fulltrúi frá Alþjóðavinnumálastofnuninni á sæti í, og ganga síðan til sérstakrar félagsmálanefndar, sem er skipuð einum fulltrúa frá hverri ríkisstjórn aðildarríkja sáttmálans. Fulltrúar frá alþjóðasambandi vinnuveitenda og alþjóðasambandi verkalýðsfélaga hafa rétt til setu í þessari félagsmálanefnd sem áheyrnarfulltrúar með tillögurétti. Niðurstöður af þessum ítarlegu athugunum eru sendar ráðgjafarþingi Evrópuráðsins og síðan ráðherranefnd Evrópuráðsins, sem getur gert tillögur varðandi framkvæmd sáttmálans í hverju einstöku aðildarríki fyrir sig. Með þessu móti er almenningsálitið, ef svo mætti að orði komast, virkjað gegnum ráðgjafarþingið til þátttöku í eftirliti með félagsmálastefnu Evrópuráðsríkjanna, eins og hún er skilgreind í Félagsmálasáttmálanum.

Þessi sáttmáli felur í sér þann aflvaka, sem stuðlar á raunhæfan hátt að efnahags- og félagslegum framförum í aðildarríkjum Evrópuráðsins, en það var á sinni tíð einn megintilgangur með stofnun Evrópuráðsins. Í stofnskrá Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 segir, að markmið ráðsins sé að koma á nánari einingu meðal þátttökuríkja þess í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, og svo til þess að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála.

Síðan Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu, hefur það verið virkur þátttakandi í ýmissi starfsemi ráðsins, svo sem á vettvangi menningarmála, sveitarstjórnarmála og í vissum greinum félagsmála og svo um samstarf á sviði löggjafar. Stundum hefur Ísland verið í forustusveit þeirra ríkja, sem hrundið hafa í framkvæmd þýðingarmiklum málum Evrópuráðsins, svo sem með fullgildingu sinni á Mannréttindasáttmálanum og aðild sinni að viðreisnarsjóðnum. Þess vegna verður að segja, að hlutur okkar liggi eftir, meðan við gerumst ekki aðilar að Félagsmálasáttmála Evrópu. Það er þessi sáttmáli, sem varðar mest grundvallarstefnu og markmið Evrópuráðsins ásamt Mannréttindasáttmálanum. Að vísu er það svo, að ýmis önnur aðildarríki hafa ekki enn fullgilt Félagsmálasáttmálann. En þau ríki, sem standa okkur næst í félagslegum viðhorfum, hafa staðfest þennan sáttmála, og meðal þeirra eru öll hin Norðurlöndin, sem aðild eiga að Evrópuráðinu. Það er því vissulega tímabært, að Ísland taki sér stöðu með þeim ríkjum, sem tryggja þegnum sínum mest félagslegt réttlæti og réttindi. Með tilliti til þessa og með hliðsjón af því, að mér er kunnugt um, að hæstv. utanrrh. hefur bæði áhuga og góðan skilning á þátttöku Íslands í Evrópuráðinu, hef ég leyft mér að orða fsp. mína á þann veg, hvort ekki megi vænta þess, að Ísland gerist aðili að Félagsmálasáttmála Evrópu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af fsp. hv. 5. þm. Vestf. um undirskrift og staðfestingu Félagsmálasáttmála Evrópu. Það er allt rétt, sem hann rakti hér um gang þessa máls. Þessi sáttmáli hefur orðið hornreka af einhverjum ástæðum hjá okkur. Ég held, að það sé þó ekki vegna þess, að í honum séu óaðgengileg ákvæði fyrir okkur, heldur miklu fremur hitt, að það hafi ekki komizt í verk að undirrita hann og fullgilda.

Samningur þessi var, eins og hv. þm. tók fram, undirritaður í Turin á Ítalíu hinn 18. okt. 1961 og tók gildi 26. febr. 1965, þegar fimm ríki höfðu fullgilt hann. 1. jan. s. l. höfðu, eins og hv. þm. greindi, níu ríki fullgilt samninginn og önnur fimm undirritað, þannig að af þátttökuríkjum Evrópuráðsins eru nú aðeins auk Íslands Malta og Sviss, sem hvorugt hafa gert.

Undirbúningur að samningsgerð þessari hófst árið 1954. Fór hann aðallega fram á vegum félagsmálanefndar Evrópuráðsins, og var aðalmál á öllum fundum nefndarinnar nema einum fram til þess, að sáttmálinn lá fyrir í endanlegri gerð 1961. Gögn, sem hingað bárust viðvíkjandi samningsgerðinni, voru jafnóðum send félmrn. til athugunar og umsagnar. En vegna takmarkaðra starfskrafta gat það rn. ekki sent fulltrúa á fund félagsmálanefndarinnar. Félmrn. mun hafa haft þetta mál til athugunar, og utanrrn. hefur oft spurzt fyrir um gang málsins hjá félmrn., án þess að svar hafi fengizt. Fsp. hefur þó ekki verið gerð nýlega og ekki í tíð núv. ríkisstj.

Í tilefni af framkominni fsp. hv. þm. hef ég nú beðið

hæstv. félmrh. að láta í té umsögn um sáttmálann, og á næstunni munum við því taka hann til athugunar með undirritun og staðfestingu fyrir augum í samráði við utanrmn.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svar hans og lýsa ánægju minni með efni svarsins.

54. Stofnun Leiklistarskóla ríkisins.

Á deildafundum 24. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um stofnun Leiklistarskóla ríkisins [265. mál, 1] (A. 605).

Á 61. fundi í Sþ., 25. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 45 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Leiklistarskóli Þjóðleikhússins hefur nú starfað í 22 ár. Í 10—12 ár rak Leikfélag Reykjavíkur einnig leiklistarskóla, en hefur nú lagt hann niður fyrir þrem árum.

Þegar ég veitti menntmrn. forstöðu skipaði ég nefnd til þess að kanna leiklistarkennslu á Íslandi og gera tillögur til úrbóta. Sú nefnd skilaði áliti í ársbyrjun 1970. Í ítarlegu nál. hennar voru upplýsingar um leiklistarkennslu á Norðurlöndum og tillaga gerð um stofnun leiklistarskóla, fullkomins leiklistarskóla, sem rekinn yrði af ríkinu. Það er mikið áhugamál íslenzkra leikara og raunar allra, sem íslenzkri leiklist unna, að menntunarmálum leikara sé komið í sem bezt og fullkomnast horf. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mjög ör vöxtur hefur orðið í íslenzkri leiklist undanfarinn aldarfjórðung, og það er alvarlegt áfall fyrir íslenzka leiklist og framþróun hennar, ef afturkippur verður í menningarmálum íslenzkra leikara. Á þessu vori munu 10 ungir leikarar brautskrást frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins eftir þriggja ára nám þar. En jafnhliða því sem Leikfélag Reykjavíkur hefur lagt niður sinn leiklistarskóla, hafa forráðamenn Þjóðleikhússins lýst því yfir, að engir nýir nemendur verði teknir í leikskóla þess á hausti komanda. Hér er um að ræða stóralvarlega þróun í íslenzkum leiklistarmálum, sem gera verður ráðstafanir til að koma í veg fyrir. Það kann vel að vera rétt, að á þeim tíma, sem nú er til næsta hausts, sé ekki ráðrúm til þess að undirbúa áframhald leikskóla Þjóðleikhússins, ef það er rétt, að raunveruleg ákvörðun hafi verið tekin um það að taka enga nýja nemendur í skólann á næsta hausti. En við svo búið má með engu móti standa. Það verður að taka ákvörðun um það að halda áfram leiklistarkennslu á Íslandi. Þó að ekki verði hægt að halda áfram skólanum næsta haust, verður að ákveða, hvenær honum skuli haldið áfram og í hvaða formi það skuli gerast. Til þess að fá upplýsingar um, hvernig nú horfir í þessum mikilvægu málum íslenzkrar leiklistar, er þessi fsp. fram borin.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 7. þm. Reykv. hljóðar svo:

„Hyggst ríkisstj. leggja fyrir Alþ. frv. um Leiklistarskóla ríkisins, sbr. álit nefndar, sem menntmrn. skipaði 15. júlí 1969?"

Svar mitt er á þessa leið: Með bréfi dags. 20. sept. 1968 fór Félag ísl. leikara þess á leit við þáv. menntmrh., dr. Gylfa Þ. Gíslason, að sem fyrst yrði samin löggjöf um leiklistarnám hér á landi og stofnaður einn leiklistarskóli fyrir allt landið rekinn af ríkinu. Leiklistarskólinn skyldi vera sjálfstæð stofnun og óháður leikhúsum höfuðstaðarins. Eins og kunnugt er, höfðu verið starfandi hjá leikhúsum höfuðstaðarins tveir leiklistarskólar. Með bréfi dags. 20. jan. 1969 ritaði menntmrn. Félagi ísl. leikara, Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Reykjavíkur og fjmrn. og lýsti þeirri ákvörðun sinni að skipa nefnd til þess að athuga möguleika á því að sameina leikskóla þá, sem reknir voru í Reykjavík, í einn skóla, sem væri t. d. rekinn á hliðstæðum grundvelli og tónlistarskólar. Nefndin skyldi gera áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað slíks skóla. Voru nefndir aðilar beðnir að tilnefna fulltrúa í fyrirhugaða nefnd. Fjmrn. svaraði þessu bréfi 31. jan. 1969 og taldi sér ekki fært að svo stöddu að fallast á aðild að fyrirhugaðri nefnd menntmrn. Segir fjmrn. orðrétt:

„Rn. telur nefndarskipun af þessu tagi vera vísbendingu um vilja af hálfu ríkissjóðs til að taka þátt í að standa straum af starfsemi eins og leikskólum að einhverjum hluta. Slíka ákvörðun lítur rn. á sem verulega stefnuákvörðun, sem nauðsynlegt sé að hyggja nánar að en rn. er kunnugt um, að gert hafi verið."

Varð það að samkomulagi milli þáv. menntmrh., dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, og þáv. fjmrh., Magnúsar Jónssonar, að fyrirhuguð nefnd skyldi skipuð án fulltrúa frá fjmrn. Hinn 3. marz 1969 hafði borgarstjóranum í Reykjavík verið skrifað frá menntmrn. með beiðni um, að Reykjavíkurborg tilnefndi fulltrúa af sinni hálfu í nefndina. 15. júlí 1969 var nefndin skipuð, þannig: Af hálfu Þjóðleikhússins Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri, af hálfu Leikfélags Reykjavíkur Sveinn Einarsson leikhússtjóri, af hálfu Félags ísl. leikara Klemens Jónsson leikari, af hálfu Reykjavíkurborgar Jón G. Tómasson skrifstofustjóri. Formaður var skipaður án tilnefningar Vilhjálmur Þ. Gíslason formaður þjóðleikhúsráðs. Sveinn Einarsson óskaði þó ekki að starfa í nefndinni. Tilnefndi Leikfélag Reykjavíkur engan í hans stað þrátt fyrir beiðni rn. um það í bréfi 30. sept. 1969. Nefnd þessi skilaði svo áliti til rn. 9. febr. 1970, en ekki var það í frv.-formi. Ritaði rn. nefndinni 23. marz 1971 og fór fram á, að nefndin felldi till. sínar í frv.-form og sendi rn. Nefndin hefur ekki skilað slíku frv. til rn.

Á Alþingi 1968—1969, á 89. löggjafarþingi, fluttu þeir þm. Einar Ágústsson, Páll Þorsteinsson og Ólafur Jóhannesson frv. til l. um Leiklistarskóla ríkisins, þskj. 247, Ed. Frv. þessu var vísað til ríkisstj. samkv. till. í nál.

meiri hl. menntmn. á þskj. 340, þar sem upplýst var, að menntmrh. hefði 20. jan. 1969 beðið um tilnefningu í nefnd til þess að athuga um sameiningu leiklistarskólanna og áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Með bréfi 6. febr. 1970 skipaði þáv. menntmrh. nefnd til þess að endurskoða lög og reglugerðir um þjóðleikhús, og áttu sæti í henni Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, formaður, dr. Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómari og Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri. Þessi nefnd skilaði frv. til l. um þjóðleikhús 23. marz 1971 og var það lagt fyrir Alþ. sem stjfrv. skömmu fyrir þinglok 1971, en varð ekki útrætt og síðan flutt á því þingi, sem nú situr, þá af menntmn. Ed. Alþingis að beiðni menntmrh.

Í 20. gr. frv. þessa til laga um þjóðleikhús segir svo: Komið skal á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins, og setur menntmrn. nánari ákvæði um hann í reglugerð. Í grg. segir, að það sé mjög aðkallandi framkvæmd að koma á fót slíkum skóla. Þjóðleikhúsið hafi á undanförnum árum rekið leiklistarskóla og ballettskóla, en sjálfsagt virðist, að slíkur skóli sé sjálfstæð stofnun. Nefndin taldi rétt, segir í grg., að setja í þetta frv. ákvæði um stofnun slíks skóla, þótt reynslan kynni að leiða í ljós, að réttara væri að setja um hann sérstaka löggjöf síðar. Ef frv. til l. um þjóðleikhús verður samþ. á þessu þingi með ákvæðinu um leiklistarskólann, er fengin nægileg heimild til þess að koma skólanum á fót og láta hann þróast smátt og smátt. En eins og í grg. frv. er tekið fram, kann reynslan svo að leiða í ljós, að réttara væri að setja um skólann sérstaka löggjöf síðar meir.

Megintillögur nefndar þeirrar, sem menntmrn. skipaði 15. júlí 1969 og áður er um getið, eru þær, að ríkið reki leiklistarskóla í Reykjavík óháðan leikhúsum og undir yfirstjórn menntmrn. og setji honum 3—5 manna stjórn, þar sem tekið yrði tillit til þess, að sérfræðileg listþekking og þekking og reynsla á fjármálum njóti sín. Tilgangur skólans yrði sá að veita nauðsynlega undirbúningsmenntun á eins víðtækum grundvelli og unnt er þeim, sem stunda vilja íslenzka leiklist. Telja nm., að skólinn ætti að vera í nánu samræmi við evrópska og einkum norræna leiklistarskóla um skipulag og námskröfur, eftir því sem íslenzkar aðstæður krefjast eða leyfa. Skólinn verði þriggja ára skóli og möguleiki til fjögurra ára skóla að fenginni reynslu, ef ástæða þykir til eða fé er veitt til sérstaks framhaldsnáms, t. d. fyrir leikstjóra. Skólinn starfi átta mánuði á ári með venjulegum leyfum að undangengnu inntökuprófi. Hverju námsári ljúki með prófi og síðast fullnaðarprófi. Inntaka í skólann verði bundin við 17—25 ára aldur að undangengnu t. d. gagnfræðaprófi, landsprófi eða áþekkum prófum. Einnig telur nefndin, að strangari inntökuskilyrði kæmu til greina þegar í upphafi. Með hliðsjón af kröfum annarra Norðurlandaskóla á þessu sviði og reynslunni hérlendis segir nefndin, að námsgreinar ættu að vera þessar: Taltækni, framsögn, leiktúlkun á sviði, í útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndum, sviðshreyfingar, látbragðsleikur, leiksköpun, leiktúlkun, andlitsgervi, skylmingar, dans, leikfimi, leiklistarsaga, söngur og e. t. v. einhver hljóðfæraleikur. Að því er varðar húsnæði fyrir skólann telur nefndin, að vel sé fyrir því séð með 775 fermetra flatarmáli, en unnt mundi þó að komast af með minna, það yrði tekið til notkunar í áföngum. Tekur nefndin fram, að húsnæði sænska leiklistarskólans sé 3500 fermetrar fyrir 40 nemenda skóla. Að því er varðar rekstrarkostnað, þá er um að ræða laun skólastjóra, ein kennaralaun, stundakennaralaun, laun til fyrirlesara, ljós, hita, ræstingu, umsjón o. fl. Samtals hefur nefndin áætlað stofnkostnað um 14 millj. kr. miðað við verðlag á árinu 1970 og árlegan rekstrarkostnað miðað við sama tíma um það bil 1.3 millj. kr. Þess skal getið, að fulltrúi Reykjavíkurborgar í nefndinni tók fram í nál., að hann telji ekki, að tónlistarskólar og leiklistarskóli yrðu reknir á hliðstæðum grundvelli fjárhagslega, þannig að bæjarfélagið greiddi þriðjung kostnaðar af rekstri leiklistarskóla eins og tónlistarskóla. Sé þátttaka sín í undirbúningi málsins háð fyrirvara um þetta efni.

Eins og þegar hefur verið tekið fram og öllum þingheimi er kunnugt, er heimild í frv. til l. um þjóðleikhús til þess að koma á fót leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins, og er sú heimild í þessu frv. miklu víðtækari en í þmfrv. um leiklistarskóla frá 1969. Ég mun, ef þessi heimild verður samþ., leggja kapp á, að leiklistar-, sönglistar- og listdansskóli ríkisins komist á fót sem fyrst, eftir því sem fé verður til þess veitt af Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Af þeim má ráða, að það er rétt, sem ég sagði í þeim orðum, sem ég mælti í upphafi, að þótt það liggi nú fyrir, að engir nemendur verði teknir í Leikskóla Þjóðleikhússins á næsta hausti og engir ungir leikarar geti þannig hafið nám í leiklist á hausti komanda, hefur samt ekki enn verið tekin endanleg ákvörðun um það, hvernig menntun íslenzkra leikara skuli hagað í framtíðinni. Ég fagna síðustu orðum hæstv. ráðh. og vil heita á hann og raunar fjmrh. hæstv. ekki síður að taka sem fyrst endanlega ákvörðun um stofnun leikskóla og það, hverra kosta ungir leikarar eiga völ varðandi menntun í leiklist. Undir því er framtíð íslenzkrar leiklistar komin. Ég skora eindregið á hæstv. ríkisstj. að taka sem allra fyrst endanlegar ákvarðanir í þessu mikilvæga máli.

55. Leiguhúsnæði á vegum ríkisins eða ríkisstofnana.

Á deildafundum 17. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til forsrh. um leiguhúsnæði á vegum ríkisins eða ríkisstofnana [254. mál, 2] (A. 560).

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 61., 63. og 65. fundi í Sþ., 25. apríl, 2. og 9. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 560 undir lið nr. 2 beint fsp. til hæstv. forsrh. um leiguhúsnæði á vegum ríkisins og ríkisstofnana. Mér hefur verið bent á, að hagsýslan hefur með þetta húsnæði að gera, og væri þess vegna rökrétt að beina þessari fsp. til hæstv. fjmrh. Fsp. er í þremur liðum:

1. Hvert var leigugjald fyrir húsnæði, sem ríkið og ríkisstofnanir höfðu á leigu árið 1971?
2. Hvað er hér um marga fermetra að ræða?
3. Hvernig skiptist leigan eftir kjördæmum?

Húsnæðismálin hefur nokkrum sinnum borið á góma, og nauðsynlegt er, að hv. þm. fái að kynnast því, hversu mikið húsnæði ríkið hefur á leigu, og þegar fjallað er hér um mikla framkvæmdaáætlun og í ljós kemur, að ríkið leigir mjög mikið húsnæði, er ekki óeðlilegt, að tekin sé um það afstaða eða a. m. k. rætt, hvort ekki sé nauðsyn, að ríkið byggi fyrir sína starfsemi eitthvert lágmark á hverju ári til að fullnægja eðlilegri eftirspurn. Sumar ríkisstofnanir hafa kvartað undan erfiðri aðstöðu, þegar fulltrúar þessara stofnana koma í fjvn., og mér fannst þess vegna eðlilegt að fá um þetta nokkurt yfirlit.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og kom fram í framsöguræðu hv. fyrirspyrjanda, 5. þm. Reykn., þá hefur fjárlaga- og hagsýslustofnunin með leiguhúsnæði ríkisins að gera, og heyrir það undir fjmrn. Það svar, sem ég kann að gefa við þessu, er samið af fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og er svo hljóðandi, en þó er gerð sú breyting, að hér er miðað við þetta eins og það var í apríl núna, en það er það nýjasta, sem til eru upplýsingar um.

Samkv. þeim gögnum, sem fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnunin, hefur undir höndum, er árleg leiga á því húsnæði, sem ríkið hefur á leigu í apríl s. l., samtals 38 millj. 712 þús. 908 kr. Er leigan þá eingöngu talin, en ekki ljós, hiti, ræsting eða annar kostnaður. Ekki er meðtalið, þegar ríkisstofnun leigir annarri húsnæði, en hins vegar meðtalin leiga hjá ríkisbönkum og hjá sveitarfélögum.

Þegar um er að ræða verðtryggingu samninga, er miðað við vísitölu eins og hún var útreiknuð í nóv. 1970, enda hefur ekki verið heimilt að hækka húsaleigu síðan.

Samkv. áðurnefndum gögnum og reiknað af sama grundvelli leigir ríkið samtals 37 623 fermetra. Þessu húsnæði má skipta á eftirfarandi hátt eftir því, til hvers það er notað: Skrifstofuhúsnæði er 19 505 fermetrar, geymsluhúsnæði 2 806, kennsluhúsnæði 7 754 og þjónustuhúsnæði 7 558. Með geymsluhúsnæði er átt við húsnæði, sem sérstaklega er tekið á leigu til þeirra nota, en ekki geymsluhúsnæði, sem fylgir öðru húsnæði. Með þjónustuhúsnæði er átt við húsnæði undir ýmiss konar starfsemi, eins og vínafgreiðslu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, vöruafgreiðslu Skipaútgerðar ríkisins, framleiðsluhúsnæði Lyfjaverzlunar ríkisins, sjálfvirkar símstöðvar úti á landi o. fl.

Þá er spurt um það í þriðja lagi, hvernig þessi leiga skiptist eftir kjördæmum: Reykjavík 30 millj. 409 þús. 659, Vesturland 475 þús. 200, Vestfirðir 456 þús. 461, Norðurland v. 361 þús. 865, Norðurl. e. 3 millj. 271 þús. 110, Austurland 383 þús. 100, Suðurland 619 þús. 220, Reykjanes 2 millj. 736 þús. 293 kr.

Til viðbótar þessu get ég gefið þær upplýsingar, að leiguhúsnæði stjórnarráðsins er eftirfarandi, þegar fjárlaga- og hagsýslustofnun og heilbr.- og trmrn. hafa flutt í Arnarhvol: Menntmrn. 805 fermetrar, utanrrn., varnarmáladeildin, 185, sjútvrn. 195, fjmrn., ríkisendurskoðun, 755 og Hagstofa Íslands 923. Ársleiga fyrir þessa 2863 fermetra á núv. verðlagi er 3 millj. 621 þús. kr.

Þá tel ég mig hafa svarað því, sem um var spurt af hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. sérstaklega fyrir góð og glögg svör. Það kemur í ljós, að hér er um verulegar upphæðir að ræða, og ef við lítum á það, að áhugi er nú nokkur á því að flytja vissar stofnanir frá Reykjavík út á landsbyggðina, þá er sýnilegt, að byggingarþörf er þar fyrir hendi fyrir þessar stofnanir. Engu að síður er mjög athyglisvert, hversu leigan hér í Reykjavík er mikil og hversu ríkið sjálft eða ríkisstofnanir eru í miklu húsnæðishraki og verða að leigja víða. Það er athyglisvert, að skrifstofuhúsnæði, sem er leigt, er tæplega 20 þús. fermetrar, 19 500 fermetrar, þannig að stofnkostnaðurinn við að byggja fyrir ríkið yrði mjög mikill, ef eftirspurn yrði fullnægt. Ég held, að þegar maður lítur á þessa skýrslu, þá sé eðlilegt, að gerð yrði áætlun um byggingu á húsnæði fyrir hina margvíslegu starfsemi, skrifstofustarfsemi, geymsluhúsnæði, kennslustarfsemi og þjónustustarfsemi, sem ríkið innir af hendi. Í dag leigir það 37 600 fermetra, þannig að hér er um mikla fjárfestingu að ræða, ef fullnægja ætti eðlilegri eftirspurn. Það dettur auðvitað engum í hug, að það yrði gert á stuttum tíma, en nauðsynlegt er að móta hér ákveðna stefnu í þessum málum.

56. Elli- og örorkulífeyrir.

Á 63. fundi í Sþ., 2. maí, var útbýtt:

Fsp. til heilbr.- og trmrh. um elli- og örorkulífeyri [272. mál] (A. 662).

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 42 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 662, sem hljóðar svo:

1. Hversu margir (hjón og einstaklingar) hafa hlotið elli- og örorkulífeyri á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi

árs? Hve háum fjárhæðum í heild hafa umræddar lífeyrisgreiðslur numið?

2. Hve margir þessara aðila hafa á sama tímabili fengið álag á lífeyri sinn vegna verulega skertrar starfsgetu og bágra aðstæðna, og hve mikil er sú álagsupphæð í heild?

3. Hversu margir framangreindir lífeyrisþegar hafa hlotið á sama tímabili umframlífeyri samkv. ákvæði almannatryggingalaga um lágmarkstekjutryggingu, og hversu mikil er sú umframupphæð í heild?

4. Hvernig er framkvæmd bótagreiðslna samkv. framangreindu tekjutryggingarákvæði háttað í einstökum atriðum?

Ástæðan fyrir því, að ég ber fram þessa fsp., er sú, að mér finnst rík ástæða til þess, að hv. alþm. fylgist vel með framkvæmd laga um almannatryggingar, einkum þeirri nýjung, sem felst í svonefndu tekjutryggingarákvæði. Ég tel þá meginhugsun, sem að baki þessu ákvæði býr, vera sjálfsagða í velferðarþjóðfélagi, þ.e. að öllum þegnum þjóðfélagsins séu tryggðar lágmarkstekjur. Á hinn bóginn hef ég ekki leynt þeirri skoðun minni, að framkvæmd ákvæðisins samkv. núgildandi lögum hljóti að vera erfið og óréttlát gagnvart lífeyrisþegum, sem annað tveggja afla sér smávægilegra tekna eða eiga rétt á lífeyrissjóðsgreiðslum. Eins og kunnugt er, reiknast slíkar greiðslur til tekna, og skerðist þá tekjutryggingarupphæð að nokkru eða öllu leyti. Þess hefur þegar orðið vart, að einstakir sjóðfélagar lífeyrissjóða hafi af þessum sökum óskað endurgreiðslu iðgjalda sinna í viðkomandi sjóði og afsals réttinda vegna þessarar skerðingar. Það er einnig svo, að vinni eiginmaður, sem er lífeyrisþegi, ásamt konu sinni fyrir rúmlega 6 þús. kr. á mánuði, skerðist lífeyrisupphæð tekjutryggingar að sama skapi fyrir bæði hjónin. Hliðstætt gildir um einstakling.

Nú er það svo, að mig grunar, að það séu ekki hlutfallslega margir lífeyrisþegar, sem hljóta bætur samkv. framangreindu tekjutryggingarákvæði. Ástæðan til þess er sú, að þeir, sem hafa verulega skerta starfsgetu og bágar ástæður, fá álag á lífeyri sinn, en aðrir hafa yfirleitt einhverjar smávægilegar tekjur. Það er alveg ljóst, að það fólk, sem tekur lífeyri samkv. lágmarkstekjutryggingarákvæði almannatryggingalaga þarf að hafa rétt til hliðstæðra greiðslna. Hitt er meiri spurning, þar sem sennilega er ekki um marga aðila að ræða, hvort ekki er rétt að gera þetta á þann hátt, sem betur samrýmist lífeyrissjóðakerfinu og réttlætiskennd þess fólks, sem vinnur sér fyrir smáupphæðum umfram sinn lífeyri.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hef vísað þessum fsp. hv. þm. Lárusar Jónssonar til forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, Sigurðar Ingimundarsonar, og eru svör hans svo hljóðandi:

Tryggingastofnuninni hefur borizt bréf hins háa rn., þar sem óskað er umsagnar um fsp. Lárusar Jónssonar alþm. á þskj. 662. Þess er ekki að vænta, að fyrir liggi bókhaldslegar niðurstöður sem hægt sé að byggja á óyggjandi svör við þeim spurningum, sem fram eru lagðar. Það mundi taka lengri tíma en við verður komið að láta fara fram nægilega athugun í tryggingaumbóðunum. Verður því að mestu að byggja svörin á upplýsingum, sem fyrir hendi eru í aðalskrifstofunni. Fyrsta liðinn má áætla með allgóðri hlutfallslegri nákvæmni. Annar, en þó einkum þriðji liðurinn eru erfiðari viðfangs, en þó skal reynt eftir beztu getu að gefa nokkra hugmynd um þá miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja.

Um framkvæmd tekjutryggingarinnar er það að segja, að tryggingarnar hafa af eðlilegum ástæðum verið háðar fyrirgreiðslu skattstofa, þar sem byggja verður úrskurði um bótahækkanir á skattskýrslum umsækjenda. Bótagreiðslur gátu því hvergi hafizt fyrr en í marzmánuði. Í Reykjavík má heita, að búið sé að úrskurða allar umsóknir, sem borizt hafa, en umsóknir eru enn að berast, svo að tölur um fjölda úrskurða og bótaupphæðir fyrir fyrsta ársfjórðung fara hækkandi. Þess skal enn fremur getið í þessu sambandi, að hafinn er undirbúningur að því að dreifa með júnígreiðslum nánari upplýsingum um framkvæmd tekjutryggingarákvæðanna til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem enn hafa ekki látið kanna rétt sinn til þessara bóta. Má því segja, að þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir um framkvæmd tekjutryggingarákvæðanna, séu nánast bráðabirgðaupplýsingar og verði að taka þær með fyrirvara um aðstæður til fullnægjandi eða endanlegra upplýsinga.

Fyrsta fsp. hv. þm. var svo hljóðandi: Hversu margir (hjón og einstaklingar) hafa hlotið elli- og örorkulífeyri á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs? Hve háum fjárhæðum í heild hafa umræddar lífeyrisgreiðslur numið?

Svarið við þessari spurningu er það, að hjón, sem fengið hafa elli- og örorkulífeyrisgreiðslur, eru 2710, en bótaupphæðir til þessara hjóna í jan.—marz eru 124.5 millj. kr. Einstaklingar, sem fengið hafa elli- og örorkulífeyri, eru 13 080 talsins, en bótaupphæðin til þeirra á tímabilinu jan.—marz er 315 millj. Samtals nema þessar greiðslur þessa fyrstu þrjá mánuði ársins 439.5 millj. kr. Eins og áður er vikið að, má þetta teljast hlutfallslega rétt áætlun, þar sem fjöldi bótaþega er svo til þekkt tala og töluleg þyngd bótagreiðslna að miklu leyti föst og lögákveðin. Þó nokkurrar ónákvæmni gætti í svörum við 2. og 3. lið hér á eftir, en niðurstöður þeirra eru hér innifaldar, mundi það ekki vega þungt í þessu sambandi. Auk þessara bótagreiðslna er áætlað, að 1590 einstaklingum hafi verið greiddar um 16 millj. kr. í örorkustyrk á fyrsta ársfjórðungi, en örorkustyrkur er eins og kunnugt er heimildargreiðslur til þeirra, sem hafa milli 50 og 75% örorkumat.

Önnur fsp. var svo hljóðandi: Hve margir þessara aðila hafa á sama tímabili fengið álag á lífeyri sinn vegna verulega skertrar starfsgetu og bágra aðstæðna, og hve mikil er sú álagsupphæð í heild?

Spurningin hefur verið skilin svo, að hér væri átt við, hve margir elli- og örorkulífeyrisþegar nytu heimildarhækkana samkv. núgildandi lögum og reglugerðum og hve háum heildarupphæðum þær nemi. Þetta skal tekið fram, til þess að skýrt sé, hverju er verið að svara. Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem njóta heimildarhækkana hér í Reykjavík, eru 1040, og samkv. úrtaki, sem gert var á spjaldskrá stofnunarinnar, nemur bótahækkun þeirra fyrsta ársfjórðung 16.5 millj. kr. Eftir reynslu undanfarinna ára eru um 43% elli- og örorkubótaþega búsettir í Reykjavík, en 57% utan Reykjavíkur. Ef hér mætti beita hlutfallareikningi, yrði svarið við annarri spurningunni: 2420 elli- og örorkulífeyrisþegar

hafa notið heimildahækkana, samtals 38.2 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi.

Þriðja spurningin er svo hljóðandi: Hversu margir framangreindir lífeyrisþegar hafa hlotið á sama tímabili umframlífeyri samkv. ákvæðum almannatryggingalaga um lágmarkstekjutryggingu og hversu mikil er sú umframupphæð í heild?

Hér í Reykjavík hafa 1612 bótaþegar fengið hækkanir vegna tekjutryggingarákvæða, og nemur sú hækkun 15.8 millj. kr. fyrir fyrsta ársfjórðung. Ef hér mætti beita hlutfallareikningi með sömu hundraðshlutum og í 2. lið, yrði svarið við þriðju spurningunni: 3160 bótaþegar njóta hækkunar vegna tekjutryggingarákvæða, samtals 36.8 millj. kr. fyrir fyrsta ársfjórðung. Eins og áður er að vikið, munu þessar tölur fara hækkandi, en rétt er að taka fram, að greiðslur þessara bóta eru víðast hvar skemmra á veg komnar en í Reykjavík, m. a. vegna seinni fyrirgreiðslu skattstofa. Hins vegar er ekki ástæða til að ætla annað en niðurstöður utan Reykjavíkur verði nokkurn veginn hlutfallslegar, og er áætlunin byggð á þeirri forsendu. Og þó að greiðslur hafi tafizt sums staðar, þá eru þær að sjálfsögðu miðaðar við ársbyrjun alls staðar.

Fjórða spurning hv. þm. er svo þessi: Hvernig er framkvæmd bótagreiðslna samkv. framangreindu tekjutryggingarákvæði háttað í einstökum atriðum?

Um það atriði undirritaði ég reglugerð 25. jan. s. l., og hefur hún verið birt í Stjórnartíðindum og er að sjálfsögðu tiltæk þessum hv. þm. sem öðrum, en fyrst um þetta er spurt beint, þá þykir mér rétt að lesa upp meginatriði þessarar reglugerðar. 1. gr. er svo hljóðandi:

„Við ákvörðun tekna elli- og örorkulífeyrisþega skal miðað við bætur almannatrygginga til viðkomandi umsækjanda sjálfs, eins og þær eru á hverjum tíma, þegar hækkun kemur til álita, en aðrar tekjur skulu ákveðnar samkv. nýjustu upplýsingum, sem skattyfirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar. Til annarra tekna samkv. 1. mgr. teljast allar tekjur samkv. tekjudálki skattskýrslu aðrar en bætur samkv. lögum um almannatryggingar, eigin húsaleiga og tekjur barna, þ. e. þessar tekjur eru ekki meðtaldar. Hækka skal lífeyri einstaklings samkv. 1. mgr. um það, sem á vantar, að hann ásamt öðrum tekjum samkv. 2. mgr. nemi 120 þús. á ári."

2. gr. er svo hljóðandi: „Á sama hátt og um getur í 1. gr., skal tryggja hjónum, sem bæði njóta elli- og örorkulífeyris, 216 þús. kr. tekjur. Hækka skal bætur hjónanna um það, sem á vantar, að samanlagðar tryggingabætur þeirra og aðrar tekjur nemi samtals 216 þús. kr. á ári."

3. gr. er svo hljóðandi: „Nú nýtur annað hjóna örorku- eða ellilífeyris, en hitt ekki, og skal þá miðað við samanlagðar tekjur þeirra og tryggingabætur og hækka bætur lífeyrisþega í 120 þús. kr., ef sú hækkun leiðir ekki til þess, að samanlagðar tekjur hjónanna fari yfir 216 þús. kr."

4. gr. „Nú hættir elli- og örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem komið hafa í veg fyrir, að hann fengi hækkun bóta samkv. 1.—3. gr., og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar, en komi síðar í ljós, að úrskurður bóta hafi verið byggður á röngum upplýsingum, ákveður tryggingaráð, hvernig með skuli fara."

Þessi grein hefur þann tilgang, að hægt sé að afgreiða slíkar umsóknir eins fljótt og við verður komið.

5. gr. „Þeir, sem eiga rétt til hækkunar á ellilífeyri vegna frestunar á töku hans fram yfir 67 ára aldur samkv. 11. gr. laganna, skulu njóta þeirrar sérstöku hækkunar umfram þær hækkanir, sem getið er í 1.—3. gr. hérna að framan.

6. gr. Við ákvörðun lágmarkstekna samkv. framansögðu, svo og við ákvörðun á heimildarhækkunum, skal, eftir því sem við verður komið, hafa gætur á, hvort umsækjandi um slíkar bætur hefur ráðstafað eignum sínum með þeim hætti, að tekjur falli niður og þannig hafi skapazt tölulegur grundvöllur hækkunar. Þegar svo stendur á, metur tryggingaráð, hvort synja skuli umsókn.

7. gr. Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án þess. Á þetta t. d. við um kostnað vegna vistunar á elliheimili. Skal tryggingaráð í samráði við rn. ákveða nánar hámarksgreiðslu vegna elliheimilisdvalar. Enn fremur er heimilt að greiða uppbót vegna mikils kostnaðar, þó að umsækjandi dvelji í heimahúsum, t. d. vegna heimilishjálpar eða hjúkrunar á heimili, vegna annars óvenjulegs sjúkrakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki, svo og vegna mikillar húsaleigu eftir nánari fyrirmælum tryggingaráðs. Aldrei skulu þó tryggingabætur samkv. þessari mgr. ákveðnar hærri en hámarksbætur vegna þeirra, er á elliheimilum dvelja."

Þetta er meginefni þessarar reglugerðar, og ég hef lesið hana sem svar við fjórðu spurningu hv. þm.

Eins og ég gat um í svari hér áðan, þá er talið, að um 3760 bótaþegar njóti nú hækkunar vegna tekjutryggingarákvæðanna, og það er vissulega allverulegur fjöldi. Ég tel, að þessi tekjutrygging sé ákaflega stórfelld félagsleg réttarbót, og eins og menn sjá þarna, nýtur allverulegur hluti aldraðs fólks og öryrkja nú þegar þessara bóta. Ég er hins vegar viss um það, að þessi tala á eftir að hækka allnokkuð, vegna þess að aldrað fólk fylgist ekki allt of vel með, og eins og ég gat um áðan, þá verða gerðar ráðstafanir til þess af hálfu almannatrygginganna að senda út eins greinilegar upplýsingar og kostur er á til allra þeirra, sem hugsanlega geta átt rétt á þessum bótum, til þess að þeir sendi nauðsynlegar umsóknir.

Hv. þm. vék að því hér áðan, að þarna gætu komið upp ýmiss konar markavandamál. Það er alveg rétt. Þegar sett eru lög, sem tryggja þjóðfélagshópum, sem erfitt eiga, félagsleg réttindi, þá hljóta alltaf að koma upp markavandamál í því sambandi. Það verður ekki hjá því komizt. En auðvitað er sjálfsagt að reyna að hafa þau mörk sem allra sveigjanlegust, og ég vil láta þess getið, að ég hef lagt fyrir Tryggingastofnunina og umboðsmenn almannatrygginga hvarvetna, að við mat á álitamálum í þessu sambandi beri að taka sem jákvæðasta afstöðu til viðskiptavina almannatrygginga.

Svo vil ég minna á það í þessu sambandi, að tryggingalöggjöfin í heild er áfram í endurskoðun og að sjálfsögðu verða atriði eins og tekjutryggingin athuguð

með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fæst af henni nú í upphafi.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Það fór sem mig grunaði, að hlutfallslega fáir lífeyrisþegar tækju í raun lífeyri sinn eftir svonefndu tekjutryggingarákvæði. Mér reiknast, að það sé allverulega innan við 10%, sem greitt er af lífeyri með þessum hætti, eftir upplýsingum ráðh. Ég hlýt í fyrsta lagi að harma, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur gert ákaflega mikið úr þeim kjarabótum til ellilífeyrisþega, sem þeir hafa fengið með tilkomu hækkunar á þessari tekjutryggingu. Mér er ekki grunlaust um, að margvísleg skerðing á kjörum þessa fólks, sem leiðir af kerfisbreytingu skatta, hafi verið réttlætt með þessari hækkun.

Ég hlýt einnig að harma, að hæstv. ráðh. dró þessi mál inn í umr. á föstudagskvöld með heldur nöturlegum hætti, í útvarpsumr. Hann sagði, að Morgunblaðið hefði ráðizt á aldraða fólk og talið það leggjast í leti og ómennsku vegna þessarar tekjutryggingar. Ég hef skrifað um þetta tvær greinar í Morgunblaðið undir fullu nafni, báðar til þess að vekja athygli á því, að sníða þurfi þá annmarka af þessu ákvæði, sem nú eru á því. Mér þykir leitt að þurfa að benda hæstv. ráðh. á grein, sem birtist um sama efni í Þjóðviljanum, dags. 23. marz s. l., um sama efni. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Leggi gamall maður á sig að fara snemma á fætur að morgni dags og bera út blöð og það að sjálfsögðu hvort sem það er sólskin, stórrigning eða stórhríð, því að blöðin þurfa að komast til kaupendanna, þótt þróttur gamla mannsins leyfi það vart í vondum veðrum. Það, sem hann fær greitt fyrir þetta starf með sinn þrjótandi þrótt, á hann að gefa upp til frádráttar þeirri upphæð, sem hann er að sækja um í lágmarkstekjutryggingu."

Greinarhöfundur bætir við öðrum dæmum um hliðstætt óréttlæti og rekur einnig, hvernig draga þarf frá greiðslur frá lífeyrissjóðum, sem verkalýðsfélögin hafi barizt fyrir að koma upp mörgum hverjum og verkalýðsfélögin eigi. Síðan segir hann m. a.:

„Ég sé ekki annað en ríkisstj. sé með þessum smásálarskap að hvetja gamla fólkið, sem hefur vilja til smáígripavinnu eftir sínu starfsþreki, að sitja heima, því að ég held, að það séu fáir, sem hafa löngun til að vinna og láta allar atvinnutekjur renna í ríkissjóð óskertar."

Nú má vera, að hæstv. ráðh. lesi Morgunblaðið betur en Þjóðviljann. Því gæti verið, að sú grein, sem ég vitna hér í, hafi farið fram hjá honum. Mér þykir það þó heldur ósennilegt, og má hver lá mér það, sem vill. Hæstv. ráðh. hefði því gjarnan mátt sleppa þessu nöturlega innleggi í umr. um þessi mál, sem hann óneitanlega gerði í útvarpsumr. Á hitt vil ég leggja áherzlu við hæstv. ráðh., að mér gengur það eitt til með skrifum mínum um umrætt mál að hvetja til, að þetta ákvæði ásamt öðru því, er varðar kjör aldraðra, verði sem fyrst endurskoðað og komið í betra horf. Ég vona, að við getum orðið sammála um nauðsyn þess.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara í neinar almennar umr. við hv. þm. eða fara að gera þetta að einhverju framhaldi á eldhúsdagsumræðunum á dögunum. En þegar ég vitnaði í Morgunblaðið, þá var ég ekki að vitna í þennan hv. þm., heldur í grein, sem kom í — ja, hvað heitir það, Velvakandi. (**LárJ:** Það skrifar venjulegt fólk í Velvakanda.) Já, það var grein í Velvakanda, þar sem voru notuð orðin „leti og ómennska" í sambandi við þetta, og því var haldið fram, að með því að tryggja það, að engin hjón á Íslandi hefðu lægri tekjur en 18 þús. kr. á mánuði, þá væri verið að ýta undir leti og ómennsku. Það stóð í þessari grein, og það var hún, sem ég var að vitna í, en ekki þennan hv. þm. Hefði ég vitnað í hann, þá hefði ég nefnt hann með nafni. (**LárJ:** Það er ekki á ábyrgð Morgunblaðsins, sem birtist í Velvakanda.) Nei, nei, en það var birt þar. En ég er þeirrar skoðunar, að þessi breyting sé ákaflega mikil félagsleg réttarbót. Ég tel það skipta ákaflega miklu máli, að nú er svo ástatt á Íslandi, að engin hjón hafa lægri tekjur en 18 þús. kr. Í tíð viðreisnarstjórnarinnar var þessi upphæð innan við 8 þús. kr. og var okkar þjóðfélagi til fullkominnar vansæmdar. Á þeim tíma gerðist það, að það komu greinar í Vísi, sem ég hygg, að þessi hv. þm. hafi ágætt samband við, þar sem örorkulífeyrisþegar greindu frá því, að þeir hefðu farið sjúkir til læknis og fengið þar þann úrskurð, að það, sem að þeim væri, væri næringarskortur, og slíkt ástand á að vera algerlega óþarft í þjóðfélagi eins og okkar.

Það koma þarna vissulega upp markasjónarmið, eins og ég var að tala um. Það koma upp þessi markasjónarmið, sem þessi hv. þm. var að vitna í, hjá fólki, sem hefur unnið smávegis, haft af því tekjur og fær þess vegna skerðingu á þessum greiðslum. En ég vil enn einu sinni vara við því viðhorfi til vinnunnar, sem kemur fram í svona einstrengingslegum sjónarmiðum. Ég held, að aldrað fólk og öryrkjar og ákaflega margir menn aðrir vinni ekki einvörðungu til þess að fá þá peninga, sem greiddir eru fyrir vinnuna, (**LárJ:** Við erum sammála um það.) heldur vegna þess, að vinnan veitir lífsfyllingu, hún veitir tengsl við umhverfið, og ég held, að bæði aldrað fólk og öryrkjar, sem geta unnið með öðru fólki og haft af því tekjur, lifi þrátt fyrir allt betra og ríkara lífi en aldrað fólk og öryrkjar, sem ekki hafa tök á því að nota starfskrafta sína að neinu leyti. Ég held, að við eigum einnig að muna eftir þessari hlið málsins. En um hitt er ég sammála þessum hv. þm., að það er sjálfsagt að skoða þessi markavandamál og reyna að gera þau eins sveigjanleg og hægt er og forðast, að þar komi upp leiðindi, því að ætlun þm., sem samþykktu þetta einróma hér á þingi, var tvímælalaust að gera mannlífið á Íslandi betra en það hefur verið.

57. Menntaskólar í Reykjaneskjördæmi.

Á deildafundum 8. maí var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi [275. mál, 1] (A. 703).

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 42 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á síðasta þingi fluttu þm. Reykn. till. til þál. um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi. Ályktunin, sem var samþ., hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrn. að láta nú þegar hefja athugun á því, hvar og hvenær stofnsetja skuli menntaskóla á þéttbýlissvæðum Reykjaneskjördæmis. Verði sérstaklega athugað við bæjarstjórn Hafnarfjarðar um stofnsetningu menntaskóla í Hafnarfirði á næsta ári."

Frá því hefur verið skýrt á opinberum vettvangi, að hæstv. núv. menntmrh. skipaði nefnd til þess að gera þá athugun, sem þessi till. fór fram á. Ég hef því sem 1. flm. þessarar till. leyft mér að flytja fsp. á þskj. 703 til hæstv. menntmrh., svo hljóðandi:

Hefur nefnd sú, er skipuð var til að athuga, hvar og hvenær stofnaðir skuli menntaskólar á þéttbýlissvæðum Reykjaneskjördæmis samkv. ályktun Alþingis frá 5. apríl 1971, lokið störfum? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður nefndarinnar?

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 1. þm. Reykn. er á þessa leið:

Nefnd sú, er um ræðir í fsp., var skipuð með bréfi menntmrn. dags. 13. okt. 1971. Í nefndina voru skipaðir Jónas Pálsson skólastjóri, formaður, Guðmundur Arnlaugsson rektor samkv. tilnefningu samstarfsnefndar menntaskólastigsins og Jóhann Einvarðsson bæjarstjóri samkv. tilnefningu Sambands sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi. Nefndin hefur með bréfi dags. 24. apríl s. l. skilað áliti til menntmrn. Í bréfi nefndarinnar er þess getið, að hún hafi m. a. haldið sérstakan fund með stjórn Samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi og annan með nokkrum forustumönnum Hafnfirðinga í skóla- og bæjarmálum. Í áliti sínu gerir nefndin fyrst grein fyrir nokkrum atriðum, er tekin hafa verið mið af við nefndarstörfin. Síðan eru settar fram tillögur í þrennu lagi og tekið fram, að líta megi á hverja tillögu sem valkost, er vega beri og meta út frá forsendum, sem fyrir hendi eru og skilyrðum til framkvæmda. Þær þrjár leiðir, sem nefndin telur þannig koma til greina, eru sem hér segir:

1. Stofnaður verði fyrir Reykjaneskjördæmi menntaskóli, sem í meginatriðum fylgi hefðbundnu sniði. Staðsetning hans er álitamál. Er það látið liggja á milli hluta, hvernig rætist úr þörf Reykjavíkur fyrir menntaskóla næstu árin.

2. Stofnaðir verði eingöngu sameinaðir framhaldsskólar í Reykjaneskjördæmi sunnan Reykjavíkur. Æskileg stærð sameinaðs framhaldsskóla er talin 1000—1500 nemendur. Nemendafjöldi á einstökum þéttbýlissvæðum sunnan Reykjavíkur og fjarlægðir þeirra á milli mundu ráða staðsetningu slíkra skóla á umræddu svæði.

3. Stofnaður verði sameinaður framhaldsskóli fyrir Suðurnes, staðsettur í Keflavík—Njarðvík, en menntaskóli í Kópavogi, sem jafnframt taki við nemendum úr Reykjavík og nágrannabyggðum. Gert er ráð fyrir, að Hafnarfjörður og Garðahreppur móti skólakerfi sitt á næstu árum í átt til sameinaðs framhaldsskóla. Sama þróun gæti átt sér stað um menntaskóla, sem hér er lagt til, að staðsettur væri í Kópavogi. Síðan segir í áliti nefndarinnar:

Till. 3 er eins konar millileið og felur í sér flest í till. 1 og 2. Hún gæti bætt úr bráðum vanda og jafnframt gefið tækifæri til þróunar og aðlögunar í samræmi við reynslu af nýjum gerðum framhaldsskóla. Nm. eru sammála um að mæla helzt með till. 3. Sú afstaða er þó háð ýmsu í framkvæmd skólamála á svæðinu og hvernig heildarstefna verður mótuð af fræðsluyfirvöldum ríkisins í þessum efnum. Tekið skal fram, að þegar rætt er um sameinaðan framhaldsskóla í nál., er átt við skóla af því tagi, sem fyrirhugað er að setja á stofn í reynsluskyni í Breiðholti í Reykjavík með samstarfi ríkisins og Reykjavíkurborgar, sbr. frv., sem ríkisstj. hefur nýlega lagt fyrir Alþ. um heimild til stofnunar slíks skóla. Um þess háttar skóla, sem í nál. er m. a. kallaður fjölbrautaskóli, segir þar á þessa leið:

Skóli af þessu tagi mundi bjóða upp á nám í málum, stærðfræði og náttúruvísindum og nemendur gætu valið á milli námsbrauta, til að mynda tæknibraut, viðskiptabraut, heimilisfræðabraut, félagsfræðabraut, iðnaðar- og iðjubraut, þar með talin fiskiðnfræði, og myndlistar- og handíðabraut. Þeir, sem hefðu hug á háskólanámi, gætu annaðhvort lokið stúdentsprófi á staðnum eða bætt við sig 1—2 lokaárum í menntaskóla á öðrum stað, ef sú námsbraut, sem þeir óska eftir, er ekki til við skólann.

Hér lýkur tilvitnun í álit nefndarinnar. Í tillögu þeirri, sem nefndin mælir aðallega með, er gert ráð fyrir, að skipun framhaldsmenntunar yfirleitt renni í átt til sameinaðs framhaldsskóla, þótt sú þróun muni eðlilega taka þó nokkurn tíma. Telur nefndin, að sú lausn, sem felst í till. 3, sé eðlileg leið til að leysa úr þeirri þörf, sem að kallar varðandi bætt skilyrði til framhaldsmenntunar á umræddu svæði, án þess að torvelduð sé sú framtíðarþróun, sem telja megi sennilega og æskilega. Eru rök fyrir þessari afstöðu nánar rakin í grg. nefndarinnar.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. svör hans um leið og ég vil lýsa yfir ánægju minni yfir þeim störfum, sem umrædd nefnd hefur unnið og hversu vel og fljótlega hún hefur skilað sinni álitsgerð. Ég þykist mega vona, að okkur þm. Reykn. verði gefinn aðgangur að skýrslunni eða hún látin okkur í té, þannig að okkur verði unnt að skoða hana og virða hana fyrir okkur og meta eftir því, sem efni og ástæða er fyrir hendi.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er að vekja athygli á tvennu í sambandi við það mál, sem hér er til umr. Í fyrsta lagi, að á s. l. ári hófst starfsemi menntadeildar við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Menntmrn. hefur formlega heimilað, að þeir nemendur, 37 talsins, sem þar hafa stundað nám í vetur, haldi þar áfram menntaskólanámi á næsta ári. Til þessa menntaskólanáms Flensborgarskólans í Hafnarfirði var stofnað í trausti þess, að þeir nemendur, sem þar eiga hlut að máli, gætu lokið stúdentsprófi við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Bindandi yfirlýsingar frá fræðsluyfirvöldum lágu að vísu ekki fyrir um það efni, þegar menntadeildin hóf starfsemi sína á s. l. hausti, en vilyrði var um slíkt, og það komu hér fram, hygg ég, á hinu háa Alþingi yfir-

lýsingar frá hæstv. fyrrv. menntmrh., sem fólu í sér, að þessi vísir að menntaskóla, sem þarna var að hefja göngu sína, mundi leiða til þess, að þeir nemendur, sem þar væru að hefja nám, mundu útskrifast sem stúdentar frá Flensborgarskóla. Þannig hófu nemendur í menntadeild Flensborgarskólans menntaskólanám sitt þar í trausti þess að verða ekki hraktir á miðjum námstíma til framhaldsnáms í Reykjavík eða annars staðar. Slíkt yrði að sjálfsögðu algerlega óviðunandi fyrir þá. Í Hafnarfirði er mikill áhugi fyrir því, að Flensborgarskóli fái réttindi til að útskrifa stúdenta, enda er slíkt orðið fullkomlega tímabært miðað við fjölda nemenda og annað. Ég vil því eindregið fara þess á leit við hæstv. menntmrh., að hann hlutist til um, að Flensborgarskóli fái réttindi til þess að útskrifa stúdenta og slík formleg ákvörðun verði tekin hið allra fyrsta á þessu sumri og þar með staðfest gefið vilyrði af fyrrv. ríkisstj. um, að svo yrði gert.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. menntmrh., hvort hann geti ekki gefið um það ákveðnar yfirlýsingar við þetta tækifæri.

Síðara atriðið, sem ég vildi minnast á, var enn fremur að vekja athygli á miklum áhuga á Suðurnesjum fyrir því, að staðsettur verði menntaskóli hið allra fyrsta í Keflavík eða Njarðvík. Öllum hlýtur að vera ljóst það óhagræði, sem því er samfara fyrir nemendur á Suðurnesjum að þurfa að sækja menntaskólanám sitt til Reykjavíkur. Það er ástæða til að ætla, að fjöldi nemenda á Suðurnesjasvæðinu, sem menntaskólanám vilja stunda, sé orðinn slíkur, að fullkomlega tímabært sé orðið að staðsetja þar menntaskóla og þótt fyrr hefði verið. Ég fer þess einnig á leit við hæstv. menntmrh., að hann taki það mál til athugunar hið allra fyrsta og hlutist til um framkvæmdir í því efni.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Sjálfsagt er að verða við tilmælum hv. 1. þm. Reykn., að honum og öðrum þm. kjördæmisins verði látin í té eintök af skýrslu þeirri, sem rætt er um í fsp., sem hér liggur fyrir.

Hv. 5. landsk. þm. beindi til mín munnlegri fsp., og ef ég hef tekið rétt eftir, var hún á þá leið, hvort ég geti gefið bindandi fyrirheit nú þegar um formlega stofnun menntaskóla í Flensborgarskóla á þessu hausti. Svar mitt við þessari spurningu er nei.

58. Hrygningarsvæði o. fl.

Á deildafundum 8. maí var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um athugun á hrygningarsvæðum o. fl. [275. mál, 4] (A. 703).

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fsp. sú, sem ég hef leyft mér að bera fram til hæstv. sjútvrh., er í þremur tölul. og hljóða 1. og 2. tölul. þannig:

1. Hafa athuganir farið fram á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á þeim breytingum, sem orðið hafa á hrygningarsvæðum við Suður- og Suðvesturland undanfarin tvö ár?

2. Ef svo er, hverjar eru niðurstöður þeirra athugana?

Þessi fsp. er borin fram vegna þess, að mjög greinilega hefur orðið veruleg breyting á fiskigöngum á þessum svæðum, sem þarna eru tilgreind. Það hefur að sjálfsögðu verið svo undanfarin ár, að misjafnlega mikill fiskur gengur á miðin yfir þennan tíma, hrygningartímann, en að dómi sjómanna hagaði fiskur sér nú á vetrarvertíð á allt annan veg en áður hefur verið. Fiskur kom á djúpmið eins og venjulega út af þessum svæðum, og má vitna til þeirra frétta, sem birtust í blöðunum, að togarar fengu þá stundum meira í vörpu sína í einu en dæmi höfðu verið til áður, og bendir það að sjálfsögðu til, að þarna hafi verið um allverulegt fiskmagn að ræða. Hins vegar skeði það, að fiskur gekk nú ekki upp á grunnmiðin, heldur hélt sig á djúpmiðum utan við hrygningarsvæðin, en kom ekki nema í mjög litlu og takmörkuðu magni inn á grunnsvæðin, hrygningarsvæðin. Þetta er mjög óvenjulegt, og fsp. mín til hæstv. ráðh. er um það, hvort á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar hafi farið fram nokkrar athuganir á þessu fyrirbæri.

3. liður hljóðar svo:

Hverjar eru niðurstöður af athugunum Hafrannsóknastofnunarinnar hin síðari ár á þorskstofninum hér við land?

Ég orðaði viljandi þessa fsp. almennt, vildi ekki vera að sundurliða í sérstökum liðum það, sem ég hefði kannske helzt hug á að fá upplýsingar um, því að þessi mál eru kannske nokkuð viðkvæm meðan við stöndum í útfærslunni og erum að vinna að framgangi þess máls, þannig að ég vildi setja það á vald hæstv. ráðh., hvernig hann svaraði þessari fsp., en ég hygg, að það þurfi ekki frekari skýringar við, hvað ég raunverulega meina með henni.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Sem svör við þeim fsp., sem hv. þm. hefur hér gert grein fyrir, hef ég fengið bréf frá Hafrannsóknastofnuninni, sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi bréf rn. dags. 9. maí 1972 vegna fsp. til sjútvrh. um athugun á hrygningarsvæðum o. fl.

1. Það er alkunna, að hitastig sjávar ræður miklu um hrygningu fiska. Athuganir Hafrannsóknastofnunarinnar sýna, að hlýindi í sjónum eru nú meiri en undanfarin ár. Þetta hefur í för með sér, að það svæði, þar sem skilyrði til hrygningar eru fyrir hendi, er nú talsvert víðáttumeira en oft áður. Það er skoðun mín, að hrygningarsvæðin sunnanlands og suðvestan hafi ekki breytzt neitt, enda var talsverð hrygning á þeim, heldur hafi hrygningin verið miklu dreifðari nú af áðurnefndum ástæðum. Fiskur, sem undanfarin ár hefur leitað allt suður fyrir land til hrygningar, hefur nú í ár ekki þurft að halda sunnar en á Breiðafjarðarmið. Í þessu sambandi má geta þess, að vegna hlýindanna í vor

hefur nokkur hrygning átt sér stað norðanlands, t. d. á Skjálfanda, þannig að hrygning nú hefur verið talsvert dreifð. Hér er í raun og veru ekki um neinn nýjan sannleika að ræða, því að oft áður og einmitt þegar tiltölulega hlýtt var í sjónum hefur átt sér stað hrygning víðar en sunnanlands og suðvestan. T. d. var talsverð hrygning á Breiðafirði árið 1966.

2. Ef árlegur þorskafli s. l. tvo áratugi er borinn saman, kemur í ljós, að mestur var aflinn árið 1954, 547 þús. lestir, sem er jafnframt mesti þorskafli, sem nokkurn tíma hefur aflazt á Íslandsmiðum. En minnstur var aflinn 345 þús. lestir árið 1967. Meðalaflinn hefur verið um 400 þús. lestir. Miðað við aðrar fisktegundir eins og ýsu, ufsa, skarkola og síld, þar sem hámarksafli er oft tvisvar til þrisvar sinnum meiri en lágmarksaflinn, eru sveiflurnar í okkar þorskstofni frekar litlar. En hámarksaflinn á umræddu tímabili er aðeins 60% meiri en minnsta veiði. Aflasveiflurnar standa í nánu samhengi við stærð stofnsins hverju sinni. Aflinn hefur alltaf aukizt, þegar stórir árgangar koma inn í veiðina. Þannig eru aflahámörkin árin 1954, 1964 og 1970 öll byggð á sterkum árgöngum. Þá hafa göngur þorsks af Grænlandsmiðum oft haft talsverð áhrif á gang vertíðarinnar, og hafa stórir árgangar við Austur-Grænland nær alltaf skilað talsverðum afla hér á land, nú síðast vertíðarnar 1969 og 1970, þegar árgangurinn frá 1971 leitaði hingað til hrygningar. Sóknin hefur farið vaxandi í stofninn, og er árleg heildardánartala í kynþroska hluta stofnsins nú næstum 70%.

Eins og oft hefur verið drepið á að undanförnu, hefur aukning dánartölunnar haft ýmiss konar áhrif á stofninn. T. d. hefur hrygningargeta hans minnkað um helming s. l. aldarfjórðung, og þeim þorskum fer stöðugt fækkandi, sem ná háum aldri. Heildardánartalan í ókynþroska hluta stofnsins hefur farið vaxandi og er nú 50% á ári. Af þeim árgöngum, sem nú eru mest áberandi í vertíðaraflanum, er 1964 árgangurinn sá stærsti. Hann mun vera stærsti árgangurinn, sem klakizt hefur undanfarna tvo áratugi, en vegna talsverðrar sóknar í hann sem ókynþroska fisks kemur hann til með að gefa minna af sér en t. d. 1961 árgangurinn, þó að sá árgangur hafi í upphafi verið minni. Sem dæmi um sóknina í 1964 árganginn má nefna, að þegar 1961 árgangurinn var 4—5 ára gamall, voru drepnar 50 millj. af honum, en af 1964 árganginum í sömu aldursflokkum voru drepnar hvorki meira né minna en 80 millj. Aðrir árgangar, sem við vitum um og koma inn í veiðina í nánustu framtíð, eru í meðallagi eða undir meðallagi. Ekki bætir það úr skák, að við Austur-Grænland hefur klak brugðizt síðan 1963, og er því engra verulegra gangna að vænta þaðan. Má því búast við, að þorskaflinn af Íslandsmiðum muni fara aftur minnkandi. Það er samdóma álit fiskifræðinga, að íslenzki þorskstofninn sé nú fullnýttur og aukin sókn muni ekki skila sér í auknum afla. Þvert á móti mun afli á sóknareiningu minnka við aukna sókn, þ. e. að minni afli kemur í hlut hvers og eins. Talið er, að minnka mætti sóknina um helming, án þess að þorskaflinn minnki að ráði. Mundi það stuðla að hagkvæmari veiðum.

Virðingarfyllst,
Sigfús Schopka,
fiskifræðingur."

Þannig er sem sagt það svar, sem rn. hefur borizt frá Hafrannsóknastofnuninni við þessum fsp., sem hér liggja fyrir, og vænti ég, að með þessu bréfi sé fsp. fullsvarað.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir mjög ítarlegt svar við þessari fsp. Ég tel það nauðsynlegt að fá upplýsingar um það viðhorf, sem fróðustu menn í þessum málum geta í té látið.

Þorskveiðarnar eru, eins og allir vita, veruleg undirstaða undir efnahagslífi þjóðarinnar eða þjóðartekjunum, og tel ég, eins og ég sagði, nauðsynlegt að fá að vita um horfurnar, hvort sem þær eru hagkvæmar eða ekki. Leyfi ég mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir hina ítarlegu grg., sem hann hér flutti.

59. Tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Akureyri.

Á deildafundum 8. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til landbrh. um tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Akureyri [275. mál, 2] (A. 703).

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, hefur á þskj. 703 borið fram fsp. til hæstv. landbrh. varðandi tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Akureyri. Tilraunastöð þessi, sem nú er nefnd svo, tók við af Gróðrarstöðinni á Akureyri, sem var ein fyrsta tilraunastöð landsins fyrir jarðræktar- og skógræktartilraunir. Stofnuð var hún af Ræktunarfélagi Norðurlands rétt um aldamótin. Helzti hvatamaður að þessu var Sigurður Sigurðsson síðar búnaðarmálastjóri. Það, sem fólk á Akureyri nefnir í daglegu tali enn Gróðrarstöðina, er fyrsta hús tilraunastöðvarinnar og fallegur trjágarður þar í kring. Þetta er í senn minnisvarði um jarðræktartilraunir og trjárækt á Norðurlandi.

Nú þrengir Akureyrarbær óðum að landi tilraunastöðvarinnar, og er hann þegar farinn að taka það til nota að einhverju leyti. Fyrir dyrum stendur að gera nýtt skipulag fyrir Akureyri, og virðist því ljóst, að ekki er til frekari setu boðið fyrir jarðræktartilraunastöð innan bæjarlandsins. Eins mun flestum finnast, að Gróðrarstöðina gömlu eigi að varðveita, og hafa ýmsir látið sér detta í hug annað hlutverk fyrir hana, sem tengt er hinni margrómuðu garðmenningu Akureyrar og hugmynd um garðyrkjuskóla á Norðurlandi. Þess

vegna eru hér með á þskj. 703 lagðar fram svo hljóðandi spurningar:

1. Er fyrirhugað að flytja tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá Akureyri?
2. Ef svo er, hefur stöðinni verið ákveðinn nýr staður og séð fyrir nægu landrými?
3. Hver eru hugsanleg framtíðarafnot af gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri?

Umr. frestað, og var málið ekki á dagskrá tekið framar.

60. Framkvæmdastofnun ríkisins.

Á deildafundum 8. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til forsrh. um Framkvæmdastofnun ríkisins [275. mál, 3] (A. 707).

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

61. Skattgreiðsla vísitölufjölskyldu.

Á deildafundum 8. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um skattgreiðslu vísitölufjölskyldu [275. mál, 5] (A. 703).

Á 65. fundi í Sþ., 9. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá og var það ekki á dagskrá tekið framar.

62. Síldarleit fyrir Norðurlandi.

Á deildafundum 15. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvrh. um síldarleit fyrir Norðurlandi [283. mál, 1] (A. 780).

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Fsp. var aldrei tekin til umræðu.

63. Staðsetningarkerfi fyrir siglingar.

Á deildafundum 15. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgrh. um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar [283. mál, 2] (A. 780).

Á 71. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Fsp. var aldrei tekin til umræðu.